Nd. 1. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 30 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Á eftir A. I. a. 47 í 1. gr. laga nr. 30 1943 komi nýr liður: Múlaá í Ísafirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta Alþingi, en náði eigi afgreiðslu. Múlaá er á þjóðveginum frá Arngerðareyri að Múla í Ísafirði. Nauðsyn ber til þess, að brú á hana verði tekin upp í brúalög, þannig að hefjast megi handa hið fyrsta um byggingu brúarinnar.

Nd. 2. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 7. apríl 1943, um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Á eftir B. 32 í 1. gr. l. nr. 37 1943 komi nýir liðir:

a. *Ögurvegur:* Frá Múla í Ísafirði um Eyrarfjall og Mjóafjörð í Ögur.
b. *Snæfjallastrandarvegur:* Frá Ármúla um Bæjarhlíð og Snæfjallaströnd að Staðarbryggju í Grunnavík.
c. *Staðarheiðarvegur:* Frá Staðarbryggju í Grunnavík um Staðarheiði að Dynjanda.
d. *Skorarheiðarvegur:* Frá Dynjanda um Skorarheiði í Furufjörð.

Greinargerð.

Á s. l. sumri var opnað akvegasamband við Ísafjarðardjúp yfir Þorskafjarðarheiði. Markar sá viðburður stórt spor í samgöngumálum Vestfirðinga. En nú er að því komið, að hefjast verður handa um að tengja hin einstöku byggðarlög við Ísafjarðardjúp saman með akvegum innbyrðis. En í þeim efnum er nær allt ógert. Myndarleg vegagerð með vélum hófst að vísu í sumar milli Hnífsdals og Bolungavíkur og Ísafjarðar og Súðavíkur.

Með frv. þessu er lagt til, að teknir verði í þjóðvegatölu vegir meðfram öllu Ísafjarðardjúpi norðanverðu, allt til Furufjarðar á Ströndum. Hefur jafnan verið um það rætt, að þegar akvegasamband hefði skapazt við Djúpið, yrði þjóðveginum haldið áfram út strandlengju þess norðanverða og sjóleiðin til Ísafjarðar og þorpanna á Vestfjörðum þar með stytt til mikilla muna. Enn fremur ber að stefna að því, að akvegasamband skapist við Grunnavík og nálægar sveitir. Nauðsyn ber einnig til þess að leggja veg meðfram vestanverðu Djúpinu, allt að hinu forna stórbýli Ögri, sem liggur miðsveitis í héraðinu vestanverðu.

Nokkurrar vantrúar hefur gætt út í frá á vegagerð við Djúp. Veldur þar um gamall og rótgróinn misskilningur á staðháttum í héraðinu. Vegagerð út með þessum stærsta flóa Vestfjarðakjálkans er mjög auðveld með þeim tækjum, sem nú eru fyrir hendi. Verður þess vegna ekki við annað unað en að vegir verði í nánustu framtíð lagðir um þessar byggðir. Þess vegna er lagt til með frv. þessu, að fyrrgreindir vegir verði teknir í tölu þjóðvega.

Sþ. 3. Tillaga til þingsályktunar

um skipulagða markaðsleit fyrir hraðfrystan fisk í Bandaríkjunum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar, með samstarfi við eigendur hraðfrystihúsanna í landinu, gagngerðar og skipulagsbundnar tilraunir til að selja hraðfrystan fisk í Bandaríkjunum.

Greinargerð.

Íslendingar hafa nú komið á fót mjög mörgum hraðfrystihúsum, og Eimskipafélag Íslands er að láta byggja mörg skip, sem verða búin fullkomnum kæligeymslum. Geta þau skip væntanlega flutt alla framleiðslu hraðfrystihúsanna til nálægra og fjarlægra landa. Á stríðsárunum keyptu Bretar allan hraðfrysta fiskinn frá Íslandi, en nú er sá markaður mjög þrotinn. Verða Bretar meir og meir sjálfum sér nógir í þeim efnum, og auk þess er sótt á um innflutning á nýjum fiski til Bretlands frá mörgum þjóðum á meginlandinu. Nokkur von er um einhvern markað, helzt í bili í hinum hrjáðu og örsnauðu löndum Mið-Evrópu, en lítt er á þann markað að treysta. Að því er Rússland snertir, var þangað selt nokkuð af hraðfrystum fiski í sumar, en eftir því, sem eitt stjórnarblaðið (Alþýðublaðið) hefur fullyrt eftir kunnum stjórnmálamanni, sem þekkir nokkuð til í Rússlandi, er markaður þar bundinn því skilyrði, að þing og stjórn á Íslandi fari að vilja og ráðum Rússa um sum hin þýðingarmestu þjóðmál, svo sem ráðstöfun flugvalla á Íslandi. Er því sýnilegt, að mikill vandi er á höndum fiskframleiðenda og eigenda hraðfrystihúsanna. Er sýnilegt, að ekki er um neinn álitlegri og öruggari markað að ræða fyrir hraðfrystan fisk frá Íslandi en þann, sem unnt er að fá í Bandaríkjunum. Er að vísu virðingarverð viðleitni í því efni, að einn mjög dugandi maður stundar markaðsleit og sölu á hraðfrystum fiski í Ameríku, en ef vel á að vera, þarf að hefja skipulagðan áróður um öll Bandaríkin varðandi þessa markaðsvöru og leitast við að fá í því efni stuðning frá sem flestum amerískum sölufyrirtækjum. Má benda á það, að verzlunarstétt landsins, jafnt kaupfélög sem kaupmenn, hefur hinn mesta áhuga fyrir því, að fram úr rætist um gjaldeyrisverzlun landsins í Bandaríkjunum, því að frá því landi þarf að fá mestallar matvörur og iðnaðarvarning, sem fluttur er til landsins.

Sþ. 4. Tillaga til þingsályktunar

um flugvellina í Reykjavík og Keflavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að haga samningum við stjórn Bandaríkjanna um stækkun og endurbætur á flugvellinum við Keflavík á þann hátt, að

þar verði nú þegar hentug aðstaða fyrir allt flug, sem Íslendingar taka þátt í, innan lands og til útlanda. Jafnframt þessu er ríkisstjórninni falið að breyta flugvellinum í Reykjavík í byggingarlóðir og láta þær í té með leigusamningum, sem vinna móti vaxandi dýrtíð í bænum.

Greinargerð.

Þar sem nú er tryggt með samningum, að Bandaríkjamenn endurbæta völlinn við Keflavík, þó að hann sé nú talinn meðal fullkomnustu flugvalla í heimi, þykir einsýnt að nota hann sem meginflugvöll Íslendinga bæði um flug innan lands og til útlanda. Jafnframt þessu þarf að leggja niður flugvöllinn í Reykjavík, af því að hann er óþarfur, rekstur hans og viðhald er of dýrt fyrir þjóðina og auk þess er hann líklegur til að verða í næstu heimsstyrjöld sú arfasáta, sem óvinir landsins nota til að brenna Reykjavík. Frá Íslandi má nú skjóta eldflaugum að stórborgum Norður-Ameríku, og má nærri geta, að sótt verður fast á um aðstöðu á Íslandi, þegar einræðisþjóðir á meginlandinu hefja næsta árásarstríð. Munu flugvellirnir þá, eins og í nýafstöðnu stríði, verða eftirsótt skotmark. Kringum flugvöllinn eru í röð hitageymar Reykjavíkur, bæði aðalsjúkrahús bæjarins, háskólinn, væntanlega með handritasafni landsins, fornminjasafnið með vísi að safni fyrir nútímalist Íslendinga. Auk þess má segja, að höfuðborgin öll girði um flugvöllinn og sé öll í hættu af sprengjum, sem falla þar. Hins vegar stækkar bærinn stöðugt og vantar byggingarlóðir á hentugum stað, bæði fyrir íbúðarhús og iðnfyrirtæki. Má á heppilegasta hátt bjarga þessu máli með því að láta Reykjavík vaxa yfir flugvöllinn.

Nd. 5. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar frá 5. okt. 1944, um útreikning á framleiðslutekjum þjóðarinnar.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 5. okt. 1944, um útreikning á framleiðslutekjum þjóðarinnar, og hvenær verða þeir útreikningar birtir?

Ástæður.

Með þingsályktun, er afgreidd var frá sameinuðu Alþingi 5. okt. 1944, var ríkisstjórninni falið að láta reikna út tekjur þjóðarinnar af vöruframleiðslu ár hvert, og var fram tekið í ályktuninni í aðalatriðum, hvernig þessi útreikningur skyldi gerður. Í fyrsta sinn átti að gera yfirlit um framleiðslutekjurnar árin 1943 og 1944, og skyldi því lokið eigi síðar en í septembermánuði 1945, en síðan átti útreikningi teknanna að vera lokið eigi síðar en í septembermánuði ár hvert fyrir næstliðið ár.

Samkvæmt framansögðu átti fyrstu útreikningum eftir þingsályktuninni að vera lokið fyrir ári síðan, en engir slíkir reikningar hafa enn verið birtir og ekkert verið upplýst um það, hvort ályktunin hafi verið framkvæmd á réttum tíma. Til þess að fá vitneskju um þetta er fyrirspurnin fram borin.

Ed. 6. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 7. apríl 1943, um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Á 1. gr. B. í lögum nr. 37/1943 eru gerðar þessar breytingar:

a. 26. töluliður orðist svo:
Gufudalsvegur: Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði að Firði í Múlahreppi.

b. Á eftir tölulið 43 komi nýr töluliður, er orðist svo:
Suðurfjarðavegur: Frá Bíldudal um Suðurfirði á Barðastrandarveg.

c. Í stað orðanna „að Sveinseyri" undir tölulið 45 komi: að Laugardal.

d. Töluliður 46 orðist svo:
Rauðasandsvegur: Frá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker að Lambavatni.

e. Á eftir tölulið 46 komi nýr tölul., er orðist svo:
Látravegur: Frá Hvalskeri um Sauðlauksdal og Örlygshöfn að Látrum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Barðastrandarsýsla mun vera sú sýsla á landinu, sem mest hefur verið afskipt um vegaframkvæmdir, bæði hvað snertir tölu þjóðvega og gerð þeirra. Ber brýna nauðsyn til þess, að úr þessu verði bætt hið allra bráðasta til þess að fyrirbyggja mjólkurhungur í sjávarþorpum sýslunnar og eins hitt, að blómlegar jarðir fari ekki í eyði á næstu árum. Íbúar Patreksfjarðar hafa nú árum saman búið við hinn megnasta mjólkurskort, og það svo, að ekki verður nú lengur við unað, en í næsta hreppi við, Rauðasandshreppi, eru svo miklir möguleikar til mjólkurframleiðslu, að hvergi munu betri á landinu. Er því nauðsynlegt, að tafarlaust sé hafizt handa um að ryðja í burtu þeim eina þröskuldi, sem hér er í vegi fyrir því, að þessir hreppar geti haft eðlileg viðskipti saman, þ. e. vegleysunni, sem nú skilur hreppana að og torveldar þróun beggja. Sama má segja um Bíldudal, að þar er ástandið líkt að öðru en því, að hér eru bændur í Suðurfjarðahreppi útilokaðir frá viðskiptum við sína eigin sveitunga á Bíldudal, sem aftur á móti líða af mjólkurhungri. Verður ekki heldur unað við þetta ástand lengur. Í Tálknafirði hefur nú verið komið upp nýju frystihúsi, sem óhjákvæmilega þarf að hafa daglegt vegasamband við íbúa úthreppsins, og íbúum á Látrum og öðrum útvíkum í Rauðasandshreppi er lífsnauðsyn að komast í vegasamband, ef byggð þessi á ekki bókstaflega að leggjast í eyði. Sama má segja um íbúa í Gufudalshreppi og Múlahreppi, en allir þessir hreppar eru nú svo fámennir, að þeim væri það fullkomin ofraun að standa undir þeim kostnaði að leggja vegi um héraðið af eigin rammleik. Fyrir því er þetta frv. fram borið og þess vænzt, að það nái fram að ganga.

Ed. 7. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 30 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Á 1. gr. A. I. a. laga nr. 30/1943 eru gerðar þessar breytingar:

a. Á eftir tölulið 37 komi 4 nýir töluliðir:
   1. Galtará í Kollafirði.
   2. Sveinungseyrará í Kollafirði.
   3. Múlaá í Kollafirði.
   4. Seljalandsá í Kollafirði.

b. Á eftir tölulið 42 komi 4 nýir töluliðir:
   1. Mikladalsá í Rauðasandshreppi.
   2. Þverá í Rauðasandshreppi.
   3. Litladalsá í Rauðasandshreppi.
   4. Sauðlauksdalsá í Rauðasandshreppi.

c. Á eftir tölulið 43 komi 4 nýir töluliðir:
   1. Hvestuvaðall í Dalahreppi.
   2. Otrardalsá í Suðurfjarðahreppi.
   3. Dufansdalsá í Suðurfjarðahreppi.
   4. Fossá í Suðurfjarðahreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með væntanlegri vaxandi vegagerð í Barðastrandarsýslu og vaxandi vélanotkun við landbúnaðarstörf verður óhjákvæmilegt að brúa í náinni framtíð allar þær ár, sem að ofan greinir. Eru sumar þeirra þannig, að til stórtjóns er fyrir íbúa héraðsins, að ár þessar skuli enn vera óbrúaðar. Fyrir því er frv. þetta fram borið, og er þess vænzt, að það nái fram að ganga á þessu þingi.

Nd. 8. Frumvarp til laga

um fiskimálasjóð, markaðsleit sjávarafurða, útflutning á fiski o. fl.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

I. KAFLI

Um fiskimálasjóð.

1. gr.

Til stuðnings og eflingar sjávarútveginum skal mynda sérstakan sjóð, er nefnist fiskimálasjóður. Stjórn fiskimálasjóðs skal skipuð 5 mönnum kjörnum hlutfallskosningum í sameinuðu Alþingi. Stjórnin kýs sér sjálf formann. Fiskveiðasjóður annast reikningshald og vörzlu fiskimálasjóðs.

2. gr.

Tekjur fiskimálasjóðs eru þessar:

1. Eignir fiskimálasjóðs, er starfað hefur samkvæmt lögum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., nr. 75 31. des. 1937.

2. Útflutningsgjald af sjávarafurðum, öðrum en síldarafurðum, er nemi ½% — hálfum af hundraði — af verðmæti þeirra miðað við fob. verð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið að undanskilja þessu gjaldi fisk og fiskafurðir, sem sendar eru til útlanda í tilraunaskyni.
3. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, þó eigi undir kr. 1500000.00 á ári næstu 10 árin frá gildistöku laga þessara.
4. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

Heimilt er stjórn fiskimálasjóðs með samþykki ríkisstjórnarinnar að taka allt að 10 milljón króna lán til starfsemi sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þetta fyrir hönd ríkissjóðs.

3. gr.

Fé fiskimálasjóðs skal verja til eflingar sjávarútvegi á þann hátt, er segir í 4. og 5. gr. þessara laga.

4. gr.

Til eftirtalinna framkvæmda má veita lán úr sjóðnum:

1. Að koma á fót niðursuðuverksmiðjum fyrir sjávarútveginn eða efla þær, sem fyrir eru.
2. Að byggja hraðfrystihús, þar sem aðstaða er góð til rekstrar og þörf er slíkra húsa. Enn fremur að kaupa hraðfrystitæki í þau frystihús, sem eru vel sett og hæf til þess að frysta fisk til útflutnings.
3. Að koma á fót verksmiðjum til vinnslu úr fiskúrgangi.
4. Að byggja beitugeymslur.
5. Að koma upp hvers konar iðnrekstri til nýtingar sjávarafla.

Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita lán til bátakaupa eða bátasmíði á þá staði, þar sem tilfinnanleg vöntun er báta, fjármagn lítið fyrir hendi, en rétt að efla útgerð að dómi Fiskifélags Íslands.

Lán úr fiskimálasjóði mega vera vaxtalaus, afborgunarlaus fyrstu 5 árin og nema allt að 25% af stofnkostnaði, þó eigi yfir 85% af stofnkostnaði að meðtöldum lánum með betra veðrétti. Hámark lánstímans sé 20 ár. Engin lánveiting má nema yfir kr. 200000.00.

Forgangsrétt til framangreindra lána á hverjum stað skulu hafa félög útvegsmanna og sjómanna, sem stofnuð eru til þess að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og sjómönnum, og félög, sem meginþorri útvegsmanna á hverjum stað er þátttakandi í, í þeim tilgangi, er að framan greinir, enda skipti félögin arði af rekstri í hlutfalli við viðskipti félagsmanna. Enn fremur bæjar- og sveitarfélög, sem útgerð reka eða kynnu að vilja reisa iðnfyrirtæki í þágu sjávarútvegsins og leigja félagsskap útvegsmanna við sannvirði.

Nú er ekkert félag starfandi á útgerðarstað, sem fullnægir framangreindum ákvæðum, eða slíkt félag, þótt til sé, vill eigi sækja um stuðning samkvæmt lögum þessum, og má þá veita öðrum lán, enda sé áður leitazt fyrir um stofnun félagsskapar útvegsmanna og sjómanna til þess að koma upp mannvirkjum þeim, er greinir í 1.—5. lið þessarar greinar. Fiskifélag Íslands skal sjá um, að tilraunir verði gerðar til þess að stofna félög þessi, og má ekki veita öðrum lán, nema fyrir liggi skýrsla Fiskifélagsins um, að tilraunir til félagsstofnunar hafi reynzt árangurslausar.

Nú hættir félag, sem haft hefur forgangsrétt að láni, að fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir forgangsréttindum, eða einhver sá, sem lán hefur fengið samkvæmt lögum þessum, starfrækir eigi fyrirtæki það, er lán hefur verið veitt til, um óeðlilega langan tíma, og er þá stjórn fiskimálasjóðs heimilt að úrskurða veitt lán þegar fallið í gjalddaga.

Bæjar- og hreppsfélög og félög þeirra tegunda, sem um getur hér að framan, skulu hafa forkaupsrétt að þeim mannvirkjum, sem lán hefur verið veitt til samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Til eftirtalinna framkvæmda má veita lán eða styrki:

1. Að gera tilraunir til að veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum og til leitunar nýrra aflamiða.
2. Að verka fisk eða aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, leita nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og til þess að auka sölu þeirra á hinum eldri og til annars þess, er lýtur að viðgangi sjávarútvegsins.

Stjórn fiskimálasjóðs veitir lán eða styrki úr sjóðnum að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands um hverja umsókn.

II. KAFLI

Um markaðsleitir og tilraunir við verkun og veiðar.

6. gr.

Fiskifélag Íslands hefur forgöngu um markaðsleit fyrir sjávarafurðir, tilraunir til þess að verka sjávarafurðir með nýjum aðferðum, leit að nýjum aflamiðum og tilraunir með nýjar veiðiaðferðir.

7. gr.

Fiskifélagið fær starfsfé til þessara framkvæmda úr fiskimálasjóði samkvæmt ákvörðun stjórnar fiskimálasjóðs. Heimilt er að veita öðrum en fiskifélagi Íslands fé til þessara framkvæmda, sem um getur í 6. gr., að fengnum tillögum Fiskifélagsins.

III. KAFLI

Um útflutning á fiski og verkun hans.

8. gr.

Ef atvinnumálaráðherra mælir svo fyrir, skulu allir fiskframleiðendur fyrir þann tíma, er hann ákveður, sækja um verkunarleyfi. Í leyfisbeiðninni skulu leyfisbeiðendur tilgreina tölur og stærð fiskiskipa þeirra, sem þeir ætla að halda til veiða næsta ár, einkennistölu þeirra og áætla afla. Skulu framleiðendur láta allar þær upplýsingar í té, sem krafizt verður og stuðlað geta að því að áætla beiðnina sem næst sanni.

Í leyfisbeiðninni skal tekið fram, hvernig framleiðandi óskar að verka afla sinn.

9. gr.

Atvinnumálaráðherra getur falið Fiskifélagi Íslands úthlutun verkunarleyfa, og setur hann því þá reglur um það.

Eftir því, sem við verður komið, skal úthluta leyfum í samræmi við óskir framleiðenda. Nú telur atvinnumálaráðherra, eftir að hann hefur fengið álit Fiskifélags Íslands, ólíklegt vegna innflutningstakmarkana í markaðslöndunum eða af öðrum ástæðum, að hægt verði að selja alla fiskframleiðslu landsmanna með þeirri verkunaraðferð, sem framleiðendur hafa óskað, og getur hann þá ákveðið, að tiltekinn hluti af afla fiskframleiðenda skuli sendur í því ásigkomulagi og með þeirri verkun, sem hann álítur, að tryggi það bezt, að fiskmarkaðurinn komi að sem fyllstum notum. Skal hafa um þetta sem nánasta samvinnu við fiskframleiðendur og útflytjendur.

10. gr.

Enginn má bjóða til sölu, selja né flytja út fisk til útlanda nema með leyfi atvinnumálaráðherra. Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir fisksendingar til útlanda, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Leyfi til útflutnings á saltfiski skulu aðeins veitt þeim, sem fengið hafa löggildingu sem saltfisksútflytjendur. Þó getur atvinnumálaráðherra

veitt undanþágu fyrir smásendingar af óverkuðum fiski, ufsa, keilu og úrgangsfiski og enn fremur á verkuðum saltfiski til annarra landa en aðalmarkaðslandanna.

Ráðherra getur falið Fiskifélagi Íslands úthlutun útflutningsleyfa.

11. gr.

Atvinnumálaráðherra löggildir saltfisksútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma, allt að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands.

Nú hefur félag fiskframleiðenda fengið löggildingu sem saltfisksútflytjandi og hefur umráð yfir 65% eða meira af saltfisksframleiðslu landsmanna, og getur þá atvinnumálaráðherra að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháum eða hærri hundraðshluta af framleiðslunni en það hefur umráð yfir, en fullnægja skal félagið þeim skilyrðum, er hér fara á eftir, sé það eigi stofnað og starfrækt samkvæmt lögum nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög. Félagið skal vera opið fiskframleiðendum þannig, að skrásett samlagsfélög þeirra, sem ná yfir eina eða fleiri veiðistöðvar eða tiltekin svæði, samvinnufélög og sambönd þeirra, sem selja fisk meðlima sinna, samvinnuútgerðarfélög og útgerðarfyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga hafi rétt til þátttöku og til að senda fulltrúa á fundi þess, enda hafi hvert þeirra til umráða að minnsta kosti 1000 skpd. saltfisks. Önnur útgerðarfélög, einstakir útgerðarmenn og fiskeigendur skulu og eiga rétt til að gerast þátttakendur og mæta eða láta mæta á fundum félagsins, ef þeir ráða yfir að minnsta kosti 1500 skpd. saltfisks. Æðsta vald í félagsmálum sé hjá félagsfundum. Aðalfundur sé haldinn ár hvert. Kýs hann stjórn félagsins, úrskurðar reikninga þess og kveður á um starfsemi þess. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra. Nú ákveður atvinnumálaráðherra, að félaginu skulu veitt útflutningsleyfi fyrir meira en 65% af saltfisksframleiðslunni, og hefur hann þá rétt til að tilnefna eða skipa 2 menn í stjórn þess til viðbótar hinum félagskosnu. Hver þátttakandi hefur eitt atkvæði á félagsfundum og auk þess viðbótaratkvæði, er miðist að nokkru leyti við það fiskmagn, er hann hefur umfram tilskilið lágmark, þannig að viðbótaratkvæðisréttur þeirra, sem geta orðið þátttakendur með 1000 skpd., verði jafnan minnst þeim mun ríflegri en hinna sem svarar til mismunar á tilskildu lágmarkfiskmagni. Enginn þátttakandi má fara með meira en 8% af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra. Sama gildir um atkvæðisrétt innan félaga, sem eru þátttakendur.

Þeir, sem kynnu að fá löggildingu til útflutnings á eftirstöðvum fiskmagns, skulu uppfylla skilyrði síðustu málsgreinar þessarar greinar, enda skulu þeir hlíta fyrirmælum atvinnumálaráðherra um framboð, lágmarksverð og útflutningstíma á saltfiski.

Ef ekkert almennt félag fiskframleiðenda, sem ræður yfir fiskmagni því, er að framan greinir, sækir um löggildingu, getur atvinnumálaráðherra löggilt tiltekna tölu saltfisksútflytjenda, enda hafi hver þeirra til umráða að minnsta kosti 20000 skpd. af fiski og fullnægi ákvæðum laga nr. 52 28. júní 1925, um verzlunaratvinnu, ef um einstakling er að ræða, eða ef um félag er að ræða, að það sé skrásett lögum samkvæmt sem hlutafélag, samvinnufélag eða sölusamlag fiskframleiðenda, opið öllum fiskframleiðendum.

12. gr.

Þeir, sem samkvæmt síðustu málsgrein 11. gr. fá löggildingu atvinnumálaráðherra sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum ráðherra um framboð og lágmarksverð á fiski, sem seldur er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma, afhendingu gjaldeyris og annað það, sem sett verður að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkvæmt lögum þessum, svo og um lágmarksverð á blautfiski eða nýjum fiski til sjómanna og útvegsmanna. Með reglugerð má ákveða, að fiskútflytjendur skuli skyldir að taka fisk til sölu af framleiðendum gegn hæfilegri hámarksþóknun og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir fiskframleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

13. gr.

Útflytjendur eru skyldir til að gefa atvinnumálaráðherra eða þeim, er hann tiltekur, allar upplýsingar, sem beðið er um, um allt það, er snertir sölu og útflutning fisks, og hafa þeir, er atvinnumálaráðherra tiltekur, frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skjölum útflytjanda um allt það, er fiskverzlun og útflutningi viðkemur, en bundnir eru þeir þagnarheiti um allt það, er þeir kunna að verða áskynja í þessu starfi sínu. Skulu þeir þó gefa atvinnumálaráðherra þær upplýsingar, er nauðsynlegar verða að teljast til þess að varðveita jafnrétti fiskframleiðenda.

Nú ákveður atvinnumálaráðherra að veita félagi fiskframleiðenda samkvæmt 2. málsgr. 11. gr. útflutningsleyfi fyrir 65% eða meira af saltfisksframleiðslunni, og á þá stjórn félagsins rétt til að fá allar upplýsingar, er hún óskar, um sölu og útflutning fisks, sem seldur er í tilraunaskyni samkv. 6. og 7. gr. þessara laga, og á stjórn félagsins aðgang að skjölum þar að lútandi, enda skal félaginu skylt að láta í té nægilegan fisk til nauðsynlegra tilraunasendinga á nýja markaði og annarrar nýbreytni, ef þess er þörf.

14. gr.

Ráðherra setur með reglugerð að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands nánari fyrirmæli um framkvæmd undanfarandi ákvæða, svo sem, að hver fiskeigandi beri ábyrgð á gæðum síns fisks, ákvæði um jafnaðarverð á fiski sömu gæða, umboðslaun til að standast kostnað við sölu og öll þau atriði önnur, er hann telur þurfa.

15. gr.

Brjóti löggiltur saltfisksútflytjandi ákvæði laga þessara eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, getur atvinnumálaráðherra svipt hann löggildingu og kært hann til fjársekta.

16. gr.

Nú telur ríkisstjórnin með tilliti til markaðslands og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikarnir með því að taka upp einkasölu á einstökum tegundum sjávarafurða, að undanteknum síldarafurðum, og getur ríkisstjórnin þá að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, ef félag framleiðenda, sem uppfyllir ákvæði 2. málsgr. 11. gr., æskir þess, veitt því um ákveðinn tíma einkarétt til að selja og flytja þær afurðir til útlanda. Sé slíkur félagsskapur framleiðenda eigi til, getur ríkisstjórnin tekið einkasölu á slíkum tegundum sjávarafurða til útlanda. Ræður þá atvinnumálaráðherra framkvæmdastjóra til þess að annast söluna og gerir aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsyn krefur. Skal með reglugerð, er atvinnumálaráðherra gefur út, ákveða fyrirkomulag einkasölunnar, verksvið framkvæmdastjórnar og annað það, er leiðir af ákvæðum þessarar greinar.

Nú verður slík einkasala fyrirskipuð, og skal þá ríkisstjórnin gefa fiskframleiðendum kost á að taka hana í sínar hendur, þegar er stofnað verður félag framleiðenda, er fullnægir 2. málsgr. 11. gr.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

18. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 75 31. desember 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., lög nr. 48 1940, um breytin á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, er koma í bág við lög þessi.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Verði frv. þetta að lögum, kemur það í staðinn fyrir lög nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., og lög nr. 48 1940, um breyting á þeim lögum.

Aðalnýmæli frv. eru þessi:

1. Tekjur fiskimálasjóðs verði auknar stórlega eða að minnsta kosti þrefaldaðar frá því, sem þær hafa verið undanfarið, og heimiluð 10 milljón króna lántaka að auki.

2. Fiskimálanefnd verði lögð niður og Fiskifélagi Íslands ætluð að mestu sú forysta í sjávarútvegsmálum, sem þeirri nefnd hefur verið falin. En fimm manna stjórn fiskimálasjóðs er ætlað að úrskurða um fjárveitingar úr sjóðnum í samráði við Fiskifélagið, í stað þess, að ráðherra hefur haft úrskurðarvaldið í samráði við fiskimálanefnd.

3. Félögum útvegsmanna og fiskimanna er ætlaður forgangsréttur að þeim stuðningi, sem fiskimálasjóður veitir til iðnrekstrar og nýjunga í sjávarútvegi.

4. Fiskimálasjóði er ætlað að styðja sérstaklega bátakaup eða bátasmíði á þeim útgerðarstöðum í landinu, þar sem tilfinnanleg vöntun er báta, en lítið fjármagn fyrir hendi til framkvæmda.

Skal þá vikið nokkru nánar að hverju þessara atriða fyrir sig.

Skuldlaus eign fiskimálasjóðs nam í árslok 1945 kr. 4 238 372. — Árlegar tekjur sjóðsins hafa undanfarin ár verið ½% útflutningsgjald af sjávarafurðum, en fjárveitingar til sjóðsins beint úr ríkissjóði hafa fallið niður, en þær voru talsverðar um skeið.

Aðalhlutverk fiskimálasjóðs hefur jafnan verið að styðja ýmiss konar nýjungar í sjávarútvegi.

Það er augljóst, að á næstu misserum verður að auka starfsemi fiskimálasjóðs og leggja mikla áherzlu á margs konar nýjungar í sjávarútvegi, sem eru fjárfrekar og þannig vaxnar, að ekki er hægt að vænta þess, að einstaklingar eða félög hafi forgöngu um þær án sérstaks stuðnings af hálfu ríkisvaldsins. Með þessu frv. er því lagt til, að árlegt framlag úr ríkissjóði til fiskimálasjóðs næstu árin nemi að minnsta kosti 1 500 000 kr. árlega til viðbótar tekjum sjóðsins af útflutningsgjaldi.

Verði frv. samþ., ættu fastar lágmarkstekjur fiskimálasjóðs að nema milli 2 og 3 millj. kr. árlega, og má margt gagnlegt styðja með þeirri fjárhæð. Eru það þrefalt hærri tekjur en fiskimálasjóður hefur haft undanfarin ár. Auk þess er heimilað að taka 10 milljón króna lán handa sjóðnum, og væri sú lánsheimild notuð, gæti sjóðurinn á næstu misserum ráðið yfir mun meira fjármagni en nemur árlegum tekjum hans.

Fiskimálasjóður hefur ekki starfað sem almenn lánsstofnun fyrir sjávarútveginn, og er ekki gert ráð fyrir því í þessu frv., að svo verði framvegis. Aftur á móti er ætlazt til þess, að fiskimálasjóður veiti sérstök styrktarlán, eftir að þær stofnanir, sem hafa stofnfjárlánveitingar með höndum, hafa lánað til viðkomandi fyrirtækja eins og þeim þykir tryggt. Er þetta byggt á því, að margar nýjungar í sjávarútvegi eru þannig vaxnar, að þess er tæplega að vænta, að almennar lánsstofnanir geti, a. m. k. á meðan nýjungarnar eru ekki fullreyndar, lánað eins mikið og nauðsynlegt er til þess að koma þeim af stað.

Gert er ráð fyrir því, að fiskimálasjóður veiti bæði lán og styrki. Til þess er ætlazt, að styrkirnir séu m. a. veittir til margs konar tilrauna í sambandi við nýjar veiðiaðferðir, til þess að leita að nýjum aflamiðum, til þess að gera tilraunir með nýjar verkunaraðferðir og til þess að leita að mörkuðum fyrir sjávarafurðir. Margt annað kemur einnig til greina, sem of langt yrði hér upp að telja.

Flm. telur rétt, að fiskveiðasjóður og stofnlánadeild sjávarútvegsins hafi með höndum stofnlánaveitingar til sjávarútvegsins á hreinum bankagrundvelli, en fiskimálasjóður hafi með höndum styrktarlánaveitingar og úthlutun fjár til stuðnings nýjungum í sjávarútvegi. Það er tvímælalaust heppilegt að aðskilja þetta tvennt.

Fiskimálanefnd var set á stofn árið 1935 með sérstakri lagasetningu. Það var hlutverk hennar að gera tilraunir með ýmsar nýjungar í sjávarútvegi og finna nýjar leiðir til þess að forða frá afleiðingum hinnar stórfelldu markaðskreppu fyrir saltfisk, sem hófst fyrir alvöru 1934 með lokun Spánarmarkaðarins. Hafði nefndin í þessu skyni veruleg fjárráð úr fiskimálasjóði, sem stofnaður var þá um leið. Varð nefndinni vel ágengt í mörgum efnum og gerði mikið gagn. Einkum varð forysta hennar um hraðfrysting á fiski og útflutning hans að glæsilegu afreki í þágu sjávarútvegsins og allrar þjóðarinnar. Naut nefndin í því efni ekki sízt forystu framkvæmdastjóra síns, Runólfs Sigurðssonar, sem stóð þó skemur en skyldi vegna sviplegs fráfalls hans.

Síðan löggjöfin um fiskimálanefnd var sett, hefur Fiskifélag Íslands eflzt mjög, bæði vegna þess, að félagið hefur verið endurskipulagt, og eins fyrir aukinn stuðning ríkisvaldsins. Þykir flm. nú þannig komið málum, að rétt sé að fela fiskifélaginu sem mest forystuna í sjávarútvegsmálum, hliðstætt því, sem átt hefur sér stað á síðari árum um Búnaðarfélag Íslands og landbúnaðarframkvæmdir. Er frv. þetta byggt á þessari skoðun og því talið óhætt að leggja nú niður fiskimálanefnd, sem svo margt þarflegt vann á sínum tíma, og fela Fiskifélagi Íslands það hlutverk, sem nánar er skilgreint í frv. Er það skoðun flm., að slík ráðstöfun mundi verða öflug lyftistöng Fiskifélagi Íslands og gagnleg sjávarútveginum.

Ekki þykir þó fært — af skiljanlegum ástæðum — að fela Fiskifélagi Íslands fremur en fiskimálanefnd áður að veita fé úr fiskimálasjóði upp á sitt eindæmi, og eru þess vegna sett í frv. ákvæði um, að fimm manna stjórn sjóðsins, kosin af Alþingi, skuli hafa úrslitavald um fjárveitingar úr sjóðnum, en fiskifélagið láta í ljós álit um hverja umsókn, sem til sjóðsins kemur. Er fiskifélaginu að þessu leyti ætlað sama hlutverk og fiskimálanefnd hefur haft. Fjárveitingavaldið sjálft hefur verið í hendi atvinnumálaráðherra. Þykir flm. eðlilegt, að það vald verði í höndum stjórnar sjóðsins framvegis.

Í 6. og 7. gr. eru ákvæði um það, að Fiskifélagi Íslands sé ætluð forganga um þær nýjungar í sjávarútvegsmálum, sem fiskimálanefnd var beinlínis ætlað að hafa með höndum áður.

Það er skoðun flm., að heppilegast sé, að iðnaður í þágu sjávarútvegsins sé rekinn af félögum útvegsmanna og fiskimanna, með því móti verði það bezt tryggt, að fiskiðnaðurinn sé beinlínis rekinn í þágu sjávarútvegsins og útvegs- og fiskimönnum tryggt sannvirði fyrir framleiðslu sína. Mjög skortir á, að þessu sé þannig háttað eins og stendur. Í 4. gr. frv. eru því ákvæði um það, að félög útvegsmanna og sjómanna, sem stofnuð eru til þess að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og sjómönnum, svo og félög, sem meginþorri útvegsmanna á hverjum stað er þátttakandi í, skuli hafa forgangsrétt til stuðnings úr fiskimálasjóði í framangreindu skyni. Þá er einnig gert ráð fyrir, að sé ekkert slíkt félag starfandi á einhverjum útgerðarstað, en frá þeim stað sé leitað eftir stuðningi til nýrra framkvæmda í fiskiðnaði, þá skuli Fiskifélag Íslands sjá um, að tilraun verði gerð til þess að stofna slíkt félag, og skal þá veita því stuðning, ef það æskir þess.

Það er ekki ætlunin með þessum ákvæðum að koma í veg fyrir það, að einstakir menn eða félög einstaklinga reki fiskiðnað. Ætlunin er hins vegar sú, að útvegsmenn

og fiskimenn sitji fyrir stuðningi til þessara framkvæmda, ef þeir vilja hafa þessa starfsemi með höndum sjálfir.

Flestum mun ljóst, að brýna nauðsyn ber til þess að bæta bátastól landsmanna, stefna að því, að menn komi sér upp stærri og heppilegri bátum til sjósóknar en orðið hefur að notast við víðs vegar um land. Talsverður stuðningur hefur verið veittur í þessu skyni með ýmsu móti og margir nýir bátar komið til sögunnar. Það hefur sýnt sig, að mörgum er kleift að koma þessu við, þrátt fyrir mikla erfiðleika og stóraukinn stofnkostnað. Einkum eru það þó þeir, sem rekið hafa sjávarútveg á stærri bátum eða haft með höndum annan atvinnurekstur, sem ágóða hefur gefið í aðra hönd undanfarin ár. Aftur á móti sýnir það sig, að þeir, sem orðið hafa að stunda sjó á smáfleytum og ekki hafa getað safnað neinu verulegu fjármagni, eiga þess ekki kost að draga saman nægilegt fjármagn til þess að kaupa stærri báta. Þannig er nú jafnvel ástatt um nokkur byggðarlög í landinu, að útgerð er þar nú að leggjast niður vegna verðbólgunnar og sakir þess, hve smáa báta menn hafa til umráða, en bolmagn skortir til þess að koma upp stærri útgerð. Þar, sem þannig er ástatt, fullnægja ekki venjulegar stofnlánaveitingar, og verður því annaðhvort að ske, að endurnýjun bátaflotans á þessum stöðum falli algerlega niður og þar með útgerðin eða sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess að styðja öflun nýrra tækja, þar sem þannig er ástatt, umfram það, sem almennt er í boði af lánsfé í þessu skyni. Flm. leggur til í 4. gr. frv., að heimilt sé að veita hlunnindalán til bátakaupa eða bátasmíða á þessum stöðum umfram það, sem almennt gerist, enda séu útgerðarskilyrði þannig að dómi Fiskifélags Íslands, að rétt sé að efla útveg í byggðarlaginu.

Hefur þá verið gerð grein fyrir helztu nýmælum frv. og þá um leið efni sjö fyrstu gr. þess og tveggja fyrstu kaflanna. En 3. kafli frv. fjallar um ráðstafanir varðandi fiskútflutning landsmanna. Eru þar tekin upp þau ákvæði, með litlum breytingum, sem nú gilda um þau efni, en þau færð til samræmis við frv. að því leyti til, að Fiskifélagi Íslands eru yfirleitt ætluð þau afskipti af þeim málum, sem fiskimálanefnd eru ætluð í gildandi löggjöf.

Sþ. 9. Tillaga til þingsályktunar

um endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vélbátum.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélbátum þeim, sem fluttir hafa verið til landsins eftir styrjöldina.

Greinargerð.

Allmargir vélbátar hafa verið fluttir til landsins eftir styrjöldina. Aðflutningsgjöld af bátum eru talsvert tilfinnanleg, og nú er svo ástatt, að margir þeirra, sem flutt hafa bátana inn, eiga fullt í fangi með að standa undir stofnkostnaði.

Aðflutningsgjald af bátum er sennilega í öndverðu sett til þess að veita íslenzkum bátasmíðum nokkra vernd. Undanfarið hafa íslenzkar bátasmíðastöðvar alls ekki getað með nokkru móti tekið að sér smíði allra þeirra báta, sem keyptir hafa verið. Það virðist því óeðlilegt, að þeir, sem keypt hafa báta frá öðrum löndum, greiði sérskatt af bátum þessum.

Ef til vill er ekki búið að innheimta aðflutningsgjöld af öllum innfluttum bátum, og sé svo, þá er að sjálfsögðu ætlazt til þess, að fallið verði frá innheimtunni.

Nd. 10. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Á eftir A. II. 1. í 1. gr. l. nr. 30 1943 koma nýir liðir:
a. Grímsá hjá Oddstöðum.
b. Fitjaá í Skorradal.

Nd. 11. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 1. gr.
Framan við greinina kemur:
I. Á eftir B. 1. í 1. gr. l. nr. 37 1943 kemur nýr liður:
Skorradalsvegur: Af þjóðveginum hjá Ausu um Hálsa norðan Skorradalsvatns að Efstabæ.
II. Á eftir B. 5. sömu lagagr. koma nýir liðir:
a. *Melasveitarvegur:* Af Hafnarfjallsvegi hjá Skorholti um Melasveit á þjóðveginn austanvert við Höfn.
b. *Leirársveitar- og Svínadalsvegur:* Af þjóðveginum hjá Beitistöðum um Leirá, Hávarðsstaði og Tungu norðan Laxár og Svínadalsvatna á þjóðveginn gegnt Geitabergi.

Ed. 12. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106. 23. júní 1936, um útsvör.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Á eftir 1. málslið 8. gr. laganna komi nýr málsliður, er hljóði svo:
Sé gjaldþegn félag, samanber II., 1. málslið 6. gr., og skal þá leggja á hann útsvar þar, sem hann á skrásett heimilisfang, án tillits til þess, hvar stjórnendur hans eða framkvæmdastjóri kunna að eiga lögheimili, enda eigi gjaldþegn fasteignir á skrásetningarstað og reki þar atvinnu.

2. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný málsgrein, er hljóði svo:
Þó skal skipting útsvara á milli sveitarfélaga, samanber 2. og 3. staflið, eigi framkvæmd, ef bæði sveitarfélögin eru innan sömu sýslu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1945 bar ég fram frv. til laga um breyt. á útsvarslögunum samhljóða því frv., sem hér er fram borið. Afgreiddi deildin þá málið með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Þar sem upplýst er, að verið er að vinna að heildarendurskoðun útsvarslaganna og ráðgert, að frumvarp um það efni verði lagt fyrir Alþingi það, sem saman á að koma 15. febr. n. k., telur deildin ekki rétt að afgreiða nú frv. þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Með því að ljóst er, að enn hefur ekkert verið gert í þessu máli af hálfu ríkisstjórnarinnar, er frv. þetta enn fram borið. Vísast að öðru leyti til grg. á þskj. nr. 135 frá 1945.

Vænti ég þess, að mál þetta fái nú skjóta afgreiðslu í þinginu.

Sþ. 13. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta samninga um alþjóðaflug.

(Lögð fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðaflugmál (Convention on International Civil Aviation) og alþjóðasamning um viðkomuréttindi flugfara (International Air Services Transit Agreement), sem undirrituð voru fyrir Íslands hönd hinn 7. desember 1944 og 4. apríl 1945.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa:

Á alþjóðaflugmálaráðstefnunni, sem haldin var í Chicago dagana 1. nóvember til 7. desember 1944, voru saman komnir fulltrúar frá 54 þjóðum. Ráðstefnan gekk frá texta eftirfarandi 4 samninga:

1. Bráðabirgðasamkomulag um alþjóðaflugmál (Interim Agreement on International Civil Aviation),
2. Samþykkt um alþjóðaflugmál (Convention on International Civil Aviation),
3. Alþjóðasamningur um viðkomuréttindi flugfara (International Air Services Transit Agreement),
4. Alþjóðasamningur um loftflutninga (International Air Transport Agreement).

Tveir fyrrnefndu samningarnir voru undirritaðir fyrir Íslands hönd hinn 7. desember 1944, en hinir 4. apríl 1945. Hins vegar eru ákvæði um það í öllum samningunum, að undirskriftir fulltrúanna bindi eigi viðkomandi ríki fyrr en ríkisstjórn þess hefur staðfest, að svo skuli vera. Af Íslands hálfu hefur einungis bráðabirgðasamkomulagið verið staðfest á þann hátt, og var það gert hinn 21. marz 1945. En þar sem þar er einungis um bráðabirgðafyrirkomulag að ræða, þykir nauðsynlegt, að gengið verði frá staðfestingu samþykktarinnar um alþjóðaflugmál svo og samningsins um viðkomuréttindi flugfara. Hins vegar verður eigi talið, að samningurinn um loftflutninga hafi náð tilgangi sínum, og þykir eigi ástæða til að staðfesta hann að svo komnu máli.

Fylgiskjal I.

Samþykkt um alþjóðaflugmál.

(Convention on International Civil Aviation. — Íslenzk þýðing.)

Inngangur.

Þar sem vitað er, að þróun alþjóðaflugmála getur stuðlað mjög að og varðveitt vináttu og skilning meðal þjóða heimsins, og að misnotkun þeirra getur valdið hættu á almennu öryggi, og með tilliti til þess, að æskilegt er að forðast ýfingar og stuðla að þeirri samvinnu þjóða á meðal, sem skilyrði er fyrir heimsfriði, hafa neðanskráðar

ríkisstjórnir komið sér saman um ákveðnar meginreglur og fyrirkomulagsatriði, í því skyni, að alþjóðaflugmál megi þróast á öruggan og skipulegan hátt og að til millilríkja loftflutninga megi stofna á grundvelli jafnræðisaðstöðu og reka á heilbrigðum fjárhagsgrundvelli, og hafa þær því í þessu skyni gert samþykkt þá, sem hér fer á eftir.

I. HLUTI — LOFTSIGLINGAR

I. KAFLI
Almennar meginreglur og framkvæmd samþykktarinnar.

1. gr.
Yfirráðasvæði.

Ríki þau, sem aðilar eru að samþykkt þessari, viðurkenna full og óskoruð yfirráð hvers ríkis yfir loftrýminu ofan landsvæðis síns.

2. gr.
Landsvæði.

Hvað samþykkt þessa snertir skal landsvæði hvers ríkis teljast land þess, svo og landhelgissvæði með ströndum landsins, enda sé hvort tveggja undir yfirráðum, forráðum, vernd eða umboðsstjórn þess ríkis.

3. gr.
Kaupför og ríkisflugför.

a. Þessi samþykkt skal eingöngu gilda um flugför til kaupfara, en ekki taka til ríkisflugfara.
b. Flugvélar til herþjónustu, toll- eða löggæzlu skulu skoðast ríkisflugför.
c. Engin ríkisflugför samningsaðila skulu fljúga yfir landsvæði annars ríkis eða lenda þar, nema með heimild í sérstökum samningum eða annarri heimild, og þá í samræmi við skilmála slíkrar heimildar.
d. Samningsaðilar skuldbinda sig til að taka hæfilegt tillit til öryggis í flugi kaupfara, þegar þeir gefa út reglugerðir um ríkisflugför sín.

4. gr.
Misnotkun kaupflugs.

Allir samningsaðilar samþykkja að beita eigi kappflugi í neinu skyni, er í bága geti komið við markmið samþykktar þessarar.

II. KAFLI
Flug yfir landsvæði samningsríkis.

5. gr.
Réttindi til flugs án áætlunar.

Allir samningsaðilar koma sér saman um, að öll flugför annarra samningsríkja, sem eigi eru í áætlunarferðum milli landa, skuli hafa réttindi til flugs inn yfir eða viðkomulaust yfir landsvæði þeirra eða til viðkomu án viðskipta, að tilskildum ákvæðum samþykktar þessarar, án þess að hafa áður fengið til þess leyfi, með þeim fyrirvara, að ríki það, sem yfir er flogið, megi krefjast lendingar. Hvert ríki um sig áskilur sér þó rétt til að fyrirskipa, vegna flugöryggis, flugförum, sem fljúga vilja yfir óaðgengileg landsvæði eða þau landsvæði, þar sem eigi eru hjálpartæki til loftsiglinga, að fylgja fyrir fram ákveðnum leiðum eða fá sérstakt leyfi til slíkra flugferða.

Flugför, sem starfa að flutningi farþega, flutnings eða pósts fyrir endurgjald eða leigu á annan hátt en með áætlunarbundnum millilandaflugrekstri, skulu einnig að viðlögðum ákvæðum 7. gr. hafa rétt til að taka eða skilja eftir farþega, flutning eða póst, enda hafi hvert ríki, þar sem slík taka farþega, pósts eða flutnings eða afskipun þeirra fer fram, rétt til að setja þær reglur, skilmála og takmarkanir, sem þurfa þykir.

6. gr.

Áætlunarbundinn flugrekstur.

Eigi má reka áætlunarbundinn flugrekstur um eða yfir landsvæði samningsríkis, nema sérstakt leyfi eða önnur heimild þess ríkis komi til, og skal honum þá hagað í samræmi við ákvæði slíks leyfis eða heimildar.

7. gr.

Innanlandsferðir.

Hvert ríki um sig hefur rétt til að neita flugvélum annars samningsríkis um leyfi til að taka gegn endurgjaldi eða leigu innan landsvæðis þess farþega, póst eða flutning, sem ætlað er annarri höfn innan landsvæðisins. Hvert samningsríki skuldbindur sig til að gerast ekki aðili að neinu samkomulagi, er sérstaklega veiti nein slík forréttindi nokkru öðru ríki eða flugfélagi í öðru ríki, né heldur að öðlast slík sérréttindi frá neinu öðru ríki.

8. gr.

Flugmannslaus flugför.

Engum flugförum, sem hægt er að fljúga flugmannslaust, má fljúga flugmannslausum yfir landsvæði samningsríkis án sérstakrar heimildar af hálfu þess og þá í samræmi við slíka heimild. Öll samningsríki takast á hendur að tryggja það, að flug slíkra flugmannslausra flugfara yfir svæði, sem opin eru kaupförum, skuli háð eftirliti, til þess að útiloka hættu, er kaupförum kynni af þeim að stafa.

9. gr.

Bannsvæði.

a. Öll samningsríki mega, vegna hernaðaröryggis eða öryggis almennings, takmarka eða banna algerlega flugförum annarra ríkja að fljúga yfir sérstök svæði landa sinna, enda sé enginn greinarmunur gerður í þessu efni á þeim flugförum þess ríkis, sem flogið er um, og rekin eru í áætlunarbundnum millilandaflugferðum, og á flugförum annarra samningsríkja, sem á sama hátt eru rekin. Slík bannsvæði skulu eigi vera óhæfilega stór og þannig í sveit sett, að þau komi eigi óþarflega í bága við loftsiglingar. Lýsingar slíkra bannsvæða á landsvæði samningsríkis svo og þær breytingar, sem síðar kunna að verða gerðar á þeim, skulu tilkynntar eins fljótt og auðið er öðrum samningsríkjum og Alþjóðaflugmálastofnuninni.
b. Öll samningsríki geyma sér einnig rétt til þess að takmarka eða banna um stundarsakir flug yfir landsvæði sín öll eða hluta þeirra, þegar óvenjulega stendur á, á hættutímum eða vegna öryggis almennings, og mega slík ákvæði ganga þegar í gildi. En slíkri takmörkun eða banni má því aðeins beita, að það nái jafnt til flugfara af öllu þjóðerni.
c. Öll samningsríki mega krefjast þess, að öll flugför, sem fljúga yfir landsvæði þau, sem tilgreind eru í stafliðunum a. og b. hér að framan, skuli lenda eins fljótt og auðið er að afloknu flugi í einhverri tilgreindri flughöfn innan landsvæðis þess, og fer um þetta eftir reglugerðum, sem ríkið má setja.

10. gr.

Lending í tollflughöfn.

Öll flugför, sem koma inn yfir landsvæði samningsríkis, skulu lenda í flughöfn, sem það ríki tilgreinir í þessu skyni til tollskoðunar og annarrar skoðunar, ef reglugerðir þess ríkis mæla svo fyrir. Þetta gildir þó eigi í þeim tilvikum, er flugförum er leyft samkvæmt sérstakri heimild eða ákvæðum samþykktar þessarar að fljúga yfir landsvæði samningsríkis án lendingar. Þegar flugför fara frá landsvæði samningsríkis, skulu þau fara frá tollflughöfn, sem á sama hátt hefur verið tilgreind. Upplýsingar um allar tilgreindar tollflughafnir skulu birtar viðkomandi ríki og látnar í té Alþjóðaflugmálastofnuninni, sem stofnsett verður samkvæmt II. hluta þessarar samþykktar, enda tilkynni hún þær öðrum samningsríkjum.

11. gr.

Hvernig beita skuli loftferðareglugerðum.

Um komu flugfara, sem eru í millilandaflugi, eða brottför þeirra frá landsvæði samningsríkis, svo og um rekstur og stjórn slíkra flugfara, meðan þau eru innan landsvæðisins, skal beita lögum og reglugerðum ríkisins, jafnt um flugför allra samningsríkja, án tillits til þjóðernis, að viðlögðum ákvæðum þessarar samþykktar. Skulu þau flugför hegða sér í samræmi við slík lög og reglugerðir, þegar þau koma til landsvæðis þess ríkis, fara þaðan eða halda sér innan þess.

12 gr.

Loftferðareglur.

Öll samningsríkin skuldbinda sig til að gera ráðstafanir til að tryggja, að sérhvert flugfar, sem flýgur yfir eða stýrt er innan landsvæða þeirra, og sérhvert flugfar, sem ber þjóðernismerki þeirra, skuli alls staðar fara eftir þeim reglum og reglugerðum um flug og loftsiglingar, sem þar gilda. Skuldbindur hvert ríki sig til að halda sínum eigin reglugerðum um þessi efni sem svipuðustum þeim, sem eftir því sem tímar líða verða settar í samræmi við samþykkt þessa. Yfir úthöfum skulu þær reglur gilda, sem settar eru með samþykkt þessari. Hvert samningsríki tekur að sér að tryggja, að lögum verði komið yfir aðila, sem settar reglur brjóta.

13. gr.

Reglur um komu og klareringu.

Lög og reglugerðir samningsríkis um landtöku farþega, áhafnar eða flutnings flugfara, svo og um brottför frá landsvæði þess, t. d. reglugerðir um komu, klareringu, landgöngu, vegabréf, tollskoðun og læknisskoðun, skulu haldnar um þá farþega, áhöfn eða flutning, sem koma inn í landið, fara þaðan eða dvelja innan landamæra þess.

14. gr.

Varnir gegn útbreiðslu sjúkdóma.

Öll samningsríkin samþykkja að gera virkar ráðstafanir til að verjast hættu af völdum flugferða á útbreiðslu kóleru, taugaveiki (umferða-), bólusóttar, gulusóttar, svarta dauða eða annarra næmra sjúkdóma, sem samningsríkin munu framvegis tilgreina, og í því skyni munu samningsríkin halda uppi nánu sambandi við stofnanir þær, sem hafa með höndum alþjóðareglugerðir um heilbrigðisráðstafanir viðvíkjandi flugförum. Slík ákvæði skulu ekki brjóta í bága við neinar alþjóðasamþykktir um þessi efni, sem samningsríkin kunna að vera aðilar að.

15. gr.

Flughafnagjöld og önnur svipuð gjöld.

Sérhver flughöfn samningsríkis, sem opin er til almennra afnota flugförum eigin þjóðernis, skal einnig að viðlögðum ákvæðum 68. gr. vera opin flugförum allra annarra samningsríkja með samræmdum skilmálum. Sömu samræmdir skilmálar skulu gilda um afnot flugfara allra samningsríkja af öllum loftsiglingartækjum, og eru þar með talin radio- og veðurþjónusta, sem látin er almennt í té til öryggis og flýtis loftsiglingum.

Gjöld, sem lögð kunna að vera á eða leyft verður að leggja á af hálfu samningsríkis viðvíkjandi afnotum flugvéla annarra samningsríkja af slíkum flughöfnum eða loftsiglingatækjum, skulu eigi vera hærri en:

a. þau, sem greidd eru af flugförum eigin þjóðernis, sem ekki starfa að áætlunarbundnu millilandaflugi, og á þetta við þau flugför erlend, sem í sama flokki teljast,
b. þau, sem greidd eru af flugförum eigin þjóðernis, sem eru í áætlunarbundnu millilandaflugi, og á þetta við þau flugför, sem í sama flokki teljast.

Öll slík gjöld skal auglýsa og tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni. Það er tilskilið, að að fengnum tilmælum samningsríkis, sem hlut á að máli, skuli gjöld fyrir afnot flughafna og annarra þæginda háð endurskoðun flugmálaráðs, sem skal gefa um það skýrslu og tillögur til athugunar því ríki eða þeim ríkjum, sem í hlut eiga. Ekkert samningsríki má krefjast þóknunar, skatta eða annarra gjalda af flugförum samningsríkis eða þeim mönnum eða eigum, sem þau flytja, fyrir þau réttindi ein, að mega fljúga yfir, koma inn í eða fara frá landsvæði þess.

16. gr.

Skoðun flugfara.

Rétt yfirvöld sérhvers samningsríkis skulu hafa rétt til að leita í flugfari annars samningsríkis, þegar það kemur eða fer, og skoða skírteini og önnur skilríki, sem gert er ráð fyrir í samþykkt þessari. Skal slík skoðun fara fram án óhæfilegrar tafar.

III. KAFLI

Þjóðerni flugfara.

17. gr.

Þjóðerni flugfara.

Flugfar skal teljast til þjóðernis þess ríkis, þar sem það er skrásett.

18. gr.

Tvöföld skrásetning.

Flugfar getur ekki að lögum verið skrásett í meir en einu ríki, en skrásetningu þess má flytja frá einu ríki til annars.

19. gr.

Landslög um skrásetningu.

Skrásetning eða flutning skrásetningar flugfars í samningsríki skal gerð í samræmi við landslög og reglugerðir.

20. gr.

Merki.

Öll flugför, sem fljúga milli landa, skulu bera þjóðernismerki og skrásetningarmerki.

21. gr.

Skýrslur um skrásetningu.

Hvert samningsríki um sig skuldbindur sig til að láta öllum öðrum samningsríkjum eða Alþjóðaflugmálastofnuninni í té upplýsingar um skrásetningu, eigendur og önnur atriði viðvíkjandi flugförum, sem skrásett eru innan ríkisins, ef óskað er. Auk þess skal hvert samningsríki láta Alþjóðaflugmálastofnuninni í té skýrslur í því formi, sem hún kann að ákveða, um þau meginatriði, sem fáanleg eru varðandi eignarheimild og yfirráð flugfara, sem skrásett eru í ríkinu og venjulega hafa á hendi millilandaflugferðir. Upplýsingar þær, sem Alþjóðaflugmálastofnunin öðlast á þennan hátt, skulu aðgengilegar öðrum samningsríkjum, ef þau óska þess.

IV. KAFLI

Ráðstafanir til að auðvelda loftsiglingar.

22. gr.

Formsatriði gerð auðveldari.

Hvert samningsríki um sig skal gera allt, sem í þess valdi stendur, til að auðvelda og flýta loftsiglingum milli landsvæða samningsríkja og koma í veg fyrir óþarfa tafir flugfara, áhafna, farþega og flutnings, einkum hvað snertir framkvæmd laga um landgöngu, læknisskoðun, tollskoðun og klareringu. Skal þetta gert með útgáfu sérstakrar reglugerðar eða á annan hátt.

23. gr.

Framkvæmd tollskoðunar og landgöngueftirlits.

Öll samningsríki skuldbinda sig til að koma á sérstökum reglum um tollskoðun og landgöngueftirlit, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er. Skulu þær reglur vera í samræmi við það, sem ákveðið kann að verða eða mælt verður með á hverjum tíma í framkvæmd samþykktar þessarar. Engin ákvæði í samþykkt þessari skulu skýrð á þá leið, að þau komi í veg fyrir, að stofnaðar verði tollfrjálsar flughafnir.

24. gr.

Tollskylda.

a. Flugförum á flugi til, frá eða yfir landsvæði annars samningsríkis skal leyft að lenda um stundarsakir tollfrjálst, að viðlögðum tollreglugerðum þess ríkis. Eldsneyti, smurningsolíur, varahlutar, reglubodinn útbúnaður og flugvélavistir, sem flutt eru með flugfarinu inn á landsvæði annars samningsríkis og eru kyrr um borð í því, þar til það fer af landi burt, skulu undanþegin tollum, skoðunarþóknun eða öðrum innanlands- eða innansvæðisgjöldum eða álögum. Þessi undanþága gildir þó eigi um það magn eða þá hluti, sem afskipað er, nema gert sé í samræmi við tollreglugerðir ríkisins, sem kunna að mæla svo fyrir, að því sé haldið eftir undir tolleftirliti.

b. Varahlutir og útbúnaður, sem fluttir eru um landsvæði samningsríkis til þess að festa í eða nota við flugvélar annars samningsríkis, sem starfar að millilandaflugi, skulu undanþegnir tolli, að því tilskildu, að eigi brjóti í bága við reglugerðir viðkomandi ríkis, enda má leggja svo fyrir, að hlutir þessir séu geymdir í vörzlu og undir eftirliti tollyfirvalda.

25. gr.

Nauðstödd flugför.

Hvert samningsríki um sig tekur að sér að sjá um aðstoðarráðstafanir til handa nauðstöddum flugförum innan yfirráðasvæðis síns, eftir því sem fram-

kvæmanlegt er, og leyfa, að undir eftirliti eigin yfirvalda, eigenda flugfara eða yfirvalda þeirra ríkja, sem flugfar er skrásett í, skulu þær hjálparráðstafanir lagðar til, sem nauðsyn býður. Öll samningsríki skulu vinna saman, þegar leit er hafin að týndu flugfari, og skulu um þetta settar samræmdar reglur á hverjum tíma í framkvæmd samþykktar þessarar.

26. gr.

Rannsókn út af slysum.

Nú verður flugfar samningsríkis fyrir slysi innan landsvæðis annars samningsríkis, þannig að af því leiði dauða eða alvarleg meiðsli, eða í ljós komi alvarlegir tekniskir gallar á flugfarinu eða tækjum til að auðvelda loftsiglingar, og skal að atbeina þess ríkis, þar sem slysið varð, hafin rannsókn á atvikum þess, og skal henni að svo miklu leyti sem lög leyfa hagað í samræmi við þá málsmeðferð, sem Alþjóðaflugmálastofnunin mælir með. Heimaríki flugfars skal gefið tækifæri til að útnefna skoðunarmenn til að vera við rannsókn, enda skal ríki það, er fyrir rannsókn gengst, láta heimaríkinu í té skýrslu um rannsókn og niðurstöður hennar.

27. gr.

Undanþága frá kyrrsetningu vegna einkaleyfiskröfu.

a. Öll flugför samningsríkja, sem eru í millilandaflugi, skulu undanþegin kyrrsetningu, lögbanni og öllum kröfum á hendur eigendum þeirra eða þeim, sem þau reka, svo og allri annarri íhlutun af hálfu þess samningsríkis, sem flogið er um, eða einstaklinga innan þess ríkis, á þeim grundvelli, að byggingarlag, vélafyrirkomulag, einstakir hlutar, hjálpargögn eða rekstur (operation) flugfarsins sé brot á einkaleyfi, teikningu eða líkani, sem réttilega hafi verið veitt eða skrásett í því ríki, sem flugfarið hefur komið til, og skal í engu tilfelli krefjast tryggingarfjár í sambandi við undanþágu þá, er að ofan getur, varðandi löghald á flugfari af hálfu þess ríkis, er slíkt flugfar kemur til.

b. Ákvæði a-liðar þessarar greinar ná einnig til geymslu varahluta og varabúnaðar flugfara samningsríkis og þeirra réttinda að mega nota þau og setja í flugför, þegar við það er gert innan annars samningsríkis, að því tilskildu, að eigi megi selja neina hluta eða útbúnað, sem verndaðir eru með einkaleyfi, eða dreifa þeim innanlands eða flytja út í verzlunarskyni frá því ríki, sem flugfarið kemur til.

c. Eigi skulu önnur ríki njóta verndar þeirrar, er um ræðir í þessari grein, en þau, sem eru annaðhvort: 1. aðilar að alþjóðasamþykkt um iðnréttindavernd (International Convention for the Protection of Industrial Property) ásamt viðaukum hennar, eða 2. hafa sett lög um einkaréttindi, þar sem viðurkenndar eru uppfyndingar borgara annarra ríkja, sem aðilar eru að samþykkt þessari, og þeim veitt hæfileg vernd.

28. gr.

Tæki til að auðvelda loftsiglingar og samræmd kerfi.

Öll samningsríkin skuldbinda sig til, eftir því sem fært þykir:

a. að sjá fyrir flughöfnum, radioþjónustu, veðurupplýsingum og öðrum þægindum innan landsvæða sinna, til að auðvelda millilandaloftsiglingar, í samræmi við meginreglur þær og framkvæmdaratriði, sem mælt kann að verða með eða sett kunna að verða á hverjum tíma í framkvæmd samþykktar þessarar;

b. að taka upp og beita réttum samræmdum kerfum varðandi merkjasambönd, staflykla, merki, kallmerki, ljósmerki og önnur rekstraratriði og reglur, sem mælt verður með eða sett kunna að verða á hverjum tíma í framkvæmd samþykktar þessarar;

c. að eiga samvinnu um alþjóðaráðstafanir til að tryggja útgáfu loftsiglingakorta í samræmi við almennar reglur, sem mælt kann að verða með eða settar kunna að verða í framkvæmd samþykktar þessarar.

V. KAFLI
Skilyrði, sem flugför verða að fullnægja.

29. gr.
Skjöl flugfara.

Öll flugför samningsríkja, sem hafa með höndum millilandaflug, skulu hafa eftirtalin skilríki, samkvæmt skilmálum þeim, sem lýst er í samþykkt þessari:

a. Skrásetningarskjal,
b. loftfærisskírteini,
c. rétt leyfisbréf fyrir hvern mann áhafnar,
d. loftferðadagbók,
e. radíóstöðvarskírteini, ef í því er radíóstöð,
f. farþegalista, ef það flytur farþega, og skulu þar greind nöfn þeirra, höfn, þar sem þeir eru teknir, og höfn sú, er þeir ætla til,
g. farmskírteini og sundurliðaða skýrslu um farm, ef það flytur farm.

30. gr.
Radíóútbúnaður flugfara.

a. Flugför samningsríkis mega því aðeins hafa radíósenditæki innanborðs á flugi um og yfir landsvæði annarra samningsríkja, að leyfisbréf til að setja upp og reka slík tæki hafi verið gefið út af hlutaðeigandi yfirvöldum heimaríkis flugfarsins. Afnot slíkra senditækja innan landsvæðis þess samningsríkis, sem um er flogið, skulu háð reglugerðum þess ríkis.
b. Radíósenditæki mega þeir einir flugáhafnar nota, sem fengið hafa til þess sérstakt leyfisbréf, útgefið af hlutaðeigandi yfirvöldum heimaríkis flugfarsins.

31. gr.
Loftfærisskírteini.

Öll flugför, sem rekin eru í millilandaflugi, skulu hafa meðferðis loftfærisskírteini, útgefin eða árituð af heimaríki flugfarsins.

32. gr.
Leyfisbréf áhafna.

a. Stýrimaður (pilot) hvers flugfars, sem rekið er í millilandaflugi, svo og aðrir menn úr flugáhöfn þess skulu hafa hæfnisvottorð og leyfisbréf, útgefin eða árituð af heimaríki flugfarsins.
b. Öll samningsríki áskilja sér réttindi til að neita að taka til greina hæfnisvottorð og leyfisbréf, sem önnur samningsríki kunna að hafa gefið eigin borgurum þeirra, að svo miklu leyti sem til flugs tekur um eða yfir landsvæði þeirra.

33. gr.
Viðurkenning skírteina og leyfisbréfa.

Loftfærisskírteini þau, hæfnisvottorð og leyfisbréf, sem út eru gefin eða árituð af samningsríki, heimaríki flugfars, skulu tekin gild af hálfu annarra samningsríkja, enda séu kröfur þær, er slík skírteini og leyfisbréf fullnægja, hinar sömu eða strangari en lágmarkskröfur þær, sem settar kunna að verða á hverjum tíma í samræmi við samþykkt þessa.

34. gr.

Loftferðadagbækur.

Í hverju flugfari, sem rekið er í millilandaflugi, skal færa loftferðadagbók, og skal í hana skrá upplýsingar um flugfarið, áhöfn þess og hverja einstaka flugferð, í því formi, sem ákveðið kann að verða á hverjum tíma í samræmi við samþykkt þessa.

35. gr.

Takmarkanir á farmi.

a. Eigi má flytja hergögn eða hernaðartæki inn yfir eða um landsvæði samningsríkis í flugfari, sem rekið er í millilandaflugi, nema sérstakt leyfi þess ríkis komi til. Skal hvert ríki setja ákvæði um, hvað skoða beri hergögn eða hernaðartæki í framkvæmd þessarar greinar, og haga þeim ákvæðum, fyrir reglu sakir og samræmis, eftir þeim ákvæðum, sem loftferðaráð kann að mæla með á hverjum tíma.

b. Hvert samningsríki um sig áskilur sér rétt til að setja ákvæði um eða banna flutning um eða yfir landsvæði sitt á öðrum varningi en um getur í staflið a., vegna almenns öryggis og velferðar. Þó skal í þessu efni eigi gera neinn greinarmun á flugförum eigin þjóðernis, sem rekin eru í millilandaflugi, og flugförum annarra ríkja, sem rekin eru á sama hátt, og eigi heldur leggja hömlur á flutning og afnot um borð í flugförum á tækjum, sem nauðsynleg eru til rekstrar eða stjórnar á flugfarinu eða til öryggis áhöfn og farþegum.

36. gr.

Ljósmyndatæki.

Öll samningsríki mega banna eða setja ákvæði um afnot ljósmyndatækja í flugförum ofan landsvæða sinna.

VI. KAFLI

Alþjóðareglur og framkvæmdaratriði, sem mælt er með.

37. gr.

Samþykkt alþjóðareglna og framkvæmdaratriða.

Öll samningsríkin skuldbinda sig til að starfa saman að því að ná sem fyllstu samræmi í reglugerðum, reglum, framkvæmd og skipulagi viðvíkjandi flugförum, áhöfn, loftleiðum og hjálparstarfsemi í öllum þeim efnum, þar sem slíkt samræmi auðveldar og bætir um loftsiglingar.

Í þessu skyni skal Alþjóðaflugmálastofnunin taka upp og endurbæta, eftir því sem nauðsyn býður á hverjum tíma, alþjóðareglur og framkvæmdaratriði, sem mælt verður með, viðvíkjandi:

a. merkjakerfum og hjálpartækjum til loftsiglinga, þar með töldum merkjum á jörðu;
b. sérkennum flughafna og lendingarsvæða;
c. loftferðareglum og framkvæmdaratriðum um loftferðastjórn;
d. leyfisbréfum áhafna til flugstjórnar og vélgæzlu;
e. loftfæri flugfara;
f. skrásetningu og einkennum flugfara;
g. öflun og útsendingu veðurupplýsinga;
h. loftferðadagbókum;
i. loftsiglingakortum;
j. framkvæmd tollskoðunar og landgöngu farþega;
k. flugförum í neyð og rannsókn slysa;

svo og viðvíkjandi þeim öðrum atriðum varðandi öryggi, reglubundinn rekstur og góða starfrækslu loftsiglinga, sem eftir því sem tímar líða þykir rétt vera.

38. gr.

Vikið frá alþjóðareglum og framkvæmdaratriðum.

Nú þykir einu ríki það óframkvæmanlegt að fullnægja að öllu leyti einhverju af slíkum alþjóðareglum og framkvæmdaratriðum eða færir eigi ákvæði sín og framkvæmdarvenjur til fulls samræmis við einhverjar alþjóðareglur og framkvæmdaratriði, eftir að þeim síðastnefndu hefur verið breytt eða því þykir nauðsyn bjóða að taka upp ákvæði eða framkvæmdarvenjur, sem á einhvern hátt eru frábrugðnar þeim, sem í alþjóðareglum eru settar, og skal það þá tilkynna þegar í stað Alþjóðaflugmálastofnuninni þann mismun, sem er á eigin framkvæmdarvenjum þess og þeim, sem kveðið er á um í alþjóðareglum. Sé um að ræða breytingu á alþjóðareglum og eitthvert ríki gerir ekki svipaðar breytingar á eigin ákvæðum eða framkvæmdarvenjum, skal það tilkynnt ráðinu innan 60 daga, frá því að breyting á alþjóðareglum var gerð, eða gefa til kynna, hvaða ráðstafanir það ætlar sér að gera. Í öllum slíkum tilvikum skal ráðið þegar í stað tilkynna öllum öðrum ríkjum þann mismun, sem vera kann í einu eða fleiri atriðum á alþjóðareglum og tilsvarandi staðarvenjum þess ríkis.

39. gr.

Áritun skírteina og leyfisbréfa.

a. Nú er eitthvert flugfar eða hluti þess frábrugðið alþjóðareglum um leyfisfæri eða afköst og fullnægir ekki að einhverju leyti þeim reglum á þeim tíma, sem það fær skírteini, og skal þá rita á loftfærisskírteini þess eða festa við það fullkomna upptalningu þeirra atriða, sem ábótavant er.
b. Nú hefur maður leyfisbréf og fullnægir ekki að öllu leyti þeim skilmálum, sem sett eru í alþjóðareglum varðandi þann flokk leyfisbréfa eða skírteina, sem honum hafa verið afhent, og skal þá rita á leyfisbréfið eða festa við það fullkomna upptalningu þeirra atriða, sem ábótavant er.

40. gr.

Gildi áritaðra skírteina og leyfisbréfa.

Eigi skal flugfar eða menn, sem hafa áritun á skírteini sín eða leyfisbréf svo sem að framan getur, taka þátt í millilandaflugi, nema leyfi þess ríkis eða þeirra ríkja, sem um er flogið, komi til. Skrásetning eða afnot slíks flugfars eða löggilts flugfarshluta innan allra annarra ríkja en hins upprunalega heimaríkis skulu vera á valdi þess ríkis, sem flugfarið eða flugfarshlutinn eru flutt til.

41. gr.

Viðurkenning gildandi reglna um loftfæri.

Ákvæði þessa kafla skulu eigi ná til flugfara eða útbúnaðar flugfara, sem í frumgerð hafa verið lögð fyrir hlutaðeigandi yfirvöld innanlands til löggildingar innan 3 ára eftir að samþykktar voru alþjóðareglur um loftfæri fyrir slíkan útbúnað.

42. gr.

Viðurkenning gildandi reglna um hæfni áhafna.

Ákvæði þessa kafla skulu eigi ná til flugfara eða útbúnaðar flugfara, sem innan eins árs frá því upprunalega voru settar alþjóðareglur um hæfni slíkra áhafna; en í öllum tilvikum skulu þær gilda um allar áhafnir, sem hafa leyfisbréf, er haldast í gildi 5 ár eftir að slíkar reglur voru settar.

II. HLUTI — ALÞJÓÐAFLUGMÁLASTOFNUNIN

VII. KAFLI
Stofnunin.

43. gr.

Nafn og skipulag.

Stofnun, sem nefnist Alþjóðaflugmálastofnunin (International Civil Aviation Organization), skal stofnuð með samþykkt þessari, og skiptist hún í þing og ráð og þær greinir aðrar, er nauðsynlegar þykja.

44. gr.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar og tilgangur er að stuðla að þróun millilandaflugs, grundvallaratriða þess og tækni, og að vinna að skipulagningu og þróun millilandaloftflutninga, í því skyni að

a. tryggja öryggi og skipulega þróun alþjóðaflugmála, hvar sem er í heiminum;
b. örva dráttlist á sviði flugvélabygginga og rekstur flugfara í friðsömu skyni;
c. stuðla að þróun loftleiða, flughafna og hjálpartækja til loftsiglinga fyrir millilandaflug;
d. fullnægja þörfum þjóða heimsins fyrir örugga, reglubundna, vel starfrækta og ódýra loftflutninga;
e. koma í veg fyrir óþarfa eyðslu vegna ósanngjarnrar samkeppni;
f. tryggja, að réttindi samningsríkja verði að fullu virt og að hvert samningsríki fái sanngjarnt tækifæri til að starfrækja millilandaflug;
g. komast hjá hlutdrægni meðal samningsríkja;
h. stuðla að öryggi í millilandaflugi;
i. stuðla almennt að þróun allra greina alþjóðaflugmála.

45. gr.

Fast aðsetur.

Stofnunin skal hafa fastan aðsetursstað, sem ákveðinn verður á síðasta fundi bráðabirgðaþings bráðabirgða-Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (The Interim Assembly of the Provisional International Civil Aviation Organization), sem á stofn var sett með bráðabirgðasamkomulagi um alþjóðaflug (Interim Agreement on International Civil Aviation), er undirritað var í Chicago 7. desember 1944. Aðsetursstaðinn má flytja til annars staðar um stundarsakir með ákvörðun ráðsins.

46. gr.

Fyrsti fundur þingsins.

Til fyrsta fundar þingsins skal kvatt af bráðabirgðaráði ofangreindrar bráðabirgðastofnunar þegar er samþykktin hefur öðlazt gildi, og skal það koma saman á þeim tíma og þeim stað, er bráðabirgðaráðið ákveður.

47. gr.

Lagavernd.

Stofnunin skal innan landsvæðis hvers samningsríkis um sig njóta þeirrar lagaverndar, sem nauðsynleg kann að verða til þess að hún geti fullnægt skyldum sínum. Skal henni veitt full lagaleg aðild alls staðar þar, sem slíkt er samrímanlegt stjórnarskrá og lögum þess ríkis, sem í hlut á.

VIII. KAFLI
Þingið.

48. gr.
Þingfundir og atkvæðagreiðslur.

a. Þingið skal koma saman á hverju ári, og skal ráðið kveðja það til fundar á hentugum tíma og stað. Aukafundi þingsins má halda hvenær sem er að boði ráðsins eða að beiðni einhverra 10 samningsríkja, sem stíla hana til aðalritara.
b. Öll samningsríki skulu hafa jafnan rétt til þátttöku í fundum þingsins, og skal hvert samningsríki hafa þar eitt atkvæði. Fulltrúar samningsríkja mega hafa sér til aðstoðar tekniska ráðunauta, sem mega taka þátt í fundarstörfum, en hafa eigi atkvæðisrétt.
c. Til þess að þingið sé ályktunarhæft þarf meiri hluti samningsríkja að hafa fulltrúa viðstadda. Þar sem öðruvísi er ekki ákveðið í samþykkt þessari, ræður meiri hluti greiddra atkvæða ákvörðunum þingsins.

49. gr.
Valdsvið þingsins og skyldur.

Vald þingsins og skyldur skulu ná til:
a. að kjósa á hverjum fundi forseta og aðra embættismenn;
b. að kjósa þau samningsríki, sem fulltrúa skulu eiga í ráðinu, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla;
c. að rannsaka og gera nauðsynlegar ráðstafanir út af skýrslum ráðsins og taka ákvörðun í öllum þeim málum, sem ráðið leggur fyrir;
d. að setja sjálfu sér fundarsköp og stofna þær undirnefndir, sem því kunna að þykja nauðsynlegar eða æskilegar;
e. að samþykkja árlega fjárhagsáætlun og ákveða fjármálarekstur stofnunarinnar í samræmi við fyrirmæli XII. kafla:
f. að endurskoða útgjöld og samþykkja reikninga stofnunarinnar;
g. að vísa málum til ráðsins, undirnefnda eða annarra nefnda, eftir því sem þurfa þykir;
h. að gefa ráðinu umboð svo sem þurfa þykir til að leysa af hendi skyldur stofnunarinnar og afnema eða breyta umboðsvaldi á hverjum tíma;
i. að framkvæma þau fyrirmæli XIII. kafla, sem við eiga;
j. að ræða tillögur til breytinga á ákvæðum þessarar samþykktar og vísa þeim til samningsríkja í samræmi við ákvæði XXI. kafla, ef þær ná samþykki;
k. að ræða hvert það mál, sem upp kann að koma innan starfssviðs stofnunarinnar og er eigi sérstaklega falið ráðinu til athugunar.

IX. KAFLI
Ráðið.

50. gr.
Ráðið og kjör þess.

a. Ráðið skal vera fastanefnd og starfa á ábyrgð þingsins. Í því skulu 21 samningsríki eiga sæti, og kýs þingið þau. Fyrsta kjör skal halda á fyrsta fundi þingsins og síðan hvert ár, og skulu meðlimir ráðsins, sem á þann hátt eru kjörnir, gegna störfum til næsta kjörs.
b. Þegar kjörnir eru meðlimir í ráðið, skal þingið veita eftirtöldum meðlimaríkjum hæfilegan sætafjölda: 1. þeim ríkjum, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í loftflutningum; 2. þeim ríkjum, sem ekki teljast undir fyrsta lið, en

leggja af mörkum mest af hjálpartækjum til alþjóðaflugs; 3. þeim ríkjum, sem ekki eru talin að framan, en tryggja mundu með þátttöku sinni, að öll helztu landsvæði heimsins ættu fulltrúa í ráðinu. Losni sæti í ráðinu, skal þingið kjósa í það svo fljótt sem auðið er, og skal það samningsríki, sem á þann hátt nær kosningu til ráðsins, gegna störfum þar þann kjörtíma, sem eftir er.

c. Enginn fulltrúi samningsríkis í ráðinu skal vera virkur þátttakandi í rekstri milliríkjaflugs eða eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta í slíkum flugrekstri.

51. gr.

Forseti ráðsins.

Ráðið skal kjósa sér forseta til þriggja ára í senn, og má endurkjósa hann. Hann skal eigi hafa atkvæðisrétt. Ráðið skal og kjósa úr sínum hópi einn eða fleiri varaforseta, og skulu þeir halda atkvæðisrétti sínum, þótt þeir gegni forsetastörfum. Forseta þarf eigi að kjósa úr hópi fulltrúa meðlima í ráðinu, en hljóti fulltrúi í ráðinu kosningu, skal sæti hans skoðast autt, og má það ríki, er hann var fulltrúi fyrir, skipa annan í sætið. Skyldur forseta skulu vera:

a. að kveðja saman fundi ráðsins, loftflutninganefndar og loftsiglinganefndar,
b. að koma fram fyrir hönd ráðsins, og
c. að framkvæma fyrir hönd ráðsins þær athafnir, sem ráðið felur honum.

52. gr.

Atkvæðagreiðsla í ráðinu.

Ákvarðanir ráðsins skulu háðar samþykki meiri hluta meðlima. Ráðið má fela ákvarðanir í einstökum efnum á hendur nefnd meðlima sinna. Hvert samningsríki, sem í hlut á, má þó áfrýja ákvörðun nefndar ráðsins til ráðsins sjálfs.

53. gr.

Þátttaka án atkvæðisréttar.

Öll samningsríki mega taka þátt í umræðum og störfum ráðsins, nefnda þess og undirnefnda viðvíkjandi hverju því atriði, sem snertir sérstaklega hagsmuni viðkomandi ríkis. Þó skulu þau ekki hafa atkvæðisrétt. Taki ráðið afstöðu til deilumála, skulu þeir meðlimir, sem aðilar eru að deilunni, eigi greiða atkvæði.

54. gr.

Verksvið ráðsins.

Ráðið skal:

a. leggja árlegar skýrslur fyrir þingið;
b. framkvæma fyrirmæli þingsins og inna af hendi störf þau og skyldur, sem því eru falin með samþykkt þessari;
c. ákveða starfsskipulag sitt og fundarsköp;
d. skipa loftflutninganefnd og ákveða skyldur hennar. Skal hún kjörin úr hópi fulltrúa meðlima í ráðinu og starfa á ábyrgð þess;
e. setja á stofn loftsiglinganefnd í samræmi við ákvæði X. kafla;
f. fara með fjármál stofnunarinnar í samræmi við ákvæði XII. og XV. kafla;
g. ákveða þóknun forseta ráðsins;
h. skipa framkvæmdastjóra, sem nefnast skal aðalritari, og gera ráðstafanir til skipunar þess starfsliðs, sem þurfa kann, í samræmi við ákvæði XI. kafla;
i. biðja um, safna, rannsaka og birta upplýsingar um framfarir í loftsiglingum og rekstri millilandaflugferða, m. a. upplýsingar um rekstrarkostnað og styrki, sem greiddir eru flugfélögum af almannafé;

j. skýra samningsríkjum frá öllum brotum á samþykkt þessari, svo og frá því, ef eitthvert ríki framkvæmir ekki ráðleggingar eða ákvarðanir ráðsins;
k. skýra þinginu frá öllum brotum gegn samþykkt þessari, ef samningsríki hefur látið undir höfuð leggjast að gera réttar ráðstafanir innan hæfilegs tíma frá tilkynningu um brotið;
l. taka upp, í samræmi við ákvæði VI. kafla þessarar samþykktar, alþjóðareglur og framkvæmdaratriði og gera þær til hagræðis að fylgiskjölum samþykktar þessarar, svo og að tilkynna öllum samningsríkjum, hvaða ráðstafanir gerðar hafa verið;
m. athuga tillögur loftsiglinganefndar um breytingar á fylgiskjölum og gera ákvarðanir í samræmi við XX. kafla;
n. athuga hvert það mál varðandi samþykkt þessa, sem samningsríki skýtur því til athugunar.

55. gr.

Heimildir ráðsins.

Ráðinu er heimilt:
a. að setja á stofn undirnefndir loftflutninga á grundvelli landsvæðaskiptingar eða öðrum grundvelli og ákveða, við hvaða hópa ríkja eða flugfélaga þeim sé heimilt að skipta til að auðvelda framkvæmd markmiða samþykktar þessarar, enda sé það álitið rétt og æskilegt með tilliti til reynslu að gera slíkar ráðstafanir;
b. að fela loftsiglinganefnd á hendur aðrar skyldur en þær, sem í samþykktinni getur, og að afnema eða takmarka slíkt umboðsvald nefndarinnar hvenær sem er;
c. að halda uppi rannsóknum á öllum atriðum varðandi loftsiglingar og loftflutninga, sem varða hag allra þjóða, skýra samningsríkjum frá niðurstöðum slíkra rannskna og auðvelda gagnkvæmar upplýsingar samningsríkjanna um loftflutninga og loftsiglingar;
d. að athuga öll atriði varðandi skipulag og rekstur millilandaloftflutninga, þar á meðal, hvort tiltækilegt sé, að mörg ríki eigi saman eða reki í sameiningu flugferðir á aðalleiðum, og leggja fyrir þingið áætlanir þar að lútandi;
e. að rannsaka, að beiðni hvaða samningsríkis sem er, öll atriði, sem standa kunna þróun alþjóðaloftsiglinga fyrir þrifum, og gefa þær skýrslur, að lokinni rannsókn, sem því þykir þurfa.

X. KAFLI

Loftsiglinganefndin.

56. gr.

Útnefning og skipun.

Loftflutninganefnd skal skipuð tólf meðlimum, er ráðið kýs meðal fulltrúa, sem tilnefndir eru af samningsríkjum. Þessir menn skulu fullnægja þeim kröfum, er hæfilegar þykja um reynslu í vísindum og framkvæmd loftsiglinga. Ráðið skal biðja öll samningsríki um að tilnefna menn. Forseti loftsiglinganefndar skal skipaður af ráðinu.

57. gr.

Skyldur nefndarinnar.

Loftsiglinganefnd skal:
a. athuga og gera tillögur til ráðsins um samþykkt á breytingum á fylgiskjölum þessarar samþykktar;
b. setja á stofn tekniskar undirnefndir, sem öll samningsríki mega eiga fulltrúa í, ef þau óska;

c. vera ráðinu til ráðleggingar um söfnun og dreifing til samningsríkja á öllum upplýsingum, sem hún telur nauðsynlegar og þarflegar til eflingar loftsiglingum.

XI. KAFLI
Starfslið.

58. gr.
Ráðning starfsliðs.

Ráðið skal í samræmi við þær reglur, sem þingið kann að setja, svo og þær reglur, sem settar eru í samþykkt þessari, ákveða, hvernig haga skuli ráðningu starfsfólks og uppsögn, þjálfun þess, launakjörum, uppbótum og starfsreglum, og tekur þetta til aðalritara og annars starfsliðs stofnunarinnar. Er ráðinu heimilt að ráða til slíkra starfa borgara hvers samningsríkis sem er.

59. gr.
Alþjóðleiki starfsliðsins.

Eigi skal forseti, aðalritari eða annað starfslið leita leiðbeininga um framkvæmdir á skyldum sínum né taka við slíkum leiðbeiningum frá neinum aðila utan stofnunarinnar. Öll samningsríki skuldbinda sig til að virða skyldur starfsliðsins gagnvart öllum þjóðum og til þess að gera enga tilraun til að hafa áhrif á fólk af sínu þjóðerni hvað snertir framkvæmdir þeirra á skyldustörfum.

60. gr.
Friðhelgi og forréttindi starfsmanna.

Öll samningsríkin skulu, að svo miklu leyti sem hægt er í samræmi við stjórnarskrárvenjur þeirra, veita forseta ráðsins, aðalritara og öðru starfsliði þá friðhelgi og þau forréttindi, sem veitt eru tilsvarandi starfsliði annarra alþjóðastofnana.

Verði gert alþjóðasamkomulag um friðhelgi og forréttindi alþjóðaembættismanna, skulu friðhelgi og forréttindi þau, sem veitt eru forseta ráðsins, aðalritara og öðru starfsliði stofnunarinnar, vera í samræmi við slíkt alþjóðasamkomulag.

XII. KAFLI
Fjármál.

61. gr.
Fjárhagsáætlun og skipting útgjalda.

Ráðið skal leggja fyrir þingið árlega fjárhagsáætlun og árleg reikningsskil og áætlun um allar tekjur og gjöld. Þingið skal samþykkja fjárhagsáætlanir með þeim breytingum, sem því þykir hlýða að gera, og skal það skipta útgjöldum stofnunarinnar meðal meðlimaríkja á þeim grundvelli, sem það kann að ákveða á hverjum tíma, að undanskildum álögum á þau ríki, sem þau takast á hendur í samræmi við XV. kafla.

62. gr.
Svipting atkvæðisréttar.

Þingið getur svipt hvert það samningsríki atkvæðisrétti í þingi og ráði, sem eigi fullnægir innan hæfilegs tíma fjárhagslegum skyldum sínum við stofnunina.

63. gr.

Útgjöld sendinefnda og annarra fulltrúa.

Hvert samningsríki um sig skal bera kostnað af eigin nefnd sinni til þingsins, svo og þóknun, ferðakostnað og annan kostnað allra þeirra, sem það felur að starfa í ráðinu, og enn fremur vegna þeirra, sem það tilnefnir eða sendir sem fulltrúa í allar auka- eða undirnefndir stofnunarinnar.

XIII. KAFLI

Aðrir alþjóðasamningar.

64. gr.

Öryggisráðstafanir.

Með tilliti til flugmála innan starfssviðs stofnunarinnar, sem beint geta haft áhrif á heimsöryggi, getur stofnunin með samþykki þingsins gert samninga við hvaða almenna stofnun, sem á fót kann að verða komið af þjóðum heimsins í því skyni að tryggja friðinn.

65. gr.

Samningar við aðrar alþjóðanefndir.

Ráðinu er heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að leita samkomulags við allar alþjóðanefndir um að halda uppi sameiginlegri starfsemi eða gera sameiginlegar ráðstafanir viðvíkjandi starfsliði, og með samþykki þingsins má það gerast aðili að öllum slíkum samningum, sem auðvelda megi störf stofnunarinnar.

66. gr.

Starfsemi viðvíkjandi öðrum samningum.

a. Stofnunin skal einnig halda uppi þeirri starfsemi, sem henni ber í samræmi við alþjóðasamning um viðkomu flugvéla (International Air Services Transit Agreement) og alþjóðaloftflutningasamning (International Air Transport Agreement), er gerðir voru í Chicago 7. desember 1944 í samræmi við ákvæði þau og skilmála, sem þar eru sett.

b. Þeir meðlimir þingsins og ráðsins, sem ekki hafa samþykkt þá samninga, sem um getur í a-lið, skulu eigi hafa rétt til atkvæðis um nein þau mál, sem vísað er til þingsins eða ráðsins samkvæmt ákvæðum viðkomandi samninga.

III. HLUTI — ALÞJÓÐALOFTFLUTNINGAR

XIV. KAFLI

Upplýsingar og skýrslur.

67. gr.

Skýrslur sendar ráðinu.

Öll samningsríkin skuldbinda sig samkvæmt þeim fyrirmælum, er þau setja, til að láta milliríkjaflugfélög sín senda ráðinu ferðaskýrslur, kostnaðarskýrslur og fjárhagsyfirlit, þar sem m. a. séu sýndar allar tekjur og uppruni þeirra.

XV. KAFLI
Flughafnir og önnur hjálpartæki til loftsiglinga.

68. gr.
Ákvörðun leiða og flughafna.

Öll samningsríki mega, að viðlögðum ákvæðum þessarar samþykktar, ákvarða þær leiðir, sem í milliríkjaflugi verður að fara innan landsvæðis þeirra, svo og þær flughafnir, sem nota má í slíku flugi.

69. gr.
Endurbætur á hjálpartækjum til loftsiglinga.

Álíti ráðið, að flughafnir eða önnur hjálpartæki til loftsiglinga, þ. á m. radíó- og veðurþjónusta samningsríkis, séu ekki nægilega fullkomin fyrir öruggan, reglubundinn, vel starfræktan og ódýran rekstur milliríkjaflugs, sem rekið er eða áætlað að verði upp tekið, skal ráðið eiga viðræður við það ríki, sem beinlínis á í hlut, og önnur ríki, sem hlut kunna að eiga að máli, í því skyni að finna ráð til umbóta í þessu efni, og má ráðið setja fram ráðleggingar þessu viðvíkjandi. Eigi skal samningsríki teljast sekt um brot gegn samþykkt þessari, þó að það fari ekki eftir slíkum ráðleggingum.

70. gr.
Kostnaður af loftsiglingatækjum.

Samningsríki má gera samninga við ráðið um framkvæmd þeirra ráðlegginga, sem um getur í 69. gr. Má ríkið taka á sig allan kostnað, sem af slíku samkomulagi leiðir, en vilji ríkið það ekki, má ráðið að beiðni ríkisins leggja fram allan kostnað eða hluta af honum

71. gr.
Hjálpartæki lögð til og haldið við af ráðinu.

Að beiðni samningsríkis má ráðið ganga að því að leggja til flughafnir, eina eða allar, ásamt starfsliði, viðhaldi og yfirstjórn, svo og önnur hjálpargögn til loftsiglinga, þ. á m. radíó- og veðurþjónustu, ef slíks er þörf, innan landsvæðis viðkomandi ríkis fyrir öruggan, reglubundinn, vel starfræktan og ódýran rekstur milliríkjaflugs af hálfu annarra samningsríkja, enda má það setja upp réttlát og sanngjörn gjöld fyrir afnot þeirra hjálpartækja, sem í té eru látin.

72. gr.
Útvegun og afnot lands.

Þar sem land þarf undir hjálpartæki, sem kostuð eru að nokkru eða öllu leyti af ráðinu að beiðni samningsríkis, skal það ríki annaðhvort leggja landið til sjálft og halda eignarrétti yfir því, ef því býður svo við að horfa, eða stuðla að því, að ráðið fái landið til afnota með réttlátum og sanngjörnum skilmálum og í samræmi við lög þess ríkis, sem í hlut á.

73. gr.
Útgjöld og niðurjöfnun gjalda.

Innan takmarka þeirra, sem þingið setur í samræmi við XII. kafla, getur ráðið notað það fé, sem því er fengið til ráðstöfunar úr almennum sjóði stofnunarinnar, til venjulegra útgjalda í samræmi við tilgang þessa kafla. Skal ráðið jafna niður því stofnfé, sem það þarfnast, í samræmi við þennan kafla, á þau samningsríki, sem það samþykkja og eru heimaríki þeirra flugfélaga, sem nota hjálpartækin, enda fari slík niðurjöfnun fram í ákveðnum hlutföllum og á hæfilegu tímabili. Einnig má ráðið jafna niður á þau ríki, sem það samþykkja, öllum sjóðstillögum, sem þurfa þykir.

74. gr.

Teknisk aðstoð og notkun tekna.

Þegar ráðið leggur fram fé eða leggur til flughafnir eða önnur tæki að nokkru eða öllu leyti að beiðni samningsríkis, má í samningum, með samþykki þess ríkis, gera ráð fyrir tekniskri aðstoð um eftirlit og rekstur flughafna og annarra tækja, svo og fyrir greiðslum af tekjum af rekstri flughafna og annarra tækja, á rekstrarútgjöldum flughafna og annarra tækja og á vöxtum og afskriftum.

75. gr.

Tekið við tækjum af ráðinu.

Samningsríki má hvenær sem er fullnægja þeim skuldbindingum, sem það hefur tekið á sig samkvæmt 70. gr., og taka við flughöfnum og öðrum tækjum, sem ráðið hefur lagt til á landsvæði þess, samkvæmt ákvæðum 71. og 72. gr., með því að greiða ráðinu upphæð, sem að áliti ráðsins er eftir atvikum sanngjörn. Álíti ríkið, að upphæð sú, sem ráðið ákveður, sé ósanngjörn, má það áfrýja ákvörðun ráðsins til þingsins, sem getur staðfest hana eða breytt henni.

76. gr.

Endurgreiðsla fjár.

Fé það, sem ráðið hefur fengið að endurgreiðslu í samræmi við 75. gr., og það fé, sem því áskotnast af greiðslu vaxta og afskrifta samkvæmt 74. gr., skal endurgreiða þeim ríkjum, sem upprunalega lögðu það fram að niðurjöfnun, ef slík niðurjöfnun var gerð í samræmi við 73. gr., og skal endurgreiðsla vera í réttu hlutfalli við þær upphæðir, sem þeim var að ákvörðun ráðsins gert að greiða.

XVI. KAFLI

Sameiginleg flugfélög og samvinna um rekstur.

77. gr.

Sameiginlegur rekstur leyfður.

Ekkert í samþykkt þessari skal hindra það, að tvö samningsríki eða fleiri geri með sér félag um sameiginlegan rekstur eða myndi með sér millirikjaflugfélög, né að þau leggi saman flugrekstur sinn á hvaða leiðum eða svæðum sem vera skal, en hlíta skulu slík sameiginleg rekstrarfélög eða millirikjaflugfélög og slík flugsamlög ákvæðum samþykktar þessarar, þ. á m. ákvæðum um að láta skrá samninga hjá ráðinu. Skal ráðið kveða á um, á hvern hátt beita skuli ákvæðum samþykktar þessarar um heimilisfang flugfara, hvað snertir flugför, sem rekin eru af slíkum millirikjaflugfélögum.

78. gr.

Afskipti ráðsins.

Ráðinu er heimilt að stinga upp á því við samningsríki, sem í hlut eiga, að þau myndi félagsskap í því skyni að reka flug á hvaða leiðum eða svæðum sem vera skal.

79. gr.

Þátttaka í rekstrarfélagsskap.

Ríki má taka þátt í rekstrarfélagsskap eða sameiginlegum ráðstöfunum, hvort heldur er fyrir milligöngu ríkisstjórnar eða flugfélags eða flugfélaga, sem ríkisstjórn þess tilnefnir. Það er á valdi viðkomandi ríkis, hvort slík flugfélög eru ríkiseign að öllu eða nokkru leyti eða einkaeign.

IV. HLUTI — LOKAÁKVÆÐI

XVII. KAFLI
Aðrir loftferðasamningar og samþykktir.

80. gr.

Parísar- og Havanasamþykktirnar.

Öll samningsríkin skuldbinda sig til að segja upp samþykkt þeirri um loftflutninga, sem gerð var í París 13. október 1919, og samþykkt um kaupflug, sem gerð var í Havana 20. febrúar 1928, þegar er samþykkt þessi tekur gildi, séu þau aðilar þeirra samþykkta. Milli samningsríkja kemur þessi samþykkt í stað þeirra tveggja, sem að framan getur.

81. gr.

Skrásetning samninga, sem fyrir eru.

Alla samninga, sem í gildi eru við gildistöku samþykktar þessarar og gerðir eru milli samningsríkis og einhvers annars ríkis eða milli flugfélags samningsríkis og annars ríkis eða flugfélags annars ríkis, skal þegar í stað skrásetja hjá ráðinu.

82. gr.

Afnám ósamrímanlegra samninga.

Samningsríkin fallast á, að með samþykkt þessari skuli úr gildi falla allar skuldbindingar og vilyrði þeirra á milli, sem ósamrímanleg eru ákvæðum hennar. Fallast þau einnig á að láta ekki í té slíkar skuldbindingar eða vilyrði. Samningsríki, sem áður en það gerðist aðili að stofnuninni, hefur tekið á sig skuldbindingar gagnvart ríki, sem ekki er samningsríki, eða gagnvart þegni samningsríkis eða annars ríkis, sem ósamrímanlegar eru ákvæðum samþykktar þessarar, skulu þegar í stað gera ráðstafanir til að tryggja sér lausn frá þeim. Hafi flugfélag samningsríkis tekið á sig slíkar skuldbindingar, ber heimaríki þess að beita öllum áhrifum sínum til að tryggja, að þeim skuldbindingum ljúki þegar í stað, og skal að minnsta kosti sjá svo til, að þeim ljúki svo fljótt sem slíkar ráðstafanir má löglega gera, eftir gildistöku samþykktar þessarar.

83. gr.

Skrásetning nýrra samninga.

Að viðlögðum ákvæðum næstu greinar á undan, mega öll samningsríki gera samninga, sem samrímanlegir eru samþykkt þessari. Skal þegar í stað skrá slíka samninga hjá ráðinu, sem birtir þá svo fljótt sem auðið er.

XVIII. KAFLI
Ágreiningur og brot.

84. gr.

Lausn ágreiningsmála.

Verði ágreiningur milli tveggja ríkja eða fleiri út af túlkun eða framkvæmd samþykktar þessarar og fylgiskjala hennar ekki jafnaður með samningsumleitunum, skal ráðið, að beiðni hvaða ríkis sem er og aðili er að ágreiningnum, kveða upp úrskurð. Enginn meðlimur ráðsins skal greiða atkvæði í ályktun þess út af deilumáli, sem hann er aðili að. Öll samningsríki mega, að viðlögðum ákvæðum 85. greinar, áfrýja úrskurði ráðsins til gerðardóms *ad hoc*, sem ákveðinn verður í samráði við aðra aðila að þrætunni, eða til milliríkjadómstólsins. Skal tilkynna ráðinu slíka áfrýjun innan 60 daga, frá því að tilkynning var fengin um úrskurð ráðsins.

85. gr.

Framkvæmd gerðar.

Nú hefur eitthvert samningsríki, sem aðili er að prætu, sem ráðið hefur fellt úrskurð um og verið áfrýjað, ekki samþykkt ákvæði milliríkjadómstólsins, en þau samningsríki, sem hlut eiga að máli, geta ekki komið sér saman um val gerðardóms, og skal þá hvert samningsríki um sig tilnefna gerðardómara, en þeir tilnefna oddamann. Vanræki annað hvort samningsríkið að tilnefna gerðardómara innan þriggja mánaða frá því er úrskurði var áfrýjað, skal forseti ráðsins tilnefna gerðardómara af hálfu þess ríkis og velja hann úr hópi þeirra manna, sem hæfir eru og tilleiðanlegir, en ráðið skal halda skrá um slíka menn. Geti gerðardómarar ekki komið sér saman um oddamann innan 30 daga, skal forseti ráðsins skipa oddamann úr hópi þeirra manna, er að framan getur. Skulu þá gerðardómarar og oddamaður í sameiningu teljast gerðardómstóll. Allir gerðardómstólar, sem settir eru samkvæmt þessari grein og hinni næstu á undan, skulu setja sér réttarfarsákvæði og fella dóm, og ræður afl atkvæða. Þó má ráðið skera úr ágreiningi um réttarfarsákvæði, ef um drátt er að ræða, sem ráðið telur of mikinn.

86. gr.

Áfrýjun.

Allir úrskurðir ráðsins varðandi það, hvort millilandaflugfélag sé rekið í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar, halda gildi sínu, nema ráðið breyti þeim eða þeim sé hrundið við áfrýjun. Í öllum öðrum greinum skal framkvæmd úrskurðar ráðsins frestað, ef áfrýjað er, þar til yfirúrskurður er fallinn. Skulu úrskurðir alþjóðadómstólsins og gerðadóms vera endanlegir og bindandi.

87. gr.

Viðurlög við brotum flugfélags.

Öll samningsríkin skuldbinda sig til að banna því flugfélagi samningsríkis rekstur flugferða um loftrými sín, sem ráðið hefur úrskurðað, að hlíti ekki lokaúrskurði, sem felldur er í samræmi við ákvæði næstu greinar á undan.

88. gr.

Viðurlög við brotum ríkis.

Þingið skal svipta það samningsríki atkvæðisrétti innan þings og ráðs, sem brýtur ákvæði þessa kafla.

XIX. KAFLI

Styrjaldir.

89. gr.

Styrjaldir og hættuástand.

Verði styrjöld, skulu ákvæði samþykktar þessarar ekki hindra athafnafrelsi nokkurs samningsríkis, sem í hlut á, hvort sem um styrjaldarríki eða hlutlaus er að ræða. Sama skal og gilda um samningsríki, sem lýsir yfir innanlands hættuástandi og tilkynnir það ráðinu.

XX. KAFLI

Fylgiskjöl.

90. gr.

Samþykktir og breytingar á fylgiskjölum.

a. Til að samþykkja í ráðinu fylgiskjöl þau, sem tilfærð eru í 54. gr., staflið l., þarf tvo þriðju hluta atkvæða í ráðinu á fundi, sem til þess er kvaddur saman,

og skal ráðið að því búnu leggja þau fyrir öll samningsríkin. Öll slík fylgiskjöl svo og breytingar á þeim skulu taka gildi innan þriggja mánaða, frá því er þau voru lögð fyrir samningsríkin, eða í lok þess tímabils, lengra en að framan getur, er ráðið kann að ákveða, nema meiri hluti samningsríkja hafi áður tjáð ráðinu, að þau fallist eigi á samþykkt þeirra.

b. Ráðið skal þegar tilkynna öllum samningsríkjum, hvenær fylgiskjal eða breyting á því kemur til framkvæmda.

XXI. KAFLI

Staðfestingar, samþykki, breytingar og uppsögn.

91. gr.

Staðfesting samþykktarinnar.

a. Þessi samþykkt skal háð staðfestingu þeirra ríkja, sem undir hana skrifa. Skal geyma staðfestingarskjölin í þjóðskjalasafni Bandaríkja Ameríku, sem tilkynna skulu hverju ríki, sem undirskrifar og aðhyllist samþykktina, hvenær slík skjöl voru afhent til geymslu.

b. Þegar er samþykkt þessi hefur verið staðfest af 26 ríkjum eða þau hafa aðhyllzt hana, skal hún taka gildi þeirra í milli á 30. degi eftir að 26. staðfestingarskjalið var afhent til geymslu. Skal hún taka gildi hvað snertir hvert það ríki, sem síðar staðfestir hana á 30. degi frá því er staðfestingarskjal þess var afhent til geymslu.

c. Stjórn Bandaríkja Ameríku skal bera skylda til að tilkynna stjórn hvers ríkis, sem undirskrifað hefur eða aðhyllzt samþykkt þessa, hvenær hún tekur gildi.

92. gr.

Aðhyllzt samþykktina.

a. Eftir að lokið er tímabili til undirskrifta, skal meðlimum hinna sameinuðu þjóða, ríkjum, sem starfa með þeim, og ríkjum, sem hlutlaus voru í núverandi heimsstyrjöld, heimilt að aðhyllast hana.

b. Aðhyllzt skal samþykktina með erindi, stíluðu til stjórnar Bandaríkja Ameríku, og skal það öðlast gildi á 30. degi frá því er stjórn Bandaríkjanna tók við erindinu, en hún skal tilkynna það öllum samningsríkjum.

93. gr.

Þátttaka annarra ríkja.

Ríki, önnur en þau, sem um getur í 91. og 92. gr. a., mega, að fengnu samþykki hverrar þeirrar alþjóðastofnunar, sem á stofn kann að verða sett meðal þjóða heims til að varðveita frið, taka þátt í samþykkt þessari, enda komi samþykki ⅘ hluta atkvæða í þinginu til, og með þeim skilyrðum, sem þingið kann að setja. Þó þarf í hverju slíku tilviki samþykki allra ríkja, sem það ríki, er um þátttöku sækir, kann að hafa ráðizt inn í eða ráðizt á í núverandi ófriði.

94. gr.

Breytingar á samþykktinni.

a. Allar breytingartillögur á samþykkt þessari þurfa að hljóta ⅔ atkvæða í þinginu til að öðlast gildi og taka gildi hvað snertir ríki þau, sem aðhyllzt hafa slíkar breytingar, þegar svo mörg ríki hafa staðfest þær, sem þingið ákveður. Skal sú tala ríkja eigi nema minna en ⅔ samningsríkja.

b. Ef þingið álítur, að breyting sé þess eðlis, að hún réttlæti það, má þingið í ályktun sinni um meðmæli með breytingu áskilja, að hvert það ríki, sem hefur ekki staðfest breytinguna innan tiltekins tíma eftir að hún kom til framkvæmda, skuli hætta að vera meðlimur stofnunarinnar og aðili að samþykktinni.

95. gr.

Uppsögn samþykktarinnar.

a. Hvert samningsríki um sig má segja upp samþykkt þessari þrem árum eftir að hún öðlaðist gildi, með erindi stíluðu til stjórnar Bandaríkja Ameríku, og skal hún tjá öllum samningsríkjum uppsögnina.
b. Uppsögn skal taka gildi einu ári eftir að tekið var við henni og eigi snerta annað ríki en það, sem hana stílaði.

XXII. KAFLI
Orðaskýringar.

96. gr.

Hvað samþykkt þessa snertir, þýða eftirtalin orð og orðtök það, sem hér segir:
a. „Flugrekstur" merkir alla skipulagsbundna flugþjónustu með flugförum til opinbers flutnings á farþegum, pósti eða flutningi.
b. „Millilandaflugrekstur" merkir flugþjónustu um loftrýmið yfir landsvæði meir en eins ríkis.
c. „Flugfélag" merkir loftflutningafyrirtæki, sem hefur á boðstólum eða rekur millilandaflug.
d. „Viðkoma án viðskipta" (non-traffic stop) merkir lendingu til annars en að taka eða skilja eftir farþega, flutning eða póst.

Undirskrift samþykktarinnar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir stjórnarerindrekar, sem hafa til þess fullt umboð, undirritað samþykkt þessa af hálfu ríkisstjórna sinna á þeim dögum, er aftan við undirskrift þeirra getur.

Gert í Chicago 7. dag desembermánaðar 1944 á enskri tungu. Gera skal texta á ensku, frönsku og spönsku, og skal hver þeirra jafngildur. Skulu þeir liggja frammi til undirskriftar í Washington, D. C. Skulu báðir textarnir geymdir í þjóðskjalasafni Bandaríkja Ameríku, en staðfest eftirrit send frá stjórn Bandaríkjanna til stjórna allra ríkja, sem undirskrifa kunna eða aðhyllast samþykkt þessa.

(Undirskriftir fulltrúa 39 ríkja.)

Fylgiskjal II.

Alþjóðasamningur um viðkomuréttindi flugfara.

(International Air Services Transit Agreement. — Íslenzk þýðing.)

Ríki þau, sem undirrita og samþykkja þennan alþjóðasamning um viðkomuréttindi flugfara og eru meðlimir Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, lýsa hér með yfir því, sem hér fer á eftir:

I. GREIN

1. liður.

Öll samningsríkin veita hvert öðru eftirtalin flugréttindi í áætlunarbundnum milliríkjaflugrekstri:
1. Réttindi til að fljúga yfir landsvæði þeirra án lendingar.
2. Réttindi til viðkomu án viðskipta.

Réttindi þau, sem veitt eru í þessum lið, skulu eigi taka til flughafna, sem notaðar eru til hernaðarþarfa og þar sem útilokuð eru afnot áætlunarbundins millilandaflugrekstrar. Á landsvæðum, þar sem um virkt hernaðarástand er að ræða eða hernám, svo og á ófriðartímum meðfram flutningaleiðum þeim, er að slíkum landsvæðum liggja, skulu réttindi þau, er að ofan getur, háð samþykki réttra hernaðaryfirvalda.

2. liður.

Framkvæmd ofangreindra réttinda skal vera í samræmi við ákvæði bráðabirgðasamkomulags um alþjóðaflugmál og við samþykkt um alþjóðaflugmál, þegar hún gengur í gildi, en hvort tveggja var samið í Chicago 7. desember 1944.

3. liður.

Samningsríki, sem veitir flugfélagi annars samningsríkis réttindi til flugviðkomu án viðskipta, getur áskilið sér, að viðkomandi flugfélag láti í té hæfilegan kaupflugrekstur á þeim stöðum, þar sem slík viðkoma á sér stað.

Slíkir skilmálar skulu þó eigi settir fram með neinni hlutdrægni í garð þeirra flugfélaga, sem reka flug á sömu leið. Skal í þeim ekki tekið fram um afköst flugfara og þeim stillt á þá leið, að eigi komi í bága við eðlilegan rekstur milliríkjaflugs þess, er í hlut á, né réttindi eða skyldur samningsríkis.

4. liður.

Öll samningsríkin mega, að viðlögðum ákvæðum samnings þessa:

1. ákvarða þá leið, sem fara skal innan landsvæða þeirra í öllum milliríkjaflugferðum, svo og flughafnir þær, sem í slíkum flugferðum má nota;
2. leggja á eða leyfa, að lögð verði á slíkar flugferðir réttlát og sanngjörn gjöld fyrir afnot flughafna og annarra hjálpartækja, enda séu slík gjöld eigi hærri en þau, sem eigin flugfélög þess ríkis hljóta að gjalda fyrir sömu þægindi í svipuðu millilandaflugi. Það er tilskilið, að með kæru viðkomandi samningsríkis megi áfrýja gjöldum fyrir flughafnir og önnur hjálpartæki til ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem stofnsett er í samræmi við ofangreinda samþykkt, og skal það gefa skýrslu og ráðleggingar um það efni til þess ríkis eða ríkja, sem hlut eiga að máli.

5. liður.

Öll samningsríkin áskilja sér rétt til að neita um eða afnema leyfisbréf til loftflutninga til handa loftflutningafyrirtæki annars ríkis, þar sem því þykir eigi nógu glöggt, að meirihlutaeignarréttur og virk framkvæmdastjórn sé í höndum þegna samningsríkis, eða þegar slíkt loftflutningafyrirtæki lætur undir höfuð leggjast að fylgja lögum þess ríkis, er það rekur flutninga um, eða fullnægja skyldum sínum í samræmi við samning þennan.

II. GREIN

1. liður.

Samningsríki, sem álítur, að athafnir annars samningsríkis í samræmi við samning þennan baki því óréttlæti eða erfiðleika, má fara þess á leit við ráðið, að það athugi málið. Skal ráðið þá rannsaka málið og kveðja viðkomandi ríki til samræðna við sig. Leiði slíkar samræður eigi til úrlausnar á vandamálinu, skal ráðið gefa skýrslu og ráðleggingar til viðkomandi samningsríkja. Geri samningsríki það, sem í hlut á, ekki hæfilegar ráðstafanir til úrbóta að svo búnu, getur ráðið lagt til við þing ofangreindrar stofnunar, að það samningsríki verði svipt réttindum sínum og forréttindum samkvæmt þessum samningi, þar til slíkar ráðstafanir hafa verið gerðar. Má þingið með ⅔ hlutum atkvæða svipta slíkt samningsríki réttindum í þann tíma, sem það telur hæfilegan, eða unz ráðið hefur sannfært sig um, að ráðstafanir til úrbóta hafi verið gerðar af nefndu ríki.

2. liður.

Verði ágreiningur milli tveggja eða fleiri samningsríkja viðvíkjandi túlkun eða framkvæmd samnings þessa ekki jafnaður með samningum, skal beita ákvæðum XVIII. kafla ofangreindrar samþykktar, á þann hátt, er þar greinir um ágreining, er rísa kann út af túlkun eða framkvæmd samþykktarinnar.

III. GREIN

Þessi samningur skal gilda jafnlengi og ofangreind samþykkt. Þó má samningsríki, sem aðili er að þessum samningi, segja honum upp með eins árs fyrirvara með uppsögn, er stíla skal til stjórnar Bandaríkja Ameríku, og skal hún þegar tilkynna þá uppsögn öllum öðrum samningsríkjum.

IV. GREIN

Meðan ofangreind samþykkt gengur ekki í gildi, skal alls staðar þar, sem til hennar er vísað, annars staðar en í II. grein, 2. lið og V. grein, skoða svo sem vísað sé til bráðabirgðasamkomulags um alþjóðaflugmál, sem gert var í Chicago 7. desember 1944. Svo skulu og tilvísanir til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, þings hennar og ráðs skoðast sem tilvísanir til Bráðabirgða-alþjóðaflugmálastofnunarinnar, bráðabirgðaþingsins og bráðabirgðaráðsins, meðan eins stendur á um það.

V. GREIN

Í samningi þessum skal orðið „landsvæði“ skýrt svo sem gert er í 2. grein ofangreindrar samþykktar.

VI. GREIN

Undirskriftir og samþykkt samningsins.

Undirritaðir fulltrúar á alþjóðaflugmálaráðstefnunni, sem saman kom í Chicago 1. nóvember 1944, hafa undirritað samning þennan að því tilskildu, að stjórn Bandaríkja Ameríku verði sem allra fyrst send tilkynning frá öllum ríkisstjórnum, sem látið hafa undirskrifa samninginn af sinni hálfu, þess efnis, hvort undirskrift af þeirra hálfu skuli skoðast sem samþykkt viðkomandi ríkisstjórnar á samningnum og skuldbinding til að halda hann.

Öll ríki, sem meðlimir eru í Alþjóðaflugmálastofnuninni, mega samþykkja þennan samning og taka á sig þær skuldbindingar, sem honum eru samfara, með því að tilkynna samþykki sitt stjórn Bandaríkjanna, og skal slíkt samþykki ganga í gildi á þeim degi, er sú stjórn tekur við slíkri tilkynningu.

Samningur þessi öðlast gildi meðal samningsríkja jafnóðum og þau samþykkja hann hvert um sig. Að því loknu skal hann öðlast gildi gagnvart hverju öðru ríki, sem tilkynnir stjórn Bandaríkjanna samþykki sitt þar að lútandi, á þeim degi, er sú stjórn tekur við slíkri tilkynningu. Skal stjórn Bandaríkjanna tilkynna öllum undirskriftar- og samningsríkjum um dagsetningu allra samþykkta á samningnum og um dag þann, er hann gengur í gildi gagnvart hverju ríki, sem aðhyllist hann.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þennan samning, hver af hálfu sinnar ríkisstjórnar, á þeim degi, er greindur er við undirskrift hvers um sig.

Gert í Chicago sjöunda dag desembermánaðar 1944 á enskri tungu. Gera skal texta á ensku, frönsku og spönsku, og skal hver þeirra jafngildur. Skulu þeir liggja frammi til undirskriftar í Washington, D. C. Skulu báðir textarnir geymdir í þjóðskjalasafni Bandaríkja Ameríku, en staðfest eftirrit send frá stjórn Bandaríkjanna til stjórna allra þeirra ríkja, sem undirskrifa kunna eða aðhyllast samning þennan.

(Undirskriftir fulltrúa 33 ríkja.)

Sþ. **14. Frumvarp til fjárlaga**

fyrir árið 1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1947 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	35 000 000	
2.	Stríðsgróðaskattur 6000000		
	Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 3000000	3 000 000	38 000 000
3.	Vörumagnstollur	12 000 000	
4.	Verðtollur	42 000 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	2 000 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	1 500 000	57 500 000
7.	Fasteignaskattur	600 000	
8.	Lestagjald af skipum	100 000	
9.	Bifreiðaskattur	1 500 000	2 200 000
10.	Aukatekjur	1 600 000	
11.	Stimpilgjald	4 000 000	
12.	Vitagjald	600 000	
13.	Leyfisbréfagjöld	100 000	
14.	Erfðafjárskattur	200 000	
15.	Veitingaskattur	1 000 000	7 500 000
	Samtals ...	. . .	105 200 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður áfengisverzlunar	24085000	
2.	— tóbakseinkasölu	8560000	
3.	— ríkisútvarps	1551072	
4.	— ríkisprentsmiðju	287000	
5.	— landssmiðju	3500	
			34 486 572
	÷ Tap af rekstri póstsjóðs	800000	
	÷ Tap af rekstri Landssímans	3300000	
			4 100 000
			30 386 572
	Samtals ...	. . .	30 386 572
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur		5 600 000
II.	Gjöld:		
	1. Póststjórnarkostnaður		300 000
	2. Póststofan í Reykjavík		2 030 000
	3. Önnur pósthús		1 300 000
	4. Póstflutningar		1 600 000
	5. Önnur gjöld		366 000
	6. Fyrning		4 000
	7. Rekstrarkostnaður bifreiða		800 000
			6 400 000
	Mismunur (halli) ...	. . .	800 000
	2. Landssiminn.		
I.	Tekjur		13 700 000
II.	Gjöld:		
	a. Til notendasíma í sveitum		800 000
	b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans	740000	
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík	2300000	
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	200000	
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	800000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	2800000	
	6. Áhaldahúsið	250000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	650000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	285000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði	285000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	170000	
	11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	250000	
	12. Símastöðin á Siglufirði	355000	
	13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva	2565000	
			11650 000

3. gr.

	kr.	kr.
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	300 000	
d. Viðbót og viðhald stöðva	900 000	
e. Viðhald landssímanna	2 400 000	
f. Framhaldsgjald	170 000	
g. Ýmis gjöld	100 000	
h. Fyrning á húsum og áhöldum	200 000	
i. Vextir af lánum	480 000	
		17 000 000
Mismunur (halli)	. . .	3 300 000
Eignabreytingar landssímans.		
Út.		
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa		600 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		1 500 000
III. Til talstöðva í báta og skip		350 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip		250 000
V. Til nýrra landssímalína		400 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og II.	. . .	3 100 000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		27 000.000
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun 338535		
b. Verðlagsuppbót 643215		
	981 750	
2. Kostnaður við áfengisútsölur	406 000	
3. Annar rekstrarkostnaður	527 250	
4. Útsvar	1 000 000	
		2 915 000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	24 085 000
4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		10 000 000
II. Gjöld:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun 199725		
2. Verðlagsuppbót 379191		
	578 916	
b. Annar rekstrarkostnaður	561 084	
c. Útsvar	300 000	
		1 440 000
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	8 560 000

3. gr.

		kr.	kr.
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		2 800 000	
b. Aðrar tekjur		400 000	
			3 200 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	339180		
2. Verðlagsuppbót	644442		
		983 622	
b. Útvarpsefni		550 000	
c. Skrifstofukostnaður		283 000	
d. Húsaleiga, ljós og hiti		90 000	
e. Til útvarpsstöðva		290 000	
f. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.		35 000	
g. Óviss útgjöld		25 000	
h. Vextir		10 000	
i. Fyrning á húsum og vélum		55 000	
			2 321 622
		. . .	878 378
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		900 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	69000		
b. Verðlagsuppbót	131100		
	200100		
2. Annar kostnaður	132006		
		332 106	
			567 894
IV. Rekstur viðgerðarstofu:			
a. Tekjur		450 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	63000		
b. Verðlagsuppbót	119700		
	182700		
2. Efni	110000		
3. Annar kostnaður	56000		
		348 700	
			101 300

3. gr.

		kr.	kr.
V. Rekstur viðtækjasmiðju:			
a. Tekjur		155 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	25000		
b. Verðlagsuppbót	47500		
	72500		
2. Efni	50000		
3. Annar kostnaður	29000		
		151 500	
			3 500
Fært á 3. gr. A. 3		. . .	1 551 072
Eignabreytingar:			
1. Afborgun af láni til stækkunar			89 100
2. Til byggingar útvarpshúss í Reykjavík			1 120 000
Fært á 20. gr. Út II.		. . .	1 209 100
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.			
I. Tekjur (prentvinna)			1 900 000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna:			
1. Grunnlaun	46900		
2. Verðlagsuppbót	89110		
	136010		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:			
1. Grunnlaun	346000		
2. Verðlagsuppbót	657400		
	1003400		
		1 139 410	
2. Efnivörur		300 000	
3. Vélarekstur og viðhald		45 090	
4. Annar kostnaður		100 000	
5. Fyrning		28 500	
			1 613 000
Fært á 3. gr. A. 4		. . .	287 000
7. Áburðarsala ríkisins.			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	25992		
2. Verðlagsuppbót	48385		
	74377		
b. Annar kostnaður	125623		
		200 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		200 000	

3. gr.

		kr.	kr.
8. Grænmetisverzlun ríkisins.			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	38988		
2. Verðlagsuppbót	74077		
	113065		
b. Annar kostnaður	106935		
		220 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		220 000	
9. Landssmiðjan.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum)			1 010 000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna:			
a. Grunnlaun	94245		
b. Verðlagsuppbót	155755		
		250 000	
2. Vextir		160 000	
3. Fyrning		300 000	
4. Annar kostnaður		296 500	
			1 006 500
Fært á 3. gr. A. 5		. . .	3 500
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar			10 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnistæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbankans, sem standa eiga undir og eru að veði fyrir lánum til veðdeildarbréfakaupa		58 760
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj.		180 000
3. Vextir af dönskum ríkisskuldabréfum		35 777
4. Arður af hlutafjáreign		263 570
6. Aðrir vextir		50 000
Samtals ...	. . .	588 107

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 100 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1947 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		882 788
2. Lán í dönskum krónum		236 405
3. Lausaskuldir		50 000
Samtals ...	. . .	1 169 193

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		362 603

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		1 500 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		13 406
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2 170
Samtals ...	. . .	1 515 576

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

			kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:				
1. Til ráðherra:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	90000			
2. Verðlagsuppbót	171000			
		261000		
b. Til risnu samkvæmt reikningi		25000		
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra	3000			
2. Húsaleiguuppbót	1110			
		4110		
			290 110	
2. Til ráðuneytanna:				
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	100800			
2. Verðlagsuppbót	191520			
		292320		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	83600			
2. Verðlagsuppbót	158840			
		242440		
c. Fjármálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	175213			
2. Verðlagsuppbót	332905			
		508118		
d. Utanríkisráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	97765			
2. Verðlagsuppbót	178155			
		275920		
e. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	18000			
2. Verðlagsuppbót	34200			
		52200		
f. Aðrir starfsmenn ráðuneytanna, laun:				
1. Grunnlaun	31200			
2. Verðlagsuppbót	59280			
		90480		
g. Annar kostnaður ráðuneytanna		300000		
			1 761 478	
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	105020			
2. Verðlagsuppbót	199538			
		304558		
b. Annar kostnaður		30000		
			334 558	
4. Ýmis kostnaður:				
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga		20000		

10. gr.

			kr.	kr.
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:				
1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	1200			
2. Til pappírs og prentunar	80000			
3. Til kostnaðar af sendingu með póstum	4500			
		85700		
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað		35000		
d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046		
			142 746	
				2 528 892
II. Hagstofan:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun		79717		
2. Verðlagsuppbót		151460		
			231 177	
b. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna			60 000	
c. Prentun eyðublaða			4 500	
d. Húsaleiga, hiti og ljós			12 000	
e. Annar kostnaður			4 000	
				311 677
III. Utanríkismál:				
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:				
a. Laun sendiherra skv. launalögum	12000			
b. Laun annarra starfsmanna skv. launalögum	15000			
		27000		
c. Risna og staðaruppbót á laun		62400		
d. Annar kostnaður		19000		
			108 400	
2. Sendiráðið í Stokkhólmi:				
a. Laun sendifulltrúa	10200			
b. Laun annarra starfsmanna	12400			
c. Laun starfsfólks utan launalaga	30324			
		52924		
d. Risna og staðaruppbót á laun		60420		
e. Annar kostnaður		34941		
			148 285	
3. Sendiráðið í London:				
a. Laun sendiherra	12000			
b. Laun annarra starfsmanna	29000			
c. Laun starfsfólks utan launalaga	8000			
		49000		
d. Risna og staðaruppbót á laun		137300		
e. Annar kostnaður		47500		
			233 800	

10. gr.

			kr.	kr.
4.	Sendiráðið í Washington:			
	a. Laun sendiherra skv. launalögum	12000		
	b. Laun annarra starfsmanna	9600		
	c. Laun starfsfólks utan launalaga	30500		
			52100	
	d. Staðaruppbót á laun		95400	
	e. Annar kostnaður		31200	
				178 700
5.	Sendiráðið í Moskva:			
	a. Laun sendifulltrúa skv. launalögum	7200		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	25500		
			32700	
	c. Staðaruppbót á laun		43100	
	d. Annar kostnaður		27500	
				103 300
6.	Sendiráðið í París:			
	a. Laun sendiherra samkvæmt launalögum	12000		
	b. Laun annarra starfsmanna samkvæmt launalögum	7800		
			19800	
	c. Staðaruppbót á laun		129400	
	d. Annar kostnaður		49530	
				198 730
7.	Aðalræðismannsskrifstofan í New-York:			
	a. Laun aðalræðismanns samkv. launalögum	10200		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	13500		
			23700	
	c. Staðaruppbót		44300	
	d. Annar kostnaður		22700	
				90 700
8.	Ferðakostnaður			50 000
9.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki			100 000
10.	Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum			75 000
				1 286 915
	Samtals			4 127 484

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A. Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun hæstaréttardómara og hæstaréttarritara:		
1. Grunnlaun 93600		
2. Verðlagsuppbót 177840	271 440	
b. Annar kostnaður	60 000	331 440
2. Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun 66491		
2. Verðlagsuppbót 126333	192 824	
b. Húsaleiga, ljós og hiti	18 000	
c. Annar kostnaður	12 000	222 824
3. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun 76366		
2. Verðlagsuppbót 145096	221 462	
b. Húsaleiga, ljós og hiti	10 800	
c. Annar kostnaður	18 000	250 262
4. Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun 92841		
2. Verðlagsuppbót 176399	269 240	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	42 784	
c. Annar kostnaður	80 000	392 024
5. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun 83215		
2. Verðlagsuppbót 158108	241 323	
b. Ljós, hiti, ræsting, dyravarzla og húskostnaður ..	70 000	
c. Annar kostnaður	30 000	341 323
6. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun 229000		
2. Verðlagsuppbót 435100	664 100	
b. Skrifstofukostnaður:		
1. Grunnlaun 306800		
2. Verðlagsuppbót 582920		
3. Annar kostnaður 232000	1 121 720	
		1 785 820

11. gr.

			kr.	kr.
7.	Laun hreppstjóra:			
	a. Grunnlaun		70 000	
	b. Verðlagsuppbót		133 000	
				203 000
8.	Lögreglukostnaður:			
	a. Ríkislögregla:			
	1. Laun lögregluþjóna:			
	a. Grunnlaun	197900		
	b. Verðlaugsuppbót	376010		
		573910		
	2. Annar kostnaður	293420		
			867 330	
	b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík		400 000	
				1 267 330
9.	Kostnaður við landhelgisgæzlu			3 000 000
10.	Til hegningarhúsa og vinnuhæla:			
	a. Hegningarhúsið í Reykjavík:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	20625		
	b. Verðlagsuppbót	39187		
		59812		
	2. Annar kostnaður	57300		
		117112		
	(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)			
	÷ Framlag Reykjavíkurbæjar	58556		
			58 556	
	b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	55200		
	b. Verðlagsuppbót	104880		
		160080		
	2. Annar kostnaður	176000		
		336080		
	(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)			
	÷ Tekjur	140000		
			196 080	
	c. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	7800		
	b. Verðlagsuppbót	14820		
		22620		
	2. Annar kostnaður	7000		
		29620		
	÷ Framlag Reykjavíkurbæjar	14810		
			14 810	
	d. Önnur fangahús		20 000	
				289 446
11.	Kostnaður við sakamál og lögreglumál			200 000
12.	Laun sjódómsmanna			6 000
13.	Kostnaður við störf setu- og varadómara			15 000

11. gr.

		kr.	kr.
14.	**Kostnaður við félagsdóm:**		
	a. Laun félagsdómsmanna:		
	1. Grunnlaun 17100		
	2. Verðlagsuppbót 32490		
		49 590	
	b. Annar kostnaður	3 000	
			52 590
15.	a. Laun sáttamanna í vinnudeilum:		
	1. Grunnlaun 5750		
	2. Verðlagsuppbót 10925		
		16 675	
	b. Annar kostnaður	5 000	
			21 675
	Samtals A. ...	. . .	8 378 734
	B. Opinbert eftirlit.		
1.	**Skipaskoðun ríkisins:**		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 33600		
	2. Verðlagsuppbót 63840		
		97 440	
	b. Ferðakostnaður	15 000	
	c. Annar kostnaður	16 000	
			128 440
2.	**Eftirlit með verksmiðjum og vélum:**		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 22750		
	2. Verðlagsuppbót 43225		
		65 975	
	b. Ferðakostnaður	9 000	
	c. Annar kostnaður	17 400	
		92 375	
	÷ Tekjur	92 375	
3.	**Bifreiðaeftirlit ríkisins:**		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 101400		
	2. Verðlagsuppbót 192660		
		294 060	
	b. Annar kostnaður	100 000	
		394 060	
	÷ Tekjur	394 060	
4.	**Lögildingarstofan:**		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 31800		
	2. Verðlagsuppbót 60420		
		92 220	
	b. Annar kostnaður	30 000	
		122 220	
	÷ Tekjur	122 220	

11. gr.

		kr.	kr.
5. Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	38400		
2. Verðlagsuppbót	72960		
		111 360	
b. Annar kostnaður		146 000	
		257 360	
÷ Tekjur		257 360	
6. Matvælaeftirlitið:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	7200		
2. Verðlagsuppbót	13680		
		20 880	
b. Annar kostnaður		25 000	
		45 880	
÷ Tekjur		45 880	
7. Kostnaður við mat á afurðum:			
a. Mat á saltfiski og ísvörðum fiski:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	50700		
b. Verðlagsuppbót	96330		
	147030		
2. Skrifstofukostnaður	14300		
3. Annar kostnaður	3000		
		164 330	
b. Mat á freðfiski:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	30000		
b. Verðlagsuppbót	57000		
	87000		
2. Skrifstofukostnaður	26400		
3. Annar kostnaður	10000		
		123 400	
c. Síldarmat:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	31600		
b. Verðlagsuppbót	60040		
	91640		
1. Annar kostnaður	26000		
		117 640	
d. Laun kjötmatsmanna:			
1. Grunnlaun	3900		
2. Verðlagsuppbót	7410		
		11 310	
e. Laun ullarmatsamanna:			
1. Grunnlaun	6875		
2. Verðlagsuppbót	13062		
		19 937	

11. gr.

			kr.	kr.
f.	Laun lýsismatsmanns:			
	1. Grunnlaun	3000		
	2. Verðlagsuppbót	5700		
			8 700	
g.	Ferðakostnaður matsmanna		80 000	
				525 317
8.	Kostnaður við vörumerkjaskráningu:			
a.	Grunnlaun		2 000	
b.	Verðlagsuppbót		3 800	
				5 800
9.	Eftirlit með opinberum sjóðum:			
a.	Grunnlaun		2 860	
b.	Verðlagsuppbót		5 434	
				8 294
10.	Kostnaður við eftirlit á vegum:			
a.	Laun:			
	1. Grunnlaun	7800		
	2. Verðlagsuppbót	14820		
			22 620	
b.	Annar kostnaður		23 550	
				46 170
11.	Eftirlit með sparisjóðum:			
a.	Laun:			
	1. Grunnlaun	6600		
	2. Verðlagsuppbót	12540		
			19 140	
b.	Ferðakostnaður		5 000	
				24 140
12.	Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum:			
a.	Viðskiptaráð:			
	Gjöld	1200470		
	÷ Tekjur	1200470		
b.	Kauplagsnefnd:			
	1. Grunnlaun	4680		
	2. Verðlagsuppbót	8992		
			13 672	
c.	Búnaðarráð		230 000	
				243 672
d.	Nýbyggingarráð:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun 125700			
	b. Verðlagsuppbót 238830			
		364530		
	2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .	24960		
	3. Annar kostnaður	108780		
		498270		
	÷ Tekjur	498270		
13.	Kostnaður við húsaleigunefndir			150 000
14.	Kostnaður við embættiseftirlitsferðir			10 000
	Samtals B. ...		. . .	1 141 833

		kr.	kr.
C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta.			
I. Tollar:			
a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:			
1. Laun tollstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	399522		
b. Verðlagsuppbót	759091		
		1158613	
2. Húsaleiga, ljós og hiti		45000	
3. Annar kostnaður		150000	
			1 353 613
b. Tollgæzla:			
1. Í Reykjavík:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun	248716		
2. Verðlagsuppbót	472560		
		721276	
b. Húsaleiga, ljós og hiti		75000	
c. Annar kostnaður		185000	
			981 276
2. Utan Reykjavíkur:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun	91825		
2. Verðlagsuppbót	174467		
		266292	
b. Annar kostnaður		50000	
			316 292
			2 651 181
II. Skattar:			
a. Ríkisskattanefnd:			
1. Laun nefndarmanna og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	61820		
b. Verðlagsuppbót	51768		
		113588	
2. Annar kostnaður		21600	
			135 188
b. Skattstofan í Reykjavík:			
1. Laun skattstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	117600		
b. Verðlagsuppbót	223440		
		341040	
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		40500	
3. Tímavinna		285000	
4. Annar kostnaður		63000	
		729540	
÷ hluti bæjarsjóðs Reykjavíkur af kostnaðinum		243180	
			486 360
c. Kostnaður við skattanefndir og skattstofur utan Reykjavíkur			500 000
d. Kostnaður við nýbyggingarsjóðsnefnd			5 000

11. gr.

		kr.	kr.
e. Laun skattdómara:			
1. Grunnlaun	10200		
2. Verðlagsuppbót	19380		
		29 580	
f. Millimatskostnaður		50 000	
			1 206 128
Samtals C. ...		. . .	3 857 309
D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.			
1. Símakostnaður endurgreiddur embættismönnum og opinberum skrifstofum			400 000
2. Burðargjöld			150 000
3. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta			275 000
Samtals D. ...		. . .	825 000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

			kr.	kr.
I.	Landlæknisembættið:			
	a. Laun landlæknis og skrifstofumanns:			
	1. Grunnlaun	20800		
	2. Verðlagsuppbót	39520		
			60 320	
	b. Annar kostnaður		4 800	
				65 120
II.	Laun héraðslækna:			
	a. Grunnlaun		504 900	
	b. Verðlagsuppbót		959 310	
				1 464 210
III.	Ríkisspítalar:			
	A. Landsspítalinn:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	466100		
	b. Verðlagsuppbót	881090		
		1347190		
	2. Matvörur	795000		
	3. Annar kostnaður	1084700		
		3226890		
	Þar frá dragast tekjur	1805000		
	Rekstrarhalli		1 421 890	
	B. Ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólinn:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	10200		
	b. Verðlagsuppbót	16530		
		26730		
	2. Fæðiskostnaður hjúkrunarnema	42000		
	3. Annar kostnaður	4500		
		73230		
	÷ Tekjur	1000		
	Rekstrarhalli		72 230	
	C. Geðveikrahælið á Kleppi:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	375000		
	b. Verðlagsuppbót	712000		
		1087000		
	2. Matvörur	760000		
	3. Annar kostnaður	687000		
		2534000		
	÷ Tekjur	1848000		
	Rekstrarhalli		686 000	

12. gr.

		kr.	kr.
D. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	309000		
b. Verðlagsuppbót	586000		
		895000	
2. Matvörur		900000	
3. Annar kostnaður		720500	
		2515500	
÷ tekjur		1533000	
Rekstrarhalli ...			982 500
E. Heilsuhælið á Kristnesi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	133000		
b. Verðlagsuppbót	252700		
		385700	
2. Matvörur		300000	
3. Annar kostnaður		191000	
		876700	
÷ Tekjur		551500	
Rekstrarhalli ...			325 200
F. Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	27100		
b. Verðlagsuppbót	51400		
		78500	
2. Matvörur		39000	
3. Annar kostnaður		48000	
Rekstrarhalli ...			165 500
G. Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	33000		
b. Verðlagsuppbót	62700		
		95700	
2. Matvörur		53000	
3. Annar kostnaður		39300	
		188000	
÷ Tekjur		159600	
Rekstrarhalli ...			28 400
H. Upptökuheimili í Elliðahvammi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	18000		
b. Verðlagsuppbót	34200		
		52200	

12. gr.

		kr.	kr.
2. Matvörur	28000		
3. Annar kostnaður	28800		
	109000		
÷ Tekjur	76650		
Rekstrarhalli		32 350	
I. Heilsuhælið í Kaldaðarnesi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	13200		
b. Verðlagsuppbót	25080		
	38280		
2. Matvara	72270		
3. Annar kostnaður	51000		
	161550		
÷ Tekjur	148000		
Rekstrarhalli		13 550	
			3 727 620
IV. Til berklavarna:			
a. Styrkur til berklasjúklinga		2 450 000	
b. Styrkur samkv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 66 1939		5 000	
c. Laun:			
1. Grunnlaun	32070		
2. Verðlagsuppbót	60933		
		93 003	
d. Annar kostnaður		32 000	
			2 580 003
V. Styrkur til sjúklinga samkv. lögum nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla			1 970 000
VI. Rekstrarstyrkir til sjúkrahúsa:			
a. Til sjúkrahúsanna á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, 100 kr. á rúm:			
1. Grunnstyrkur	12900		
2. Verðlagsuppbót	24510		
		37 410	
b. Til sömu sjúkrahúsa og sjúkrahúsanna á Siglufirði og í Vestmannaeyjum:			
1. Grunnstyrkur	40000		
2. Verðlagsuppbót	76000		
		116 000	
			153 410
Fjárhæð þessi skiptist á milli sjúkrahúsanna í hlutfalli við eðlilegan halla af vist innlendra utansveitarsjúklinga, enda samþykki heilbrigðisstjórnin daggjöld þeirra.			
VII. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum gegn tvöföldu framlagi annars staðar að			100 000
Skilyrði fyrir styrknum er það, að heilsuverndarstöðin reki berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og			

12. gr.

		kr.	kr.
	eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og hagi störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.		
VIII.	Styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga, annarra en ríkis- og fjórðungssjúkrahúsa		1 100 000
IX.	Til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri		300 000
X.	Bólusetningarkostnaður		7 000
XI.	Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum laga nr. 65 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands		2 000
XII.	Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum laga nr. 66 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		25 000
XIII.	Styrkur til augnlækningaferða:		
	a. Grunnstyrkur	2 400	
	b. Verðlagsuppbót	4 560	
			6 960
XIV.	Laun kynsjúkdómalæknis:		
	a. Grunnlaun	8 370	
	b. Verðlagsuppbót	15 903	
			24 273
XV.	Til læknisvitjanasjóða skv. lögum nr. 59 4. júlí 1942		30 000
XVI.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		9 000
XVII.	Til ýmissa heilbrigðisráðstafana		4 000
XVIII.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs:		
	a. Grunnstyrkur	3 870	
	b. Verðlagsuppbót	7 353	
			11 223
XIX.	Styrkur til ýmissa sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis		15 000
XX.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra:		
	a. Grunnstyrkur	80 000	
	b. Verðlagsuppbót	152 000	
			232 000
	Samtals ...	. . .	11 826 819

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Vegamál.		
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun 168800		
b. Verðlagsuppbót 318620		
	487 420	
2. Annar skrifstofukostnaður	75 000	
3. Ferðakostnaður verkfræðinga og til aðstoðar og mælinga	250 000	
		812 420
II. Þjóðvegir:		
a. Til nýrra akvega:	5 000 000	
b. Viðhald og endurbætur	9 000 000	
		14 000 000
III. Brúargerðir		1 500 000
IV. Til brúasjóðs samkvæmt lögum		450 000
V. Til fjallvega		120 000
VI. Til áhalda:		
1. Til verkfærakaupa	100 000	
2. Til kaupa á vegavinnuvélum	500 000	
3. Til bókasafns verkamanna	4 000	
		604 000
VII. Til sýsluvega:		
1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að	250 000	
2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 102 1933	500 000	
		750 000
VIII. Til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum og verzlunarstöðum af bifreiðaskatti		100 000
IX. Til ferjuhalds		5 000
X. Styrkur til vetrarflutninga		20 000
XI. Til ræktunarvega		43 500
XII. Til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi		50 000
XIII. Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum		210 000
XIV. Til verkstjóranámskeiðs, eftir ráðstöfun vegamálastjóra og vitamálastjóra (endurveiting)		5 000
XV. Til fyrrverandi vegaverkstjóra og til vegaverkstjóraekkna, eftir tillögum vegamálastjóra		14 000
XVI. Iðgjald til slysatryggingarinnar		125 000
XVII. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1943, um orlof verkamanna		450 000
XVIII. Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)		3 000
Samtals A ...	. . .	19 261 920
B. Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs	2 500 000	
(Þar af fyrning kr. 105000, sjá 20. gr.).		

13. gr.

		kr.	kr.
b. Til vöruflutninga í Skaftafellsýslu ..... enda sjái Skipaútgerð ríkisins einnig fyrir flutningum til Öræfa eftir þörfum.		10 000	
			2 510 000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum ..... Skipaútgerð ríkisins hefur yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og rekstrarreikningur 1946 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefur numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1947 og flutningsgjaldskrá sé samþykkt af póst- og símamálastjórninni og Skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu rík sé þörf á ferðum hvers þess báts, er styrks nýtur úr ríkissjóði. Skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyldir til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt. Eigi skal styrkurinn greiddur að fullu, fyrr en skilríki hafa legið fyrir Skipaútgerð ríkisins um afkomu hlutaðeigandi báta á styrktímabilinu, þeirra er varanlegum samgöngum halda uppi á ákveðnu svæði, svo að sýnt sé, að styrksins hefur verið þörf, eins og hann var ákveðinn.			500 000
Samtals B. ...		. . .	3 010 000
C. Vitamál og hafnargerðir.			
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	148500		
b. Verðlagsuppbót	282150		
	430650		
÷ hluti af launum verkfræðinga o. fl. færðir á hafnir	150650		
		280 000	
2. Annar skrifstofukostnaður		50 000	
3. Ferðakostnaður og fæðispeningar		15 000	
			345 000
II. Laun vitavarða:			
a. Grunnlaun		85 000	
b. Verðlagsuppbót		161 500	
c. Aukagæzla og aðstoð		17 500	
			264 000
III. Rekstrarkostnaður vitanna:			
a. Vitaskipið		500 000	
b. Vitarnir		500 000	
			1 000 000
IV. Viðhald og endurbætur vitanna			100 000
V. Sjómerki og viðhald sæluhúsa			25 000
VI. Til áhalda			500 000

13. gr.

		kr.	kr.
VII.	Fyrning		80 000
VIII.	Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta		4 000 000
IX.	Til hafnarbótasjóðs samkvæmt lögum		800 000
	Samtals C.	. . .	7 114 000
	D. Flugmál.		
I.	Stjórn og undirbúningur flugmála:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 67000		
	b. Verðlagsuppbót 127300		
		194 300	
	2. Húsnæði, ljós, hiti, ræsting	24 000	
	3. Annar skrifstofukostnaður	16 000	
			234 300
II.	Ferðakostnaður og mælingar vegna flugvalla		44 400
III.	Til véla og áhalda		105 000
IV.	Fyrning		56 000
V.	Kostnaður við flugmálaráðstefnur og alþjóðaflugmálastofnunina		70 000
VI.	Styrkir til námsmanna og starfsemi áhugamanna ..		150 000
VII.	Til flugvalla og lendingarbóta:		
	1. Reykjavíkurflugvöllurinn, flughöfnin á Skerjafirði og fluggæzludeild:		
	a. Rekstrarkostnaður 3150000		
	÷ Tekjur 600000		
	2550000		
	b. Fyrning 700000		
		3 250 000	
	2. Aðrir flugvellir og lendingarbætur	350 000	
			3 600 000
	Samtals D.	. . .	4 259 700

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Kirkjumál.		
I.	Biskupsembættið:		
	1. Laun biskups og starfsmanna á skrifstofu hans:		
	a. Grunnlaun 25300		
	b. Verðlagsuppbót 48070		
		73 370	
	2. Risna:		
	a. Grunnlaun 2000		
	b. Verðlagsuppbót 3800		
		5 800	
	3. Annar skrifstofukostnaður	3 000	
	4. Ferðakostnaður biskups	5 000	
			87 170
II.	Embætti sóknarpresta og prófasta:		
	1. Laun sóknarpresta:		
	a. Grunnlaun 930000		
	b. Verðlagsuppbót 1767000		
	2697000		
	÷ framlag úr prestlaunasjóði 100000		
		2 597 000	
	2. Laun prófasta:		
	a. Grunnlaun 12600		
	b. Verðlagsuppbót 23940		
		36 540	
	3. Embættiskostnaður presta:		
	a. Grunnlaun 62000		
	b. Verðlagsuppbót 117800		
		179 800	
	4. Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum	200 000	
			3 013 340
III.	Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkv. lögum		10 000
IV.	Til söngmálastjóra þjóðkirkjunnar:		
	1. Grunnlaun	9 000	
	2. Verðlagsuppbót	17 100	
	3. Ferðakostnaður	2 400	
			28 500
V.	Til eflingar kirkjusöngs skv. ráðstöfun söngmálastjóra		15 000
VI.	Kostnaður við kirkjuráð		1500
VII.	Til að gefa út ársskýrslu þjóðkirkjunnar		1 250
VIII.	Til styrktar málgagni fyrir hina íslenzku þjóðkirkju		5 000
	Samtals A ...	. . .	3 161 760

14. gr.

		kr.	kr.
	B. Kennslumál.		
I. a.	Háskólinn:		
	1. Laun kennara og annarra starfsmanna:		
	a. Grunnlaun 377620		
	b. Verðlagsuppbót 717478		
		1 095 098	
	2. Hiti, ljós og ræsting	140 000	
	3. Námsstyrkir	125 000	
	4. Húsaleigustyrkir	50 000	
	5. Til rannsóknastofu í líffæra- og lífeðlisfræði	20 000	
	6. Til tannlækningastofu	3 000	
	7. Til rannsóknarstofu í lyfjafræði	7 000	
	8. Til rannsóknarstofu í heilbrigðisfræði	7 000	
	9. Til íþróttakennslu	7 500	
	10. Til verkfræðideildar, tímakennsla o. fl.	40 000	
	11. Til áhaldakaupa læknadeildar	5 000	
	12. Til námskeiða og heimsókna erlendra vísindamanna	30 000	
	13. Ýmiss útgjöld	75 000	
			1 604 598
b.	Tilraunastofa Háskólans á Keldum:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 28920		
	b. Verðlagsuppbót 54948		
		83 868	
	2. Annar kostnaður	40 000	
	3. Til búfjársjúkdómarannsókna	50 000	
		173 868	
	÷ Tekjur af afurðum	30 000	
			143 868
II.	Til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis:		
a.	Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum	150 000	
b.	Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðs ..	350 000	
	Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að þeir, sem styrks njóta, inni af hendi að loknu námi minnst 5 ára þjónustu í þágu landsins, ella endurgreiði þeir styrkinn.		
c.	Til stúdentaráðs, til þess að starfrækja leiðbeiningaskrifstofu undir stjórn Lúðvíks Guðmundssonar:		
	1. Grunnlaun 4500		
	2. Verðlagsuppbót 8550		
		13 050	
			513 050
III.	Fræðslumálastjóraembættið:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 57600		
	b. Verðlagsuppbót 109440		
		167 040	
	2. Annar kostnaður	60 000	
			227 040

14. gr.

		kr.	kr.
IV. Menntaskólinn í Reykjavík:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	122700		
2. Verðlagsuppbót	233130		
		355 830	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	82400		
2. Verðlagsuppbót	156560		
		238 960	
c. Hiti, ljós og ræsting		90 000	
d. Viðhald húsa og áhalda		60 000	
e. Náms- og húsaleigustyrkir		15 000	
f. Styrkur til bókasafns skólans		3 000	
g. Styrkur til bókasafnsins Íþöku		2 000	
h. Til prófdómara		25 000	
i. Vegna kostnaðar við skólastjórn:			
1. Grunnlaun	2000		
2. Verðlagsuppbót	3800		
		5 800	
j. Annar kostnaður		45 000	
k. Fyrning		3 540	
			844 130
V. Menntaskólinn á Akureyri:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	147900		
2. Verðlagsuppbót	281010		
		428 910	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	66500		
2. Verðlagsuppbót	126350		
		192 850	
c. Hiti, ljós og ræsting		60 000	
d. Viðhald húsa og áhalda		25 000	
e. Námsstyrkir		7 500	
f. Til bóka og áhalda		5 000	
g. Vegna kostnaðar við skólastjórn:			
1. Grunnlaun	2000		
2. Verðlagsuppbót	3800		
		5 800	
h. Annar kostnaður		45 000	
i. Fyrning		3 160	
			773 220
VI. Kennaraskólinn:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	69300		
2. Verðlagsuppbót	131670		
		200 970	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	20000		
2. Verðlagsuppbót	38000		
		58 000	

14. gr.

		kr.	kr.
c. Hiti, ljós og ræsting		20 000	
d. Bækur og áhöld		10 000	
e. Námsstyrkir		10 000	
f. Viðhald húsa og áhalda		15 000	
g. Annar kostnaður		25 000	
h. Fyrning		1 090	
			340 060
VII. Stýrimannaskólinn:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	37200		
2. Verðlagsuppbót	70680		
		107 880	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	50200		
2. Verðlagsuppbót	95380		
		145 580	
c. Hiti, ljós og ræsting		42 000	
d. Til áhaldakaupa		5 000	
e. Til námskeiða utan Reykjavíkur		40 000	
f. Annar kostnaður		11 500	
g. Fyrning		700	
			352 660
VIII. Vélstjóraskólinn:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	34800		
2. Verðlagsuppbót	66120		
		100 920	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	9120		
2. Verðlagsuppbót	17328		
		26 448	
c. Hiti, ljós og ræsting		20 000	
d. Til áhaldakaupa		50 000	
e. Annar kostnaður		16 000	
			213 368
IX. Sjómannaskólahúsið:			
a. Laun húsvarðar:			
1. Grunnlaun	7400		
2. Verðlagsuppbót	14060		
		21 460	
b. Annar kostnaður		166 300	
c. Opinber gjöld		10 000	
d. Fyrning		10 000	
		207 760	
Endurgreiddur kostnaður af hita og ræsting	120500		
Húsaleigur	43000		
		163 500	
			44 260
X. Búnaðarkennsla:			
1. Bændaskólinn á Hólum:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	28200		
2. Verðlagsuppbót	53580		
	81780		

14. gr.

			kr.	kr.
b. Stundakennsla:				
1. Grunnlaun	10800			
2. Verðlagsuppbót	20520			
		31320		
c. Til verklegs náms		20000		
d. Hiti ljós og ræsting		25000		
e. Til verkfærakaupa		20000		
f. Til viðhalds		30000		
g. Til kaupa á 15 kilowatta mótorstöð		15000		
h. Annar kostnaður		5000		
i. Fyrning		1226		
			229 326	
2. Bændaskólinn á Hvanneyri:				-
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun	48700			
2. Verðlagsuppbót	92530			
		141230		
b. Til verklegs náms		20000		
c. Hiti, ljós og ræsting		25000		
d. Til verkfærakaupa		25000		
e. Til verkfærasafns		1000		
f. Annar kostnaður		50000		
g. Fyrning		2300		
			264 530	
3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun	30000			
2. Verðlagsuppbót	57000			
		87000		
b. Hiti, ljós og ræsting		15000		
c. Til kennsluáhalda		8000		
d. Viðhald skólahúsa		25000		
e. Til verkfærakaupa		12000		
f. Annar kostnaður		21000		
g. Fyrning		2500		
			170 500	
				664 356
XI. Iðnfræðsla:				
a. Til iðnskólahalds			250 000	
Ríkisstjórnin úthlutar styrk þessum að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og Landssambands iðnaðarmanna, þó ekki yfir ⅘ rekstrarkostnaðar til hvers skóla.				
Iðnskólarnir skulu senda fræðslumálastjórninni skýrslu um starf sitt.				
b. Til framhaldsnáms erlendis			30 000	
				280 000
XII. Verzlunarskólar o. fl.:				
a. Til Verzlunarskóla Íslands:				
130 króna styrkur með verðlagsuppbót fyrir hverju nemanda allt að			120 000	

			kr.	kr.
	b. Til Samvinnuskólans: 130 króna styrkur með verðlagsuppbót fyrir hvern nemanda allt að		30 000	
	c. Kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda:			
	1. Grunnlaun	500		
	2. Verðlagsuppbót	950		
			1 450	
				151 450
XIII.	Til Kvennaskólans í Reykjavík:			
	a. Húsnæðisstyrkur		5 000	
	b. Rekstrarstyrkur		80 000	
	c. 60 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið		7 200	
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna		2 500	
				94 700
XIV.	Almenn barnafræðsla:			
	1. Laun kennara í föstum skólum:			
	a. Grunnlaun	2000000		
	b. Verðlagsuppbót	3800000		
			5 800 000	
	2. Laun farkennara:			
	a. Grunnlaun	320000		
	b. Verðlagsuppbót	608000		
			928 000	
	3. Til aukakennara og stundakennslu		50 000	
	4. Til kennslueftirlits:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	52800		
	2. Verðlagsuppbót	100320		
		153120		
	b. Ferðakostnaður	50000		
			203 120	
	5. Til framkvæmdar sundskyldu í barnaskólum samkvæmt tillögum íþróttafulltrúa		120 000	
	6. Styrkur til byggingar barnaskóla, íbúða fyrir skólastjóra og kaupa á skólabílum		2 000 000	
	7. Til fyrrv. barnakennara eftir till. fræðslumálastjóra:			
	a. Grunnlaun	14000		
	b. Verðlagsuppbót	26600		
			40 600	
	8. Ráðskonukaup við heimavistarbarnaskóla:			
	a. Grunnlaun	50000		
	b. Verðlagsuppbót	95000		
			145 000	
	9. Bifreiðarstjórar á skólabílum:			
	a. Grunnlaun	10000		
	b. Verðlagsuppbót	19500		
			29 500	
	10. Endurgreiðsla á ¼ rekstrarkostnaðar barnaskólanna		700 000	
	11. Styrkur til tímaritanna „Menntamál“ og „Heimili og skóli“, kr. 3000 til hvors		6 000	
	12. Til kennaranámskeiðs eða utanfara		40 000	
				10 062 220

14. gr.

		kr.	kr.
XV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	24000		
2. Verðlagsuppbót	45600		
	69600		
b. Til verklegs náms og aukakennslu:			
1. Grunnlaun	6000		
2. Verðlagsuppbót	11400		
	17400		
c. Hiti, ljós og ræsting	30000		
d. Til kennsluáhalda	2000		
e. Viðhald	7500		
f. Til endurnýjunar á húsgögnum	15000		
g. Annar kostnaður	10000		
h. Fyrning	800		
		152 300	
2. Til héraðs- og gagnfræðaskóla samkv. l. nr. 48 1946:			
a. Grunnlaun	667325		
b. Verðlagsuppbót	1267917		
c. Til stundakennslu o. fl.	370000		
		2 305 242	
3. Stofnkostnaður gagnfræða- og héraðsskóla		1 500 000	
4. Til námsstjóra við framhaldsskóla:			
a. Grunnlaun	10200		
b. Verðlagsuppbót	19380		
	29580		
c. Ferðakostnaður	6000		
		35 580	
5. Til Snorragarðs í Reykholti		10 000	
6. Til Skallagrímsgarðs í Borgarnesi		1 000	
7. Til framkvæmda á Rafnseyri í minningu Jóns Sigurðssonar (lokagreiðsla)		50 000	
8. Til gagnfræðaskóla Reykvíkinga		100 000	
9. Til unglingafræðslu utan kaupstaða samkv. lögum nr. 48 1930		80 000	
10. Til bókasafna við unglingaskóla		2 500	
11. Til alþýðuskólans í Reykjavík		4 000	
12. Til handíðaskólans:			
a. Grunnstyrkur	31000		
b. Verðlagsuppbót	58900		
		89 900	
13. Til námsflokkastarfsemi undir eftirliti fræðslumálastjórnarinnar:			
a. Grunnstyrkur	13750		
b. Verðlagsuppbót	26125		
		39 875	
XVI. Húsmæðrafræðsla:			4 370 397
1. Styrkur til húsmæðraskóla skv. lögum:			
a. Grunnlaun	194124		
b. Verðlagsuppbót	368835		
c. Stundakennsla o. fl.	115000		
		677 959	

14. gr.

			kr.	kr.
2. Til byggingar húsmæðraskóla			800 000	
3. Til húsmæðrakennaraskólans:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	9600			
2. Verðlagsuppbót	18240			
		27840		
b. Stundakennsla		15000		
c. Annar kostnaður		38500		
			81 340	
				1 559 299
XVII. Til íþróttamála:				
1. Til íþróttakennaraskóla ríkisins:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	15600			
2. Verðlagsuppbót	29640			
		45240		
b. Stundakennsla		20000		
c. Íþróttatæki og húsmunir		11000		
d. Ræsting o. fl.		15000		
			91 240	
2. Til íþróttasjóðs			700 000	
3. Til Íþróttasambands Íslands til þess að hafa fastráðinn framkvæmdastjóra			8 000	
4. Laun Ólafs Pálssonar til eftirlits með sundkennslu og til prófdómarastarfa:				
a. Grunnlaun		2925		
b. Verðlagsupbót		5557		
			8 482	
5. Laun Lárusar Rist, sundkennara:				
a. Grunnlaun		2600		
b. Verðlagsupbót		4940		
			7 540	
6. Til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar:				
a. Grunnstyrkur		5000		
b. Verðlagsuppbót		9500		
			14 500	
7. Til ferðakennslu í íþróttum			20 000	
8. Til útgáfu kennslubókar um sund			10 000	
				859 762
XVIII. Til kennslu heyrnar- og málleysingja:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun		26400		
b. Verðlagsupbót		50160		
			76 560	
2. Annar kostnaður			100 000	
(Þar af fyrning húss kr. 550, sjá 20. gr.).				
				176 560
XIX. Til blindrastarfsemi				15 000
Ríkisstjórnin skipti styrknum milli Blindravinafélagsins og Blindrafélagsins.				

14. gr.

		kr.	kr.
XX.	Til Geirs Þormars, tréskurðarmeistara á Akureyri, til að halda uppi kennslu á Norðurlandi í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl:		
	a. Grunnstyrkur	900	
	b. Verðlagsuppbót	1 710	
			2 610
XXI.	Til Kristjáns Geirmundssonar til að setja upp fugla fyrir náttúrugripasafnið og skóla:		
	a. Grunnstyrkur	1 500	
	b. Verðlagsuppbót	2 850	
			4 350
XXII.	Til Sigurðar Skúlasonar til kennslu í framsagnarlist:		
	a. Grunnstyrkur	3 000	
	b. Verðlagsuppbót	5 700	
			8 700
XXIII.	Til Hallgríms Helgasonar tónskálds, til þess að vinna að endurbótum á söngkennslu í skólum í samráði við fræðslumálastjórnina:		
	a. Grunnstyrkur	3 500	
	b. Verðlagsuppbót	6 650	
	c. Ferðakostnaður	2 000	
			12 150
XXIV.	Til menningar- og fræðslusambands alþýðu		5 000
XXV.	Til skáksambands Íslands		1 600
XXVI.	Til menningarsjóðs blaðamannafélags Íslands		10 000
XXVII.	Til Alþýðusambands Íslands		10 000
XXVIII.	Til Helga Tryggvasonar til hraðritunarkennslu		1 200
XXIX.	Til rannsókna á þroskastigi íslenzkra skólabarna:		
	1. Laun dr. Matthíasar Jónassonar:		
	a. Grunnlaun 7500		
	b. Verðlagsuppbót 14250		
		21 750	
	2. Annar kostnaður	15 000	
			36 750
	Samtals B	. . .	23 382 358

15. gr.

Til bókmennta, lista og vísinda er veitt:

		kr.	kr.
A. Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi.			
I. Landsbókasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	61500		
b. Verðlagsuppbót	116850		
		178 350	
2. a. Til bóka-, tímarita- og handritakaupa	100000		
b. Til bókbands	50000		
		150 000	
3. Til Þorsteins Konráðssonar		400	
4. Til þess að semja spjaldskrá		1 200	
5. Til þess að semja og prenta skrá um handrit		5 000	
6. Til ritaukaskrár		8 000	
7. Til samningar íslenzkrar bókaskrár		10 000	
8. Ýmisleg gjöld		6 000	
			358 950
II. Þjóðskjalasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	39900		
b. Verðlagsuppbót	75810		
		115 710	
2. Til bókbands, bóka- og handritakaupa og til umbúnaðar skjala		12 000	
3. Ýmisleg gjöld		3 000	
			130 710
III. Þjóðminjasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	23700		
b. Verðlagsuppbót	45030		
		68 730	
2. Til aðstoðar, tímavinna		11 000	
3. Til þess að útvega gripi		5 000	
4. Til áhalda og aðgerða		2 200	
5. Til rannsókna og ferðakostnaðar		2 500	
6. Til sjóminjasafns		3 500	
7. Til viðgerðar á Hólakirkju		2 000	
8. Til viðhalds bæjarrústa í Stöng í Þjórsárdal		1 000	
9. Til viðhalds bæjarhúsa í Glaumbæ, Burstarfelli, Grenjaðarstað og Keldum		20 000	
			115 930
IV. Til Náttúrufræðifélagsins			60 000
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrufræðisafnið sé almenningi til sýnis.			
V. Safnahúsið:			
1. Laun dyravarðar:			
a. Grunnlaun	6000		
b. Verðlagsuppbót	11400		
		17 400	

15. gr.

		kr.	kr.
2. Til hita, ljósa og opinberra gialda		30 000	
3. Til viðhalds, áhalda og ræstingar		28 000	
4. Fyrning		3 639	
			79 039
VI. Styrkir til bókasafna og lesstofa:			
1. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð Stefánsson skáld hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 3245 króna grunnlaunum:			
a. Laun bókavarðar:			
1. Grunnlaun	3245		
2. Verðlagsuppbót	6165		
	9410		
b. Annar styrkur	2500		
		11 910	
2. Til bókasafnsins á Ísafirði:			
a. Laun bókavarðar:			
1. Grunnlaun	3245		
2. Verðlagsuppbót	6165		
	9410		
b. Annar styrkur	2500		
		11 910	
3. Til bókasafns Hafnarfjarðar, að því tilskildu, að Magnús Ásgeirsson skáld hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 3245 króna grunnlaunum:			
a. Laun bókavarðar:			
1. Grunnlaun	3245		
2. Verðlagsuppbót	6165		
	9410		
b. Annar styrkur	2500		
		11 910	
4 Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði		6 250	
5. Til bókasafns Neskaupstaðar		3 750	
6. Til bókasafns Siglufjarðar		6 250	
7. Til sjómannalesstofu á Bíldudal		1 200	
8. Til bókasafns Vestmannaeyja		6 250	
9. Til iðnbókasafns í Reykjavík		2 500	
10. Til bæjarbókasafns Reykjavíkur, þó ekki yfir ⅙ kostnaðar		37 500	
11. Til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi		4 500	
12. Til sýslubókasafnsins á Sauðárkróki		3 000	
13. Til sýslubókasafnsins á Blönduósi		2 000	
14. Til héraðsbókasafns Suðurlands		3 000	
15. Til sýslubókasafna, gegn eigi minna tillagi frá sýslusjóðum		11 250	
16. Til bókhlöðunnar á Húsavík		3 000	
17. Til bókasafns Akraness		3 750	
18. Til bókasafns í Flatey		1 250	

15. gr.

		kr.	kr.
19.	Til sýslunefndar V.-Ísafjarðarsýslu vegna bókasafns Sighvats Grímssonar, enda sé það geymt hjá héraðsskólanum á Núpi	1 250	
20.	Til kaupa á bókum handa konunglega bókasafninu í Stokkhólmi	1 000	
21.	Til lesstofu fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík	5 000	
22.	Til lesstofu byggingarfélags alþýðu	1 250	
23.	Til lesstofu sjómannaheimilis á Siglufirði	5 000	
24.	Til lesstofu sjómannaheimilis á Raufarhöfn	1 000	
25.	Til lesstofu Sjómannafélags Reykjavíkur	3 750	
26.	Til lesstofu á Ísafirði	1 250	
27.	Til sjómannalesstofu K. F. U. M. í Vestmannaeyjum	2 000	
28.	Til sjómannalesstofu í Bolungavík	1 200	
29.	Til sjómannalesstofu í Höfn í Hornafirði	1 200	
30.	Til styrktarsjóðs lestrarfélaga skv. l. nr. 120 1943	50 000	
			205 080
VII.	Styrkur til bókaútgáfu o. fl.:		
1.	Til Hins íslenzka bókmenntafélags, til útgáfu fornbréfasafns og annarra rita:		
	a. Grunnstyrkur 15000		
	b. Verðlagsuppbót 28500		
		43 500	
2.	Til Þjóðvinafélagsins:		
	a. Grunnstyrkur 1400		
	b. Verðlagsuppbót 2660		
		4 060	
3.	Til Fornleifafélagsins:		
	a. Grunnstyrkur 3000		
	b. Verðlagsuppbót 5700		
		8 700	
4.	Til Sögufélagsins til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirréttardóma o. fl.:		
	a. Grunnstyrkur 4000		
	b. Verðlagsuppbót 7600		
		11 600	
5.	Til Hins íslenzka fræðafélags til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um útgáfustarfsemina.	15 000	
6.	Til Fornritaútgáfunnar:		
	a. Til útgáfu á Íslendingasögum:		
	1. Grunnstyrkur 4000		
	2. Verðlagsuppbót 7600		
	11600		
	b. Til útgáfu á Heimskringlu:		
	1. Grunnstyrkur 4000		
	2. Verðlagsuppbót 7600		
	11600		
		23 200	

15. gr.

		kr.	kr.
7.	Til útgáfustarfsemi Þjóðvinafélagsins og menningarsjóðs, til útgáfu Íslendingasögu:		
	a. Grunnstyrkur 4000		
	b. Verðlagsuppbót 7600		
		11 600	
8.	Til Vísindafélags Íslendinga, til útgáfu rita:		
	a. Grunnstyrkur 3000		
	b. Verðlagsuppbót 5700		
		8 700	
9.	Til Steins Dofra, ættfræðings:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 9500		
		14 500	
	Styrkurinn veitist með því skilyrði, að, að honum látnum, verði ættfræðihandrit hans eign Landsbókasafnsins.		
10.	Til dr. Jóns Dúasonar, vegna útgáfu rita hans:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 9500		
		14 500	
11.	Til samningar íslenzkrar samheitaorðabókar:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 9500		
		14 500	
12.	Til útgáfu héraðssagnarita, eftir tillögum heimspekideildar háskólans:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 9500		
		14 500	
13.	Til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn til útgáfu tímarits	5 000	
14.	Til Norræna félagsins	5 000	
15.	Til Íslendingarfélagsins í Kaupmannahöfn	4 000	
			198 360
VIII.	Til skálda, rithöfunda og listamanna:		
	a. Grunnstyrkir	150 000	
	b. Verðlagsuppbót	285 000	
			435 000
	Af fé þessu skal Gunnar skáld Gunnarsson njóta 6000 kr. heiðurslauna að viðbættri verðlagsuppbót og Steingrímur Matthíasson, fyrrum héraðslæknir, 5000 kr. heiðurslauna að viðbættri verðlagsuppbót.		
	Að öðru leyti skal 4 manna nefnd, kosin af Alþingi, skipta fjárhæð þessari.		
IX.	Til vísindamanna og fræðimanna samkvæmt úthlutun menntamálaráðs:		
	a. Grunnstyrkur	30 000	
	b. Verðlagsuppbót	57 000	
			87 000

15. gr.

	kr.	kr.
X. Til leiklistarstarfsemi:		
1. Til leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur ..	30 000	
2. Til leikskóla Lárusar Pálssonar 3500 kr., til leiklistarskóla Soffíu Guðlaugsdóttur 2500 kr. og til leiklistarskóla Jóns Norðfjörðs 2500 kr.:		
a. Grunnstyrkur 8500		
b. Verðlagsuppbót 16150		
	24 650	
3. Til leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Akureyrar ..	6 000	
4. Til leikfélags Hafnarfjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Hafnarfjarðar	3 000	
5. Til leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Ísafjarðar ..	1 500	
6. Til leikfélags Sauðárkróks, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
7. Til leikfélags Vestmannaeyja, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Vestmannaeyja	1 500	
8. Til leikfélags á Siglufirði, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
9. Til leikfélags Dalvíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að.	1 000	
10. Til leikfélags Eyrarbakka, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 000	
11. Til leikfélags Akraness, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
		73 150
XI. Til tónlistarstarfsemi:		
1. Til Tónlistarskólans, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur:		
a. Grunnstyrkur 15000		
b. Verðlagsuppbót 28500		
	43 500	
2. Til tónlistarskóla á Akureyri, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	20 000	
3. Til hljómsveitar Reykjavíkur	2 000	
4. Til Lúðrasveitar Reykjavíkur, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að	25 000	
5. Til Páls Ísólfssonar, til þess að starfa að tónlistarmálum og efla skilning alþýðu á tónmennt:		
a. Grunnlaun 4620		
b. Verðlagsuppbót 8778		
	13 398	
6. Til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og		

15. gr.

		kr.	kr.
barnaskólum, með umsjá söngmálastjóra þjóðkirkjunnar:			
a. Grunnlaun	1950		
b. Verðlagsuppbót	3705		
		5 655	
7. Til sambands íslenzkra karlakóra:			
a. Grunnstyrkur	6000		
b. Verðlagsuppbót	11400		
		17 400	
8. Til landssambands blandaðra kóra og kvennakóra:			
a. Grunnstyrkur	3000		
b. Verðlagsuppbót	5700		
		8 700	
			135 653
XII. Til listasafns Einars Jónssonar:			
1. Laun Einars Jónssonar:			
a. Grunnlaun	8245		
b. Verðlagsuppbót	15665		
		23 910	
2. Til eldiviðar og ljósa		7 000	
3. Ýmis gjöld		20 000	
4. Fyrning		711	
			51 621
XIII. Til Guðjóns Samúelssonar, í viðurkenningarskyni fyrir að uppgötva aðferð við múrhúðun, önnur greiðsla af fimm			10 000
XIV. Til Bandalags íslenzkra listamanna:			
a. Grunnstyrkur		4 800	
b. Verðlagsuppbót		9 120	
			13 920
XV. Til eflingar menningarsambandi við Vestur-Íslendinga (Þar af 5000 kr. til Þjóðræknisfélags Íslendinga.)			8 000
XVI. Kostnaður við friðun Þingvalla, sbr. lög nr. 59 1928			8 000
XVII. Til umbóta á Þingvöllum			80 000
XVIII. Til Vesturheimsblaðanna Lögbergs og Heimskringlu 10 000 til hvors.			20 000
Samtals A. ...		. . .	2 070 413
B. Til ýmissa rannsókna í opinbera þágu o. fl.			
I. Atvinnudeild háskólans:			
1. Iðnaðardeild:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	112565		
2. Verðlagsuppbót	176795		
	289360		
b. Annar kostnaður	224000		
	513360		
÷ Tekjur af rannsóknum	113000		
		400 360	

15. gr.

			kr.	kr.
2. Fiskideild:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	64200			
2. Verðlagsuppbót	121980			
		186180		
b. Annar kostnaður		180000		
			366 180	
3. Landbúnaðardeild:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	61800			
2. Verðlagsuppbót ..	117420			
	179220			
b. Annar kostnaður	509870			
		689090		
÷ Tekjur		23920		
		665170		
c. Fjárræktarbúið á Hesti:				
1. Laun	87980			
2. Annar kostnaður .	20000			
3. Stofnkostnaður ..	25000			
	132980			
÷ Tekjur	43000			
		89980		
			755 150	
4. Sameiginlegur kostnaður:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	12225			
2. Verðlagsuppbót	22227			
		34452		
b. Til ræstingar		30000		
c. Til eldiviðar og ljósa		15000		
d. Annar kostnaður		43700		
		123152		
÷ Tekjur frá happdrætti Háskóla Íslands		80000		
			43 152	
				1 564 842
II. Rannsóknarstofa háskólans:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun		116310		
b. Verðlagsuppbót		220989		
			337 299	
2. Annar kostnaður			150 000	
			487 299	
÷ tekjur af rannsóknum			200 000	
				287 299
III. Til rannsóknaráðs:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun		17400		
b. Verðlagsuppbót		33060		
			50 460	
2. Rannsóknakostnaður			25 000	
				75 460

15. gr.

		kr.	kr.
IV.	Veðurstofa Íslands:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 215347		
	b. Verðlagsuppbót 409159		
		624 506	
	2. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	115 000	
	3. Til veðurskeyta o. fl.	140 000	
	4. Til loftskeytatækja	5 000	
	5. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	47 500	
	6. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum, aukavinna o. fl.	10 000	
	7. Úrkomumælingar á fjöllum	10 000	
	8. Starfræksla landskjálftamæla	12 500	
	9. Annar kostnaður	15 494	
			980 000
V.	Til landmælinga		75 000
VI.	Til jökulmælinga		1 500
VII.	Til sjómælinga:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 22000		
	b. Verðlagsuppbót 35340		
		57 340	
	2. Annar kostnaður	82 660	
			140 000
VIII.	Til húsameistara ríkisins:		
	1. Laun:		
	a. a. Grunnlaun 65200		
	b. Verðlagsuppbót 123880		
		189 080	
	2. Annar kostnaður	40 000	
			229 080
	Samtals B. ...	. . .	3 353 181

16. gr.

Til atvinnumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Landbúnaðarmál.		
1.	Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra fjárhagsáætlun félagsins		800 000
2.	Til sama, til kynnisferða bænda		5 000
3.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum:		
	a. Jarðabótastyrkur	2 500 000	
	b. Til verkfærakaupasjóðs	80 000	
	c. Til vélasjóðs skv. lögum	50 000	
	d. Til ræktunarframkvæmda vélasjóðs	300 000	
			2 930 000
4.	Til búfjárræktar samkv. lögum nr. 32 1931		250 000
5.	Til tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins		240 000
6.	Til bygginga á Reykhólum		125 000
7.	Framlag samkvæmt lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum:		
	a. Vegna II. kafla: Um landnám	2 500 000	
	b. Vegna III. kafla: Um byggingarsjóð	2 500 000	
	c. Byggingarstyrkir samkvæmt núgildandi lögum	300 000	
			5 300 000
8.	Til ræktunarsjóðs, vaxtatillag		3 312
9.	Til áveitufélags Ölfusinga		20 000
10.	Til framræslu á löndum ríkissjóðs á Stokkseyri og Eyrarbakka. Lokagreiðsla		100 000
11.	Til fyrirhleðslu á Þverá og Markarfljóti		200 000
12.	Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu, samkv. lögum nr. 68 1918 og lögum nr. 10 1926		4 000
13.	Til vélasjóðs til verkfærakaupa		850 000
14.	Til sandgræðslu:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 15750		
	2. Verðlagsuppbót 28025		
		43 775	
	b. Til sandgræðslustöðva	195 000	
	c. Til nýrra sandgræðslugirðinga	100 000	
	d. Ýmis gjöld	80 000	
			418 775
15.	Til skógræktar:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 40375		
	2. Verðlagsuppbót 76713		
		117 088	
	b. Skrifstofukostnaður	29 400	
	c. Til skóggræðslu	360 000	
	d. Annar kostnaður	115 000	
	e. Til skógræktarfélaga	100 000	
	f. Til friðunar skóglendis á einstökum jörðum samkv. lögum nr. 10 13. febr. 1943	150 000	
			871 488

16. gr.

		kr.	kr.
16.	Til Garðyrkjufélags Íslands		2 000
17.	Til búreikningaskrifstofu, sbr. lög nr. 35 1941		40 000
18.	Til mjólkurbúa og smjörsamlaga		80 000
19.	Styrkur til byggingar nýrrar mjólkurstöðvar í Reykjavík, þó ekki yfir ¼ byggingarkostnaðar		300 000
20.	Til klaksjóðs samkvæmt lögum nr. 36 1937		10 000
21.	Kostnaður vegna laga nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun ... 16200		
	2. Verðlagsuppbót ... 30780		
		46 980	
	b. Skrifstofukostnaður o. fl.	8 000	
	c. Ferðakostnaður	10 000	
	d. Annar kostnaður	10 000	
	e. Kostnaður vegna veiðimálanefndar og styrkir til fiskiræktar	30 000	
			104 980
22.	Til Loðdýraræktarfélags Íslands		6 000
23.	Til loðdýraræktar:		
	a. Laun ráðunautar:		
	1. Grunnlaun ... 8400		
	2. Verðlagsuppbót ... 15960		
		24 360	
	b. Annar kostnaður	15 000	
			39 360
24.	Til dýralækna:		
	a. Laun dýralækna:		
	1. Grunnlaun ... 41700		
	2. Verðlagsuppbót ... 79230		
		120 930	
	b. Styrkur til einstakra manna til að stunda dýralækningar, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að:		
	1. Grunnstyrkur ... 6500		
	2. Verðlagsuppbót ... 12350		
		18 850	
	c. Skrifstofukostnaður yfirdýralæknis	3 000	
	d. Til Páls Pálssonar dýralæknis samkvæmt samningi	6 000	
			148 780
25.	Til kláðalækninga		3 000
26.	Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar		2 800 000
27.	Til Páls G. Jónssonar, Garði, Fnjóskadal		1 000
	Samtals A ...	...	15 652 695

16. gr.

	kr.	kr.
B. Sjávarútvegsmál.		
1. Til Fiskifélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins, og félagið sjái um útgáfu fiskimannaalmanaks á sinn kostnað		761 000
2. Til skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda		180 000
3. Til alþjóðahafrannsókna		13 500
4. Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins		10 000
Samtals B ...	. . .	964 500
C. Iðnaðarmál.		
1. Til Landssambands iðnaðarmanna		50 000
2. Til iðnlánasjóðs		300 000
3. Styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík, ⅔ kostnaðar allt að		300 000
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að ríkisstjórnin láti endurskoða reikninga stofnunarinnar og árlega sé gefin skýrsla um starfsemina, samþykkt af endurskoðanda.		
4. Til Halldóru Bjarnadóttur til þess að vinna að eflingu heimilisiðnaðar:		
a. Grunnlaun	2 340	
b. Verðlagsuppbót	4 460	
		6 800
5. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði:		
a. Grunnstyrkur	900	
b. Verðlagsuppbót	1 710	
		2 610
6. Til Guðmundar Kristinssonar, myndskera:		
a. Grunnstyrkur	500	
b. Verðlagsuppbót	950	
		1 450
Samtals C ...	. . .	660 860
D. Raforkumál.		
I. Stjórn raforkumála:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun 165100		
b. Verðlagsuppbót 313890		
	478 990	
2. Skrifstofukostnaður	204 010	
3. Ferðakostnaður, mælingar og aðstoð	209 000	
4. Vatnsrennslismælingar	94 000	
	986 000	
÷ Tekjur	710 000	
		276 000

16. gr.

		kr.	kr.
II.	Rafmagnsveitur ríkisins: Stjórn og rekstur rafmagnsveitnanna og undirbúningur nýbygginga.		
1.	Laun:		
	a. Grunnlaun 207100		
	b. Verðlagsuppbót 393200		
		600 300	
2.	Skrifstofukostnaður	160 000	
3.	Ferðakostnaður	60 000	
4.	Vinnuvélar og bifreiðar	360 000	
5.	Birgðaskemma	100 000	
6.	Verkstæði	60 000	
7.	Annar kostnaður	169 700	
8.	Rekstrarkostnaður rafveitna:		
	a. Reykjanesveita 600000		
	b. Árnessýsluveita 204500		
	c. Húsavíkurveita 164500		
		969 000	
		2 479 000	
	÷ Tekjur:		
	Tekjur af vöruumsetningu o. fl. 820000		
	Fært á nýbyggingar og viðhald 500000		
	Tekjur Reykjanesrafveitu 432000		
	Tekjur Árnessýslurafveitu 168500		
	Tekjur Húsavíkurrafveitu 96500		
	Bráðabirgðalán úr raforkusjóði til greiðslu á rekstrarhalla 1947 462000		
		2 479 000	
III.	Rafmagnseftirlit ríkisins:		
1.	Laun:		
	a. Grunnlaun 76500		
	b. Verðlagsuppbót 145290		
		221 790	
2.	Ferðakostnaður	69 000	
3.	Áhaldakostnaður	30 000	
4.	Annar kostnaður	95 210	
		416 000	
	÷ Tekjur:		
	Árgjöld rafveitna 160000		
	Aðflutningsgjöld o. a. 135000		
		295 000	
			121 000
IV.	Raforkuráð:		
	Þóknun og skrifstofukostnaður		15 000
V.	Raforkusjóður:		
	Tillag ríkissjóðs samkv. lögum nr. 12 2. apríl 1946 ..		2 000 000

16. gr.

		kr.	kr.
VI.	Jarðboranir og gufuvirkjunarrannsóknir:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun	17800	
	b. Verðlagsuppbót	33800	
		51 600	
	2. Bormannalaun	650 000	
	3. Annar kostnaður	333 400	
		1 035 000	
	÷ Tekjur:		
	Borkostnaður greiddur af einstaklingum og sveitarfélögum	585 000	
			450 000
	4. Til kaupa á einum höggbor og einum rannsóknarbor	200 000	
			200 000
	Samtals	. . .	3 062 000

17. gr.

Til félagsmála er veitt:

		kr.	kr.
1.	Tillag til bjargráðasjóðs, samkv. l. nr. 45 1913		33 000
2.	Til alþýðutrygginga:		
	I. a. Framlag samkv. 116. gr. laga nr. 50/1946	16550 000	
	b. Framlag samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943	2200 000	
			18 750 000
	II. Endurgreiðsla samkv. 99. gr. laga nr. 50/1946 á framlagi Lífeyrissjóðs Íslands til ellilauna og örorkubóta samkv. 78. gr. laga nr. 74/1937		260 000
3.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 39 1935 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna		15 000
4.	Gjöld samkvæmt 20. og 22. gr. framfærslulaga, nr. 52 1940		20 000
5.	5. Gamalmennahæli:		
	a. Til elliheimilisins Grundar í Reykjavík:		
	1. Rekstrarstyrkur 7000		
	enda greiði vistmenn sem framfærslusveit eiga utan Reykjavíkur ekki hærra daggjald en bæjarmenn.		
	2. Byggingarstyrkur 50000		
		57 000	
	b. Til sjö gamalmennahæla utan Reykjavíkur, 3000 kr. til hvers	21 000	
			78 000
6.	Til sambands íslenzkra berklasjúklinga:		
	a. Byggingastyrkur	400 000	
	b. Rekstrarstyrkur vegna læknislauna	32 190	
			432 190
7.	Til sumardvalarheimila, dagheimila og vistarheimila fyrir börn úr bæjum og kauptúnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að		200 000
8.	Kostnaður við barnaverndarráð		40 000
9.	Til barnavinafélagsins Sumargjafar, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi frá Reykjavíkurbæ		150 000
10.	Til upptökuheimilis fyrir börn og unglinga		25 000
11.	Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi:		
	a. Til Rauðakross Íslands	15 000	
	b. Til Sambands íslenzkra berklasjúklinga	3 000	
	c. Til félagsins „Heyrnarhjálpar“	5 000	
	d. Til félagsins „Sjálfbjargar“	2 000	
	e. Til mæðrastyrksnefnda	50 000	
	Þar af 15 þús. kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur. Ráðherra úthlutar fénu, að fengnum tillögum mæðrastyrksnefndar í Reykjavík.		75 000
12.	Til slysavarna		100 000
13.	Til umferðarslysavarna		50 000
14.	Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis		5 000
15.	Til Stórstúku Íslands til bindindisstarfsemi		200 000
	Þar af til bindindisstarfsemi í skólum 15 000.		

17. gr.

	kr.	kr.
16. Ungmennastarfsemi:		
a. Til Ungmennafélags Íslands	12 000	
Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um það, hvernig fénu er varið.		
b. Til Bandalags skáta	2 000	
c. Til Bandalags íslenzkra farfugla	1 500	
		15 500
17. Til Kvenfélagasambands Íslands, til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju		125 000
18. Til kvennaheimilisins Hallveigarstaða, byggingarstyrkur		50 000
19. Til Kvenréttindafélags Íslands		15 000
20. Til vinnumiðlunar		20 000
21. Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga		700 000
22. Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna		450 000
23. Til Bálfarafélags Íslands		35 000
24. Til Dýraverndunarfélags Íslands til dýraverndunarstarfsemi		5 000
25. Til kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, rekstrarhalli		20 000
Samtals ...	. . .	21 868 690

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Embættismenn:			
1. Ari Arnalds, fyrrv. sýslumaður	1968.75		
2. Ágúst H. Bjarnason prófessor	2405.00		
3. Bogi Brynjólfsson, fv. sýslum.	1885.00		
4. Dr. Einar Arnórsson, fv. hæstar.d. ..	15000.00		
5. Einar Sæmundsen, fv. skógarvörður	2670.00		
6. Guðm. Björnsson, fv. sýslum.	2502.81		
7. Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslum. ..	2442.69		
8. Guðm. Guðmundsson, fv. héraðsl.	1625.00		
9. Guðm. Sveinbjörnsson, fv. skrifststj. .	1820.00		
10. Halldór Kr. Júlíusson, fv. sýslum. ..	1985.00		
11. Halldór Steinsson, fv. héraðslæknir ..	1562.50		
12. Ingólfur Gíslason, fv. héraðslæknir ..	1781.85		
13. Jóhannes Jóhannesson, fv. bæjarfóg. .	7620.00		
14. Jón Hermannsson, fv. tollstjóri	7620.00		
15. Jónas Kristjánsson, fv. héraðslæknir .	1620.00		
16. Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti	2374.48		
17. Magnús Jónsson, fyrrv. bæjarfógeti .	6370.00		
18. Magnús Torfason, fyrrv. sýslum.	3650.00		
19. Ólafur Daníelsson, fv. yfirkennari ..	1812.50		
20. Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir ..	1620.00		
21. Ólafur Thorlacius, fv. héraðslæknir .	1397.50		
22. Páll Einarsson, fv. hæstaréttardómari	15000.00		
23. Sigurður Briem, fv. póstmeistari ...	7620.00		
24. Sigurður Thoroddsen, fv. yfirkennari	1843.75		
25. Sigurjón Jónsson, fv. héraðslæknir ..	1551.88		
26. Sigurjón Markússon, fv. sýslumaður .	2145.00		
27. Skúli Árnason, fv. héraðslæknir	1300.00		
28. Steingrímur Jónsson, fv. bæjarfógeti .	7120.00		
29. Steingrímur Matthíasson, fv. héraðsl. .	1397.50		
30. Þorbjörn Þórðarson, fv. héraðslæknir	1625.00		
31. Þórður Sveinsson, fv. yfirlæknir	2328.79		
32. Þorkell Þorkelsson, fv. veðurstofustj.	11100.00		
		124 765 00	
b. Embættismannaekkjur:			
1. Aðalbjörg Jakobsdóttir, læknisekkja .	710.94		
2. Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja próf. Har. Níelss.	552.50		
3. Álfheiður Briem	1015.63		
4. Anna Gunnlaugsson, læknise., Vestm.	243.75		
5. Anna Kl. Jónsson ráðherraekkja	1220.00		
6. Cathinka Sigfússon kennaraekkja ...	390.00		
7. Guðrún B. Gísladóttir læknisekkja ..	307.73		
8. Guðrún Tulinius sýslumannsekkja ..	762.37		
9. Ingibjörg Magnúsdóttir læknisekkja .	345.31		
10. Ingibjörg Sigurðardóttir læknisekkja	243.75		
11. Ingileif Aðils prófessorsekkja	552.50		
12. Jenny Forberg landssímastjóraekkja .	812.50		

18. gr.

		kr.	kr.
13.	Jónasína E. Hallgrímsdóttir, ekkja Á. Þ., fv. menntskólakennara	900.20	
14.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja ..	385.94	
15.	Margrét Árnadóttir sýslumannsekkja	568.75	
16.	Margrete Kaldalóns læknisekkja	535.00	
17.	Margrét Kr. Lárusdóttir læknisekkja .	243.75	
18.	Rannveig Tómasdóttir læknisekkja ..	304.69	
19.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja .	345.31	
20.	Sigríður H. Jensson yfirdómaraekkja	812.50	
21.	Sigríður Jónsdóttir prófessorsekkja ..	1539.20	
22.	Sigríður R. Pálsson yfirkennaraekkja	731.25	
23.	Sigrún Bjarnason yfirkennaraekkja ..	650.00	
24.	Soffía Guðmundsson ráðherraekkja ..	731.25	
25.	Solveig Eggerz	6570.00	
26.	Steinunn Frímannsdóttir skólameistaraekkja	1163.21	
27.	Súsanna Fr. Erlendsson læknisekkja	304.69	
28.	Theodóra Thoroddsen sýslum.ekkja .	869.65	
29.	Valgerður Sveinsdóttir læknisekkja .	568.75	
30.	Vigdís G. Blöndal læknisekkja	304.69	
31.	Þóra Gísladóttir læknisekkja	345.31	
32.	Þóra Magnússon ráðherraekkja	1950.00	
33.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja ..	511.88	
			27 493 00
c.	Prestsekkjur:		
1.	Anna Stefánsd. frá Stað í Súgandaf. ..	162.50	
2.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	162.50	
3.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagaf.	162.50	
4.	Björg Einarsdóttir Dvergasteini	417.37	
5.	Guðbjörg Hermannsd. frá Þingvöllum	192.24	
6.	Guðný Þorsteinsdóttir frá Nesi, Norðf.	205.47	
7.	Guðríður Helgad. frá Kvennabrekku .	273.00	
8.	Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík	220.58	
9.	Guðrún Hermannsd. frá Breiðabólsstað	346.03	
10.	Guðrún G. Jóhannesdóttir frá Bergst.	174.75	
11.	Guðrún Runólfsdóttir	267.27	
12.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	218.40	
13.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	313.63	
14.	Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað	118.53	
15.	Helga Stephensen frá Holti	299.59	
16.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	203.61	
17.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási ..	230.91	
18.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	162.50	
19.	Jóhanna Pálsdóttir frá Otradal	201.14	
20.	Jóhanna Magnúsd. frá Staðarhrauni..	364.00	
21.	Liney Sigurjónsdóttir frá Görðum ...	511.57	
22.	Margrét Jónasdóttir frá Stað	213.46	
23.	Margrét Sigurðardóttir frá Höskuldss.	214.26	
24.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað á Reykjanesi	312.86	

18. gr

		kr.	kr.
25. Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	213.46		
26. Sigríður Hansdóttir frá Djúpavogi	179.14		
27. Sigríður Helgadóttir frá Odda	350.51		
28. Sigríður Jóhannesdóttir frá Hruna	210.31		
29. Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	239.69		
30. Sigurlaug Árnad. Knudsen frá Breiðabólsstað	216.13		
31. Steinunn E. Stephensen frá Bjarnanesi	325.36		
32. Vilborg Jónsdóttir frá Prestbakka	166.81		
33. Þóra Jónsdóttir Auðkúlu	134.42		
34. Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka	162.50		
		8 147 00	
d. Framlag samkv. l. nr. 51 1921, 8. gr.			
1. Aldný Magnúsdóttir símritaraekkja	286.00		
2. Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	390.00		
3. Ásta Einarson dýralæknisekkja	325.00		
4. Ásta Halldórsdóttir póstafgrm.ekkja	312.00		
5. Björg Jónsd. prestsekkja frá Vallanesi	260.00		
6. Guðbjörg Tómasdóttir læknisekkja	455.00		
7. Guðbjörg Árnadóttir læknisekkja	455.00		
8. Guðfinna Þórðard. vitavarðarekkja	117.00		
9. Harriet Jónsson lagaprófessorsekkja	585.00		
10. Hedvig Blöndal póstritaraekkja	455.00		
11. Hrefna Jóhannesdóttir læknisekkja	390.00		
12. Ida Stefánsdóttir símamannsekkja	286.00		
13. Ingibjörg Guðjónsd. símritaraekkja	234.00		
14. Ingibjörg Ögmundsdóttir símstj.ekkja	234.00		
15. Kristín Guðmundsdóttir	195.00		
16. Lára Bjarnadóttir símritaraekkja	286.00		
17. Margrét Lárusdóttir læknisekkja	390.00		
18. Margrét Þórðardóttir læknisekkja	585.00		
19. María Guðmundsd. fiskmatsm.ekkja	312.00		
20. María J. Klemens póstafgrm.ekkja	312.00		
21. Marta Eiríksdóttir læknisekkja	390.00		
22. Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	234.00		
23. Rigmor Ófeigsson yfirkennaraekkja	442.00		
24. Sigríður Gilsdóttir fangavarðarekkja	234.00		
25. Þrúður I. Jónsdóttir símstjóraekkja	338.00		
26. Þuríður Benediktsdóttir læknisekkja	390.00		
		8 892 00	
e. Verðlagsuppbót		321 665 00	
			490 962
II. Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Ari Arnalds, fyrrv. bæjarfógeti	4275,00		
2. Ágúst H. Bjarnason prófessor	5000,00		
3. Bogi Brynjólfsson, fyrrv. sýslumaður	1040,00		
4. Eggert Stefánsson, fyrrv. símafulltrúi Akureyri	1950,00		
5. Einar Sæmundsen, fv. skógarvörður	1950.00		

18. gr.

		kr.	kr.
6.	Eiríkur Kjerúlf læknir	1625,00	
7.	Guðmundur Björnsson, fyrrv. sýslum.	1625,00	
8.	Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslumaður	2925,00	
9.	Guðm. Guðmundsson, fv. héraðslæknir	4000,00	
10.	Guðm. Sveinbjörnsson, fyrrv. skrif-		
11.	stofustjóri	7500,00	
	Halldór Kr. Júlíusson, fyrrv. sýslum.	1300,00	
12.	Halldór Steinsson, fyrrv. héraðslæknir	3245,00	
13.	Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir í		
14.	Borgarnesi	1625,00	
	Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir á		
15.	Djúpavogi, biðlaun, full embættislaun	10200.00	
	Jakob Kristinsson, fyrrv. fræðslum.stj.,		
16.	lögboðinn lífeyrir meðtalinn	7620,00	
	Jakob Jóh. Smári, adjunkt, biðlaun, ¾		
17.	embættislauna	7200,00	
	Jónas Kristjánsson, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
18.	Jósep Björnsson, fyrrv. skólastjóri	2565,00	
19.	Karl Finnbogason, fyrrv. skólastj.	2100,00	
20.	Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri	2515,00	
21.	Magnús Jónsson, fyrrv. bæjarfógeti	1200,00	
22.	Magnús Torfason, fyrrv. sýslumaður	2970,00	
23.	Ólafur Daníelsson, fyrrv. yfirkennari	3245,00	
24.	Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
25.	Ólafur Thorlacius, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
26.	Páll Halldórsson, fyrrv. skólastjóri	1625,00	
27.	Sigurður Thoroddsen, fyrrv. yfirkennari	3245,00	
28.	Sigurjón Markússon, fyrrv. sýslum.	4455,00	
29.	Skúli Árnason, fyrrv. héraðslæknir	870,00	
30.	Steingrímur Matthíasson, fyrrv. héraðsl.	1625,00	
31.	Th. Krabbe, fyrrv. vitamálastjóri	2160,00	
32.	Þorbjörn Þórðarson, fv. héraðslæknir	1140,00	
33.	Þórður Sveinsson, fyrrv. yfirlæknir	3245,00	
34.	Þorkell Þorláksson, fyrrv. aðstoðarm.	2440,00	
			103 355
b.	Embættismannaekkjur og börn:		
1.	Aðalbjörg Jakobsdóttir læknisekkja	815,00	
2.	Aðalbjörg Sigurðardóttir	1950,00	
3.	Anna Ásmundsdóttir	1000,00	
4.	Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar	730,00	
5.	Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	975,00	
6.	Ásta Einarson	975,00	
7.	Camilla Hallgrímsson	1235,00	
8.	Cathinka Sigfússon	1625,00	
9.	Guðbjörg Tómasdóttir, 975 kr., auk 490		
	kr. með hverju barni í ómegð	2445,00	
10.	Guðlaug Magnúsdóttir	3245,00	
11.	Harriet Jónsson	730,00	
12.	Helga Finnsdóttir	1950,00	

18. gr.

		kr.	kr.
13.	Hrefna Jóhannesdóttir 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	1955,00	
14.	Ingileif Snæbjarnardóttir Aðils	650,00	
15.	Jenny Forberg	975,00	
16.	Jónasína E. Hallgrímsdóttir	1400.00	
17.	Júliana Jónsdóttir, ekkja H. Jónssonar dýralæknis	815,00	
18.	Kristín Thorberg	600,00	
19.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja	975,00	
20.	Laufey Vilhjálmsdóttir	3870,00	
21.	Magnea Ásgeirsson	325,00	
22.	Margrete Kaldalóns	4565,00	
23.	Margrét Árnadóttir	975,00	
24.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Guðfinnssonar héraðslæknis	1140,00	
25.	Margrét K. Lárusdóttir læknisekkja	650,00	
26.	Margrét Þórðardóttir læknisekkja, 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	2445,00	
27.	Ragnheiður Jónasson sýslumannsekkja	1300,00	
28.	Rannveig Tómasdóttir	975,00	
29.	Rigmor Ófeigsson	1300.00	
30.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja	1300,00	
31.	Sigríður Finnbogadóttir	1300,00	
32.	Sigríður Fjeldsted	975,00	
33.	Sigríður Gilsdóttir	578,00	
34.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Sigurðar heit. Magnússonar, prófessors	2450.00	
36.	Sigríður Hjaltadóttir Jensson	1300,00	
35.	Sigrún Bjarnason	975,00	
37.	Sofia Guðmundsson	3245,00	
38.	Soffía Hjaltested	975.00	
39.	Stefanía Stefánsdóttir	400,00	
40.	Steinunn Frímannsdóttir	730.00	
41.	Súsanna Friðriksdóttir Erlendsson	815,00	
42.	Theodóra Thoroddsen	1950,00	
43.	Valgerður Sveinsdóttir, læknisekkja	1140,00	
44.	Vigdís Blöndal	815,00	
45.	Þóra Gísladóttir, læknisekkja	1465,00	
46.	Þórhildur Eiríksdóttir Magnús	975,00	
47.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja	650,00	
48.	Þrúður Ingibjörg Jónsdóttir	600,00	
49.	Þuríður Benediktsdóttir, læknisekkja, 1140 kr., auk 490 kr. með barni í ómegð	1630,00	
			66 858
c.	Uppgjafaprestar:		
1.	Árni Þórarinsson	945,00	
2.	Ásgeir Ásgeirsson, Hvammi	1025,00	
3.	Ásmundur Gíslason	1275,00	
4.	Böðvar Bjarnason	1950,00	

18. gr.

		kr.	kr.
5.	Einar Pálsson	1190,00	
6.	Einar Thorlacius	900,00	
7.	Dr. Eiríkur Albertsson, lögboðinn lífeyrir meðtalinn	7620,00	
8.	Friðrik Hallgrímsson, fyrrv. dómprófastur	7127,00	
9.	Haraldur Þórarinsson	1300,00	
10.	Ingvar Nikulásson	1115,00	
11.	Jes A. Gíslason	815,00	
12.	Jón Norðfjörð Johannessen	1235,00	
13.	Kristinn Daníelsson	1335,00	
14.	Magnús Bjarnarson	1065,00	
15.	Matthías Eggertsson	1245,00	
16.	Ófeigur Vigfússon	945,00	
17.	Ólafur Magnússon	685,00	
18.	Pálmi Þóroddsson	920,00	
19.	Runólfur Magnús Jónsson	1185,00	
20.	Sigtr. Guðlaugsson	4495,00	
21.	Stefán Kristinsson	1625,00	
22.	Theódór Jónsson	2330,00	
23.	Vigfús Þórðarson	1115,00	
24.	Þórður Ólafsson	1090,00	
25.	Þorsteinn Briem	9000,00	
26.	Þorvaldur Jakobsson	2070,00	
27.	Þorvarður Þorvarðsson	1260,00	
			56 862
d.	**Prestsekkjur:**		
1.	Anna Stefánsdóttir frá Stað	975,00	
2.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	975,00	
3.	Auður Gísladóttir	1140,00	
4.	Bergljót Blöndal	975,00	
5.	Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini	975,00	
6.	Björg Jónasdóttir frá Eskifirði	1140,00	
7.	Björg Jónsdóttir frá Vallanesi	1140,00	
8.	Dorothea Guðmundsson	1140,00	
9.	Guðbjörg Guðmundsdóttir	1300,00	
10.	Guðbjörg Hermannsdóttir	945,00	
11.	Guðný Þorsteinsdóttir	930,00	
12.	Guðríður Helgadóttir	1110,00	
13.	Guðríður Ólafsdóttir	915,00	
14.	Guðrún Hermannsdóttir	650,00	
15.	Guðrún J. Jóhannesdóttir	1790,00	
16.	Guðrún Jónsdóttir 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	4890,00	
17.	Guðrún P. Jónsdóttir frá Sauðlauksdal 1950 kr., auk 490 kr. með barni hennar til 16 ára aldurs	2440,00	
18.	Guðrún Runólfsdóttir	1140,00	
19.	Guðrún Torfadóttir	1140,00	
20.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	1140,00	

18. gr.

		kr.	kr.
21.	Helga Skúladóttir	1020,00	
22.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	1140,00	
23.	Ingibjörg Magnúsdóttir	1140,00	
24.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	1140,00	
25.	Ingveldur Ólafsdóttir	975,00	
26.	Jóhanna Magnúsdóttir prófastsekkja	1140,00	
27.	Jóhanna Pálsdóttir frá Otradal	1140,00	
28.	Líney Sigurjónsdóttir	1465,00	
29.	Margrét Jónasdóttir	1140,00	
30.	Margrét Björnsdóttir frá Bíldudal, 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barna hennar til 16 ára aldurs	3420,00	
31.	Margrét Sigurðardóttir prófastsekkja	1465,00	
32.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað	1140,00	
33.	Sigríður Hansdóttir	1275,00	
34.	Sigríður Helgadóttir	1140,00	
35.	Sigríður Jóhannesdóttir	1140,00	
36.	Sigríður Kjartansdóttir, 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barna sinna	3910,00	
37.	Sigrún Kjartansdóttir	1140,00	
38.	Sigurlaug Knudsen	1140,00	
39.	Steinunn Eiríksdóttir Stephensen	975,00	
40.	Steinunn Pétursdóttir	1140,00	
41.	Vilborg Jónsdóttir	1140,00	
42.	Þorbjörg Pálsdóttir	650,00	
43.	Þóra Jónsdóttir	1000,00	
			57 825
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:		
1.	Aðalbjörg Steinsdóttir	815,00	
2.	Ásdís Þorgrímsdóttir	490,00	
3.	Áslaug Thorlacius	1500,00	
4.	Ásta Magnúsdóttir	325,00	
5.	Brynjólfur Þorláksson söngkennari	1950,00	
6.	Elísabet Jónsdóttir	490,00	
7.	Friðrik Bjarnason tónskáld	1625,00	
8.	Guðbjörg Kristjánsdóttir	1950,00	
9.	Hallgrímur Jónsson skólastjóri	3635,00	
10.	Ingunn Bergmann kennslukona	815,00	
11.	Ingivaldur Nikulásson kennari	650,00	
12.	Lárus Bjarnason skólastjóri	5310,00	
13.	Lárus Rist kennari	975,00	
14.	Magdalena Ásgeirsdóttir, ekkja Bergsveins Haraldssonar kennara, kr. 200,00 og kr. 350,00 með hverju barni þeirra innan 16 ára	1600,00	
15.	Margrét Rasmus	4495,00	
	Sama, húsaleigukostn. (án verðl.uppb.)	1800,00	
16.	Ragnheiður Torfadóttir	650,00	
17.	Samúel Eggertsson	815,00	
18.	Sigurður Sigurðsson	1000,00	
19.	Sigurjón Rögnvaldsson	325,00	

18. gr.

		kr.	kr.
20. Valdimar Snævarr	2680,00		
21. Viktoría Bjarnadóttir	245,00		
22. Vilborg Torfadóttir, ekkja Eyjólfs Sveinssonar kennara	490,00		
23. Þorleifur Erlendsson	600,00		
		35 230	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra, samkv. úthlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins eftir tillögum póst- og símamálastjóra		34 450	
g. Sigurður Nordal, samkvæmt samningi		3 245	
h. Ólafur Friðriksson		2 925	
i. Dr. Helgi Péturss		7 620	
j. Séra Guðmundur Einarsson		3 245	
k. Sigurjón Friðjónsson		3 245	
l. Páll E. Ólason dr. phil. enda semji hann ókeypis ævisögur lærðra manna fyrir bókmenntafélagið.		9 120	
m. Árni Pálsson		6 605	
n. Páll Sveinsson yfirkennari, biðlaun, full embættisl.		9 600	
o. Árni Thorsteinsson tónskáld		4 495	
p. Sigurbjörn Sveinsson		3 245	
q. Lárus Sigurjónsson skáld		2 440	
r. Dr. Jón Stefánsson, London, án verðlagsuppbótar		3 146	
s. Ekkjur og börn skálda og listamanna:			
1. Anna Pálsdóttir 975 kr., auk 490 kr. með hvoru fósturbarna sinna	1955,00		
2. Eleanor Sveinbjörnsson	1950,00		
3. Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	1625,00		
4. Guðrún Oddsdóttir	1625,00		
5. Ólína Þorsteinsdóttir	1625,00		
6. Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	815,00		
7. Sigríður Snæbjarnardóttir, ekkja Þór. B. Þorlákssonar málara	815,00		
8. Sigurlaug G. Gröndal	650,00		
9. Valborg Einarsson	1625,00		
10. Valgerður Benediktsson	3870,00		
11. Þórunn Pálsdóttir, ekkja Þorsteins Gíslasonar	1625,00		
		18 180	
t. Hafnsögumenn, vitaverðir og vitavarðaekkjur, skv. úthlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, eftir tillögum vitamálastjóra		13 165	
u. Matsmenn, samkv. úthlutun atvinnumálaráðuneytisins		19 580	
v. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Aðalheiður Pálsdóttir ljósmóðir	490,00		
2. Ágústa Þ. Ólafsdóttir	490,00		
3. Andrés Johnson, fornminjasafnari	6370,00		
4. Anna Bjarnadóttir, ekkja Hj. Láruss.	490,00		
5. Arndís Sigurðardóttir	490,00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
6.	Arnleif Kristjánsdóttir	490,00	
7.	Ásdís M. Sigurðardóttir ljósmóðir	490,00	
8.	Ásgeir Jónsson, Gottorp	490,00	
9.	Ásta Þorvaldsdóttir	490,00	
10.	Björg Guðmundsdóttir	650,00	
11.	Björn Einarsson	3245,00	
12.	Davíð Gíslason	975,00	
13.	Eggert Brandsson, sjómaður	1950,00	
14.	Einar Markússon, fyrrv. ríkisbókari ..	3245,00	
15.	Einar E. Sæmundsen	1950,00	
16.	Elín Runólfsdóttir	300,00	
17.	Friðfinnur Guðjónsson leikari	1300,00	
18.	Gróa Dalhoff	1300,00	
19.	Guðbjörg Jónsdóttir ljósmóðir	490,00	
20.	Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti	650,00	
21.	Guðmundur Davíðsson, fv. umsjónarm.	2440,00	
22.	Guðm. Gestsson, fv. dyrav. Menntaskól.	1950,00	
23.	Guðríður Eiríksdóttir	815,00	
24.	Guðrún Egilson	3245,00	
25.	Guðrún Indriðadóttir leikkona	1300,00	
26.	Guðrún Ragúels	490,00	
27.	Halldór Brynjólfsson blindi	570,00	
28.	Halldóra Þórðardóttir	975,00	
29.	Helga Ingibjörg Stefánsdóttir, loftskeytamannsekkja	490,00	
30.	Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður	1300,00	
31.	Henriette Kjær, fv. yfirhjúkrunarkona	975,00	
32.	Hlín Johnson	2925,00	
33.	Hólmfríður Björnsdóttir, ekkja G. Hjaltasonar	490,00	
34.	Hólmgeir Jensson	490,00	
35.	Ingibjörg Guðjónsdóttir	490,00	
36.	Ingibjörg Jakobsdóttir	600,00	
37.	Ingibjörg Lárusdóttir, Blönduósi	815,00	
38.	Ingibjörg Loftsdóttir, ljósmóðir	490,00	
39.	Ingólfur Jónsson, fv. leiðsögumaður frá Ísafirði	815,00	
40.	Jón Bach, fyrrv. dyravörður	2000,00	
41.	Jón Runólfsson, fyrrv. sýsluskrifari ..	975,00	
42.	Jóney Guðmundsdóttir, ekkja Guðjóns Guðlaugssonar	975,00	
43.	Jónína Marteinsdóttir, fyrrv. hjúkrunar-		
44.	kona	490,00	
	Kristín Eiríksdóttir ljósmóðir	490,00	
45.	Kristín Guðmundsdóttir, ekkja E.		
46.	Helgasonar	975,00	
47.	Kristjana Benediktsdóttir	650,00	
48.	Kristólína Kragh	490,00	
49.	Lára Bjarnadóttir	650,00	
50.	Margrét Ásmundsdóttir	650,00	
51.	María Sigurðardóttir	490,00	

18. gr.

		kr.	kr.
52.	Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	815,00	
53.	Matthías Þórðarson frá Móum	1950,00	
54.	Níelsína Ólafsdóttir, ekkja Daníels Daníelssonar	975,00	
55.	Ólafur Guðmundsson, fyrrv. ferjum.	1625,00	
56.	Ólafur Ketilsson	815,00	
57.	Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erlingssonar	815,00	
58.	Petrea Jónsdóttir	490,00	
59.	Ragnheiður Erlendsdóttir	490,00	
60.	Runólfur Pétursson, innhm.	975,00	
61.	Sigríður Gísadóttir frá Skógarnesi, 490 kr., og 165 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	1150,00	
62.	Sigríður Gísladóttir	490,00	
63.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir frá Þórshöfn	490,00	
64.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir	490,00	
65.	Soffía Ásgeirsdóttir hjúkrunarkona	815,00	
66.	Valgerður Steinsson, fv. spítalaráðsk.	815,00	
67.	Þóra Sigurðardóttir	490,00	
			70 535
x.	Magnús Friðriksson hreppstjóri		3 870
y.	Verðlagsuppbót		1 020 378
z.	Framlag ríkissjóðs samkv. 10. gr. lífeyrissjóðslaga, nr. 101 1943 og 8. gr. laga nr. 102 1943		2 250 000
þ.	Framlag ríkissjóðs samkv. 6. gr. reglugerðar frá 24. nóv. 1944		200 000
			4 009 219
	Samtals	. . .	4 500 181

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 500 000 krónur.

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar:		
1. Samkvæmt 3. gr. A.	472 000	
2. — 11. — A.	7 500	
3. — 12. —	70 000	
4. — 13. —	894 000	
5. — 15. —	10 000	
6. — 16. —	40 000	
		1 493 500
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og dönskum ríkisskuldabréfum		2 343 000
III. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10 000
IV. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50 000
Samtals ...	. . .	3 896 500
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán ... 2572051		
b. Lán í dönskum krónum ... 473677		
	3 045 728	
2. Lán ríkisstofnana:		
a. Lndssíminn (sjá 3. gr. A. 1.) ... 600000		
b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.) ... 89100		
	689 100	
		3 734 828
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
1. Landssíminn (ný símakerfi o. fl.)	2 500 000	
2. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.)	1 120 000	
		3 620 000
III. Til bygginga á jörðum ríkisins		350 000
IV. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana		2 000 000

	kr.	kr.
V. Til vitamála, eignaaukning:		
a. Til byggingar áhalda- og skrifstofuhúss	200 000	
b. Til byggingar vitaskips (lokagreiðsla)	700 000	
c. Til að gera nýja vita	350 000	
d. Til byggingar vitavarðarhúss á Reykjanesi	120 000	
		1 370 000
VI. Til flugvallagerða og lendingarbóta fyrir flugvélar:		
a. Vestmannaeyjaflugvöllur	300 000	
b. Flugskýli og dráttarbraut á Ísafirði	100 000	
		400 000
VII. Til byggingar Menntaskólahúss í Reykjavík		500 000
VIII. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri		250 000
IX. Til byggingar sjómannaskólans		1 000 000
X. Til byggingar íþróttakennaraskóla		255 000
XI. Til byggingar þjóðminjasafns		500 000
XII. Til byggingar skólastjórabústaðar á Hólum		100 000
XIII. Til byggingar kennarabústaðar á Hvanneyri		50 000
XIV. Til byggingar bændaskóla í Skálholti		500 000
XV. Til byggingar varðskipa		1 000 000
XVI. Til bygginga á prestssetrum		450 000
Samtals ...	. . .	16 079 828

21. gr

I. Rekstrar-

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		105 200 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		30 386 572
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		588 107
5. gr.	Óvissar tekjur		100 000
	Rekstrarhalli		9 742 130
	Samtals ...	. . .	146 026 809

II Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	136 284 679
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar	1 493 500
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	2 343 000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10 000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50 000
	Greiðslujöfnuður	21 925 458
	Samtals ...	162 106 637

Yfirlit.
yfirlit.

		Gjöld:	kr.	kr.
7. gr.		Vextir		1 169 193
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		362 603
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		1 515 576
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		4 127 484
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	8 378 734	
—	B.	Opinbert eftirlit	1 141 833	
—	C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	3 857 309	
—	D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	825 000	14 202 876
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		11 826 819
13. gr.	A.	Vegamál	19 261 920	
—	B.	Samgöngur á sjó	3 010 000	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	7 114 000	
—	D.	Flugmál	4 259 700	33 645 620
14. gr.	A.	Kirkjumál	3 161 760	
—	B.	Kennslumál	23 382 358	26 544 118
15. gr.	A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	2 070 413	
—	B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	3 353 181	5 423 594
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	15 652 695	
—	B.	Sjávarútvegsmál	964 500	
—	C.	Iðnaðarmál	660 860	
—	D.	Raforkumál	3 062 000	20 340 055
17. gr.		Til félagsmála		21 868 690
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		4 500 181
19. gr.		Óviss útgjöld		500 000
		Samtals ...	...	146 026 809

yfirlit.

		Út:	kr.
7.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	146 026 809
		Aðrar útborganir:	
20. gr.	I.	Afborganir lána og eignaaukningar skv. 20. gr. Út	16 079 828
		Samtals ...	162 106 637

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að greiða Kristjönu Jónsdóttur, skrifstofukonu í fræðslumálaskrifstofunni, hálf laun meðan hún er sjúklingur.
II. Að greiða Ágústu Erlendsdóttur símakonu 1 200 kr. á ári, meðan hún er sjúklingur.
III. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.
IV. Að greiða Ólafi Magnússyni, fyrrv. prófasti í Arnarbæli, 1 400 kr. vegna vangoldinna þjónustulauna við Strandarkirkju í Selvogi.
V. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.
VI. Að verja úr ríkissjóði allt að 200 þús. kr. til þess að reisa embættisbústaði fyrir héraðsdómara.
VII. Að verja allt að 4 000 kr. til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.
VIII. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.
IX. Að greiða allt að 100 þús. kr. vegna rekstrarhalla, sem kynni að verða á fyrirhugaðri landbúnaðarsýningu í Reykjavík 1946.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1946 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs næsta ár nemi kr. 136 284 679.00 en útgjöld kr. 146 026 809.00, þannig, að rekstrarhalli verði kr. 9 742 130, en greiðslujöfnuður kr. 21 925 458.00.

Er þetta langhæsta fjárlagafrumvarp, sem nokkru sinni hefur verið lagt fyrir Alþingi og sérstaklega útgjöldin aldrei verið áætluð svo há. Tekjur ríkissjóðs hafa á undanförnum árum farið stöðugt hækkandi, vegna tiltölulega góðrar afkomu atvinnuveganna, hækkandi vísitölu, síauknum innflutningi erlendra tollvara og mikillar kaupgetu almennings.

Hin mikla aukning útgjalda á að nokkru leyti rót sína að rekja til þess, að reiknað er með nokkru hærri vísitölu, eða 290 stig í stað 275 stig í gildandi fjárlögum, en að lang mestu leyti stafar hún af margháttaðri lagasetningu síðasta Alþingis, sem hefur í för með sér ný útgjöld, er skipta tugum milljóna. Má þar tilnefna hina nýju löggjöf um almannatryggingar, sem áætlað er, að hafi um 14 milljón króna útgjaldaaukningu í för með sér, lög um landnám og nýbyggðir í sveitum, útgjaldaaukning um 4 millj. kr. Lög um raforkumál 2.5 millj. auk hinna nýju fræðslulaga, sem reynslan ein getur skorið úr, hve kostnaðarsöm verða fyrir ríkissjóð, en vafalaust veltur á milljónum árlega og fara mun stöðugt vaxandi. Loks má nefna flugmálin, en útgjöld til þeirra er ráðgert, að hækka þurfi frá gildandi fjárlögum um 3.3 millj., og er þá raunar allt í óvissu um þennan kostnað á næsta ári.

Ástæða er til að halda, að tekjustofnar þeir, sem fyrir eru, mundu nægja fyrir rekstrarútgjöldum ríkissjóðs, eins og þau hafa verið fram að þessu og fyrir nauðsynlegum framkvæmdum, sem ríkið þarf að hafa með höndum árlega, en svo stórkostlega útgjaldaaukning, sem hin nýja löggjöf hefur í för með sér, þola þeir ekki.

Skal nú vikið að einstökum liðum fjárlaganna.

TEKJUBÁLKURINN

Um 2. gr.

Tekjur eru áætlaðar um 14 millj. kr. hærri á frv. en gildandi fjárlögum, og hefur þar verið stuðzt við reynslu þá, sem fengin er á þessu ári, og er þegar vitað, að ýmsir tekjuliðir munu fara langt fram úr áætlun fjárlaga.

Álagður tekju- og eignarskattur með viðauka nemur í ár 36.6 millj. kr. Með hliðsjón af hærri vísitölu á þessu ári en 1945 og eftir því, sem gera má ráð fyrir um afkomu atvinnuveganna, hefur þessi liður verið áætlaður 35 millj. kr. og má þá raunar ekkert út af bera varðandi atvinnurekstur landsmanna, það sem eftir er ársins, til þess að þessi áætlun standist. Stríðsgróðaskattur nemur í ár rúmar 9 millj. kr., en með hliðsjón af því að þessar tekjur koma að mestu leyti frá sjávarútveginum, sem sennilega mun eiga við nokkra örðugleika að stríða fram að næstu áramótum, hefur ekki þótt fært að hækka áætlun fjárlaganna fyrir þetta ár, að því er þennan tekjulið snertir.

Vörumagnstollur nam 1. sept. þ. á. 8.3 millj. kr. og verðtollur rúmum 33.5 millj. Er fyrirsjáanlegt, að þessir tekjuliðir munu fara allverulega fram úr áætlun, og mun verðtollurinn nema fast að 50 millj. króna, ef að líkindum ræður. Innflutningur hefur verið með mesta móti í ár, einkanlega á byggingarefni, vélum og bifreiðum. Þó að eitthvað kunni að draga úr innflutningi á þessum vörutegundum á næsta ári, má þó gera ráð fyrir, að verðtollurinn komist yfir 40 millj. á næsta ári, þó því aðeins, að nógur gjaldeyrir verði fyrir hendi og engar sérstakar hömlur verði lagðar á þær vörur, sem hæstur tollur er greiddur af, svo sem vefnaðarvöru, húsgögn o. fl.

Með þetta fyrir augum hefur vörumagnstollurinn verið áætlaður 12 millj. kr. og verðtollurinn 42 millj.

Innflutningsgjald af benzíni var orðið kr. 1.5 millj. í ágústlok. Hefur innflutningur benzíns aukizt verulega á árinu, sem að sjálfsögðu stendur í sambandi við meiri notkun vegna aukins innflutnings á bifreiðum og vélum. Af téðum ástæðum þykir mega áætla benzíntollinn 2 millj. kr. Vegna þess hve bifreiðum hefur fjölgað, hefur bifreiðaskatturinn verið áætlaður 300 000 kr. hærri en á fjárlögum fyrir 1946. Aukatekjur hafa verið áætlaðar 500 þús. kr. og stimpilgjald 1 millj. kr. hærra en áður, og er þar byggt á þeirri tekjuaukningu, sem orðið hefur á þessu ári á þessum tekjuliðum.

Aðrir tekjuliðir eru áætlaðir líkt og áður, enda hefur reynslan sýnt, að þeir breytast lítið, frá ári til árs.

Um 3. gr. A.

Póstur og sími.

Árið 1945 varð halli á rekstri þessara stofnana sem hér segir: Á pósti 317 þús. kr., á síma 416.8 þús. kr. Allar líkur benda til, að útkoman verði sízt betri í ár, og nú hefur póst- og símamálastjórnin lagt fram áætlun, sem gerir ráð fyrir 800 þús. kr. tekjuhalla á rekstri póstmála og 3.3 millj. króna halla á starfrækslu Landssímans. Ráðuneytið hefur ekki treyst sér til að véfengja þessa áætlun og hyggur, að hún muni reynast rétt, ef ekkert verður að gert.

Er hér komið í hið mesta óefni, því vissulega eiga þessar stofnanir ekki að vera baggi á ríkissjóði, heldur þvert á móti að skila svo miklum tekjuafgangi árlega, að nægi fyrir nauðsynlegum endurbótum og aukningu, eins og áður var. Útgjöld þessara stofnana hafa margfaldazt á undanförnum árum, en tekjurnar ekki vaxið að sama skapi. Er ekki sjáanlegt, að úr verði bætt, nema með auknum tekjum og

lækkuðum kostnaði. Mun yfirstjórn póst- og símamálanna hafa í hyggju að láta fara fram ýtarlega athugun á rekstri þessara stofnana, og er þess að vænta, að tillögur hennar til úrbóta verði lagðar fyrir Alþingi nú í haust.

Áfengisverzlun ríkisins.

Brúttótekjur Áfengisverzlunar ríkisins urðu árið 1944 33.5 millj., árið 1945 35.8 millj. og hafa orðið á fyrri árshelmingi 1946 18.2 millj. Þessi mikla velta stafar fyrst og fremst af því, hve mikið fé allur almenningur hefur haft handa á milli og hefur enn.

Þó einhver breyting kunni að verða á þessu á næsta ári, þykir ekki ástæða til að áætla brúttótekjurnar minni en 27 millj. króna, enda er þá gengið út frá óbreyttu útsöluverði á áfengi.

Tóbakseinkasalan.

Tekjur af Tóbakseinkasölu eru áætlaðar 8 560 000 kr. Má gera ráð fyrir, eftir því sem tekjurnar hafa orðið á þessu ári, að áætlun þessi muni standast.

Ríkisútvarpið.

Fylgt hefur verið áætlun útvarpsstjóra, og er þá gengið út frá, að afnotagjöldin verði hin sömu og s. l. ár og að lagt verði til hliðar af tekjum útvarpsins 1 120 000 kr. til byggingar útvarpshúss í Reykjavík.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Tekjur af ríkisprentsmiðjunni eru áætlaðar nokkuð hærri en á fjárlögum þessa árs, en gera má ráð fyrir, að sú áætlun standist.

Landssmiðjan.

Samkvæmt úætlun forstjóra Landssmiðjunnar er gert ráð fyrir 3 500 kr. tekjum af þessu fyrirtæki á næsta ári, en þess er þó að geta, að í áætluninni er ekki gert ráð fyrir neinum sköttum, og enda talið útilokað, að hún geti greitt nokkra skatta á næsta ári. Landssmiðjan hefur fest mikið fé í byggingum og vélum á undanförnum árum, sem aflað hefur verið með lánum, er ríkissjóður ábyrgist. Auk þess skuldar hún ríkissjóði stórfé í ógreiddum sköttum frá fyrri árum. Þykir einsýnt, að gera þurfi skjótlega róttækar ráðstanir til að koma þessu fyrirtæki á fjárhagslega öruggan grundvöll.

Um 4. gr.

Vextatekjur sundurliðast á þenna hátt:

1. Veiðdeild Landsbankans:					
5. fl., eign 1. júlí 1946 .	kr. 722 600	Vextir ½ '47	kr. 18 065.00		
Áætl. útdr. 1946 .	— 400 000				
— eign ½ 1947 .	kr. 322 600,	áætl. v. ½ '47	— 8 065.00		
				26 130.00	
6. fl., eign 1. júlí 1946 .	— 522 900,	vextir ½ '47 ..	kr. 13 072.50		
Áætl. útdr. 1946 .	— 400 000				
— eign ½ 1947 .	kr. 122 900,	áætl. v. ½ '47	— 3 072 50		
				16 145.00	
7. fl., eign 1. júlí 1946 .	— 454 700,	vextir ½ '47 ..	kr. 11 367.50		
Áætl. útdr. 1946 .	— 250 000				
— eign ½ 1947 .	kr. 204 700,	áætl. v. ½ '47	— 5 117.50		
				16 485.00	

2. Dönsk ríkisskuldabréf:
Kingdom of Denmark External Gold 5½% Loan of 1925 due 1935, eign ⅟₇ '46 $117 000.00, vextir átæl. 1947 $5 500.00, gengi 650.50 ..... kr. 35 777.00

Skuldabréf danska ríkislánsins frá 1921 eru öll fallin í gjalddaga, og var gert ráð fyrir á fjárlagafrumvarpi fyrir 1946, að þau innleysist öll á þessu ári. Þetta hefur þó ekki orðið, en búast má við, að þau innleysist öll á næsta ári. Skuldabréfaeignin er ⅟₇ 1946 $250 000. Áætlaður er $17 000.00 útdráttur af láninu frá 1925.

3. Áætlaðar tekjur af hlutafjáreign sundurliðast á þennan hátt:
a. Hlutabréf í Útvegsbanka Íslands h.f., kr. 6 414 250.00, áætl. 4% ..... — 256 570.00
b. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands 100 000 kr. áætl. 4% .. — 4 000.00
c. Hlutabréf í raftækjaverksm. Hafnarfjarðar hf., 50 000 kr., áætl. 6% ..... — 3 000.00

GJALDABÁLKURINN

Um 7. gr.

Vextir og afborganir af föstum lánum 1946 sundurliðast þannig:

I. Innlend lán:	Afborgun kr.	Vextir kr.
1. Lán hjá Sáttmálasjóði 1919 (5%) uppsegjanlegt		25 000.00
2. Lán vegna kaupa á Reykjatorfu 1929 (5%)	2 600.00	1 140.00
3. Lán vegna kaupa á Lækjargötu 3, Gimli (5%)	4 177.94	1 253.39
4. Lán vegna kaupa á Austurstræti 20, Rvík, er skipt var fyrir Bandastræti 2	5 850.00	1 608.75
5. Lán vegna kaupa á jarðeignum á Eyrarbakka og Stokkseyri	8 483.28	8 850.00
6. Lán vegna kaupa á Skálholti	1 000.00	700.00
7. Lán vegna kaupa á Skeiðaáveitu	8 666.66	1 430.00
8. Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1938 kr. 850 000.00 til 22 ára (5½%)	42 500.00	33 893.75
9. Lán vegna kaupa á Amtmannsstíg 1	2 999.99	1 440.00
10. Lán vegna kaupa á Kaldaðarnesi	5 231.83	2 825.11
11. Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1940, kr. 1 409 000 til 22 ára (5½%)	70 450.00	60 058.62
12. Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1941, krónur 10 000 000.00 til 25 ára (4½%)	400 000.00	360 000.00
13. Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1944, krónur 4 000 000.00 til 7 ára (3½%)	570 000.00	100 100.00
14. Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1944, krónur 6 000 000.00 til 10 og 20 ára (3½%)	450 000.00	194 250.00
15. Lán hjá Söfnunarsjóði vegna kaupa á Spákonufelli	91.64	238.36
16. Lán hjá Tryggingarstofnun ríkisins, til styrktar síldarútveginum 1945 (3%)	1 000 000.00	90 000.00
	2 572 051.34	882 787.98

I. Erlend lán:

II. Lán í dönskum krónum:

		Afborgun kr.	Vextir kr.
1.	Lán hjá Forsörgelsesforeningen Bicuben, Kbh., til Vífilsstaðahælis 1909 (4½%), afb. d. kr. 4 048.12, vextir d. kr. 3 451.88, gengi 135.57	5 488.03	4 679.71
2.	Lán hjá Store Nordiske Telegrafselskab A/S, Kbh., til símalagninga 1917 (5%), afb. d. kr. 15 785.71, vextir d. kr. 394 64, gengi 135.57	21 400.69	535.01
3.	Lán hjá Statsanstalten for Livsforsikring, Kbh., 1926 til veðdeildarbréfakaupa (4%), afb. d. kr. 89 013.56, vextir d. kr. 40 986.44, gengi 135/57	120 675.68	55 565.32
4.	Lán hjá Det forenede Danske Livsforsikring Aktieselskab „Hafnia“, Kbh., 1926, til veðdeildarbréfakaupa (4%), afb. d. kr. 22 194.85, vextir d. kr. 11 113.15, gengi 135.57	30 089.56	15 066.09
5.	Lán hjá sama 1927, í sama skyni (5%), afb. d. kr. 70 677.54, vextir d. kr. 58 736.46, gengi 135.57	95 817.54	79 629.01
6.	Lán hjá A/S Dansk Folkeforsikringsanstalt, Kbh., í sama skyni (5%), afb. d. kr. 70 677.54, vextir d. kr. 58 736.46, gengi 135.57	95 817.54	79 629.01
7.	Lán hjá Aalborg Værft A/S, Aalborg, vegna kaupa á Esju, afb. d. kr. 77 000.00, vextir d. kr. 962.50, gengi 135.57	104 388.90	1 304.86
		473 677.94	236 405.01

Um 8. gr.

Á sama hátt og á núgildandi fjárlögum er kostnaður við æðstu stjórn landsins áætlaður ósundurliðaður í frv. kr. 362 603. Sundurliðuð áætlun um kostnaðinn fylgir frv.

Um 9. gr.

Í samráði við skrifstofustjóra Alþingis er alþingiskostnaður áætlaður með sömu fjárhæð og á fjárlögum 1946. Engin sundurliðuð kostnaðaráætlun hefur borizt.

Um 10. gr.

I. Kostnaður við stjórnarráðið hækkar um rúmar 200 þús. kr. vegna hækkaðrar vísitölu aldurshækkana og aukningar starfsfólks. Liðurinn I. 2. gr. Annar kostnaður er áætlaður 300 000 kr. og er það í samræmi við útgjöldin 1945.

III. Kostnaður við utanríkismál hækkar um tæpar 100 þús. kr. Aðallega vegna þess að sett hefur verið á stofn nýtt sendiráð í París. Hins vegar lækkar kostnaðurinn við sendiráðin í Moskva og Washington allverulega. Farið hefur verið eftir tillögum utanríkisráðuneytisins um 14% hækkun á liðnum c., d. og e., varðandi sendiráðið í Stokkhólmi, vegna gengishækkunar á sænskri krónu. Liðurinn ferðakostnaður hefur verið lækkaður í 50 000 kr., samkvæmt þeirri skýringu utanríkisráðuneytisins, að fjárveitingin sé eingöngu notuð til að greiða kostnað við flutning starfsmanna sendiráðanna á milli staða.

Um 11. gr. A.

Kostnaðaráætlunin hefur hækkað á flestum liðum, og nemur hækkunin alls um hálfri milljón. Er hér um eðlilega hækkun að ræða, sem stafar af hækkun vísitölu og fjölgun starfsmanna í sumum stofnunum.

Til landhelgisgæzlu er áætlað 3 millj. kr. eins og í núgildandi fjárlögum. Í áætlun Skipaútgerðar ríkisins er gert ráð fyrir 3.7 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði.

En með því að þar var ekki gert ráð fyrir neinum tekjum af sektum og fyrir björgun, þótti mega láta áætlun fyrra árs haldast, en vissulega má ekki mikið út af bera, til þess að þessi kostnaður fari fram úr áætlun.

Um 11. gr. B.

1. Ferðakostnaður hefur verið hækkaður um 2 000 kr. og annar kostnaður um 2 400 kr., samkvæmt tillögum skipaskoðunarstjóra.
2. Í rekstraráætlun er gert ráð fyrir lítils háttar tekjuafgangi. Í frv. er hins vegar áætlað, að tekjur og gjöld standist á, eins og í gildandi fjárlögum.
3. Kostnaður við bifreiðaeftirlitið hefur stórum aukizt, enda bifreiðum fjölgað mikið upp á síðkastið. Í áætlun vegamálastjóra er gert ráð fyrir tekjuhalla á þessum lið kr. 144 060. Ráðuneytið telur, að hækka beri skoðunargjöldin til samræmis við aukin útgjöld og hefur því lagt til í frv., að tekjur og gjöld standist á.
4. Gera verður einnig ráðstafanir til, að tekjur löggildingarstofunnar hrökkvi fyrir útgjöldum.
5. Farið hefur verið eftir tillögum skipulagsstjóra og gengið út frá, að tekjur hrökkvi fyrir gjöldum, einkanlega með hliðsjón af hinum stórkostlegu byggingarframkvæmdum um þessar mundir.
6. Matvælaeftirlitið. Engar tillögur hafa ráðuneytinu borizt um þennan lið, en áætlun þessa árs látin standa óbreytt.
7. Sundurliðaður hefur verið annars vegar kostnaður við mat á saltfiski og ísvörðum fiski og hins vegar á freðfiski, vegna þess að fiskimatið lýtur ekki lengur sömu stjórn. Fremur ógreinilegar áætlanir hafi fengizt um þessi útgjöld, og má því vera, að áætlun frv. sé nokkuð á handahófi byggð.

13. Alveg ófullnægjandi skýrslur hafa borizt um kostnað við húsaleigunefndir. Áætlun frv. er því eingöngu byggð á því, hver kostnaðurinn varð 1945.
Aðrir liðir þurfa ekki skýringa við.

Um 11. gr. C.

I. Hækkun á þessum lið nemur tæpri hálfri millj. króna, sökum vísitöluhækkunar og hækkunar á kostnaði við tollgæzlu, utan Reykjavíkur, en þessi liður hefur verið of lágt áætlaður í fjárlögum þessa árs. Auk þess hefur annar kostnaður við tollstjóraembættið verið hækkaður um 75 þús. kr. samkv. tillögum tollstjóra.

II. Liðurinn hækkar um 200 þús. kr., þar af 50 þús. vegna kostnaðar við skattanefndir og skattstofur utan Reykjavíkur.

Um 11. gr. D.

Þessi liður er tekinn óbreyttur úr núgildandi fjárlögum, því reynsla hefur sýnt að þessi áætlun er mjög nærri sanni.

Um 12. gr.

Kostnaður við heilbrigðismál hækkar alls um 1.6 millj. kr. Stafar þessi útgjaldaaukning að lang mestu leyti af auknum rekstrarhalla spitalanna, um 1 milljón kr., vegna vísitöluhækkunar, hækkuðu kaupi ýmiss starfsfólks og almennri hækkun nauðsynja innan lands. Þá er einnig gert ráð fyrir rúmlega 500 þús. króna hækkun á sjúkrastyrkjum vegna berklavarna og annara sjúkdóma.
Aðrir liðir hafa lítið breytzt.

Um 13. gr. A.

Tillögum vegamálastjóra hefur verið fylgt að mestu, nema að því, er snertir framlög til þjóðvega. Til nýrra akvega er lagt til, að varið verði 5 millj. króna, og

þykir engan veginn fært að verja meiru fé í þessu skyni á næsta ári vegna stórfelldrar útgjaldaaukningar, sem orsakazt hefur af aðgerðum síðasta Alþingis.

Til viðhalds þjóðvega er lagt til, að varið verði 9 millj. króna.

Um 13. gr. B.

Byggt er á áætlun Skipaútgerðar ríkisins.

Um 13. gr. C.

Að mestu hefir verið farið eftir tillögum vitamálastjóra, en framlag til hafnargerðar og lendingabóta lækkað um 500 þús. kr. af sömu ástæðum og getið er um undir 13. gr. A.

Um 13. gr. D.

Áætlun flugmálastjóra hefur verið tekin upp í frv. óbreytt. Áætlun þessi barst mjög seint, og hefur ráðuneytið engin tök haft á að rannsaka, á hve traustum grundvelli hún er reist, og sjáanlega mjög erfitt að gera sér grein fyrir þessum útgjöldum, þar sem allt er á byrjunarstigi. Verður að taka þessi mál öll til gaumgæfilegrar rannsóknar, áður en gengið verður endanlega frá fjárlögum.

Um 14. gr. A.

Fylgt hefur verið að mestu áætlun biskups, en þó ekki talið fært að leggja til, að veittar verði 100 000 kr. til byggingar kirkjuhúss í Reykjavík eða að hækka framlagið til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum.

Um 14. gr. B.

I. a. Liðurinn hækkar um rúmar 200 þús. kr. Bætt hefur verið við skv. tillögum háskólans 40 000 kr. til tímakennslu í verkfræðideild o. fl., 5 000 kr. til áhaldakaupa fyrir læknadeild og 30 000 kr. til námskeiða og heimsókna erlendra vísindamanna.

I. b. Áætlun um kostnað við tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum hefur verið tekin hér upp sem nýr liður. Áður var kostnaður við stofnunina talinn með útgjöldum atvinnudeildar Háskólans í 15. gr.

II. Styrkjum til íslenzkra námsmanna er haldið óbreyttum frá núgildandi fjárlögum, enda höfðu engar tillögur borizt um þennan lið.

III. Fylgt hefur verið tillögum fræðslumálastjóra, nema að því er snertir risnukostnað, sem vísast til Alþingis.

IV. Á þessu ári hefur húsverði sjómannaskólans verið greidd aukaþóknun 2400 kr. auk verðlagsuppbótar fyrir bókhald og innheimtu á húsaleigu hjá þeim stofnunum, sem húsið nota og hluta þeirra af kostnaði við hita, ljós og ræsting. Tekjuáætlun mun byggð á þeirri reynslu, er fékkst á síðast liðnum vetri.

X. 1. Samkvæmt tillögum skólastjóra er lagt til, að veitt verði til viðhalds á húsum staðarins 30 þús. kr. og til kaupa á nýrri 15 K. W. mótorstöð 15 000 kr., þar sem rafstöð sú, sem fyrir er, er orðin of lítil.

3. Föst laun hafa hækkað um 8.400 kr., en fjárveiting til stundakennslu felld niður. Bætt er við nýjum lið til verkfærakaupa 12 000 kr.

XII. Fjárveiting óbreytt, en styrkurinn miðast við 130 kr. á nemanda í stað 100 kr., sem mun hafa verið rangt í fjárlögum.

XIV. Fylgt er tillögum fræðslumálastjóra, nema að ekki þykir fært að verja meira en 2 millj. króna til bygginga barnaskóla.

XV. Kostnaður við gagnfræða- og héraðsskóla hefur verið dreginn saman í einn lið í samræmi við hina nýju löggjöf um unglingafræðslu. Byggt hefur verið á bráðabirgðaáætlun fræðslumálastjóra, en hann mun síðar gefa Alþingi ýtarlegri skýrslu um málið, og er því viðbúið, að þessi liður

kunni að breytast. Stofnkostnaður gagnfræða- og héraðsskóla áætlaður 1.5 millj. kr.

XVI. Hér hefur einnig verið farið eftir tillögum fræðslumálastjóra, sem mun gefa ýtarlegri skýrslu síðar. Stofnkostnaður er áætlaður 800 þús. kr. Um húsmæðrakennaraskólann hafa engar tillögur borizt, og er því fylgt áætlun síðustu fjárlaga.

XVII. Farið hefur verið eftir tillögum íþróttafulltrúa, nema að ekki þykir fært að leggja íþróttasjóði meira fé en 700 þús. kr. á næsta ári.

Aðrir liðir 14. gr. eru ýmist óbreyttir frá núgildandi fjárlögum eða nægilega skýrðir í fylgiskjölum.

Um 15. gr. A.

II. Engar tillögur hafa borizt um framlög til Þjóðskjalasafnsins, og hefur því verið fylgt áætlun síðustu fjárlaga.

III. Farið hefur verið eftir tillögum þjóðminjavarðar, nema fjárveiting til viðhalds gömlum bæjarhúsum látin haldast óbreytt frá síðustu fjárlögum.

Engar skýrslur, beiðnir eða tillögur hafa borizt um fjárveitingar til bókasafna, leiklistarstarfsemi og bókaútgáfu, hefur því verið horfið að því ráði, að taka upp að mestu óbreyttar fjárveitingar í síðustu fjárlögum.

Um 15. gr. B.

I. Kostnaður við atvinnudeild Háskólans hefur aukizt ár frá ári og hækkar enn um 260 þús. frá því, sem áætlað er í fjárlögum. Ráðuneytið hefur engin tök haft á að gagnrýna áætlun rannsóknarráðs, sem barst mjög seint, en hefur þó fellt niður launagreiðslur til starfsmanna, sem óráðnir eru.

VI. Útgjöld Veðurstofunnar hafa nálega tvöfaldazt frá áætlun núgildandi fjárlaga vegna aukinna starfa og þar af leiðandi fjölgunar starfsmanna.
Aðrir liðir þurfa ekki skýringar við.

Um 16. gr.

1. Fjárframlög til Búnaðarfélags Íslands er áætlað 800 000 kr. eða rúmar 100 þús. kr. hærra en í fjárlögum. Sundurliðuð áætlun er ekki fyrir hendi, vegna þess að Búnaðarþing kemur ekki saman fyrr enn í vetur eftir áramót. Ekki hefur þótt ástæða til að taka upp fjárveitingu til húsbyggingar fyrir félagið, með því að málið er ekki svo undirbúið, að vissa sé fyrir því, að framkvæmdir byrji á næsta ári, enda mun félagið hafa nokkurt fé til umráða í þessu skyni.
3. Jarðabótastyrkur hækkar um 800 þús. kr. frá áætlun síðustu fjárlaga.
7. Auk hins lögbundna framlags til nýbyggða og endurbygginga í sveitum, hefur verið gert ráð fyrir 300 000 kr. byggingastyrkjum samkvæmt núgildandi lögum, eftir tillögum búnaðarmálastjóra.
21. Kostnaður vegna laga um lax- og silungsveiði hækkar úr 15 þús. upp í 104 þús. kr. samkvæmt tillögum veiðimálastjóra.
26. Ekki hefur enn borizt áætlun frá sauðfjársjúkdómanefnd um kostnað við sauðfjárveikivarnir á næsta ár, en samkvæmt tilmælum framkvæmdastjórans hefur áætlun fjárlaganna verið látin standa óbreytt.
Um aðra liði vísast til fylgiskjalanna.

Um 16. gr. B.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr. C.

2. Framlag til iðnlánasjóðs hækkar lögum samkvæmt upp í 300.000 kr. Aðrir liðir þurfi ekki skýringar við.

Um 16. gr. D.

Með lögum, er síðasta reglulegt Alþingi setti, hefur verið komið á nýrri skipan um raforkumál landsmanna. Löggjöf þessi hefur í för með sér stórum aukin af-

skipti ríkisins af þessum málum og um leið aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Hefur því þótt hlýða að færa fjárhagsyfirlit þessara mála undir sérstakan kafla í 16. gr.

Farið hefur verið eftir áætlun raforkumálastjóra, og nemur útgjaldaaukningin frá þessu ári um 2.5 millj. króna.

Um 17. gr.

2. Tryggingastofnun ríkisins hefur samið áætlun um kostnað við almannatryggingar, samkvæmt nýrri löggjöf þar um. Að sjálfsögðu er erfitt að gera sér ljósa grein fyrir, hver útgjöld ríkisins muni verða, ekki sízt vegna ákvæða 115. gr. um ábyrgð ríkissjóðs á framlagi sveitarfélaga. Reynslan ein getur úr þessu skorið. Niðurstöðutölur Tryggingastofnunarinnar hafa því verið teknar til greina, og samkvæmt þeim nema þessi útgjöld alls rúmum 19 millj. króna.

5. og 6. Lagt er til, að veittur verði 50 þús. kr. byggingarstyrkur til elliheimilisins Grundar í Reykjavík. 400 þús. kr. byggingarstyrkur til Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Að öðru leyti er áætlun 17. gr. mjög í samræmi við núgildandi fjárlög.

Um 18. gr.

Verðlagsuppbót á eftirlaun og styrki skv. þessari grein er áætluð um kr. 85 þús. hærri en í núgildandi fjárlögum, og stafar það af hækkaðri vísitölu. Þá er framlagið samkv. lífeyrissjóðslögunum áætlað kr. 600 þús. hærra en á núgildandi fjárlögum, og er það gert með tilliti til reynslu þeirrar, sem fengizt hefur með ríkisreikningum 1945.

Nd. 15. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Jónas Jónsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina kemur:

Á C-kafla sömu lagagr. eru gerðar þessar breytingar:

a. Tölul. 26 skal orða svo:

Fnjóskadalsvegur: Frá Grenivík um Fnjóskárbrú hjá Laufási að Reykjum í Fnjóskadal.

b. Á eftir tölul. 27 kemur nýr liður:

Laxárdalsvegur: Frá Grenjaðarstað vestan Laxár að Helluvaði við Mývatn.

c. Á eftir tölul. 28 kemur nýr liður:

Sprengisandsvegur: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts um Mýri og Ishól að Kiðagili.

d. Tölul. 30 skal orða svo:

Mývatnssveitar- og Mývatnsöræfavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Breiðumýri um Mývatnsheiði, skiptist þar, og liggur önnur álman um Skútustaði, en hin um Grímsstaði að Reykjahlíð og þaðan um Námaskarð og Mývatnsfjöll um væntanlega brú á Jökulsá og á Austurlandsveg hjá Grímsstöðum á Fjöllum.

Nd. **16. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 53 7. maí 1946, um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 53 1946 skal orða svo:

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrirmælum a-liðar 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra. Ákvæði nefndra laga nr. 84 1932 gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa viðbótarinnflutningsgjalds.

Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal varið að ⅗ hlutum til að greiða kostnað við lagningu þjóðvega, en að ⅖ hlutum til brúargerða, og skal fyrst byggja brú á Jökulsá í Lóni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal ráðstafa samkvæmt þeim því innflutningsgjaldi af benzíni, sem innheimt er eftir 1. janúar 1946.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér tvö meginatriði: Að leggja skuli nokkurn hluta af þeim benzínskatti, sem innheimtur er, í sjóð, sem varið sé til brúargerða, og að brú á Jökulsá í Lóni skuli sitja fyrir öðrum framkvæmdum, sem gerðar verða fyrir fé úr sjóðnum.

Á undanförnum árum hefur nokkur hluti af benzínskattinum runnið í brúasjóð, en með lagabreytingu, sem gerð var á síðasta aðalþingi, sbr. lög nr. 53 1946, var þetta ákvæði um brúasjóðinn numið úr lögum og sjóðurinn þar með raunverulega afnuminn. Hér er lagt til að breyta þessu aftur í sama horf og áður var. Á síðasta aðalþingi var borið fram frumvarp um sama efni. Í greinargerð, sem fylgdi því, segir svo:

„Jökulsá í Lóni er, eins og öllum er kunnugt, ein af stórám þessa lands. Hún er mesti farartálminn á þjóðveginum milli Hornafjarðar og Austurlands. Koma þær vegabætur, sem gerðar eru á því svæði, aldrei að fullum notum sem örugg samgönguleið milli héraða, fyrr en Jökulsá hefur verið brúuð. Sú brú er því nauðsynlegur þáttur í vegakerfi landsins. Jökulsá klýfur Lónssveitina. Augljóst er, að slíkt vatnsfall torveldar stórkostlega samskipti og félagslíf hreppsbúa. Meiri hlutinn af bændum sveitarinnar býr austan árinnar. Verzlunarviðskipti þeirra eru öll bundin við Hornafjörð, enda eru þeir einangraðir að austanverðu af Lónsheiði. Þeir verða því að sækja yfir Jökulsá með alla aðdrætti til heimilanna, fjárrekstra til slátrunar o. s. frv. Liggur í augum uppi, hve mikla örðugleika það skapar, og verður aldrei á þeim sigrazt að fullu á annan hátt en að brúa Jökulsá."

Nd. 17. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Helgi Jónasson, Ingólfur Jónsson.

Við 1. gr. Framan við greinina kemur:

a. Á eftir A. 23 í 1. gr. laga nr. 37/1943 koma fjórir nýir liðir:
   1. *Árbæjarvegur:* Frá vegamótum á Suðurlandsbraut vestan við Ytri-Rangá um Árbæ, Snjallsteinshöfða, Austvaðsholt, Neðra-Sel um Lækjarbotna á Fjallabaksveg.
   2. *Vetleifsholtsvegur:* Af þjóðveginum vestan við Ægissíðu að Vetleifsholti.
   3. *Ásvegur:* Frá vegamótum á Suðurlandsbraut móts við Meiri-Tungu, um Áshverfi, Sandhólaferju og Háfshverfi til Þykkvabæjar.
   4. *Hamravegur:* Af þjóðveginum vestan við Hárlaugsstaði að Hamrahól og Syðri-Hömrum.

b. Á eftir A. 24 í sömu lagagr. koma þrír nýir liðir:
   1. *Gunnarsholtsvegur:* Af þjóðveginum vestan við Varmadal um Gunnarsholt, Kot, Selssund að Næfurholti.
   2. *Rangárvallavegur efri:* Af þjóðveginum vestan við Eystri-Rangá um Stóra-Hof, Reyðarvatn, Geldingalæk, Heiði að Kaldbak.
   3. *Bakkabæjarvegur:* Af þjóðveginum við Þverárbrú um Fróðholt, Þúfu, Skúmsstaði að Eystri-Hól.

c. Á eftir A. 26 í sömu lagagr. koma tveir nýir liðir:
   1. *Vallavegur:* Af þjóðveginum hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Árgilsstöðum.
   2. *Þórsmerkurvegur:* Frá Markarfljótsbrú að Stóru-Mörk.

Nd. 18. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

I. Á eftir A. I. d. 9 í sömu lagagrein komi nýir liðir:
   a. Jökulsá á Breiðamerkursandi.
   b. Fjallsá á Breiðamerkursandi.

II. Á eftir A. I. d. 11 í sömu lagagrein komi nýir liðir:
   a. Virkisá í Öræfum.
   b. Svínafellsá í Öræfum.
   c. Skaftafellsá í Öræfum.

Nd. 19. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar um athugun á því, hvernig bátaflota landsmanna verði tryggð aðstaða til viðlegu um vertíðir og vermönnum viðunandi aðbúnaður.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá síðasta aðalþingi um athugun á því, hvernig bátaflota landsmanna verði tryggð aðstaða til viðlegu um vertíðir og vermönnum viðunandi aðbúnaður?

Nd. 20. Fyrirspurn

til atvinnumálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar, sem samþykkt var 7. febrúar síðastliðinn, um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins?

Sþ. 21. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á dýralífi í Hvammsfirði.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta eins fljótt og því verður við komið fara fram rannsóknir á dýralífi í Hvammsfirði til þess að fá úr því skorið, hvort fjörðurinn sé heppilegur til fiskiræktar.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er flestum, þá er Hvammsfjörður einn af stærstu fjörðum landsins og víða alldjúpur, en fiskveiðar hafa þar ekki verið teljandi nema hrognkelsaveiðar. Þó er það álit nokkurra, að flatfiskur (lúða og koli) sé þar yzt í firðinum, en vegna þess að krókkt sé þar af sel, haldist hann lítt við á þeim slóðum. Mikið er af fiskseiðum í firðinum, þar á meðal kolaseiðum, og sílaganga er þar nokkur, er vart verður af fuglageri miklu, er safnast að sílatorfunni og fylgir henni eftir firðinum. Fjörðurinn er einstakur að því leyti, að fyrir mynni hans er fjöldi eyja og hólma, en mjó og grunn sund liggja milli hans og Breiðafjarðar; eru þar sjávarföll mikil og straumar afar harðir, en fjörðurinn víður og alldjúpur, þegar inn er komið úr sundum þessum.

Fjörðurinn hefur áður verið mældur allverulega á innsiglingarleiðum, en á ýmsum svæðum mun hann enn lítt mældur, og litlar sem engar rannsóknir hafa enn farið fram á dýralífi hans, og mun þó það vera merkilegt verkefni og líklegt til nytsemdar. Hef ég átt tal við Árna Friðriksson fiskifræðing um þetta efni, og telur hann, að það, sem rannsaka þurfi þarna, sé fyrst og fremst:

1. Mæla upp fjörðinn og um leið athuga botnlag hans.
2. Athuga eðli sjávarins (hita hans, seltu o. fl.).
3. Rannsaka svifið (þörunga, lirfur o. fl.).
4. Rannsaka botndýralífið (mergð botndýra og tegundir).
5. Athuga fiskistofnana (tegundir og vöxt).

Sérstaklega ætti að haga rannsóknum þessum með það fyrir augum, að þar yrði fiskirækt, en einnig, hvort þar væri ekki fært að auka kræklingstekju.

Rannsókn þessi mun ekki verða mjög dýr, og verða leidd rök að því við framsögu málsins.

Nd. 22. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

52. gr. laga nr. 115 1936 orðist svo:

Þingflokki er heimilt að óska þess, að hluta af umræðum um þingmál sé útvarpað, og skulu þingflokkar þá hafa rétt til jafnlangs ræðutíma, og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig, að flokkarnir skiptist á. Við útvarpsumræðu gilda ekki ákvæði 35. gr. um málfrelsi ráðherra.

Nú er þingflokkur klofinn um afstöðu til máls, og sé því lýst yfir við forseta, skal þeim skylt að gefa minni hlutanum eða minni hlutunum kost á að gera grein fyrir afstöðu sinni í allt að þriðjungi af ræðutíma flokksins, en þó aldrei lengri hluta af heildartíma hans en svarar til þess, hversu tala þingmanna í minni hlutanum er mikill hluti af heildartölu þingmanna flokksins.

Rétt skal þingmönnum utan flokka að eiga þátt í útvarpsumræðum, þó þannig, að enginn þeirri fái lengri tíma en helming þess, er hver þingflokkur hefur til umráða, og ekki skulu þingmenn utan flokka, ef fleiri eru en tveir, fá lengri tíma samanlagt við útvarpsumræðu en hver einstakur þingflokkur.

2. gr.

Upphaf 55. gr. laganna orðist svo:

Nú óskar þingflokkur, að hluta af umræðu verði útvarpað ....

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Seint í september síðast liðnum voru þingmenn, svo sem kunnugt er, kvaddir saman með mjög stuttum fyrirvara til þess að fjalla um þáltill. frá forsætisráðherra um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að gera samning við Bandaríkin um afnot Keflavíkurflugvallarins o. fl. Fyrirvarinn var svo stuttur, að ýmsir þingmenn komust ekki til þings í tæka tíð, en mjög fáir munu hafa vitað, að slíkrar till. væri von, fyrr en hún var lögð fram. Ég var erlendis, er ég fékk boðin, kom heim með fyrstu flugferð, sem völ var á, en náði þó ekki fyrri umræðu málsins.

Nokkrir dagar urðu milli þessarar umræðu og hinnar síðari, svo að tóm gafst til að athuga þáltill. Í ljós kom, að þingflokkur Alþýðufl. var klofinn um málið. Þriðjungur hans treysti sér ekki til þess að fylgja samningsuppkastinu óbreyttu. Við 3. landsk. þm. ákváðum að flytja brtt. við þáltill. og lögðum hana fram. Nokkru síðar var það afráðið, að síðari umræðu um málið skyldi útvarpað. Við flutningsmenn brtt. fórum þess á leit að fá að gera grein fyrir þessari till. okkar í ræðutíma flokks okkar, en var synjað um það. Við áttum þess heldur ekki kost, að fá lesna yfirlýsingu um sérstöðu okkar í málinu. Í ræðutíma Alþýðufl. kom það því hvergi fram, að skoðanir þingmanna hans á málinu væru skiptar.

Þegar ljóst varð, að við gætum ekki skýrt brtt. okkar við útvarpsumræðuna, þótti okkur rétt að fá úr því skorið, hvort umræðunni mundi ekki halda áfram að útvarpi loknu, svo að við gætum þó a. m. k. mælt með henni við þingheim, og beindi ég fyrirspurn þess efnis til forseta, áður en útvarpsumræðan hófst, en sams konar tilmæli komu og frá tveim öðrum þingmönnum. Forseti felldi þann úrskurð, að engar umræður yrðu leyfðar að útvarpi loknu. Ég vil ekki staðhæfa, að þessi úrskurður hafi verið rangur, en hitt vil ég segja, að hann hafi verið ranglátur. Hann

hafði það í för með sér, að flm. brtt. gátu enga grein gert fyrir þeim. Við 3. landsk. þm. kynntum okkur þá, hvort við gætum skrifað greinargerð með till. okkar, en var tjáð, að það væri ekki hægt. **Við gátum m. ö. o. engum skýringum komið á framfæri á till. okkar.** Úrskurðurinn þýddi og, að ég átti þess aldrei kost að taka til máls um þetta höfuðmál, er fyrir þinginu lá, og hið sama gilti um þá þingmenn aðra, sem ekki gátu komið nógu snemma til þings til þess að vera viðstaddir fyrri umræðu málsins og ekki áttu þess kost að tala í ræðutíma flokks síns við síðari umræðuna.

Ég tel, að hér hafi það gerzt, sem ekki megi gerast öðru sinni. Ef túlka á gildandi þingsköp áfram á þann veg, að sé umræðu útvarpað, þá megi engar aðrar umræður eiga sér stað um málið við þá sömu umræðu, er auðséð, að af getur hlotizt mikil skerðing á málfrelsi þingmanna. Flokkur, sem vildi koma í veg fyrir, að tiltekinn þingmaður talaði við t. d. síðustu umr. máls, þyrfti þá ekki annað en að óska útvarpsumræðu og ákveða, að aðrir skyldu tala en hann, og væri honum þá varnað máls. Ég hef því lagt til í þessari brtt. við þingsköpin, að skýrt sé kveðið á um, að útvarpsumræða sé aðeins hluti af umræðu, þ. e. a. s. að venjulegar umræður geti átt sér stað, hvort heldur sem er á undan eða að loknu útvarpi.

Þetta er annað aðalatriði þessa frumvarps. Hitt miðar að því að veita minni hlutum flokka rétt á að gera grein fyrir afstöðu sinni við útvarpsumræðu, ef flokkur er ekki einhuga um afgreiðslu máls. Sumir kunna að telja það óeðlilegt, að flokkur sé nokkru sinni klofinn, og enn óeðlilegra að taka nokkurt tillit til minni hlutans. Þeim, sem skilið hafa eðli lýðræðis, er ljóst, að borgarar sérhvers þjóðfélags hafa að einhverju leyti ólíkra hagsmuna að gæta og aðhyllast ólíkar hugsjónir um þjóðfélagsmál, og hljóta þess vegna að skiptast í stjórnmálaflokka, ef ríkisvaldið hindrar ekki myndun þeirra. Heil þjóð verður aldrei sammála um lausn allra stjórnmála viðfangsefna sinna. Þeir, sem fylgja ákveðnum stjórnmálaflokki, eru hins vegar auðvitað sammála um þau meginatriði, sem hann er myndaður til þess að veita brautargengi, en þar með er auðvitað ekki sagt, að þeir hljóti að vera sammála um allt, sem snertir stjórnmál, og engum dettur í hug, að þeir hljóti að vera sammála um það, sem er stjórnmálum óviðkomandi. Það er því augljóst, að engin ástæða er til þess að ætla, að þingflokkarnir séu jafnan algerlega sammála innbyrðis um öll þau mál, er koma til kasta Alþingis. Hitt er svo annað, hvort ástæða þykir til að gera ráðstafanir til þess að tryggja minni hlutum flokka á þinginu nokkurn sérstakan rétt. Það er misskilningur á eðli lýðræðis, að það sé fólgið í því einu, að meiri hluti ráði. Er ekki augljóst, að það væri andstætt hugsjón lýðræðisins, ef meiri hluti beitti valdi sínu til kúgunar á minni hluta?

Lýðræði er engu síður fólgið í því að vernda rétt minni hl., og virðing fyrir honum er eitt af aðalsmerkjum sanns lýðræðishugarfars. Sá flokkur eða þeir flokkar, sem eru í minni hluta í þinginu, njóta viðtækra réttinda. Þeir hafa t. d. jafnlangan ræðutíma við útvarpsumræður og sá flokkur eða þeir flokkar, sem eru í meiri hluta. Utanflokkamenn njóta og mjög viðtæks réttar við slík tækifæri. Og er þá sanngjarnt eða skynsamlegt að meina minni hluta, sem myndast í flokki í tilteknu máli, alls réttar?

Ég hef hér lagt til, að klofni flokkur um afstöðu til máls, skuli ræðutíma hans við útvarpsumræður skipt hlutfallslega milli meiri hlutans og minni hlutans, en þó þannig, að minni hlutinn fái aldrei meira en þriðjung ræðutímans, enda finnst mér rétt, að það sé fyrst og fremst rödd meiri hlutans, sem heyrist, þótt ég telji hitt rangt, að rödd minni hlutans sé kæfð með öllu. Ég álít þingsköpin, eins og þau eru nú að þessu leyti, ekki reist á traustum lýðræðisgrundvelli. Það er höfuðmarkmið þessa frv. að stuðla að því, að svo geti orðið.

Ed. 23. Frumvarp til laga

um breyting á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Guðm. Í. Guðmundsson.

1. gr.

Upphaf annarrar málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 300 krónur. Í hreppi með 101—150 íbúa eru launin 330 krónur. Í hreppi með 151--200 íbúa eru launin 360 krónur og svo framvegis, þannig að launin hækka um 30 krónur fyrir hverja 50 íbúa.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Af aukatekjum þeim, sem taldar eru í 3. til 8. gr. og 10. gr. laganna, greiðir gjaldandi einnig verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal greiða samkvæmt þeim hreppstjóralaun þau, er í gjalddaga falla á næstu manntalsþingum 1947.

Greinargerð.

Frv. samhljóða 1. og 3. gr. var flutt hér í deildinni á síðasta aðalþingi, en varð ekki afgreitt. Frv. því fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Nú þegar laun starfsmanna ríkisins nær allra hafa verið stórhækkuð, þá er það einn flokkur manna, er laun taka úr ríkissjóði, hreppstjórar, sem enga launahækkun hefur fengið, og eru þó störf þeirra margra umsvifamikil og allmargbrotin. Í frv. þessu er lagt til, að laun hvers hreppstjóra hækki aðeins um kr. 200.00 á ári, og munu fáir telja, að hér sé lengra farið í kröfum en nauðsyn er til.“

Þá teljum við flm. sjálfsagt, að aukatekjur hreppstjóra verði hækkaðar í samræmi við gildandi verðlagsuppbót.

Ed. 24. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1947 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða lögum, er gilda fyrir árið 1946, og hafa sams konar ákvæði verið í lögum um mörg undanfarin ár.

Nd. 25. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Ingólfi Jónssyni og Helga Jónassyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Á eftir A. 1. d. 23. í sömu lagagrein komi nýr liður:
Affall við Bergþórshvol.

Nd. 26. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 4 frá 1935, um vinnumiðlun.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Fyrri málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Stjórn hverrar vinnumiðlunarskrifstofu skal skipuð 5 mönnum. Þrír þeirra skulu kosnir af hlutaðeigandi bæjarstjórn með hlutfallskosningu, einn útnefndur af verkalýðsfélagi eða fulltrúaráði verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, ef til er í kaupstaðnum, og einn af félagi atvinnurekenda þar á staðnum. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Nú er vinnumiðlunarskrifstofa stofnuð í kaupstað, þar sem ekki starfar verkalýðsfélag innan Alþýðusambands Íslands eða félag atvinnurekenda, og skipar atvinnumálaráðherra þá menn í þeirra stað í stjórnina. Sama gildir og, ef einhver þeirra aðila, sem nefndir eru í grein þessari, tilnefnir ekki fulltrúa af sinni hálfu í stjórn vinnumiðlunarskrifstofu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skulu viðkomandi aðilar kjósa og tilnefna menn í stjórn vinnumiðlunarskrifstofa til næstu þriggja ára.

Greinargerð.

Breytingar þær, sem gerðar eru með frv. þessu á gildandi lögum um vinnumiðlun, eru þær einar, að lagt er til, að hlutaðeigandi bæjarstjórnir kjósi 3 menn af 5 í stjórn vinnumiðlunarskrifstofu í stað tveggja eftir núgildandi ákvæðum. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau, að vinnumiðlunarskrifstofur eru fyrst og fremst bæjarstofnanir. Bæjarsjóðir bera af þeim ⅔ hluta kostnaðar, og starfsemi þeirra er algert bæjarmál. Það er þess vegna eðlilegt og sjálfsagt, að bæjarstjórnir kjósi meiri hluta stjórnar slíkra stofnana. Þróunin virðist nú einnig benda í þá átt, að æskilegt sé að gera starfsemi bæjarfélaganna og stofnana þeirra óháðari ríkisvaldinu. Samþykkt frv. þessa væri þáttur þeirrar eðlilegu þróunar.

Nd. 27. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina kemur:
Á C-flokki sömu lagagr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Tölul. 11 orðist þannig:
   Sauðárkróksbraut: Frá Sauðárkróki um Varmahlíð, Goðdali, Bústaði og Stekkjarflatir á Norðurlandsveg framan við Egilsá.
2. Á eftir tölul. 13 kemur nýr liður:
   Hegranesvegur: Af Hofsósvegi hjá Garði að Eyhildarholti.
3. Á eftir tölul. 15 kemur nýr liður:
   Austur-Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi austan við Haganes um Barð að Stóru-Reykjum í Flókadal.

Nd. 28. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Á eftir II. 5. komi 2 nýir liðir:

a. Hjaltadalsá undan Laufskálaholti.
b. Sæmundará hjá Fjalli.

Sþ. 29. Tillaga til þingsályktunar

um greiðslu úr ríkissjóði til verðjöfnunarsjóðs.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði til verðjöfnunarsjóðs það fé, sem til þess þarf, að hann verðbæti að fullu kjötframleiðslu ársins 1945, á þann hátt, sem til er ætlazt.

Greinargerð.

Haustið 1945 ákvað búnaðarráð heildsölu- og smásöluverð á þess árs kjötframleiðslu. Jafnframt tilkynnti það, að verðjöfnunargjald skyldi vera kr. 1.50 á hvert kg kjöts. Verðlagsráð búnaðarráðs breytti svo síðar þessari ákvörðun þannig, að ekki var innheimt nema kr. 0.35 verðjöfnunargjald af dilka- og geldfjárkjöti og kr. 0.15 af ærkjöti. Þegar þessi ákvörðun var tekin, leit verðlagsnefnd svo á, að þær tæpar tvær millj. kr., sem gert var ráð fyrir, að kæmu í verðjöfnunarsjóðinn með þessu gjaldi, mundu nægja til að verðbæta spaðkjöt og útflutt kjöt eins og til var ætlazt. En þetta fór á aðra leið. Innanlandssalan reyndist ekki nándar nærri því eins mikil og verðlagsráðið hafði áætlað hana, og af framleiðslu ársins 1945 er þegar búið að flytja út síðan 3—400 tonn, og eftir liggja óseld 460 tonn. Það er

því ekki nærri því nógu mikið fé í verðjöfnunarsjóði til að verðbæta allt þetta kjöt, og það verður að fást úr ríkissjóði, því að annars veldur það óhjákvæmilegri verðlækkun á kjötframleiðslu ársins 1946.

Það mælir því öll sanngirni með því, að ríkissjóður leggi fram það fé, sem á vantar, að verðjöfnunarsjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar, og er það lagt til í tillögunni. Nánari greinargerð í framsögu.

Sþ. 30. Tillaga til þingsályktunar

um kaup ríkissjóðs á ull.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Páll Zóphóníasson, Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kaupa nú þegar óselda ull frá árunum 1943, 1944 og 1945 því verði, að greiða megi bændum fyrir næstkomandi áramót hið lögákveðna verð fyrir ullarframleiðslu fyrrgreindra ára.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hafa bændur ekki enn fengið greidda ull sína frá árunum 1943, 1944 og 1945. Þegar sexmannanefndarverðið var ákveðið, var gert ráð fyrir því, að bændum bæri að fá kr. 8.50 fyrir hvert kg af hreinni ull, og hefur ríkissjóður tekið að sér að ábyrgjast ullarframleiðendum það verð fyrir ull framangreindra þriggja ára.

Sú sala, sem tekizt hefur á ull þessara ára, hefur farið fram að tilhlutan stjórnarinnar, eða verið gerð með hennar samþykki, enda eðlilegt, að þau vinnubrögð væru viðhöfð, þar sem ríkissjóður þarf að greiða það, sem á vantar, að 8.50 kr. verðið náist við söluna.

Enn er allmikið óselt af ullarbirgðum þessara þriggja ára, sem ábyrgð ríkissjóðs nær til, og ekki er víst, hvenær eftirstöðvarnar seljast. Hins vegar virðist ekki ná nokkurri átt, að bændur þurfi lengur að bíða eftir greiðslu, enda sá dráttur, sem orðinn er, þegar búinn að valda þeim tjóni og miklum óþægindum. Mun og hverjum augljóst, sem um það vill hugsa, að hagur bænda er ekki þannig, að þeir megi við því, að sala á afurðum þeirra dragist árum saman.

Hér er því lagt til, að ríkissjóður kaupi eftirstöðvar ullarinnar fyrir verð, sem tryggir bændum kr. 8.50 fyrir hvert kg ullar frá þessum árum. Það er tvímælalaust ekki hægt að draga lengur þessa ullaruppgerð, og er því ekki um aðra leið að ræða en að ríkissjóður kaupi þá ull, sem nú liggur óseld. Með því þarf hann að vísu að leggja fram nokkra fjárhæð í bili, sem hann fær svo endurgreidda, þegar sala hefur farið fram. — Náist ekki svo hátt verð fyrir ullina, að ríkissjóður verði skaðlaus af, þá er aðeins um halla að ræða, sem honum ber lögum samkvæmt að taka á sig.

Nd. 31. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyting á vegalögum nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
C. 10 í sömu lagagrein skal orða svo:
Skagavegur: Frá Kálfshamarsvík kringum Skaga á Gönguskarðaveg hjá Laxá.

Nd. 32. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyting á vegalögum nr. 101 19. júní 1933.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

1. Á eftir C. 6 í sömu lagagrein komi nýr liður:
   Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá um Reyki á Svínvetningabraut hjá Tindum.
2. C. 6 í sömu lagagrein orðist svo:
   Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal að væntanlegri Vatnsdalsárbrú.

Nd. 33. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Halldór Ásgrímsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Inn í D-kafla bætast þessir nýir stafliðir:

a. Á eftir 4. lið kemur:
   Vesturdalsvegur: Frá Vopnafjarðarkauptúni um Vesturdal að Haugstöðum.
b. Á eftir 6. lið koma tveir nýir liðir:
   1. *Húseyjarvegur:* Frá Jökulsárbrú undan Fossvöllum um Stórubakka út með Jökulsá að Húsey.
   2. *Kirkjubæjarvegur:* Frá Húseyjarvegi hjá Stórabakka á Hróarstunguveg hjá Kirkjubæ.
c. Á eftir 8. lið kemur:
   Seyðisfjarðarvegur: Frá Seyðisfjarðarkaupstað um Þórarinsstaði að Skálanesi.
d. Á eftir 9. lið kemur:
   Borgarfjarðarvegur: Frá Bakkagerðiskauptúni um Húsavíkurheiði til Húsavíkur.

Nd. 34. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Halldór Ásgrímsson.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
   a. Á eftir I. c. 7. kemur nýr liður, er orðist svo:
      Teigará í Vopnafirði.
   b. Á eftir I. c. 9. kemur nýr liður, er orðist svo:
      Jökulsá á Dal undan Brú.
   c. Á eftir I. c. 26. kemur nýr liður, er orðist svo:
      Njarðvíkurá í Borgarfjarðarhreppi.
2. Á eftir II. 9. koma tveir nýir liðir:
   a. Jökulsá á Dal undan Merki.
   b. Fjarðará í Loðmundarfirði.

Ed. 35. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1947 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1947 með 100% viðauka vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs, samkvæmt lögum nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1947.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Lagt er til með frumvarpi þessu, að framlengd verði heimild sú, sem nú gildir samkv. lögum nr. 99 1945 til að innheimta ýmis gjöld með viðauka. Þó er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir, að heimilt sé að innheimta með viðauka allar tekjur ríkissjóðs samkv. aukatekjulögunum frá 1921, en í núgildandi lögum nær heimildin aðeins til I.—VI. kafla laganna.

Ed. 36. Frumvarp til laga

um tekjuskattsviðauka árið 1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946).

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1947 leggja á tekjur ársins 1946 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.
Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000, greiðast 2%.

Af	9—	10	þús.	kr.	greiðist		20	kr.	af	9	þús.	og	4	%	af afgangi.
—	10—	12	—	—	—		60	—	—	10	—	—	5	%	—	—
—	12—	14	—	—	—		160	—	—	12	—	—	6	%	—	—
—	14—	17	—	—	—		280	—	—	14	—	—	7	%	—	—
—	17—	20	—	—	—		490	—	—	17	—	—	8	%	—	—
—	20—	25	—	—	—		730	—	—	20	—	—	9	%	—	—
—	25—	30	—	—	—		1180	—	—	25	—	—	10	%	—	—
—	30—	40	—	—	—		1680	—	—	30	—	—	11	%	—	—
—	40—	100	—	—	—		2780	—	—	40	—	—	12	%	—	—

Af	100—	125	þús.	kr.	greiðist	9980	kr.	af	100	þús.	og	10 % af afgangi.
—	125—	150	—	—	—	12480	—	—	125	—	—	7 % — —
—	150—	200	—	—	—	14230	—	—	150	—	—	5 % — —
—	200		—	—	—	16730	—	—	200	—	—	

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að framlengd verði á árinu 1947 lög nr. 111 31. des. 1945, um tekjuskattsviðauka árið 1946. Þykir þetta nauðsynlegt, enda eru gjöld í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1947 áætluð hærri en þau eru í núgildandi fjárlögum.

Nd. 37. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946.)

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 118 31. des. 1945, skulu koma í gildi af nýju frá 1. janúar 1947 að telja og gilda til loka þess árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Lagt er til, að framlengdar verði á árinu 1947 þær heimildir, sem nú eru í gildi samkv. lögum nr. 118 31. desember 1945.

Sþ. 38. Breytingartillögur

við till. til þál. um rannsókn á dýralífi í Hvammsfirði.

Frá Halldóri Ásgrímssyni og Páli Zóphóníassyni.

1. Í tillgr. bætist: Á eftir orðinu „Hvammsfirði“ komi: og Nýpsfirði og Nýpslónum í Vopnafirði.
2. Fyrir „fjörðurinn sé heppilegur“ kemur: staðirnir séu heppilegir.
3. Aftan við fyrirsögnina bætist: og Nýpsfirði og Nýpslónum.

Nd. 39. Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Jóhann Hafstein.

1. gr.

Á eftir fyrri málsl. fyrri mgr. 3. gr. laganna komi nýr málsl.:

Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu innan stéttarfélaga til stjórnar- og trúnaðarstarfa, svo sem við kosningu fulltrúa stéttarfélaga til stéttarsambands, ef ⅕ hluti félaganna krefst þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og öllum er kunnugt, hafa bæði fyrr og síðar átt sér stað hörð pólitísk átök innan stéttarfélaga verkalýðsins hér á landi. Eins og eðli slíks félagsskapar er háttað, þar sem meðlimirnir tilheyra mismunandi stjórnmálaflokkum, — en stéttaskiptingin ræður að sjálfsögðu ekki stjórnmálaskoðunum manna, — er við því að búast, að átök geti orðið milli meðlimanna vegna mismunandi stjórnmálaskoðana. Fyrir þetta verður aldrei girt, meðan lýðræði ríkir í landinu, en það, sem máli skiptir, er, að meðlimir stéttarfélaganna búi í þessum efnum við þá aðstöðu, að geta notið sæmilegs jafnréttis og hlutfallslega sömu aðstöðu til að beita áhrifum sínum.

Frumvarp það, sem hér er flutt, stefnir að þessu með því að skylda til að viðhafa hlutfallskosningar innan verkalýðsfélaganna til stjórnar- og trúnaðarstarfa, ef ákveðinn hluti meðlima félaganna óskar þess.

Efni frumvarpsins er ekki nýtt hér í þingsölunum, en svipuð breytingartillaga við lögin um stéttarfélög og vinnudeilur var flutt af þáverandi þingmanni Hafnarfjarðar, hr. Bjarna Snæbjörnssyni lækni, á Alþingi 1939. Í frumvarpi Bjarna Snæbjörnssonar fólust þó fleiri breytingar á sömu lögum, sem miðuðu að því að tryggja jafnrétti meðlima verkalýðsfélaganna.

Eins og kunnugt er, var nefnt frumvarp afgreitt með samkomulagi þáverandi stjórnarflokka, Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins, er fólst í till. til rökstuddrar dagskrár, er forsætisráðherra, Hermann Jónasson, flutti, og byggðist á trausti þess, að efni frumvarpsins mundi ná fram að ganga með frjálsu samkomulagi og lagaákvæða væri þá ekki þörf.

Leyfi ég mér að taka hér upp hina rökstuddu dagskrártillögu eins og hún var samþykkt:

„Í trausti þess, að samningar takist milli fulltrúa þeirra verkamanna, sem lýðræðisflokkunum fylgja, er leiði til þess, að einungis eitt félag fyrir hverja stétt verði á hverju félagssvæði og engir geti gerzt meðlimir þess aðrir en menn þeirrar stéttar, er félagið er fyrir; enn fremur að hið bráðasta verði gerðar nauðsynlegar breytingar á Alþýðusambandi Íslands, til þess að það verði óháð öllum stjórnmálaflokkum og tryggt verði, að öllum meðlimum félaga sambandsins verði veitt jafnrétti til allra trúnaðarstarfa innan viðkomandi félags án tillits til stjórnmálaskoðana, þá tekur d. að svo stöddu ekki afstöðu til frv. þessa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Verður að telja, að fyrri hluta þessarar tillögu hafi verið fullnægt með þeim breytingum, sem síðan hafa átt sér stað á lögum Alþýðusambands Íslands.

Síðari hlutanum, „að tryggt verði, að öllum meðlimum félaga sambandsins verði veitt jafnrétti til allra trúnaðarstarfa innan viðkomandi félags án tillits til stjórnmálaskoðana", hefur hins vegar enn eigi verið fullnægt. Því að ef menn skiptast við kosningar til trúnaðarstarfa eftir stjórnmálaskoðunum, og í reyndinni vill það oft

svo verða, þá njóta menn einskis jafnréttis, þar sem viðhafðar eru einfaldar meirihlutakosningar, heldur er réttur minnihlutans algerlega fyrir borð borinn.

Með því að skylda til að viðhafa hlutfallskosningar, eins og hér er gert, ef ⅕ hluti félagsmanna óskar þess, er stefnt að því að koma í veg fyrir það misrétti, sem nú ríkir.

Hlutfallskosningar verða ekki til að gera stéttarfélögin pólitískari en þau nú eru, heldur þvert á móti til þess að draga úr hörku hinna pólitísku átaka, með því að veita meðlimum með ólíkar stjórnmálaskoðanir hlutfallslega jafna aðstöðu til áhrifa.

Ákvæði þessa frumvarps, ef að lögum yrði, mundi leiða til friðsamlegri vinnuaðferða innan verkalýðsfélaganna og þannig verða þessum samtökum í heild og hagsmunum þeirra til hollustu.

Ed. 40. Frumvarp til laga

um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946.)

I. KAFLI

1. gr.

Orðaskýringar:

1. *Skip* er sérhvert fljótandi far, nema annars sé getið.
2. *Íslenzkt skip* er hvert það skip, sem skrásett er hér á landi og rétt hefur til þess að sigla undir íslenzkum fána.
3. *Farþegaskip* er hvert það skip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega.
4. *Farþegar* eru allir, sem á skipi eru, aðrir en skipshöfn. Þeir teljast þó eigi farþegar, sem komnir eru í skip vegna óviðráðanlegra atvika, eða samkvæmt skyldu skipstjóra til þess að flytja nauðstadda menn.
5. *Þilfarsfarþegi* er farþegi, sem greiðir fargjald í lægsta fargjaldsflokki.
6. *Flokkað skip* er hvert það skip, sem hefur gilt flokkunarskírteini frá flokkunarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra.
7. Þar, sem talað er um *rúmlest*, er átt við brúttó rúmlest (100 ensk teningsfet = 2,83 m³), nema annars sé getið.
8. *Önnur fljótandi för* eru ferjur á sjó, vötnum og ám og hvert annað far, sem notað er til að flytja menn, dýr eða muni.
9. *Vélskip* er hvert það skip, sem knúið er aflvél í því sjálfu.
10. *Eimskip* er hvert það skip, sem knúið er gufuafli.
11. *Mótorskip* er hvert það skip, sem knúið er með olíuhreyfli.
12. *Skipverji* er hver sá maður, sem skráður er á skip eða á því er og skyldi skráður.
13. *Eldfim efni* (sbr. 44. gr.) eru: eter (naphta) og aðrir vökvar, sem blandaðir eru eter, brennisteinskolefni, steinolíu-eter, gasolía, benzín og aðrir slíkir vökvar, er logamark þeirra er undir 22° á Celsíus með 760 mm loftvogarstöðu.
14. Ákvæði laganna um *stálskip* eiga einnig við um *járnskip*.
15. Þar, sem rætt er um ráðherra í lögum þessum, er átt við ráðherra þann, sem fer með siglingamál.

2. gr.

Þar, sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara til allra íslenzkra skipa og báta, sem eru 6 metrar eða lengri, mælt milli stafna, og gerðir eru út hér á landi, hvort heldur er til farþegaflutninga, vöruflutninga eða fiskveiða.

Ákvæði laganna taka og til erlendra skipa og báta, sem íslenzkir ríkisborgarar hafa á leigu, ef þau eru gerð út hér eða í förum hingað eða héðan, með íslenzkri skipshöfn.

Sé um að ræða erlent skip flokkað í flokkunarfélagi viðurkenndu af ráðherra, ná lögin þó aðeins til öryggisbúnaðar þess.

Ákvæði laganna taka enn fremur til allra báta án tillits til stærðar, flytji þeir farþega, hvort sem er á sjó eða vötnum.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að eftirlit skuli haft með öryggi annarra fljótandi fara og hvernig því eftirliti skuli haga.

II. KAFLI

Um haffæri skipa, skyldur útgerðarmanna og skipstjóra o. fl.

3. gr.

Skip skal telja óhaffært:

a. ef gilt haffærisskírteini, hleðslumerkjaskírteini og, sé um farþegaskip að ræða, öryggisskírteini, er ekki sýnt, þegar þess er krafizt af eftirlitsmanni eftirlitsins eða trúnaðarmanni þess, sbr. 17. og 18. gr.;
b. ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa;
c. ef bol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, það svo ofhlaðið mönnum eða munum, vanhlaðið, kjölfestulítið, illa birgt af vistum, vatni, kolum, olíu eða öðrum vélanauðsynjum sé það vélskip, eða af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er við siglingar.

4. gr.

Eiganda skips, útgerðarmanni svo og skipstjóra er skylt að sjá um, að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi og því sé haldið haffæru, hvort heldur það er statt í höfn eða á hafi úti.

5. gr.

Nú tekur skip grunn, slæst við bryggju, verður fyrir árekstri, eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótast, að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka tjón það, sem orðið hefur, með skoðunargerð á þeim stað, er henni verður fyrst við komið.

Verði því komið við án verulegrar tafar, skal skoðun framkvæmd af skoðunarmönnum skipaeftirlitsins, en annars skal hún gerð af sérfróðum mönnum, er kvaddir skulu af sjódómi á þeim stað.

Ef svo ber við, að ekki verður náð til sérfróðra manna, þar sem skipið er statt, skal skipstjóri, yfirvélstjóri og yfirstýrimaður ásamt tveimur mönnum, er skipshöfn velur, framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu. Ágrip af skoðunarskýrslunni skal ritað í eftirlitsbók skipsins og undirritað af þeim öllum, er hana önnuðust. Þar skal kveðið skýlaust á um haffæri skipsins. Afrit af því, sem bókað var, skal þá þegar sent eftirlitsmanni í því umdæmi, eða til þess eftirlitsmanns, er fyrst næst til, og ákveður hann, hvort ný skoðun skuli fara fram.

III. KAFLI

Skipaeftirlitið.

6. gr.

Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirumsjón ráðherra.

7. gr.

Forseti skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála.

Hann skal hafa starfið sem aðalstarf, vera skipaverkfræðingur eða vélfræðingur eða sérfræðingur um smíði tréskipa eða siglingafræðingur og fullnægja kröfum þeim, sem þarf til þess að vera embættismaður hér á landi. Eigi má hann hafa þau störf á hendi, er telja má ósamrýmanleg stöðu hans, svo sem venjulegt skipaeftirlitsstarf.

Launuð aukastörf má hann engin hafa á hendi nema með leyfi ráðherra.

Skipaskoðunarstjóri hefur skrifstofu í Reykjavík.

Um verksvið hans og starfshætti skal ákveðið í reglugerð, er ráðherra setur, að því leyti, sem ákvæði þessara laga ná ekki til. Við samningu reglugerðarinnar skal leita álits Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands.

8. gr.

Skipaskoðunarstjóri skal hafa sérfróða fulltrúa, er starfi við skipaeftirlitið að öllu eða nokkru leyti. Skal einn þeirra vera skipaverkfræðingur, annar vélfræðingur, þriðji sérfræðingur í öryggismálum og fjórði siglingafræðingur (skipstjóri).

Þeir skulu skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra og fullnægja kröfum þeim, er þarf til þess að vera embættismaður hér á landi.

Ráðherra getur ákveðið, að skipaskoðunarstjóri skuli annast eitt þessara sérfræðistarfa.

9. gr.

Landið skiptist í 5 eftirlitssvæði. Þau eru:

1. eftirlitssvæði:
   Frá Hjörleifshöfða að Skor á Barðaströnd. Allar Breiðafjarðareyjar meðtaldar.
2. eftirlitssvæði:
   Frá Skor í Hrútafjarðarbotn.
3. eftirlitssvæði:
   Frá Hrútafjarðarbotni að Gunnólfsvíkurfjalli.
4. eftirlitssvæði:
   Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Hjörleifshöfða.
5. eftirlitssvæði:
   Vestmannaeyjar.

10. gr.

Skipaskoðunarstjóri skipar eftirlitsmann á hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd eftirlitsins þar og umsjón með skoðunarmönnum undir yfirstjórn skipaskoðunarstjóra.

Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðis síns, er skipaskoðunarstjóri ákveður, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa reynslu og þekkingu á siglingum og skipum.

Skipaskoðunarstjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur.

11. gr.

Eftirlitsmaður skal sjálfur annast allt eftirlit þar á svæði sínu, sem mest þörf er eftirlits, á hverjum tíma árs. Ef erfiðleikar eru á því, að hann vegna fjarlægðar geti á sama tíma haft fullnægjandi eftirlit á öðrum stað eða stöðum á svæðinu, þar sem er sérstök þörf eftirlits, ber honum að fela hæfum manni eftirlit þar, enda fullnægi sá skilyrðum þeim, sem sett eru um eftirlitsmenn, og fallist skipaskoðunarstjóri á, að þörf sé sérstaks eftirlits á þeim stað.

Eftirlitsmenn skulu halda dagbók um störf sín og senda skipaskoðunarstjóra mánaðarlega skýrslu um þau.

12. gr.

Hvert eftirlitssvæði skiptist í skoðunarsvæði. Þau eru:

I. eftirlitssvæði:
   1. skoðunarsvæði: Frá Hjörleifshöfða að Jökulsá á Sólheimasandi.
   2. — Frá Jökulsá á Sólheimasandi að Þjórsá.
   3. — Frá Þjórsá að Grindavík.
   4. — Grindavík og Reykjanesskagi að Hafnarfirði.

5. skoðunarsvæði: Hafnarfjörður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
6. — Reykjavík og Kjósarsýsla.
7. — Borgarfjarðar- og Mýrasýsla (frá Hvalfjarðarbotni til Hítarár).
8. — Frá Hítará að Búlandshöfða.
9. — Frá Búlandshöfða að Skor. (Allar Breiðafjarðareyjar meðtaldar.)

II. eftirlitssvæði:
10. skoðunarsvæði: Frá Skor að Kópanesi.
11. — Allur Arnarfjörður.
12. — Allur Dýrafjörður.
13. — Allur Önundarfjörður.
14. — Allur Súgandafjörður.
15. — Frá Gelti til Geirhólma.
16. — Frá Geirhólma í Hrútafjarðarbotn.

III. eftirlitssvæði:
17. skoðunarsvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Skagatá.
18. — Frá Skagatá að Haganesvík.
19. — Haganesvík að Siglunestá.
20. — Frá Siglunestá að Ólafsfjarðarmúla.
21. — Frá Ólafsfjarðarmúla að Gjögri, svo og Grímsey.
22. — Frá Gjögri að Tjörnestá, svo og Flatey á Skjálfanda.
23. — Frá Tjörnestá að Gunnólfsvíkurfjalli.

IV. eftirlitssvæði:
24. skoðunarsvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Lagarfljóti.
25. — Frá Lagarfljóti að Loðmundarfirði.
26. — Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður.
27. — Frá Dalatá að Gerpi.
28. — Frá Gerpi að Fáskrúðsfirði.
29. — Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.
30. — Frá Breiðdalsvík að Austurhorni.
31. — Frá Austurhorni að Hjörleifshöfða.

V. eftirlitssvæði:
32. skoðunarsvæði: Vestmannaeyjar.

13. gr.

Skipaskoðunarstjóri skipar að fengnum tillögum eftirlitsmanns og sjómannasamtaka á hverjum stað skoðunarmenn á hvert skoðunarsvæði. Tölu skoðunarmanna á hverju skoðunarsvæði ákveður skipaskoðunarstjóri að fengnum tillögum eftirlitsmanns. Skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á svæði sínu, hafa reynslu og þekkingu á siglingum, skipum og vélum og vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann.

Eftirlitsmaður skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra.

14. gr.

Áður en embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins taka til starfa, skulu þeir undirrita eið eða drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starfann eftir beztu samvizku og þekkingu.

Ekki mega þeir skoða þau skip eða annast önnur störf skipaeftirlitsins, að því er snertir skip, er þeir eiga sjálfir að meira eða minna leyti eða ef þeir eru í þjónustu slíkra aðilja. Eigi mega þeir heldur annast skipaskoðunarstörf að því er snertir þau skip, sem þeir eru á einn eða annan hátt við riðnir, þannig að þeir verði eigi taldir óvilhallir.

Skipaeftirlitsmaður sker úr, hvort skoðunarmenn séu óvilhallir.

15. gr.

Skipaskoðunarmenn annast allar skoðanir, er ræðir um í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi.

Nú er um skoðun að ræða, er eftirlitsmaður telur þannig vaxna, að meiri sérfræðilegrar þekkingar sé þörf, og skipar hann þá sérfróðan mann eða menn skoðunarmönnunum til aðstoðar.

Ef þörf krefur, getur skipaskoðunarstjóri kvatt mann til skoðunar utan umdæmis síns.

16. gr.

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé kröfum þeim, sem gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, um öryggi skipa.

Skoðunar- og eftirlitsmenn skulu líta eftir umgengni og hreinlæti í vistarverum og forðageymslum.

Að lokinni skoðun er skipaskoðunarmönnum skylt að sjá um, að bætt sé úr því, sem þeir telja áfátt. Telji skoðunarmenn eigi öruggt, að skip sé í förum, skulu þeir eigi láta skoðunarvottorð af hendi, en tilkynna útgerðarmanni eða skipstjóra, að vottorð verði eigi afhent, fyrr en úr göllunum sé bætt, enda skal og skipinu bannað að vera í förum.

Um málið fer síðan samkvæmt VII. kafla.

Ef það, sem áfátt þykir, er þannig vaxið, að haffæri skips er óskert og eigi er hægt að bæta úr því þegar í stað, þar sem skipið er statt, skal skoðunarmaður gefa skipstjóra hæfilegan frest til þess að fullnægja gerðum kröfum, þó eigi lengri en 3 mánuði.

Hvers vant er, ástæður til frestveitingar og lengd frests skal skráð í eftirlitsbók.

Þegar frestur er liðinn, ber skoðunarmanni að ganga úr skugga um, að bætt hafi verið úr því, sem áfátt var. Hafi það eigi verið gert, ber honum tafarlaust að skýra eftirlitsmanni frá, og ákveður hann þá, hvort frestur skuli framlengdur eða hvort útgerðarmaður eða skipstjóri skuli sóttur til saka.

Verði ekki náð til skipsins, þegar fresturinn er útrunninn, skal eftirlitsmaður leita aðstoðar skipaskoðunarstjóra í málinu, og ákveður hann þá, hvað gera skuli.

17. gr.

Eftirlitsmönnum ber hverjum í sínu umdæmi að gæta þess, að fullnægt sé fyrirmælum um öryggi skipa. Í því skyni ber þeim m. a. að athuga skip í umdæmi sínu, hleðslu þeirra og haffæri fyrirvaralaust, þegar hentugt þykir eða ástæða virðist til, einkum er skip kemur til hafnar eða fer úr höfn. Komi fram, að vafi leiki á því, hvort skip sé haffært samkvæmt lögum þessum, skal það stöðvað til bráðabirgða samkvæmt 45. gr.

Ef skipaskoðunarstjóri telur ástæðu til, getur hann tilnefnt trúnaðarmenn til þess að annast einstök störf eftirlitsmanna, og hafa þeir þá sama rétt og skyldur og eftirlitsmenn.

18. gr.

Verði skoðunarmenn, lögreglumenn, hafnsögumenn, hafnaryfirvöld, tollmenn, trúnaðarmenn stéttarfélaga sjómanna á staðnum eða skrásetningarstjórar varir við, að lög þessi séu brotin eða að brotnar séu reglugerðir settar samkvæmt þeim, eða telji þeir sig hafa ástæðu til þess að ætla, að skip sé ekki haffært, skulu þeir tafarlaust gera næsta eftirlitsmanni aðvart, og skal hann þá að athuguðu máli gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt 17. gr.

Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva, er þeir eru að starfi sínu, þó þannig, að þeir skulu gera forstjóra stöðvarinnar aðvart. Athugar hann málið og snýr sér til eftirlitsmanns skipaskoðunarinnar, ef hann telur ástæðu til.

19. gr.

Þegar embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins eru að starfi, hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem statt er í íslenzkri höfn eða innan íslenzkrar landhelgi, til þess að rannsaka það, sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Leita ber þó álits eftirlitsmanns eða skipaskoðunarstjóra, ef eigi er nauðsyn skjótra aðgerða.

Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar eru skyldir til að veita eftirlitinu alla aðstoð og upplýsingar, sem óskað er og starfið varða.

Trúnaðarmenn eftirlitsins skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfa töfum né torvelda vinnu um nauðsyn fram.

20. gr.

Embættis- og sýslunarmenn eftirlitsins eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

IV. KAFLI
Skoðun skipa.

21. gr.

Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana, sem um ræðir í III. kafla, einkum 19. gr., sbr. og 7. gr., eru skoðunargerðir á skipum þrenns konar: aðalskoðun, aukaskoðun og sérstök aukaskoðun.

22. gr.

Skoðun á þiljuðum skipum annast tveir sérfróðir skoðunarmenn, sbr. þó 15. gr., 2. mgr.

Skal annar þeirra vera vélfróður, en hinn eftir atvikum skipasmiður eða siglingafróður maður.

Skoðun á opnum bát, hvort sem hann er með vél eða án vélar, skal framkvæmd af sérfróðum manni.

23. gr.

Aðalskoðun skal gera á skipinu, sem hér segir:

a) Áður en skip leggur úr höfn hér á landi í fyrsta sinn, er smíðað hefur verið hér á landi eða breytt þannig, að farmrými hefur verið stækkað, yfirbygging aukin, breytt um aðalvél eða því hefur verið breytt svo mjög, að mæla þurfi það af nýju.
b) Þegar skip er fengið frá öðrum löndum, hvort heldur nýsmíðað eða notað, til skrásetningar undir íslenzkan fána eða til útgerðar hér á landi.
c) Á öllum farþegaskipum, öllum stálskipum eldri en 12 ára og tréskipum eldri en 16 ára einu sinni á ári.
d) Á öllum öðrum skipum annað hvert ár.

24. gr.

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skips, bæði sjálfs bols þess, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélatækja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi skips.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi, skal sú skoðun, sem fram fór á því til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefur verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. janúar 1926, um haffæri og búnað skipa og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og skipaskoðunarinnar.

25. gr.

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) vottorð um skoðunina og álit sitt um, hvort þeir telji skip haffært eða eigi. Jafnframt ber þeim að senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina,

hvort tveggja ritað eftir fyrirmynd, er ráðherra setur. Skýrsluna sendir síðan eftirlitsmaður skipaskoðunarstjóra ásamt athugasemdum sínum.

Hafi skoðun leitt í ljós, að skip sé haffært, skal lögreglustjóri (tollstjóri) eða skipaskoðunarstjóri gefa því haffærisskírteini. Öryggisskírteini farþegaskipa, sem út eru gefin samkvæmt alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á sjónum, 31. maí 1929, skal þó skipaskoðunarstjóri gefa út.

Í haffærisskírteini skal tilgreina nafn skips og heimili, skrásetningarbókstafi þess, númer þess á fiskiskipaskrá og umdæmisbókstafi, ef um fiskiskip er að ræða, rúmlestatal, hvort skip sé seglskip eða vélskip, opið eða þiljað, til hvaða ferða skip sé ætlað, tölu farþega, er það má flytja, sé um farþegaskip að ræða, svo og, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa, er gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Haffærisskírteini skipa, sem um ræðir í c-lið 23. gr., gildir í eitt ár, frá því að það var gefið út.

Haffærisskírteini skipa, sem um ræðir í d-lið 23. gr., gildir í tvö ár, frá því að það var gefið út, enda hafi lögboðin aukaskoðun farið fram.

Nú er skip eigi í höfn hér, þegar haffærisskírteini þess gengur úr gildi, og getur þá skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinis um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en 3 mánuði, enda sé eigi ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært. Nú eru annars sérstök vandkvæði á, að skírteini verði endurnýjað, án þess að eiganda, útgerðarmanni eða skipstjóra verði um kennt, og getur skipaskoðunarstjóri þá framlengt gildi skírteinis um allt að 45 daga, enda sé engin ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært.

Haffærisskírteini skal fylgja skipsskjölunum og ávallt sýnt við tollafgreiðslur skips, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum skipaeftirlitsins, sbr. III. kafla, eða lögreglunni. Nú er sá tími, er skírteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipi á þeim tíma samkvæmt lögum þessum, er vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skip sé óhaffært, og skal skip þá lagt í farbann, sbr. 45. gr.

26. gr.

Almenn aukaskoðun skal gerð einu sinni á ári á skipum þeim, er ræðir um í 23. gr., d-lið, í lögum þessum, það ár, sem aðalskoðun fer ekki fram á þeim.

27. gr.

Við almenna aukaskoðun skal sérstaklega athuga allan búnað skips og áhöld, botn skips og stýrisbúnað. Þó má botnskoðun gera á öðrum tíma, enda sé þá eigi liðið ár frá síðustu botnskoðun.

28. gr.

Sérstök aukaskoðun skal gerð, er svo stendur á sem hér segir:

a) Þegar skip hefur sætt verulegri viðgerð, en eigi kveður samt svo mikið að viðgerðinni, að aðalskoðun skyldi gera samkvæmt 23. gr. í lögum þessum.
b) Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, meiri hluti skipshafnar, vélstjóri eða stjórn stéttarfélags eða félaga sjómanna á staðnum krefst skoðunar. Krafa skal send eftirlitsmanni og vera skrifleg og rökstudd. Trúnaðarmenn eftirlitsins eru bundnir þagnarheiti um, hver kært hefur.
c) Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess, svo sem er skip skiptir um veiðiaðferð.

Synji eftirlitsmaður um skoðun, þegar hennar er krafizt samkvæmt b-lið þessarar greinar, má skjóta málinu til skipaskoðunarstjóra.

29. gr.

Við sérstaka aukaskoðun skal athuga þá hluta skips eða skipsbúnaðar, er ástæða þykir til vegna atvika þeirra, er skoðuninni valda.

30. gr.

Að lokinni aukaskoðun á skipi skulu skoðunarmenn senda lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) vottorð um skoðunina og álit sitt um, hvort þeir telji skip haffært eða eigi. Jafnframt ber þeim að senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina, og skal hvort tveggja þetta ritað eftir fyrirmynd, er ráðherra setur. Skýrsluna sendir síðan eftirlitsmaður skipaskoðunarstjóra ásamt athugasemdum sínum.

Telji skoðunarmenn skip haffært, ritar lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri á haffærisskírteini þess athugasemd um, að aukaskoðun hafi farið fram og að hún hafi eigi leitt neitt það í ljós, er geri skipið óhaffært.

31. gr.

Nú fer fram auka- eða skyndiskoðun á skipi, og getur þá skipaskoðunarstjóri ákveðið, að aðalskoðun skuli fara fram þá þegar, enda skal sú ákvörðun rökstudd.

32. gr.

Synji skipaskoðunarstjóri um skoðun, þegar hennar er krafizt samkv. b-lið 28. gr., eða telji einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, sig eigi geta unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá, er telur sig vanhaldinn, stefnt ágreiningnum fyrir siglingadóm, sbr. 50. gr. Um slík mál fer sem segir í 48. gr.

Dómurinn kveður endanlega á um, hvort skoðun eða eftir atvikum yfirskoðun skuli fara fram.

Dómurinn annast yfirskoðun sjálfur eða kveður til sérstaka yfirskoðunarmenn, ef þörf þykir. Þeir skulu vera þrír eða fimm eftir ákvörðun dómsins, sérfróðir, hæfir og óhlutdrægir menn, er fullnægja skilyrðum til þess að gegna embætti eða sýslan hér á landi.

Yfirskoðunargerð verður ekki haggað, ef hún hefur farið löglega fram. Hún skal staðfest með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt er af einhverjum þeim, er hlut á að máli.

V. KAFLI

Um smíði, búnað, breytingar og innflutning á skipum.

33. gr.

Skip skal að jafnaði fullnægja skilyrðum þeim, sem hér segir:

A. Skrokkur, reiði og vélar.
   1. Skrokkur og yfirbygging, reiði og reiðabúnaður og vélar skal vera nægilega sterkt og í góðu ástandi.
   2. Í stálskipi skulu vera fullnægjandi vatnsþétt skilrúm.
   3. Stýri og stýrisbúnaður, akkeri, keðjur, kaðlar og dælubúnaður skal vera fullnægjandi og í góðu ástandi. Vélknúnar austurdælur skulu vera í skipum, sem eru 50 rúmlestir eða stærri.
   4. Í skipi skulu vera varahlutir, verkfæri og önnur nauðsynleg áhöld.
   5. Skip skal láta vel að stjórn og vera nægilega stöðugt, svo að því verði örugglega siglt. Athugun á stöðugleika annarra skipa en þeirra, sem um ræðir í 35. gr., framkvæmir skipaskoðunarstjóri á þann hátt, er hann telur fullnægjandi, eftir atvikum með tæknilegri rannsókn.

   Sé eigi annars getið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal kröfum þeim, sem um ræðir í 1.—5. lið, að jafnaði talið fullnægt, ef skip fullnægir þeim kröfum, er flokkunarfélag, viðurkennt af ráðherra, gerir til þess á hverjum tíma, að slíkt skip nái 1. flokki, þegar gætt er tegundar þess og þeirra ferða, sem því eru ætlaðar.

B. Siglingatæki.
   1. Skip skal búið þeim áhöldum og tækjum, sem nauðsynleg eru, til þess að því verði örugglega siglt, þar með talin fjarskipti-tæki, sem fyrirskipuð eru eða kunna að verða.

Í skipi skal vera a. m. k. einn áttaviti og honum komið fyrir á öruggum stað.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans til þess að rétta áttavita.

Skip skal búið þjóðfána.

C. Öryggisráðstafanir og eldvarnir.

1. Varnir gegn slysum, er leitt getur af venjulegri notkun skips, skulu vera í því horfi, að menn, sem dvelja eða vinna á skipsfjöl eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni.

   Auknar kröfur má gera um öryggi tækja, ef gallar á þeim valda sérstakri slysahættu.

2. Gegn eldhættu skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir. Í skipi skulu vera slökkvitæki, sem beita má hvar sem er í því. Vélknúin dæla skal vera í öllum skipum, 30 rúmlesta eða stærri.

D. Björgunartæki.

1. Skip skal búið traustum björgunartækjum, er komið sé fyrir á hentugum stöðum.
2. Á skipi, sem er í millilandasiglingum, skulu vera nægjanlegir bátar handa öllum, sem á skipi eru.

   Á skipi, sem er í strandsiglingum, skulu vera nægjanlegir bátar handa skipshöfn, en um báta og fleytitæki handa öðrum skal setja sérreglur, sbr. 2. lið 34. gr. og 36. gr.
3. Hæfilega margir bjarghringar skulu vera á skipi. Tölu þeirra ber að miða við stærð skips og fjölda þeirra manna, sem þar er ætlað að vera.
4. Nánari reglur skulu settar um notkun og öryggi björgunartækja, þar með taldar reglur um, að hve miklu leyti bátar skuli vera björgunarbátar. Er sérstaklega stendur á, má krefjast þess, að auk báta skuli vera björgunarflekar eða svipuð fleytitæki. Ef öruggt þykir, má leyfa, að slík tæki komi að nokkru leyti í stað báta.

E. Vistarverur.

1. Vistarverur skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hreinlætistæki og viðhald.

   Reglur um rúmmál, gólfflöt og lofthæð skulu miðaðar við gerð skips og ferðir, sem því eru ætlaðar.

   Sérstök rekkja skal vera fyrir hvern skipverja.
2. Í reglugerð skal og kveða á um búnað skips að lyfjum og hjúkrunargögnum.
3. Reglugerðir, sem um ræðir í 1. og 2. lið, skulu settar af ráðherra að fengnu áliti landlæknis og skipaskoðunarstjóra.

F. Fjarskiptitæki.

Skip, sem siglir meira en 3 sjómílur frá landi og er stærra en 15 rúmlestir, skal hafa loftskeytastöð eða radiotalstöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði. Einn skipverja, að minnsta kosti, skal hafa starfræksluskírteini fyrir slíka stöð, samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

Stöð þessi er háð eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar. Póst- og símamálastjórnin gefur út öryggisvottorð fyrir fjarskiptitækin og tilkynnir skipaskoðunarstjóra árangur skoðunar á þeim, svo og annað varðandi þau, er ástæða þykir til.

G. Skipsskjöl.

1. Auk leiðarbókar (dagbókar) og véladagbókar skal skip hafa eftirlitsbók, sem í eru skráð vottorð skipaeftirlitsins um framkvæmdar skoðunargerðir ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits, sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið, sem krafizt kann að verða.

Bjóða má, að skip hafi segulskekkjubók, sem í er skráð segulskekkja áttavitanna.

Gerð og færslu eftirlitsbókar og segulskekkjubókar skal hagað á þann hátt, er skipaskoðunarstjóri kveður á um.

2. Lög þau og reglur um siglingamál, sem boðið er, skulu vera á skipi. Á þar til gerðum stöðum skal festa auglýsingar um þau efni, er krafizt er, að þannig séu birt.
3. Auk þjóðernis- og skrásetningarskírteinis og mælingabréfs skal skip hafa haffærisskírteini, hleðsluskírteini og leyfisbréf fyrir radiostöð. Enn fremur öryggisskírteini, þar sem þess er krafizt.

34. gr.

Um farþegaskip gilda ákvæði 33. gr. með þeim breytingum og viðbótum, er hér segir:

1. Farþegaskip skal að öllu vera þannig gert og búið, að því er snertir öryggi mannslífa, að hæft sé til mannflutninga og ferða þeirra, sem það er notað til.
2. Um búnað og björgunartæki farþegaskipa skal setja sérreglur.
3. Um vistarverur farþega, stærð þeirra, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, viðhald og hreinsun setur ráðherra reglugerð að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra.
4. Í skipi skal vera auglýst, svo að á ber, til hvers konar flutninga skip sé ætlað, og hámark farþegafjölda.

35. gr.

Farþegaskip, hvort heldur þau eru smíðuð til millilanda- eða strandsiglinga, skulu vera nægilega stöðug með alla farþega ofan þilfars, og er þá miðað við hæstu tölu farþega, sem hugsanlegt er, að skip flytji.

Að lokinni tæknilegri skoðun á stöðugleika skips skal skipaskoðunarstjóri ákveða í samráði við skipasmíðastöðina, hvernig úr skuli bætt, sé um ófullnægjandi stöðugleika að ræða.

36. gr.

Þegar skip, sem ekki telst farþegaskip samkvæmt lögum þessum, er að áliti skipaskoðunarstjóra notað til reglulegra farþegaflutninga, skal hann kveða á um það sérstaklega um hvert skip, hvers krafizt skuli um gerð þess og búnað. Þegar svo ber undir, að skip, sem ekki er farþegaskip, flytur annað fólk en skipverja, skulu settar sérreglur um aðbúð þeirra og öryggi.

37. gr.

A. Nýsmíði innan lands:
   1. Nýsmíði skipa er háð eftirliti skipaskoðunar ríkisins.
   2. Um nýsmíði tréskipa fer eftir uppdráttum og reglum, er ráðherra setur um smíði þeirra, svo og öðrum þeim reglum, er varða öryggisbúnað skipa.
   3. Sé um stálskip að ræða, annast skipaskoðun ríkisins eftirlitið, ef skipið er ekki smíðað undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags, en annars skal fela eftirlitið því flokkunarfélagi, er hlut á að máli. Þá skal og skipaskoðun ríkisins annast um, að skip fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru að alþjóðalögum og íslenzkum réttarreglum um öryggi skipa og búnað þeirra.
   4. Þegar nýtt skip er smíðað, skipar skipaskoðunarstjóri skoðunarmann, sem hefur daglegt eftirlit með smíðinni af hálfu hins opinbera. Verði því við komið, skal skipa einn hinna föstu skoðunarmanna skipaeftirlitsins á staðnum, enda verði hann talinn óhlutdrægur. Enn fremur skulu hinir sérfróðu menn, er um ræðir í 8. gr., ferðast milli skipasmíðastöðvanna samkvæmt ákvörðun skipaskoðunarstjóra, og skulu þeir leiðbeina við skipasmíðina, eftir því sem þörf krefur.

B. Nýsmíði erlendis:

1. Tréskip, sem smíðuð eru erlendis til skráningar hér á landi, skulu fullnægja ákvæðum íslenzkra laga og reglugerða um smíði og styrkleika skipa eða reglum flokkunarfélags, sem viðurkennt er af ráðherra, enda sé þá gætt krafna til styrkleika skipa, sem ætluð eru til úthafssiglinga, og séu þær eigi vægari í aðalatriðum en hinar íslenzku reglur.
2. Stálskip, sem smíðuð eru erlendis til skráningar hér á landi, skulu fullnægja reglum flokkunarfélaga, viðurkenndra af ríkisstjórninni, alþjóðalögum og íslenzkum reglum, um öryggi skipa og búnað þeirra.
3. Þegar ræðir um nýsmíði á tréskipum erlendis, skal skipaskoðunarstjóra skylt að annast daglegt eftirlit með smíðinni, en fullnaðarskoðun skipaeftirlitsins fer fram, þegar skip kemur til landsins. Eftirlit þetta má skipaskoðunarstjóri fela viðurkenndu flokkunarfélagi. Ræði um nýsmíði á stálskipi, skal flokkunarfélag, viðurkennt af ríkisstjórninni, annast hið daglega eftirlit með skipasmíðinni, en fullnaðarskoðun fer fram, þegar skip kemur til landsins.

C. Breytingar á gömlum skipum:

Engar meiri háttar breytingar, sbr. a-lið 23. gr., má gera á gömlum skipum, án þess að sérstakt leyfi skipaskoðunarstjóra sé fengið fyrir fram. Allar breytingar og viðgerðir skipa, sem varða öryggi skips, skulu gerðar undir eftirliti skipaskoðunar ríkisins, og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og um nýsmíði væri að ræða. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett með reglugerð.

D. Innflutningur skipa:

Skip, sem keypt eru frá útlöndum til skrásetningar hér á landi, skulu fullnægja íslenzkum lögum um styrkleika, búnað og haffæri.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi, þarf skoðun ekki að fara fram, fyrr en skipið er komið heim. Sé skip ekki í viðurkenndu flokkunarfélagi, skal skoðun fara fram, áður en það er keypt. Skoðunin skal skráð á þar til gerð eyðublöð, sem skipaskoðunarstjóri gefur út í þessu skyni. Skoðun framkvæmir innlendur eða útlendur maður, sem hefur þekkingu á skipasmíði að dómi skipaskoðunarstjóra.

Er skipaskoðunarstjóri hefur fengið skoðunarskýrslu, kveður hann á um, hvort hann vilji mæla með innflutningi skips eða ekki. Því aðeins má hann mæla með innflutningi skips, að styrkleiki þess og búnaður jafnist í aðalatriðum við það, sem krafizt er í lögum þessum, og það sé eigi eldra en 12 ára.

Þegar skip er komið heim, fer fram aðalskoðun samkv. a-lið 23. gr., sbr. og 2. mgr. 38. gr.

38. gr.

Skipum, sem voru íslenzk eign eða í smíðum fyrir íslenzka menn 1. júlí 1937, getur ráðherra veitt undanþágu frá lögum þessum, að því er einstök atriði varðar, þó ekki um haffæri skipa, sbr. 3. gr.

Ef alveg sérstaklega stendur á, má veita slíkar undanþágur skipum, sem keypt eru frá útlöndum.

Undanþágur frá ákvæðum laganna má veita skipum, sem eru sérstakrar gerðar, úr sérstöku efni eða með sérstökum vélabúnaði, og skipum, er gerð eru til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi eða hafa ekki sérstaka aflvél innan borðs.

Undanþágur samkvæmt grein þessari má því aðeins veita, að skipaskoðunarstjóri mæli með þeim, enda er honum heimilt, ef hann telur ástæðu til, að leita umsagnar Farmanna- og Fiskimannasambands Íslands og sjómannafélags þess, er hann telur helzt eiga hlut að máli.

39. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um smíði og búnað skipa og véla. Ber þar að miða við, hverrar tegundar skip er, stærð þess og notkun, er það er ætlað til, svo og gerð véla og þær ferðir, sem skipi eru ætlaðar.

VI. KAFLI
Um hleðslumerki o. fl.

40. gr.

Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa hleðslumerkjaskírteini.

Þau íslenzk skip, sem hleðslumerkjasamþykkt, gerð í London 5. júlí 1930, nær til, skulu hafa alþjóða-hleðslumerkjaskírteini. Önnur íslenzk skip, 50 rúmlestir eða stærri, skulu hafa hleðslumerkjaskírteini, er sýnir minnsta hleðsluborð.

Skipaskoðunarstjóri ákveður hleðslumerki skipa og gefur út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt samþykkt þeirri, er um ræðir í 2. mgr., og nánari reglum, er ráðherra setur.

Undanþegin ákvæðum þessarar greinar um hleðslumerki eru skip, meðan þau stunda síldveiði á tímabilinu 1. júní—15. sept., enda hafi þau verið skoðuð samkvæmt c-lið 28. gr. og sú skoðun skráð í eftirlitsbók.

41. gr.

Ráðherra setur með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað til öryggis mannslífum og haffæri skipa. Reglugerðin skal samin að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

42. gr.

Merkja skal á fram- og afturstefni allra skipa, sem stærri eru en 20 rúmlestir, mælikvarða í desímetrum annars vegar, en í enskum fetum hins vegar, er sýni, hve djúpt skip liggur í sjó.

Þegar skipaskoðunarstjóri hefur ákveðið hleðsluborð skips, skal hann, telji hann ástæðu til, merkja djúpstöðu þess á framstefni, til þess að forðast mishleðslu, enda ráðfæri hann sig við skipstjórann og skipaskoðunarmann.

43. gr.

Hleðslumerkjaskírteini skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt bæði við tollafgreiðslu og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum skipaeftirlitsins, sbr. III. kafla, eða lögreglunni.

Hafi skip hleðslumerkjaskírteini útgefið af þar til bærum erlendum stjórnarvöldum í ríki, sem er aðili að alþjóðasamþykkt gerðri í London 5. júlí 1930, eða viðurkenndu skipaflokkunarfélagi, getur skipaskoðunarstjóri veitt því íslenzkt hleðslumerkjaskírteini í þess stað án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram.

Nú er skipi breytt þannig, að hleðsluborð þess breytist að dómi skipaskoðunarstjóra, og er þá hleðslumerkjaskírteini þess úr gildi fallið.

44. gr.

Bannað er að flytja benzín eða önnur þau eldfim efni, er sérstök sprengingarhætta stafar af, í farmrúmi eða á þilfari á farþegaskipum.

Um flutning efna þeirra, sem um ræðir í 1. mgr., með skipum setur ráðherra reglur að fengnu áliti skipaskoðunarstjóra.

Um fermingu, flutning og affermingu farms að öðru leyti setur ráðherra reglur að fengnu áliti skipaskoðunarstjóra, þar á meðal um flutning á dýrum.

VII. KAFLI
Um farbann o. fl.

45. gr.

Eftirlitsmenn skera úr því, hvort för skips skuli bönnuð samkvæmt lögum þessum.

Nú hefur eftirlitsmaður lagt farbann á skip, og skal það þá þegar í stað tilkynnt skipstjóra og, ef hentugt þykir, útgerðarmanni. Tilkynningin skal vera skrifleg. Ástæður fyrir banni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því, að banni verði af létt. Skýrslu um málið ásamt nauðsynlegum upplýsingum skal senda skipaskoðunarstjóra, og loks skal lögreglustjóra, hafnar- og tollyfirvöldum á staðnum skýrt frá banninu, enda ber þessum aðilum, hverjum á sínu sviði, að veita fulltingi sitt til þess, að banni verði framfylgt.

46. gr.

Skipaskoðunarstjóri skal fella farbann skips úr gildi, ef hann telur það ekki á rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt, staðfestir hann það og sendir skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni rökstuddan úrskurð sinn.

Telji skipaskoðunarstjóri gögn skorta, sér hann um, að þeirra verði aflað.

VIII. KAFLI
Um siglingadóm og rannsókn sjóslysa.

47. gr.

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Forseti skipar formann dómsins og varaformann til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Ráðherra skipar 12 meðdómendur og 6 varameðdómendur, alla til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi og annar þeirra á diesel-skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar eða loftskeytamenn síðastliðin 5 ár.
4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu sérfróðir um firðtæki.

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru: Formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra, sem tilnefndir hafa verið, og annar sjómannanna (sbr. 3. lið).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda, og gildir sú kvaðning, þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadómendanna valdir í hvert skipti af föstu dómendunum, eftir því hverrar sérþekkingar er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

48. gr.

Hlutverk siglingadóms er:

1. Að annast yfirskoðunargerðir samkvæmt lögum þessum og kveðja yfirskoðunarmenn.

2. Að skera úr um gildi farbanns.
3. Að dæma og eftir atvikum rannsaka refsimál, sem höfðuð eru að tilhlutun skipaskoðunarstjóra út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum.
4. Að skera úr um gjaldskyldu og gjaldsupphæð samkv. 61. gr.

49. gr.

Hafi einhver sá atburður gerzt, er valdi því, að halda beri sjóferðapróf samkvæmt 45. gr. l. nr. 56 30. nóv. 1914, ber að gera eftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem sjópróf er haldið, aðvart um það, og sé um að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón á skipi eða veruleg meiðsli manna, ber honum að mæta eða láta mæta við prófin.

Eftirlitsmanni ber og að hefjast handa um, að próf sé haldið, ef hann telur ástæðu til eða þess er krafizt af aðilum þeim, sem taldir eru í b-lið 28. gr.

Hinir reglulegu sjódómar annast sjópróf og rannsóknir sjóslysa.

Á I. eftirlitssvæði fer þó siglingadómur með rannsóknina, en getur falið hana sjódómi, þar sem skip er statt, ef um lítilræði er að ræða eða sérstaklega stendur á. Siglingadómur getur haldið sjópróf hvar sem er á landinu, ef hann telur ástæðu til.

Öll sjópróf fara fram að hætti sakamála.

Að prófi loknu skal eftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem próf er haldið, sent eftirrit af því. Eftirlitsmaður getur krafizt framhaldsprófs, ef hann telur ástæðu til. Hann sendir síðan skipaskoðunarstjóra eftirrit prófanna ásamt athugasemdum sínum.

Telji skipaskoðunarstjóri ástæðu til að ætla, að um refsivert brot sé að ræða, sendir hann skjölin formanni siglingadóms með kröfu um, að málið verði þar tekið fyrir, og lætur fylgja greinargerð og gögn, er hann telur þurfa.

Siglingadómur ákveður þá fyrirtöku málsins á þeim stað og tíma, er hann telur henta. Skipaskoðunarstjóra og þeim, sem fyrir sök eru hafðir, skal tilkynnt um málshöfðunina, og skal í þeirri tilkynningu — stefnu— greint efni sakar og annað það, sem taka ber fram í stefnu samkvæmt almennum lögum. Málið skal síðan rekið að hætti sakamála, þó þannig, að málflutningur er munnlegur og opinber.

Skipaskoðunarstjóri sér um sókn málsins af hálfu ríkisvaldsins.

Telji skipaskoðunarstjóri eigi ástæðu til málshöfðunar, geta aðilar þeir, sem um ræðir í 28. gr., b-lið, krafizt hennar, enda sjái þeir þá um sókn málsins.

50. gr.

Nú hefur farbann verið lagt á skip og getur þá skipstjóri eða útgerðarmaður kært það fyrir siglingadómi.

Nú er synjað um að leggja farbann á skip eftir kröfu þeirra aðila, sem um ræðir í b-lið 30. gr., og geta þeir þá kært synjunina fyrir siglingadómi.

51. gr.

Málum höfðuðum samkvæmt 32., 50. og 61. gr. þessara laga skal beint gegn skipaskoðunarstjóra. Þeim skal hraðað svo sem föng eru á. Sérstaklega skal, þegar er hægt er, kveðið á um, hvort farbann sé staðfest eða ekki. Þeim úrskurði, sem skal vera rökstuddur, verður ekki áfrýjað.

Frestir reiknast sem aðilar væru búsettir innan sömu þinghár. Um málið fer að öðru leyti sem venjuleg sjódómsmál.

Skaðabótamál vegna ólöglegs farbanns ber undir almenna dómstóla.

Bótaréttur gegn ríkissjóði fellur niður, ef mál er eigi höfðað innan tveggja mánaða frá því er siglingadómur hefur kveðið á um gildi farbanns.

IX. KAFLI
Um gjöld.

52. gr.

Fyrir aðalskoðun á skipi, sem eigi er í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal eigandi greiða í ríkissjóð:

Fyrir opinn bát	kr.	6.00
— — — með vél	—	12.00
— skip minna en 15 rúml.	—	22.00

								pr. rúml. aurar	minnsta gjald kr.
Fyrir skip	15	rúml.	allt að	30	rúml.	.....		150	30.00
— —	30	—	— —	50	—	.....		140	45.00
— —	50	—	— —	100	—	.....		130	70.00
— —	100	—	— —	200	—	.....		120	130.00
— —	400	—	— —	800	—	.....		100	440.00
— —	200	—	— —	400	—	.....		110	240.00
— —	800	—	— —	1200	—	.....		90	800.00
— —	1200	—	— —	1600	—	.....		80	1080.00
— —	1600	—	— —	2000	—	.....		70	1280.00
— —	2000	—	og yfir			.....		60	1400.00

Hluti úr rúmlest reiknast ekki með.

Gjöldin reiknast í heilum krónum, þannig að því, sem er umfram krónu, er sleppt.

Fyrir almenna aukaskoðun á skipum þeim, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða 75% af gjaldi því, sem þar er talið.

Fyrir aðalskoðun og aukaskoðun á skipum, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða hálft gjald samkvæmt 1. og 2. mgr.

53. gr.

Fyrir fyrstu skoðun á nýsmíðuðu skipi, hvort heldur það er smíðað hér á landi eða erlendis, eða skipi innfluttu frá útlöndum, skal greiða gjald samkvæmt 1. mgr. 52. gr. að viðbættum 50%, og skiptir þá ekki máli, hvort skipið er í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi eða ekki.

54. gr.

1. Fyrir eftirlit með smíði tréskips eða óflokkaðs stálskips, sem smíðað er innan lands, skal greiða fjórfalt gjald samkvæmt 1. mgr. 52. gr.
2. Fyrir eftirlit með breytingum og verulegum viðgerðum á skipum, sbr. C-lið 37. gr., skal greiða gjald samkv. 1. mgr. 52. gr. að viðbættri upphæð, er skipaskoðunarstjóri ákveður í hvert skipti með hliðsjón af því, hve umfangsmikil breytingin eða viðgerðin er.

Hærra en tvöfalt gjald samkv. 1. mgr, 52. gr. má þó ekki krefja.

55. gr.

Fyrir eftirlit flokkunarfélags eða annars trúnaðarmanns, er skipaeftirlitið hefur samþykkt, greiðir eigandi þeim, sem hlut á að máli.

56. gr.

Fyrir skoðun á eimkatli, þegar sú skoðun er ekki framkvæmd, um leið og aðal- eða aukaskoðun fer fram, skal greiða:

Skip með vél minni en 100 hestöfl	kr.	35.00
— — — frá 100 til 200 hestöfl	—	45.00
— — — — 200 — 400 —	—	60.00
— — — — 400 — 800 —	—	75.00
— — — — 800 — 1200 —	—	90.00
— — — — 1200 hestöfl og þar yfir	—	110.00

57. gr.

Fyrir skoðun og mælingar á skipi til ákvörðunar hleðslumerkja skal greiða:

Fyrir skip minni en 200 rúmlestir	kr.	150.00
— — 200 rúml. allt að 500 rúml.	—	200.00
— — 500 — — — 900 —	—	250.00
— — 900 — — — 1400 —	—	300.00
— — 1400 — — — 2000 —	—	350.00
— — 2000 — — — 2700 —	—	400.00
— — 2700 — — — 3500 —	—	450.00
— — 3500 — og stærri	—	500.00

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis, sem gefið er út samkvæmt hleðslumerkjaskírteini frá erlendu stjórnarvaldi eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða 75 krónur.

Fyrir skoðun á skipi til framlengingar eða endurnýjunar á hleðslumerkjaskírteini og útgáfu þess skal greiða 100 krónur.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er eða ónýtt, skal greiða 50 krónur.

58. gr.

Fyrir endurskoðun á smíðauppdráttum óflokkaðs skips, sbr. 2. lið A. 37. gr., skal greiða tvöfalt gjaldið, sem um ræðir í 1. mgr. 52. gr.

Gjaldið skal miða við rúmlestatölu skips þannig, að margfalda saman smíðamál þess í metrum og deila með 5.

Fyrir endurskoðun á skoðunarskýrslu, sbr. 4. mgr. D-liðar 37. gr., greiðist sama gjald og fyrir endurskoðun smíðauppdrátta.

59. gr.

Fyrir aðrar skoðanir ber að greiða samkvæmt reikningi, er skipaskoðunarstjóri úrskurðar.

60. gr.

Öll framangreind gjöld ber eiganda skips að greiða, og renna þau í ríkissjóð, sbr. þó 55. gr.

Gjöldin skulu innheimt af lögreglustjórum (í Reykjavík tollstjóra) á sama hátt og önnur opinber gjöld til ríkisins. Gjöldunum fylgir lögveð í skipi jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því, er gjald var kræft.

61. gr.

Telji gjaldandi gjald ranglega krafið eða of hátt, getur hann leitað úrskurðar skipaskoðunarstjóra, og skal þá greiða gjaldið samkvæmt honum. Gjaldandi getur þó á næstu þrem mánuðum frá því, er honum var kunnugt um úrskurðinn, skotið honum til siglingadóms, er þá sker úr um málið, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað.

Ríkissjóður endurgreiðir gjaldanda að öllu eða nokkru samkvæmt því, sem í úrskurði siglingadóms segir.

Skipaskoðunarstjóri er í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í slíkum málum.

Réttargjöld í málum samkvæmt þessari grein eru hin sömu og í einkamálum.

X. KAFLI
Um laun.

62. gr.

Skipaskoðunarstjóri, sérfróðir fulltrúar skipaskoðunarstjóra (sbr. 8. gr.) og eftirlitsmenn (sbr. 10. gr.) skulu launaðir samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins.

63. gr.

Skoðunarmenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra, og skal þar tekið tillit til verks þess, sem í té er látið.

64. gr.

Fastir dómendur siglingadóms skulu launaðir á sama hátt og fastir dómendur í félagsdómi.

Laun aukadómenda ákveða hinir föstu dómendur eftir málavöxtum hverju sinni.

65. gr.

Allir framangreindir embættis- og sýslunarmenn taka laun sín úr ríkissjóði.

Skrifstofukostnaður, ferðakostnaður og nauðsynleg aðstoð greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

XI. KAFLI
Um refsingar, svipting réttinda o. fl.

66. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú er skipi, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, lagt úr höfn eða skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, og skal þá eigi beita vægari refsingu en varðhaldi.

Refsingu skal beitt eigi aðeins við skipstjóra, þann, er í hans stað kemur, og aðra, sem beinan þátt eiga í broti, heldur og eiganda skips, útgerðarmann eða annan yfirboðara, enda sé brotið framið með vitund þess manns eða vilja.

67. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Þeim fylgir lögveð í skipi og búnaði þess jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

Aðför skal reynd fyrir sekt, áður en til afplánunar kemur.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sakborninga.

68. gr.

Ef skip, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, er leyst úr höfn, svo og, ef skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, varðar það skipstjóra missi réttar til skipstjórnar eigi skemur en 3 mánuði.

Sé brot ítrekað eða hafi verulegt tjón hlotizt af á mönnum eða verðmætum, skal beitt réttindasviptingu í 6 mánuði og allt að 5 árum eða ævilangt, ef brot er stórfellt.

Réttindasviptingu samkvæmt þessari grein skal beitt við yfirvélstjóra, loftskeytamenn og aðra yfirmenn skips, eftir því sem við á, ef þeir gerast brotlegir gegn lögum þessum eða taka þátt í brotum á þeim.

69. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum 21. gr. laga nr. 33 9. jan. 1935, að því er snertir viðurlög, ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

70. gr.

Ef maður, sem hefur fengið opinbera viðurkenningu eða próf sem smiður skips, vélar eða búnaðar þess, vanrækir störf sín samkvæmt lögum þessum, varðar það hann refsingu og réttindamissi samkvæmt 66. og 68. gr.

71. gr.

Svipting réttinda samkvæmt lögum þessum skal gerð með dómi.

Hver sá, sem sviptur hefur verið réttindum samkvæmt lögum þessum, skal afhenda lögreglunni réttindaskírteini sitt.

Réttindasvipting skal tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

72. gr.

Hafi maður verið sviptur réttindum samkvæmt lögum þessum lengur en 5 ár, getur dómsmálaráðherra veitt honum réttindin aftur, enda séu meira en 5 ár liðin frá réttindasviptingu, sönnur færðar á, að sá, er hlut á að máli, hafi lifað heiðarlegu og grandvöru líferni, hafi enn þá þekkingu og leikni, er til starfans þarf, og ástæður mæli að öðru leyti með.

Endurveiting réttinda samkvæmt þessari grein er þó því aðeins heimil, að skipaskoðunarstjóri og siglingadómur mæli með.

XII. KAFLI

Um gildistöku laganna o. fl.

73. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum og bátum, lög nr. 38 30. júní 1942, um breyting á þeim lögum, svo og önnur þau ákvæði, er eigi fá samrýmzt lögum þessum.

74. gr.

Reglugerðir, sem út hafa verið gefnar samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, halda gildi sínu, þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar.

75. gr.

Auk þess, sem getið er í einstökum greinum, er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra, enda sé tillagna skipaskoðunarstjóra leitað. Í slíkar reglugerðir má og setja refsiákvæði innan þeirra marka, er lög þessi setja.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi til laga um sama efni, sem ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi, 64. löggjafarþing, 1946, þó með nokkrum smábreytingum, er Alþingi gerði á því við meðferð þess í neðri deild. Frumvarpið var samið af nefnd, sem skipuð var 7. marz 1944, til að endurskoða lögin um eftirlit með skipum o. fl. og fylgdi því frá nefndinni allítarleg greinargerð, sem prentuð er með frumvarpinu þegar það var lagt fyrir 64. löggjafarþing. Vísast til athugasemda þeirra, er þá fylgdu frumvarpinu.

Ed. 41. Frumvarp til laga

um iðnfræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946.)

1. gr.

Iðnfræðslu til sveinsprófs skal halda uppi í þeim iðngreinum, sem löggiltar eru, og fer um framkvæmd hennar eftir því, sem segir í lögum þessum.

Með reglugerð skal ákveða, hverjar skuli vera iðngreinar, svo og um kennslu í þeim, eftirlit með kennslunni og prófkröfur. Þar skal og setja ákvæði um verkleg námsskeið, er stofnað kann að verða til.

2. gr.

Iðnfræðsluráð stýrir framkvæmdum í iðnfræðslumálum undir yfirstjórn ráðherra.

3. gr.

Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til 4 ára í senn. Það skal skipað 5 mönnum búsettum í Reykjavík og nágrenni. Skulu tveir þeirra vera meistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, og tveir þeirra sveinar, tilnefndir af Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands. Formann skipar ráðherra án tilnefningar.

4. gr.

Iðnfræðsluráð skipar iðnfulltrúa á þeim stöðum á landinu, er það telur þörf á, og ákveður umdæmi þeirra.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með iðnnámi hver í sínu umdæmi í umboði iðnfræðsluráðs, eftir því sem segir í lögum þessum. Nánari fyrirmæli um störf iðnfulltrúa setur iðnfræðsluráð í erindisbréfi.

5. gr.

Iðnfræðsluráð skipar prófnefndir innan hverrar iðngreinar og á þeim stöðum, sem þörf er á.

Það er hlutverk prófnefnda:

1. Að vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með iðnnámi.
2. Að sjá um sveinspróf og dæma þau.

6. gr.

Leita skal iðnfræðsluráð tillagna iðnráða og iðnaðarmannafélaga, þar sem ekki eru iðnráð, um skipun iðnfulltrúa og prófnefnda.

7. gr.

Iðnfræðsluráð skal löggilda meistara sem hæfa til að taka nemendur til náms og ákveða, hversu marga nemendur megi hafa, út frá því sjónarmiði, að nemendur fái notið fullkominnar kennslu í iðninni. Á sama hátt skal löggilda iðnfyrirtæki, sem hafa hæfa meistara í þjónustu sinni. Við ákvörðun sína skal iðnfræðsluráð taka tillit til venjulegs fjölda sveina á vinnustöð, húsnæðis, vélakosts, áhalda og verkefna.

Nú hefur meistari eða iðnfyrirtæki rofið námssamning tvisvar eða vanrækt kennslu eða brotið á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um iðnfræðslu í verulegum atriðum, og getur þá iðnfræðsluráð svipt hlutaðeiganda rétti til þess að hafa nemendur um tiltekinn tíma eða að fullu.

8. gr.

Iðnfræðsluráð skal halda uppi leiðbeiningastarfsemi um stöðuval.

Iðnfræðsluráð skal í því skyni fylgjast með afkomu og atvinnuhorfum innan einstakra iðngreina. Það skal leita þar um árlega álits félagssamtaka meistara og sveina.

Iðnfræðsluráð skal og eins fljótt og kostur er á koma á fót hæfnisprófum fyrir umsækjendur um iðnaðarnám, og ber því að neita að ráða umsækjendur til náms, ef árangur prófsins er neikvæður.

9. gr.

Sá, sem vill komast í iðnnám, skal sækja um það til iðnfulltrúa og geta þess í umsókninni, hvort hann eigi kost á kennslu hjá ákveðnum meistara eða fyrirtæki. Sé svo ekki, skulu iðnfulltrúar aðstoða umsækjanda við að koma sér í nám eða beina umsókninni til iðnfræðsluráðs.

10. gr.

Ekki má unglingur hefja iðnnám yngri en 16 ára. Þó er heimilt, með sérstöku samþykki iðnfræðsluráðs í hvert sinn, að veita nemendum í léttum iðngreinum undanþágu í þessu efni, enda sé umsækjandi orðinn fullra 15 ára.

11. gr.

Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til iðnnáms, skal gera um það skriflegan námssamning í samræmi við lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim. Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga með áritun sinni, og eru þeir ógildir ella.

Nú neita iðnfulltrúar að samþykkja námssamning, og má þá áfrýja því til iðnfræðsluráðs.

Námstími telst ekki hafinn fyrr en námssamningur hefur hlotið staðfestingu iðnfulltrúa.

Iðnfulltrúar skulu, eftir ráðstöfun iðnfræðsluráðs, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

Iðnfræðsluráð skal halda skrá yfir þá námssamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma, og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá, ef óskað er.

12. gr.

Námstími skal vera svo langur sem í reglugerð segir. Nú hefur nemandi áður stundað nám í verklegum skóla eða námsskeiði, og skal iðnfræðsluráð þá ákveða, hversu námstími styttist.

Hafi nemandi áður stundað nám hjá öðrum meistara, en slitið námssamningi við hann á löglegan hátt, skal sá tími, er hann vann hjá honum, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari.

13. gr.

Þegar námstíminn er á enda, skal nemandinn hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann sé fullnuma í iðn sinni. Prófdómendur ákveða í samráði við meistara, hver prófverk skuli vera. Standist nemandi prófið, ber að gefa út handa honum prófskírteini, er sé undirritað af meistara hans og prófdómendum svo og hlutaðeigandi skólastjóra og lögreglustjóra, og heitir það prófskírteini sveinsbréf.

14. gr.

Heimilt er iðnfræðsluráði að ákveða lágmarkskaup nemenda með hliðsjón af gildandi kjarasamningum í hverri iðngrein og á hverjum stað. Heimilt er að breyta

kaupákvörðunum, meðan á samningstíma stendur, ef kaupbreytingar verða í iðninni. Leita skal álits hlutaðeigandi iðngreina, áður en slíkar ákvarðanir eru teknar.

15. gr.

Daglegur vinnutími nemenda skal vera hinn sami sem sveina á hlutaðeigandi vinnustöð, sbr. þó 23. gr.

Nemendum er ekki skylt að inna af höndum eftirvinnu eða helgidagavinnu, og ekki má fá þeim neina vinnu, sem þeim er um megn eða skaðleg getur talizt heilsu þeirra.

16. gr.

Sumarleyfi iðnnema skal vera 12 dagar virkir með fullu kaupi.

17. gr.

Skylt er meistara eða iðnfyrirtæki að greiða iðgjöld til sjúkrasamlags fyrir nemendur sína.

Í veikindaforföllum skal nemandi fá fullt kaup í allt að 6 mánuði samtals yfir allan námstímann.

18. gr.

Nú hefur nemandi verið veikur meira en 6 mánuði samtals á námstímanum, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið, að námstíminn skuli framlengjast um hæfilegan tíma.

19. gr.

Meistari skal veita nemanda sínum kennslu í iðngreininni og sjá svo um, að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega æfingu í öllum þeim störfum, er iðngreinin tekur til venjum samkvæmt, og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu allra áhalda, er tíðkuð eru í iðngreininni.

Iðnfræðsluráð getur sett námsreglur fyrir hverja iðngrein, að fengnum tillögum hlutaðeigandi iðngreina, þar sem sagt sé fyrir um störf þau, er nemendur skulu hljóta æfingu í á hverju ári námstímans. Það getur fyrirskipað, að færðar skuli vinnuskýrslur fyrir nemendur, þar sem í er skráð, hvaða verk þeir stundi daglega og hve lengi á dag. Skulu slíkar vinnuskýrslur gerðar eftir fyrirmynd, er iðnfræðsluráð samþykkir. Enn fremur skal iðnfræðsluráð gefa út eyðublöð undir missirislega umsögn meistarans um skólavist nemenda, hæfni þeirra, iðni og hegðun.

20. gr.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með kennslunni, koma á vinnustöðvarnar, er nemendur eru að verki, skoða vinnuskýrslur að minnsta kosti árlega og árita þær þar um. Hafi nemandi að þeirra dómi ekki hlotið fullnægjandi fræðslu eða æfingu, miðað við það, sem á er liðið námstímann, geta þeir lagt fyrir meistarann að bæta úr því innan ákveðins tíma.

Skjóta má ákvörðun iðnfulltrúa undir iðnfræðsluráð.

Iðnfulltrúar kveðja prófnefndir sér til aðstoðar við eftirlit samkvæmt þessari grein, eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð.

21. gr.

Nemendur skulu ganga til þeirra starfa, er þeim er skipað til, sbr. þó 15. gr. Þeir skulu sýna ástundunarsemi og trúmennsku við starfið.

22. gr.

Nú stendur yfir verkfall eða verkbann á vinnustöð þeirri, er nemandi stundar nám sitt á, og skal hann þá ekki taka þátt í framleiðslustörfum á meðan. Aftur á móti er nemanda skylt að mæta til æfinga og meðferðar véla og verkfæra á vinnustöð, þar sem því verður við komið.

Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið að framlengja námssamninginn um hæfilegan tíma.

23. gr.

Meistari og iðnfyrirtæki skulu láta nemendur ganga í iðnskóla og greiða fyrir þá skólagjöld, pappír, bækur og áhöld, sem námið útheimtir.

Um skólanámið fer svo sem lög og reglur um iðnskóla segja til um.

Meðan skólavist stendur, skal vinnutími nemanda á vinnustöð vera 12 stundum styttri á viku en vinnutími sveina.

Nú fer kennslan fram í dagskóla með fullum kennslustundum, og heldur þá nemandi kaupi sínu, en mætir ekki til vinnu.

24. gr.

Iðnfræðsluráð getur veitt undanþágu frá skólanámi:

1. Hafi nemandi þegar lokið iðnskólaprófi eða prófi við annan skóla, sem ekki hefur veitt minni fræðslu í neinni grein en heimtuð er til burtfararprófs úr iðnskóla.
2. Hafi meistari séð nemanda fyrir annarri kennslu, fullgildri að dómi iðnfræðsluráðs, enda ljúki hann fullnaðarprófi frá iðnskóla.

25. gr.

1. Fyrstu 3 mánuðir samningstímans skoðast sem reynslutími. Hvenær sem er á reynslutímanum getur hvor samningsaðila um sig slitið námssamningi án þess að tilgreina ástæður.
2. Meistari eða iðnfyrirtæki getur slitið námssamningi:
   a. Ef nemandi vanrækir nám sitt, verklegt eða bóklegt, eða gerir sig sekan um brot gegn öðrum samningsskyldum sínum.
   b. Hafi nemandi verið 6 mánuði samfleytt frá verki sakir sjúkleika síns.
   c. Ef nemandi að áliti embættislæknis hefur ekki heilsu til að stunda iðnina.
3. Nemandi getur slitið námssamningi:
   a. Ef honum er misþyrmt eða farið er fram með annarri ósæmilegri framkomu gagnvart honum á vinnustöð.
   b. Ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar.
   c. Ef meistari eða iðnfyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir að reka iðn sína af öðrum ástæðum.
   d. Ef nemandi sakir sjúkdóms eða annarra orsaka verður óhæfur til þess að geta unnið að iðninni, eða ef það að áliti embættislæknis er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að stunda iðnina.
   e. Ef námsstúlka giftist.
4. Nú er svo ástatt, sem í 3. lið a og b greinir, og nemandi slítur ekki samningi, og geta þá iðnfulltrúar slitið samningi, að undangenginni rannsókn. Skjóta má þó ákvörðun iðnfulltrúa til iðnfræðsluráðs.
5. Aðilum er heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sér saman um það.

Jafnan er námssamningi er slitið, skal það tilkynnt iðnfulltrúum.

26. gr.

Nemandi á rétt á skaðabótum, ef námssamningi er slitið af þeim orsökum, er greinir í 25. gr. 3. lið a—c.

Skaðabótakröfur þessar skulu vera forgangskröfur í bú hlutaðeigandi meistara eða iðnfyrirtækis, og fer um þær samkvæmt 83. gr. laga nr. 3 12. apríl 1878, eins og vinnulaunakröfur væru, þær er þar koma til greina.

27. gr.

Ágreiningur milli nemanda og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi skal koma í gerð, nema aðilar komi sér saman um annað.

Í gerðardómi skal sitja lögreglustjóri, þar sem námið fer fram, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, sinn tilnefndur af hvorum málsaðila.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðila til að sækja þann fund ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja fullnaðarúrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Báðir málsaðilar eru bundnir við þann úrskurð. Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftar en þrisvar sinnum og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi gerðarmaður tjáð honum lögleg forföll eða oddvita þykir nauðsyn bera til, til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú sækir annar hvor gerðarmanna ekki fund og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið.

Gerðardómur á úrskurð um slit námssamninga og dæmir skaðabætur.

Úrskurður gerðardóms skal vera aðfararhæfur.

28. gr.

Það varðar sektum að:

1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga þessara.
2. Brjóta gegn ákvæðum laga þessara um daglegan vinnutíma nemanda.
3. Vanrækja að láta nemanda stunda skólanám.
4. Misþyrma nemanda eða koma á annan hátt ósæmilega fram gegn honum.
5. Óhlýðnast fyrirmælum iðnfulltrúa eða iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda. Sektir skulu renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Kostnaður við starf iðnfræðsluráðs, iðnfulltrúa og prófnefnda greiðist úr ríkissjóði.

Í reglugerð skulu ákveðin prófgjöld. Þau renna í ríkissjóð.

30. gr.

Ráðherra gefur út reglugerðir þær, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

31. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám, og lög nr. 43 12. febr. 1940, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 100/1938, um iðnaðarnám, þegar lokið er öllum námssamningum, er gerðir hafa verið eftir þeim.

32. gr.

Lög þessi taka aðeins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlazt gildi.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta var að tilhlutun samgöngumálaráðherra borið fram á Alþingi, 64. löggjafarþingi, 1946, en var þá ekki afgreitt frá þinginu. Er það nú lagt óbreytt fyrir þingið að nýju og vísast til greinargerðar þeirrar, sem upphaflega fylgdi frumvarpinu og prentuð er með því á þingskjali nr. 275 frá 64. löggjafarþingi.

Sþ. 42. Tillaga til þingsályktunar

varðandi íbúð handa rektor menntaskólans í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að útvega rektor menntaskólans í Reykjavík tafarlaust viðunandi húsnæði mjög nærri skólabyggingunni.

Greinargerð.

Menntaskólinn í Reykjavík er elzti skóli landsins, og var aldarafmæli hans nýverið haldið hátíðlegt með veizluhöldum, fánaskreytingum og blysförum. Þó má segja, að tvo skugga hafi borið á þessa afmælisgleði. Fyrsti rektor skólans, einhver mesti velgerðarmaður þjóðlegrar menningar, Sveinbjörn Egilsson, var af nemendum sínum flæmdur frá skólanum, af því að hann undi illa drykkjuskap í skólanum. En núverandi rektor, Pálmi Hannesson, hefur aftur á móti nú í haust verið flæmdur með heimili sitt úr skólanum og úr bænum. Er honum búin vetrarvist með fólki sínu austur í Ölfusi. Er sagt, að hann fari á milli skóla og heimilis í bíl sínum kvölds og morgna til að gegna skyldum sínum, en þegar snjór fellur á Hellisheiði, hljóta að líða svo margir dagar, að rektor verði hríðtepptur í Árnessýslu og skólinn þá án stjórnar. Nemendur munu vera á fimmta hundraðinu.

Ástæðan til þessa fáheyrða ástands er sú, að menntamálaráðherra hefur opnað skólann svo mjög fyrir nýjum nemendum, samkvæmt löggjöf um það efni, sem samþykkt var á Alþingi í vetur sem leið, að ekki var annars kostur en að taka íbúð þá, sem skólameistari hefur haft frá dögum Sveinbjörns Egilssonar, fyrir kennsluherbergi. Eru þessar aðfarir líkar því, ef samgöngumálaráðherrann léti skipstjórana á Esju og Súðinni dveljast í Grímsey, til þess að hægt væri að taka enn fleiri farþega í íbúð þeirra. Yrði skipið þá án stjórnar, en yfirfullt af fargestum.

Óhugsandi er, að menntamálaráðherra hafi gripið til þessarar óvenjulegu framkomu af því að hann hafi óskað eftir að beita harðræði við rektor menntaskólans, því að það er kunnugt, að Pálmi Hannesson hefur, þegar líf ráðherrans var í veði nú nýverið, í sambandi við útslit tiltekins þingmáls, gengið fram fyrir skjöldu og veitt ráðherranum þann ýtrasta pólitíska stuðning, sem hann mátti veita. Mun þess vegna ekki til að dreifa persónulegum kuldatilfinningum frá hálfu menntamálaráðherra, heldur hitt, að hann hefur búið til lög, sem ekki er hægt að framkvæma. Má telja það táknrænt fyrir gildi hinnar nýju skólaskipunar, að menntamálastjórnin varð hennar vegna að bera yfirmann elzta og kunnasta skóla í landinu út úr sínu starfshúsi og vísa honum á að telja sig til heimilis í annarri sýslu. Tillaga þessi er borin fram í því skyni, að Alþingi krefjist þess, að tafarlaust verði ráðið fram úr þessu máli á sómasamlegan hátt.

Nd. 43. Frumvarp til laga

um samþykktir um viðgerðarverkstæði landbúnaðarvéla.

Flm.: Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Búnaðarsamböndum er heimilt að setja sér samþykkt um, að þau taki að sér viðgerð á búvélum bænda, svo sem dráttarvélum, skurðgröfum, bifreiðum, heyvinnuvélum, jarðyrkjuverkfærum, mjaltavélum og öðrum vélum og verkfærum, sem notuð eru sérstaklega í þágu landbúnaðarins á sambandssvæðinu, á þann hátt, að

þau komi upp á hentugum stað viðgerðarverkstæði með öllum nauðsynlegum tækjum til viðgerðar. Með samþykktinni skal að því stefnt, að bændur og aðrir, er verkstæðið nota, geti fengið fljóta og vandaða viðgerð á vélum sínum og verkfærum fyrir sanngjarnt verð.

2. gr.

Nú ákveður búnaðarsambandsfundur að koma á samþykkt um byggingu og starfrækslu viðgerðarverkstæðis fyrir sambandssvæðið, og skal þá stjórn sambandsins semja frv. að slíkri samþykkt og senda það formönnum allra hreppabúnaðarfélaga innan sambandsins með tilmælum um, að það verði tekið fyrir á almennum fundi í félaginu, enn fremur tilkynningu um, að frv. verði tekið fyrir til fullnaðarafgreiðslu á næsta aðalfundi sambandsins.

Þegar frv. að samþykkt hefur fengið áðurgreindan undirbúning og hlotið samþykki í meiri hluta hreppabúnaðarfélaga á sambandssvæðinu, skal það lagt fyrir aðalfund sambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur frv. með að minnsta kosti ⅔ atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna, er samþykktin bindandi fyrir öll hreppabúnaðarfélögin. Stjórn sambandsins skal því næst senda samþykktina Búnaðarfélagi Íslands, er leitar á henni staðfestingar landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Nú telur aðalfundur búnaðarsambands, að staðhættir eða aðrar ástæður valdi því, að þörf sé á, að sambandið stofnsetji fleiri en eitt viðgerðarverkstæði, og skal þá leita um það álits verkfæranefndar ríkisins, sem úrskurðar um tölu þeirra verkstæða, er styrks njóta samkv. lögum þessum, eftir að hafa kynnt sér allar aðstæður.

Heimilt er búnaðarsamböndum, sem samþykkt hafa að stofnsetja viðgerðarverkstæði, að sameinast um eitt verkstæði að fengnu samþykki verkfæranefndar.

4. gr.

Í samþykktum skal tekið fram:

1. Verkefni þau, sem sambandið tekur að sér.
2. Skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar.
3. Hvernig framkvæmdum skuli hagað, þar á meðal hvar viðgerðarverkstæðið skuli sett. Verði ágreiningur um það atriði, skal hlíta um það úrskurði Búnaðarfélags Íslands.
4. Fjáröflun og tryggingar fyrir fjárreiðum fyrirtækisins.
5. Reikningshald og endurskoðun.
6. Hvernig samþykktum skuli breytt.
7. Hvernig samþykkt skuli felld úr gildi.

5. gr.

Nú hefur samþykkt verið sett samkvæmt lögum þessum, og skal þá forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins og verkfæranefnd ríkisins vera stjórn sambandsins til aðstoðar við ákvörðun um stærð og gerð húsa og vélakost, miðað við þau verkefni, er fyrir liggja, þannig að forstöðumaður teiknistofunnar og verkfæranefnd gera tillögur um stærð og gerð verkstæðisbyggingarinnar, en verkfæranefnd um þær vélar og tæki, er hún leggur til, að keypt verði til verkstæðisins.

6. gr.

Viðgerðarverkstæði landbúnaðarvéla, sem byggt er og búið vélakosti samkv. tillögum teiknistofu landbúnaðarins og verkfæranefndar ríkisins, sbr. 5. gr., skal njóta stofnstyrks úr ríkissjóði sem svarar ½ af kostnaðarverði byggingar, véla og verkfæra.

Styrkur veitist aðeins til byggingar eða kaupa á nýju húsi og nýjum og vönduðum vélum og verkfærum.

7. gr.

Framkvæmdastjórnum viðgerðarverkstæða, sem um ræðir í lögum þessum, ber að taka þá greiðslu fyrir notkun húsa, véla og verkfæra, að hún nægi fyrir öllum venjulegum rekstrarkostnaði, og sé þar með talið fyrningargjald, er miðist við, að það nægi til viðhalds húsum og til að endurnýja vélar og verkfæri jafnóðum og þau verða ónothæf. Verkfæranefnd ríkisins ákveður, hvað sé hæfilegt að leggja til hliðar fyrir viðhaldskostnaði meðan vélarnar eru nýjar eða nýlegar, og enn fremur ákveður hún fyrningargjaldið. Nú eru hús og vélar ekki notaðar einhvern tíma, og ber þá hlutaðeigandi sambandi að greiða fyrningargjaldið fyrir þann tíma. Búnaðarfélag Íslands innheimtir fyrningargjaldið og leggur það í sérstakan fyrningarsjóð, er sé í vörzlum þess. Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum verkfæranefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum.

8. gr.

Verkfæranefnd ríkisins skal hafa eftirlit með viðgerðarverkstæðum búnaðarsambandanna. Vanræki búnaðarsamband að dómi verkfæranefndar viðhald húsa eða véla og verkfæra, sem því tilheyra, eða neiti að fara eftir fyrirmælum nefndarinnar þar að lútandi, skal það varða sektum eða endurgreiðslu styrksins, ef um miklar sakir er að ræða.

9. gr.

Heimilt er búnaðarsambandi að fengnu samþykki verkfæranefndar ríkisins að koma á fót viðgerðarverkstæði landbúnaðarvéla í félagi við annan aðila og undir sameiginlegri stjórn þeirra, enda verði verkstæðið sérstök deild innan fyrirtækisins með sérstökum deildarstjóra. Jafnframt skuldbindi þessi aðili sig til að hlíta ákvæðum 5., 7. og 8. gr. laga þessara og reglugerðar, er út verður gefin samkvæmt 10. gr., að því er viðgerðardeild landbúnaðarvéla áhrærir.

Stofnstyrkur þeirra viðgerðarverkstæða, er hér um ræðir, skal vera jafn framlagi búnaðarsambandsins til hlutaðeigandi viðgerðarverkstæðis.

10. gr.

Um nánari framkvæmd laga þessara setur Búnaðarfélag Íslands reglugerð, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varðar sektum til ríkissjóðs frá 100—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum.

Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hafa félagssamtök bænda unnið að því um langt skeið, að bændur öfluðu sér véla og vinnusparandi tækja við búreksturinn. Þetta sóttist að vísu seint fyrstu árin, meðan ræktunin var skammt á veg komin, aðstaðan því erfið um vélanotkun og hagur bænda yfirleitt þröngur. Þrátt fyrir þá erfiðleika, sem bændur urðu að yfirstíga, fór vélanotkun þeirra vaxandi með hverju ári allt fram að stríðsárunum. Á undanförnum stríðsárum jókst eftirspurnin frá bændum eftir vinnuvélum og vinnusparandi tækjum afar mikið. Olli þar mestu um almennur verkafólksskortur til landbúnaðarstarfa og rýmri efnahagur bænda en áður var. Auk þessa hafa kynni bænda af vélum, sem áður voru óþekktar hér á landi og virðast henta bændum mjög vel, orðið til að auka eftirspurnina. Loks hafa félags-

samtök bænda og löggjöf, er Alþingi hefur sett að tilmælum þeirra, stuðlað mjög að þessu. Til þess að gefa þeim, sem ókunnugir eru þessum málum, nokkra hugmynd um vélakaup bænda allra síðustu árin, má benda á, að á tímabilinu frá 1. jan., 1942 til 20. okt. 1946 flutti Samband ísl. samvinnufélaga inn og seldi bændum þessar landbúnaðarvélar:

520 dráttarvélar af ýmsum stærðum,
1300 sláttuvélar fyrir hesta,
950 rakstrarvélar fyrir hesta,
111 múgavélar fyrir hesta,
159 áburðardreifara fyrir tilbúinn áburð,
73 mjaltavélar og
57 kartöflu-upptökuvélar,

svo að það helzta sé talið. Auka þessa hafa önnur verzlunarfyrirtæki flutt inn og selt talsvert af landbúnaðarvélum ýmiss konar á þessu tímabili. Þá má geta þess, að nú starfa 18 skurðgröfur, þar af 14 á vegum verkfæranefndar ríkisins, og hafa flestar verið fluttar inn þessi ár. Loks hefur Nýbyggingarráð beitt sér fyrir og fengið framgengt, að fluttar hafa verið inn á þessu ári jeppabifreiðar, og hefur Búnaðarfélag Íslands og Nýbyggingarráð nú þegar afhent bændum samtals um 370 jeppabifreiðar, sem notaðar eru meira eða minna í þágu landbúnaðarframleiðslunnar.

Þótt hér hafi verið leitazt við að gefa nokkurt yfirlit yfir vélakaup bænda síðastliðin 4 ár, þá er það þó aðeins hálfsögð saga, ef dæma ætti eftir því, hvern vélakost bændur muni hafa á næstu árum. Enn þá liggja fyrir frá bændum og búnaðarsamböndum miklar vélapantanir, sem ekki hefur verið unnt að afgreiða, t. d. hjá S. Í. S. á 883 dráttarvélum af ýmsum stærðum, um 100 sláttuvélum, 680 rakstrarvélum, 431 múgavél o. s. frv., svo aðeins sé nefnt það helzta, og eru þá ótaldar þær landbúnaðarvélar, sem pantaðar hafa verið hjá öðrum verzlunarfyrirtækjum, t. d. eru í pöntun hjá h/f Orku um 350 mjaltavélar. Þá á verkfæranefnd ríkisins í pöntun 16 skurðgröfur. Loks liggja fyrir óskir frá bændum um 600 jeppabifreiðar í viðbót við þær, sem komnar eru.

Þegar þessar og aðrar vélar, sem hér eru ekki taldar, eru teknar til starfa í sveitunum, verður gagngerð breyting á búnaðarháttum bænda; um það þarf ekki að efast. En ekki er það þó einhlítt að fá alls konar búvélar, stórvirkar jarðvinnsluvélar og flutningatæki. Það þarf fleira til. Jafnhliða því, að vélar eru keyptar, þarf að setja á stofn nægilega mörg viðgerðarverkstæði til þess að gera við bilaðar vélar og engu síður til að taka í sundur og gera við vélar, sem byrjaðar eru að slitna og skemmast, til þess ef unnt væri að koma í veg fyrir meiri háttar vélbilanir eða eyðileggingu. Þessa er því meiri þörf, að gera má ráð fyrir, að ýmsa, sem með vélarnar fara, skorti til að byrja með kunnugleika og leikni í meðferð þeirra.

Skortur á viðgerðarverkstæðum veldur landbúnaðinum vaxandi örðugleikum og tjóni. Eru þess mörg dæmi, að bændur verða að leita í aðrar sýslur eða landsfjórðunga um viðgerðir á vélum sínum, og þykir gott, ef þær fást. Þar sem þannig er ástatt, getur ekki verið um árlega skoðun á vélunum að ræða. Jafnvel þar, sem vélaverkstæði eru innanhéraðs, eru þess ýmis dæmi, að bændur eru litlu betur settir, sökum þess að þau verkstæði hafa önnur verkefni, sem látin eru sitja í fyrirrúmi.

Til þess að ráða bót á þessu verður að koma upp sem allra fyrst viðgerðarverkstæðum, er annast sérstaklega viðgerðir á landbúnaðarvélum. Teljum við eðlilegast, að búnaðarsamböndin eða stjórnir þeirra hafi forgöngu þessa máls, því að þær mundu gæta þess, að allir bændur hefðu þar jafnan aðgang fyrir vélar sínar. En vegna þess að hér er um allfjárfrekt fyrirtæki að ræða og búnaðarsamböndin févana, teljum við flutningsmenn heppilegt, að samstarf geti tekizt með búnaðarsamböndunum og t. d. kaupfélögunum um að stofnsetja slík viðgerðarverkstæði, eins og gert er ráð fyrir í 9. gr. frv. Ætti það að geta orðið báðum til hagræðis. Tvö stærstu félögin, Kaupfélag Árnesinga og Kaupfélag Eyfirðinga, hafa komið

upp viðgerðarverkstæðum. Spáir það góðu um skilning annarra kaupfélaga og samstarfsvilja þeirra um þetta nauðsynjamál.

Hér er lagt til, að ríkið veiti búnaðarsamböndunum jafnháan stofnstyrk í eitt skipti fyrir öll til viðgerðarverkstæða landbúnaðarins, sem reist verða samkv. lögum þessum, og framkvæmdasjóður ríkisins leggur fram til kaupa á þeim jarðvinnsluvélum, er búnaðarsambönd og ræktunarfélög starfrækja samkv. lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir. Hvorar tveggja, vélarnar og viðgerðarverkstæðin, eru svo samtengdar, að örðugt er að gera þar upp á milli. Slíkur stuðningur af hálfu þess opinbera mundi ýta mjög undir skjótar framkvæmdir í þessu nauðsynjamáli, sem mikil þörf er á.

Mikið hefur verið rætt og ritað undanfarin ár um nýsköpun alvinnuveganna og þjóðin eggjuð til framkvæmda. Bændur hafa ekki látið sitt eftir liggja, eins og bent hefur verið á hér að framan. Nú reynir á, hver hugur hefur fylgt máli hjá Alþingi, því að hér er um það að ræða, að tryggja nýsköpun bænda í véltækni nauðsynlegt öryggi, svo að hún komi að þeim notum, sem að er stefnt.

Nd. 44. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina kemur:

1. Á eftir A. 27 í 1. gr. laga nr. 37/1943 kemur nýr liður:
   Reynishverfisvegur: Frá Suðurlandsvegi á Fossholtum um Reyni og yfir Reynisfjall að Vík.
2. Á eftir A. 28 í 1. gr. sömu laga kemur nýr liður:
   Búlandsvegur: Frá Suðurlandsvegi (Skaftártunguvegi) við Tungufljótsbrú að Búlandi.
3. Á eftir A. 29 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Kirkjubæjarklaustursvegur: Frá Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.

Nd. 45. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Ingólfur Jónsson.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatturinn rennur að ¾ hlutum í sérstakan sjóð, „samkomuhúsasjóð", ¼ hluti skattsins rennur í þjóðleikhússjóð, og skal honum varið til þess að standa undir rekstri þjóðleikhúss.

Samkomuhúsasjóði skal verja til þess að styrkja íbúa sveita og kauptúna til þess að koma upp samkomuhúsum og félagsheimilum. Stjórn þjóðleikhússjóðs hafa á hendi þrír menn, valdir af menntamálaráðherra úr hópi þeirra manna, sem vænta má, að kunnugastir séu leikmennt. Nefnd þessi starfar ókeypis. Auk þess að ávaxta þjóðleikhússjóðinn skal nefndin hafa með höndum umsjón með byggingu þjóðleikhússins. Menntamálaráðherra hefur eftirlit með störfum hennar.

Stjórn samkomuhúsasjóðs hafa á hendi þrír menn, einn tilnefndur af stjórn Íþróttasambands Íslands, einn tilnefndur af Ungmennafélagi Íslands og einn skipaður af menntamálaráðherra, og er hann formaður nefndarinnar. Nefnd þessi veitir lán og styrki úr sjóðnum. Skal hún starfa kauplaust.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir árlega 100 þús. kr. í samkomuhúsasjóð.

3. gr.

Lán eða styrki úr samkomuhúsasjóði má ekki veita fyrr en lög hafa verið sett um starfsemi hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hefur nær allur skemmtanaskattur alls staðar af landinu runnið til þjóðleikhúsbyggingarinnar í Reykjavík. Bygging þjóðleikhússins er nú svo langt komið, að talið er víst, að það geti tekið til starfa síðla á næsta ári. Ber mjög að fagna því, að íslenzk leiklist er í þann veginn að eignast slíkt höfuðvígi. Er það ekki aðeins Reykvíkingum, sem fyrst og fremst njóta þess, fagnaðarefni, heldur allri þjóðinni. Þjóðleikhúsið verður alþjóðareign, enda byggt upp af landsmönnum öllum.

En um leið og þjóðleikhúsið tekur til starfa þarf að gera ráðstafanir til þess að bæta aðstöðu fólksins úti um allt land til félagslegs og menningarlegs samstarfs. Sú aðstaða er nú afar misjöfn og víða erfið. Samkomuhús, íþróttahús og leikhús vantar í fjöldamörgum sveitum og þorpum. Veldur slíkt ástand margs konar óhagræði og á ríkan þátt í flótta fólksins utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur. Þar, sem samkomuhús vantar, er allt félags- og menningarlíf lamað. Það er skoðun flm. þessa frv., að skorturinn á samkomuhúsum úti um land hafi miklu meiri áhrif í þá átt að flæma unga fólkið burtu úr sveitum og þorpum en menn til þessa hafa gert sér grein fyrir. Allir menn þrá félagslíf og skemmtanir. Fyrir æsku nútímans er það ófrávíkjanlegt skilyrði þess, að hún haldist við á æskustöðvum sínum. Þetta er staðreynd, sem ekki verður með rökum á móti mælt.

Með frv. þessu er þess vegna lagt til, að ¾ hlutar skemmtanaskattsins verði lagðir í sjóð til stuðnings félagslegu samstarfi í sveitum og kauptúnum. Þar eru örðugleikarnir mestir á því að rísa undir miklum kostnaði við byggingu samkomu- og íþróttahúsa. En þetta tvennt á að vera hægt að samræma að meira eða minna leyti.

Enn fremur er lagt til, að ríkissjóður leggi nokkurt fé af mörkum árlega til þessarar sjóðmyndunar. Flm. þótti ráðlegra að láta lögin ekki taka gildi fyrr en lokið væri byggingu þjóðleikhússins.

Það er álit flm., að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða, mál, sem getur átt mikinn þátt í að stuðla að auknu jafnvægi í íslenzku þjóðlífi. Sá hluti skemmtanaskattsins, er til þjóðleikhússins rann, var árið 1945 kr. 1582829.58. Hefur þá verið dreginn frá hluti lestrarfélaga og kennslukvikmynda. Verður að telja eðlilegt, að sá hluti skattsins, er til þeirra hefur runnið, renni þangað framvegis.

Hitt er sanngirnismál, að þegar þjóðleikhúsið er komið upp, renni skemmtanaskatturinn að mestu leyti til þess að byggja upp nauðsynlegan grundvöll fyrir félags- og menningarlífi fólksins utan Reykjavíkur. Þess vegna er frv. þetta fram komið.

Nd. **46. Frumvarp til laga**

um héraðsskjalasöfn.

Flm.: Jón Sigurðsson.

1. gr.

Sýslunefnd og bæjarstjórn í kaupstöðum utan Reykjavíkur er heimilt að koma á fót í sýslunni eða kaupstaðnum héraðsskjalasafni, er varðveiti á sem tryggilegastan hátt skjöl og handrit og aðrar ritaðar heimildir, sem snerta sérstaklega hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélag og ekki ber að afhenda þjóðskjalasafninu, sbr. þó 3. gr., svo sem skjalleg gögn félaga og stofnana, er styrks njóta af opinberu fé. Með reglugerð, sem sett verður samkv. 5. gr., má ákveða, að þessum aðilum sé skylt að láta slík skjöl af hendi við héraðsskjalasafn. Í héraðsskjalasafni skal einnig varðveita kirkju- og manntalsbækur þær úr hlutaðeigandi kirkjusóknum, sem ritaðar eru samkv. l. nr. 3 1945.

Heimilt er sýslunefndum og kaupstöðum að koma á fót sameiginlegu héraðsskjalasafni fyrir fleiri en eina sýslu eða kaupstað þar, sem það þykir betur henta og samkomulag næst um það, og er safnið þá sameign þessara aðila.

2. gr.

Þjóðskjalavörður hefur yfirumsjón með héraðsskjalasöfnum, sem sett eru á stofn samkv. lögum þessum, enda skal geymslustaður þeirra háður samþykki hans. Nú telur þjóðskjalavörður, að héraðsskjalasafni sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur hann þá að fengnu samþykki menntamálaráðherra látið flytja safnið á þjóðskjalasafnið á kostnað þeirra aðila, er að safninu stóðu.

3. gr.

Nú hefur héraðsskjalasafni verið komið á fót samkv. 1. gr. og það fullnægir skilyrðum 2. gr. um húsnæði, enda telur þjóðskjalavörður að öðru leyti vel borgið stjórn safnsins og vörzlu skjalanna, og á þá safnstjórnin rétt á að fá til varðveizlu á safninu eftirtalin skjalasöfn úr þeim sýslum og kaupstöðum, sem ákveðið er, að héraðsskjalasafnið nái til:

1. Skjalasöfn hreppstjóra.
2. — sýslunefnda og bæjarstjórna.
3. — hreppsnefnda.
4. — undirskattanefnda.
5. — sáttanefnda.

Enn fremur skjalasöfn þeirra annarra nefnda, sem annars er skylt að geyma á þjóðskjalasafninu, ef starfssvið þeirra nær ekki út fyrir þau sýslu- eða bæjarfélög, sem eru sameigendur héraðsskjalasafnsins á hverjum stað.

4. gr.

Héraðsskjalasöfn njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal afhendingu skjala til héraðsskjalasafna, varðveizlu þeirra og afnot, og má ákveða í reglugerð viðurlög fyrir brot á fyrirmælum hennar, en slík brot skulu sæta meðferð opinberra mála.

Greinargerð.

Með lögum um þjóðskjalasafn Íslands frá 3. nóv. 1915 og reglugerð um sama frá 13. jan. 1916 er svo fyrir mælt, að skjöl og bækur opinberra sýslana eða stofn-

ana skuli varðveita á þjóðskjalasafninu, er þær eru orðnar eldri en 20 ára. Þetta var á þeim tíma nauðsynleg ráðstöfun, því að aðra trygga geymslustaði en þjóðskjalasafnið var þá varla um að ræða. Tala opinberra stofnana og skriffinnska þeirra var þá hverfandi samanborið við það, sem nú er orðið, og því auðvelt fyrir starfsmenn þjóðskjalasafnsins að koma því, er að barst, í aðgengilega geymslu á þjóðskjalasafninu. En á þessu eins og fleiru hefur orðið mikil breyting síðastliðin 30 ár.

Utan Reykjavíkur eru að rísa upp góðar bókhlöður, og fleiri munu á eftir koma. Safnahúsið í Reykjavík er því ekki lengur eini öruggi geymslustaðurinn fyrir skjöl og bækur. Jafnframt hefur tala opinberra sýslana og stofnana og skriffinnskan, sem þeim er samfara, aukizt svo gífurlega, að horfur eru á, að hún muni, ef svo mætti segja, sprengja þjóðskjalasafnið utan af sér, þegar því fara að berast öll þau ósköp, sem allar þessar opinberu nefndir og stofnanir láta nú eftir sig á ári hverju. Þá má benda á, að rík ástæða er til að láta ekki dragast lengur að safna og taka til varðveizlu fleiri skjöl og bækur en nú er skylt að afhenda þjóðskjalasafninu, svo sem gerðabækur búnaðarfélaga, búnaðarsambanda, ungmennafélaga og margra annarra félaga og fyrirtækja, er mjög koma við atvinnusögu okkar og menningarmál.

Ástæðurnar fyrir því, að frv. þetta er fram borið, eru þá í stuttu máli þessar:

1. Að þjóðskjalasafninu berst nú orðið svo mikið frá embættis- og starfsmönnum ríkisins og nefndum, sem skipaðar eru af ríkisstjórninni, að vandkvæði eru á að varðveita það allt saman þannig, að það verði aðgengilegt fyrir þá, er óska að nota þessi skjöl. Það virðist því ekki ástæða til að draga að þjóðskjalasafninu enn þá fleiri flokka skjala og bóka, ef kostur er á góðri geymslu annars staðar.
2. Að á nokkrum stöðum utan Reykjavíkur eru nú þegar bókhlöður, sem hæfar eru til skjalageymslu.
3. Að heppilegra sé og eðlilegra, að ríkið styrki héruð og kaupstaði til að koma upp skjalageymslum og bókhlöðum, en að byggja yfir öll skjöl og bækur í Reykjavík.
4. Að óvarlegt sé af öryggisástæðum að safna öllum skjölum og heimildum á einn stað, ef eldsvoða eða önnur stór óhöpp bæri að höndum, enda mun það ekki gert í nágrannalöndum okkar.
5. Ég tel, að kaupstaðir og héruð eigi sanngirnisrétt á að fá sjálf til varðveizlu, ef þau óska þess, skjöl og gerðabækur þeirra nefnda og starfsmanna, er þessir aðilar hafa valið og kostað af eigin fé.
6. Ég tel, að forstöðumenn héraðsskjalasafna hafi vegna nágrennis og persónulegs kunnugleika í héraðinu betri aðstöðu en starfsmenn þjóðskjalasafnsins til að safna og taka til varðveizlu skjöl og gerðabækur og ritaðar heimildir, sem stórtjón er að glatist, og að sú skipan, sem hér er gert ráð fyrir, sé líkleg til að bjarga mörgu frá eyðileggingu, sem víst er, að glatast annars með öllu.

Í frv. er lagt til, að skipting bóka og skjala milli þjóðskjalasafnsins og héraðsskjalasafna verði á þá leið, að þjóðskjalasafnið taki til vörzlu skjöl og embættisbækur allra starfsmanna ríkisins annarra en hreppstjóra, en afrit af flestum skýrslum þeirra eru í skjalasöfnum sýslumanna, hagstofunnar og ríkisskattanefnda, og þykir því ekki ástæða til að taka skjöl og bækur hreppstjóra þar með. Enn fremur taki þjóðskjalasafnið við bókum og skjölum opinberra nefnda, ef starfssvið þeirra tekur til margra héraða eða alls landsins.

Gert er ráð fyrir, að héraðsskjalasöfnin verði í sambandi við kaupstaða- og héraðs- eða sýslubókasöfnin og lúti stjórn þeirra og umsjá. Ætti því kostnaðarauki af þessu að verða hverfandi þar, sem húsrúm er fyrir hendi.

Af ástæðum, sem áður eru tilgreindar, tel ég fráleitt með öllu, eins og högum okkar er nú komið, að draga til Reykjavíkur og safna þar saman öllum fáanlegum heimildum um athafnir þjóðarinnar hvaðanæva á landinu, ef til eru góðir geymslu-

staðir þar, sem þessar heimildir eiga raunverulega heima. Það ætti og að vera metnaðarmál öllum kaupstaðar- og héraðsstjórnum að koma upp svo fljótt sem tök eru á vönduðum bókhlöðum, svo að héruðin verði ekki gerrúin að öllum heimildum, er snerta sögu þeirra.

Ed. 47. Fyrirspurn

til forsætisráðherra um störf stjórnarskrárnefnda.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Hvað líður störfum stjórnarskrárnefndar, sem kosin var á Alþingi 1942, og nefndar þeirrar, sem síðar var skipuð henni til aðstoðar? Eru nefndirnar enn þá starfandi og starfhæfar, og hefur ríkið áframhaldandi kostnað af starfi þeirra? Hver er nú formaður stjórnarskrárnefndar, og hvenær mundi mega vænta stjórnarskrárfrumvarpsins frá nefndunum?

Ástæður:

Þegar lýðveldið var stofnað, hinn 17. júní 1944, voru íslenzkir kjósendur spurðir tveggja spurninga:

1. Hvort þeir vildu gjalda jáyrði við algerum aðskilnaði Íslands og Danmerkur, og
2. Hvort þeir vildu samþykkja stjórnarskrá konungsríkisins Íslands með þeim smábreytingum, sem á henni höfðu verið gerðar, — sem bráðabirgðastjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland.

Til þess að fá menn til að samþykkja stjórnarskrána var því margyfirlýst og marglofað, að hún skyldi aðeins vera til naumra bráðabirgða. Framtíðarstjórnarskrá lýðveldisins skyldi verða samin og sett eins fljótt og frekast væri unnt, og skildist víst flestum, að það ætti fremur að gerast á næstu mánuðum en næstu árum eða áratugum.

Ég var einn þeirra manna, sem töldu, að það hefði verið sæmra, að stjórnarskrá lýðveldisins hefði verið undirbúin og samin, áður en gengið var til lýðveldisstofnunar, og vildi ég engin eftirkaup eiga við íslenzka stjórnmálaleiðtoga um framtíðarstjórnarskrá lýðveldisins.

Ég var líka efnislega andvígur ýmsu í stjórnarskránni, eins og hún var lögð fyrir kjósendur. Til dæmis þótti mér stefnt í öfuga átt, er hinn fyrsti alíslenzki þjóðkjörni þjóðhöfðingi var gerður valdaminni gagnvart Alþingi en erlendir konungar höfðu áður verið. — Mér var ljóst, að í heild var stjórnarskráin úrelt plagg, miðuð við allt aðra stjórnarhætti en hér átti að móta og allt aðra tíma. Sumt í henni hafði meira að segja aldrei átt við íslenzka staðhætti, heldur aðeins af vangá slæðzt með í upphafi úr dönsku stjórnarskránni, eins og t. d. 75. greinin, er svo hljóðar:

„Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum.“

Þannig mætti lengi benda á óviðunandi missmíði og vankanta gildandi bráðabirgðastjórnarskrár sem grundvallarlaga fyrir hið vopnlausa lýðveldi vort. Mér er því ekki sama um, hversu lengi þjóðinni er ætlað að búa við þá úreltu stjórnarskrá, sem aðeins átti að vera til bráðabirgða, en hefur nú þegar verið í gildi hálft þriðja ár.

Eins og að er vikið í fyrirspurninni, eru tvær nefndir starfandi að undirbúningi stjórnarskrár fyrir lýðveldið Ísland. Önnur nefndin er þingmannanefnd, skipuð átta mönnum. Sú nefnd hefur nú setið fast að fjórum árum. Síðan hefur verið skipuð önnur nefnd hinni til aðstoðar og ráðuneytis. Hún hefur nú setið hátt á annað ár. Alls eru það því 20 manns, sem látið er heita, að sífellt starfi að undirbúningi stjórnarskrármálsins. En eitthvað virðist þó hafa orðið hinni fjölmennu sveit til tafa við hið

mikla starf. Þá mun það og rétt vera, að allveruleg vanhöld hafi þegar orðið í liði nefndarmanna. Hef ég það fyrir satt, að af þeim, sem upphaflega voru í nefndirnar skipaðir, séu fjórir hættir störfum og tveir dánir. Annar þeirra nefndarmanna, sem látizt hafa, er formaður nefndarinnar, Sigurður Eggerz, og er nú fullt ár liðið síðan. Er mér tjáð, að enginn hafi þó verið skipaður í hans stað allan þennan tíma. Hins vegar munu hafa verið tilnefndir menn í stað þeirra annarra, sem hætt hafa störfum í stjórnarskrárnefnd.

Þá er mér og tjáð, að engir fundir hafi verið haldnir og ekkert starfað í nefndunum síðan fyrir jól 1945. Ekki mun heldur hafa fengizt nein skýrsla um för eins nefndarmanna víða um lönd í leit að stjórnarskrám annarra ríkja. Því síður hefur mér tekizt að fá vitneskju um kostnað þeirrar farar eða yfirleitt um kostnað af öllu þessu langdregna og umfangsmikla nefndarstarfi. — Er allt þetta mál þannig vaxið og svo mikilsvert, að þjóðin á heimtingu á að fá sem allra gleggst um það að vita.

Þegar sú ríkisstjórn, sem nú nýskeð hefur beðizt lausnar, en fer þó enn þá með völd og ábyrgð, settist á laggir, var það auglýst sem eitt af aðalsamningsatriðum stjórnarflokkanna, að stjórnarskráin skyldi verða endurskoðuð svo fljótt, að nýtt stjórnarskrárfrumvarp yrði samþykkt fyrir þær kosningar, sem fram fóru síðastliðið vor. Þetta var endurtekning þeirra hátíðlegu loforða, sem gefin voru um sama efni við lýðveldisstofnunina 1944, en samt sem áður bólar ekkert á efndunum enn í dag.

Þar sem engrar hreyfingar verður vart, er til þess bendi, að frumvarp að nýrri stjórnarskrá sé væntanlegt, vil ég fá svör við framangreindum spurningum og þá sérstaklega því, hvort stjórnarskrárnefnd sé enn þá starfandi, eða hvort hún hafi lagt upp laupana og lognazt út af frá því veglega hlutverki, er henni var falið: **að semja framtíðarstjórnskipunarlög fyrir lýðveldið Ísland.**

Sé það hins vegar svo, að nefndin sé hætt störfum, verður ekki hjá því komizt að gera aðrar ráðstafanir til þess að ljúka hinni marglofuðu endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Ed. 48. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1947 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. óbreytts.

Alþingi, 28. okt. 1946.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson.
Ásmundur Sigurðsson. Þorsteinn Þorsteinsson.

Ed. 49. Nefndarálit

um frumvarp til l. um tekjuskattsviðauka árið 1947.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 28. okt. 1946.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.
Ásmundur Sigurðsson. Þorsteinn Þorsteinsson.

Nd. 50. Frumvarp til laga

um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Sauðárkrókshreppi verzlunarlóðina á Sauðárkróki, eins og hún er ákveðin með lögum 28. nóv. 1919, og fari salan fram frá 1. jan. 1947 að telja.

Land það eða lóðir, sem Sauðárkrókshreppur eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að selja, en heimilt að leigja þær, og fer um leiguna samkv. reglugerð, er ríkisstjórnin staðfestir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur bæjarstjórnum kaupstaða og hreppsnefndum kauptúna orðið það ljósara með hverju ári, sem hefur liðið, hver nauðsyn það er bæjarfélagi og kauptúni að eiga það land, sem kaupstaðurinn eða kauptúnið er reist á. Hefur margt stutt að þessu, en áþreifanlegast hefur þessum aðilum orðið það við framkvæmd skipulagsuppdráttanna.

Yfirleitt hefur Alþingi brugðizt vel við þessari nauðsyn kaupstaða og kauptúna. Þannig samþykkti Alþingi 1942 að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri, en þar með fylgdu mestallar byggingarlóðir kaupstaðarins, sem er að mestu byggður í Hvanneyrarlandi. Fleiri dæmi mætti nefna, en þess gerist ekki þörf. Frv. þetta er af sama toga spunnið, nauðsyn Sauðárkrókskauptúns, og er flutt samkvæmt eindreginni ósk hreppsnefndarinnar. Nánari greinargerð fyrir frv. felst í fylgiskjalinu.

Fylgiskjal.

ODDVITI SAUÐÁRKRÓKSHREPPS

Sauðárkróki, 18. sept. 1946.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt á fundi hreppsnefndar í gær:

„Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps felur þingmönnum kjördæmisins að fá samþykkt á Alþingi lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að selja Sauðárkrókshreppi verzlunarlóðina á Sauðárkróki."

Tilefni tillögu þessarar er það, að Sauðárkrókshreppur kaupir af ríkissjóði jörðina Sauðá, en Sauðárkrókur er byggður úr landi jarðarinnar, og er afsal ríkissjóðs dags. 12. nóv. 1927. Þá er verzlunarlóðin, eins og hún er ákveðin með lögum frá 28. nóv. 1919, undanskilin í kaupunum.

Það hefur komið mjög greinilega fram á síðustu árum, ekki sízt við framkvæmd skipulagsuppdráttar kauptúnsins, að það er mjög óþægilegt, að Sauðárkrókshreppur skuli ekki hafa ráðstöfunarrétt á byggingarlóðum kauptúnsins, t. d. ef tekin er smáræma af lóð einhvers undir götu, að geta þá ekki haft skipti á annarri smáræmu, sem ef til vill er óútmæld mjög nærri. Einnig virðist það óeðlilegt, að hreppurinn þurfi að greiða ríkissjóði lóðargjald af landi, sem leggst undir götur og torg.

Lóðargjöld til ríkissjóðs hafa verið röskar níu hundruð krónur á ári hingað til, en hafnarnefnd hefur nú tryggt sér ráðstöfunarrétt á Eyrinni og fengið hana útmælda og þarf að greiða röskar sjö hundruð krónur í lóðargjald til ríkisins, og er það viðbót við áðurgreinda upphæð.

Þar eð nú finnast fordæmi fyrir svipaðri sölu, t. d. á Siglufirði, vildum við fara þessa á leit.

Rétt væri ef til vill að leita álits viðkomandi ráðherra um undirtektir og afgreiðslu, áður en frumvarp er lagt fram.

Treysti yður til hins bezta í þessu efni.

Virðingarfyllst

Eysteinn Bjarnason,
f. h. hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps.

Til þingmanna Skagafjarðarsýslu, Reykjavík.

Nd. 51. Frumvarp til laga

um matsveina- og veitingaþjónaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946.)

1. gr.

Stofna skal og halda í Reykjavík skóla, er nefnist Matsveina og veitingaþjónaskólinn.

2. gr.

Skólinn skal veita hagnýta fræðslu þeim, sem gerast vilja matsveinar eða veitingaþjónar á skipum og gisti- og veitingahúsum.

3. gr.

Inntökuskilyrði eru:

1. að nemandi sé 16 ára eða eldri;
2. að hann sé ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða kvilla, sem geti orðið öðrum nemendum skaðvænn eða hættulegur;
3. að hann hafi óflekkað mannorð;
4. að hann hafi lokið miðskólaprófi samkvæmt lögum nr. 22 10. apríl 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu.

4. gr.

Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar skulu vera þessar: Íslenzka, danska, enska, franska, matreiðsla, framreiðslustörf, efnafræði, sérstaklega næringarefnafræði, vöruþekking, reikningur, bókfærsla, búreikningar og innkaup.

5. gr.

Kennslunni skal hagað þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar og framreiðslumenn á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið. Námstími fyrir fullgilda matsveina og veitingaþjóna skal vera 3 ár, en heimilt er nemendum að verja nokkrum hluta námstímans í nám hjá meisturum í iðninni á veitingahúsi eða farþegaskipi, og skal kveða nánar á um það í reglugerð.

Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.

Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrifalega og háttprúða umgengni og snyrtimennsku.

6. gr.

Skólanum skal stjórnað af skólaráði, sem skipað sé fimm mönnum, er samgöngumálaráðuneytið skipar til 4 ára í senn. Einn skólaráðsmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og tveir án tilnefningar, og sé annar þeirra formaður.

Ráðuneytið ræður skólastjóra, sem jafnframt er bryti skólans, og aðra kennara, að fengnum tillögum skólaráðs.

7. gr.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni, kennaralið og réttindi þau, er skólinn veitir, o. fl.

8. gr.

Fyrstu fimm árin eftir að skólinn tekur til starfa, er skólaráði heimilt að veita undanþágu frá því inntökuskilyrði, er felst í 4. lið 3. gr. þessara laga.

9. gr.

Allur kostnaður við skólahaldið greiðist úr ríkissjóði, en heimilt skal þó skólaráði með samþykki ráðuneytisins að krefja nemendur um skólagjald, sem þá skal ákveðið í byrjun hvers skólaárs.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Þegar hafin var bygging sjómannaskólans var svo ráð fyrir gert, að þar yrði, svo fljótt sem unnt væri, komið upp skóla fyrir matsveina og veitingaþjóna, til starfa á íslenzkum skipum, bæði fiskflutninga- og farþegaskipum. Nú má vænta þess, að þetta húsnæði verði fullbúið á árinu 1947, og á þá skólinn að geta tekið til starfa.

Um þörf fyrir þennan skóla þarf ekki að fjölyrða. Það er alkunnugt, að kennslu á þessu sviði hefur skort mjög á undanförnum árum, og enn verður þörfin brýnni með aukningu skipastólsins nú.

Þá hafa ráðuneytinu einnig borizt um það tilmæli frá sambandi veitinga- og gistihúseigenda, að séð yrði fyrir kennslu alls starfsfólks sem nauðsynlegt er almennri gistihúsa- og veitingastarfsemi í landinu, og er ætlazt til, að hægt sé einnig að verða við þeirri ósk með þessum skóla.

Tillögur um fyrirkomulag hafa borizt bæði frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna o. fl., og hefur verið leitazt við að hafa, við samningu frumvarpsins, hliðsjón af þessum tillögum.

Nd. 52. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina kemur:
Á eftir A. I. d. 29. í 1. gr. l. nr. 30 1943 komi nýr liður:
Litlu-Laxárós hjá Auðsholti í Biskupstungum.

Nd. 53. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina kemur:

1. Á eftir A. 12. í 1. gr. laga nr. 37 1943 kemur nýr liður:
   Kiðjabergsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Fossi að væntanlegu brúarstæði á Hvítá hjá Kiðjabergi.
2. Á eftir A. 14. í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Reykjavegur: Af Suðurlandsvegi fyrir vestan Hraungerði að væntanlegu brúarstæði á Hvítá hjá Kiðjabergi.
3. Á eftir A. 15. í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Tunguvegur: Af Biskupstungnabraut hjá brúnni á Tungufljóti hjá Vatnsleysu að Tungu.

Nd. 54. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina kemur:

1. Á eftir D. 14. í sömu lagagr. koma nýir liðir:
   a. *Skriðdalsvegur:* Frá Austurlandsvegi við Grímsá á Völlum um Skriðdal norðan ár, um brýr á Geitdalsá og Múlaá eða brú á Grímsá í Skriðdal á Austurlandsveg skammt frá Arnhólsstöðum.
   b. *Norðurdalsvegur:* Frá Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að Þorvaldsstöðum.
2. Á eftir D. 17. í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Vattarnesvegur: Af Fáskrúðsfjarðarvegi fyrir austan Kolmúla að Vattarnesi.

Ed. 55. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37. 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Hermanni Jónassyni.

Við 1. gr. Á eftir a-lið kemur nýr liður (stafliðir á eftir breytast skv. því):
Töluliður 30. orðist svo:
Selstrandarvegur: Af Reykjarfjarðarvegi norðan Selár út Selströnd um Drangsnes að Kaldrananesi.

Ed. 56. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar um skipun læknishéraða og læknisþjónustu í sveitahéruðum.

Frá Hermanni Jónassyni og Páli Zóphóníassyni.

Hvað líður störfum nefndar þeirrar, er ríkisstjórninni var falið að skipa með ályktun Alþingis frá 11. marz 1945 til að athuga og gera tillögur um skipun læknishéraða og læknisþjónustu í sveitahéruðum?

Nd. 57. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um orlof, nr. 16 26. febrúar 1943.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera.
Ná lög þessi jafnt til þeirra, er taka laun sín í hluta af verðmæti, sem hinna, er taka laun sín í peningum.
Undanteknir eru þó iðnnemar, sbr. 9. gr. laga nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám.

2. gr.

15. gr. laganna orðist svo:
Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 frá 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breyting sú, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi á 1. gr. orlofslaganna, er gerð til þess að afnema þann órétt, sem hlutarsjómenn hafa orðið að búa við, og tryggja það, að allir sjómenn hefðu ótvíræðan og óskertan rétt til orlofs að öllu leyti á kostnað útgerðarmanna.

Það liggur í augum uppi, hversu ósanngjarnt það er, að sú starfsstéttin, sem viðurkennt er, að vinni eitt erfiðasta og þarfasta verkið, skuli ekki njóta réttar til jafns við aðrar starfsstéttir landsins að því er snertir skilyrði til hvíldar og hressingar.

Samkvæmt 15. gr. orlofslaganna, eins og þau eru nú, fyrnast kröfur um orlof á hendur atvinnurekendum, ef þær hafa eigi verið viðurkenndar eða lögsókn hafin áður en næsta orlofsár er liðið, frá því kröfurnar stofnuðust. Þrásinnis hefur það komið fyrir, að launþegar hafa tapað óvéfengjanlegum rétti sínum til orlofs ýmissa orsaka vegna, svo sem erfiðrar afstöðu í dreifbýli eða á afskekktum stöðum til þess að ná í lögfræðilega aðstoð svo og vegna þess, að ýmsir hafa gengið út frá og talið eins og sjálfsagðan hlut, að fyrning kaupkrafna og orlofskrafna, sem svo mjög eru tengdar hvor annarri í eðli sínu, fylgdust að, enda virðist liggja í hlutarins eðli, að svo eigi að vera.

Ed. 58. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

1. Framan við 1. gr. frv. komi:
   Á eftir 28. tölulið í 1. gr. A. I. a. laga nr. 30/1943 bætist nýr liður:
   Fagradalsá á Skarðsströnd.
2. Aftan við sömu gr. bætist:
   Á eftir 1. tölul. í 1. gr. sömu laga A. II. komi nýr liður:
   Haukadalsá í Dölum ofar ármótum hennar og Þverár.

Ed. 59. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 37 7. apríl 1943, um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Á undan staflið a. bætast þrír nýir stafliðir:

a. Á eftir tölulið 20. kemur nýr liður:
   Haukadalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Haukadalsárbrú inn Haukadal að Krossi.
b. Á eftir tölulið 21. kemur nýr liður:
   Laugavegur: Af Vesturlandsvegi á Leysingjastaðamelum að Laugum.
c. Á eftir tölulið 22. kemur nýr liður:
   Staðarhólsvegur: Af þjóðveginum við Kirkjuhvol í Saurbæ um Staðarhól að Hvammsdal.

Sþ. 60. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á viðbótarláni til virkjunar Andakílsár.

Flm.: Pétur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 3 milljón kr. viðbótarlán til virkjunar Andakílsár, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði af verkinu.

Greinargerð.

Stjórn Andakílsárvirkjunar hefur óskað eftir, að við flutningsmenn þessarar tillögu öfluðum á Alþingi heimildar handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast allt að þriggja milljóna króna viðbótarlán til að ljúka 5000 hestafla virkjun Andakílsár, sem hafin var fyrri hluta ársins 1945, og lagningu háspennulínu frá orkuverinu til Akraness og Borgarness.

Kostnaður við virkjunina og háspennulínurnar hefur, eins og tillagan ber með sér, farið allverulega fram úr áætlun. Er í erindi frá Árna Pálssyni verkfræðingi, en hann er ráðamaður stjórnar Andakílsárvirkjunar um framkvæmd verksins, gerð grein fyrir því í aðalatriðum, í hverju hækkunin er fólgin.

Gert er ráð fyrir, að verki þessu verði lokið síðari hluta vetrar. Efni til virkjunarinnar og í háspennulínur er að langmestu leyti komið til landsins og ólíklegt talið, að sá dráttur geti orðið á því efni, sem enn vantar, að þessu takmarki verði ekki náð.

Greinargerð Árna Pálssonar hljóðar svo:

Í byrjun ársins 1944 voru fest kaup á vélum til virkjunar 5000 hestafla í Andakílsárfossum og með því ákveðið að hefja þar virkjun. Veitti Alþing aðstoð til þess með afgreiðslu tveggja ábyrgðarheimilda, allt að 3 millj. og 4,5 millj., eða samtals allt að 7,5 milljónum, en það var þá talið 85% af heildarkostnaði virkjunar (8,82 millj. kr.).

Vinna var hafin á virkjunarstaðnum síðari hluta maímánaðar 1945 og er nú það langt á veg komin, að allar líkur eru til, að orkuverið taki til starfa á þessum vetri, ef eigi verður dráttur á afhendingu efnis frá útlöndum.

Á þeim tíma, sem liðinn er síðan Alþingi samþykkti síðari heimildina til ábyrgðar á virkjunarláni, hafa ýmsar breytingar orðið á verðlagi og öðru, er áhrif hefur á virkjun og gerir hana óhjákvæmilega dýrari en á horfðist haustið 1944, er síðari tillagan til þingsályktunar var til umræðu. Skal þar nefnt, að vísitala er hærri nú en þá, grunnkaup hærra, nokkuð af virkjunarefni var enn ókeypt, en verð þess á erlendum markaði hefur farið síhækkandi, farmgjöld eru enn á árinu 1946 hærri en við hefði mátt búast. Greiðsla véla og virkjunarefnis var yfirleitt þannig, að greiddur var ⅓ hluti kaupverðs, þegar kaup voru gerð, en ⅔ við afhendingu vöru. Flestar vélanna komu í sumar, eftir að gengi sænsku krónunnar hækkaði, og kemur þar til gengistap á ⅔ hlutum kaupverðs. Fullnaðaruppdrættir að vélum og undirstöðum þeirra bárust hingað til lands í apríl 1945, og fyrr varð eigi hægt að ákveða til fullnustu nákvæma stærð orkuvers og undirstöðu véla. Þá skal þess getið, að í áætlunum var gengið út frá, að vinna yrði hafin vorið 1945, sem og varð, og lokið um 1. okt. 1946, þetta hefur þó reynzt ókleift, meðal annars vegna dráttar á afhendingu véla, en sá dráttur stafaði af verkfalli í málmiðnaðinum sænska árið 1944; það kemur því margra mánaða dráttur á framkvæmt verksins, samfara vaxtatapi við að framkvæmdir standa lengur yfir en ella.

Þá hafa verið gerðar nokkrar breytingar á mannvirkinu, er miða að því að auka rekstraröryggi þess, og á það bæði við um vélar orkuvers og háspennuleiðslur, og jafnframt má það telja aukingu, að ráðstafanir eru gerðar nú þegar í upphafi til að kleift verði að leggja fleiri línur út frá orkuverinu og með því skapaðar betri aðstæður til að tengja orkuverið við önnur langlínukerfi.

Skal nú gerð nokkru nánari grein fyrir, hver áhrif breytingar þessar og aðrar aðstæður hafa á kostnaðarverð.

1. Aukning á öryggisbúnaði orkuvers og búnaður fyrir fleiri háspennulínur o. fl. ..... kr. 321 000
2. Breytingar á legu háspennulínu til Borgarness. Aukið rekstraröryggi við að línan er lögð um Hvítárósa í stað sæstrengs frá Sel-

eyri og línan liggur betur við til að reisa aukalínur út um sveitir ..... — 300 000

3. Kostnaður við svæði spenna og olíurofa hjá orkuveri utanhúss svo og annar nauðsynlegur búnaður ..... — 317 000
4. Verðhækkun á ókeyptu efni og tækjum. Innkaupsverð þeirra nemur nú um 500 000 krónum. Frá haustinu 1944 hefur efnið farið síhækkandi og erfitt að segja með vissu, hver hækkun er. Þykir sennilegt að mætti áætla ..... — 125 000
5. Breyting vísitölu og grunnkaupshækkun, kostnaðarauki á vinnulaun ..... — 330 000
6. Gengisbreyting sænsku krónunnar ..... — 111 000
7. Vaxtatap vegna dráttar á afhendingu efnis, þannig að orkuverið tekur væntanlega um 7 mán. seinna til starfa en ella ..... — 230 000
8. Þá hefur verið gerð breyting á stíflu, breytt tilhögun inntaksklefa og stíflan yfirleitt gerð veigameiri. Kemur það að notum, er virkjað verður til fulls, þar eð ganga verður út frá, að stíflan verði þá hækkuð um fulla 2 m. Er þessi liður stærstur þeirra, er að framan eru taldir, og telst hæfilega áætlaður ..... — 720 000
9. Þá hefur sú reynd orðið á, að nokkru meira er unnið í eftirvinnu en gengið var upphaflega út frá, og flutningskostnaður hefur aukizt vegna hækkandi vísitölu og grunnkaupstaxta og loks að vinnutími nær yfir 2 sumur og 2 vetur og hefur slíkt mikinn óbeinan kostnað í för með sér. Loks er ónefndur enn einn liður, er fer síhækkandi með ári hverju, en það er svonefndur verkamannakostnaður, þ. e. kostnaður við aðbúð verkamanna, rekstur verkamannaskála, ferðir verkamanna heim um helgar o. s. frv.; enn fremur er ótalið, að byggð eru tvö íbúðarhús í stað eins, sem ráð var fyrir gert í upphafi. Skal í þessu sambandi á það bent, að aðbúð er hér í bezta lagi og ekkert til sparað í þeim efnum, svo sem vera ber. Allir þeir liðir, sem eru taldir að síðustu, nema háum upphæðum, en erfitt að gera grein fyrir hverjum einum þeirra, þar eð sumir þeirra fara eftir því, hve lengi vinna varir enn, og verður þeirri spurningu naumast svarað, fyrr en allt efni er komið til landsins. Að þessu athuguðu virðist eðlilegt að ganga út frá, að liðir 1—9 nemi liðugum 3,2 milljónum króna og heildarkostnaður verði ..... — 12 340 000

Reykjavík, 30. október 1946.

Árni Pálsson.

Ed. 61. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um undirbúning löggjafar um opinbera starfsmenn.

Frá Páli Zóphóníassyni og Hermanni Jónassyni.

Hvað líður undirbúningi löggjafar um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna?

Nd. 62. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þeir menn, er gegna störfum erlendis á vegum utanríkisráðuneytisins við sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands, enda séu þeir íslenzkir ríkisborgarar og taki laun úr ríkissjóði, skulu eiga heimilisfang í Reykjavík og vera skráðir þar á manntal, hafi þeir eigi sjálfir tilkynnt heimilisfestur á öðrum stað hér á landi. Utanríkisráðuneytið tilkynnir manntalsskrifstofu Reykjavíkur árlega, hverjir starfsmenn þess gegni störfum erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er borið fram eftir ósk utanríkisráðuneytisins og segir svo um þetta mál í bréfi þess, dags. 6. júní 1946:

„Utanríkisráðuneytið vill hér með mælast til þess, að félagsmálaráðuneytið láti leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang, þess efnis, að starfsmenn utanríkisráðuneytisins skuli teljast eiga lögheimili í Reykjavík, enda þótt þeir starfi erlendis.

Samkvæmt alþjóðarétti er ekki álitið, að menn, sem falið er að gegna störfum erlendis við sendiráð og ræðismannsskrifstofur, teljist heimilisfastir í dvalarríkinu, þeir verða, enda þótt þeir séu sendir til annars lands til að gegna þar störfum um lengri eða skemmri tíma, engu að síður að teljast búsettir í heimalandi sínu. Er það af augljósum ástæðum haganlegast, að slíkir menn eigi lögheimili í höfuðborg heimalandsins.

Ef starfsmennirnir erlendis teljast eiga lögheimili í Reykjavík, myndi ráðuneytið einu sinni á ári eða oftar tilkynna manntalsskrifstofunni í Reykjavík hverjir af starfsmönnum þess dveldu erlendis.“

Ed. 63. Frumvarp til laga

um skipulag og hýsingu prestssetra.

Frá menntamálanefnd.

I. KAFLI

Um byggingu íbúðarhúsa.

1. gr.

Á næstu fimm árum skal fara fram rækileg athugun á öllum prestssetrum landsins, og skal þar sérstaklega koma til álita:

1. Hver af núverandi prestssetrum séu vel til þess fallin að vera aðsetur prests í framtíðinni.
2. Hvar æskilegt geti talizt, vegna breyttra aðstæðna, að færa prestssetur og þá hvert.

3. Hver prestssetur eru sérstaklega fallin til skiptingar í fleiri jarðir og hvernig þeirri skiptingu yrði bezt fyrir komið.
4. Að gera skipulagsuppdrætti af þeim prestssetrum, sem líkleg eru til að vera aðsetur prests til frambúðar, hversu þar skuli í aðaldráttum hagað húsaskipun allri og mannvirkjum.

2. gr.

Þegar kirkjumálaráðherra að fengnu áliti biskups hefur staðfest skipulagsuppdrátt að prestssetri, er óheimilt að reisa á prestssetrinu hús eða mannvirki, sem sett eru niður í bága við uppdrátt þennan, nema sérstakt leyfi kirkjumálaráðherra komi til í hvert skipti, enda mæli bæði biskup og húsameistari ríkisins með undanþágunni.

3. gr.

Íbúðarhús á prestssetrum skal reisa úr varanlegu efni og á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

4. gr.

Ríkissjóður kostar byggingu íbúðarhúsa á prestssetrum, að svo miklu leyti sem andvirði niðurlagðra bæjarhúsa ásamt hæfilegu álagi á þau og innstæða fyrningarsjóðs prestakallsins í Söfnunarsjóði hrekkur eigi til, og skal Söfnunarsjóður inna það fé af hendi áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því, er greiðslu var krafizt.

5. gr.

Í fjárlögum skal árlega veitt nægilegt fé til byggingar 4 prestsseturshúsa að minnsta kosti, þar til lokið er að byggja upp sómasamlega öll prestssetur landsins. Áætlar húsameistari ríkisins byggingarkostnaðinn hverju sinni.

6. gr.

Umsókn um byggingu íbúðarhúss skal prestur senda til kirkjumálaráðuneytisins um hendur biskups, er lætur uppi álit sitt á nauðsyn byggingarinnar. Umsókninni skal fylgja álitsgerð hlutaðeigandi prófasts og enn fremur lýsing úttektarmanna á ástandi bæjarhúsa og mat á verðgildi þeirra til niðurrifs, svo og á hæfilegu álagi á bæjarhúsin.

7. gr.

Kirkjumálaráðherra ákveður eftir tillögum biskups, hvaða umsóknum skuli sinnt árlega, og skal viðkomandi presti tilkynnt eigi síðar en 15. marz það ár, sem bygging á setri hans er ákveðin. Jafnframt lætur ráðherra byggingarfróðan mann athuga aðstöðu alla, en húsameistara ríkisins gera uppdrátt að byggingunni og kostnaðaráætlun. Viðkomandi presti skal jafnan gefinn kostur á að gera athugasemdir við uppdrátt húsameistara. Stærð húss skal miðast við aðstöðu á hverjum stað. Nú verður ekki samkomulag milli þeirra um stærð húss, eða prestur leggur sérstaka áherzlu á breytingu á húsinu, og má þá á það fallast með því móti, að prestur greiði sjálfur helming þess, er húsið fer fram úr áætlun vegna breytinganna. Má kirkjujarðasjóður veita honum til þessa embættislán, er afborgast með 6% á ári, og eru af því 4% vextir, en 2% afborgun.

8. gr.

Þegar ákveðið hefur verið að reisa íbúðarhús á prestssetri, felur kirkjumálaráðherra trúnaðarmanni sínum að hafa eftirlit með byggingunni. Prestur annast framkvæmd verksins, nema ráðherra feli öðrum, og er húsameistara ríkisins skylt að aðstoða hann um kaup útlends efnis og annað, er við verður komið. Val yfirsmiðs skal trúnaðarmaður og húsameistari samþykkja.

9. gr.

Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá bæjarfélagi eða sveitar skylt að leggja til ókeypis hentuga lóð undir íbúðarhús hans. Nú verður eigi samkomulag milli trúnaðarmanns kirkjumálaráðherra og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar um stærð og legu slíkrar lóðar, og skal þá ágreiningi skotið til skipulagsnefndar bæja og kauptúna til fullnaðarúrskurðar.

10. gr.

Heimilt er ríkisstjórn að kaupa íbúðarhús handa presti, þar sem slíkt þykir hagkvæmara, enda mæli biskup með kaupunum. Gilda um slík hús sömu ákvæði, eftir því sem við á, og um hús reist samkvæmt þessum lögum.

11. gr.

Ef íbúðarhús eða bæjarhús prestsseturs brennur eða eyðist af náttúruvöldum, eftir að ráðstafað hefur verið fjárveitingu til byggingar prestssetra, er ráðuneytinu heimilt að leggja fram fé til að endurbyggja prestssetrið samkvæmt lögum þessum, að því leyti, sem brunabótafé og fyrningarsjóður prestssetursins hrekkur eigi til endurbyggingar.

12. gr.

Prestur skal á eigin kostnað annast árlegt viðhald íbúðarhúss samkvæmt reglum, sem ráðuneytið setur, og greiða við burtför hæfilegt álag samkvæmt mati úttektarmanna. Prófastur og biskup skulu líta eftir því á eftirlitsferðum sínum, hvort reglum þessum sé fylgt. Nú kemur í ljós, að viðhaldi er áfátt hjá presti, og skal þá prófastur setja honum hæfilegan frest úr að bæta. Ef prestur lætur samt sem áður hjá líða að framkvæma aðgerðir, skal ráðuneytinu tilkynnt, og er því þá rétt að láta nauðsynlega aðgerð á húsinu fram fara á kostnað prests og taka greiðsluna af launum hans.

13. gr.

Nú verða prestaskipti eða prestur fær veitingu og tekur við prestssetri úr höndum annars ábúanda. Skal þá fram fara nákvæm úttekt á prestsseturshúsinu, þar sem lýst sé, hverjar séu nauðsynlegar aðgerðir á húsinu, svo að það geti talizt í forsvaranlegu og íbúðarhæfu ástandi. Komi þá í ljós, að álag fráfaranda á húsið nægi ekki til greiðslu aðgerða þessara, greiðir ríkissjóður það, sem á vantar. Í slíkum tilfellum er ráðuneytinu rétt að senda trúnaðarmann sinn á staðinn til þess að ganga úr skugga um nauðsyn þeirra aðgerða, er úttektarmenn hafa lagt til, að gerðar verði á húsinu.

14. gr.

Íbúðarhús á prestssetrum skulu vátryggð gegn eldi í Brunabótafélagi Íslands eða hjá öðru því tryggingarfélagi, er ráðuneytið samþykkir. Iðgjaldið greiðir prestur, og má halda því eftir af launum hans. Biskup gætir þess, að húsin séu jafnan vátryggð fyrir hæfilegri fjárhæð.

15. gr.

Nú telur húsameistari ríkisins ekki rétt að reisa hús á prestssetri, heldur sé endurbót eða viðbygging nauðsynleg og fjárhagslega réttmæt, svo og ef rétt þykir að koma upp raflögn eða vatnsleiðslu á prestssetri, þá skulu um það gilda öll hin sömu fyrirmæli og um byggingu prestsseturshúsa samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Árgjald prests af prestsseturshúsi, reistu samkvæmt lögum þessum, svo og af viðbótarbyggingum eða endurbótum samkvæmt 15. gr. reiknast þannig:

1. Kvaðalaust framlag ríkissjóðs er ⅗ hlutar byggingarkostnaðar, að frádregnu andvirði niðurlagðra húsa og innstæðu fyrningarsjóðs samkv. 4. gr.

2. Hinum ⅖ hlutum kostnaðar skal deilt með byggingarvísitölu þess árs, er bygging eða endurbót samkv. 15. gr. fór fram, svo að í ljós komi byggingarkostnaður þessara ⅖ hluta, eins og hann hefði orðið áður en verðhækkun styrjaldarinnar skall yfir.
3. Af þeirri upphæð, sem þá kemur út, taldri í heilum þúsundum, greiðir prestur árlega 3⅓% ásamt verðlagsvísitöluálagi því, er hann fær greitt á laun sín. Gjaldi þessu skal haldið eftir af launum með 1/12 á mánuði.

Nú hefur prestsseturshús verið byggt eða keypt á tímabilinu frá 1. jan. 1940 og fram til þess að lög þessi taka gildi, eða farið hefur fram meiri háttar aðgerð á eldra húsi, þá skal árgjald prests ákveðið á sama hátt og húsið hefði byggt verið eða endurbætt eftir þessum lögum.

Af íbúðarhúsum þeim á prestssetrum, sem reist hafa verið eða endurbætt fyrir 1. jan. 1940, greiðir prestur 4% af ⅖ byggingar- og endurbótakostnaðar, þó ekki hærri upphæð en kr. 320 á ári að viðbættri verðlagsvísitölu, og skal gjaldinu haldið eftir af launum hans með 1/12 mánaðarlega.

17. gr.

Auk árgjalds þess af prestsseturshúsum, sem getið er í 16. gr., greiðir prestur í fyrningarsjóð ½% af þeirri upphæð, er honum ber að greiða árgjald af til ríkissjóðs. Gjald þetta tekst af launum prests með 1/12 hluta mánaðarlega með vísitöluálagi.

Fyrningarsjóður er séreign hvers prestakalls. Skal hann ávaxtaður í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands undir umsjón biskups. Nú er prestakall prestslaust um hríð, og sér þá ríkissjóður um greiðslu fyrningarsjóðsgjalds á prestsseturshúsinu.

Ríkissjóður leggur árlega til fyrningarsjóðanna jafnháa upphæð og fyrningarsjóðsgjald nemur samkvæmt ákvæðum fyrri hluta þessarar greinar.

II. KAFLI

Um byggingu peningshúsa o. fl.

18. gr.

Peningshús, hlöður, áburðarhús, safnþrær og önnur nauðsynleg útihús á prestssetrum, er styrks njóta samkvæmt lögum þessum, má aðeins byggja úr varanlegu efni, steinsteypu, timbri og járni eða öðru því byggingarefni, er trúnaðarmaður ráðuneytisins telur heppilegt, enda sé byggingunum valinn staður samkvæmt því, sem skipulagsuppdráttur staðarins gerir ráð fyrir, nema undanþága frá því sé veitt samkvæmt 2. gr.

19. gr.

Nú óskar prestur að reisa á prestssetri eitthvert þeirra húsa, er talin eru í 18. gr., og sendir hann þá um það skriflega rökstudda beiðni til ráðuneytisins. Fallist ráðuneytið á nauðsyn prests, lætur það hæfan mann rannsaka aðstöðu alla og gera uppdrátt og kostnaðaráætlun að byggingunni, og skal prestur síðan reisa húsið eftir þeim uppdrætti eða öðrum, sem ráðuneytið samþykkir.

20. gr.

Ríkissjóður leggur fram allt aðkeypt efni til byggingarinnar, en prestur kostar alla aðflutninga efnis og vinnu við bygginguna.

21. gr.

Þegar húsið er fullgert, skal það tekið út af trúnaðarmanni ráðuneytisins, og er meðmæli trúnaðarmanns liggja fyrir um, að húsið sé vandað og byggt samkvæmt hinum samþykkta uppdrætti, tekur ráðuneytið við því fyrir hönd jarðarinnar.

22. gr.

Framlag prests til endurbyggingar útihúsa á prestssetri samkvæmt 20. gr. skal presti endurgreitt svo sem hér segir:

1. Með andvirði niðurlagðra húsa, er vegna hinnar nýju byggingar teljast eigi lengur nauðsynleg jarðarhús að dómi úttektarmanna. Skulu úttektarmenn meta þau til niðurrifs, en prestur kaupir húsin samkvæmt því mati eða á því verði, er samkomulag verður um milli hans og ráðuneytisins.
2. Með álagi því, er prestur hefur tekið á hin niðurlögðu hús, að viðbættu hæfilegu álagi á húsin eftir mati úttektarmanna, eða að frádregnu hæfilegu endurgjaldi, ef húsið hefur endurbætt verið síðan prestur tók við því.
3. Með styrk, sem prestur kann að fá til byggingarinnar, samkvæmt jarðræktarlögum eða öðrum lögum.
4. Með innstæðu endurbyggingarsjóðs útihúsa prestssetursins.

23. gr.

Nú hrekkur endurgreiðsla samkvæmt 22. gr. ekki til fyrir framlagi prests, og lánar þá ráðuneytið fé úr kirkjujarðasjóði fyrir því, sem á vantar. Lán þessi skulu vera embættislán með veði í tekjum embættisins og greiðast með 4% á ári. Af því eru vextir 3%, en 1% afborgun. Um eftirlit, viðhald og álag slíkra húsa fer eftir ákvæðum 12. gr.

24. gr.

Þegar útihús á prestssetri eru niður lögð, er presti skylt að rífa þau innan þriggja ára, frá því að hann hefur við þeim tekið samkv. 22. gr., og slétta á sinn kostnað yfir rústirnar. Vanræki prestur þetta, má láta framkvæma verkið á hans kostnað.

25. gr.

Nú kemur það í ljós við burtför prests af prestssetri eða andlát hans, að hann eða dánarbú hans á útihús, girðingar eða önnur þau mannvirki á prestssetrinu, er að dómi úttektarmanna teljast nauðsynleg til búrekstrar á jörðinni, og skal þá ríkið kaupa þau samkv. mati úttektarmanna, ef fráfarandi óskar. Geti fráfarandi eigi selt ríki eða viðtakanda hús sín eða mannvirki, er honum heimilt að rífa þau eða selja öðrum til niðurrifs.

26. gr.

Nú kaupir ríkissjóður hús eða mannvirki á prestssetri samkvæmt 25. gr., og er þá rétt að hækka afgjald jarðarinnar sem nemur allt að 2% af kaupverðinu.

27. gr.

Af framlagi ríkissjóðs til byggingar útihúsa á prestssetrum samkvæmt lögum þessum, svo og af framlagi því til peningshúsa, er ríkið hefur innt af hendi samkvæmt lögum nr. 63 8. sept. 1931, skal prestur greiða árlega 1% í endurbyggingarsjóð útihúsa. Gjald þetta tekst af launum prests með ½2 mánaðarlega. Sé prestssetur prestslaust, greiðist endurbyggingarsjóðsgjaldið úr ríkissjóði. Ríkissjóður leggur endurbyggingarsjóðnum árlega jafnháa upphæð og endurbyggingarsjóðsgjaldinu nemur.

28. gr.

Endurbyggingarsjóðir útihúsa eru séreign hvers prestakalls undir umsjón biskups. Þá skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Gilda um þá og greiðslur úr þeim öll hin sömu ákvæði og um fyrningarsjóði prestssetra, eftir því sem við á. Núverand „fyrningarsjóðir peningshúsa“ samkv. lögum nr. 63 1931 skulu afhentir biskupi þegar er lög þessi koma til framkvæmda, og renna þeir inn í endurbyggingarsjóði útihúsa prestssetranna.

29. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 8. sept. 1931, um hýsingu prestssetra, svo og önnur þau ákvæði, er koma kunna í bága við þessi lög.

30. gr.

Lög þessi skulu koma til framkvæmda 1. júní 1946.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt að beiðni kirkjumálaráðherra. Samhljóða frumvarp flutti menntmn. Nd. að beiðni sama ráðherra á síðasta aðalþingi, og er vísað til greinargerðar þeirrar, er því fylgdi þá (Alþt. 1945, þskj. 761). Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins.

Ed. 64. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Ólafsfjarðarkaupstað jörðina Hringverskot í Ólafsfirði.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Ólafsfjarðarkaupstað kirkjujörðina Hringverskot í Ólafsfirði. Námaréttindi skulu þó undanskilin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ástæður eru teknar fram í bréfi bæjarstjórans í Ólafsfirði, dags. 22. okt. 1946, er hér með fylgir.

Fylgiskjal.

BÆJARSTJÓRINN, ÓLAFSFIRÐI

Ólafsfirði, 22. október 1946.

Hr. alþingismenn.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samþykkt að kaupa jörðina Hringverskot í Ólafsfirði, ef hún fengist fyrir sanngjarnt verð, en jörð þessi er eign kirkjunnar.

Leyfi ég mér að fara fram á það við yður, að þér hlutizt til um, að Alþingi það, er nú situr, heimili stjórn kirkjujarða að selja Ólafsfjarðarkaupstað áðurnefnda jörð.

Jörð þessi er metin til fasteignar á 1700.00 kr. (landverð), hús eru engin. Jörðin er um 7 km frá kauptúninu, ógirt og ónotuð. Heyfengur var talinn vera 130 hestar tuða og annað eins úthey, á meðan jörðin var nytjuð, en tún er nú komið í órækt.

Þar sem jörð þessi er svo skammt frá kauptúninu, en þar eru hin mestu vandræði með haglendi fyrir þann bústofn, sem til er, gæti það orðið mikil úrbót, ef jörð þessi fengist keypt.

Á jörðinni stendur skólahús sveitarinnar.

Virðingarfyllst.

Bæjarstjórinn, Ólafsfirði.

Ásgrímur Hartmannsson.

Til alþingsmannanna

Bernharðs Stefánssonar og Garðars Þorsteinssonar.

Nd. 65. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar um athugun á starfskerfi og rekstrargjöldum ríkisins.

Frá Helga Jónassyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 3. marz 1945 um athugun á starfskerfi og rekstrargjöldum ríkisins?

Nd. 66. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Ólafur Thors.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

a. Á eftir 3. tölul. A-liðar í 1. gr. l. nr. 37/1943 kemur nýr liður:
Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum að Kirkjuvogi í Höfnum.

b. Á eftir 2. tölul. B í sömu lagagrein kemur nýr liður:
Reynivallavegur: Af Vesturlandsvegi norðan Laxárbrúar um Reynivelli að vegamótum Kjósarskarðsvegar hjá Möðruvöllum.

Nd. 67. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Ólafur Thors.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Á eftir A. II. 15. í sömu lagagrein kemur nýr liður:
Laxá hjá Möðruvöllum í Kjós.

Ed. 68. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
Á 1. gr. A. II. laga nr. 30/1943 eru gerðar þessar breytingar:
Á eftir 5. tölul. komi 2 nýir töluliðir:

a. Eyjafjarðará hjá Hólum.
b. Öxnadalsá hjá Þverá.

Ed. 69. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Aftan við 1. gr. frv. kemur ný gr., svo hljóðandi (greinatala breytist samkv. því):

Aftan við 17. tölul. C-liðar í 1. gr. l. nr. 37 1943 (Hörgárdalsvegur) bætist: og frá Hörgárbrú á Helguhyl um Hörgárdal, vestan Hörgár, að vegamótum hjá Möðruvöllum.

Sþ. 70. Tillaga til þingsályktunar

um skömmtun áfengis.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að tekin verði upp skömmtun á áfengi svo fljótt sem auðið er, þó ekki síðar en 1. janúar 1947.

Skömmtunin skal ná til allra áfengra drykkja, er áfengisverzlun ríkisins selur, svo og áfengis, sem selt er í veitingahúsum. Áfengi, sem eingöngu er notað til lyfja, sbr. 1. tölulið 10. gr. áfengislaga, nr. 33 1935, skal þó undanþegið skömmtuninni.

Greinargerð.

Öllum hugsandi mönnum mun vera hin mikla og sívaxandi áfengisnautn þjóðarinnar áhyggjuefni. Fjöldi manna veiklast líkamlega og andlega af völdum áfengisnautnar. Afbrot fara mjög í vöxt, einkum meðal æskumanna. Hraustir menn hverfa voveiflega. Lífshamingja ótaldra einstaklinga og heimila fer í mola. Árlega er með ýmsum hætti mörgum mannslífum fórnað beint og óbeint á altari óreglunnar. Slíkan skatt geldur þjóð vor Bakkusi um þessar mundir.

Ekki er glæsilegra um að litast, ef skoðuð er fjárhagshlið málsins. Tugmilljónum króna er árlega sóað fyrir áfengi. Þær fjárhæðir, sem árlega tapast einstaklingum og stofnunum vegna minni afkasta við störf og iðjuleysis af völdum víns, eru ekki í tölum taldar. Þá er og vitanlegt, að verja þarf af þjóðfélagsins hálfu miklu hærri fjárhæðum en ella til heilsuverndar og hjúkrunar vegna ofnautnar áfengra drykkja. Enn fremur þarf þjóðfélagið iðulega að ala önn fyrir fjölskyldum þeirra að meira eða minna leyti, sem verst hafa orðið úti af völdum drykkjuskaparins.

Það verður því að teljast þjóðarnauðsyn, að ríkisvaldið hefjist handa um að draga sem mest úr því böli, sem óhófleg áfengisneyzla hefur leitt yfir þjóðina. Æskilegast væri, að allt áfengi yrði nú þegar gert landrækt, en margra hluta vegna mun þess varla kostur á næstunni. Hins vegar ætti að vera tiltölulega auðvelt að draga stórlega úr ofnautn áfengis með því að koma á skömmtun allra vínfanga. Allt veltur vitanlega á því að búa svo um hnútana, að erfitt eða ókleift reynist að komast fram hjá þeim fyrirmælum, sem sett yrðu um skömmtunina, og að árlegur skammtur sé hafður sem minnstur. Ef veitingahús hefur vín á boðstólum með leyfi stjórnarvalda, verður skömmtunin einnig að ná til þess.

Gefa ætti út áfengisbækur á svipaðan hátt og orlofs- eða vegabréfabækur. Þegar áfengisbók er tekin í notkun, ætti mynd af eiganda að vera fest í hana. Enginn ætti að fá áfengisbók og þar með heimild til að kaupa áfengi yngri en 21 árs, enda er það í samræmi við fyrirmæli 13. greinar áfengislaganna. Þar, sem áfengisútsölur eru starfandi, ætti bókareiganda einum að vera heimilt að fá áfengi afhent

út á bók sína. Þurfi að fá það sent frá fjarlægri áfengissölu, gæti kaupandi látið vottorð frá næsta yfirvaldi, er sýndi, að hann ætti rétt á umbeðnu áfengi, fylgja pöntuninni. Að sjálfsögðu ætti að gera ráð fyrir því, að hægt væri að svipta menn rétti til áfengisbókar, og kæmu þar til greina menn, sem á einn eða annan hátt gæta ekki almenns velsæmis við notkun áfengra drykkja.

Vitanlega þarf nokkurn undirbúning til að taka upp þessa skipan, um almenna afgreiðslu allra vínfanga, sem einkum er fólginn í því að setja reglur um skömmtunina og prenta áfengisbækur. Hér er því gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin hafi nokkurn frest til framkvæmda, en þó ekki lengri en til næstu áramóta.

Nd. 71. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946.)

1. gr.

16. gr. laga nr. 58/1946 orðist þannig:

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og 17, er hann verður 60 ára. Kennsluskylda núverandi kennara skal þó haldast óbreytt frá því sem ákveðið er í reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík, nr. 3 frá 8. febrúar 1937. — Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, ef þörf gerist, svo og vegna mikillar heimavinnu, eða taka tillit til slíkra aukastarfa þegar ákveðin er lengd árlegs starfstíma kennara. — Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra. — Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.

2. gr.

Lög þessi gilda frá 1. október 1946.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í lögum um menntaskóla, nr. 58/1946, 16. gr., er svo mælt, að skyldustundir skólakennaranna skuli vera allt að 27 á viku hverri. Áður giltu um þetta ákvæði 63. gr. reglugerðar fyrir Menntaskólann í Reykjavík frá 8. febr. 1937, er voru á þann veg, að fastir kennarar, aðrir en rektor og yfirkennarar, skyldu kenna 24 stundir á viku.

Með hinum nýju lögum um menntaskóla hefur því fjöldi kennslustundanna verið aukinn um 3 á viku, miðað við það sem áður var. Telja kennararnir, að með þessu móti séu þeir sviptir kjarabótunum, sem launalögin færðu þeim.

Nokkru fyrr en skólar skyldu hefjast í haust, skýrðu kennararnir ríkisstjórninni frá því, að þeir myndu eigi gegna kennslu í skólunum umfram það, sem lög mæltu, nema breytt yrði í fyrra horf skyldustundafjöldanum.

Sakir skorts á kennurum hafa hinir föstu kennarar um skeið annast mikla kennslu í skólunum utan skyldustundanna. Horfði því óvænlega um rekstur menntaskólanna, ef aukakennsla föstu kennaranna átti með öllu að falla niður. Hinsvegar brast ríkisstjórnina að sjálfsögðu heimild til að víkja frá ákvæði menntaskólalaganna um stundafjöldann. En til þess að firra vandræðum og gera kleift, að skólarnir hæfust á tilsettum tíma, hét ríkisstjórnin kennurunum því að beita sér fyrir lausn á málinu, er talizt gæti viðunandi fyrir þá.

Frumvarp þetta er fram borið til efnda á því loforði, og munu kennararnir una þeirri lausn, er það felur í sér.

Sþ. 72. Tillaga til þingsályktunar

um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að leyfð verði yfirfærsla á hæfilega miklum gjaldeyri til Íslendinga, sem nám stunda erlendis.

Greinargerð.

Mjög mikil tregða hefur verið á því, að viðskiptaráð fengist til þess að gefa út gjaldeyrisleyfi fyrir nægjanlega miklu fé til námsmanna erlendis. Hafa nemendurnir orðið að búa við skort við nám, sökum þess að ekki hefur fengizt leyfi til yfirfærslu á námskostnaði eftir því, sem nauðsynlegt hefur verið. Einkum hafa þeir nemendur, sem stunda nám allt árið og greiða auk fæðis og húsnæðis há skólagjöld, orðið hér mjög hart úti. Eru dæmi til þess, að þessir nemendur hafi ekki haft nema sem svarar 5—6 þúsund krónur til framfærslu sinnar á ári, og má geta nærri, hve langt slík upphæð hrekkur í löndum, sem enn dýrara er að búa í en á Íslandi.

Það er því nauðsynlegt, að hér verði á einhver breyting og það nú þegar. Fyrir því er þessi þáltill. fram borin og þess vænzt, að Alþingi geti fallizt á hana.

Nd. 73. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, og útrýmingu þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946.)

I. KAFLI

Sjúkdómar, er lög þessi ná til, og markmið framkvæmda.

1. gr.

Ákvæði laga þessara ná til eftirtaldra sjúkdóma:

1. Mæðiveiki.
2. Þingeysk mæðiveiki.
3. Garnaveiki í sauðfé, geitfé og nautgripum.

Þessir sjúkdómar nefnast einu nafni karakúlsjúkdómar í lögum þessum.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

2. gr.

Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma þeirra, sem taldir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra með fjárskiptum innanlands, svo og með kynbótum og tæknifrjóvgun frá erlendum sauðfjárkynjum, er inn kunna að verða flutt í þeim tilgangi.

II. KAFLI

Um framkvæmdastjórn.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn

þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

5. gr.

Verkefni sauðfjársjúkdómanefndar er:

1. Að koma upp varnarlínum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og viðhaldi.
2. Að hafa stjórn annarra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum.
3. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
4. Að hafa umsjón með innflutningi erlendra fjárkynja, ef leyfður verður.
5. Að hafa umsjón með kynbótum sauðfjár, er framkvæmdar eru með innflutningi erlendra fjárkynja og tæknifrjóvgun.
6. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er lög þessi fjalla um.

III. KAFLI
Um varnarlínur og varnir.

6. gr.

Varnarlínur teljast:

1. Ófærar ár, vötn og jöklar eða fjöll, sem engar líkur eru til, að sauðfé fari yfir.
2. Tvöfaldar gaddavírsgirðingar.
3. Einfaldar girðingar, sem settar eru meðfram ám eða öðrum hindrunum, sem eigi þykja örugg vörn.

Varðmenn skal hafa á varnarlínum til öryggis þar, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur þess þörf.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjar af þeim varnarlínum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlínur skulu settar upp á milli fjárskiptasvæða, eftir því sem samkomulag verður um milli framkvæmdastjórna viðkomandi fjárskiptafélaga og sauðfjársjúkdómanefndar, og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

7. gr.

Girðingastæði skulu valin, þar sem bezt skilyrði eru til varnar frá náttúrunnar hendi. Upprekstrarfélög, eða einstakar jarðir, má því aðeins svipta aðgangi að löndum sínum, að brýn nauðsyn krefji. Þegar svo stendur á, skal leitast við að bæta það með tilsvarandi löndum í skiptum, ef unnt er.

Verði ekki samkomulag um landaskipti, eða bætur fyrir misst land, skal ákveða bætur með gerðardómi, þar sem aðilar tilnefna sinn manninn hver og landbúnaðarráðherra tilnefnir oddamann. Bætur þær, sem þeir ákveða, greiðast af þeim, er landið fá, og miðast við notagildi landsins. Nægi það eigi, greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslusjóður það, sem til vantar, að hálfu hvor.

8. gr.

Varnargirðingar skulu lagðar á kostnað ríkissjóðs, en viðhald þeirra og eftirlit ber hlutaðeigandi fjárskiptafélögum eða sýslufélögum að annast og kosta.

Landbúnaðarráðherra skal, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, ákveða, hvernig viðhaldskostnaður við hverja varðlínu skiptist milli aðliggjandi félaga. Varzla meðfram varnargirðingum skal ákveðin af sauðfjársjúkdómanefnd, en framkvæmd af aðliggjandi fjárskiptafélögum og kostuð af ríkissjóði. Reikninga um vörzlukostnað úrskurðar sauðfjársjúkdómanefnd.

9. gr.

Skylt er fjárskiptafélögum að viðhalda varnarlínum framvegis, þar til sauðfjársjúkdómanefnd, með samþykki landbúnaðarráðherra, ákveður að leggja þær niður.

Þess skal jafnan gætt, að eftirlit með viðhaldi varnarlína hvíli sem mest á herðum fjáreigenda, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

10. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varnarlínur þær, sem um ræðir í 6.—9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar hefur yfirumsjón og eftirlit með störfum varðmanna.

11. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum, verða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

12. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

13. gr.

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur, nema með leyfi sauðfjársjúkdómanefndar. Sleppi kindur yfir varnarlínur, skal þeim tafarlaust slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem þráfaldlega sækja á að komast yfir varnarlínu. Þær kindur, sem slátrað er af þessum sökum, skal bæta þannig, að eigangi fái fullt niðurlagsverð fyrir. Greiðast þær bætur úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem verð afurðanna hrekkur ekki til.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að láta bann það, er um ræðir í þessari grein, ná einnig til annars búpenings, eftir því sem ástæða er til.

14. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétt og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna.

Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við varnarlínur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé slátrað.

15. gr.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd og sveitarstjórnum eða stjórnum upprekstrarfélaga, með samþykki sauðfjársjúkdómanefndar, að fyrirskipa breytingu á upprekstri, fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til að hindra útbreiðslu karakúlsjúkdóma eða til að tryggja vörzlu og árangur fjárskipta. Slíkar breytingar teljast eigi brot á fjallskilareglugerðum.

16. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar eða þeim slátrað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum, við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum

aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varðlínur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er, ef kindunum er slátrað.

17. gr.

Fáist vissa fyrir, að einhver karakúlsjúkdómur hafi borizt yfir varnarlínu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé.

18. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

19. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til.

20. gr.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhvern karakúlsjúkdóm geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

21. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki, má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé sýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum, með fé frá ósýktum heimilum.

22. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt, hvenær sem hún telur þess þörf, að láta fara fram rannsókn á öllu fé bænda, þar sem líkur eru til, að garnaveiki geti verið.

Við rannsóknir þessar skal ríkið leggja til lyf, tæki og einn rannsóknarmann í hverjum rannsóknarflokki. Sveitarfélagið leggur hverjum rannsóknarmanni til einn aðstoðarmann og greiðir honum kaup, og sé hann valinn í samráði við rannsóknarmanninn. Skylt er fjáreigendum að leggja til aðra aðstoð við rannsóknir, eftir því sem við þarf. Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd, að veita sveitarstjórn undanþágu frá því að kosta aðstoðarmann við garnaveikisrannsóknir í þeim hreppum, sem mæðiveiki er einnig í fé bænda.

23. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, fyrirskipað að slátra því fé, er að lokinni rannsókn þeirri, er um ræðir í 22. gr., reynist sjúkt eða grunað.

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður bætur fyrir fé, sem er slátrað, vegna þess að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. Bæturnar skulu miðaðar við niðurlagsverð á haustdegi, en tekið tillit til fóðurkostnaðar, sem fallið hefur á féð frá síðustu haustnóttum, ef því er slátrað að vetrar- eða vorlagi. Bætur þessar greiðast úr ríkissjóði. Hið sama gildir um fé, sem slátrað er samkv. ákvæðum 17. gr.

IV. KAFLI
Um fjárskiptafélög.

24. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd gerir tillögur um hagfellda skiptingu þeirra landshluta, þar sem sauðfé er sýkt af karakúlsjúkdómum, í fjárskiptasvæði.

Við skiptingu þessa skal tekið tillit til:

1. Öruggra varnarlína, sem fyrir hendi eru, og skilyrða til að setja upp nýjar varnarlínur á sem öruggastan hátt.
2. Takmarka upprekstrarlanda og aðstöðu með tilliti til fénaðarferðar og fjallskila.
3. Aðstöðu til, að sauðfjárslátrun, og fjárrekstrum í sambandi við hana, verði þannig fyrir komið, að eigi stafi sýkingarhætta af og hagkvæmt sé.
4. Möguleika til að útvega nýjan fjárstofn í stað þess sýkta, jafnóðum og fjárskipti fara fram, samanber V. kafla þessara laga.
5. Annarra aðstæðna, er fram kunna að koma og að dómi sauðfjársjúkdómanefndar geta valdið nokkru um, hvort fullum árangri verður náð við fjárskipti og aðrar aðgerðir til útrýmingar sauðfjársjúkdómum þeim, sem um er að ræða.

25. gr.

Nú vilja fjáreigendur á ákveðnu fjárskiptasvæði hefjast handa um fjárskipti, og skulu þeir þá, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, snúa sér til sýslumanns eða sýslumanna á svæðinu. Skal þá sýslumaður, eða sýslumenn, skrifa öllum hreppsnefndum á viðkomandi svæði áskorun um, að þær hver í sínum hreppi, boði fjáreigendur á fund, til að ræða málið og kjósa, með hlutbundnum kosningum, þrjá fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fundi fyrir fjárskiptasvæðið.

Á sama hátt getur sauðfjársjúkdómanefnd haft frumkvæði um málið.

Sýslumaður, eða sýslumenn, boða fulltrúafund eigi síðar en mánuði eftir að hreppsnefndum á svæðinu hefur verið skrifað. Á fundinn skal einnig boða framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar og hlutaðeigandi dýralækni.

Fulltrúafundur er lögmætur, ef mættir eru fulltrúar frá ⅔ af þeim hreppum, eða hreppshlutum, sem eru á fjárskiptasvæðinu. Nú fallast ⅔ mættra fulltrúa á að gera samþykkt um stofnun fjárskiptafélags og fjárskipti, og skal þá fundurinn semja frumvarp til slíkrar samþykktar. Skylt er sauðfjársjúkdómanefnd að láta í té fyrirmyndir að slíkum samþykktum.

26. gr.

Í frumvarpi til samþykktar skal tekið fram:

1. Stærð og takmörk fjárskiptasvæðis, er félagssamtökin ná yfir.
2. Hvenær fjárskipti skuli fara fram í fyrsta lagi.
3. Um skipun fulltrúaráðs og kosningu stjórnar fyrir fjárskiptafélagið, er skipuð sé minnst 3 mönnum.
4. Um verksvið félagsstjórnar, völd og skyldur.
5. Um kvaðir og skyldur, er félagsmenn takast á hendur í sambandi við fjárskipti, vörzlur og aðrar sóttvarnarráðstafanir.
6. Önnur ákvæði varðandi félagssvæðið og aðstöðu þess til annarra héraða og fjárskiptasvæða.

27. gr.

Nú samþykkir fundurinn frumvarp með ⅔ atkvæða mættra fulltrúa, og skal hann þá kjósa kjörstjórn, er hafi á hendi undirbúning atkvæðagreiðslu á félagssvæðinu og talningu atkvæða. Kjörstjórnin velur sér sjálf formann, hún ákveður, hvenær atkvæðagreiðslu skuli lokið í hreppnum, og fyrir hvaða tíma atkvæðaseðlar og fundargerðir skuli komið til kjörstjórnar, og hvenær talning atkvæða skuli fara fram.

28. gr.

Nú hefur frumvarp til félagssamþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með ⅔ atkvæða allra mætta fulltrúa, og skal þá kjörstjórn sú, er kosin hefur verið samkvæmt ákvæðum 27. gr., senda það öllum hreppsnefndum í þeim hreppum, eða hreppshlutum, er félagssvæðið nær yfir.

Hreppsnefnd skal þá skylt að boða til fundar í hreppnum með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til stofnunar fjárskiptafélags liggi fyrir til atkvæðagreiðslu.

Atkvæðisrétt um félagsstofnun og fjárskipti hafa fjáreigendur 18 ára eða eldri, þegar atkvæðagreiðsla fer fram, er hafa átt 10 kindur eða fleiri, samkvæmt skattframtali í ársbyrjun 1946.

Skrá yfir atkvæðisbæra menn skal láta fylgja fundarboðinu.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg og framkvæmd á sama hátt og á sér stað við óhlutbundnar kosningar til hreppsnefndar.

Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar oddviti atkvæðaseðla og önnur kjörgögn og sendir formanni kjörstjórnar fjárskiptasvæðisins.

29. gr.

Kjörstjórn skal koma saman þann dag, er ákveðið hefur verið samkvæmt 27. gr., til að rannsaka fundargerðir kjörfunda og telja atkvæði. Formaður kjörstjórnar stjórnar talningunni og lætur rita kjörfundargerð, er beri með sér, úr hvaða hreppum, eða hreppshlutum, kjörstjórninni hafa borizt fundargerðir og tölu atkvæðaseðla.

Tvö samrit skal rita af fundargerðinni, og skal öll kjörstjórn undirrita.

Nú hefur atkvæðagreiðsla fallið þannig, að félagssamþykktin hefur hlotið ⅔ greiddra atkvæða, og sé það að minnsta kosti ⅗ fjáreigenda samkvæmt kjörskrá, og telst þá félagsstofnunin samþykkt.

Samþykktina skal þá senda sauðfjársjúkdómanefnd í tvíriti, ásamt samriti fundargerðarinnar. Leitar nefndin síðan staðfestingar landbúnaðarráðherra á samþykktinni.

V. KAFLI
Um fjárskipti.

30. gr.

Þegar fjárskiptafélag hefur verið stofnað með staðfestri samþykkt, sbr. 29. gr., skal félagsstjórnin snúa sér til sauðfjársjúkdómanefndar, er ákveður með samþykki ráðherra, hvenær fjárskiptin fara fram.

31. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur ásamt stjórn fjárskiptafélags umsjón með útrýmingu sjúkdóma og fjárskiptum, sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum, og framkvæmdum, sem standa í sambandi við þau.

Sauðfjársjúkdómanefnd ber einkum:

1. Að tryggja það áður en fjárskipti fara fram, að fjárskiptasvæðið sé tryggt með öruggum varnarlínum gegn samgöngum sauðfjár frá sýktum héruðum.
2. Að láta rannsaka heilbrigði fjár í þeim héruðum, sem ætlað er að kaupa líflömb úr.
3. Að ákveða í samráði við félagsstjórn, hvenær slátrun skuli hefjast og hvenær henni sé lokið.
4. Að hlutast til um, að öll lönd á fjárskiptasvæðinu séu smöluð sauðlaus, og getur nefndin ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrr fram en venjulega, og að fram fari almennar fjárleitir á afréttum og heimalöndum eftir að slátrun er

lokið, og ekki ver mannaðar en í fyrstu göngum. Fjallskilum þessum skal jafna niður eins og öðrum fjallskilum.

5. Að ákveða hvaðan líflömb séu tekin og tilkynna það viðkomandi sýslumönnum með nægum fyrirvara, áður en slátrun hefst, en þeir skulu aftur tilkynna það fjáreigendum, og skal þá engum gimbrarlömbum slátrað á svæðinu, þar til kaup hafa farið fram.
6. Að sjá um kaup, flutning og merkingu líflamba, í samvinnu við stjórn viðkomandi fjárskiptafélags.

32. gr.

Fjáreigendur, er hafa heilbrigt sauðfé, eru skyldir til að selja öll þau gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, og hrútlömb eftir þörfum, til þeirra fjáreigenda, er hafa fjárskipti samkvæmt lögum þessum. Sauðfjársjúkdómanefnd getur ákveðið, með samþykki landbúnaðarráðherra, að fjáreigendur, sem lausir hafa verið við karakúlsjúkdóma, séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb þriðja hvert ár, á meðan fjárskiptum til útrýmingar sjúkdómunum er ekki lokið.

33. gr.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal ákveða verð líflamba eftir lifandi þunga, miðað við afurðaverð hvers árs. Skulu fjáreigendur þeir, er um ræðir í 32. gr., skyldir til að selja lömbin fyrir það verð, en jafnan sé tryggt, að það sé eigi lægra en fæst fyrir lömbin til slátrunar.

34. gr.

Þegar fjárskipti fara fram í héraði, skal verðlagsnefnd landbúnaðarafurða sjá um, að frystihús á svæðinu sitji fyrir um sölu, svo fjárförgun þurfi eigi að tefjast vegna rúmleysis í frystihúsum.

35. gr.

Líflömb, sem keypt hafa verið, skal hver fjáreigandi hafa í strangri gæzlu fyrsta misserið eftir að þau hafa verið flutt. Sé þess gætt, að eigi leynist í þeim aðrir sjúkdómar, t. d. fjárkláði. Ef fjárkláða hefur orðið vart í þeim héruðum, sem líflömb eru flutt úr, eða ef hans verður vart í líflömbum, sem flutt hafa verið, skal sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipa og hafa eftirlit með, að almenn fjárböðun fari fram á fjárskiptasvæði því, sem um er að ræða, á sem tryggilegastan hátt.

Fari svo, að sýkt eða grunuð kind komi saman við líflömb á fjárskiptasvæði, skal eigandi lambanna eða sá, er kindarinnar verður fyrst var, tafarlaust gera hreppstjóra aðvart. Ber honum að tilkynna það samstundis framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvort slátra skuli fénu eða ráðstafa á annan hátt.

Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi eða óþægindi af þessum sökum.

36. gr.

Veturinn eftir fjárskipti skal sauðfjársjúkdómanefnd í samráði við stjórn fjárskiptafélags, láta hæfa menn rannsaka fé bænda og leita á heimilum, ef ástæða þykir til, svo ugglaust sé, að hvergi sé leynt sýktu eða grunuðu fé.

Komi það í ljós, að fé hafi verið haldið á laun, skal það og allt fé, er saman við það hefur getað komið, tekið og slátrað eða ráðstafað á annan hátt, allt á kostnað þess, er leyndi.

Sá, sem leynir fé, skal sæta ábyrgð samkvæmt 175. gr. hegningarlaganna. Verði brot hans til þess að drepa þurfi fé annarra manna, skal hann skyldur að bæta það tjón og óþægindi, er af hlýzt.

VI. KAFLI
Um fjárframlög ríkisins til fjárskipta.

37. gr.

Framlag ríkisins vegna fjárskipta miðast við fjártölu samkvæmt skattaframtali á árinu 1946 að hálfu, en að hálfu við skattaframtal þess árs, er síðast var heilbrigt fé í viðkomandi hreppi. Þetta gildir þó þá eina, sem eiga sauðfé bæði þessi ár, og stunda sauðfjárrækt, þá er fjárskipti fara fram. Hjá fjáreigendum, sem ekkert fé áttu áður en veikin kom, miðast framlag eingöngu við framtalið sauðfé við skattaframtal á árinu 1946. Réttur dánarbúa til framlags vegna fjárskipta, yfirfærist á erfingja, að svo miklu leyti, sem þeir eru búsettir í sveit og hafa stundað sauðfjárrækt fram að þeim tíma, er fjárskipti fara fram.

38. gr.

Framlag ríkisins greiðist á þann hátt, að fyrir hverja fullorðna kind og gemling fái fjáreigendur frá ríkisins hálfu haustlamb heimflutt. Verðið fyrir fullorðnar kindur, sem slátrað er, þá er fjárskipti fara fram, fellur til ríkissjóðs og kemur til frádráttar andvirði þeirra lamba, er fjáreigendur fá í staðinn, eftir mati verðlagsnefndar landbúnaðarafurða.

Fjáreigendur skulu fá lömbin svo fljótt sem unnt er að útvega þau af heilbrigðum stofni. Skal það vera aðalregla, að fjáreigendur fái 50% lambanna haustið, sem veika féð er drepið, og 50% næsta haust á eftir. Sé ekki unnt að útvega öll lömbin á þessum tveim haustum, skal ríkissjóður greiða verð þeirra lamba, sem á vantar, í peningum, samkvæmt mati sauðfjársjúkdómanefndar.

39. gr.

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum, vegna afurðatjóns, hálft lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind það ár, sem svæðið er sauðlaust. Að öðru leyti skal framlag greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

40. gr.

Ef sauðfjársjúkdómanefnd telur nauðsynlegt að útrýma sjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, þar sem fjárskiptafélag fæst ekki stofnað samkvæmt lögum þessum, þá getur hún látið útrýminguna fara fram með samþykki landbúnaðarráðherra. Bætur skal þá greiða fjáreigendum samkvæmt mati eftir gildandi lögum um eignarnám, en skylt er matsmönnum að taka til greina sýkingu fjár á svæðinu eða yfirvofandi sýkingarhættu.

VII. KAFLI
Um innflutning kynbótahrúta og tæknifrjófgun.

41. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, sauðfjársjúkdómanefndar og Búnaðarfélags Íslands, að láta flytja inn í umsjá sauðfjársjúkdómanefndar, frá Skotlandi eða Noregi, hrúta af sauðfjárkynjum, sem líklegust eru til heppilegrar blöndunar íslenzku sauðfé, með það fyrir augum að auka heilbrigði þess og mótstöðuafl gegn karakúlsjúkdómum, og að auka og bæta afurðir þess.

42. gr.

Hrúta þá, sem inn eru fluttir samkvæmt 41. gr., skal flytja inn að vori til og einangra og ala á sóttvarnarstöð í nágrenni Reykjavíkur. Reynist þeir heilbrigðir að hausti, skal nota sæði þeirra til tæknifrjófgunar áa í þeim landshlutum, þar sem fé er sýkt af karakúlsjúkdómum.

43. gr.

Nú hafa hrútarnir verið aldir á sóttvarnarstöð einn vetur og heilbrigði þeirra reynzt í fullu lagi, má þá með leyfi landbúnaðarráðherra nota sæði þeirra til tæknifrjófgunar áa í þeim landshlutum, þar sem fé er ósýkt af karakúlsjúkdómum. En eftir tveggja vetra eldi á sóttvarnarstöð og með sama árangri, má flytja hrútana þaðan og til eldis og notkunar á slíku svæði.

44. gr.

Um allt, er varðar innflutning þann og sóttvarnarráðstafanir, er um getur í 41.—43. gr., skal farið eftir nánari fyrirmælum í reglugerð, er landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Rannsóknarstofnunar háskólans í búfjármeinafræði.

VIII. KAFLI

Um innflutning sauðfjár og eldi.

45. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, sauðfjársjúkdómanefndar og Búnaðarfélags Íslands, að láta flytja inn, í umsjá sauðfjársjúkdómanefndar, frá Skotlandi eða Noregi, sauðfé af fjárkynjum, sem nauðsyn þykir til að reyna að rækta hér á landi.

46. gr.

Hið erlenda fé, sem inn er flutt, skal alið og ræktað til reynslu á tveimur stöðum á landinu. Skal innflutningi þess og ræktun þannig hagað, að sem fullkomnust reynsla fáist um eftirfarandi meginatriði:

1. Hvort innflutt fé, sem er alið með íslenzku fé, sem er sýkt af karakúlsjúkdómum, svo og kynblendingar út af því og íslenzku fé, hafi meira mótstöðuafl gegn sjúkdómum þessum heldur en íslenzkt fé.
2. Hvort komið verði hér upp fjárstofnum, bæði af hreinræktuðu erlendu fé og kynblendingum, er séu þeim kostum búnir, bæði um heilbrigði og afurðir, að réttmætt sé að útbreiða ræktun slíkra fjárstofna í þeim héruðum, þar sem fjárskipti hafa átt sér stað.

47. gr.

Með samvinnu við fjárskiptanefndir í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu, og að fengnu samkomulagi við hlutaðeigandi sauðfjár- og landeigendur, skal í Hrísey á Eyjafirði, ef heimild sú, er um ræðir í 45. gr., er notuð, efna til hreinræktunar 1—3 erlendra fjárkynja, svo og blöndunar þeirra við íslenzkt fé, enda sé upplýst að undangenginni rannsókn, að fjárstofn Hríseyinga sé heilbrigður.

48. gr.

Fyrstu tvö árin, sem eldi hins erlenda fjár fer fram í Hrísey og kynblöndun þess við íslenzkt fé, skal skoða eyjuna sem sóttvarnarstöð, og skal gilda algert bann við flutningi fjár að og frá eyjunni, svo og sláturfjárafurðum og öðru, er sýkingarhætta er talin stafa af.

Nú er útlent fé flutt til Hríseyjar að vori til eða fyrri part sumars. Skal það þá geymt í tvöfaldri sóttvarnargirðingu til hausts. Bregðist heilbrigði þess eigi, má um veturinn alæ það með íslenzku fé og láta það tímgast bæði til hreinræktunar og kynblöndunar við íslenzkt fé í eynni. Á öðrum vetri má nota sæði úr hrútum af hinum útlendu stofnum til tæknifrjófgunar áa Norðanlands, þar sem fjárskipti hafa farið fram.

49. gr.

Að hausti, allt að 5 missirum eftir að hið útlenda fé var flutt til Hríseyjar, og að því reyndu, að heilbrigði þess sé í góðu lagi, má flytja fé þaðan til eldis, og skal þá sóttvörnum vegna tilraunafjáreldis í eynni aflétt.

50. gr.

Samkvæmt ákvæðum 45. gr. og fyrstu málsgr. og fyrsta tölul. 46. gr. má flytja inn fé af 1—3 erlendum fjárkynjum til eldis og tilraunaræktunar á einum stað á Suðvesturlandi í eyju í nánd við Reykjavík.

51. gr.

Að liðnum sóttvarnartíma, er eigi má vera skemmri en 3 mánuðir, og að því tilskildu, að engin sýki eða sýkingarhætta komi í ljós, skal fé það, sem inn er flutt samkvæmt 50. gr., alið og ræktað í fullkominni einangrun með hæfilega mörgu íslenzku fé, sem er meira eða minna sýkt af karakúlsjúkdómum, með það fyrir augum að afla reynslu varðandi mótstöðuafl hins erlenda fjár gegn sjúkdómum þessum, sbr. 46. gr., stafl. 1.

52. gr.

Auk þess sem hið innflutta fé, sem hér um ræðir, er þegar á fyrsta vetri látið tímgast til hreinræktunar og kynblöndunar við hið íslenzka fé, sem það er einangrað og alið með, má einnig á fyrsta vetri nota sæði úr hrútum af hinum erlendu kynjum til tæknifrjófgunar áa í héruðum, þar sem fé er sýkt af karakúlsjúkdómum.

Eftir 18 mánaða sóttvörn og einangrun með góðum árangri má flytja hið erlenda fé og kynblendinga, sem af því eru aldir í einangrun, frá einangrunarstöðinni til annars staðar í þeim héruðum, þar sem fé er sýkt af karakúlsjúkdómum.

53. gr.

Um allt það, er varðar innflutning erlendra fjárkynja, einangrun og ræktun, svo og aðrar framkvæmdir samkvæmt 45.—52. gr. þessara laga, skal nánar ákveðið í reglugerð, er landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Rannsóknarstofnunar háskólans í búfjármeinafræði. Skulu ákvæði þeirrar reglugerðar einnig ná til ræktunar þess fjár af erlendum kynjum, sem til er í landinu, svo og kynblendinga, sem til eru.

IX. KAFLI

Um sóttvarnarstöð og einangrun.

54. gr.

Koma skal upp í eyju í nágrenni Reykjavíkur öruggri sóttvarnarstöð, þar sem hafa megi í haldi undir fullu eftirliti, dýr hverju nafni sem nefnast, sem til landsins kunna að flytjast. Skal stöðin rekin á kostnað ríkisins í umsjá og undir stjórn yfirdýralæknis, samkvæmt reglum, er landbúnaðarráðherra setur.

55. gr.

Fáist eigi með frjálsu samkomulagi keyptar eða leigðar eyjar, er að dómi yfirdýralæknis og samkvæmt úrskurði landbúnaðarráðherra henti sem stöðvar fyrir starfsemi þá, sem um ræðir í 50—54. gr., má samkvæmt gildandi lögum um eignarnám taka eina eða fleiri af eyjunum Engey og Viðey við Reykjavík og Þerney á Kollafirði, eignarnámi eða leigunámi, allt eftir því, er landbúnaðarráðherra ákveður, til þess að komið verði á fót sóttvarnarstöð, sbr. 54. gr., og framkvæmdur tilraunainnflutningur og eldi, sbr. 50.—52. gr.

X. KAFLI

Almenn ákvæði.

56. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum eftir því sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp, svo og fénaðarhöld yfirleitt.

Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.

57. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu karakúlsjúkdómanna og til að útrýma þeim. Nær það einnig til garnaveiki í nautgripum.

58. gr.

Auk reglugerða þeirra, sem ákvæði eru um í 44. og 53. gr., setur landbúnaðarráðherra reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara, allt eftir því sem þurfa þykir og ástæður eru til á hverjum tíma. Sauðfjársjúkdómanefnd hefur einnig heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til um einstök framkvæmdaratriði, er að kalla í hvert sinn, ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.

59. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

60. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 8. sept. 1931, lög nr. 45 19. júní 1933, lög nr. 9 25. jan. 1934, reglugerð nr. 36 24. apríl 1934, reglur nr. 6 20. jan. 1936, lög nr. 16 28. maí 1941, lög nr. 75 27. júní 1941, lög nr. 88 9. júlí 1941 og reglugerð nr. 4 2. jan. 1942, svo og öll ákvæði, reglur og fyrirmæli, er út hafa verið gefin og sett af sauðfjársjúkdómanefnd eða öðrum aðilum í umboði hennar, á grundvelli téðra laga og reglugerða.

61. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með bréfum dagsettum 3. september 1946 skipaði landbúnaðarráðherra þrjá menn í nefnd til þess að endurskoða „gildandi löggjöf varðandi útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, varnir gegn þeim og fjárskipti. Enn fremur ákvæði gildandi laga um innflutning á lifandi sauðfé til eldis og kynblöndunar, svo og fleira þar að lútandi".

Í nefndina voru skipaðir: Árni G. Eylands, fulltrúi í landbúnaðarráðuneytinu, og alþingismennirnir Jónas Jónsson og Jón Pálmason.

Nauðsyn þótti, að nefndin hraðaði svo störfum, að auðið yrði að leggja tillögur hennar, í frumvarpsformi, fyrir Alþingi það, er nú situr.

Hefur því þannig verið að unnið, að jafnframt allýtarlegri skýrslu og heimildasöfnun hefur nefndin samið frumvarp þetta, en eftir er þó að vinna á margan hátt úr gögnum þeim, er nefndinni hafa borizt, og afla fleiri gagna.

Síðan sauðfjárkvillar þeir fóru að gera vart við sig, sem talið er, að flutzt hafi til landsins með karakúlfé 1933, hefur baráttunni gegn þeim verið haldið uppi með ýmsum hætti. Hún hefur markazt jöfnum höndum af þeirri litlu þekkingu, sem um hefur verið að ræða varðandi þessa sjúkdóma, óvæntum viðhorfum, er skapazt hafa við útbreiðslu pestanna, og skoðunum, er fram hafa komið. Á raunhæfum sannindum og þekkingu hefur lítið verið hægt að byggja, því að um uppruna sjúkdómanna, eðli þeirra og útbreiðsluhætti hefur sáralítið verið vitað og jafnvel minna en það.

Einu nafni hafa sauðfjársjúkdómar þessir verið nefndir karakúlsjúkdómar, og segja má, að baráttan gegn þeim hafi greinzt í sex meginþætti. Skal vikið að þeim nokkrum orðum.

1. Girðingar og varzla.

Eins og vænta mátti, voru girðingar og varzla til að hindra samgöngur sauðfjár eitt af því fyrsta, sem gripið var til, til að hindra útbreiðslu karakúlsjúkdómanna, er þeir fóru að gera vart við sig svo um munaði.

Girðingar, sem sauðfjársjúkdómanefnd hefur látið setja, eru taldar vera um 1249 kílómetrar, og þar við bætist, að um 221 kílómetri af þeirri vegalengd eru tvöfaldar girðingar. Verðir hafa verið hafðir á fjöllum uppi og víðar, meðfram girðingum og ám, við hlið og brýr, og einnig á nokkrum stöðum þar, sem girðingum hefur eigi orðið við komið, svo sem á Kili.

Til ársloka 1945 hefur sauðfjársjúkdómanefnd varið til girðinga og viðhalds þeirra kr. 3053867.09, og til vörzlu, þar með talin fjárkaup og fjárbætur í sambandi við vörzlu, kr. 3076165.13. Auk þess hafa héruð og einstaklingar lagt allmikið af mörkum varðandi girðingar og vörzlu, við flutning efnis, vinnu við girðingar o. fl. Yrðu það verulegar upphæðir, ef metið skyldi til peninga.

Enginn, sem til þekkir, efar, að girðingarnar og varzla hafi komið að miklu gagni til þess að hefta og tefja útbreiðslu sjúkdómanna, en eins og vænta mátti, hefur rás viðburðanna, útbreiðsla sjúkdómanna, oft eftir óþekktum leiðum, en stundum vegna mistaka og jafnvel hirðuleysis, valdið því, að nokkuð af þessum ráðstöfunum hefur til einkis orðið, og er ekki um það að fást.

Til hvaða heildaraðgerða sem gripið verður framvegis, verður aldrei hjá því komizt, að girðingar og varzla verði mikilsverðir og umfangsmiklir liðir í þeim aðgerðum. En það er fjarstæða að lögbinda varnarlínur og vörzlur að verulegu leyti við sýslumörk, ár eða annað því líkt, eins og gert hefur verið. Enginn veit takmörk sýktra og ósýktra svæða fyrir fram, þau breytast sífellt, og verður því heppilegast, að þeir aðilar, er með þessi mál öll fara á hverjum tíma, ráði mestu um það, hvar og hvernig vörzlu er haldið uppi með girðingum eða á annan hátt. Þó má segja, að vel geti verið athugunarvert, hvað sem líður núverandi útbreiðslu sauðfjársjúkdóma, að ákvarða að halda ávallt uppi varðlínum og vörzlu á vissum stöðum á landinu, og hindra þannig hinn takmarkalausa samgang og flæking búpenings um landið. Má sem slíka staði og takmörk nefna Kjöl og Sprengisand á milli jökla, eyðið á milli Gilsfjarðar og Bitrufjarðar o. s. frv.

En hvernig sem á verður haldið, geta girðingar og varzla aldrei orðið annað en hjálparaðgerðir í baráttunni við karakúlsjúkdómana, með þeim aðgerðum einum verður hvorugt gert, að halda sjúkdómunum svo í skefjum, að við megi hlíta, né að útrýma þeim.

2. Rannsóknir og lækningatilraunir.

Slíkri starfsemi hefur verið haldið uppi frá fyrstu stundu að sjúkdómanna varð vart, á svo áberandi hátt, að grunsamlegt þótti, að um nýja sjúkdóma eða um nýtt og magnað form áður þekktra sjúkdóma væri að ræða. Rannsóknirnar hafa orðið að nokkru liði til þess að fylgjast með og ákveða útbreiðslu mæðiveikinnar og þingeysku mæðinnar, þótt jafn nær séum vér enn þá, eða því sem næst, um, hvaða sjúkdómar þetta eru í raun og veru, um uppruna þeirra, smitferil og eðli. Hinar ýmsu lækningatilraunir hafa lítinn eða engan árangur borið.

Um garnaveikina má segja, að rannsóknirnar hafi leitt í ljós, um hvaða veiki er að ræða, og að þær hafi gert kleift að fylgjast allvel með útbreiðslu sýkinnar, svo að auðið sé að grípa til varnarráða. Um lækningu hefur ekki verið að ræða, það sem af er, og það, sem rannsóknir hafa leitt í ljós um smitferil og eðli sýkinnar, er mjög takmarkað hér sem annars staðar, enda virðist hún hegða sér allólíkt hér á landi, því sem til þekkist í öðrum löndum.

Við árslok 1945 hafði sauðfjársjúkdómanefnd varið til rannsókna og tilrauna og fjárbóta vegna rannsókna, kr. 838347.69, en Rannsóknarstofa háskólans kr. 216477.69 á árunum 1936—1941. Þar við bætist margvíslegur kostnaður, er eigi verður skil-

greindur í tölum. Má þar til nefna, að Rannsóknarstofa háskólans er að mjög verulegu leyti rekin vegna þessara rannsókna. Stofnun sauðfjárræktarbúsins á Hesti er einnig tilkomin að nokkru leyti vegna karakúlsjúkdómanna, og rekstur þess miðaður við, að afla vitneskju um þá. Loks er hin nýja rannsóknarstofnun að Keldum, sem nú er verið að reisa, stofnuð fyrst og fremst vegna þessara fjárpesta, þótt margt annað komi til.

Rannsóknum og lækningatilraunum verður haldið uppi framvegis, enda er verið með rannsóknastofnuninni á Keldum að efna til stórra átaka á því sviði. Fyrirgreiðslu og hjálpar má vænta frá þessari starfsemi, en hitt væri of mikil bjartsýni að miða aðgerðir næstu ára mest við það, að áframhaldandi rannsóknir og lækningatilraunir leiði til svo mikilla og góðra úrræða, að þau verði mjög verulega lausn núverandi vandræða, hvað þá aðallausn.

3. Úrval fjárstofna.

Töluvert hefur verið að því gert, bæði á vegum Búnaðarfélags Íslands, búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans og sauðfjársjúkdómanefndar, að safna skýrslum og rannsaka heilbrigði sauðfjár þar, sem mæðiveikin hefur herjað, með það fyrir augum að komast að raun um, hvort finnast kunni stofnar meðal fjárins, er hafi meiri viðnámsþrótt gegn sýkinni heldur en fé hefur almennt. Halldór Pálsson, sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands, sem jafnframt er forstöðumaður Búnaðardeildarinnar, hefur mest sinnt þessum athugunum og ritað um þær allmikið árlega hin síðari ár. Samkvæmt því og áliti ýmissa manna er talið, að allmiklu muni, hve vissir fjárstofnar sýkist síður en aðrir, og vanhöld verði því minni hjá þeim bændum, er ala fé af slíkum stofnum. Aðrir vefengja, að um svo greinilega reynslu sé að ræða, og svo glöggar heimildir, að verulega megi á því byggja. En hvað sem um það er, hafa þessar tilraunir enn eigi orðið að því gagni, og þótt nokkuð hafi verið að því gert að útbreiða þá fjárstofna, sem álitlegastir hafa talizt, að verulegt lið sé að. Og þótt áfram verði haldið að rannsaka þetta, meðal annars á sauðfjárræktarbúi búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans á Hesti, er þegar fullljóst, að svo skjóts eða mikils árangurs er ekki að vænta, að til mikils dragi í baráttunni gegn karakúlsjúkdómunum.

4. Kynbætur með erlendu sauðfé.

Árið 1932 var, eins og kunnugt er, fluttur inn stofn af border-leicester fé til sláturfjárbóta, en með lögum frá 25. jan. 1934 var leyft að láta einblendingana lifa og nota þá til frekari blendingsræktunar.

Þetta varð til þess, að töluvert er til af sliku blendingsfé. Var allmargt af því í Suður-Þingeyjarsýslu og Eyjafirði áður en gripið var til fjárskipta þar um slóðir. Nokkur stofn er í Borgarfirði og lítið eitt víðar. Sérstaklega í Borgarfirði hefur fengizt nokkur reynsla, er bendir ákveðið til þess, að blendingsfé, að minnsta kosti einblendingar, verði mæðiveikinni síður að bráð en íslenzkt fé. Þá er vitað, samkvæmt erlendri reynslu, að garnaveikin gerir ekki þann usla í sauðfé, t. d. í Bretlandi og Noregi, sem hér á landi. Bendir það til þess, að sauðfjárkyn þau, sem þar eru ræktuð, hafi langtum meira mótstöðuafl gegn þessum sjúkdómi heldur en íslenzkt sauðfé.

Sú reynsla, er hér um ræðir, hefur orðið til þess, að áhugi bænda að reyna kynblöndun með erlendu fé og blendingsrækt, hefur aukizt stórum. Binda þeir miklar vonir við slíkar aðgerðir. Af framkvæmdum hefur þó eigi orðið umfram það, að síðastliðinn vetur var flutt sæði loftleiðis frá Skotlandi og tæknifrjófgaðar um 604 ær á Suðurlandi og í Borgarfirði. Árangur þeirrar tilraunar eru um 85 einblendingar, er settir verða á vetur í haust.

Mörg rök liggja að því, að kynblöndun með erlendu fé verði reynd frekar en

orðið er. Hið fyrsta spor í áttina er að afla reynslu um, hvort blendingsfé, t. d. af cheviot- og svarthöfðafé og íslenzku fé, standist mæðiveikina betur en íslenzkt fé. Verði slík reynsla í samræmi við þá reynslu, er eldi Border-Leicester blendinganna hefur leitt í ljós, má telja, að um veruleg úrræði sé að ræða, því að þess er einnig að minnast, að þótt unninn verði bugur á mæðiveikissjúkdómunum með niðurskurði, benda litlar skynsamlegar líkur til þess, að garnaveikinni verði útrýmt á þann hátt. Hitt er líklegra, að henni yrði útrýmt að mestu með allsherjar fjárskiptum, en á eftir mundi hún koma upp aftur hér og þar, og þá yrði margsinnis að grípa til fjárskipta á ný, á einstökum bæjum og takmörkuðum svæðum. Má segja, að dýr mundi Hafliði allur, ef við slíkt skyldi búa og ekki komi önnur úrræði til.

Sauðfjárrækt landsmanna er nú svo komið, að í heilum landshlutum er ekki úr háum söðli að detta. Þurfa því hvorki bændur né aðrir búnaðarfrömuðir að brjóta odd af oflæti sínu, þótt gripið sé til annarra og fleiri úrræða en gott hefði þótt, er allt var með blóma.

Búnaðarhættir hafa breytzt svo á síðari árum og færzt í aðra farvegi, t. d. þar sem mjólkurframleiðsla er stunduð sem aðaltekjugrein, að margt bendir til þess, að bændum henti nú að rækta fleira en eitt sauðfjárkyn eftir aðstæðum, þótt áður mætti segja, að líkt hentaði alls staðar. Þeir, sem lengst vilja ganga í skipulagsáttina, segja raunar sem svo, að það eigi að hætta með öllu að rækta sauðfé í mjólkurframleiðslusveitunum. En ekki er hægt að viðurkenna þá stefnu sem rökrétta. Eitt af meinum íslenzks búskapar, borið saman við búskap nágrannaþjóðanna, er, hve venjulegur bóndi hefur fátt til heimilis að leggja af framleiðslu eigin bús, það er fáskrúðugra heldur en hjá sambærilegum bónda á Norðurlöndum. Það er hollur heimafenginn baggi. Mikill og einhliða verzlunarbúskapur er góður, þegar vel árar og tekjur eru ríflegar, en veilurnar koma í ljós með auknum þunga, þegar harðnar í ári og kreppir að. Ætti sízt að örfa til meiri einhæfni í búskapnum en staðhættir krefjast. Bónda, sem hefur t. d. um 20 kúa bú og allar sínar peningatekjur af mjólkursölu, munar lítið um það í heyjum, þótt hann eigi 10—20 ær og hafi þannig kjöt og ull til heimilisþarfa. En slíkum bónda hentar eigi að þurfa að reka fé á fjall og allt það umstang, sem er samfara venjulegri sauðfjárrækt, eins og hún hefur verið rekin til þessa. Honum hentar betur að rækta rólynt sauðfé, er hafa má í heimahögum sumarlangt, jafnvel þótt þröngir séu. Má vel fara saman, að slíkt fé sé þurftarfrekt og afurðamikið.

Enn ber það að sama brunni, að landkostir, í fyllstu merkingu þess orðs, breytast svo við aukinn ræktunarbúskap, að aðstaða til sauðfjárræktar þokast mjög í þá átt, að saman fari meiri og betri ræktun jarðar og búpenings. Loks er það svo, og hefur raunar lengi verið, að bændur eru svo mishæfir til þess að stunda fullkomna búfjárrækt, að allt mælir með því, að þeir eigi þess kost að rækta fleiri búfjárkyn en eitt, að minnsta kosti að því er nær til sauðfjár og nautpenings. Eru engin frambærileg rök fyrir því, að íslenzkir bændur eigi enga samleið með bændum annarra norðlægra menningarþjóða um þessa hluti.

Sökum þess hve kreppt er orðið að sauðfjárræktinni af völdum karakúlsjúkdóma, tjáir eigi við tilraunir með innflutning á erlendu sauðfé og kynblöndun, að fara mjög hægt í sakirnar og miða aðgerðir eingöngu við langa framtíð. Hér þarf að vinna skjótt að og örugglega, svo að verulegum árangri verði náð á sem skemmstum tíma. Allt þó með fullu tilliti til þess, að mikillar varúðar þarf ávallt að gæta við slíkan innflutning. Því er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir þrenns konar innflutningi og tilraunum í sambandi við hann. Er nánar um það rætt í skýringum við VII. og VIII. kafla frumvarpsins hér á eftir.

Í umræðum um innflutning sauðfjár, hefur alla jafna verið rætt um, og gert ráð fyrir, að flytja inn fé frá Englandi eða Skotlandi. Í frumvarpi þessu er Noregur einnig tilnefndur. Er það með ráði gert.

Eðilegt er, að hafa hin ensku og skozku fjárkyn fyrst og fremst í huga, er rætt er um innflutning kynbótafjár og kynblöndun sauðfjár. En nú vill svo til, að í Noregi

er að finna eitt hið gleggsta dæmi um þessa hluti. Allt fram yfir miðja síðustu öld ræktuðu Norðmenn nær eingöngu hið gamla norska stuttrófu fjárkyn, sem var mjög líkt íslenzku fé, nema hvað það var rýrara og lítilfjörlegra. Margar tilraunir höfðu þó verið gerðar með innflutning sauðfjár. En þegar líður á öldina fara Norðmenn að flytja inn enskt fé, bæði til kynblöndunar og hreinræktunar, og sækja þann innflutning og eldi svo fast, að nú er fyrir löngu svo komið, að sauðfé í Noregi er mestmegnis hreinræktað cheviotfé. Norska féð er svo að segja úr sögunni, þótt enn sé það til og ræktað á nokkrum stöðum og hafi verið bætt til mikilla muna meðal annars með því að nota íslenzka hrúta. Auk þess er að sjálfsögðu allmikið af blönduðu fé í Noregi, og það, sem sérstaklega er vert að veita athygli, er, að tvö fjárkyn, sem eru bersýnilega til orðin við kynblöndun, eru nú viðurkennd sem sjálfstæð ræktuð kyn bæði á sýningum og á annan hátt.

Í Noregi hafa þannig farið fram ein hin mestu fjárskipti, sem kunnugt er um, við skilyrði, sem eru það lík skilyrðum hér á landi, að óefað má margt af þeim læra. Hefur því máli sennilega verið minni gaumur gefinn af íslenzkum sauðfjárræktarmönnum en efni standa til. Þótt Skotland komi fyrst til greina í huga manna, er sækja skal fé til kynbóta, getur vel verið að líka sé athugunarvert að fá fé frá Noregi. Ber það til, að þar er bæði cheviotfé og svarthöfðafé sums staðar alið við það staðbundin skilyrði og aðstæður, að vart er hugsanlegt, að annars staðar sé jafn auðvelt að vita full skil á heilbrigði fjárins, bæði fyrr og nú. Einnig getur komið til greina að reyna annað norska sauðfjárkynið, sem er til orðið við kynblöndun, eins og áður er getið, en það er hið svo nefnda „ryggjafé". Að þessu athuguðu er ekki vert að binda heimildina, til þess að flytja inn sauðfé til kynblöndunar og eldis, eingöngu við Skotland, Noregur kemur einnig til greina.

5. Fjárskipti.

Framan af var lítið um það rætt, að grípa til niðurskurðar og fjárskipta til þess að vinna bug á karakúlsjúkdómunum. Bændur gerðu sér vonir um, að önnur úrræði kæmu að því haldi, að til slíks þyrfti ekki að grípa. Þó er hin fyrsta tilraun til fjárskipta gerð tiltölulega fljótt, eða haustið 1937, er Heggstaðanesið í Húnavatnssýslu var afgirt og öllu fé lógað á 5 bæjum á nesinu. Í 5—6 ár varð karakúlsjúkdóma ekki vart á þessu svæði, en 1943 verður aftur að slátra öllu fé á Söndum og hafði sú jörð verið afgirt þá um vorið. Síðan hefur þessara sauðfjársjúkdóma ekki orðið vart í Heggstaðanesinu, og má því segja, að tilraunin hefi heppnazt og náð tilgangi sínum og fjárstofninn í nesinu sé heilbrigður, en hann er kominn út af lömbum úr Norður-Þingeyjarsýslu, er þangað voru flutt sjóleiðis haustið 1937.

Eftir því sem lengur hefur liðið og ástæður versnað, án þess að bót yrði á ráðin, hefur áhugi á fjárskiptum farið vaxandi. Er nú svo komið, að fjöldi bænda eygir ekki önnur úrræði en fjárskipti, annað tveggja eða hvort tveggja með niðurskurði og flutningi lamba úr sveitum þar, sem karakúlsjúkdómanna hefur ekki orðið vart, eða með innflutningi og kynblöndun, eins og áður hefur verið um rætt, og telja má til fjárskipta, þótt venjulega sé átt við hið fyrr talda, þegar rætt er um fjárskipti.

Í Skagafirði, austan Vatna, átti sér stað nokkur niðurskurður og fjárskipti 1940—43 vegna garnaveiki. Þau fjárskipti misheppnuðust, enda var svæðið ekki afgirt né einangrað.

Árið 1941 voru sett lög um fjárskipti (lög nr. 88 frá 9. júlí 1941), og samkvæmt þeim hefjast fjárskipti í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu haustið 1941. Fjárskiptum er haldið áfram í sýslunni 1944 og 1945, og var þá lokið fjárskiptum á öllu svæðinu milli Jökulsár á Fjöllum og Skjálfandafljóts. Lömb voru flutt inn á svæðið úr Norður-Þingeyjarsýslu, nema í Reykjadalinn, þangað voru flutt lömb úr Eyjafirði og Fnjóskadal.

Á Siglufirði og í nágrenni var öllu fé slátrað vegna garnaveiki haustið 1943.

Svæðið var haft sauðlaust 1 ár og svo flutt þangað lömb frá Vestfjörðum. Sýkinnar hefur ekki orðið vart þar síðan.

Í haust fara svo loks fram mikil fjárskipti í 6 hreppum í vesturhluta Suður-Þingeyjarsýslu og 3 hreppum í Eyjafirði. Hefur verið slátrað þar um 18 þúsund fjár auk lamba, og flutt þangað um 8000 lömb frá Vestfjörðum. — Frá þessu öllu er nánar sagt í skýrslu sauðfjársjúkdómanefndar, er birt verður síðar í sambandi við greinargerð þessa.

Síðastliðið sumar fór fram skoðanakönnun að tilhlutun sauðfjársjúkdómanefndar um fjárskipti á mæðiveikisvæðinu. Undirtektir voru mjög misjafnar. Þeir, sem greiddu atkvæði með fjárskiptum, voru fjölmennastir í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Á svæði því, er atkvæðagreiðslan fór fram á, frá Héraðsvötnum að Ytri-Rangá, eru 2791 atkvæðisbær fjáreigandi, 2324 greiddu atkvæði, 1509 voru fylgjandi fjárskiptum, en 691 á móti, ógildir seðlar og auðir 124.

Af öllu þessu og mörgu öðru, er fram hefur komið, er augljóst, að fjárskiptastefnunni er óðum að aukast fylgi. Sannar það bezt, hve vonlitlir bændur eru orðnir um aðrar lausnir karakúlsjúkdómamálsins, því að fjárskipti þau, sem framkvæmd hafa verið, hafa þó ekki gengið að öllu leyti að óskum, og enn er teflt á tæpasta vaðið með fjárskiptin í Eyjafirði, þar sem varnarlínur eru óhentugar og ófullkomnar.

Eigi fjárskipti fram að fara, verður að vinna öðruvísi að þessum málum en gert hefur verið. Þótt fullt öryggi sé hvergi fyrir hendi um, að mæðiveikisjúkdómunum verði útrýmt með öllu með niðurskurði og fjárskiptum, eru svo miklar vonir við þessa framkvæmd tengdar, að eigi má annað viðgangast en að alls sé gætt, er þekking og möguleikar leyfa, til þess að tryggja sem beztan árangur. Það verður aldrei gert, ef fjárskiptin eiga að framkvæmast svo að segja eftir því, hvernig vindurinn blæs í þessu eða hinu héraði án heildaráætlunar og forsjár. Annað tveggja verður að líta á fjárskipti sem vafasama aðgerð, sem eigi ber að efla bændur til að framkvæma, eða það verður að taka þau upp sem meginstefnu í karakúlsjúkdómamálinu og haga framkvæmdum eftir því. Í frumvarpi því, sem hér er fram borið, er miðað við það jöfnum höndum að vinna bug á karakúlsjúkdómunum, með skipulögðum fjárskiptum, og með innflutningi erlendra fjárkynja og kynblöndun. Sumum kann að virðast, að nokkur mótsögn sé í þessu, en því fer fjarri, að svo sé. Með hinu síðarnefnda er unnið að því, að tryggja árangur og öryggi fjárskiptanna og sauðfjárræktarinnar til frambúðar.

Þegar til fjárskipta kemur, er æskilegt, að þau geti orðið framkvæmd nokkuð ört og á stóru svæði í einu. En þegar athugað er, hversu útbreiðsla karakúlsjúkdómanna er orðin geigvænlega mikil, kemur meðal annars í ljós, að í raun og veru er ekki viðunanlega öruggt um heilbrigði sauðfjár nema á Vestfjörðum vestan og norðan hinnar tvöföldu varnarlínu frá Berufirði í Barðastrandarsýslu til Steingrímsfjarðar í Strandasýslu, að frátöldum Árneshreppi milli Ófeigsfjarðar og Reykjafjarðar.

Talið er, að á Vestfjörðum sé hægt að fá árlega um 12 þúsund líflömb, en það er tala þessara líflamba, sem í raun og veru setur því skorður, hve ört er hægt að vinna að fjárskiptum.

6. Bætur og styrkir.

Tæplega er hægt að telja bætur og styrki atriði í baráttunni gegn karakúlsjúkdómum. Þeim verður ekki útrýmt og það verður ekki dregið úr útbreiðslu sjúkdómanna með þeim ráðum að öðru leyti en því, að bætur vegna fjárskipta eru framlag, sem miðar að útrýmingu.

En hins vegar hefur verið dregið úr afleiðingum pestanna með bótum og styrkjum, og svo miklu fé hefur verið varið til þessara hluta, að ekki verður fram hjá því gengið.

Samkvæmt yfirliti sauðfjársjúkdómanefndar hafa bætur og styrkir numið til ársloka 1945 sem hér segir:

Kostnaður vegna fjárskipta, auk girðinga		kr. 228538.46
Beinar greiðslur til fjáreigenda:		
a. Uppeldisstyrkur	kr. 4350202.00	
b. Afurðatjónsbætur, afurðarýrnun á fé og aðrar fjárbætur	— 2283275.97	
c. Styrkur á girðingar	— 145554.76	
d. Vaxta- og jarðarafgjaldsstyrkur	— 771460.66	
e. Aukajarðræktarstyrkur	— 51174.16	
		— 7601667.55
Vegafé		— 310286.60
		Kr. 8140492.61

Styrkirnar hafa verið býsna margvíslegir og úthlutun þeirra jafnvel allflókin. Síðari árin hefur um ⅓ og þar yfir af fé því, sem sauðfjársjúkdómanefnd hefur ráðstafað, verið greitt sem uppeldisstyrkur, eða frá 900—1200 þús. kr. árlega.

Þá er nú svo komið, að menn, sem ræða um íslenzkan landbúnað af takmarkaðri vinsemd og lítilli þekkingu, segja bæði í gamni og alvöru, að fyrst sé bændum veittur styrkur til að rækta jörðina, svo að heyfengur verði tekinn á ræktuðu landi, þar næst sé þeim veittur styrkur til að ala upp sauðfé, síðan styrkur til að slátra því og útrýma, og loks sé neytendum veittur styrkur til þess að kaupa og borða kjötið af fénu. Þótt þetta séu öfgar, er ljóst, að í slíka átt verður ekki áfram haldið. Um leið og horfið er að fjárskiptum og kynblöndun, sem stefnu og aðalaðgerðum, er eðlilegt, að uppeldisstyrkur falli niður og allir hinir margvíslegu smástyrkir. Getu og fjármagni verður að beina að því, sem eru aðalatriði. Við það er frumvarp þetta miðað og tillögur þær, sem þar eru fram bornar. Eigi að síður ber nauðsyn til, að þing og stjórn hagi opinberum framkvæmdum þannig, ef þörf krefur, að skynsamlegt tillit sé tekið til þarfa bænda og afkomumöguleika í þeim sveitum, þar sem fjárskipti fara fram og búskapur dregst saman í bili vegna fjárskiptanna. Til þess ætlast nefndin, að svo sé að unnið, og telur miklu meira um vert og heppilegra en margháttaða smástyrki.

Ef líðandi ár er meðtalið, nema beinar greiðslur úr ríkissjóði vegna karakúlsjúkdómanna alls rúmlega 20 millj. kr. Það er mikið fé, sérstaklega þegar þess er gætt, að fram að þessu hefur verið um vörn en ekki sókn að ræða, og að sauðfjárrækt landsmanna hefur hopað á hæli fyrir pestunum. Um sókn eða sigra er ekki hægt að tala, nema ef fjárskipti þau, sem hafin eru í Þingeyjarsýslu, mega teljast til sóknar.

Með lagasetningu þeirri, er frumvarpið stefnir að, er leitazt við að sameina í eina heild öll meginákvæðin varðandi varnir gegn karakúlsjúkdómunum, ákvæðum um bætur og stuðning til bænda svo og ákvæðum um útrýmingu sjúkdómanna.

Um leið er reynt að marka ákveðnari stefnu um meðferð þessara mála og framkvæmd en verið hefur, og eru í því sambandi borin fram nokkur nýmæli, er þykja vænleg til þess að greiða leið út úr þeim ógöngum, er segja má, að íslenzk sauðfjárrækt sé nú stödd í, og eru þess eðlis, að hvort tveggja er, að bændur fá eigi sæmilega við búið og þjóðarbúinu og ríkissjóði eru mikil þyngsli að.

Hér er til mikils að vinna, og er því ekki annars að vænta en að stórra átaka þurfi við. Er ekki annað sýnna en að fyllilega sé tími til kominn fyrir bændur að ganga heldur hart að með ýtrustu tilraunum að vinna bug á erfiðleikunum en að láta þá beygja sig framvegis um ófyrirsjáanlegan tíma.

Því er í nýmælum frumvarpsins gengið það langt, og svo beint að verki, að ýmsum mun þykja eigi smátt í böggum, en sé nú eigi þroski fyrir hendi til að nýta stór úrræði með fullu víðsýni, er vart mikils að vænta af vægari aðgerðum, þótt vinsælli kunni að verða í bili, af því að þær raska minna við þeim vana og þeirri trú, er þroskazt hefur við skakkaföll, mistök og minni úrræði á undanförnum árum.

Hér fara á eftir skýringar við frumvarpið, hina einstöku kafla þess og greinar.

Um I. kafla.

Sjúkdómar, er lög þessi ná til, og markmið framkvæmda.

Nýmæli í þessum kafla 2. gr., þar sem sagt er frá markmiði framkvæmda, eru fyrst og fremst þau, að þótt vörnum verði haldið uppi svipað og verið hefur, fellur niður allur stuðningur til bænda, er bíða tjón af sjúkdómum, nema um fjárskipti sé að ræða.

Markmið framkvæmda, sem til er efnt með lögunum, greinist í tvennt: Varnir gegn frekari útbreiðslu sjúkdómanna og endursýkingu þar, sem um fjárskipti er að ræða, og í öðru lagi útrýmingu þeirra, fyrst og fremst með fjárskiptum, og svo með innflutningi erlendra fjárkynja til kynbóta, með það fyrir augum að koma upp fjárstofni, er hafi meira mótstöðuafl gegn karakúlsjúkdómunum heldur en íslenzkt fé hefur reynzt að hafa.

Um II. kafla.

Um framkvæmdastjórn.

Gert er ráð fyrir, að sauðfjársjúkdómanefnd starfi eins og verið hefur, en verkefni þau, sem henni er ætlað að vinna að, eru tilgreind í 5. gr. í samræmi við þær breytingar, sem gert er ráð fyrir, að verði í framkvæmdum meginstefna, fjárskipti og kynbætur, en ýmis fyrri verkefni falla niður.

Um III. kafla.

Um varnarlínur og varnir.

Í lögum nr. 88 frá 9. júlí 1941 er landinu öllu skipt í sóttvarnarsvæði og varnarlínur ákveðnar. Eigi verður séð, að þetta fyrirkomulag hafi komið að tilætluðum notum, enda vart við því að búast, þar sem margt óvænt hefur komið fyrir varðandi útbreiðslu karakúlsjúkdómanna. Enn fremur er þess að geta, að varnarlínukerfi það, sem lögin gera ráð fyrir, er að mjög verulegu leyti aðeins til á pappírnum. Er eigi gert ráð fyrir að viðhalda þessu fyrirkomulagi. Hins vegar að nauðsynlegum varnarlínum, sem til eru, verði haldið við eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar og nýjum línum komið upp jafnóðum og þörf krefur vegna fjárskipta eða breyttra aðstæðna. Varnarkerfið verði sniðið eftir þeim þörfum, sem fram koma og í samræmi við þær aðgerðir, sem gripið er til, en ekki fastbundið með lagaákvæðum. Ríkið leggi fram stofnkostnað girðinga, en viðhald og eftirlit skal vera í höndum viðkomandi héraðsbúa eða sýslufélaga.

Stefnt er að því, að allar varnir verði í sem fyllstu samræmi við það, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur heppilegast á hverjum tíma, og jafnframt er henni einnig selt í hendur vald til allvíðtækra ráðstafana varðandi flutninga fjár, upprekstur, fjallskil o. fl. Verður ekki hjá slíku komizt, enda mega fornar venjur og réttindi á þessu sviði ekki torvelda skynsamlegar og skipulegar aðgerðir.

Um IV. og V. kafla.

Um fjárskiptafélög og um fjárskipti.

Í kafla þessum er mörkuð sú stefna, að til fjárskipta sé yfirleitt ekki efnt, nema að þeim standi ábyrg félagsleg samtök, og er leitazt við að tryggja, að allur

undirbúningur að stofnun slíkra samtaka sé sem öruggastur. Jafnframt er eigi talið annað kleift en að gefa ríflegum meiri hluta hlutaðeigandi bænda tækifæri til þess að koma fram málinu, þótt eigi fáist einróma samkomulag um fjárskipti og allt, er að þeim lýtur. Eru næg fordæmi um slíkt í félagsmálum bænda.

Til þessa hafa fjárskipti í raun og veru verið opinber framkvæmd, sem ráðizt hefur verið í samkvæmt vilja bænda. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að fjárskiptin verði framkvæmd algerlega félagslega, en með aðstoð sauðfjársjúkdómanefndar og með stuðningi ríkisins.

Þátttaka í stofnun fjárskiptafélaga er gerð mjög almenn, miðuð við 18 ára aldur og 10 kinda eign. Kemur því margt búlausra manna, karla og kvenna, til greina, en það þykir réttmætt, því að í hópi slíkra fjáreigenda eru bændaefni og væntanlegar húsfreyjur, er við búum eiga að taka, og framkvæmdir þær, sem að er stefnt, miðast miklu fremur við ókomin ár en líðandi stund.

Í 35. gr. er ákvæði, sem vert er að minnast á sérstaklega.

Nokkur hætta er talin vera á því, að fjárkláði geti borizt með líflömbum, sem keypt eru vegna fjárskipta. Nú er auðsætt, að aldrei liggur betur við né er auðveldara að vega svo að kláðanum, að von sé um útrýmingu, heldur en á fyrsta vetri eftir fjárskipti. Fé er þá fátt og aðeins lömb, sem höfð eru meira í húsi en gengur og gerist. Hér er því hægt um vik og sjálfsagt að nota sér það. Er því í greininni gert ráð fyrir, að sauðfjársjúkdómanefnd geti fyrirskipað almenna fjárböðun með tryggilegum hætti, þar sem þannig standa sakir, á fyrsta missiri eftir fjárskipti, og skal hún hafa eftirlit með þeirri framkvæmd.

Um VI. kafla.

Um fjárframlög ríkisins til fjárskipta.

Svo víðtæk ráðstöfun sem fjárskipti verður aldrei framkvæmd nema með miklu fjárhagslegu átaki. Tveir aðilar koma til greina, fjáreigendur og ríkið. Báðir aðilar verða að leggja fram sinn skerf, en hvorugur allt. Bændur verða að fórna allmiklu og eru fúsir til að gera það, ríkissjóður leggur á móti. Með slíku móti er hægt að halda svo á málum, að viðráðanlegt sé.

Í frumvarpinu er stefnt að því að gera allt sem einfaldast viðvíkjandi framlagi ríkissjóðs, þótt það kunni að einhverju leyti að verða til þess, að ekki verði alls staðar mældur og veginn nákvæmlega hlutur hvers einstaklings, en það kemur síður að sök, þegar málið er leyst á félagslegum grundvelli, heldur en ef um ríkisframkvæmd eina væri að ræða.

Hin margþættu og flóknu ákvæði, er nú gilda um stuðning og fjárframlög til bænda, er bíða tjón af karakúlsjúkdómum, hafa að mörgu leyti reynzt miður vel. Er jafnvel svo komið, að sum þeirra eru sjálfdauð orðin og ekki framkvæmd, þótt í lögum standi. Ætti því að vera lítil eftirsjón að því, þótt í stað margháttaðra bóta, sem sumar hverjar eru aðeins á pappírnum, komi ákveðið framlag, sem öllum er ljóst, hvað er, og auðvelt er að meta.

Í 40. gr. er gert ráð fyrir róttækari aðgerðum heldur en fjárskiptum, er félagsleg samtök standa að, þ. e. fjárskiptum á svæðum þar, sem ekki hefur náðst samkomulag hlutaðeigandi aðila um þau. Skal þá sauðfjársjúkdómanefnd framkvæma fjárskiptin með samþykki landbúnaðarráðherra.

Eigi verður komizt hjá því að heimila, að gripið sé til slíkra aðgerða, er önnur úrræði þrýtur. Má sérstaklega til þess benda, hversu augljós og mikil mistök það eru, að ekki skuli til þessa hafa verið hreinsað til á Vestfjörðum og karakúlsjúkdómunum útrýmt þaðan, að öruggri stuttri varnarlínu við Gilsfjörð. Vestfirðir eru eini landshlutinn, sem enn er svo ósýktur, að þaðan er hægt að flytja lömb til fjárskipta svo um munar. En mjög rýrir það gildi Vestfjarða sem uppeldisstöðvar og gerir allt viðhorf ótryggara, að þar skuli vera tvö sýkt svæði, þótt afgirt séu. Vonandi er, að þetta mál réttist svo, að vestfirzkir bændur á hinum sýktu svæðum ríði

án tafar á vaðið, stofni fjárskiptafélög og efni til fjárskipta að eigin frumkvæði. Verði það eigi, ber að skoða það sem eina hina fyrstu skyldu sauðfjársjúkdómanefndar að efna til fjárskipta á þessum svæðum með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í greininni, svo að öruggt verði um heilbrigði fjár á Vestfjörðum öllum og uppeldi fjár þar til fjárskipta.

Um VII. kafla.

Um innflutning kynbótahrúta og tæknifrjóvgun.

Síðast liðinn vetur keypti landbúnaðarráðuneytið 5 cheviothrúta í Skotlandi. Sæði úr þeim, og fleiri hrútum, var flutt loftleiðis til Íslands og notað til tæknifrjóvgunar áa í Borgarfirði og á Suðurlandsundirlendinu. Framkvæmt þessi reyndist erfið og dýr og árangur mjög takmarkaður, sem sjá má af því, að tæknifrjóvgaðar voru 604 ær, en kynblendingar, sem út af þeim komu, eru um 85.

Einsætt þykir að halda áfram þessum tilraunum, og er þá áríðandi, að það sé gert á hagkvæman og um leið öruggan hátt. Með ákvæðum þeim, sem hér eru sett, á að vera tryggilega frá gengið. En þess ber um leið að minnast, er síðast varð, er karakúlfé var flutt inn 1933. Í frumvarpi til laga um þann innflutning var upphaflega gert ráð fyrir tveggja ára einangrun, en svo fór í höndum löggjafa, búnaðaryfirvalda og annarra aðila, er um þetta fjölluðu, að einangrunin varð aðeins 2 mánuðir. Vonandi er nú sá þroski, sprottinn af raunum og reynslu, að eigi verði hvikað frá tryggilegum öryggisaðgerðum. Að því miða ákvæðin í VII. kafla, og má þau í engu skerða svo skynsamlegt sé. Að öðru leyti vísast til greinargerðar hér að framan og skýringa við VIII. kafla.

Um VIII. kafla.

Um innflutning sauðfjár og eldi.

Í þessum kafla er gert ráð fyrir tvenns konar innflutningi erlendra sauðfjárkynja, auk þess sem VII. kafli fjallar um.

1. Innflutningi fjár til hreinræktunar og kynblöndunar við ósýkt íslenzkt fé. Fé þetta þarf að flytja til stöðva, þar sem öruggt er, að karakúlsjúkdómarnir séu ekki til staðar og hafi aldrei fest rætur. Landrými þarf að vera töluvert, svo að hægt sé að fjölga hinu innflutta fé nokkuð og ala kynblendinga á þeim tveimur árum, er telja má hæfilegan einangrunartíma, til þess að fyllsta öryggis sé gætt. Hrísey á Eyjafirði virðist vera hinn ákjósanlegasti staður. Sauðfé er þar um 200. Fjárskipti hafa verið framkvæmd í Eyjafirði og nærliggjandi sveitum í Þingeyjarsýslu. Forráðamenn bænda á þessu fjárskiptasvæði sækja mjög á að fá erlent fé til kynblöndunar. Með því að flytja það til Hríseyjar og ala það þar í einangrun með íslenzku fé eins og ráð er fyrir gert í 47.—48. gr., fæst góð lausn þessa máls og það í svo stórum stíl, að mikið og tiltölulega fljóttekið gagn megi að verða.

Kröfur um varfærni og öryggi eru settar hátt, en engin nauðsyn og því síður bráðlæti réttlætir, að þær séu gerðar minni.

Gert er ráð fyrir, að þessari miklu tilraun verði komið á með félagslegum samtökum og fyrir atbeina bænda í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu, þar sem fjárskipti hafa farið fram. Um eignarnám eða leigunám er ekki að ræða til þess að tryggja framkvæmd tilraunarinnar. Má segja, að þar sé hóflega stefnt. Reynir þá á áhuga og félagsþroska hlutaðeigandi bænda. Lausn málsins er tiltölulega auðveld, þótt hún sé nokkuð umsvifamikil, ef nægur félagslegur áhugi er fyrir hendi.

2. Innflutningi fjár til hreinræktunar og kynblöndunar við íslenzkt fé, sem er meira og minna sýkt af karakúlsjúkdómum. Hið innflutta fé sé alið í einangrun með því íslenzka, í þeim landshluta þar, sem fé í öllum sveitum umhverfis er meira og minna sjúkt og karakúlsjúkdómarnir landlægir orðnir.

Eins og kunnugt er virðast kynblendingar af border-leicester fé, sem inn var flutt 1932, án óhappa, og íslenzku fé, þola karakúlsjúkdómana stórum betur heldur

en íslenzkt fé eða sýkjast síður. Væri um fullgildar sannanir að ræða, lægi beint við að nota sér þetta án tafar á mjög víðtækan hátt. Óhjákvæmileg nauðsyn er, að reyna að rannsaka fljótt og vel, hvort svo sé, að erlend fjárkyn, sem líklegust eru til ræktunar hér á landi, hafi það viðnám og þol gegn karakúlsjúkdómunum, að ræktun þeirra og kynblöndun við íslenzk fé sé vænlegt sauðfjárræktinni til viðbjargar. Verði sú reynsla jákvæð og í samræmi við reynsluna af heilbrigði border-leicester fjárins, verður að telja, að sannanir séu fengnar um það, sem miklar líkur benda nú til, og um leið eru góð úrræði fyrir hendi, er sparað geta fjárskipti með niðurskurði, og er þá mikið fengið.

Ákvæði um einangrun þess erlenda fjár, sem flutt er inn og ala skal til tilrauna á sýktu svæði, þurfa af eðlilegum ástæðum ekki að vera jafnströng eins og um innflutning til Hríseyjar og eldi þar á svæði, sem fjárskipti hafa farið fram á, en eru samt gerð sem örugglegust án þess að seinka framkvæmdum og árangri úr hófi fram.

Um allt er varðar innflutning þann, sem gert er ráð fyrir í VII. og VIII. kafla verður að setja glögg ákvæði í reglugerðum, óþarft og óeðlilegt, að lögin fjalli um það á tæmandi hátt. Er gert ráð fyrir, að nauðsynlegar reglugerðir verði settar að ráðum yfirdýralæknis og Rannsóknarstofnunar háskólans í búfjármeinafræði.

Um IX. kafla.

Um sóttvarnarstöð og einangrun.

Í kafla þessum er rætt um nýmæli, sem undur má heita, að ekki hefur komið til framkvæmda fyrir löngu síðan, þ. e. sóttvarnarstöð í nánd við aðalinnflutningshöfn landsins, Reykjavík.

Þótt í lögum nr. 11 frá 23. apríl 1928 séu ákvæði um bann gegn innflutningi lifandi spendýra og fugla, er þó gert ráð fyrir undanþágum frá þessu banni. Svo er komið um margvísleg viðskipti við aðrar þjóðir, að ekki er hægt að komast hjá því að veita slíkar undanþágur öðru hvoru, og þar við bætist innflutningur í tilraunaskyni, eins og t. d. er gert ráð fyrir í frumvarpi þessu. Um allan þennan innflutning kemur fyrst og fremst til kasta yfirdýralæknisins í Reykjavík. Undanþágueyfi eru ávallt veitt með þeim hætti, að hann skuli skoða hin innfluttu dýr, athuga heilbrigðisgögn þeirra og ákveða um sóttvörn og einangrun. En þótt yfirdýralæknir vilji vel gera, eru þetta allt hálfdauð ákvæði, því að hann hefur enga aðstöðu til að annast eða sjá um, að sjálfsögð varúð sé viðhöfð með einangrun og þess háttar. Yfirdýralækni hefur aldrei verið veitt aðstaða til þess að framkvæma þessa sjálfsögðu skyldu sína.

Þetta ástand veldur því, að þess eru árleg dæmi, að fyrirmæli yfirdýralæknis varðandi innflutt dýr, eru að litlu höfð og svo óvarlega með farið, að frekar má þakka það heppni en forsjá, að ekki hefur verr farið.

Á þessu verður að ráða bót og koma upp sóttvarnarstöð, er rekin sé í umsjá og undir stjórn yfirdýralæknis. Þetta þarf engin dýr vísindastofnun að vera. Í eyju við Reykjavík þarf að vera húsnæði og land til þess að einangra innflutt dýr og jafnvel vörur og muni á tryggilegan hátt, og trúverðugur gripahirðir til umsjónar. Þar hefur yfirdýralæknir aðstöðu til að rannsaka heilbrigði dýranna og ganga svo frá, að engu sé sleppt úr sóttkví fyrr en skynsamlegt er, og að fengnu skriflegu leyfi hans.

Þá er í kafla þessum einnig ákvæði um stað og aðstöðu til að framkvæma tilraun þá með innflutning, sem um ræðir í 50.—52. grein.

Óvarlegt er að gera ráð fyrir öðru en að til þess geti komið að grípa þurfi til eignanáms eða leigunáms til þess að fá heppilega staði fyrir hina umræddu tvíþættu starfsemi, annars vegar til varanlegrar frambúðar og hins vegar til skemmri tíma — 2—3 ára —. Er því gert ráð fyrir eignar eða leigunámi og sú heimild einskorðuð við eyjarnar Engey, Þerney og Viðey, en um það verður meðal annars að fara eftir áliti yfirdýralæknis, hvaða staður er valinn sem heppilegastur.

Um X. kafla.

Almenn ákvæði.

Ákvæði í þessum kafla þurfa eigi skýringa við. Þess er þó vert að geta varðandi niðurlag 57. greinar, að eigi hefur að svo stöddu þótt kleift að setja í frumvarp þetta ákvæði varðandi garnaveiki í nautgripum önnur en þau, sem eru almenns eðlis, og heimila landbúnaðarráðherra aðgerðir í því máli, eftir því sem rannsóknir leiða í ljós, að þörf krefur. En sennilegt er, að brátt þurfi að gefa í lagaformi nánari fyrirmæli varðandi sýki þessa, annað tveggja sem viðauka við lög þau, er í frumvarpi þessu er lagt til, að sett verði, eða sem sérstök lög.

Eins og fram var tekið í upphafi þessarar greinargerðar hefur nefndin safnað allmiklum gögnum, sem ekki hefur enn unnizt tími til að vinna svo úr, að aðgengilegt sé. Nefndin mun því halda áfram störfum og leggja fram nánari greinargerð um ýmislegt, er varðar mál þetta, eins fljótt og því verður við komið.

Nefndin er sammála um tillögur þær, er felast í frumvarpi því, sem hér er framborið, og um framanritaða greinargerð og skýringar, er því fylgir, að öðru en því, að Jón Pálmason, alþingismaður, hefur sérstöðu um nokkur atriði í VIII. kafla frumvarpsins, er varða innflutning sauðfjár, eldi og kynblöndun. Mun hann gera grein fyrir sérstöðu sinni við meðferð málsins á Alþingi.

Reykjavík, 14. okt. 1946.

Árni G. Eylands. Jónas Jónsson. Jón Pálmason.

Ed. 74. Frumvarp til laga

um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

I. KAFLI

1. gr.

Félag, er nefnist Íslenzk endurtrygging, skal hafa á hendi starfsemi þá, sem lög þessi kveða á um.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk félagsins er:

1. Að annast endurtryggingu fyrir íslenzk vátryggingarfélög, einkum á sviði sjótrygginga, en heimilt er því að taka að sér endurtryggingar á hvaða sviði vátrygginga sem er.
2. Að annast stríðsslysatryggingar íslenzkra skipshafna samkvæmt lögum, er um þær gilda á hverjum tíma, svo og stríðsslysatryggingar og aðrar skyldar slysatryggingar íslenzkra skipshafna samkvæmt samningum, að því leyti sem félagsstjórn ákveður.
3. Að taka að sér endurtryggingar fyrir erlend vátryggingarfélög, eftir því sem stjórn félagsins telur hentugt.

Skylt er að kaupa hjá félaginu stríðsslysatryggingar samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar.

Heimilt er félaginu að taka sams konar tryggingar á erlendum skipum í íslenzkri þjónustu.

3. gr.

Áhættufé félagsins er:

A. **Framlagt áhættufé.**

1. Af ríkissjóði		kr. 1850000.00	
2. Af eftirtöldum tryggingafélögum:			
Tryggingastofnun ríkisins	kr. 136000.00		
Brunabótafélagi Íslands	— 136000.00		
Sjóvátryggingarfél. Íslands h/f	— 136000.00		
		— 408000.00	
3. Af útgerðarmönnum		— 2706000.00	
			kr. 4964000.00

B. **Áhættufjárábyrgðir.**

1. Ábyrgð ríkissjóðs		kr. 856000.00	
2. Ábyrgðir tryggingafélaganna þriggja:			
Tryggingastofnunar ríkisins	kr. 60000.00		
Brunabótafélags Íslands	— 60000.00		
Sjóvátryggingarfél. Íslands h/f	— 60000.00		
		— 180000.00	
			— 1036000.00
		Samtals	kr. 6000000.00

4. gr.

Sjóðir félagsins eru:

I. Varasjóður.
II. Arðjöfnunarsjóður.
III. Almennur endurtryggingasjóður.
IV. Bónussjóður. Hann er séreignarsjóður.

5. gr.

Fé það, ábyrgðir og sjóðir, er um ræðir í 3. og 4. gr., er til tryggingar skuldbindingum félagsins, þannig að fyrst er varasjóður (4. gr. I), næst arðjöfnunarsjóður (4. gr. II), þá áhættufé (3. gr. A. og B. hlutfallslega), þá hinn almenni endurtryggingasjóður (4. gr. III) og loks bónussjóður (4. gr. IV).

6. gr.

Engir þeirra, sem taka þátt í félaginu, ábyrgjast skuldbindingar þess umfram áhættufé, sbr. 3. gr., sjóði, sbr. 4. gr., og tekjuafgang, sem er í vörzlu félagsins á hverjum tíma.

7. gr.

Sérhverjum eiganda áhættufjárins, sbr. 3. gr., ber að afhenda skírteini, er greinir:

1. Nafn eiganda og heimilisfang.
2. Upphæð eignar.
3. Númer skírteinis.

Um skírteinin gilda reglur þær, er hér greinir, og sé þeirra getið á skírteininu:

1. Eigandi er háður lögum, sem um félagið eru sett á hverjum tíma.
2. Skírteinið veitir atkvæðisrétt við kosningar í stjórn félagsins, sbr. 8. gr., samkvæmt reglum, er félagsstjórn setur um þá kosningu, en ekki annan rétt til afskipta af málum þess.
3. Féð er óuppsegjanlegt.
4. Skírteinið verður ekki framselt né veðsett eða látið af hendi á annan hátt, nema félagsstjórn samþykki, og á hún fyrir félagsins hönd innlausnarrétt á því fyrir matsverð dómkvaddra manna.

5. Skírteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, þó aldrei yfir 6%, sbr. þó 3. lið 9. gr.
6. Skírteinum fylgir skattfrelsi samkvæmt 10. gr.

8. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum. Tilnefnir ríkisstjórnin tvo þeirra, og er annar formaður stjórnarinnar. Þann þriðja tilnefna tryggingafélögin þrjú, sem þátt taka í félaginu, og ákveða þau nánar sjálf, hvernig þeirri tilnefningu er hagað. Þann fjórða og fimmta tilnefna aðrir eigendur skírteina þeirra, sem um ræðir í 7. gr.

Farist tilnefning fyrir af hálfu einhvers framangreindra aðila, á ríkisstjórnin tilnefningarréttinn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, sbr. þó 1. mgr., og ákveður starfstilhögun félagsins. Ráðherra ákveður laun stjórnarinnar.

Stjórnin er tilnefnd til þriggja ára í senn.

9. gr.

Tekjuafgangi félagsins skal ráðstafað þannig:

1. Í varasjóð skal fyrst leggja allt að 10%.
2. Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 6%.
3. Heimilt er stjórn félagsins að mynda arðjöfnunarsjóð og leggja í hann allt að 4% af innborguðu áhættufé á ári hverju. Sjóður þessi má þó aldrei nema meiru en 25% af innborguðu áhættufé.

   Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunarsjóði, getur stjórn félagsins ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að meðalársarður verði 6%.
4. Sá hluti tekjuafgangs, sem eftir er, skal lagður í hinn almenna endurtryggingasjóð, að því leyti sem stjórn félagsins telur eigi þörf á að yfirfæra hann til næsta árs.

10. gr.

Allt framlagt áhættufé félagsins, hvaðan sem það er runnið, og skírteinin, sem um það verða gefin, eru undanþegin öllum sköttum og gjöldum til ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga, öðrum en eignarskatti til ríkis, en útborgaður arður, í hverri mynd sem er, er skattskyldur samkvæmt almennum skattalögum á hverjum tíma.

Á sama hátt er fé í bónussjóði undanþegið öllum sköttum, meðan það er eigi af hendi greitt.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki skatthlunnindum, er einstakir þátttakendur í félaginu kunna að njóta að lögum.

11. gr.

Stjórn félagsins sér um ávöxtun á fé þess.

Að svo miklu leyti sem féð þarf ekki að vera handbært, skal jafnan ávaxta upphæð, er nemi jafnmiklu og innborgað áhættufé, í ríkistryggðum verðbréfum eða öðrum verðbréfum, sem skráð eru á opinberu gengi, þó ekki hlutabréfum. Einnig má ávaxta þetta fé að einum fimmta hluta í fasteignum félagsins sjálfs.

Að öðru leyti er félagsstjórn heimilt að ávaxta féð á þann hátt, er hún telur öruggt, svo sem með því að veita lán gegn veði í fasteignum og lán gegn ábyrgð ríkisins eða bæjar- og sýslufélaga.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, öðrum tilnefndum af aðalendurskoðanda ríkisins, hinum af skírteiniseigendum þeim, er kosningarrétt hafa á tveim mönnum í félagsstjórn samkv. 7. gr.

13. gr.

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða bæjarfélaga.

Skírteini þess og önnur skjöl, er það gefur út, eru ekki stimpilskyld.

II. KAFLI

Um stríðstryggingar.

14. gr.

Til ársloka 1947 er skylt að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenzkum skipum og bátum. Tryggingarskyldan hvílir á útgerðarmanni skipsins, og má ekki færa iðgjöldin þeim, sem tryggðir eru, til útgjalda. Gildir það jafnt, þótt skipverji taki aflahlut í stað kaups.

15. gr.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess til þess spyrjist, hversu týnzt hefur.

16. gr.

Lögboðin trygging skipshafna samkvæmt lögum þessum fær gildi, þótt farizt hafi fyrir að tryggja.

Nú eru samningar gerðir milli stéttarfélaga útgerðarmanna og stéttarfélaga sjómanna um víðtækari tryggingar í sambandi við stríðsslysaáhættu en ákveðið er í lögum þessum, og skulu aðilar þá tilkynna það félaginu í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti. Gengur tryggingin þá þegar í gildi, sbr. 22. gr. Séu slíkir samningar gerðir milli annarra en fyrrgreindra stéttarfélaga, fær hin víðtækari trygging ekki gildi fyrr en félagið gefur út iðgjaldakvittun eða tryggingarskírteini.

17. gr.

Ákveða skal með reglugerð hámark þeirra dánartrygginga, sem félagið má taka að sér í eigin áhættu á hverju skipi í einni og sömu ferð.

Ef sú upphæð nægir ekki til lögboðinnar eða umsaminnar tryggingar á skipshöfninni, skal félagið þó taka það, sem á vantar, enda sé endurtrygging fáanleg hjá öruggu vátryggingafélagi, að dómi félagsstjórnar.

Sé slík endurtrygging ekki fáanleg, eða ef hún ferst fyrir vegna vanrækslu þess, sem tryggingarskyldan hvílir á samkv. 14. gr., ábyrgist ríkissjóður, gegn iðgjaldi, er ráðherra ákveður eftir tillögum félagsstjórnar, þann hluta hinnar lögboðnu tryggingar, sem umfram er eigin áhættu félagsins.

18. gr.

Útgerðarmanni ber hverju sinni að tilkynna félaginu eða umboðsmanni þess, fyrir hvaða upphæð hann þarf að tryggja skipshöfn sína, og veita aðrar þær upplýsingar, er þýðingu hafa fyrir áhættuna.

Nú rennur trygging út, og skal hún þá endurnýjuð óbreytt á kostnað útgerðarmanns, ef hann hefur ekki tilkynnt félaginu í tæka tíð, að henni skuli breytt eða hún falla niður. Útgerðarmaður ber ábyrgð á því, að vátryggingaupphæðir séu nægilega háar.

Ef vanrækt hefur verið að tryggja þá, sem tryggja ber, á félagið engu að síður kröfu á iðgjaldi fyrir áhættuhluta sinn, samkvæmt almennum reglum sínum.

Útgerðarmönnum ber að bæta félaginu, eða eftir atvikum ríkissjóði, allt tjón, er hlýzt af röngum eða villandi upplýsingum þeirra eða annarri vanrækslu á tryggingum, er þeim ber að sjá um.

19. gr.

Iðgjöld ákveður stjórn félagsins fyrir ákveðna ferð eða ákveðinn tíma, í samræmi við áhættuna, þegar trygging hefst eða er endurnýjuð, og með hliðsjón af því, hvað sams konar tryggingar kosta erlendis. Iðgjöldin hafa lögtaksrétt og hvíla sem lögveð á skipinu eða vátryggingarbótum þess.

20. gr.

Fyrir hvern tryggðan skipverja greiða útgerðarmenn fiskiskipa 5 rúmlesta (brúttó) og stærri 4 kr. í iðgjald á viku, en útgerðarmenn smærri báta 2 kr. á viku. Það, sem vantar á fullt iðgjald, greiðir ríkissjóður, enda fær hann uppbót (bónus), er þessir útgerðarmenn kunna að eignast tilkall til.

Hlunninda samkv. þessari grein njóta aðeins skip innan við 80 rúmlestir brúttó, enda hafi þau ekki siglt til útlanda á almanaksárinu.

21. gr.

Skráningarstjórar skipshafna skulu senda félaginu afrit af skráningu skipshafna á tryggingarskyld skip.

Þeir skulu og annast innheimtu iðgjalda og umboðsmennsku, eftir því sem félagsstjórn ákveður, gegn þóknun, er um semst við hana.

Verði ágreiningur, sker ráðherra úr.

III. KAFLI

Um stríðsslysabætur.

22. gr.

Bætur fyrir stríðsslys skal greiða samkvæmt eftirfarandi reglum:

I. a. Valdi slysið meiðslum, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag, frá því að slysið vildi til, í allt að 52 vikur samtals.

b. Valdi slysið varanlegri örorku, skal greiða kr. 22000 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%.

c. Valdi slysið dauða, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

	Ekkja (ekkill) kr.	Börn innan 16 ára kr.	Foreldrar kr.	Samtals kr.
Ekkja (ekkill)	12000	„	„	12000
— með 1 barn	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri	12000	9000	„	21000
— og foreldri(ar)	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn	12000	5000	4000	21000
— foreldri og 2 börn eða fleiri	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri	12000	5000	4000	21000
1 barn	„	12000	„	12000
2 börn	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar)	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar)	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar)	„	„	12000	12000

II. Auk þeirra trygginga, sem ræðir um í b- og c-lið hér að framan, er skylt að tryggja alla skipverja á skipum 300 smálestir (brúttó) og stærri, öðrum en togurum, fyrir jafnháum upphæðum og þar segir. Skulu upphæðirnar greiddar til tryggðra sjálfs eða þeirra vandamanna hans, sem bæturnar eiga að hljóta, nema þeir óski heldur, að félagsstjórnin verji þeim til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingarfélögum. Skerðir slíkur lífeyrir eigi önnur eftirlaun, er hlutaðeigendur kunna að eiga rétt á. Fyrir tryggingarbætur, sem samkv. þessari grein falla til barna innan 16 ára aldurs, er félagsstjórninni heimilt að kaupa barnalífeyri þeim til handa hjá viðurkenndum tryggingarfélögum, enda komi til samþykki forráðamanna barnanna.

Heimilt skal félagsstjórninni að semja við vátryggingarfélög þau, sem selt hafa lífeyri samkvæmt lögum um striðsslysabætur, að innleysa skirteini handhöfum að skaðlausu, enda komi samþykki þeirra eða forráðamanna þeirra til.

23. gr.

Börn hljóta því aðeins bætur, að þau hafi verið á framfæri hins látna. Fósturbörn hafa sama rétt til bóta og börn. Þau börn hins látna, sem eru eldri en 16 ára og hafa verið á framfæri hans sökum varanlegrar örorku (eigi minni en 50% örorku), hafa sama rétt til bóta og börn yngri en 16 ára. Systkini hins látna, sem voru algerlega á framfæri hans sökum bernsku eða örorku (50%), þegar slysið vildi til, hafa sama rétt til bóta og börn, en bætur til þeirra skerða þó ekki bótarétt barna eftir reglum fyrstu málsgreinar, staflið c, 22. gr.

24. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

25. gr.

Eigi hinn tryggði eða bú hans skaðabótarétt gegn þriðja aðila út af atviki því, er olli greiðsluskyldu félagsins, öðlast félagið þann bótarétt, er það greiðir bæturnar, að því leyti er með þarf, til þess að það verði skaðlaust.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

26. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum allt að kr. 100000.00, og skal farið með mál út af brotum á þeim sem almenn lögreglumál.

27. gr.

Nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess, réttindi og skyldur þátttakenda í félaginu, hinna tryggðu og hinna tryggingarskyldu, skulu sett með reglugerð, er stjórn félagsins semur, en ráðherra staðfestir.

Í reglugerðina má setja ákvæði um, að brot gegn henni varði refsingu, allt að kr. 100000.00 sekt.

Þar til ný reglugerð hefur verið staðfest, gilda ákvæði reglugerðar nr. 61 6. maí 1944, eftir því sem við á.

28. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 106 30. des. 1943, um striðsslysatryggingu íslenzkra skipshafna, en Íslenzk endurtrygging tekur við öllum réttindum og skyldum þess.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta aðalþingi samkvæmt beiðni stjórnar Striðstryggingarfélags íslenzkra skipshafna, en fékk ekki afgreiðslu á því þingi. Stjórn félagsins hefur því enn mælzt til þess, að nefndin flytti þetta frv. á ný, og hefur hún orðið við þeim tilmælum. Frv. er flutt nú eins og það var afgreitt frá þessari deild á síðasta ári, að öðru en því, að gerð er breyting á 14. gr. til samræmingar, vegna þess að felld hafa verið úr gildi þau lagaákvæði, sem vísað er til í greininni.

Nefndarmenn eru óbundnir um að mega koma fram með breytingartillögur eða fylgja framkomnum breytingartillögum frá öðrum.

Um frekari greinargerð vísast til þskj. 208 frá síðasta aðalþingi.

Fjórir af nefndarmönnum voru mættir á fundi, er málið var afgreitt, en einn nefndarmanna (JJós) var fjarverandi og tók því ekki þátt í atkvæðagreiðslu.

Nd. 75. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

3.—6. málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Í hverju tryggingaumdæmi skal starfa fimm manna tryggingnefnd. Nefndir þessar skulu kosnar hlutfallskosningu af bæjarstjórnum í kaupstöðum, en af sýslunefndum í öðrum umdæmum, eftir hverjar bæjarstjórnar- og sýslunefndarkosningar. Kjósa skal á sama hátt og til sama tíma jafnmarga varamenn. Tryggingnefnd kýs sér sjálf formann.

Kjörtímabil tryggingnefnda er hið sama og bæjarstjórna og sýslunefnda. Ef sveitarfélagi er skipt milli tveggja eða fleiri tryggingaumdæma, tekur sýslunefndarmaður þess þátt í kosningu tryggingnefndar í því umdæmi, þar sem flestir af íbúum sveitarfélagsins eiga heima.

Hlutverk tryggingnefnda er að fylgjast með rekstri tryggingnanna í umdæminu, gera tillögur um framkvæmd þeirra, gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, er mættu verða til sparnaðar í rekstri tryggingnanna.

Á fundum bæjarstjórna og sýslunefnda, þar sem tryggingnefndir eru kosnar, skal ákveða þóknun hinna kjörnu nefndarmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði við störf þeirra af hlutaðeigandi sveitarfélögum eftir reglum, er fundirnir setja.

2. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Við hverja barnsfæðingu á móðirin rétt á að fá greiddar kr. 300.00.

3. gr.

42. gr. laganna orðist svo:

Sjúkrabætur greiðast frá og með 11. veikindadegi og í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda geti sjúklingurinn sýnt fram á, að tekjur hans hafi minnkað vegna veikindanna. Tryggingaráði er þó heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef veikindi stafa af slysförum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða. Sjúkrabætur eru ekki greiddar nema hlutaðeigandi hafi verið óvinnufær lengur en 14 daga.

Nú heldur hinn sjúki atvinnutekjum sínum að meira eða minna leyti, og skal þá einnig greiða sjúkrabætur, þó svo, að þær að viðbættum hreinum atvinnutekjum séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði.

Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hinn tryggði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.

4. gr.

43. gr. laganna falli burt.

5. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Allir þeir, sem slasast við vinnu, eiga rétt til slysabóta samkvæmt því, er segir í 49.—58. gr., svo og vandamenn þeirra.

6. gr.

46. gr. laganna falli burt.

7. gr.

47. gr. laganna falli burt.

8. gr.

1. málsgr. 49. gr. laganna orðist svo:

Það er bótaskylt slys, er maður slasast eða deyr af slysi við vinnu.

9. gr.

Orðið „tryggingarskylda“ í 1. málsgr. 52. gr. laganna falli burt.

10. gr.

3. og 4. málsgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Bótagreiðslur samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar skulu aldrei fara fram úr ¾ af hreinum tekjum bótaþega af þeirri atvinnu, er hann stundaði, þegar slysið varð.

Nú heldur hinn slasaði atvinnutekjum sínum að meira eða minna leyti, og skal þá einnig greiða dagpeninga, þó svo, að þeir að viðbættum hreinum atvinnutekjum séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði.

11. gr.

2. málsgr. 109. gr. laganna falli burt.

12. gr.

2. málsl. 112. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun iðgjalda samkv. þessari grein og 113. gr. skal þó eigi reikna með vinnu barna, fósturbarna, foreldra og systkina atvinnurekanda.

13. gr.

134. gr. laganna falli burt.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að gerðar verði nokkrar breytingar á tryggingalöggjöfinni, sem samþykkt var á Alþingi í s. l. aprílmánuði. Þegar tryggingafrumvarpið var til meðferðar í þinginu, komu fram tillögur um breytingar á flestum

þeim ákvæðum, sem frumvarp þetta fjallar um, en þær breytingartillögur fengust þá ekki samþykktar. Þykir því rétt að gera nú tilraun til að fá nokkrar lagfæringar á löggjöfinni.

Tryggingafrumvarpið var samið af milliþinganefnd, sem skipuð var í marzmánuði 1943, og þegar það var lagt fyrir Alþingi, fylgdi því löng greinargerð frá nefndinni. Í þeirri greinargerð segir (Alþt. 1945, þskj. 310), að nefndinni hafi borizt bréf frá félagsmálaráðherra, dags. 31. okt. 1944, þar sem skýrt sé frá því, að í málefnasamningi stjórnmálaflokkanna í sambandi við myndun ríkisstjórnar sé svo ákveðið, að komið verði á á næsta ári fullkomnu kerfi almannatrygginga, sem nái til allrar þjóðarinnar, án tillits til stétta og efnahags, og var nefndinni falið að vinna að undirbúningi málsins á þeim grundvelli. Á öðrum stað í greinargerð milliþinganefndarinnar segir á þessa leið:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir, að rétturinn til bóta sé jafn fyrir alla, án tillits til stétta eða efnahags, sbr. fyrrgreint bréf ráðherrans og þá stefnu, sem mjög ryður sér nú til rúms, að komast hjá vandasömu og hvimleiðu mati á ástæðum einstaklinganna, enda ávallt tiltölulega lítill hluti þjóðarinnar, sem hefur svo miklar tekjur, að ekki sé þörf fyrir bæturnar, ef eitthvað verulega bjátar á."

En þrátt fyrir þessa yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og milliþinganefndarinnar um það, að tryggingarnar ættu að ná til allra landsmanna, án tillits til stétta og efnahags, og að þannig hafi verið unnið að undirbúningi löggjafarinnar, kom það greinilega í ljós, þegar frumvarpið var lagt fram, að mikið skorti á, að höfundum þess hefði tekizt að ná því marki. Nokkur ákvæði frv. voru þannig, að samkvæmt þeim var réttur manna gerður mjög misjafn, aðallega eftir því, hvort þeir öfluðu sér tekna með vinnu í annarra þjónustu eða með eigin atvinnurekstri. Þetta fékkst ekki leiðrétt, nema að mjög litlu leyti, við afgreiðslu tryggingafrumvarpsins í þinginu.

Hér skulu fyrst nefnd ákvæði laganna um **sjúkrabætur** og **slysabætur.** Lögin veita launamönnum yfirleitt meiri rétt til sjúkrabóta en öðrum, en auk þess er það einkennilega fyrirbrigði í löggjöfinni, að íbúar kaupstaða og kauptúna, þar sem læknar starfa, hafa meiri rétt til sjúkrabóta en þeir, sem búa í sveitum eða kauptúnum, þar sem engir læknar eru búsettir. Slysabætur fá launamenn einir, án þess að þeir þurfi að borga nokkuð fyrir þau réttindi sérstaklega, en aðrir fá engar slíkar bætur, þótt þeir verði fyrir slysum við vinnu, nema þeir hafi keypt sér slysatryggingu fyrir sérstakt gjald. Á þennan hátt er mikill fjöldi manna, sem að staðaldri vinnur erfiðisverk, er slysahætta fylgir, gerður réttlægri en aðrir, sem vinna sömu eða svipuð verk. Í þeim hópi eru t. d. allir bændur landsins og margir aðrir, sem vinna að framleiðslustörfum. Ef bóndi og vinnumaður hans slasast báðir við verk, á sá síðarnefndi rétt til slysabóta, en bóndinn ekki, og skiptir engu máli í því sambandi, hvernig efnahagur eða ástæður þeirra eru hvors um sig. Hér er svo ójafnt skammtaður rétturinn í löggjöfinni, að eigi er viðunandi, og því eru hér fram bornar tillögur um leiðréttingar á þessum ákvæðum laganna. Er hér lagt til, að allir, sem slasast við vinnu, skuli eiga rétt til slysabóta, og að allir menn fái sama rétt til sjúkrabóta, hvort sem þeir eru launamenn eða afla sér tekna með eigin atvinnurekstri, og hvort sem þeir búa í námunda við læknisbústað eða í nokkurri fjarlægð frá honum.

Í 34. gr. laganna eru ákvæði um svonefnda fæðingarstyrki. Samkvæmt þeim fyrirmælum geta konur, sem stunda atvinnu utan heimila sinna, fengið greiddar allt að kr. 500.00 við hverja barnsfæðingu, en konur, sem ekki vinna utan heimilanna, fá aðeins kr. 200.00, hvort tveggja auk verðlagsuppbótar. Á þennan hátt eru þær konur, sem eingöngu vinna á eigin heimilum, gerðar réttlægri en aðrar, og er slíkt mjög óviðeigandi. Er hér lagt til, að þetta misrétti verði numið úr lögunum og að allar konur fái jafnháan fæðingarstyrk, kr. 300.00 auk verðlagsuppbótar.

Þá væri og ástæða til að taka til endurskoðunar ákvæði 112. og 113. gr. laganna um iðgjaldagreiðslur atvinnurekenda. Eins og gjöld þessi eru á lögð, miðast þau að engu leyti við tekjur eða efnahag gjaldendanna og hljóta að leggjast með mestum þunga á einstaka framleiðendur og framleiðslufyrirtæki, en léttara á þá, sem

fást við annan atvinnurekstur, sem þó er arðvænlegri nú á tímum, svo sem ýmiss konar kaupskap og milliliðastarfsemi. Hér er þó að þessu sinni aðeins borin fram tillaga um þá breytingu á þessum lagagreinum, að við ákvörðun iðgjalda samkvæmt þeim skuli ekkert gjald lagt á vinnu barna, foreldra eða systkina atvinnurekandans. Þykir sanngjarnt, að þau heimili, sem séð er farborða með vinnu fjölskyldunnar eingöngu, komist hjá að borga þessi aukagjöld til tryggginganna.

Tryggingalögin eiga að koma til framkvæmda að mestu leyti á næsta ári, og nokkur undirbúningur þess er þegar hafinn. T. d. er nú búið að skipta landinu í tryggingaumdæmi og kjósa tryggginganefndir samkv. 11. gr. laganna. Kosningu þeirra hefur verið hagað þannig, eftir fyrirmælum laganna, að allir hreppsnefndarmenn í hverju tryggingaumdæmi hafa verið kvaddir á sameiginlegan fund til þess að velja menn í tryggginganefndina. Hreppsnefndarmenn í stórum tryggingaumdæmum skipta mörgum tugum, og margir þeirra þurftu að fara um lengan veg á þessa kjörfundi. Er því mikil fyrirhöfn og ærinn kostnaður, sem þetta lagafyrirmæli hefur í för með sér, og mætti gera val tryggginganefndanna fyrirhafnarminna og ódýrara. Er hér lagt til, að sýslunefndir kjósi tryggginganefndirnar, hver í sínu umdæmi. Ætti að mega treysta sýslunefndarmönnum til að leysa þetta sómasamlega af höndum, eigi síður en sveitarstjórnarmönnum, en með því væri val tryggginganefndanna gert miklu auðveldara og kostnaðarminna en nú er.

Nd. 76. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Á 10. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

a. Í stað síðasta málsl. fyrri málsgr. a-liðar („Til rekstrarkostnaðar .... hlutabréfum.“) kemur: Í reglugerð, er fjármálaráðherra setur, skal kveðið nánar á um, eftir hvaða reglum greidd laun skuli talin til rekstrarkostnaðar. Laun, sem greidd eru samkvæmt samningum við stéttarfélög, skal jafnan heimilt að draga frá tekjum. Aðrir launþegar en þeir, sem taka laun sín samkvæmt slíkum samningum, skulu flokkaðir eftir eðli og mikilvægi starfs þeirra og ákveðin sú launahæð, sem frádráttarhæf sé í hverjum flokki. Skal við þá ákvörðun höfð hliðsjón af gildandi lögum um laun starfsmanna ríkisins. Skattstjórar og skattanefndir kveða á um, hversu mörgum starfsmönnum í hverjum flokki sérhverju fyrirtæki sé heimilt að reikna kaup samkvæmt þessum reglum, og skulu í nefndri reglugerð sett um það nánari ákvæði.

b. Á eftir 1. málsl. síðari málsgr. sama stafliðar kemur nýr málsl.: Kostnaður við rekstur bifreiða, annarra en vörubifreiða, sem og risna telst ekki til rekstrarkostnaðar.

2. gr.

1. málsgr. 11. gr. laganna skal orða svo:

Stundi gift kona atvinnu utan heimilis síns og hjá öðrum en manni sínum eða fyrirtæki, sem hann er meðeigandi að, skal skattur lagður á tekjur hvors hjónanna um sig.

3. gr.

Á eftir 1. málsl. 17. gr. laganna kemur nýr málsl.: Skuldir má þó því aðeins draga frá eignum, að nafns skuldareiganda sé getið eða, sé um handhafaskuldabréf að ræða, nafns þess, sem bréfin keypti.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Núgildandi skattalög þarfnast gagngerðar endurskoðunar, sumpart vegna þess, að ýmis ákvæði þeirra eru ófullkomin og í ósamræmi innbyrðis, og sumpart vegna hins, að ýmsar meginreglur þeirra orka mjög tvímælis. Sem dæmi um ófullkomin ákvæði má geta þess, að menn geta þurft að greiða skatt af tekjum, sem þeir hafa aldrei haft, þ. e. a. s. ef þeir hafa keypt hlutabréf fyrir meira en nafnverð og selja þau aftur fyrir sama verð, en þá verður seljandinn að greiða tekjuskatt af þeirri upphæð, sem er umfram nafnverð við söluna, þótt hann hafi ekkert á henni hagnazt. Þótt það sé meginregla skattalaganna, að tekjur vegna verðhækkana skuli ekki skattskyldar, ef skattgreiðandi hefur átt þær í tiltekinn tíma, gildir hún ekki um þær tekjur, sem hluthafar fá úthlutað úr hlutafélagi, og er vafamál, hvort slíkt misræmi sé eðlilegt. Ákvæðin um varasjóðina eru og ófullkomin, t. d. það, hvenær ráðstöfun á þeim valdi skattskyldu, og mörg fleiri dæmi mætti nefna um, að lögin þarfnast endurskoðunar, jafnvel þótt meginreglur þeirra eigi að haldast óbreyttar. En ýmsar þeirra orka og vissulega tvímælis, og þá fyrst og fremst sú regla, að greina milli rekstrartekna og -gjalda annars vegar og verðbreytingatekna og -gjalda hins vegar, svo og reglurnar um varasjóðina, eins og þær og hlutafélagalöggjöfin eru nú, það, að láta ólíkar reglur gilda um ýmis réttarform fyrirtækja o. fl.

Ég mun síðar flytja eða eiga þátt í að flytja ýmsar breytingartillögur við skattalögin umfram efni, sem ég hef nú nefnt. Á þessu þingskjali eru hins vegar gerðar nokkrar breytingartillögur, sem hvorki verða taldar snerta hinar helztu meginreglur skattalaganna né heldur er ætlað að bæta úr innbyrðis ósamræmi í þeim.

Fyrsta breytingin er sú, að heimild fyrirtækja til þess að draga greidd laun frá tekjum er takmörkuð á hliðstæðan hátt og nú á sér stað um afskriftir. Til 1939 voru ekki nákvæmar reglur til um það, hversu miklar afskriftir mætti draga frá tekjum, og var þá tilhneiging fyrirtækja auðvitað sú að hafa afskriftirnar sem hæstar, þótt skattstjóri og skattanefndir reyndu að vísu að koma í veg fyrir augljósa misnotkun afskriftarheimildarinnar til þess að koma tekjum undan skatti. En 1939 var gefin út nákvæm reglugerð um það, hversu miklar afskriftir væri heimilt að draga frá tekjum, og hafa slíkar reglur verið í gildi síðan, þótt þeim hafi að vísu verið breytt. Þótt fyrirtæki telji sér nauðsynlegt að afskrifa meira en þar er heimilað (eða í þeim breytingum á reglug., sem síðar hafa verið gerðar) og afskrifi raunverulega meira í þeim reikningsskilum, sem það gerir fyrir sjálft sig eða eigendur, er ekki heimilt að taka tillit til þess við skattaframtal.

Nú eru engin takmörk fyrir því, hversu há laun fyrirtæki megi draga frá tekjum sínum við framtal til skatts. Allir, sem þessum málum eru kunnugir, vita, að þetta hefur valdið því, að fyrirtæki hafa horft mun minna í launagreiðslur en ella. Sökum þess, hve skattstigarnir eru háir, skiptir það fyrirtæki, sem hafa mjög miklar nettótekjur, oft og einatt tiltölulega litlu máli, hvort þau greiða einstökum mönnum nokkru hærri eða lægri laun. Sökum frádráttarheimildarinnar lendir launahækkunin að miklu eða mestu leyti á ríkissjóði. Þetta hefur valdið því, að mörg fyrirtæki greiða óeðlileg og óhæfileg laun, að verulegu leyti á kostnað ríkissjóðs, og miklu hærri laun en tíðkast um embættismenn og opinbera starfsmenn. Af þessu hefur svo leitt, að einkafyrirtækin hafa staðið miklu betur að vígi en hið opinbera í samkeppni um hæfa starfskrafta og auk þess valdið óviðunandi misrétti á launakjörum starfsmanna einkafyrirtækja og opinberra starfsmanna. Í þessu frv. er því lagt til, að heimild til frádráttar á launum verði takmörkuð á hliðstæðan hátt og afskriftaheimildin, þ. e. a. s. samin reglugerð um, hversu há laun sé heimilt að draga frá tekjum fyrir hvern flokk starfsmanna. Eðlilegast virðist að telja öll laun, sem greidd eru samkvæmt samningum við stéttarfélög, frádráttarhæf, enda gilda taxtar þeirra jafnt fyrir alla, þ. e. a. s. bæði fyrir hið opinbera og einkafyrirtæki, svo að engin hætta er á misræmi þar. Þá, sem ekki taka laun samkvæmt slíkum samningum, á

hins vegar að flokka í launaflokka, og er gert ráð fyrir, að stuðzt verði við launalögin við ákvörðun launahæðar í hverjum flokki. Engin ástæða er til þess, að einkafyrirtæki greiði hærri laun en hið opinbera fyrir hliðstæð störf, og það er einnig ástæðulaust, að ríkisvaldið veiti einkafyrirtækjum mun betri aðstöðu en opinberum fyrirtækjum í samkeppninni um hæfa starfsmenn með því að gera þeim kleift að greiða óeðlilega há laun, sumpart á kostnað ríkissjóðs. Til þess að koma í veg fyrir, að ákvæðin yrðu sniðgengin með því að skipa starfsmönnum í óeðlilega háan launaflokk, t. d. greiða mörgum framkvæmdastjóra- eða skrifstofustjóralaun, verður skattstjóri eða skattanefnd að úrskurða, hversu marga starfsmenn í hverjum launaflokki eðlilegt sé, að hvert fyrirtæki hafi.

Þótt þessi breyting næði fram að ganga, gætu fyrirtæki auðvitað eftir sem áður greitt þau laun, sem þeim sýndist, en færu þau fram úr því, sem hæfilegt væri talið í reglugerðinni, væri sá hluti þeirra ekki frádráttarhæfur, heldur greiddist af ágóða fyrirtækisins, enda er í raun og veru um að ræða ágóðaúthlutun, þegar starfsmanni eru greidd óeðlilega há laun. Þessi hluti launanna yrði þá að vísu tvískattaður, þ. e. a. s. bæði hjá fyrirtækinu og launþeganum, en hið sama á sér stað, ef hlutafélag greiðir arð, sem talinn er umfram það, sem hæfilegt er, þ. e. a. s. 5%. Greiði hlutafélag nú hærri arð en 5%, er sá hluti arðsins tvískattaður, þ. e. a. s. bæði hjá félaginu og hluthafanum, og hefur það hingað til þótt eðlilegt. Það, sem hér er lagt til, er, að hliðstætt verði látið gilda um launagreiðslur.

Þetta er fyrsta breytingin, sem frv. gerir ráð fyrir. Hin önnur er sú, að kostnaður við rekstur einkabifreiða sem og risna skuli ekki frádráttarhæf. Fjölmörg fyrirtæki eiga fólksbifreiðar og greiða rekstrarkostnað þeirra, þótt bifreiðarnar séu í rauninni ekkert notaðar í þágu atvinnurekstrarins, heldur til þægindaauka fyrir eigendur þeirra eða forstjóra. Hér er m. ö. o. um að ræða kostnað, sem heyrir til einkaútgjöldum eigendanna, en er samt færður fyrirtækjum til gjalda og dreginn frá tekjum við skattaframtal. Mjög svipað er að segja um risnu. Mestur hluti þess, sem fyrirtæki draga nú frá tekjum sem risnu, heyrir vafalaust til einkaútgjöldum eigendanna og á því ekki að vera frádráttarhæft. Að vísu má segja, að það **geti** verið nauðsynlegt fyrir fyrirtæki að hafa fólksbifreið til umráða og greiða einhverja risnu, en langmestur hluti þess bifreiða- og risnukostnaðar, sem nú er greiddur, er vafalaust ekki greiddur í þágu fyrirtækjanna, heldur eigendanna. Reynslan hefur sýnt, að heimildin til frádráttar á slíkum liðum hefur verið misnotuð. Skattstofan í Reykjavík mun hafa reynt að hamla móti henni, en gengið erfiðlega. Hér ber því nauðsyn til breytingar á lögunum, og verður þá ekki hjá því komizt að afnema heimildina algerlega.

Þriðja breytingin, sem í frv. felst, er sú, að ekki skuli leggja tekjur giftrar konu við tekjur manns hennar við skattaframtal, heldur leggja skatt á tekjur hvors hjónanna um sig. Konur, sem stunda atvinnu utan heimilis síns, hafa verið beittar miklum óréttí hvað það snertir, að þær hafa þurft að greiða hlutfallslega miklu hærri hluta af tekjum sínum í skatt en aðrir sökum þess, að tekjum þeirra er bætt við tekjur manns þeirra, svo að skatturinn er reiknaður eftir mjög háum skattstiga. Úr þessu ranglæti ber brýna nauðsyn til þess að bæta, og það er mjög einfalt. Það er hægt með því að ákveða, að kona, sem stundar atvinnu hjá öðrum en eiginmanni sínum, skuli teljast sjálfstæður skattgreiðandi, enda er það í alla staði eðlilegast.

Fjórða og síðasta breytingin, sem frv. gerir ráð fyrir, er fólgin í því, að skylt sé að geta þess við skattaframtal, hver hafi lánað framteljanda það fé, sem hann skuldar, eða, sé um handhafaskuldabréf að ræða, hver hafi keypt þau. Til þess að öruggt sé, að allar skuldir, sem dregnar eru frá eignum við skattaframtal, séu einnig taldar fram sem eign hjá kröfuhafa, ef hann er skattskyldur, er nauðsynlegt, að skuld sé ekki viðurkennd frádráttarhæf, nema nafns skuldareiganda sé getið. Í umferð mun nú og vera mikil upphæð handhafaskuldabréfa, sem dregin er frá skuldum við skattaframtöl, en ekki talin sem eign hjá eigendum. Örugg-

asta ráðið til þess að fá þessa eign fram í dagsljósið er vafalaust sú að heimila ekki frádrátt hennar sem skuldar hjá skuldunautunum nema hann skýri frá, hver sá var, sem bréfin keypti. Hafi sá selt þau aftur, getur hann gert grein fyrir því, hver kaupandinn var o. s. frv., svo að vandalaust ætti að vera að rekja slóð bréfanna og komast að raun um, hvar þau eru niður komin. Það mun og tíðkast nokkuð, að tekin séu lán rétt fyrir áramót, til þess að auka skuldir, en lánsupphæðin ekki talin meðal eigna, og lánið síðan greitt þegar eftir áramótin. Til þess að auðvelda eftirlit með slíku er rétt, að þess sé krafizt, að framteljandi skýri frá því, hvenær hann hefur tekið sérhvert lán, sem hann færir sér til skuldar.

Sþ. 77. Tillaga til þingsályktunar

um fyrirgreiðslu og ábyrgð vegna sölu á fiskibátum.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að greiða fyrir sölu á fiskibátum, ca. 25 tonna og minni, frá þeim útgerðarstöðum, er nú hafa fengið sér stærri báta eða eru að fá sér þá, til smærri útgerðarstaða, þar sem enn hentar að gera þessa báta út. Sé ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast ⅔ af kaupverði bátanna fyrir hönd sveitarfélaga eða sjómannasamtaka, er stofnuð væru í því skyni.

Í öðru lagi skorar Alþingi á ríkisstjórnina að greiða fyrir sölu á þessum bátum til Færeyja, ef þeir ganga ekki út innanlands, og lána allt að helmingi af söluverði þeirra til umsamins tíma, gegn ábyrgð frá Lögþingi Færeyja.

Greinargerð.

Þáltill. þessi er flutt að tilhlutun Nýbyggingarráðs, og fylgdi henni svohljóðandi greinargerð:

Þróun útgerðarmála hefur nú í seinni tíð beinzt í þá átt að stækka fiskiskipin og gera þau hraðskreiðari, fá í þau aflmeiri vélar og útbúa þau þannig, að þau séu fær um lengri sjósókn og útilegur.

Þetta hefur einkum verið framkvæmt í hinum stærri útgerðarstöðum landsins, svo sem við Faxaflóa.

Sjómenn hafa heimtað stærri og hraðskreiðari báta af útgerðarmönnum, og þannig eru hinir smærri fiskibátar, innan við 20 tonna, dæmdir úr leik, þótt happaskip hafi reynzt og séu enn þá traustir og góðir bátar.

Þetta má segja, að sé eðlileg þróun, og í hinum stærri verstöðvum er nokkurt fjármagn fyrir hendi til þess að standa undir þessari aukningu fiskiflotans og endurbátum. En ekki fer þó vel á því, að góð og vel sjófær skip, þótt lítil séu, verði lögð á land upp, engum til nota, þar sem vitað er, að ýmsir hinir smærri útgerðarstaðir landsins mundu vilja gera þessa báta út, ef þeir hefðu bolmagn til að kaupa þá eða þeim væri hjálpað til þess.

Frá ýmsum hinna smærri útgerðarstaða á landinu er skammt á góð fiskimið, en hins vegar eru hafnarskilyrði víða léleg og ekki fyrir stóra báta. Þarna mætti þá gera út þessa umræddu báta, ef sjómönnum væri hjálpað til þess að kaupa þá við sanngjörnu verði. Sjómenn og smáútgerðarmenn á þessum stöðum eru víðast hvar mjög efnalitlir menn, og þess er ekki að vænta, að þeir geti án stuðnings keypt báta þá, er hér um ræðir, nema með opinberri aðstoð. Því er þessi þáltill. fram borin. Á það skal og minna, að hin nýju og stóru fiskiskip, sem flestöll fara til hinna stærri útgerðarstaða, eru því aðeins keypt, að mikil fjárhagsleg aðstoð er veitt til kaupanna. Það sýnist því ekki ósanngjarnt, að hinum smærri verstöðvum verði veitt hlutfallsleg hjálp, ef sjómenn þar vildu eignast þessa báta og gera

þá út meðan þeir entust, eða þangað til hafnarskilyrði væru bætt svo, að stærri bátar gætu komið til sögunnar.

Með þeirri aukningu á fiskiflota landsins, sem nú er ráðgerð, liggur í augum uppi, að nýta þarf sem jafnast og bezt öll fiskimiðin umhverfis landið. En mjög er hætt við því, að svo verði ekki, ef smærri útgerðarstaðirnir auka ekki útgerð sína í hlutfalli við hina meiri, hvað þá heldur ef þeir hætta þeirri litlu útgerð, sem enn þá hefur verið stunduð þar.

Um síðastliðin maímánaðarlok var fullvíst, að bætast muni við fiskiskipaflota landsmanna sem hér segir:

28	vélbátar	ca.	35	rúml.,	alls	971	rúml.
36	—	—	40—55	—	—	1838	—
58	—	—	60—80	—	—	4281	—
Alls 122						7090	rúml.

En auk þessa bætast svo við flotann liðlega 30 togarar, yfir 16 þús. smál. að stærð samtals.

Til þess að fyrirbyggja það, að fiskveiðarnar leggist með allt of misjöfnum þunga á fiskimið landsins, verður að gæta þess, að hinir smáu, dreifðu útgerðarstaðir verði ekki dæmdir úr leik í sjósókn landsmanna.

Seinni hluti þáltill. lýtur að því að fela ríkisstjórninni að reyna að selja báta þá, sem hér um ræðir, til Færeyja, ef þeir ganga ekki allir út hér innanlands. Einar M. Einarsson skipherra hefur farið til Færeyja, að nokkru leyti á vegum Nýbyggingarráðs, til þess að kynna sér það, hvort þar mundu vera möguleikar á að selja báta. Átti hann tal við bankastjóra Sjóvinnubankans, Thorstein Petersen, um þessi viðskipti og fjárveitinganefnd Lögþingsins, sem hefur skrifstofu í Þórshöfn, — formaður hennar er Peter Mohr Dam, lögþingsmaður í Trangisvaag —, og skrifstofustjóra Edv. Mitens. Talið var, að tæplega mundi koma til mála, að um kaup á smærri bátum en 20 rúml. væri að ræða, þar sem Færeyingar vilji nú hafa bátana svo stóra, að þeir geti legið úti 3—6 daga og siglt sjálfir með afla sinn til Englands. Þar sem aðallánsstofnanir Færeyinga, Sjóvinnubankinn og Vinnulánsgrunnur Föroyalögtings, sem hafa lánað nú til skipakaupa um 6 milljónir króna, hafa ekki yfir miklu fjármagni að ráða, þá spurðist fjárveitinganefndarformaður Peter Mohr Dam fyrir um það, hvort Íslendingar mundu vilja lána allt að helmingi söluverðsins til umsamins tíma með hóflegum vöxtum, ef af einhverjum kaupum yrði, gegn ábyrgð Lögþingsins.

Bréf um þessa málaleitan er prentað hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

LÖGTINGSSKRIVSTOVAN

Tórshavn, 14. september 1946.

Visandi á samtalir skal lögtingsskrivstovan úttala!

Um Föroyingar keypa skip ella motorbátar úr Íslandi og hartil fáa lán frá Vinnulánsgrunni Föroya Lögtings, vil stýrið fyri grunninum fegið, at tílík keyp fara fram gjögnum Nýbyggingarráð Íslands ella í samráð við ráðið soleiðis, at alment ummæli kan fáast viðvíkjandi góðskuni av viðkomandi skipi og motori og viðvíkjandi, hvörvítt söluprísurin er hóskandi.

Harnæst hevur tað áhuga at fáa upplýst, um tað er möguleiki fyri lutvís finansieran av tílíkum keypum á tann hátt, at upp til 50% av keypipeninginum verður standandi sum lán í Íslandi móti ábyrgd frá Föroya Lögtingi. Rentan má ikki verða ov hög og avdráttartíðin hóskandi áramál. Lögtingsskrivstovan frættir fegin aftur frá tygum og vil leggja málið til viðgerðar fyri stýrið.

Edw. Mitens.

Nd. 78. Fyrirspurn

til viðskiptamálaráðherra um útflutning gjafaböggla.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Er viðskiptamálaráðherra kunnugt um, að allmikið og verðmætt vörumagn er flutt úr landi í gjafabögglum?

Ef svo er, hefur ráðherrann þá í hyggju að gera ráðstafanir til þess að stemma stigu við því og hverjar?

Greinargerð.

Samkvæmt reglum þeim, er nú gilda, er heimilt að senda til útlanda gjafaböggla, allt að 300 kr. virði, án útflutningsleyfis. Hefur ekki þótt ástæða til þess að hafa afskipti af því, þótt menn vildu senda ættingjum eða kunningjum erlendis dálítið af mat eða öðrum nauðsynjum, enda ekki gert ráð fyrir því, að svo mikið gæti að slíku kveðið, að það mundi hafa veruleg áhrif á vörubirgðir í landinu.

Nú mun reynslan hins vegar hafa orðið sú, að heimild þessi hefur verið stórlega misbrúkuð á síðast liðnu hálfu öðru ári. Hér hafa verið til ýmsar þær vörur, sem mikill skortur hefur verið á í ýmsum nágrannalandanna, og hefur orðið tilhneiging í þá átt, að slíkar vörur væru fluttar úr landi. Flestum þeim, sem dvalið hafa um skeið í Danmörku á þessu ári eða hinu næsta á undan, mun vera ljóst, að geysimikið vörumagn hefur verið flutt þangað eftir öðrum leiðum en venjulegum verzlunarleiðum, einkum tóbak, kaffi og vefnaðarvara. Um það er í sjálfu sér ekki nema gott eitt að segja, að Íslendingar vilji gleðja kunningja sína erlendis, íslenzka eða erlenda, með því að senda þeim að gjöf dálítið af vöru, sem þá vanhagar um, og engin ástæða til þess að fetta fingur út í það, meðan ekki er skortur á þessari vöru hér. En hinar miklu sendingar gjafaböggla til útlanda hafa síður en svo allar verið þess eðlis og jafnvel ekki fyrst og fremst. Hér er nú, svo sem kunnugt er, mikill fjöldi útlendinga við vinnu, einkum Danir. Fyrir hluta af kaupi sínu hafa þeir keypt hér og kaupa vörur, sem skortur er á í Danmörku, handa venzlafólki sínu og kunningjum þar, og fá greiðslu í dönskum krónum. Á þennan hátt er hluti af kaupi þeirra yfirfærður í danskan gjaldeyri, og gjaldeyrislöggjöfin þannig sniðgengin, auk þess sem gjafabögglaheimildin er misnotuð. Það er og til, að Íslendingar stundi skiptiverzlun við kunningja sína í Danmörku og annars staðar, þannig að þeir senda hinum síðarnefndu tóbak, kaffi, sápu, silkisokka, vefnaðarvöru o. s. frv. gegn því að fá í staðinn skartgripi, skrautmuni, húsgögn og annað, sem er yfirleitt mun dýrara hér en í landi „viðskiptavinarins“. Ýmsir munu og hafa útvegað sér erlendan farareyri á þennan hátt.

Því miður er ekki hægt að fá upplýsingar um, hversu mikið hefur kveðið að gjafabögglasendingum til útlanda. En ég hef fengið bögglapóststofuna til þess að gera samanburð á bögglasendingum yfirleitt nú og fyrir stríð, og mun mega gera ráð fyrir, að meginhluti aukningarinnar séu gjafabögglar. Sú skýrsla er þannig:

Lönd	1939	1944	15/6 '45—31/12 '45	1/1 '46—15/10 '46
Danmörk	750	„	10536	16917
Noregur	755	„	1962	2513
Færeyjar	97	„	128	1641
England	251	„	1759(allt árið)	2335
Bandaríkin	„	337	756(allt árið)	644

Á bögglapóststofunni er ekki talið fjarri lagi að áætla meðalþyngd bögglanna um 5 kg, og hefur þá þyngd gjafasendinga til Danmerkur á fyrstu 9 mánuðum þessa árs numið 85 smálestum. Um verðmæti þessa útflutnings er að sjálfsögðu afarerfitt að

segja, en ef meðalverðmæti bögglanna er talið 150 kr., hefur heildarverðmæti þessa útflutnings numið 2,5 millj. kr.

Af tölum þessum virðist mér augljóst, að nauðsyn sé á aðgerðum til þess að stemma stigu við þessum útflutningi. Skilyrði okkar til innflutnings á sumum þeim vörum, sem vitað er, að fluttar eru út á þennan hátt, eru takmörkuð, svo að við höfum fulla þörf fyrir þær sjálfir. Flestar þessara vörutegunda eru og fluttar inn gegn greiðslu í dollurum, og eru því dýrmætar frá gjaldeyrissjónarmiði. Og síðast en ekki síst hefur heimildin til gjafasendinga án útflutningsleyfis verið notuð til þess að sniðganga gjaldeyrislöggjöfina.

Af öllum þessum ástæðum virðist mér þörf á endurskoðun gildandi ákvæða um gjafasendingar til útlanda, og er fyrirspurn þessi borin fram til þess að fá upplýsingar um, hvort vænta megi slíkrar endurskoðunar af hálfu viðskiptamálaráðuneytisins.

Sþ. 79. Tillaga til þingsályktunar

um að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að frv. um meðferð opinberra mála verði lagt fyrir Alþingi.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að frv. það um meðferð opinberra mála, sem flutt var á Alþingi 1939 af allsherjarnefnd Ed., en varð eigi útrætt, verði lagt fyrir Alþingi á ný.

Greinargerð.

Enginn heilsteyptur lagabálkur er til hér á landi um meðferð opinberra mála. Reglur þær, sem eru í gildi hér að lútandi, eru á víð og dreif í lögum og tilskipunum og eru margar hverjar orðnar gamlar og úreltar. 1939 var því skipuð nefnd þriggja sérfróðra manna til þess að endurskoða þessar reglur. Áttu í henni sæti þeir Bergur Jónsson, Einar Arnórsson og Stefán Jóh. Stefánsson. Vann hún mikið og gott verk og samdi frv. að lagabálki um meðferð opinberra mála. Þar voru reglur þær, sem nú gilda, færðar til einnar heildar og endurbættar að ýmsu leyti. Var þar og gerð sú veigamikla breyting á einu af meginatriðunum í núverandi skipun þessara mála, að ákæruvaldið var tekið úr höndum dómsmálaráðherra og fengið í hendur opinberum ákæranda.

Rekstur opinberra mála tekur nú óhæfilega langan tíma og er oft og einatt svo slælegur, að ekki verður við unað. Sökum setu minnar í viðskiptaráði, er það fjallar um verðlagsmál, hef ég á undanförnum 3—4 árum haft náin kynni af meðferð verðlagsmála hjá sakadómaranum í Reykjavík og ýmsum sýslumönnum. Það hefur verið verðlagseftirlitinu til mikils trafala í starfi sínu og haft mjög skaðleg áhrif á virðingu manna fyrir settum verðlagsákvæðum, að yfirleitt hefur tekið óhæfilega langan tíma að kveða upp dómana, auk þess sem þeir hafa venjulega verið svo vægir, að um sáralitla refsingu hefur verið að ræða. Þyðing refsinga fyrir slík brot er auðvitað fyrst og fremst sú, að þær séu framvegis til varnaðar þeim, sem brotlegur gerðist, og öðrum. Meginhluti þeirra dóma, sem upp hafa verið kveðnir í verðlagsmálum, geta varla talizt hafa haft slík áhrif, og varð því viðskiptaráð að taka upp þá reglu að skýra opinberlega frá því, hverjir hlytu slíka dóma. Mun birting á nöfnum hinna seku oft og einatt hafa verið þyngri refsing en sú, sem dómarinn hafði ákveðið.

Sem dæmi um það, hversu langan tíma meðferð slíkra mála hefur tekið, má geta þess, að um og eftir áramótin 1944—45 kærði verðlagsstjóri 13 fyrirtæki fyrir brot á reglum um umboðslaun til umboðsmanna erlendis. Fyrsti dómur í þessum málum,

„heildsalamálunum“ svonefndu, féll í janúar 1946, hinn síðasti, sem upp hefur verið kveðinn, var felldur í október síðast liðnum, en í einu málinu hefur ekki verið dæmt enn þá. Hér er að vísu um yfirgripsmikil mál að ræða, en málsmeðferðin hefur samt tekið óhæfilega langan tíma. Mörg smámál mætti og nefna, sem dregizt hefur óeðlilega lengi að kveða upp dóma í. Það hefur t. d. tekið marga mánuði og jafnvel á annað ár að fá kveðna upp dóma yfir veitingasölum í sveitum ekki fjarri Reykjavík fyrir brot gegn reglum um verð á veitingum, og brotin haldið áfram á meðan, án þess að nokkuð væri hægt að hafast að. Sýslumaður einn, sem mjög lengi var búinn að draga að kveða upp dóm í slíku máli, bað að síðustu um að fá sendan starfsmann úr verðlagseftirlitinu sér til aðstoðar, og var þá dómurinn loksins kveðinn upp.

Sleifarlagið, sem átt hefur sér stað á þessu sviði, er svo alvarlegt, að í skjalasafni verðlagseftirlitsins eru kærur, sem orðnar eru næstum tveggja ára gamlar, án þess að nokkur dómur hafi verið kveðinn upp. Er hér bæði um að ræða mál í Reykjavík og utan Reykjavíkur. Skýrasta dæmið um ástand það, sem verið hefur í þessum málum, er þó e. t. v. kæra sú, sem verðlagsstjóri sendi 22. maí 1945 til sakadómarans í Reykjavík í tilefni af því, að flestar hárgreiðslustofur bæjarins höfðu bundizt samtökum um að hafa að engu gildandi verðlagsákvæði, en selja þjónustu sína nokkru dýrar. Málið var ekki tekið fyrir fyrr en 6. júní, þótt bent væri rækilega á nauðsyn þess að stöðva brotin þegar í stað. Rannsókn málsins stóð til 18. júlí. Enginn dómur var samt kveðinn upp, þrátt fyrir tilmæli þar að lútandi frá verðlagsstjóra. Leið svo og beið, þangað til í októberlok. Þá fyrst var málið sent í dómsmálaráðuneytið, en það fyrirskipaði þegar í stað málshöfðun. **Síðan er nú liðið ár, og enn þá hefur dómur ekki verið kveðinn upp í þessu máli,** þrátt fyrir munnlegar og skriflegar umkvartanir verðlagsstjóra bæði við sakadómara og dómsmálaráðuneytið. Hér er um að ræða hneyksli, sem ekki má liggja í þagnargildi og hlýtur að vekja til umhugsunar um, að ástand það, sem ríkt hefur í þessum málum, er algerlega óviðunandi.

Það mætti undarlegt heita, ef verðlagsmálin hefðu verið sérstakt olnbogabarn héraðsdómaranna meðal opinberu málanna. Þótt ég geti ekkert um það fullyrt, þykir mér líklegt, að meðferð margra annarra opinberra mála hafi ekki tekið því mikið fram, sem nefnt hefur verið. Ég er þeirrar skoðunar, að það mundi verða til mikilla bóta, ef skipaður yrði opinber ákærandi, sem ábyrgð bæri á meðferð þessara mála. Ég er enn fremur þeirrar skoðunar, að ekki sé rétt að hafa ákæruvaldið í höndum pólitísks ráðherra, þótt ég muni ekki reyna að leiða rök að því hér. En þar sem ég álít skipun opinbers ákæranda nauðsynjamál og einnig það, að sett séu heildarlög um meðferð opinberra mála, en frv. um þessi efni hefur verið samið af stjórnskipaðri nefnd og legið fyrir Alþingi, ber ég þessa þingsályktunartillögu fram.

Nd. 80. Fyrirspurn

til atvinnumálaráðherra um skipun deildarstjóra í iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hvers vegna voru engin samráð höfð við rannsóknarráð ríkisins um ráðningu þess starfsmanns iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans, sem nýlega hefur jafnframt verið skipaður deildarstjóri hennar, þótt það sé skylt lögum samkvæmt?

Greinargerð.

Fyrir nokkru sagði deildarstjóri iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans, Trausti Ólafsson prófessor, deildarstjórastarfi sínu lausu, en starfar áfram sem sér-

fræðingur við deildina. Nýlega hefur atvinnumálaráðherra skipað nýjan starfsmann við þessa deild og gert hann jafnframt að deildarstjóra. Samkvæmt lögum um náttúrurannsóknir, nr. 68 7. maí 1940, er ráðherra skylt að hafa samráð við rannsóknaráð ríkisins, er hann skipar nýja starfsmenn við atvinnudeildina. Þessi lagafyrirmæli virti ráðherrann þó að vettugi í sambandi við ráðningu þessa starfsmanns, og hefði þó ekki síður verið ástæða til þess að fylgja þeim fyrir þá sök, að þessi nýi starfsmaður var þegar í stað skipaður yfirmaður hinna, sem fyrir voru. Við iðnaðardeildina hafa starfað nokkrir efnafræðingar og einn gerlafræðingur, og hefur það vakið furðu, að engum þeirra skuli hafa verið treyst til þess að takast deildarstjórnina á hendur. Hinn nýi starfsmaður, sem er efnafræðingur, hefur ekki verið í þjónustu hins opinbera fyrr, heldur starfað hjá einkafyrirtæki, að vísu við efnafræðistörf, en á mjög þröngu sviði. Fráfarandi deildarstjóri mun hafa mælt með einum af þeim efnafræðingum, sem fyrir voru í deildinni, dr. ing. Jóni E. Vestdal, sem eftirmanni sínum. Ráðherrann hefur þó haft þau meðmæli að engu, auk þess, sem hann leitar ekki álits rannsóknarráðsins um ráðningu hins nýja manns, er hann síðan skipar deildarstjóra. Munu þessar aðfarir ráðherrans hafa valdið mikilli óánægju innan iðnaðardeildarinnar og atvinnudeildarinnar yfir höfuð að tala.

Ef hér væri um það eitt að ræða, að ráðherra hefði á löglegan hátt og eigin ábyrgð falið forstöðu stofnunar öðrum en þeim, sem starfsmönnum hennar og fjölmörgum öðrum mun finnast rétt og eðlilegt, væri það einkamál hans og stofnunarinnar, og tæplega ástæða til þess fyrir Alþingi að láta málið til sín taka. En hér er um meira að ræða. Ráðherra virðir að vettugi skýr og ótvíræð lagaákvæði um, hvernig ráðningu opinbers starfsmanns skuli hagað. Slíkt tel ég Alþingi ekki geta látið afskiptalaust. Ráðherrum á ekki að líðast að brjóta lög fremur en öðrum mönnum, nema síður sé. Og þótt ég spyrji hér um ástæður fyrir því, að ekki var farið að lögum við þessa ráðningu, er það ekki af þeim sökum, að ég telji nokkrar ástæður geta réttlætt slíkt, heldur af því einu, að fróðlegt er að heyra þær, áður en frekar verður aðhafzt í málinu.

Nd. 81. Frumvarp til laga

um, að ákvæði samnings frá 7. október 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946.)

1. gr.

Meðan samningur sá, er undirritaður var fyrir Íslands hönd hinn 7. október 1946 við Bandaríki Ameríku um niðurfelling herverndarsamningsins frá 1941 o. fl., er í gildi, skulu ákvæði hans, er varða aðflutningsgjöld, útflutningsgjöld, tekjuskatt, afnotarétt fasteigna og önnur atriði, sem sérstaklega er rætt um í samningnum og varða íslenzka löggjöf, hafa lagagildi hér á landi. Nánari ákvæði um framkvæmd þessara atriða má setja í reglugerð.

2. gr.

Nú eru vörur þær, sem verða tollfrjálsar eftir 1. gr. laga þessara, sbr. 9. lið samnings þess, sem um ræðir í 1. gr., seldar, látnar í skiptum eða gefnar án þess að þær hafi áður sætt venjulegri tollafgreiðslu, og skulu þá þeir, sem slíkt gera, sæta refsingum þeim, sem ákveðnar eru í 36. gr. laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tolleftirlit. Sömu refsingu skulu þeir og sæta, sem kaupa, taka í skiptum, þiggja eða taka að sér að selja slíkar vörur og þeir vita eða mega vita eftir öllum

atvikum að dæma, að eru ótollafgreiddar. Þá er og heimilt að gera upptækar handa ríkissjóði vörur, sem hafa gengið þannig manna á milli án undanfarandi tollafgreiðslu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um 1. gr.

Í samningnum við Bandaríkin frá 7. október 1946 eru stjórn Bandaríkjanna heimiluð tiltekin afnot af flugvellinum í Keflavík, gert ráð fyrir tollfrelsi fyrir ákveðnar vörur og skattfrelsi fyrir tekjur þess starfsliðs Bandaríkjanna, sem kemur til að dvelja á vellinum. Til þess að þessi réttindi samrýmist íslenzkri löggjöf og fái hér lagagildi, þarf að breyta hlutaðeigandi íslenzkum lögum í samræmi við þetta. Hefði ef til vill verið eðlilegast að breyta hverjum einstökum lögum, sem samningurinn snertir, í samræmi við hann, en þar eð sú aðferð yrði of umsvifamikil, er hér farin sú leið að breyta með einum lögum þeim ákvæðum íslenzkra laga, sem samningurinn snertir. Þá þótti rétt að binda lögin aðeins við þau atriði, sem varða íslenzka löggjöf, en ekki að lögfesta samninginn í heimild, eins og t. d. var gert í lögum nr. 33/1933, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samkomulagi um viðskiptamál milli Íslands og Noregs.

Um 2. gr.

Í 9. lið samningsins frá 7. október 1946 segir, að eigi skuli leggja neina tolla eða önnur gjöld á efni það, útbúnað, nauðsynjar eða vörur, sem inn er flutt til afnota fyrir stjórn Bandaríkjanna eða umboðsmenn hennar samkvæmt samningnum, eða til afnota fyrir starfslið það, sem dvelur á Íslandi vegna starfa, sem leiðir af framkvæmd samningsins. Eftir þessum lið samningsins, sem ætlazt er til, að verði lögfestur með samþykkt þessa frumvarps, er gert ráð fyrir tilteknum mönnum, sem njóta hér tollfrelsis. Hafa menn þessir að þessu leyti sömu aðstöðu og erlendir sendimenn og hermenn, er hér dvelja. Meðan herlið dvaldi hér á landi, þótti ástæða til að breyta tolllögum í þá átt, að óheimilt væri að kaupa ótollafgreiddar vörur af hermönnunum, sbr. lög nr. 13/1941, um viðauka við lög nr. 63 31. desember 1937, um tollheimtu og tolleftirlit. Með því að lög þessi eiga aðeins við hermenn, og þau geta því að sjálfsögðu ekki átt við starfslið Bandaríkjanna á flugvellinum, þykir rétt að gera enn viðauka við tolllögin og banna mönnum þessum að eiga viðskipti um vörur, sem þeir hafa fengið tollfrjálsar inn í landið. Refsingin er þó ekki aðeins bundin við þessa menn, heldur og við þá, sem eiga viðskipti við hina nefndu menn, svo sem var skv. lögunum frá 1941. Þá er og heimiluð eignaupptaka eins og var eftir sömu lögum.

Nd. 82. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 50 frá 1946, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða:

1. að iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög sveitarfélaga samkvæmt 114. gr. skuli á árinu 1947 innheimtast með vísitöluálagi, er miðist við 300 stig;

2. að skírteinagjald samkv. 3. málsgr. 127. gr. skuli á árinu 1947 vera 30 kr. (jafnt fyrir karla og konur) og afhending skírteina í fyrsta sinn, sbr. 2. málsgr. 127. gr., fram fara í janúar 1947;
3. að iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. og 113. gr., sem á eru lögð með tekju- og eignarskatti 1947, skuli eigi innheimt, ef hlutaðeigendur hafa hætt rekstri fyrir árslok 1946;
4. að vangreiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda á árinu 1947 skuli varða skerðingu eða missi réttinda til sjúkrahjálpar á árinu 1948 samkv. 132. gr.;
5. að lágmarksiðgjald sjúkrasamlaga, annarra en skólasamlaga, skuli á árinu 1947 vera 5 kr. á mánuði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samkv. beiðni félagsmálaráðuneytisins, í því skyni að gera framkvæmd einstakra atriða laganna auðveldari á fyrsta ári tryggginganna, meðan þau koma eigi að fullu til framkvæmda og verið er að breyta núverandi fyrirkomulagi í það horf, sem lögin gera ráð fyrir. Hefur verið ráðgazt við innheimtumenn og umboðsmenn Tryggingastofnunarinnar, og er frumvarpið samið með hliðsjón af þeim bendingum, sem fram hafa komið í þeim viðræðum.

Heilbrigðis- og félagsmálanefndir beggja deilda hafa haldið sameiginlegan fund um málið, og voru allir viðstaddir nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt frv.

Nd. 83. Frumvarp til laga

um félagaheimili.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Félagaheimili, sem lög þessi ná til, eru samkomuhús þau, er ungmennafélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög og önnur menningarfélög í sveitum og kaupstöðum, sem almenningi standa opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar starfsemi sinnar.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að ⅓ hluta byggingarkostnaðar félagaheimila og eins, hvort sem eitt þeirra félaga, er um getur í 1. gr., stendur að slíku húsi eða tvö eða fleiri saman. Ekki skal styrkur greiddur samkvæmt lögum þessum nema til byggingar eins félagaheimilis innan sama bæjar- eða sveitarfélags, á meðan ekki er fullnægt þörfum annarra bæjar- eða sveitarfélaga með slíkt hús.

Nú hefur félagaheimili notið eða nýtur byggingarstyrks úr ríkissjóði auk þess, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og skal þá styrkur samkvæmt þeim eigi nema meiru en því, sem á vantar, að byggingarstyrkur frá ríkinu nemi samtals ⅓ byggingarkostnaðar.

3. gr.

Ef bæjar- eða sveitarfélag hefur forgöngu um byggingu félagaheimilis á sínu félagssvæði, skal það njóta sams konar stuðnings og önnur félagaheimili samkv. lögum þessum, enda standi þá húsið til frjálsra afnota menningarstarfsemi, er um getur í 1. gr.

Áskilji bæjar- eða sveitarfélag sér að nota húsið einnig til sinnar starfsemi að meira eða minna leyti, skal draga frá kostnaðarverði þess hæfilegan hluta að dómi fræðslumálastjórnar, áður en byggingarstyrkur er reiknaður, vegna afnota sveitar- eða bæjarfélags af húsinu.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, sem tekin eru vegna félagaheimila samkvæmt lögum þessum, enda fái þá ríkissjóður jafnframt tryggingu í húsinu með 1. veðrétti. Lán þessi mega nema allt að ⅓ byggingarkostnaðar.

5. gr.

Óheimilt er að veðsetja félagaheimili, sem reist er samkvæmt lögum þessum, nema fyrir láni eða vegna ábyrgðar ríkissjóðs til greiðslu byggingarkostnaðar eða vegna endurbóta á húseigninni. Veðlán þessi mega aldrei nema meiru en ⅓ hluta byggingarkostnaðar eða ½ endurbótakostnaðarins.

6. gr.

Gera má það að skilyrði fyrir stuðningi ríkisins við stofnun félagaheimilis samkvæmt lögum þessum, að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag sjái því fyrir viðunandi byggingarlóð.

7. gr.

Félagaheimili, sem njóta styrks úr ríkissjóði, skulu reist eftir uppdrætti, er íþróttanefnd samþykkir. Skal stærð hverrar byggingar og gerð, að dómi íþróttanefndar, vera við hæfi þeirrar byggðar, þar sem hún er reist.

Umsóknir um styrki til félagaheimila skal senda íþróttanefnd, er gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um fjárframlög til þeirra og hefur eftirlit með framkvæmdum.

8. gr.

Nú óskar félag eða félög, sem um getur í fyrstu grein, en ekki hafa staðið að byggingu eða stofnun félagaheimilis, að fá ítök í eða afnot af félagaheimili í sveitar- eða bæjarfélaginu. Skal þá eiganda eða eigendum félagaheimilis skylt að láta þeim í té hlutdeild í heimilinu til eignar eða afnota, ef eigandi kýs það heldur. Skulu þá hinir nýju þátttakendur greiða nokkurn hluta byggingarkostnaðar eða leigu. Rísi ágreiningur um greiðsluna, sker fræðslumálastjórn úr.

9. gr.

Óheimilt er að selja félagaheimili, sem styrkt eru úr ríkissjóði, nema íþróttanefnd og fræðslumálastjórn samþykki. Ef sala fer fram, skal endurgreiða framlag ríkissjóðs.

10. gr.

Leggist eitt eða fleiri félög niður, sem staðið hafa að byggingu félagaheimilis, tekur það eða þau félög, sem starfa áfram, á sig allar skyldur vegna eignarinnar.

Leggist öll félög niður, sem hlut eiga að máli, skal stjórn þess hrepps eða bæjar, sem húsið er í, gefinn kostur á að taka við stjórn og rekstri þess.

Nú neitar sveitarstjórn að taka við félagaheimili til rekstrar, og skal fræðslumálastjórn þá skipa þriggja manna nefnd, er kveður á um, hvernig ráðstafa skuli eigninni. Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tillögum þeirra, er síðast höfðu umráð yfir húsinu, annar eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, en hinn þriðji án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Nefnd þessi getur ákveðið að láta fara fram sölu á húsinu til lúkningar áhvílandi skuldum og endurgreiðslu byggingarstyrks ríkisins.

11. gr.

Hvert félagaheimili, sem reist er samkvæmt lögum þessum, skal reka sem sjálfstæða stofnun, og skal því sett sérstök skipulagsskrá.

12. gr.

Ágreiningi, sem rísa kann út af skilningi á lögum þessum eða framkvæmdum þeirra, skal skjóta til úrskurðar fræðslumálastjórnar.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal veita stuðning samkvæmt þeim félagaheimilum, sem hafin hefur verið bygging á eftir 1. janúar 1942, enda séu þau styrkhæf að dómi íþróttanefndar.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur margháttuð félagsstarfsemi færzt mjög í vöxt hér á landi, auk þess sem sveitar- og bæjarfélög eru fastir hlekkir í þjóðfélagskeðjunni. Þótt ungmennafélög, íþróttafélög, skátafélög, kvenfélög og önnur slík séu af öðrum rótum runnin, hafa þau náð mikilli útbreiðslu í landinu, enda leikur það ekki á tveim tungum, að þau hafa stóru hlutverki að gegna í uppeldismálum og menningarbaráttu þjóðarinnar. En til þess að slík félög geti þrifizt og rækt það hlutverk, sem þau hafa sett sér að markmiði, þurfa þau að njóta sæmilegra starfsskilyrða. Því fjölþættari sem félagsstarfsemin er, því meiri þörf er á, að í hverri byggð rísi upp vandað félagaheimili, sniðið við þarfir og fólksfjölda á hverjum stað.

Æskufólkið þráir félagslíf. Eitt af því, sem lokkar það úr sveitum og til kaupstaða, er von um auðfengnar skemmtanir í þéttbýlinu. Bygging félagaheimila er því nauðsynlegur þáttur í umbótastarfi sveitanna. Í þéttbýlinu er þó sízt minni þörf fyrir slíkar byggingar. Þar er svigrúmið minna og vinnan einhæfari en við hin fjölbreyttu framleiðslustörf sveitanna. Ef þar eru ekki skilyrði til að halda uppi heilbrigðu og þróttmiklu félagslífi, verða skemmtanirnar menningarsnautt hringl, mótað af þeim háttum, sem götulífið skapar.

Fyrstu samkomuhúsin, sem byggð voru á víð og dreif í landinu, munu hafa verið reist upp úr síðustu aldamótum. Munu félög templara allvíða hafa riðið á vaðið í þeim efnum. Þegar skammt var liðið á öldina, hófu ungmennafélögin göngu sína hér á landi með miklum þrótti. Eitt af viðfangsefnum þeirra var að stuðla að því, að reist væru samkomuhús í mörgum byggðarlögum. Þótt þessi hús bættu úr brýnni þörf, voru þau yfirleitt af vanefnum ger og eru nú flest orðin fornfáleg og ófullnægjandi.

Þegar hafizt var handa um að reisa heimavistarskóla í sveitum, var það álit margra, að með því mætti sameina það tvennt að koma upp skóla- og samkomuhúsi fyrir það byggðarlag, er að byggingunni stæði. Reynslan hefur nú skorið úr því ótvírætt, að þetta getur aðeins farið saman á stöðum, þar sem fámennt er og gestastraumur takmarkaður. Þétt fundahöld í húsakynnum skólanna trufla starfsemi þeirra, valda átroðningi og erfiði við að halda húsunum hreinum, sem starfsfólki skólanna er örðugt að rísa undir.

Það er og algengt, enda er skólalöggjöfin að miklu leyti við það miðuð, að tveir eða fleiri hreppar sameinist um skóla. Liggur í augum uppi, að þeir hreppar, sem engan skóla hafa innan sinna vébanda, geta ekki án þess verið að eiga félagaheimili vegna fundahalda og mannfagnaðar. Með þessu frv. er lagt til, að þetta menningarmál verði stutt af þjóðfélagsins hálfu á þann hátt, að ríkissjóður greiði þriðja hlutann af byggingarkostnaði félagaheimila, ef fullnægt er settum skilyrðum, og greiði fyrir því, að aðilar, er að slíkum framkvæmdum standa, geti fengið hagkvæm lán fyrir allt að þriðjungi stofnkostnaðar.

Af hálfu ýmissa félagasambanda í landinu hafa verið samþykktar áskoranir til Alþingis um að leysa þetta mál. Það sýnir, að þess er beðið með nokkurri óþreyju víða um land, að Alþingi líti á þá nauðsyn, sem fyrir hendi er í þessu efni, og afgreiði lög um þetta menningarmál.

Ed. 84. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Aftan við c-lið 6. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málsliður, svo hljóðandi: Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis- og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afgreiðslu þess. Einn nefndarmanna, Ásmundur Sigurðsson, var ekki viðstaddur, er málið var tekið til flutnings.

Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

„Með lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, var felldur niður c-liður 2. gr. laga nr. 9 5. maí 1941. Var sú niðurfelling gerð í því skyni að rýmka ráðstöfunarrétt hlutafélaga yfir varasjóðum sínum. Þess var þó ekki gætt, að í 2. málsl. c-liðar laganna frá 1941 voru undanskilin ráðstöfunartakmörkunum opinber verðbréf ríkis og bæjarfélaga, og féll því sú undanþága niður með c-lið 2. gr. laganna frá 1941. Er því samkvæmt núgildandi skattalögum hlutafélagi, sem á í varasjóði, ekki heimilt að kaupa slík bréf, nema refsiskattgreiðslur komi til.

Með því að óeðlilegt virðist, að slíkar takmarkanir gildi um kaup opinberra verðbréfa, er frumvarp þetta borið fram.“

Nd. 85. Frumvarp til laga

um dagheimili fyrir börn innan skólaskyldualdurs.

Flm.: Katrín Thoroddsen.

1. gr.

Með dagheimili er átt við:

a. Gæzlustöðvar fyrir börn frá eins mánaðar aldri til þriggja missira. Börnin eru tekin daglangt í fóstur og annazt um þau þar að öllu leyti. Hjúkrunarkona hefur yfirumsjón með stöðinni, og sé hún ekki sérfróð í smábarnauppeldi, hefur hún sér til aðstoðar leikskólafóstru auk annars starfsfólks.
b. Leikskóla fyrir börn eins og hálfs til sex ára gömul. Börnin dvelja þar daglangt undir eftirliti leikskólafóstra.
c. Leikskóla fyrir börn á aldrinum eins og hálfs til sjö ára, rekinn með sama sniði að öðru leyti en því, að börnin dvelja þar aðeins hálfan daginn, fyrri eða síðari hluta dags, eftir aðstæðum heimilanna.

2. gr.

Yfirstjórn dagheimila er í höndum fræðslumálastjórnarinnar.

3. gr.

Dagheimili skulu vera í hverjum kaupstað landsins. Í kauptúnum og þorpum ákveður barnaverndarnefnd staðarins eða barnaverndarráð eftir tillögum félagasamtaka þorpskvenna, hvort reka skuli dagheimili.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir tvo fimmtu hluta stofnkostnaðar. Hinn hlutann greiðir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag, sem jafnframt leggur fram ókeypis lóð í þessu skyni. Til stofnkostnaðar telst nauðsynlegur húsbúnaður og uppeldistæki.

Ríkið tekur þátt í rekstrarkostnaði dagheimila að því lyti, að það greiðir laun hjúkrunarkvenna og leikskólafóstra, enda hafi þær hlotið þá menntun, sem fræðslumálastjórnin tekur gilda. Foreldrar barnanna greiða fæðiskostnað. Viðkomandi sveitarfélag greiðir annan rekstrarkostnað.

5. gr.

Stofnun dagheimila skal hagað svo: Í Reykjavík skal byggja tvö dagheimili á ári, unz þörfinni er fullnægt, og auk þess skal byggja dagheimili jafnóðum fyrir þau ný hverfi, sem reist eru, þannig að að minnsta kosti eitt heimili komi á hverjar 100 íbúðir. Hvert heimili skal taka sem næst 50 börnum, er dvelja allan daginn, og tvisvar sinnum 20 börnum, er dvelja hálfan daginn. Auk þess sé þar gæzlustöð fyrir 30 börn undir eins og hálfs árs aldri, og sé sú deild aðskilin frá hinum.

Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skal koma upp einu heimili á ári, unz þörfinni er fullnægt. Fer um stærð og fyrirkomulag þeirra heimila á sama hátt og í Reykjavík.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð um rekstur dagheimila í samráði við fræðslumálastjórnina og barnaverndarráð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fjallar um aðstoð ríkis og sveitarfélaga við uppeldi barna innan skólaskyldualdurs. Verði það að lögum, leysist á viðunandi hátt vandamál, er krefst skjótrar úrlausnar.

Uppeldisskilyrði barna eru víða í kaupstöðum, en þó einkum hér í Reykjavík, orðin svo slæm, að lífi, heill og heilbrigði hinnar uppvaxandi kynslóðar er bein hætta búin, ef ekki er úr bætt. Valda hér um mestu breyttir lifnaðarhættir þjóðarinnar hina síðustu áratugi og snögg umskipti frá dreifbýli til þéttbýlis og þröngbýlis. Vegna hvors tveggja er þörf á meiri árvekni og aðgæzlu í uppeldismálum, en jafnframt er erfiðara að koma slíku við í heimahúsum. Enda þótt langsamlega flestum foreldrum sé þetta vel ljóst, eru þeir næsta fáir, sem þess eru umkomnir að búa svo að börnum sínum sem skyldi, jafnvel þó fjárhagsafkoma þeirra sé góð. Ber margt til þessa, svo sem vanþekking á þörfum barna og þroskaleiðum, en þó einkum óhagkvæmar ytri aðstæður, sérstaklega lítil og léleg húsakynni, skortur á svæðum útivið, þar sem börnin geta verið óhult, og loks ónógir starfskraftar til búsýslu og barnagæzlu.

Án aðgerðar löggjafarvaldsins er umbóta ekki að vænta á þessu sviði svo nokkru nemi. Þjóðfélagsheildinni er og bæði skylt og hagkvæmast að tryggja hinum uppvaxandi þegnum þá þroskamöguleika, að þeir megi verða hraustir og nýtir menn með heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur.

Hvað kostnaðinum viðvíkur, má ætla, að hann verði allmikill, en í það má þó ekki horfa, þar sem heill og velferð hinnar uppvaxandi íslenzku æsku er í veði. Þannig má gera ráð fyrir, að stofnkostnaður hvers heimilis verði rúmlega hálf milljón króna.

Af dagheimilum er þegar fengin góð reynsla bæði hér og erlendis. Þau eru viðurkenndar uppeldis- og fræðslustofnanir, er að því miða að veita börnunum meira öryggi og ákjósanlegri þroskaskilyrði en kostur er á í heimahúsum, án þess þó að taka ábyrgð uppeldis úr höndum foreldranna.

Nd. 86. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

a. Í stað orðanna „65 ára“ í 1. málsgr. 1. gr. laganna komi: 70 ára.
b. 2. málsgr. 1. gr. falli burtu.

2. gr.

Orðin „65 eða“ í fyrri málsgrein 2. gr. laganna svo og síðari málsgr. sömu greinar falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Lög um hámarksaldur embættismanna og opinberra starfsmanna hafa verið í gildi í 10 ár. Þetta verður að teljast nægur reynslutími. Í ljós hefur komið mjög greinilega, að flestir embættismenn og opinberir starfsmenn eru færir um að gegna starfinu til sjötugsaldurs. Nú er það svo, að flestir þeir, sem leystir eru frá embætti eða opinberu starfi, taka allhá eftirlaun, og sumir halda jafnvel óskertum launum. Bersýnilega er það óhagstætt fyrir ríkið að greiða há eftirlaun miklum fjölda manna, sem þó eru vel færir um að halda embættum sínum eða störfum.

Nd. 87. Frumvarp til laga

um orlofsheimili verklýðsfélaga og samkomuhús í sveitum.

Flm.: Sigurður Guðnason, Hermann Guðmundsson.

1. gr.

Þau verklýðsfélög, sem samþykkja að koma upp orlofsheimilum fyrir félagsmenn sína, og þau ungmennafélög í sveitum, sem vilja koma upp samkomuhúsum fyrir starfsemi sína, skulu njóta þeirrar aðstoðar ríkissjóðs, er um getur í lögum þessum, enda uppfylli þau skilyrði laganna og þeirra reglugerða, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

2. gr.

Ríkissjóður skal árlega leggja fram 250000 kr. sem óendurkræfan styrk til bygginga orlofsheimila og aðrar 250000 kr. til byggingar samkomuhúsa í sveitum. Þó skal styrkur til hvers einstaks heimilis eða samkomuhúss ekki nema hærri upphæð en 25% stofnkostnaðar. Til stofnkostnaðar telst allur nauðsynlegur húsbúnaður. Ef framlag ríkissjóðs nægir ekki til að fullnægja umsóknum, skal Alþýðusamband Íslands ákveða, hvaða félög njóta styrks í hvert skipti af fé því, sem veitt er til orlofsheimila, en Ungmennafélag Íslands af fé því, sem veitt er til samkomuhúsa.

3. gr.

Ef verklýðsfélag í kaupstað eða kauptúni og ungmennafélag í sveit koma sér saman um að byggja í sameiningu félagsheimili, er fullnægi þörfum beggja, skal þeim það heimilt, og má þá styrkur hins opinbera nema 50% byggingarkostnaðar. Skulu þau félagsheimili hafa forgangsrétt um opinbera aðstoð, enda greiðist þá helmingur styrkupphæðarinnar af því fé, sem veitt er til orlofsheimila, og hinn helmingurinn af því fé, sem veitt er til byggingar samkomuhúsa.

4. gr.

Nú ákveður verklýðsfélag að byggja orlofsheimili án samvinnu við ungmennafélag, og skal það þá senda Alþýðusambandi Íslands uppdrátt af heimilinu ásamt kostnaðaráætlun. Að fengnum meðmælum Alþýðusambandsins skal ríkissjóður greiða styrk til byggingarinnar samkvæmt 2. gr.

Þegar ungmennafélag hefur ákveðið að byggja samkomuhús án samvinnu við verklýðsfélag, skal það senda Ungmennafélagi Íslands uppdrátt að húsinu ásamt kostnaðaráætlun. Að fengnum meðmælum stjórnar Ungmennafélags Íslands skal ríkissjóður einnig greiða styrk til hússins samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Þau félagaheimili, er reist verða samkvæmt fyrirmælum 3. gr., skulu byggð eftir uppdráttum, er hlotið hafa samþykki nefndar, er félagsmálaráðherra skipar. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu stjórnar Alþýðusambands Íslands, annar eftir tilnefningu stjórnar Ungmennafélags Íslands, en þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og sé hann formaður. Skal þess vandlega gætt, að gerð og fyrirkomulag slíkra heimila sé þannig, að þau fullnægi þörfum beggja aðila.

6. gr.

Þá skal og ríkisstjórnin ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, er viðkomandi félög taka til bygginganna, eftir þessum reglum:

a. Fyrir orlofsheimili og samkomuhús byggð samkvæmt fyrirmælum 2. gr. allt að 50% stofnkostnaðar.
b. Fyrir félagaheimili, byggð samkvæmt fyrirmælum 3. gr. allt að 25% stofnkostnaðar.

Þó skal samanlögð lánsupphæð, er ríkissjóður ábyrgist, ekki vera hærri en 800 þús. kr. á ári.

7. gr.

Orlofsheimili, samkomuhús og félagaheimili, sem byggð eru samkvæmt lögum þessum, eru eign viðkomandi félagasamtaka. Skulu þau annast stjórn heimilanna og rekstur allan, þar með talið viðhald húsa og húsgagna.

8. gr.

Nánari fyrirmæli um gerð og annað, er varðar rekstur orlofs- og félagaheimila og samkomuhúsa, er byggð eru samkvæmt lögum þessum, skulu sett í reglugerð, er félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og birt skal í B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að ráða nokkrar bætur á brýnum þörfum þeirra félagasamtaka, er hér um ræðir, til að koma upp nauðsynlegum heimilum til starfsemi sinnar.

Á síðari árum hefur það mjög farið í vöxt, að bæjarbúar vilji nota þann frítíma, er þeir hafa frá störfum sínum, til þess að ferðast um sveitir landsins og dveljast um nokkurra daga skeið á heppilegum og fögrum stöðum sér til hvíldar og hressingar. En skortur á viðeigandi gisti- og dvalarheimilum hefur mjög hindrað slík ferðalög alls þorra þess fólks, sem annars hefði viljað nota frítíma sinn á þennan hátt.

Heimavistarskólar sveitanna eru því nær einu stofnanirnar, sem hægt hefur verið að nota í þessum tilgangi, enda hefur aðsókn að þeim verið miklu meiri en móttökugeta.

Með gildistöku orlofslaganna 1943 jókst þörfin fyrir slík heimili um allan helming, þar sem ákveðið er, að hver launþegi skuli hafa 12 daga orlof á ári. Það má segja, að nokkuð skiptist í tvö horn um það, hvernig orlofshafar vilja nota þennan tíma. Margt af hinu yngra fólki vill ferðast um landið án þess að hafa langar dvalir á sama stað. Aftur á móti vill fjöldi af hinum eldri verkamönnum dvelja mestallan leyfistímann á sama stað, sér til hvíldar og hressingar.

Sum verklýðsfélög hafa þegar byrjað að skipuleggja slíkar orlofsferðir á hinn myndarlegasta hátt, en orðið að takmarka þá starfsemi mjög, vegna skorts á gisti- og dvalarheimilum, og má þar með segja, að fjöldi orlofshafa sé því nær útilokaður frá því að geta notað frítíma sinn eins og æskilegt væri.

En samhliða þessari þörf má svo benda á æskulýðsfélagsskap sveitanna — ungmennafélögin —, sem flest eiga mjög erfitt með að fullnægja þörf sinni fyrir samkomuhús til félagsstarfsemi sinnar. Er þar þó um stórmikið menningarmál að ræða, sem leysa þarf svo að viðunandi sé.

Á síðasta Alþingi var flutt frv. um orlofsheimili, sem ekki varð útrætt. Nú er flutningsmönnum það ljóst, að hér er um hliðstæður að ræða, sem í allmörgum tilfellum má leysa með sameiginlegu átaki. Starf ungmennafélaganna er aðallega vetrarstarf, en aftur á móti þurfa verklýðsfélögin ekki að nota húsin nema yfir sumarið, meðan orlofstíminn stendur yfir. Það er því álit flutningsmanna, að rétt sé að stuðla að samvinnu milli þessara félagasamtaka, þar sem því verður við komið.

Þó mun ekki rétt, að binda hina opinberu aðstoð neinum skilyrðum um slíka samvinnu, því að í fyrsta lagi mun ekki vera hægt að koma henni við alls staðar, og í öðru lagi þýðingarlaust að ætla að þvinga hana fram, ef félagslegur skilningur er ekki fyrir hendi. Hins vegar þykir rétt að ýta fremur undir byggingu þeirra heimila, er samvinna tekst um, bæði til að örva samstarfsviljann og nota fé hagkvæmar en ella. Er þetta m. a. gert með því að ákveða forgangsrétt slíkra félagaheimila, ef umsóknir verða meiri en svo, að hin ákveðna fjárhæð nægi.

Til þess að þessar stofnanir geti náð tilgangi sínum, þurfa þær að vera allvel útbúnar. Í hinum sameiginlegu félagaheimilum og orlofsheimilunum þarf að vera eldhús, borðsalur, lestrarsalur og svefnherbergi fyrir ákveðinn fjölda gesta. Gætu hin stærri verklýðsfélög skipulagt dvalir meðlima sinna þannig, að húsnæðið væri nær alltaf í notkun þann tíma, sem orlofin standa yfir, en það er einmitt sá tími, sem minnst er um félagsstarfsemi í sveitunum vegna anna. Frá heimilunum mætti síðan skipuleggja stuttar skemmtiferðir um nágrennið ákveðna daga dvalartímans. Annan tíma ársins væru heimilin hinir ákjósanlegustu staðir fyrir félags- og skemmtanalíf íbúa í viðkomandi sveitum.

Hér er um stórmikið menningarmál að ræða, sem full ástæða er til, að hið opinbera leggi lið, engu síður en fjölmörgu öðru, sem sjálfsagt þykir að styðja.

Nd. 88. Frumvarp til laga

um kirkjubyggingar og þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa.

Flm.: Gísli Sveinsson, Gunnar Thoroddsen, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Kostnað við að reisa og endurbyggja kirkjuhús þjóðkirkjunnar, sem eru á vegum safnaðanna, greiðir ríkissjóður að ¾ hlutum. Allan annan stofnkostnað greiða söfnuðir.

Andvirði kirkjuhúss, sem fyrir er, gengur til byggingarkostnaðar þess eða endurbyggingar, svo og eign kirkju í hinum almenna kirkjusjóði, eftir því sem til hrekkur, og kemur hlutfallsskiptingin aðeins til greina um þann kostnað, sem fram yfir er.

2. gr.

Auk þess, sem 1. gr. ákveður, ber söfnuðum að sjá um, þar sem þess er þörf, að lögð verði til hentug lóð undir kirkjuhús, er valin sé með ráði húsameistara ríkisins, en hann gerir teikningar af þeim kirkjuhúsum þjóðkirkjunnar, er reisa skal, nema samkomulag sé um, að aðrir húsameistarar geri það, og áætlun um byggingarkostnað, enda hlítir kirkjusmíðin umsjón hans eftir því, sem með þarf.

3. gr.

Á ári hverju skal reisa kirkjuhús eða endurbyggja eldri kirkjur, þar sem þess er þörf, unz fullnægjanlega telst byggt. Á fyrsta ári eftir að lög þessi eru komin í gildi, lætur biskupinn yfir Íslandi fara fram undir umsjón húsameistara rannsókn á því, hverjar kirkjur muni þurfa að byggja upp á næstu fimm árum, og að þeim liðnum skal aftur fara fram sams konar rannsókn til fimm ára og þannig áfram. En að þeirri rannsókn lokinni hvert sinn gerir húsameistari í samráði við biskup áætlun sína um bygging þessara kirkjuhúsa, sbr. 2. gr., með tillögum um, hvenær og í hvaða röð húsin skuli reist á hinu tiltekna árabili, og sé byggt á víxl í landsfjórðungunum eftir þörfum. Er ríkisstjórn því næst skylt að ætla til þess fé í fjárlögum að hluta ríkissjóðs og leggja fyrir Alþingi.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig, eftir því sem við á, um þau kirkjuhús, sem eru að fullu í umsjá ríkisins (ríkiskirkjur).

4. gr.

Kirkjuhús skulu gerð úr sem varanlegustu og eftir staðháttum hentugustu efni, og telst til byggingar þeirra allt, sem þarf til þess, að þau geti heitið vel nothæf og vönduð guðshús. Kirkjuhúsum skulu fylgja hitunartæki.

5. gr.

Söfnuðir hafa sem áður full umráð kirknanna, og annast sóknarnefndir fyrir hönd safnaðanna umsjón þeirra og viðhald, en kostnaður við það skal tekinn af lögmæltum sóknargjöldum (kirkjugjöldum).

Af kirkjugjöldum skal greiða kostnað við tíðagerðir.

6. gr.

Alla sérstaka prýði, er söfnuði þykir rétt að gera við kirkju, hvort sem er innan húss eða utan, annast söfnuðurinn sjálfur. Þar sem kirkja stendur eigi í kirkjugarði, er söfnuði skylt að halda við á sinn kostnað og í góðu standi lóðinni kringum kirkjuhúsið, svo og vegi til kirkjunnar, þar sem hans er þörf, en stofn-

kostnað vegarins leggur ríkið til móts við söfnuð og girðingu kringum kirkjulóð, hvort tveggja að ¾ hlutum.

Um bygging og viðhald kirkjugarða fer eftir lögum um það efni.

7. gr.

Ef meiri hluti einhvers safnaðar, þó eigi færri en ¾ safnaðarmanna, samþykkir á löglegan hátt að mynda fríkirkjusöfnuð utan þjóðkirkjunnar og fær sér viðurkenndan forstöðumann (prest), er kirkjustjórninni heimilt að gefa þeim söfnuði kost á að eignast eða taka á leigu kirkjuhús sóknarinnar með öllu tilheyrandi, ef meiri hluti þeirra safnaðarmanna, er eftir standa í þjóðkirkjunni, samþykkir það.

8. gr.

Með gildistöku þessara laga eru úr gildi felld öll önnur lagaboð, er í bága kunna að koma við þau.

Bráðabirgðaákvæði.

Kirkjuhús þau, sem eru í smíðum, þegar lög þessi koma til framkvæmda, falla að öllu leyti undir ákvæði þeirra, ef hlutaðeigandi sóknarnefnd æskir þess og samþykkt er um það gerð á lögmætum safnaðarfundi. Einnig getur kirkjumálaráðherra ákveðið, í samráði við biskup, ef sömu aðilar óska þess, að áður reist kirkjuhús komi undir ákvæði laganna, eftir því sem við þykir eiga.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram í Nd. á þingi 1944, og fylgdi því ýtarleg greinargerð, sem vísast til. Fékk menntamálanefnd deildarinnar málið til meðferðar, en ekki varð það útrætt.

Síðan hefur málið legið fyrir öllum söfnuðum landsins, að tilhlutun biskupsins yfir Íslandi. Hefur prestastefnan (synodus) 1945, hinn almenni kirkjufundur s. á., margir héraðsfundir og safnaðarfundir gert um það ályktanir og lýst sig því fylgjandi. Hefur frv. nú verið athugað að nýju og gerðar á því þær breytingar á orðalagi og öðru, sem gera ákvæði þess enn skýrari og sýna tilgang þess og takmark ótvíræðar en áður þótti vera.

Nánar í framsögu.

Nd. 89. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina kemur:

a. Á eftir A. 20. í 1. gr. l. nr. 37 1943 kemur nýr liður:
Vorsabæjarvegur: Frá Gaulverjabæjarvegi um Vorsabæjarhverfi, Hamarsbæi, Snóksnes og austur á Partaveg.

b. Á eftir A. 21. í sömu lagagr. kemur nýr liður:
Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Strokkhól um Sandvík að Kaldaðarnesi.

Sþ. 90. Tillaga til þingsályktunar

um eignarnám á lóðum vegna Menntaskólans í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um eignarnám á lóðum og húsum á landspildu þeirri, sem er austanvert við Menntaskólann í Reykjavík, milli Amtmannsstígs, Bókhlöðustígs og Þingholtsstrætis. Skal land þetta og húseignir síðan lagt til afnota fyrir nemendur og kennara menntaskólans.

Greinargerð.

Þegar löggjöf sú um skólamál, sem síðasta Alþingi samþykkti, er komin til framkvæmda, verður Menntaskólinn í Reykjavík a. m. k. að taka á móti 1000 nemendum. Er því sýnilegt, að þar muni þurfa að auka stórmikið við húsakynni. Í tilefni af því hefur fyrrverandi kennslumálaráðherra lagt til, að keypt yrði vegna skólans allmiðið land milli Laugarness og Kleppsspítala, og mun hafa verið áformað að reisa þar hús fyrir ca. 12 milljónir króna. Mundi það hafa verið álitleg byrjun, einkum með því að nota líka gamla skólahúsið fyrst um sinn. En þegar til kom, verður Reykjavík að taka þessar lóðir við Viðeyjarsund til þarfa útgerðarmanna í bænum, sem hafa í þeim efnum hvergi höfði sínu að að halla. Er þá sýnilegt, að ekki muni verða úr flutningi skólans, enda voru gamlir nemendur, og þeir eru margir áhrifamenn, mjög mótfallnir umræddri breytingu, sem auk þess hefði orðið mjög kostnaðarsöm fyrir nemendur og aðstandendur þeirra í bænum. Er þess vegna lagt til, að hér verði tekið á málinu með nokkurri forsjá; gamli skólinn notaður um ófyrirsjáanlega langan tíma, en bætt við nýjum byggingum ofanvert við skólahúsið, kennslustofum, rannsóknarstofum, vinnustofum, íþróttasölum, bókasöfnum og nauðsynlegum íbúðum fyrir kennara og starfslið skólans.

Nd. 91. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Katrín Thoroddsen.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 11. gr. laganna komi þrjár nýjar málsgr.:

Þó er giftri konu, sem stundar sjálfstæða atvinnu utan heimilis síns, heimilt að telja fram sérstaklega til skatts þær tekjur, sem hún hefur af þeirri atvinnu, er tekjurnar nema meiru en svarar til 1500 kr. grunnlauna, enda sé teknanna ekki aflað í fyrirtæki, sem maður hennar er meðeigandi eða hluthafi í, og skal þá leggja skatt á hana samkvæmt því.

Nú starfar kvæntur maður við atvinnufyrirtæki konu sinnar, og fellur þá heimild til sérsköttunar konunnar niður.

Er gift kona telur sérstaklega fram til skatts, skal frá hreinum tekjum hennar draga 900 kr. áður en skattur er reiknaður, og fellur þá tilsvarandi frádráttarupphæð niður við ákvörðun skatts eiginmanns hennar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það færist æ meira í vöxt, að giftar konur stundi ýmiss konar launuð störf utan heimilis síns, og einnig, að þær hafi með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur, og hefur tekjum þeim, sem konan hefur unnið fyrir, verið bætt við tekjur manns hennar, þegar talið hefur verið fram til skatts.

Konur hafa yfirleitt verið óánægðar með ákvæði skattalaganna hér að lútandi og framkvæmd þeirra, enda er mjög óeðlilegt og óréttlátt, að tekjur tveggja aðila, þó nátengdir séu, skuli vera lagðar saman og skattlagðar í einu lagi, og það ekki sízt vegna stighækkunar skattstigans við hækkandi tekjur.

Er frumvarp þetta fram borið til þess að ráða bót á þessu fyrirkomulagi, og verður gerð nánari grein fyrir frumvarpinu í framsöguræðu.

Nd. 92. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Framan við gr. komi:
Á eftir 30. tölul. í 1. gr. A. komi 2 nýir liðir:
Hornsvegur: Frá Almannaskarði að Horni.
Hvalnesvegur: Frá Svínhólum að Hvalnesi.

Sþ. 93. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á húsnæði handa rektor Menntaskólans í Reykjavík.

Frá menntamálaráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að 650 þús. kr. úr ríkissjóði til kaupa á húsnæði handa rektor Menntaskólans í Reykjavík.

Greinargerð.

Haustið 1942, þegar rektor fluttist í íbúðina í menntaskólahúsinu, var honum heitið því af þáverandi ríkisstjórn, að honum skyldi séð fyrir öðru húsnæði á næsta ári.

Á árinu 1945 hafði fjármálaráðuneytið gert ráðstafanir til þess að losa úr leigu húseign þá, er ríkissjóður á við Lækjargötu og nefnd er Gimli. Ræddi ég þá þegar í ríkisstjórninni, að rektor Menntaskólans fengi hús þetta til íbúðar, er það losnaði, því að hann gerði á því engan kost að búa lengur í skólahúsinu. Væri og full þörf á að breyta vistarveru rektors þar í kennslustofur, þegar ykist enn aðsókn að skólanum sakir breyttrar stefnu í menningarmálum. Samtímis mun hafa komið til orða, að biskup fengi hús þetta til sinna nota. Urðu málalok þau í ríkisstjórninni, að ég og kirkjumálaráðherrann skyldum koma okkur saman um ráðstöfun hússins. Gekk það greiðlega, og taldi ég, að fullt samkomulag hefði orðið um, að rektor skyldi flytjast þangað, enda er hús þetta rétt við skólann og að því leyti einkar hentugur rektorsbústaður.

Með þessu móti hugði ég húsnæðismál rektors leyst.

Húsnæði þetta losnaði þó ekki fyrr en síðast liðið vor. Kom þá í ljós, að fjármálaráðherra hafði ráðstafað húsinu á annan hátt og ákveðið, að biskup skyldi flytja þangað að viðgerð lokinni. Fékkst þeirri ákvörðun ekki breytt.

Í sumar dvaldi rektor í menntaskólaselinu austur í Ölfusi og kvaðst eigi þaðan flytja fyrr en íbúð fengist utan skólahússins. Var enn á ný leitað eftir húsnæði handa honum, annaðhvort til kaups eða leigu. Leiguíbúðir buðust engar og eigi kauptilboð, er bæði rektor og fjármálaráðuneytið teldu hentug.

Í byrjun októbermánaðar s. l. skýrði fjármálaráðherra mér og rektor frá húseign í Kleppsholti, sem málflutningsskrifstofa Einars B. Guðmundssonar hefði til sölu. Hefur eign þessi verið athuguð og reyndist að ýmsu gölluð. En við Garðastræti er nú til sölu stórt hús, og vandað að því er virðist. Söluverð þess er 650 þús. kr. Hús þetta er kjallari, tvær hæðir og ris. Mundi rektor nægja til sinna nota efri hæðin og risið, en hinn hlutann mætti nota á annan hátt í þarfir ríkisins.

Ætlunin er að festa kaup á þessu húsi, ef tillagan verður samþykkt, eða öðru, ef hagstæðari kaup bjóðast.

Nd. 94. Frumvarp til laga

um menntun kennara.

Frá menntamálanefnd.

I. KAFLI
Um Kennaraskóla Íslands.

1. gr.

Kennaraskóli Íslands starfar í fjórum ársdeildum, eigi skemur en 8 mánuði á ári.

2. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. kennarastarf í barna- og unglingaskólum landsins;
2. uppeldisstörf félagslegs eðlis, svo sem við barna- og unglingaheimili, barnaleikvelli, fávitahæli, störf á vegum barnaverndarnefnda og annað þess konar;
3. framhaldsnám við Háskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, handíðakennaraskóla og húsmæðrakennaraskóla.

3. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót og ári eldri fyrir hverja aðra ársdeild;
2. að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið eða gert hann sjálfan óhæfan til kennslustarfa;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

4. gr.

Rétt til inngöngu í fyrsta bekk veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með þeirri lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð. Þeim, sem búa sig ekki undir almennt kennarapróf, heldur smábarnakennslu, kennslu í sérgreinum eða uppeldisstörf önnur en kennslu, veitir miðskólapróf verknámsdeildar einnig sama rétt með sams konar takmörkunum.

5. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, eitt Norðurlandamál, ensku, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði, heilsu-

fræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristin fræði, uppeldisfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, skrift, teiknun, handavinnu, íþróttir og söng. Nánari ákvæði um nám og námsgreinar setur fræðslumálastjórn í reglugerð.

6. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok skólaárs, og er próf fjórða bekkjar almennt kennarapróf. Ljúka má námi í einstökum gagnfræðagreinum í öðrum eða þriðja bekk, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á kennaraprófsskírteini.

7. gr.

Þeim, er búa sig eingöngu undir kennslu við smábarnaskóla, í sérgreinum eða undir það að taka að sér uppeldisstörf önnur en kennslu, er eigi skylt að stunda nám í öllum þeim greinum, er að framan hafa verið taldar. Fer um nám þeirra og réttindi eftir reglugerð, er fræðslumálastjórn setur.

8. gr.

Með reglugerð, er fræðslumálastjórn setur, má ákveða, að stúdentspróf í almennum námsgreinum, svo sem íslenzku og íslenzkum fræðum, erlendum tungumálum, náttúrufræði, landafræði og sögu, hafi kennaraprófsgildi. Skulu þeir stúdentar, er þreyta kennarapróf, ekki prófskyldir í þeim námsgreinum, sem í reglugerðinni eru taldar. Einkunnir stúdentsprófsins í þessum greinum skulu færðar á kennaraprófsskírteini þeirra og reiknaðar í aðaleinkunn kennaraprófsins.

9. gr.

Með reglugerð, er fræðslumálastjórn setur, má ákveða, að kennarapróf í almennum námsgreinum, svo sem íslenzku og íslenzkum fræðum, ensku, Norðurlandamálum, kristnum fræðum og sögu hafi stúdentsprófsgildi. Skulu þeir, sem stúdentspróf þreyta að loknu kennaraprófi, ekki prófskyldir í þeim námsgreinum, er reglugerðin greinir. Einkunnir kennaraprófsins í þessum greinum skulu færðar á stúdentsprófsskírteini þeirra og reiknaðar í aðaleinkunn stúdentsprófsins.

10. gr.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum. Kennsluskylda skólastjóra skal ákveðin í erindisbréfi. Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild, auk skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara eftir þörfum í samráði við fræðslumálastjórn. Skyldustundir skulu vera 27 á viku. Kennslustund telst 45 mínútur.

Um skyldur og réttindi kennara skal nánar tekið fram í erindisbréfi, er fræðslumálastjórn gefur út.

II. KAFLI

Um kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands.

11. gr.

Við heimspekisdeild Háskóla Íslands skal koma á fót kennslustofnun í uppeldisvísindum, jafnskjótt og aðstaða er fengin til æfinga- og tilraunakennslu. Hlutverk þessarar stofnunar er að veita kennurum við barnaskóla og skóla gagnfræðastigsins, menntaskóla og sérskóla menntun í uppeldisfræði, sálarfræði og kennslufræði. Auk þess skulu kennarar í uppeldisvísindum annast rannsóknir og leiðbeiningar í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem samrýmist kennslustörfum þeirra.

12. gr.

Þeir nemendur, sem búa sig undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins, skulu stunda kennsluæfingar í þeim skólum, en þeir, sem búa sig undir að verða kennarar í menntaskóla eða sérskóla, skulu stunda kennsluæfingar í menntaskóla eða samsvarandi sérskóla. En að öðru leyti fara kennsluæfingar og annar hagnýtur starfsundirbúningur fram í æfinga- og tilraunaskóla. Háskólakennarar, sem þessa kennslu annast, og nemendur þeirra hafa aðgang að slíkum skóla til athugana og tilrauna.

13. gr.

Rétt til að stunda nám í uppeldisvísindum við stofnun þessa og taka þar próf hafa allir þeir, sem lokið hafa almennu kennaraprófi, svo og stúdentar.

14. gr.

Til að veita þessari stofnun forstöðu og annast þar kennslu skal skipaður einn prófessor. Um skipun hans, launakjör og stöðu fer eftir sömu reglum og um aðra prófessora háskólans. Prófessorinn í forspjallsvísindum og almennri heimspeki annast þar enn fremur kennslu, eftir því sem samrýmist störfum hans. Að öðru leyti skal kennsla falin aukakennurum, er heimspekideild ræður, og greiðist kostnaður úr ríkissjóði.

Um samstarf þessarar stofnunar og æfinga- og tilraunaskóla skal kveða á í reglugerð.

15. gr.

Barnakennurum, sem stunda nám í uppeldisvísindum í háskólanum, er skylt að leggja stund á eftirtaldar greinar:

a. lífeðlisfræði, almenna og hagnýta sálarfræði, sálarfræði barna og unglinga, heilbrigðra, geðveiklaðra, vangefinna og siðferðilega vangæfra;
b. vísindalega og hagnýta uppeldisfræði, sögu uppeldisfræðinnar, sögu uppeldisins, einkum hér á landi, og uppeldislega siðfræði og félagsfræði;
c. almenna kennslufræði og kennsluæfingar í einstökum greinum.

Þeir nemendur, sem búa sig undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins, menntaskóla eða sérskóla, skulu leggja stund á almenna sálarfræði barna og unglinga og kennslufræði, einkum í þeim greinum, sem þeir öðlast réttindi til að kenna.

Kennsla fer fram í fyrirlestrum, tilraunum og æfingum. Sérstaka áherzlu ber að leggja á sjálfstæða vinnu nemenda.

Að öðru leyti fer um nám og próf eftir reglugerð, sem sett er samkv. 2. gr. háskólalaganna, 23. júní 1936.

III. KAFLI

Um æfinga- og tilraunaskóla.

16. gr.

Stofna skal í Reykjavík skóla til kennsluæfinga og tilrauna.

17. gr.

Skólinn starfar sem æfingaskóli kennaraskólans. Skal hann hafa uppeldis- og kennslufræðilegar athuganir með höndum, einkum varðandi barnafræðslu og gagnfræðanám. Skal hann og hafa forgöngu um, að slíkar athuganir verði gerðar í öðrum skólum og unnið úr þeim. Þá getur fræðslumálastjórn falið skólanum að annast útgáfu leiðbeiningarrita fyrir kennara og aðra uppalendur, enn fremur samningu og útgáfu verkefna fyrir skólana, m. a. verkefna í landspróf.

18. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón skólans og setur honum reglugerð. Allur kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Skólanum stjórnar skólastjóri og þriggja manna ráð, skipað skólastjóra kennaraskólans, prófessor við kennslustofnun í uppeldisvísindum og sérfræðingi í uppeldis- og fræðslumálum, er kennslumálaráðherra skipar til fjögurra ára að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, og sé hann formaður ráðsins. Ráðið annast venjuleg skólanefndarstörf við skólann og hefur auk þess á hendi yfirstjórn þeirra athugana, sem fram fara á vegum skólans, sér um, að sendar séu skýrslur um þær, og gerir ásamt skólastjóra tillögur til fræðslumálastjórnar um nýjungar í skólamálum, sem það telur rétt að taka upp samkvæmt niðurstöðum tilraunanna.

20. gr.

Skólaráð gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um veitingu skólastjórastöðunnar. Skólastjóri við skólann skal hafa lokið háskólanámi í uppeldis- og kennslufræðum og auk þess starfað með góðum árangri að skóla- eða uppeldismálum.

21. gr.

Skólaráð gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um val kennara, og hve margir kennarar skulu vera á hverjum tíma. Að jafnaði skal leitast við að fá hina færustu meðal starfandi kennara við aðra skóla til að kenna og gera tilraunir við skólann, enda fái þeir þá leyfi frá störfum við skóla sína, eftir því sem nauðsynlegt er talið.

22. gr.

Í skólanum skulu starfa að minnsta kosti eins margar deildir og skólaskylda nær til margra aldursára á hverjum tíma.

IV. KAFLI
Um Íþróttakennaraskóla Íslands.

23. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands starfar að Laugarvatni eða annars staðar, ef hentara þykir. Hann er eins árs skóli, og er skólaárið eigi skemmra en 9 mánuðir. Heimilt er enn fremur að halda námskeið í ýmsum íþróttum við skólann.

24. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. sérkennslu í íþróttum í barna- og gagnfræðaskólum, svo og öðrum skólum, sem reknir eru eða styrktir af almanna fé.
2. kennarastörf í íþróttum, einni grein þeirra eða fleiri, hjá félögum, stofnunum eða einstaklingum.

25. gr.

Aðalkennslugreinar skólans skulu vera: Íþróttir alls konar, líkams- og heilsufræði, íþróttasaga, íþróttakennslufræði og kennsluæfingar, svo og fræðsla um nauðsynleg áhöld og mannvirki til íþróttaiðkana. Um námsefni skal nánar ákveðið í reglugerð.

26. gr.

Inntökuskilyrði eru þessi:

1. að nemandi sé eigi yngri en 18 ára um næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til íþróttaiðkana;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði;
4. að nemandi hafi lokið miðskólaprófi eða hlotið hliðstæða menntun.

27. gr.

Til þess að öðlast íþróttakennararéttindi samkvæmt 1. tölulið 24. gr. skal nemandi hafa lokið prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands og almennu kennaraprófi.

Í reglugerð skal setja ákvæði um námsefni og prófkröfur fyrir þá nemendur, sem öðlast vilja takmörkuð réttindi til íþróttakennslu samkvæmt 2. tölulið 24. gr.

28. gr.

Við íþróttakennaraskólann skal starfa einn fastur kennari auk skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara í samráði við fræðslumálastjórn.

29. gr.

Þriggja manna skólanefnd hefur umsjón með skólanum. Í skólanefnd eiga sæti: Íþróttafulltrúi ríkisins og 2 menn, er fræðslumálastjórn skipar til fjögurra ára í senn. Skal annar þeirra vera skólastjóri Laugarvatnsskólans, meðan skólinn starfar þar.

30. gr.

Í reglugerð skólans setur fræðslumálastjórn nánari ákvæði um verksvið skólastjóra og skólanefndar.

V. KAFLI
Um Handíðakennaraskóla Íslands.

31. gr.

Stofna skal skóla til að veita menntun þeim, sem vilja gerast sérkennarar í handíðum við barnaskóla, skóla gagnfræðastigsins og húsmæðraskóla. Skólinn nefnist Handíðakennaraskóli Íslands. Skólinn veitir sérmenntun í hvers konar handavinnu karla og kvenna og teiknun. Hann á að fræða nemendur um uppeldisgildi þessara námsgreina og gefa þeim kost á æfingum í að kenna þær.

32. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi sé eigi yngri en 19 ára um næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til handíðanáms;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði;
4. að nemandi hafi lokið almennu kennaraprófi eða hlotið hliðstæða menntun að dómi fræðslumálastjórnar.

33. gr.

Fastir nemendur skólans skulu njóta kennslu eigi skemur en 9 mánuði. Auk þess getur skólinn tekið við nemendum á skemmri námsskeið, annaðhvort til undirbúnings undir hið reglulega nám eða til viðbótarnáms á eftir því. Þá getur skólinn einnig haft námsskeið í einstökum greinum handíða.

34. gr.

Í reglugerð skal kveða nánar á um námsgreinar og námsefni. Þar skulu og settar reglur um viðbótarnám fyrir þá, sem vilja gerast sérkennarar í handíðum við skóla gagnfræðastigsins.

35. gr.

Við skólann skal starfa einn fastur kennari auk skólastjóra. Stundakennara ræður skólastjóri í samráði við fræðslumálastjórn. Launakjör skulu vera hin sömu og við Íþróttakennaraskóla Íslands.

36. gr.

Þangað til stofnaður er skóli sá, sem um ræðir í 31. gr., fer kennsla sú, sem honum er ætlað að inna af höndum, fram í kennaradeild Handíða- og myndlistarskólans í Reykjavík. Ríkissjóður kostar þá deild að öllu leyti, meðan svo stendur.

VI. KAFLI
Um húsmæðrakennaraskóla.

37. gr.

Húsmæðrakennaraskóli skal starfa í Reykjavík eða nágrenni hennar. Hann skal hafa aðstöðu til þess búreksturs, sem nauðsynlegur er vegna námsins.

38. gr.

Heimavist skal vera fyrir þá nemendur, sem búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla.

39. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:
1. hússtjórnarkennslu í húsmæðraskólum og skólum gagnfræðastigsins;
2. ráðskonustörf við heimavistarskóla og aðrar opinberar stofnanir.

40. gr.

Námstími þeirra, er ætla að verða húsmæðraskólakennarar, skal vera 2 ár hið minnsta, en 1 ár fyrir þá nemendur, er búa sig undir hússtjórnarkennslu í skólum gagnfræðastigsins og ráðskonustörf.

Nánari ákvæði um námstíma skulu sett í reglugerð.

41. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:
1. að nemandi sé eigi yngri en 21 árs fyrir næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

42. gr.

Nemendur, sem búa sig undir kennslu við húsmæðraskóla eða gagnfræðaskóla, skulu áður hafa lokið almennu kennaraprófi eða hlotið hliðstæða menntun að dómi fræðslumálastjórnar. Enn fremur skulu þeir hafa stundað fjögurra mánaða nám í húsmæðraskóla og unnið að minnsta kosti 12 mánuði samtals að heimilisstörfum í kaupstað eða sveit.

Þeir nemendur, sem búa sig undir ráðskonustörf, skulu auk skyldunáms hafa lokið prófi í húsmæðraskóla og unnið 12 mánuði hið minnsta við eldhússtörf í matsöluhúsi, heimavistarskóla, sjúkrahúsi eða hliðstæðum stofnunum.

43. gr.

Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum:

V e r k l e g a r : Matreiðsla, ræsting og þvottur, garðrækt, hirðing húsdýra og búsafurða, meðferð ungbarna og kennsluæfingar.

B ó k l e g a r : Manneldisfræði, efnis- og áhaldafræði og búreikningar.

Í reglugerð skal kveða nánar á um námsgreinar og námsefni. Þar skulu og settar reglur um próf og einkunnir.

44. gr.

Við skólann skal starfa einn fastakennari auk skólastjóra. Stundakennara ræður skólastjóri í samráði við fræðslumálastjórn.

45. gr.

Þriggja manna skólanefnd, kosin til fjögurra ára í senn, hefur umsjón með skólanum.

Skólanefnd skal þannig skipuð: Félag húsmæðrakennara tilnefnir einn, Kvenfélagasamband Íslands annan, en fræðslumálastjórn hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar.

46. gr.

Fræðslumálastjórn setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

47. gr.

Heimilt er að halda námsskeið fyrir kennara í aðalkennslugreinum skólans, enn fremur fyrir fóstrur samkvæmt ákvæðum reglugerðar.

VII. KAFLI
Um réttindi kennara o. fl.

48. gr.

Þá eina má skipa kennara eða skólastjóra við skóla þá, sem um getur í lögum þessum, sem hafa:

a. almenna kennaramenntun eða stúdentsmenntun að viðbættu háskólanámi í uppeldis- og kennslufræðum, er fræðslumálastjórn metur gilt;
b. lokið háskólaprófi í þeirri fræðigrein, sem ætlazt er til, að verði aðalkennslugrein hlutaðeigenda;
c. kennt tvö til þrjú ár og hlotið meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra.

Verknámskennarar, þar með taldir íþróttakennarar, þurfa þó ekki að fullnægja skilyrðum b-liðar, en verða að hafa sérmenntun í kennslugreinum sínum, er fræðslumálastjórn metur gilda.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa kennarastöðu, skal þá fræðslumálastjórn leitast við að fá hæfan mann, og má að tveimur árum liðnum gera hann að föstum kennara, enda komi meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra til.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, sem skipa fastar stöður við skóla þá, er hér um ræðir, er lög þessi koma til framkvæmda.

49. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í tíu ár við þá skóla, er í lögum þessum greinir, og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjórn beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum árs orlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof oftar en einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna né torveldi þau.

50. gr.

Sá, sem lokið hefur almennu kennaraprófi, hefur rétt til að kenna við barna- og unglingaskóla.

51. gr.

Próf frá þeim stofnunum, sem veita kennurum framhaldsmenntun og taldar eru í II., IV. og V. kafla þessara laga, veitir þeim, sem því hafa lokið, rétt til starfs sem sérkennurum við barnaskóla. En það telst sérkennarastaða, ef hálfur starfstími kennarans eða meira er í sérgrein hans eða sérgreinum, og skal sérmenntaður kennari hafa forgöngurétt til slíkrar stöðu umfram kennara með almennu kennaraprófi.

52. gr.

Nú eru kenndar í barnaskólum fleiri sérgreinar en sérmenntun er hægt að fá í við stofnanir þær, sem um ræðir í 51. gr., og fer um réttindi sérkennara í þeim samkvæmt ákvörðun fræðslumálastjórnar í hvert sinn, nema sérstök lög verði um það sett. Þó skal þess gætt, svo sem tök eru á, að kröfur um almenna og sérstaka menntun þessara kennara séu eigi minni en gert er ráð fyrir í lögum þessum.

53. gr.

Um réttindi almennra kennara og sérkennara við skóla gagnfræðastigsins fer eftir samsvarandi reglum og við barnaskóla. Þó skulu gerðar til þeirra meiri menntunarkröfur, eftir því sem fært er á hverjum tíma.

54. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón þeirra skóla, er um getur í lögum þessum. Kostnaður við rekstur þeirra greiðist úr ríkissjóði.

55. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 50 1943, um Kennaraskóla Íslands, lög nr. 12 1942, um Íþróttakennaraskóla Íslands, svo og önnur ákvæði, er koma í bág við þau.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt að beiðni menntamálaráðherra, og fylgdu því þær athugasemdir, sem hér fara á eftir. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

„Fyrir 64. löggjafarþing voru lögð frumvörp til laga um tilrauna- og æfingaskóla (99. mál, þskj. 173) og um menntun kennara (100. mál, þskj. 174). Hvorugt þessara frumvarpa náðu afgreiðslu, og hefur milliþinganefnd í skólamálum haft þau til endurskoðunar og fellt hið fyrrnefnda í hið síðarnefnda og tekið upp ýmsar breytingartillögur, sem ræddar voru í menntamálanefnd neðri deildar.

II. kafli hins upphaflega frv. til laga um menntun kennara var sendur háskólaráði til umsagnar af menntamálanefnd Nd. Alþingis. Kaus háskólaráð þriggja manna nefnd til þess að fjalla um málið. Í nefndinni áttu sæti prófessorarnir Sigurður Nordal, Símon Ágústsson og Leifur Ásgeirsson. Átti sú nefnd viðræður um málið við ýmsa af kennurum háskólans. Í þeim viðræðum kom fram nokkur gagnrýni á tillögum milliþinganefndarinnar, einkum á því atriði, að á vegum deildarinnar skyldi gert ráð fyrir kennslu og prófum í öðrum greinum en þeim, sem heyrðu til uppeldis og kennslufræðum.

Niðurstaðan af þessari athugun varð sú, að samdar voru af hálfu heimspekideildar háskólans nýjar tillögur, sem koma skyldu í stað II. kafla frv. Í þeim tillögum eru felld burtu öll ákvæði um aðra kennslu á vegum deildarinnar (eða stofnunarinnar, eins og hún er kölluð í hinum nýju tillögum) en þá, sem lýtur beint að uppeldis- og kennslufræðum. Að öðru leyti eru þessar tillögur í öllum meginatriðum sama efnis og tillögur milliþinganefndarinnar.

Nú lítur skólamálan. að vísu svo á, að sú kennsla, sem ráðgerð var í öðrum greinum en uppeldisfræðum, sé næsta nauðsynleg til að tryggja skólum landsins hæfa kennara, en hún getur aðhyllzt það sjónarmið, að hlutaðeigandi deildir háskólans sjái um þá kennslu að fullu og öllu, og sér enga ástæðu til að ætla, að háskólinn muni skorast undan að veita hana, þótt engin fyrirmæli um það verði sett í lög um menntun kennara.

Á fundi háskólaráðs 18. okt. voru samræmdar tillögur skólamálanefndar og heimspekideildar.

Að þessu athuguðu vill nefndin leggja til, að hinar sameiginlegu tillögur hennar og háskólans verði látnar koma í stað II. kafla frv. til laga um menntun kennara.

Að öðru leyti vísast til ýtarlegra greinargerða, er fylgdu frumvörpunum, eins og þau voru lögð fyrir 64. löggjafarþing.“

Nd. 95. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Við greinina bætist:
C.-kafli sömu lagagr. breytist svo:

a. 3. tölul. orðist svo:
Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi að Efra-Núpi.

b. Á eftir 4. tölul. komi nýr liður:
Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes að Hindisvík.

Nd. 96. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Við greinina bætist:

a. Á undan A. I. b. 1. í sömu lagagrein komi nýr liður:
Núpsá í Miðfirði.

b. Á eftir A. II. 2. í sömu lagagrein komi nýr liður:
Austurá í Miðfirði.

Nd. 97. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

31. gr. laga nr. 115 1936 orðist svo:

Nú vill alþingismaður beiðast skýrslu ráðherra, óska upplýsinga eða svars um einstök atriði eða mál, og gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu Alþingi, er afhent sé forseta. Fyrirspurnir skulu vera skýrar, um afmörkuð atriði og mál, og sé við það miðað, að hægt sé að svara þeim í stuttu máli. Engar greinargerðir skulu skráðar né prentaðar með fyrirspurnum. Forseti felur skrifstofu Alþingis að safna saman þeim fyrirspurnum, er þannig kunna fram að koma, og láta prenta þær vikulega, ef borizt hefur ein fyrirspurn eða fleiri, og útbýta meðal þingmanna á fundi. Eigi síðar en viku eftir að fyrirspurnarlista er útbýtt, skal forseti taka á dagskrá sameinaðs Alþingis í upphafi fundar sérstakan lið, er nefnist fyrirspurnir. Gefst ráðherra þá tækifæri að svara fyrirspurnum, og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðum. Þó mega þingmenn, aðrir en ráðherrar, ekki tala oftar en tvisvar um hverja fyrirspurn, og eigi lengur en 5 mínútur í senn.

Rétt er alþingismönnum einnig að nota sér heimild 54. gr. stjórnarskrárinnar um að beiðast skýrslu ráðherra í þingdeildum.

Við umræður um fyrirspurnir má engar ályktanir gera.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi þingsköpum, 31. gr., er gert ráð fyrir fyrirspurnum af hálfu þingmanna til ráðherra. Fyrirmælin um meðferð fyrirspurnanna eru þar ærið þunglamaleg, enda hefur reynslan sýnt, að framkvæmdir hafa verið stirðar og ekki borið góðan árangur. Það hefur aftur á móti leitt til þess, að einstakir þingmenn hafa öðru hverju borið fram munnlegar fyrirspurnir í byrjun funda, stundum þá án þess að viðkomandi ráðherra væri viðstaddur og oftast án þess að hann vissi fyrirfram um fyrirspurnina og honum þannig á þann hátt gefið færi á að kynna sér málavexti, og hafa svör því stundum orðið ófullkomnari en æskilegt hefði verið, ef svör yfirleitt hafa komið fram. En auðsætt er á öllu, að þingmenn vilja gjarnan eiga þess kost, að bera fram fyrirspurnir til ráðherra og fá við þeim fljót og greið svör, og er það mjög eðlilegt. Fyrir Alþingi því, er nú situr, liggja 10 fyrirspurnir, sem ennþá hefur ekki verið svarað, þó sumar séu fyrir alllöngu fram komnar og leyfðar eftir ákvæðum 31. gr. þingskapanna. Hér er því þörf úrbóta, og er frv. þetta flutt í því skyni.

Efni frv. verður nánar rakið og skýrt í framsögu, en hér aðeins á það bent, að um langan aldur hefur það tíðkazt í brezka þinginu, að líkt skipulag sé viðhaft, og hefur það gefið mjög góða raun og orðið sumum öðrum þingum til fyrirmyndar. Væri því vert að lögbjóða hér á landi slíka háttu, og mundi það án efa, ef skynsamlega og röggsamlega væri framkvæmt, geta orðið til þess að bæta að þessu leyti starfshætti Alþingis.

Nd. 98. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um undirbúning löggjafar um vatnsveitur.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvenær ætlar ríkisstjórnin að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um stuðning ríkisins til að gera vatnsveitur fyrir kauptún og kaupstaði, sem eiga svo erfiða aðstöðu, að þeim er um megn að framkvæma þetta án aðstoðar, en með ályktun Alþingis 29. jan. 1945 var ríkisstjórninni falið að láta undirbúa slíka löggjöf, og tími sá, sem þingið ætlaði stjórninni til þessa undirbúningsstarfs, er löngu liðinn.

Nd. 99. Frumvarp til laga

um atvinnudeild háskólans.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Í atvinnudeild háskólans skulu vera þessar undirdeildir:

1. Fiskideild.
2. Fiskiðnaðardeild.
3. Iðnaðardeild.
4. Landbúnaðardeild.

2. gr.

Fiskideild starfar að:
1. Fiskirannsóknum.
2. Sjórannsóknum.
3. Svifrannsóknum.
4. Botndýrarannsóknum.

3. gr.

Fiskiðnaðardeild starfar að rannsóknum á hagnýtingu sjávarafurða, tilreiðslu þeirra til markaða og geymslu.

4. gr.

Iðnaðardeild starfar að:
1. Almennum efnarannsóknum.
2. Gerlarannsóknum, þar á meðal mjólkurrannsóknum.
3. Matvælarannsóknum.
4. Rannsóknum á byggingarefnum og öðrum smíðaefnum.

5. gr.

Landbúnaðardeild starfar að:
1. Jarðvegsrannsóknum.
2. Jurtakynbótum og frærannsóknum.
3. Rannsóknum jurtasjúkdóma.
4. Fóðurrannsóknum og fóðurtilraunum.
5. Búfjárkynbótum.

Landbúnaðarráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn þessarar deildar.

6. gr.

Ráðherra getur samkvæmt tillögum háskólaráðs aukið verksvið deilda, enda sé áður leitað tillagna hlutaðeigandi forstöðumanna deildanna. Ráðherra sker úr með sama skilyrði, er vafi eða ágreiningur verður um það, hvaða deild skuli sinna tilteknu verkefni.

Tekjur af starfsemi hverrar deildar renna allar í ríkissjóð. Ráðherra getur að fengnum tillögum hlutaðeigandi forstöðumanns sett gjaldskrá fyrir verk, er deildin innir af hendi.

7. gr.

Forseti Íslands skipar forstöðumann fyrir hverja undirdeild atvinnudeildar til 4 ára í senn, enda skal hann vera starfandi sérfræðingur innan deildarinnar. Forstöðumenn hafa sömu réttindi og skyldur sem prófessorar.

Ráðherra skipar sérfræðinga, allt að 13 að tölu. Þeir hafa sömu réttindi og skyldur sem dósentar. Ákvæði 1. gr. laga nr. 24 19. maí 1930 taka eigi til þeirra. Sérfræðingar skulu hafa lokið mag. scient. prófi eða öðru sambærilegu háskólaprófi í grein sinni. Auk þess skulu þeir hafa unnið að vísindalegum rannsóknum í 4 ár hið fæsta að loknu háskólaprófi, en heimilt er að meta doktorspróf eða vísindalega ritgerð þar til jafns við.

Ráðherra skipar aðra sérfæðinga eða ræður þá til ákveðins tíma, að fengnum tillögum forstöðumanns hlutaðeigandi deildar. Þeir skulu hafa lokið mag. scient. prófi eða öðru sambærilegu háskólaprófi í grein sinni. Þessi skilyrði gilda ekki um núverandi starfsmenn atvinnudeildar. Ráðherra er heimilt að gera undanþágu frá þessum kröfum, að fengnum tillögum deildar.

Aðra starfsmenn ræður ráðherra eftir þörfum í samráði við forstöðumenn atvinnudeildar.

8. gr.

Búnaðarfélag Íslands ásamt tilraunaráðum jarðræktar og búfjárræktar, Fiskifélag Íslands og Landssamband iðnaðarmanna skulu ár hvert gera tillögur um það, að hvaða rannsóknum skuli unnið í þeim undirdeildum atvinnudeildar, sem hlut eiga að máli.

9. gr.

Sérfræðingar atvinnudeildar skulu veita nemendum með stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi kennslu í þessum fræðigreinum:

1. Dýrafræði.
2. Grasafræði.
3. Jarðfræði.
4. Landafræði.
5. Stærðfræði.
6. Eðlisfræði.
7. Efnafræði.

Atvinnudeild skal, eftir því sem þörf krefur, hafa samvinnu við aðrar deildir háskólans um að sjá nemendum fyrir þeirri kennslu í ofannefndum greinum, sem nauðsynleg er til undirbúnings prófs þess, er í 10. gr. getur.

10. gr.

Eftir 2—3 ára nám er nemendum rétt að ljúka prófi í þeim greinum náttúrufræða, er þeir hafa valið sér. Veitir slíkt próf rétt til kennarastöðu í gagnfræðaskólum og öðrum slíkum skólum, enda sé skilyrðum annarra laga fullnægt.

11. gr.

Sérfræðingar atvinnudeildar skulu annast kennslu í greinum þeim, sem í 9. gr. segir, eftir nánari ákvörðun ráðherra, og telst það til embættisstarfa þeirra. Ráðherra getur þó, að fengnum tillögum háskólaráðs, undanþegið einstaka starfsmenn kennsluskyldu að einhverju leyti eða öllu, ef nauðsyn þykir vegna rannsóknarstarfa þeirra.

12. gr.

Í reglugerð skal setja fyrirmæli um það, hvað kenna skuli í hverri grein náttúrufræða samkvæmt 9. gr., um tilhögun kennslu, próf og hvað annað, er kennslu varðar.

13. gr.

Atvinnudeild lýtur lögum og reglugerð Háskóla Íslands, nema á annan veg sé mælt í lögum þessum.

14. gr.

Fasteignir, hús, tæki og annað í þarfir atvinnudeildar, þar á meðal ríkisbúið á Hesti í Borgarfirði, leggur ríkissjóður til, að svo miklu leyti, sem háskólinn gerir það ekki. Ríkissjóður kostar og framkvæmdir þær allar, er í lögum þessum greinir.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

9.—10. gr. l. nr. 64/1940.
9.—19. gr. l. nr. 68/1940.

16. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda eftir því sem efni vinna til og fé er veitt í fjárlögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. — Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarpi því til laga um atvinnudeild háskólans, er menntamálanefnd neðri deildar Alþingis flutti á 64. löggjafarþingi, var vísað frá í efri deild með rökstuddri dagskrá á þeim grundvelli, að málið hefði ekki fengið nægan undirbúning. Eigi kom þó fram, hvað á þótti skorta í því efni.

Mál þetta hafði verið undirbúið af 6 manna nefnd, er þeir áttu sæti í dr. Alexander Jóhannesson, Níels Dungal, prófessor, Björn læknir Sigurðsson, dr. Þórður Þorbjarnarson, Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur og Árni Friðriksson fiskifræðingur.

Frumvarpið sjálft samdi Einar Arnórsson, en síðan fjallaði háskólaráð um það og einnig milliþinganefnd í skólamálum.

Í neðri deild var frumvarpið mjög vandlega athugað í samráði við sérfræðinga atvinnudeildar, náttúrufræðinga og aðra, er hlut áttu að máli. Er það nú í þeim búningi, er það hlaut í meðförum deildarinnar, nema hvað brott eru felld ákvæði um tilraunastöð á Keldum í Mosfellssveit, þar eð þeim þætti hefur síðan verið skipað með sérstökum lögum. Þá hafa í 9. og 11. gr. frumvarpsins verið leiðréttar rangar tilvitnanir í frumvarpsgreinar.

Nd. 100. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Ríkisborgarétt skal öðlast:

Jóhann Stefán Thorarensen, fyrrum bóndi í Kaupangi í Eyjafirði, fæddur 7. ágúst 1872 á Akureyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta reglulegu Alþingi (64. löggjafarþingi) var frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar, þskj. 1019, sem á voru skráð nöfn 25 karla og kvenna af íslenzkum og erlendum uppruna. Frv. þetta náði ekki fram að ganga sakir ágreinings um nokkra útlendinga, sem óskuðu ríkisborgararéttar hér. Um Jóhann Stefán Thorarensen var hins vegar enginn ágreiningur, enda er hann borinn og barnfæddur hér á landi og hefur lengst af alið aldur sinni á Íslandi, þó hann hins vegar á fullorðins aldri færi til Bandaríkja Ameríku og dveldi þar um alllangt skeið og öðlaðist ríkisborgararétt í því ríki, en missti sinn hér á landi.

Nú sækir hann fast að fá aftur ísl. ríkisborgararétt, og ber ég þess vegna fram þetta frv.

Nd. 101. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1947.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 11. nóv. 1946.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm. Einar Olgeirsson.
Hallgrímur Benediktsson. Skúli Guðmundsson.

Nd. 102. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. nóv. 1946.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm. Einar Olgeirsson.
Skúli Guðmundsson. Hallgrímur Benediktsson.

Nd. 103. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Á eftir A. I. d. 29. í 1. gr. l. nr. 30 1943 kemur nýr liður:
Tungufljót hjá Brú.

Nd. 104. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina kemur:
Á eftir A. 9. í 1. gr. laga nr. 37 1943 kemur nýr liður:
Gýgjarhólsvegur: Frá Geysi á Gullfossveg hjá Brúarhlöðum.

Nd. 105. Frumvarp til laga

um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ræktunarsjóður Íslands og er í lögum þessum kallaður Ræktunarsjóður. Hlutverk hans er að styðja landbúnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:
1. Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands eins og hann er nú.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands.
3. Sá hluti höfuðstóls Viðlagasjóðs, sem er eign Ræktunarsjóðs Íslands.
4. Varasjóður Loðdýralánadeildar Búnaðarbanka Íslands.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:
1. Vaxtatekjur.
2. Tekjur af þjóðjörðum og andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar kunna að verða.
3. Árlegt framlag úr ríkissjóði 0.5 millj. kr. á ári í 10 ár, í fyrsta sinn árið 1947.

4. gr.

Búnaðarfélag Íslands og Nýbyggingarráð skulu í sameiningu gera rannsókn á núverandi ástandi og þróun íslenzks landbúnaðar og áætlun um þróun hans næstu 10 ár. Skal þar áætluð þörfin innanlands fyrir þær vörur, er landbúnaðurinn getur annazt um framleiðslu á, og athuguð skilyrði fyrir framleiðslu landbúnaðarvara til útflutnings. Skal síðan staðsetning framleiðslunnar miðuð, svo sem fært þykir á hverjum tíma, við þá áætlun, og eftir því hvers konar búskapur hentar bezt hverjum stað. Einnig skal af sömu aðilum gerðar tilraunir um, hvaða stærð búa sé hagkvæmust. Skal lánaveitingum Ræktunarsjóðs hagað í samræmi við þessa heildaráætlun og þá staðsetningu framleiðsluaukningarinnar, sem er samkvæmt henni. Skal Búnaðarfélagið hafa í þjónustu sinni ráðunaut, sem sjóðurinn getur á hverjum tíma leitað álits hjá um þau lán, sem til álita kemur að veita, að svo miklu leyti, sem þau koma ekki til álits nýbýlastjórnar samkvæmt lögum um landnám o. fl.

5. gr.

Ræktunarsjóður veitir stofnlán til jarðræktar, peningshúsa og geymsluhúsa og annarra mannvirkja við landbúnað, þar með talin jarðyrkja, vermirækt og loðdýrarækt, enn fremur til mannvirkja í þágu landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslustöðva, kjötfrystihúsa, ullarverksmiðja, skinnaverksmiðja, þvottahúsa, viðgerðarstöðva, landbúnaðarverkfæra, rafstöðva fyrir sveitir og sveitahluta og einstaka sveitabæi, svo og til bústofnsauka og til kaupa á vélum, sem notaðar eru við landbúnað.

Upphæð lánanna má vera allt að 50% kostnaðarverðs til þeirra framkvæmda, sem styrkur er veittur til samkvæmt jarðræktarlögunum, og allt að 66.7% kostnaðarverðs til annarra framkvæmda, enda sé það kostnaðarverð að dómi forráðamanna sjóðsins ekki hærra en eðlilegt má telja samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

Við ákvörðun lánanna skal stjórn sjóðsins taka tillit til þess, hvað mikil önnur veðlán hvíla á eigninni.

Lán þessi skulu ekki veitt fyrr en að fullloknum framkvæmdum eða kaupum þeim, sem þau eru veitt til.

6. gr.

Þegar stjórn Ræktunarsjóðs hefur gefið loforð um lánveitingu til jarðræktar eða byggingarframkvæmda samkvæmt 5. gr. að lokinni framkvæmdinni, skal sjóðnum heimilt að veita bráðabirgðalán, meðan á framkvæmdum stendur, gegn persónulegum tryggingum og veði í framkvæmdinni. Þessi lán mega nema allt að 80% af hinu áætlaða láni, og skulu þau greidd að fullu, um leið og stofnlánið er tekið.

7. gr.

Vextir af öllum stofnlánum Ræktunarsjóðs skulu vera 2½%, en af bráðabirgðalánum 5%. Allur kostnaður við lánin skal greiddur af rekstrarreikningi sjóðsins án sérstakrar greiðslu lántakenda.

8. gr.

Lánin má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi á veðskuldir til annarra en Byggingarsjóðs eða annarra opinberra sjóða undan verðrétti þeim, er Ræktunarsjóður fær. Ef umbætur þær, sem lánið er veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættrar.
2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánið er veitt til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem rafstöðvar eða verksmiðjur.
3. Gegn veði í þeim vélum og verkfærum, sem keypt eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóv. 1887.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir tölulið 1., skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til ræktunar eða byggingar peningshúsa og geymsluhúsa á sveitabýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja og véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkv. tölulið 2.—4., styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð hreppsfélags eða sýslufélags.

Ábyrgð hrepps eða sýslufélags kemur því aðeins til greina, að um verksmiðjur eða vinnustöðvar sé að ræða, sem félag stendur að, enda komi þá til heimild æðri stjórnarvalda.

Hús, vélar og fénaður er því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr Ræktunarsjóði, að vátryggð séu í vátryggingastofnun, er sjóðurinn tekur gilda.

9. gr.

Við afgreiðslu stofnlána Ræktunarsjóðs úrskurðar stofnun sú eða stofnanir, er ákveða leyfisveitingar til innflutnings framleiðslutækja, hve miklum hluta lánsins hefur verið varið til kaupa á því, sem hefur haft í för með sér notkun erlends gjaldeyris að byggingarefni undanskildu. Sá hluti lánsins, sem til slíks er varið, kallast A-lán, en afgangurinn B-lán. Seðladeild Landsbankans skal skylt að lána Ræktunarsjóði upphæð í íslenzkum krónum, sem samsvari A-lánum sjóðsins gegn 1.½% vöxtum.

Seðladeild Landsbankans veitir Ræktunarsjóði lánin jafnóðum í opnum reikningi, en við hver árslok skal sameina lánveitingar liðins árs í eitt lán. — Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Ræktunarsjóðs gagnvart seðladeild Landsbankans.

Ræktunarsjóður skal endurgreiða Seðladeild Landsbankans A-lánin jöfnum afborgunum á 10 árum. Þó má skuld sjóðsins við seðladeildina aldrei vera hærri en 10 millj. kr.

10. gr.

Ræktunarsjóði er heimilt, ef stofnfé hrekkur ekki til fyrir B-lánum, að gefa út handhafavaxtabréf allt að fjórföldum stofnsjóði sínum.

Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

11. gr.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef stjórn Ræktunarsjóðs krefst þess, sýna skilríki frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands eða öðrum þeim, er stjórn sjóðsins tekur gildan, fyrir því, að veði því, sem lánað hefur verið út á, hafi vel verið við haldið og að það hafi ekki rýrnað. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

12. gr.

Lánstíminn skal vera 5—25 ár, eftir því til hvers lánað er. Ef lánið er til túnræktar eða nýrra bygginga, má lánstíminn vera allt að 25 árum, svo og til þeirra framkvæmda við vermirækt, sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnsaukningar og annars þess, sem ekki á trygga langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar greint í reglugerð, hve langur lánstíminn má vera til hvers konar lána.

Lán til túnræktar mega vera afborgunarlaus þrjú fyrstu árin, en annars skulu öll lán sjóðsins greidd jöfnum afborgunum, nema lántakandi vilji greiða þau fyrr og fljótar en venja er.

13. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Ræktunarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni eða ef veðið eyðileggst, er selt eða sett á uppboð.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
4. Ef lántakandi hættir landbúnaðarframleiðslu eða störfum fyrir landbúnað.

14. gr.

Þegar lán eru komin á gjalddaga, hefur Ræktunarsjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð eða fara með það á annan hátt eins og venja er um veð fyrir lánum, sem í gjalddaga eru komin.

15. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Ræktunarsjóði og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

16. gr.

Ræktunarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

17. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Ræktunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 115 frá 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

18. gr.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda brjóti þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 105 frá 3. maí 1935, um Ræktunarsjóð Íslands, og II. kafli laga nr. 38 frá 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947, og skal Ræktunarsjóður taka til starfa samkvæmt þeim eigi síðar en 1. okt. 1947.

Greinargerð.

Þetta frv. lá fyrir síðasta aðalþingi, og var frumvarpið upphaflega samið af Nýbyggingarráði. Landbúnaðarnefnd telur mál þetta svo mikilsvert, að sjálfsagt sé að flytja það að nýju. Upphaflega fylgdi frumvarpinu ýtarleg greinargerð, og vísast til hennar um efni þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Nd. 106. Frumvarp til laga

um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn.

Flm.: Jón Sigurðsson, Sigurður Bjarnason, Halldór Ásgrímsson, Ingólfur Jónsson, Jónas Jónsson.

1. gr.

Fornleifum þeim, er þjóðminjavörður telur ástæðu til að varðveita, er skylt að viðhalda á kostnað ríkissjóðs, svo sem þjóðminjavörður telur nauðsynlegt til þess að fornleifarnar varðveitist, sbr. 8. gr. laga um verndun fornminja frá 16. nóv. 1907.

2. gr.

Nú telur þjóðminjavörður ástæðu til að varðveita hús eða önnur mannvirki vegna menningarsögulegs gildis þeirra eða af öðrum ástæðum, þótt hús þessi eða mannvirki hafi ekki enn náð þeim aldri, að þau verði talin til fornleifa, og er þjóðminjaverði þá heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að taka byggingar þessar eða mannvirki á fornleifaskrá, enda fer þá um viðhald þeirra samkv. 1. gr. Um bætur eða tjón, sem eigandi eða notandi verður fyrir vegna þessara ráðstafana, fer samkv. 6. gr. laga um verndun fornminja frá 16. nóv. 1907.

3. gr.

Byggingar í eign ríkisins, sem varðveittar eru sem fornleifar samkv. ákvæðum 2. gr., er heimilt með samþykki þjóðminjavarðar að nota til þess að koma þar fyrir byggðasafni, þ. e. gripum, áhöldum og alls konar munum, er tilheyrðu slíkum byggingum og tíðkaðist að nota á því tímabili, er þessar byggingar voru reistar, svo að bygging og húsbúnaður verði í fullu samræmi.

Nú er um fleiri en eina byggingu að ræða og ágreiningur um, hverja þeirra skuli velja til afnota fyrir byggðasafnið, og skal þá hlíta um það úrskurði þjóðminjavarðar. Afnot af framangreindum byggingum skulu bundin þessum skilyrðum:

1. Að safnið teljist sjálfstæð deild í þjóðminjasafni Íslands og verði undir eftirliti þjóðminjavarðar.

2. Að safnið sé viðurkennd eign héraðs eða héraða (landsfjórðungs) og eigandi þess skuldbindi sig til að annast viðhald safnsins og umsjón með því, svo að í góðu lagi sé.
3. Að þeir aðilar, er að byggðasafninu standa, leggi alveg sérstaka áherzlu á að afla safninu gripa og annars þess, er þar á að vera og talið er sérkennilegt fyrir hlutaðeigandi hérað eða landsfjórðung, en er að hverfa.

4. gr.

Nú ákveður hérað eða héruð í sameiningu að koma upp byggðasafni, en ekki eru varðveittar á þeim slóðum fornar byggingar, sem hæfar eru taldar til slíkrar safngeymslu, að dómi þjóðminjavarðar, og á þá aðili eða aðilar rétt á styrk úr ríkissjóði til þess að reisa safnhús, allt að ¼ kostnaðar, enda samþykki þjóðminjavörður uppdrátt að húsinu og safnið verði að öllu leyti háð ákvæðum laga þessara.

5. gr.

Byggðasöfn, er fullnægja ákvæðum laga þessara, njóta styrks úr ríkissjóði, þannig að árlegur kostnaður af viðhaldi og umsjón þeirra greiðist að ⅔ úr ríkissjóði og ⅓ af þeim, er að byggðasafninu standa.

6. gr.

Þjóðminjavörður hefur yfirumsjón með byggðasöfnum, sem sett eru á stofn samkv. lögum þessum og njóta styrks úr ríkissjóði.

Nú telur þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum, og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur hann þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, tekið gripi safnsins til varðveizlu.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal tölu byggðasafna, er styrks njóta samkv. lögum þessum. Í reglugerð má ákveða viðurlög fyrir brot á fyrirmælum hennar, en slík brot skulu sæta meðferð opinberra mála.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að nágrannar okkar á Norðurlöndum og Bretlandi og raunar flestar menningarþjóðir leggja áherzlu á að varðveita fornminjar sínar og annað, er snertir sögu þeirra og menningu, og hafa varið til þess ærnu fé.

Með stofnun þjóðminjasafnsins og setningu laganna um verndun fornminja voru stigin spor, er marka tímamót hér á landi í þessum efnum. Þessar aðgerðir komu í veg fyrir, að útlendingar létu greipar sópa og næðu í sínar hendur forngripum þjóðarinnar. Margir Íslendingar litu í fyrstu svo smáum augum á þessa arfleifð vora, að þeir töldu það tæplega ómaksins vert að hirða um hana. Þetta hefur breytzt; nú er þjóðminjasafnið talið af öllum skynbærum mönnum meðal dýrmætustu eigna þjóðarinnar.

Þrátt fyrir það, sem áunnizt hefur í þessum efnum, er margt enn ógert, sem vinda þarf að bráðan bug. Síðan lögin um verndun fornminja voru sett, 1907, hafa ný og aðkallandi verkefni komið til sögunnar. Þáttaskipti hafa orðið í húsagerð og búnaðarháttum sveitanna, sem hafa valdið því, að margt er nú að hverfa, sem þjóðin hefur búið við og notað lítið breytt öldum saman, jafnvel allt frá landnámstíð, mótað af íslenzkum aðstæðum og búnaðarháttum þeirra tíma. Gömlu kirkjurnar og bæirnir með sínu sérkennilega byggingarsniði eru að hverfa, til eru heil héruð, þar sem allar slíkar byggingar, sem nokkurs eru verðar, hafa verið jafnaðar við jörðu. Jafnhliða þessu er að verða stórfelld breyting á öllum búnaðarháttum, nýjar

vinnuaðferðir samfara nýjum verkfærum og vélum hafa rutt sér til rúms og valda því að margvísleg áhöld og verkfæri eru lögð á hilluna og verða fáséðari með hverju ári, sem líður.

Þegar séð var, að hverju fór, vaknaði áhugi hjá einstökum mönnum að bjarga einhverju af þessu frá eyðileggingu. Fyrir forgöngu þjóðminjavarðar og annarra áhugamanna hefur tekizt að koma því til leiðar, að gamlar og merkilegar byggingar verða varðveittar, svo sem skálinn á Keldum á Rangárvöllum, Víðimýrarkirkja, bæirnir á Burstarfelli, Grenjaðarstað og Glaumbæ o. fl., og að Alþingi hefur heimilað fé til viðgerðar á þessum byggingum.

En við þetta hefur ekki verið látið sitja, félög og einstakir áhugamenn í nokkrum héruðum, t. d. á Vestfjörðum, Skagafirði og Austurlandi, hafa unnið að því að safna gömlum húsbúnaði, búsáhöldum og verkfærum og þá einkum því, sem nú er að verða fágætt, með það fyrir augum að koma þessum munum fyrir til varðveizlu í réttu umhverfi, þ. e. gömlum bæ eða nýjum, sem þá væri sniðinn eftir gömlum fyrirmyndum. Björgunarstarf það, sem hér hefur verið drepið á, hefur aðallega byggzt á áhuga einstakra manna, en meðan svo er, verður óvíst um framhaldið. Það þarf því að koma þessum málum á traustari grundvöll. Ástæðurnar fyrir því, að frv. þetta er flutt, eru í stuttu máli þessar:

1. Að lagaákvæði vantar um, hvernig fara skuli með fornar byggingar, sem ekki teljast fornleifar, en þykja þess verðar, að þær séu varðveittar.
2. Að nauðsyn ber til vegna breyttra búnaðarhátta, að ríkið stuðli að því, að safnað verða, áður en það er um seinan, ýmiss konar innanstokksmunum, verkfærum og öðru, sem hætt er að nota til sveita og sjávar, og að þessum munum verði komið í geymslu undir yfirumsjón þjóðminjavarðar.
3. Að flutningsmenn telja, að sú skipan, sem hér er ráðgerð, sé líklegust til að bjarga frá eyðileggingu fornum byggingum og munum, sem eftirsjón væri að.

Með frv. þessu er stuðlað að því, að Íslendingar, er uppi verða á næstu öldum, geti skoðað með eigin augum húsakynni, húsbúnað og búsáhöld, er forfeður þeirra notuðu t. d. um og eftir 1850. Hvers virði þetta getur orðið komandi kynslóðum, verður ljósast, er við hugleiðum, hver fengur okkur mundi þykja að eiga uppistandandi og vel varðveittan þó ekki væri nema einn af stærri bæjum okkar frá 15. eða 16. öld með húsbúnaði og öðru, er þá tíðkaðist, að ekki sé talað um frá þjóðveldistímabilinu. Slíka byggingu með því, er henni tilheyrði, mundum við telja meðal dýrmætra eigna þjóðarinnar.

Nd. 107. Frumvarp til laga

um Byggingarstofnun ríkisins og byggingarfélög.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

I. KAFLI

Um Byggingarstofnun ríkisins.

1. gr.

Byggingarstofnun ríkisins (hér eftir nefnd Byggingarstofnunin í lögum þessum) hefur með höndum þessi meginverkefni:

a. að safna skýrslum um húsnæðisástandið í kaupstöðum og kauptúnum og gera tillögur og áætlanir um, hvernig fullnægt verði húsnæðisþörfinni á hverjum stað og hverjum tíma.
b. að gera teikningar að húsum byggingarfélaga, sem lúta lögum þessum, og að húsum og mannvirkjum annarra eftir því, sem óskað er og við verður komið.

e. að annast byggingarframkvæmdir fyrir byggingarfélög, sem lúta lögum þessum, ef þau óska þess, og fyrir aðra aðila eftir því, sem óskað er og við verður komið.
d. að flytja inn byggingarefni og verzla með það.
e. að annast lántökur til byggingarframkvæmda samkvæmt lögum þessum og hafa að öðru leyti með höndum framkvæmd þeirra í umboði ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Byggingarstofnunin skal þegar er hún tekur til starfa láta fara fram ýtarlega rannsókn á húsnæðisástandinu í kaupstöðum og kauptúnum.

Sveitarstjórnum og stjórnum byggingarfélaga eða byggingarsambanda er skylt að láta í té þær upplýsingar og þá aðstoð, sem Byggingarstofnunin telur nauðsynlega við þessa rannsókn. Á grundvelli þessarar rannsóknar gerir Byggingarstofnunin áætlun um, hve mikið þurfi að byggja á hverjum stað til þess að fullnægja húsnæðisþörfinni. Síðan safnar hún árlega skýrslum um húsnæðisástandið og byggir á þeim áætlanir um, hve mikið skuli byggja ár hvert.

Kostnaðinn við þá rannsókn og skýrslugerð, sem um getur í grein þessari, greiðir hlutaðeigandi sveitarfélag.

3. gr.

Fyrir septemberlok ár hvert skulu allir þeir, sem hafa ákveðið að reisa íbúðarhús í kaupstöðum og kauptúnum á næsta ári, láta Byggingarstofnuninni í té greinargerð um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir ásamt áætlun um, hve mikið byggingarefni þurfi til þeirra.

Sams konar skýrslur og fyrir sama tíma skulu sendar nýbýlastjórn um fyrirhugaðar framkvæmdir í þágu búskapar í sveitum.

Enn fremur skal fyrir sama tíma senda Nýbyggingarráði eða þeirri stofnun, er síðar kynni að taka við hlutverki þess, sams konar áætlun og greinargerð um hvers konar aðrar byggingar og mannvirki, hvar sem er á landinu.

4. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, sem um getur í 3. gr., skal Nýbyggingarráð eða sú stofnun, er síðar kynni að taka við hlutverki þess, láta gera heildaráætlun um byggingarframkvæmdir og aðra mannvirkjagerð í landinu á næsta ári og um, hversu mikið byggingarefni þurfi til framkvæmdanna.

Áætlun þess skal byggð á þeim grundvelli, að sem bezt verði fullnægt húsnæðis-, atvinnu- og menningarþörfum þjóðarinnar, miðað við það vinnuafl, byggingarefni og fjármagn, sem fært þykir að leggja til þessara framkvæmda.

Í áætluninni skal tekið fram, hversu miklu byggingarefni skuli varið til:
a. íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.
b. íbúðarhúsa í sveitum og annarra bygginga í þágu landbúnaðar.
c. annarra bygginga og mannvirkja í þágu atvinnulífsins, svo og hvers konar opinberra bygginga í þágu félags-, menningar- og mannúðarstarfsemi.

5. gr.

Þegar áætlun sú, sem um getur í 4. gr., hefur verið gerð, skal Byggingarstofnunin að fengnum umsóknum ráðstafa því byggingarefni, sem varið skal samkvæmt a-lið, en nýbýlastjórn því, sem varið skal samkvæmt b-lið, og Nýbyggingarráð eða stofnun, sem síðar kynni að taka við hlutverki þess, því, sem varið er samkvæmt c-lið.

6. gr.

Byggingarstofnunin lætur gera teikningar að öllum þeim byggingum, sem byggingarfélög, er starfa samkvæmt lögum þessum, reisa. Enn fremur getur hún tekið að sér að gera teikningar að húsum og öðrum mannvirkjum fyrir aðra aðila.

eftir því sem föng eru á. Teikningar að íbúðarhúsabyggingum byggingarfélaga, er njóta opinberrar aðstoðar samkvæmt lögum þessum, skal Byggingarstofnunin gera endurgjaldslaust. Fyrir aðrar teikningar greiðist samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

7. gr.

Sú fjárhagslega aðstoð, sem bygginggarfélögum er heitið í lögum þessum, er bundin því skilyrði, að Byggingarstofnunin hafi gert eða látið gera á sína ábyrgð fullkomnar teikningar af byggingunum og að félagið að öðru leyti hlíti fyrirmælum hennar um tilhögun framkvæmdanna. Skylt er Byggingarstofnuninni að hafa fullkomið eftirlit með því, að teikningum og öðrum fyrirmælum varðandi framkvæmd verksins sé fylgt.

8. gr.

Byggingarstofnunin byggir eða lætur byggja á sína ábyrgð íbúðarhús fyrir félög, er njóta aðstoðar samkvæmt lögum þessum. Enn fremur tekur byggingarstofnunin að sér byggingarframkvæmdir fyrir ríki, sveitarfélög og einstaklinga eftir því, sem ástæður leyfa.

Byggingarframkvæmdir, sem Byggingarstofnunin tekur að sér, skal greiða við kostnaðarverði eftir nánari ákvæðum í reglugerð.

9. gr.

Byggingarstofnunin skal kynna sér allar tæknilegar nýjungar á sviði húsagerðar og húsaskipunar utan lands og innan og gera tilraunir um gildi þeirra við íslenzka staðhætti. Hún skal og veita hvers konar leiðbeiningar um byggingaraðferðir, efnisval, byggingarkostnað og annað, er við kemur húsagerð. Slíkar leiðbeiningar skulu veittar endurgjaldslaust.

Byggingarstofnunin skal beita sér fyrir hagnýtri fræðslu fyrir almenning um byggingarmál með útgáfu bæklinga og öðrum hætti, er henta þykir. Um öll þessi atriði skal hún hafa nána samvinnu við þá deild atvinnudeildar háskólans, er um byggingarmál fjallar.

10. gr.

Byggingarstofnunin hefur einkarétt á hvers konar innflutningi byggingarefnis til landsins. Sérstök deild innan stofnunarinnar, er nefnist innkaupadeild Byggingarstofnunar ríkisins, annast innflutninginn.

Verði sett á stofn landsverzlun, starfar innkaupadeildin sem sjálfstæð deild innan landsverzlunarinnar.

11. gr.

Byggingarstofnunin selur byggingarefni beint til notenda. Hún skal og hafa umboðsmenn á þeim stöðum, er nauðsyn krefur. Umboðið má fela byggingarfélögum, er starfa samkvæmt lögum þessum, samvinnufélögum eða einstaklingum.

12. gr.

Innflutningsyfirvöldunum er skylt að veita innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir öllu því byggingarefni, sem áætlað er samkvæmt 4. gr.

13. gr.

Þeir aðilar, sem byggingarefni hefur verið ráðstafað til samkvæmt 5. gr., fá skilríki frá hlutaðeigandi stofnun, er veitir þeim rétt til kaupa á byggingarefni, sem leyfinu svarar, hjá innkaupadeild Byggingarstofnunar ríkisins eða umboðsmönnum hennar. Ekki má sá, er fengið hefur slík skilríki, selja eða afhenda þau öðrum, og varðar sektum, ef út af er brugðið. Ekki má selja byggingarefni nema gegn slíkum skilríkjum. Þó veitir Byggingarstofnunin með reglugerð, er ríkisstjórnin staðfestir, undanþágu frá þessu, ef um er að ræða minni háttar kaup.

14. gr.

Stjórn Byggingarstofnunarinnar skipa 5 menn, er hvert nýkjörið Alþingi kýs hlutbundinni kosningu. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Hún ræður framkvæmdastjóra fyrir stofnunina og forstjóra hinna ýmsu deilda, eftir því sem þörf krefur.

Nánari ákvæði um störf stjórnarinnar skulu tekin fram í reglugerð, er ríkisstjórnin setur.

15. gr.

Ríkið veitir Byggingarstofnuninni stofnlán að upphæð 15 milljónir króna. Það ber ábyrgð á rekstri hennar, en hann skal við það miðaður, að hún beri sig fjárhagslega, enda skal hún leggja a. m. k. 1% af andvirði seldra vara í varasjóð.

II. KAFLI

Um byggingarfélög og byggingarsambönd.

16. gr.

Byggingarfélög, er njóta hlunninda þessara laga, má stofna í kaupstöðum og kauptúnum. Stofnendur verða að vera minnst 50 í Reykjavík, 25 í öðrum kaupstöðum og 5 í kauptúnum. Þegar byggingarfélag er stofnað, skal það leita viðurkenningar Byggingarstofnunar ríkisins. Að henni fenginni nýtur það hlunninda samkvæmt lögum þessum.

Hlutverk byggingarfélaga er að reisa íbúðarhús samkvæmt lögum þessum, og skal starfsemi þeirra við það miðuð að útrýma heilsuspillandi húsnæði og að þau gefi hvert á sínu félagssvæði öllum tækifæri til að búa í íbúðum, er uppfylla kröfur tímans.

Kauptún telst í lögum þessum þorp með minnst 15 fjölskyldum, enda hafi engin þeirra svo mikið land, að talizt geti lögbýli.

17. gr.

Sé aðeins eitt byggingarfélag starfandi í kaupstað eða kauptúni, skal stjórn þess skipuð 5 mönnum; þremur kosnum af félagsmönnum, einum tilnefndum af hlutaðeigandi sveitarstjórn. Þann fimmta skipar stjórn Byggingarstofnunarinnar, og er hann formaður.

18. gr.

Séu fleiri en eitt byggingarfélag starfandi í kaupstað eða kauptúni, skal stjórn hvers þeirra skipuð þrem mönnum, öllum kosnum af félagsmönnum.

19. gr.

Þar, sem fleiri en eitt byggingarfélag er starfandi í kaupstað eða kauptúni, skulu þau mynda byggingarsamband hlutaðeigandi kaupstaðar eða kauptúns. Stjórn byggingarsambandsins skal skipuð formönnum hinna einstöku byggingarfélaga, einum fulltrúa tilnefndum af hlutaðeigandi sveitarstjórn, einn skipar Byggingarstofnunin, og er hann formaður. Þar, sem byggingarsamband er starfandi, kemur það fram gagnvart Byggingarstofnuninni og sveitarstjórn fyrir hönd hlutaðeigandi byggingarfélaga og hefur að öðru leyti með höndum sameiginleg mál félaganna, eftir nánari ákvæðum í reglugerð.

20. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag í kaupstað eða kauptúni, og er sveitarfélaginu þá skylt að koma upp byggingum á sama hátt og byggingarfélögum samkvæmt lögum þessum, ef Byggingarstofnunin álítur þörf slíkra byggingarframkvæmda á staðnum. Hefur þá sveitarfélagið sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Byggingarfélag eða byggingarsamband skal í samráði við Byggingarstofnunina (sbr. 2. gr.) ár hvert afla sér eins fullkominna upplýsinga og kostur er á um húsnæðismál í kaupstaðnum eða kauptúninu og senda Byggingarstofnuninni áætlanir um byggingarframkvæmdir sínar á næsta ári. Þessar áætlanir ásamt umsókn um fjárhagslega aðstoð samkvæmt lögum þessum skulu komnar í hendur Byggingarstofnunarinnar fyrir septemberlok ár hvert. Telji Byggingarstofnunin, að fengnum þessum skýrslum og umsóknum um byggingarefnisleyfi frá byggingarfélögum, sveitarfélögum og einstaklingum, að fyrirsjáanleg séu húsnæðisvandræði í kaupstað eða kauptúni, getur hún lagt fyrir hlutaðeigandi byggingarfélag eða sveitarfélag að reisa íbúðarhús, svo að fullnægt verði húsnæðisþörfinni, og skal þá við það miðað, að öllum heilsuspillandi íbúðum verði útrýmt á eigi lengri tíma en fjórum árum. Slíkum fyrirmælum getur byggingarfélag eða sveitarfélag áfrýjað til ríkisstjórnarinnar.

22. gr.

Byggingarstofnunin veitir byggingarfélögum efnisleyfi í samræmi við þá áætlun, sem ríkisstjórnin lætur gera (sbr. 4. gr. a-lið), fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum þessum og aðra þá aðstoð við framkvæmd bygginganna, sem farið er fram á og fært er að veita.

23. gr.

Meðlimir byggingarfélags fá íbúð til afnota með þessum kjörum:

a. Eigið framlag félagsmanna 20% af kostnaðarverði íbúðarinnar.
b. Eigið framlag félagsmanna 10% af kostnaðarverði íbúðarinnar.
c. Eigið framlag félagsmanna ekkert. Árlegt afgjald hvers félagsmanns sé miðað við, að það nægi til greiðslu vaxta og afborgana af lánum þeim, sem á íbúðinni hvíla, enn fremur til viðhalds íbúðinni og hlutfallslegs rekstrarkostnaðar byggingarfélagsins.

Þeir einir hafa rétt til að fá íbúð með kjörum c-flokks, sem við rannsókn þá, er um getur í 2. og 21. gr., hafa reynzt búa í heilsuspillandi húsnæði og ekki hafa fjárhagsástæður til að lúta kjörum hinna flokkanna, að dómi félagsstjórnar og héraðslæknis.

Rétt til að fá íbúð með kjörum b-flokks hafa þeir, sem síðustu þrjú árin hafa eigi haft meira en 7000 kr. árstekjur, að viðbættum 1000 kr. fyrir hvern ómaga, né yfir 10000 kr. eign. Þessar upphæðir skulu þó hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu kauplagsnefndar fyrir hvert hinna þriggja ára, sem meðaltalið er tekið fyrir. Aðrir félagsmenn fá rétt til íbúðar með kjörum a-flokks.

24. gr.

Þær íbúðir, sem byggingarfélag reisir samkvæmt lögum þessum, eru sameign hlutaðeigandi félags, en þær íbúðir, sem sveitarfélag reisir, eru eign þess, en rétt er sveitarfélagi að afhenda þær byggingarfélagi, er starfar samkvæmt lögum þessum innan vébanda þess, og tekur byggingarfélagið þá við þeim með þeim réttindum og skyldum, er þeim fylgja. Rísi ágreiningur út af slíkum viðskiptum sveitarfélags og byggingarfélags, sker stjórn Byggingarstofnunarinnar úr. Félagsmenn öðlast rétt til íbúða í a- og b-flokki í þeirri röð, sem þeir hafa greitt framlag sitt. Réttur þeirra til íbúðarinnar gildir ævilangt og er óframseljanlegur öðrum en börnum, kjörbörnum og tengdabörnum.

Ætíð skal þó stjórn byggingarfélags staðfesta slíkt framsal. Réttindi til íbúðar erfast eftir sömu reglum og gilda um aðrar eignir.

25. gr.

Félagsmaður, sem fengið hefur rétt til íbúðar hjá byggingarfélagi, getur fengið skipti á íbúð sinni og annarri íbúð félagsins með samþykki félagsstjórnar. Breytist

þá framlag hans í hlutfalli við mismunandi kostnaðarverð íbúðanna. Félagsmaður, sem vegna brottflutnings af félagssvæðinu eða af öðrum ástæðum óskar ekki að nota rétt sinn til íbúðar, afsalar réttinum í hendur félagsins og fær framlag sitt til íbúðarinnar endurgreitt. Félagsmanni er heimilt að framleigja rétt sinn til íbúðar um skemmri tíma með leyfi félagsstjórnar við leigu, sem hún ákveður.

Við endurgreiðslu á framlagi félagsmanns eða við breytingu á innstæðu hans við íbúðaskipti skal taka tillit til fyrningar íbúðarinnar og draga sem því svarar frá framlaginu. Um þetta skulu sett nánari ákvæði í reglugerð.

26. gr.

Byggingarstofnunin veitir byggingarfélögum lán til íbúðarbygginga, er nemur 50% af kostnaðarverði. Lán þessi skulu vera til allt að 50 ára, en þó til skemmri tíma, séu húsin byggð úr öðru síður varanlegu efni en steinsteypu. Lánin endurgreiðast með jöfnum árlegum greiðslum vaxta og afborgana með þeim kjörum, sem Byggingarstofnunin getur veitt á hverjum tíma. Lánin eru tryggð með fyrsta veðrétti í húseignunum og ríkisábyrgð.

Enn fremur fá byggingarfélög 15% af kostnaðarverði íbúða í a-flokki, 20% af kostnaðarverði íbúða í b-flokki og 25% af kostnaðarverði íbúða í c-flokki sem vaxtalaus lán hjá hlutaðeigandi sveitarfélagi. Lán þessi eru tryggð með öðrum veðrétti í íbúðarhúsunum og ríkisábyrgð. Þau endurgreiðast með 2% á ári. Jafnháa upphæð fá þau að láni hjá ríkissjóði með sömu kjörum. Þau lán eru tryggð með þriðja veðrétti í húsunum. Byggingarstofnunin annast útvegun þessara lána fyrir byggingarfélögin.

27. gr.

Auk lána til íbúðarbyggingar eiga byggingarfélög rétt á lánum hjá sömu aðilum og með sömu kjörum og um getur í 26. gr. vegna bygginga til sameiginlegra nota fyrir íbúa í sambyggingum eða húsahverfum, svo sem miðstöðvarhúsa, þvottahúsa, eldhúsa, veitingasala, dagheimila og vöggustofa fyrir börn, lesstofa, samkomusala, húsnæðis fyrir fasta starfsmenn félagsins, skrifstofa og verzlana.

Ákvæði skulu sett í reglugerð um þátttöku íbúðarhafa í kostnaði, sem af þessu leiðir.

28. gr.

Byggingarstofnunin aflar fjár til lána þeirra, er hún veitir byggingarfélögum, með sölu skuldabréfa. Bönkunum er skylt að kaupa þessi skuldabréf samkvæmt fyrirmælum þeirrar stofnunar, er gerir heildaráætlun um byggingarframkvæmdir (sbr. 4. gr.). Vextir af bréfum þessum skulu ákveðnir í hvert sinn, er nýr flokkur þeirra er gefinn út, eftir vaxtakjörum þeim, er tíðkast á verðbréfamarkaðinum á þeim tíma fyrir sambærileg skuldabréf.

Um lánskjör að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum 26. gr. Bankarnir skulu kaupa þessi bréf við nafnverði og bjóða þau til sölu á frjálsum markaði.

Sveitarfélögum er heimilt að gefa út skuldabréf með sama hætti fyrir því fé, er þau lána byggingarfélögum, og er bönkunum skylt að kaupa þau með sömu kjörum og eftir fyrirmælum sama aðila sem skuldabréf Byggingarstofnunarinnar.

Sveitarsjóður greiðir þann mismun, sem verður á þessum lánum og þeim lánum, er þau veita byggingarfélögunum.

29. gr.

Allar byggingar byggingarfélaganna skulu reistar á lóðum sveitarfélaga eða ríkisins. Eigi sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir fyrir þessar byggingar, skal hlutaðeigandi sveitarfélagi heimilt og skylt að taka eignarnámi það land, sem nauðsyn krefur vegna framkvæmda byggingarfélaganna. Endurgjald fyrir það land, sem tekið er eignarnámi í þessu skyni, skal miðað við fasteignamatsverð að viðbættu álagi samkvæmt dýrtíðarvísitölu eins og hún er á hverjum tíma.

30. gr.

Sérhvert byggingarsamband eða byggingarfélag, þar sem byggingarsamband er ekki starfandi, skal starfrækja innlánsdeild, sem tekur við innlögum frá þeim, sem vilja tryggja sér íbúð hjá byggingarfélagi, og hafa þeir öðlazt rétt til íbúðar, þegar innlögin ná tilskildu hámarki. Byggingarstofnunin semur reglugerð um starfsemi innlánsdeildanna, en ríkisstjórnin staðfestir hana.

31. gr.

Ársreikningar byggingarfélaganna skulu lagðir fyrir Byggingarstofnunina til endurskoðunar, og getur hún krafizt allra gagna, er hún óskar, um hag og starfsemi félaganna. Reikningar Byggingarstofnunarinnar skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.

32. gr.

Byggingarstofnun ríkisins semur reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laga þessara, bæði um starfsemi byggingarfélaga og byggingarsambanda svo og Byggingarstofnunarinnar sjálfrar. Reglugerðir þessar skulu staðfestar af ríkisstjórninni.

33. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum allt að 100000 kr.

34. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 frá 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Það eru ekki skiptar skoðanir um, að húsnæðismálin séu eitt af mestu vandamálum þjóðarinnar. Allt fram á síðustu ár hafa Íslendingar byggt hús sín úr lélegu efni, svo að hver kynslóð hefur orðið að byggja yfir sig, þannig hafa þeir, sem nú lifa, engar eða nær engar nýtilegar byggingar tekið að erfðum. Það er fyrst á síðustu áratugum, að byggð hafa verið hús úr varanlegu efni og hús, sem segja má, að séu sæmilegir mannabústaðir. Framundan er því það mikla verk að reisa meginhluta þjóðarinnar góð og varanleg híbýli. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að gera áætlanir um þetta verk. Fyrir tveimur árum gerði ég áætlun um, hve mikið þyrfti að byggja í Reykjavík einni á næstu árum, til þess að heitið gæti, að ástandið í húsnæðismálum höfuðborgarinnar væri sæmilegt, og komst þá að þeirri niðurstöðu, að reisa þyrfti 620 íbúðir á ári næstu 5 árin til þess að fullnægja lágmarkskröfum. Ég hygg, að þróunin hafi síðan gengið í þá átt, að þessi þörf muni meiri og brýnni en þá var.

Árið 1944 samdi Arnór Sigurjónsson ýtarlega álitsgerð um byggingarmál á vegum skipulagsnefndar, er átti að undirbúa verklegar framkvæmdir eftir styrjöldina. Í þessari álitsgerð áætlaði hann byggingarþörfina á næstu 10 árum þannig:

10350	íbúðir í stað lélegra og ófullnægjandi íbúða.
2500	íbúðir vegna fjölgunar íbúanna.
1750	íbúðir vegna minnkandi heimila.
250	íbúðir vegna mannflutninga innanlands.
Alls 14850	íbúðir, eða allt að 1500 íbúðir á ári.

Arnór kemst að þeirri niðurstöðu, að árlegur kostnaður þjóðarinnar af þessum nauðsynlegu framkvæmdum muni verða 180—200 milljónir króna. Þessi dæmi

eru nefnd til þess að sýna, hve stórfellt það verkefni er, sem býður þjóðarinnar á þessu sviði. Þeim, sem vilja gera sér þess gleggri grein, vísa ég til hinnar stórfróðlegu álitsgerðar Arnórs, en hún var á sínum tíma send alþingismönnum.

Ég ætla, að ekki þurfi að leiða frekari rök að því, að húsnæðismálið til sjávar og sveita er eitt hið mesta vandamál, þeirra er við Íslendingar verðum að leysa, og um lausn á því máli er ekki hægt að tala fyrr en því marki er náð, að allir geti búið í íbúðum, sem um hollustuhætti og þægindi uppfylla kröfur nútímans, og slíkar kröfur ber engu síður að gera þeim til handa, sem snauðir eru, en hinum, sem gnótt eiga fjár. Þegar þeirra sjónarmiða er gætt, sem hér hafa verið rakin, hlýtur öllum að verða ljóst, að húsnæðismálin eru fyrst og fremst mál heildarinnar, þau eru félagsmál, sem þjóðfélagið, þ. e. ríkið og sveitarfélögin, verða að sameinast um að leysa, þannig að náð verði því takmarki, sem að framan er lýst, að allir Íslendingar geti búið í heilnæmum og hentugum íbúðum. Alþingi hefur á síðari árum sýnt verulegan skilning á þessu. Lögin um verkamannabústaði frá 1929 eru fyrsta sporið og hið merkasta, sem stigið var á þessari braut, svo og lögin um byggingarsamvinnufélög frá 1932. Bæði þessi lög hafa síðan oft verið endurbætt, og á síðasta fjárlagaþingi var þeim breytt allverulega og þau, ásamt lagafyrirmælum um íbúðarhyggingar sveitarfélaga, sameinuð í einn lagabálk, lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Það er engum efa bundið, að afskipti ríkisins af þessum málum hafa verið til mikilla bóta, en það er jafnvíst, að það er mjög fjarri lagi, að hægt sé að tala um, að þjóðfélagið hafi leyst þessi mál.

Til þess að um lausn þessara mála geti verið að ræða, þurfa eftirtalin skilyrði að vera fyrir hendi:

1. að allir Íslendingar eigi kost á íbúðum, hver við sitt hæfi, er fullnægi þörfum tímans hvað snertir hollustuhætti og þægindi.
2. að byggt sé á hagkvæman hátt fyrir einstaklingana, þ. e. eins ódýrt og hægt er án þess að dregið sé úr þeim kröfum, sem fram eru settar í fyrsta lið.
3. að byggt sé á hagkvæman hátt fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag, þ. e. að í kaupstöðum og kauptúnum séu lóðir og aðstaða til gatna notað þannig, að kostnaði bæjarins sé í hóf stillt, en um leið tekið fullt tillit til hollustuhátta og uppeldisþarfa bæjarbúa.
4. að byggt sé á hagkvæman hátt frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar og byggingarstarfsemin verði eðlilegur þáttur í efnahagsstarfsemi hennar.

Það þarf ekki langt mál til að sýna fram á, að engu þessara skilyrða er fullnægt. Húsnæðisskortur er alkunn staðreynd í öllum kaupstöðum og flestum kauptúnum landsins. Fyrir ári bjuggu um 400 fjölskyldur í bröggum eða voru húsnæðislausar í Reykjavík einni, og samkvæmt álitsgerð Arnórs Sigurjónssonar þarf á næstu 10 árum að útrýma 10350 lélegum og ófullnægjandi íbúðum. Þetta sýnir, hve fjarri lagi er, að fyrsta skilyrðinu sé fullnægt.

Ekki er öðru skilyrðinu betur fullnægt. Kostnaður við byggingu íbúðarhúsa mun nú vera 320—330 kr. pr. m^3 hér í Reykjavík, en söluverð mun nema 350—360 kr. m^3. Líku máli gegnir annars staðar á landinu. Byggingarfróðir menn fullyrða, að draga megi úr þessum kostnaði til verulegra muna, sumir segja um þriðjung, aðrir nefna allt að helmingi.

Hvað þriðja skilyrðinu viðvíkur, má fullyrða, að yfirleitt sé byggt á þann hátt, að útgjöld bæjarfélaganna verði mjög mikil til gatnagerðar og annars þess, er þeim ber að leggja fram, án þess þó að fullnægt sé sem skyldi þörfum bæjarbúa fyrir opin svæði og góðar lóðir, en þar sem þetta frumvarp snertir ekki beint þetta atriði, skal það ekki rakið frekar.

Um fjórða atriðið er það að segja, að ekkert tillit er tekið til hinna almennu efnahagsstarfsemi þjóðarinnar í sambandi við byggingarmálin, á því sviði fer hver sínu fram, eftir því sem hann getur, án alls tillits til, hvað þjóðinni hentar.

Til þess að bæta úr þessu er nauðsynlegt að koma einni heildarstjórn á byggingarframkvæmdir þjóðarinnar.

Fyrsta hlutverk slíkrar heildarstjórnar er að fella byggingarstarfsemina með eðlilegum og hagkvæmum hætti inn í heildarbúskap þjóðarinnar. Þess vegna er lagt til í frumvarpi þessu, að Nýbyggingarráð eða önnur stofnun, sem síðar kynni að taka við hlutverki þess, geri ár hvert heildaráætlun um allar byggingar og mannvirkjagerð í landinu (sbr. 4. gr.). Þessi áætlun skal byggð á því, að rannsakað sé svo sem framast er unnt, hversu mikið fjármagn, vinnuafl og byggingarefni þjóðin geti lagt ár hvert til bygginga og annarrar mannvirkjagerðar, án þess að trufluð verði önnur nauðsynleg efnahagsstarfsemi hennar, svo sem störf í þágu framleiðslunnar til lands og sjávar. Að sjálfsögðu verður slík áætlun ekki gerð nema heildaráætlun um allt atvinnulíf þjóðarinnar komi til, og áætlun um, hversu mikið fé skuli lagt til hinna einstöku greina athafnalífs og annars þess, er tilheyrir störfum menningarþjóðfélags. Jafnhliða þessari áætlun verður að fá einhverjum aðila vald til að ákveða, að fjármagnið skuli skiptast samkvæmt þessari áætlun.

Ákvæði 4. og 5. gr. þessa frumvarps um heildaráætlun um byggingarframkvæmdir og efnisúthlutun til þeirra, eru hugsuð sem liður í heildaráætlun um rekstur þjóðarbúsins og ákvörðun um fjárfestingu á hverjum tíma.

Samkvæmt ákvæðum 4. gr. er ætlazt til, að jafnframt því, að Nýbyggingarráð geri heildaráætlun um byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð, ákveði það, hversu mikið byggingarefni skuli ganga til:

a. íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum;
b. íbúðarhúsa í sveitum og annarra bygginga í þágu landbúnaðar;
c. annarra bygginga og mannvirkja í þágu atvinnulífsins, svo og hvers konar opinberra bygginga.

Þetta frumvarp fjallar fyrst og fremst um a-liðinn. Meginhlutverk þess er að leysa húsnæðisvandamálið í kaupstöðum og kauptúnum; hvað sveitirnar snertir, miða lög um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum í sömu átt, og því er hér lagt til að fela nýbýlastjórn úthlutun þess byggingarefnis, sem kemur í hlut sveitanna, og þykir nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir fram yfir það, sem þegar hefur verið gert, til að leysa húsnæðisvandamál sveitanna. Teldi ég rétt, að ákvæði um það yrðu felld inn í áðurnefnd lög, og er ég reiðubúinn til að taka þátt í athugunum á því máli, því að vissulega eiga þeir, sem í sveitunum búa, sama rétt til, að þjóðfélagið leysi þeirra húsnæðisvandamál, sem hinir, er við sjóinn búa.

Ætlazt er til, að Nýbyggingarráð annist úthlutun efnis samkvæmt c-liðnum, enda er hlutverk þess að hafa heildarstjórn á „nýsköpun atvinnulífsins", en með því er fyrst og fremst átt við framþróun sjálfs atvinnuvegarins. Því þykir hlýða, að Nýbyggingarráð hafi með sérstökum hætti hönd í bagga með hvers konar meiri háttar mannvirkjagerð, svo sem hafnargerðum, rafvirkjunum og vegagerðum, byggingum, sem eru beint í þágu framleiðslunnar, svo sem fiskiðjuvera og annarra iðjuvera, svo og opinberra bygginga.

Er þá komið að því að gera nokkra grein fyrir, hvernig hugsað er með frumvarpi þessu að greiða fram úr húsnæðisvandamáli kaupstaða og kauptúna.

Sú stofnun, sem ætlað er að hafa þetta hlutverk með höndum, er Byggingarstofnun ríkisins. Fyrsta verk hennar á að vera að safna sem fullkomnustum skýrslum um húsnæðisákvæðið í kaupstöðum og kauptúnum. Umbæturnar verður að byggja á raunhæfri þekkingu á vandamálinu. Þegar slík þekking er fyrir hendi, ber að gera áætlun um umbætur á þeim grundvelli, að fyrst verði bætt úr þeim þörfunum, sem brýnastar eru. Þessu marki verður náð með því að gefa Byggingarstofnuninni vald til að ráðstafa því byggingarefni, sem til húsagerðar er ætlað í kaupstöðum og kauptúnum. Með þessu ætti að mega stöðva með öllu þá ósæmilegu sóun byggingarefnis, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Það er alkunna, að á sama tíma sem þúsundir manna hafa búið í óhæfilegu húsnæði, hefur bygg-

ingarefni verði sóað gegndarlaust til sumarbústaðabygginga og ýmiss konar annars óþarfa, sem bæði má og á að bíða, unz húsnæðisvandamálið er leyst. Með því valdi, sem Byggingarstofnuninni er gefið, má stöðva hina glæpsamlegu sóun byggingarefnisins með öllu og tryggja, að eins mikið húsnæði og framast er unnt fáist fyrir það byggingarefni og það vinnuafl, sem þjóðin að vel athuguðu máli er talin geta lagt fram á hverjum tíma.

Þessu næst er að tryggja, að byggt verði á hagkvæman hátt fyrir þá, sem íbúðanna eiga að njóta, en það þýðir að draga stórlega úr byggingarkostnaði frá því, sem nú er. Þetta hlutverk er Byggingarstofnuninni ætlað að rækja, og liggja þessar leiðir að markinu:

1. Byggingarstofnunin fær allan innflutning á byggingarefni í sínar hendur og selur það við sannvirði, og er þannig létt af þeim skatti, sem byggingarefnissalar leggja nú á þá, sem húsnæðisins njóta.
2. Byggingarstofnunin annast framkvæmdir fyrir byggingarfélög og auk þess aðra aðila, eftir því sem við verður komið, hún selur þessar framkvæmdir við sannvirði, og eru íbúðarnotendur þannig losaðir við þann skatt, sem þeir nú verða að greiða þeim, er byggja hús í braskskyni.
3. Byggingarstofnuninni ber strax og hún fær aðstöðu til að nota tæknina til hlítar í þjónustu byggingariðnaðarins; með þessu ætti að mega auka afköst byggingarverkamanna til muna, þó einkum með því að koma á sérhæfingu við framleiðslu glugga, hurða, eldhúsbúnaðar o. s. frv.

Með þessum ráðstöfunum ætti að mega ná verulegum árangri, og ég tel, að byggingarfróðir menn hafi leitt að því rök, að lækka mætti byggingarkostnaðinn um allt að einum þriðja, eða úr 320—330 kr. pr. m^3 niður í um 220 kr.

Með þessu frumvarpi er lagt til að fella niður þann mun, sem gerður hefur verið á byggingarsamvinnufélögum og byggingarfélögum verkamanna; sérhvert félag, sem stofnað er í kaupstað eða kauptúni til þess að byggja íbúðarhús og vill lúta lögum þessum, á kost á að njóta réttinda þeirra, og mundu að sjálfsögðu öll starfandi byggingarsamvinnufélög og byggingarfélög verkamanna falla undir ákvæði þeirra. Sjálfsagt þykir að leyfa að stofna eins mörg byggingarfélög á hverjum stað og óskað er. Þó þykir rétt að setja þær takmarkanir, að í Reykjavík þurfi 50 menn til að stofna slíkt félag, í öðrum kaupstöðum 25 og í kauptúnum 5. En til þess að gera framkvæmd auðveldari, er lagt til, að þar, sem fleira en eitt byggingarfélag er starfandi á sama stað, myndi þau sambönd, er fari með mál þeirra allra út á við gagnvart sveitarfélaginu og Byggingarstofnuninni.

Meginbreytingin, sem lagt er til, að gerð verði á aðstöðu byggingarfélaganna, er sú, að þeim verði tryggt lánsfé til framkvæmdanna. Það hefur komið í ljós, að þær breytingar, sem gerðar voru á lögum um verkamannabústaði og samvinnubyggingarfélög síðastliðinn vetur, hafa komið að litlu liði, vegna þess að fé hefur ekki fengizt til framkvæmdanna, þrátt fyrir ríkisábyrgðir. Reynslan sýnir sem sagt, að ríkisábyrgð er þýðingarlítil, ef þeir, sem fénu ráða, hafa tækifæri til og telja sér henta að verja því til annarra framkvæmda en þeirra, sem ríkisábyrgðar njóta.

Hér er því að því ráði horfið að skylda bankana til að lána fé til þeirra húsa, sem reist yrðu samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps, ef að lögum yrði. Þessi tilhögun er miðuð við það, að ein allsherjar yfirstjórn verði sett yfir alla bankastarfsemi þjóðarinnar og henni fengið vald og réttur til að setja reglur um fjárfestingu þjóðarinnar í heild. Þessi yfirstjórn mundi þá ár hvert meðal annars kveða á um, hversu miklu fé skyldi varið til húsagerðar. Með þessu ynnist það tvennt að tryggja fé til þeirra framkvæmda, sem ráðizt er í, og að þær yrðu eðlilegur liður í fjármálastarfsemi þjóðarinnar, að dómi hinna hæfustu manna.

Lagt er til, að bankar láni til þeirra bygginga, sem um getur í frumvarpi þessu, sem svarar 50% af kostnaðarverði. Er ætlazt til, að lánskjör fari eftir því, sem tíðkast á hverjum tíma.

Framlög einstaklinga, sem íbúðanna eiga að njóta, eru mismunandi eftir efnahag

þeirra, og er um þrjá flokka að ræða. Í a-flokki er framlag einstaklings, sem vill eignast rétt til íbúðar, 20% af kostnaðarverði. Undir þann flokk geta allir komið án tillits til efnahags, og býður hann að því leyti hliðstæð kjör við byggingarsamvinnufélögin. Í b-flokki er framlag einstaklingsins 10%, en þeir einir öðlast rétt til íbúða í þessum flokki, sem ekki hafa hærri tekjur en 7000 kr. á ári að viðbættum 1000 kr. fyrir hvern ómaga, og eiga ekki yfir 10000 kr., allt þetta að viðbættu vísitöluálagi. Undir þennan flokk koma þeir, sem nú eiga rétt til íbúða í verkamannabústöðum. Í c-flokki leggur einstaklingurinn ekkert fram. Rétt til íbúðar í þeim flokki eiga þeir, sem búa í heilsuspillandi íbúðum og ekki geta lagt fram það fé, sem tilskilið er í a- og b-flokki. Undir þennan flokk koma þeir, sem samkvæmt lögum um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum eiga rétt á fyrirgreiðslu sveitarfélagsins til að komast í sæmilegar íbúðir. Það fé, sem á vantar, þegar bankarnir hafa veitt það lán, sem þeim ber, og einstaklingarnir lagt fram sinn hlut, er ríki og hlutaðeigandi sveitarfélagi ætlað að veita að jöfnu sem vaxtalaust lán til 50 ára. Veitir þá hver aðili vegna a-flokks 15% af kostnaðarverði, vegna b-flokks 20% og vegna c-flokks 25%. Hið beina framlag ríkisins og sveitarfélagsins verður sá vaxtamismunur, sem þau verða að greiða fyrir það fé, sem þau verja í þessu skyni, og kemur þetta framlag í stað þess fjár, er þessir aðilar greiða nú til byggingarsjóðs. Ekki sé ég mér fært að gera áætlun um, hve mikil árleg framlög þessara aðila yrðu, enda hefur slík áætlun litla eða enga þýðingu á þessu stigi málsins. Frumvarp þetta er byggt á, að heildaráætlun verði gerð um framkvæmdir þær, sem það fjallar um ár hvert og að hún verði sniðin við getu þjóðarbúsins og þörf hvert sinn; í því liggur trygging fyrir, að gjaldþoli þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, verði ekki ofboðið. Ekki þykir fært að gera ráð fyrir, að sveitarfélögin geti af eigin ramleik útvegað það fé, sem þeim er ætlað að leggja fram í þessu skyni, og er lagt til, að bönkunum verði lögð sú skylda á herðar, að kaupa skuldabréf af þeim til lúkningar þessum greiðslum, ef þau óska.

Með þessum ákvæðum eru réttindi byggingarfélaganna stórlega aukin og aðstaða þeirra bætt, hins vegar eru þeim lagðar nokkuð ríkari skyldur á herðar en áður. Þeim er gert að skyldu að fylgjast með húsnæðisástandinu hverjum á sínum stað og að miða starfsemi sína við það, að útrýma heilsuspillandi húsnæði og gefa öllum kost á mannsæmandi íbúðum. Sé ekkert byggingarfélag starfandi í kaupstað eða kauptúni, tekur sveitarfélagið við réttindum þess og skyldum.

Ég tel, að með frumvarpi þessu, af að lögum yrði, verði hverjum manni í kaupstað og kauptúni gert kleift að eignast rétt til góðrar íbúðar, en það er tvímælalaust eitt af þýðingarmestu verkefnum þjóðfélagsins og mun leiða til aukinnar menningar og fjölmargra framfara, ef framkvæmt verður, auk þess sem það kemur í veg fyrir fjölda sjúkdóma með þeim vandræðum, sem þeim fylgja.

Þann hugsunarhátt þarf að ala upp með þjóðinni, að sérhver unglingur eigi strax og hann fer að vinna fyrir sér að leggja fé til hliðar til þess að öðlast rétt til íbúðar, þegar hann þarf á að halda. Í þessu skyni er gert ráð fyrir innlánsdeildum, er byggingarfélögin hafi með höndum. Þar geta þeir, sem íbúðarréttindi vilja öðlast, lagt inn sparifé sitt, og öðlast þeir hann, er innstæðan nemur þeirri upphæð, sem þarf til að eignast rétt til íbúðar, er þeir þarfnast. Þetta ætti að auka sparnaðarhvöt unga fólksins, og er þess sízt vanþörf, en sá skilningur þarf að verða ríkjandi, að hverjum manni beri að hafa skapað sér rétt til íbúðar, þegar hann vill stofna heimili, og er slíkt vissulega ekki til of mikils ætlazt, ef lögfest verður sú aðstaða, sem þjóðfélaginu er ætlað að veita samkvæmt frumvarpi þessu. Nánari skýringu á frumvarpinu í heild svo og einstökum greinum þess verða gefnar í framsögu.

Nd. 108. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 55 3. marz 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Veðdeild Landsbankans skal gefa út bankavaxtabréf allt að 60 millj. króna, og nefnist sá flokkur vaxtabréfanna 16. flokkur veðdeildarinnar.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Auk veðskuldabréfa, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum þessa flokks vera:

1. Varasjóður flokksins.
2. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan er greint.

3. gr.

Fyrri málsgrein 4. gr. orðist svo:

Vextir af bankavaxtabréfum 16. flokks skulu vera 4%, og skal með reglugerð, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, ákveðið, hvar vextirnir skulu greiðast og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Síðari málsgrein skal óbreytt standa.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Fé 16. veðdeildarflokks má lána bæjar- og sveitarfélögum og byggingarsamvinnufélögum í kaupstöðum og kauptúnum gegn veði í húseignum með lóðum og lóðarréttindum, Enn fremur má lána fé 16. veðdeildarflokks einstaklingum, einum eða fleirum saman, er sjálfir hafa að íbúð húseign þá, er sett er að veði fyrir láninu. Ef lántakandi er einstaklingur og selur eða leigir húseignina eða hluta af henni, telst lánið fallið í gjalddaga án uppsagnar. Húseignir þær, sem settar eru að veði, skulu vátryggðar í vátryggingarstofnunum, er bankastjórnin tekur gildar.

Hvert lán skal vera 75% lóðarverðs, miðað við fasteignamat, og 50% kostnaðarverðs hinna veðsettu húseigna, sé um ný hús að ræða. Sé um hús eldri en eins árs að ræða, skal miða við hið upprunalega kostnaðarverð að frádreginni hæfilegri fyrningu. Kostnaðarverð húsanna sé reiknað eftir vísitölu byggingarkostnaðar þess árs, sem þau eru reist.

5. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Úttekt á eignum þeim, sem veðdeildarflokkurinn tekur að veði, skal á kostnað lánþega fara fram á þann hátt, sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð. Skal stjórn Landsbankans heimilt að nefna til menn, er um skulu dæma, hvort veðin séu þess virði, sem lántakandi hefur upp gefið, en bæjar- eða sveitarstjórn sú, er hlut á að máli, getur áfrýjað úttektinni til fjármálaráðherra. Stjórn Landsbankans er enn fremur heimilt að krefjast skírteinis virðingarmanna á fimm ára fresti um það, að veðinu sé vel við haldið.

6. gr.

8. gr. laganna falli burt, en í stað hennar komi sem 8. gr.:

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

7. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Lánstíminn má vera allt að 35 árum, ef veðið er vandað steinhús með góðri lóð eða lóðarréttindum, og allt að 25 árum, ef veðið er vandað timburhús.

8. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Lán þau, sem veðdeildin veitir úr 16. flokki, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefur rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma þeim í gjaldgenga peninga affallalaust.

9. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

10. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Þá er lokið er skuldbindingum veðdeildarflokks þess, sem stofnaður er með lögum þessum, rennur varasjóður hans til næstu flokka, sem stofnaðir verða til að halda áfram veðlánastarfsemi bankans. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

11. gr.

2. gr. laganna, 5. gr., 12.—23. gr., svo og 25. og 26. gr. laganna haldist óbreyttar að öðru en því, að þar sem stendur „þessir flokkar“, „veðdeildarflokkar“ eða „hlutaðeigandi veðdeildarflokkar“ komi: flokkurinn eða veðdeildarflokkurinn.

Greinargerð.

Á síðasta fjárlagaþingi flutti ég frumvarp samhljóða frumvarpi þessu (Alþt. 1945, A. þskj. 727). Því var vísað til fjárhagsnefndar, en fékk ekki afgreiðslu, enda orðið áliðið þings, er það kom fram. Samhliða þessu frumvarpi flyt ég nú frumvarp til laga um Byggingarstofnun ríkisins og byggingarfélög. Verði það að lögum, verður séð fyrir fé til byggingarframkvæmda samvinnubyggingarfélaga og sveitarfélaga, en eftir er þá að tryggja þeim einstaklingum, sem nú eru að byggja og síðar munu byggja hús til eigin íbúðar, aðgang að sæmilegum lánum. Frumvarp þetta miðar að því að leysa lánaþörf þessara aðila að nokkru. Allar þær ástæður, sem voru fyrir hendi, er ég flutti frumvarp þetta á síðasta aðalþingi varðandi erfiðleika á öflun lánsfjár til íbúðarhúsabygginga, eru enn fyrir hendi, og þó í ríkari mæli en áður. Það, sem tekið var fram í greinargerð fyrir frumvarpinu þá, er því enn í fullu gildi, en sú greinargerð var þannig:

„Það mun ekki vera of fast að orði kveðið, ef sagt er, að lánastarfsemi til húsabygginga hér á landi sé í fullkomnum ólestri. Með stofnun veðdeildarinnar hefur löggjafinn viljað tryggja það, að þeir, er réðust í slíkar framkvæmdir, gætu átt öruggan aðgang að hagkvæmum lánum gegn fyrsta veðrétti, er svaraði til allt að ¾ virðingarverðs fasteignarinnar, og er þá vitaskuld búizt við, að virðingarverð og kostnaðarverð nýrra húsbygginga sé mjög nálægt hvort öðru. Þegar fasteignaverð og byggingarkostnaður stórhækkar hér á landi á stríðsárunum, er þessi löggjöf gerð einskis nýt með því að stjórn veðdeildarinnar setur virðingarverð svo lágt, að það

er ekki nema örlítill hluti af raunverulegu kostnaðarverði. Sem stendur mun þetta virðingarverð liggja nálægt 28% af kostnaðarverði, svo að lán veðdeildarinnar munu hæst nema 14% af kostnaðarverði, þar sem aðeins mun lánaður helmingur virðingarverðs. Með þessu er almenningi gert ókleift að notfæra sér lánsskilmála veðdeildarinnar, og honum kastað í arma braskara á þessu sviði, er veita lán gegn miklu óhagstæðari kjörum. Reyndin hefur einnig orðið sú, að veðdeildin hefur á þessum árum verið dauð stofnun. Hún hefur á árunum 1940—44 veitt lán að upphæð aðeins um 18 millj. kr., á sama tíma, sem talið er, að í Reykjavík einni hafi verið byggt fyrir að minnsta kosti 160 millj. kr. Kjör þau, sem hægt hefur verið að fá á brasklánamarkaðinum utan bankanna, munu undanfarið hafa verið lánsupphæð um það bil 28% af kostnaðarverði, vextir 6% og þóknun 2%. Nú orðið mun einnig vera farið að þrengjast mjög um lán, einnig með slíkum óhagstæðum kjörum. Með þessu móti hefur allri lánastarfsemi til bygginga verið skipað niður á það villimannlega frumstig, er ríkjandi var fyrir daga reglulegrar bankastarfsemi, og í því skjóli hefur ýmislegt óheilnæmt brask og okur getað þróazt.

Með breytingum þeim á lánaskilmálum 16. veðdeildarflokks, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, er ætlunin að ráða bót á þessu ófremdarástandi og gera veðdeildina aftur að stofnun, er vinni það hlutverk, sem henni upprunalega var ætlað, að tryggja almenningi hagkvæm fyrsta veðréttar lán að verulegri upphæð af kostnaðarverði húsbygginga. Aðalbreytingin er í því fólgin, að lán séu miðuð við 75% af fasteignamatsverði lóðar og 50% af kostnaðarverði, í stað þess, að áður var aðeins miðað við virðingarverð, er bankastjórnin gat ákveðið af eigin geðþótta með þeim afleiðingum, er áður er lýst. Kostnaðarverð skal miðað við vísitölu byggingarkostnaðar þess árs, sem húsin eru reist. Þar sem vísitala byggingarkostnaðar liggur nokkuð fyrir neðan raunverulegt kostnaðarverð, mun hér ekki vera um að ræða meira en um það bil 45% af núverandi kostnaðarverði. Verða þessi lán því að teljast vel tryggð í húseignum þeim, sem þau eru lánuð út á, jafnvel þótt um mikið verðfall yrði að ræða á fasteignum, sem þó virðist ekki mikið útlit fyrir í bráð. Vegna þess eftirlitsleysis, sem nú er ríkjandi af hálfu þess opinbera hvað snertir húsaleiguokur, hefur þótt nauðsyn bera til að setja ákvæði til tryggingar því, að húsabraskarar gætu ekki notið góðs af þessum hagkvæmu lánum, en leigjendur þeirra ekki orðið þeirra aðnjótandi í lægri húsaleigu. Er því fyrst og fremst ætlazt til, að bæjar- og sveitarfélög og byggingarsamvinnufélög hafi aðgang að þessum lánum, og enn fremur einstaklingar þeir, er byggja fyrir sjálfa sig, en ekki til að selja eða leigja öðrum. Það ákvæði hefur því verið sett, að lán, er veitt hafa verið einstaklingum, skuli teljast fallin í gjalddaga, þegar er selt er eða leigt öðrum. Með því verður að vera strangt eftirlit frá veðdeildarinnar hálfu, að ekki sé farið í kringum þessi ákvæði og lánin þannig misnotuð. Um þetta atriði er ætlazt til, að nánari ákvæði verði sett í reglugerð.

Önnur breyting, sem gert er ráð fyrir, er sú, að vextir af bankavaxtabréfum 16. flokks séu ákveðnir 4%, en um hæð vaxta hefur ekki verið neitt ákveðið hingað til. Þar sem árlegt tillag til að borga kostnað og til varasjóðs er ½%, verða vextir til lántakanda 4½%. Það verður að teljast mjög óeðlilegt og tíðkast nú orðið hvergi, að vextir af ríkistryggðum lánum sem þessum séu hærri en 4%, og verður þjóðbankinn með kaupum slíkra skuldabréfa að sjá til þess, að vextir hækki ekki yfir það mark. Raunverulega hafa vextir af bréfum veðdeildarinnar ekki verið hærri en sem þessu nemur, svo að ekki er hægt að telja, að hér sé nein óeðlileg kvöð lögð á bankann.

Með tillögum þessa frumvarps er ætlunin að ráða nokkra bót á einni hlið þess vandræðaástands, sem nú er ríkjandi í byggingarmálunum. Til nokkurn veginn sæmilegrar lausnar þeirra mála þarf vitaskuld miklu róttækari aðgerðir, en þessar breytingar á lánastarfsemi veðdeildarinnar mundu þó nokkru fá áorkað, ef þær næðu fram að ganga.“

Sþ. 109. Nefndarálit

um till. til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á húsnæði handa rektor Menntaskólans í Reykjavík.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Þingsályktunartillaga þessi á þskj. 93 fer fram á það, að Alþ. heimili ríkisstjórninni að kaupa húseignina nr. 39 við Garðastræti og að láta rektor Menntaskólans í Reykjavík í té íbúð í húsinu. Kaupverð hússins ásamt lóð á að vera kr. 650000. Nefndinni var ljóst, að talsverðar breytingar mundi verða að gera á húsinu, áður en rektor flytti í það. Og þótt nefndin væri sammála um það, að sjálfsagt væri, að ríkið leysti á einhvern hátt húsnæðisvandræði rektors, sýndist henni húskaup þessi svo óhagkvæm, að leita bæri annarra ráða. En nefndin gat ekki orðið sammála um það, hverja leið skyldi fara í því efni. Mun meiri hlutinn gera grein fyrir sínum tillögum í sérstöku nefndaráliti.

Minni hlutinn álítur, að ætla beri rektor íbúð í Menntaskólanum, þegar hann verður endurbyggður, eða að byggja beri sérstakan rektorsbústað í nánd við skólann, þegar ákveðið hefur verið, hvar skólinn verður byggður. En sökum þess, að rektor verður að fá íbúð í bænum nú þegar, leggur minni hlutinn til, að málið verði leyst nú til bráðabirgða, helzt á þann hátt að útvega rektor leigubústað, en að öðrum kosti með því að kaupa hæfilega íbúð á hentugum stað.

Minni hlutinn leggur því til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útvega rektor Menntaskólans í Reykjavík viðunandi leiguhúsnæði í bænum til bráðabirgða. Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði allt að 300 þús. kr. til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir rektor.

Alþingi, 13. nóv. 1946.

Sigurður Kristjánsson, frsm. Ingólfur Jónsson. Sigurjón Á. Ólafsson.

Sþ. 110. Nefndarálit

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á húsnæði handa rektor Menntaskólans í Reykjavík.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Mál þetta var tekið fyrir og rætt ýtarlega á 3 fundum, auk þess sem form. nefndarinnar hafði leitað upplýsinga um málið og m. a. rætt það við fjármálaráðherra, menntamálaráðherra og rektor Menntaskólans. Nefndin var sammála um, að nauðsyn bæri til þess að tryggja rektor nú þegar íbúð í Reykjavík, en hún var hins vegar ekki sammála um þær leiðir, sem benda mætti á til þess að ná því takmarki, né hversu miklu fé skyldi til þess varið úr ríkissjóði. Minni hluti nefndarinnar (SK, IngJ og SÁÓ) töldu, að vel gæti komið til mála að leysa málið á þann veg, að ríkissjóður leigði íbúð fyrir rektor fyrst um sinn og tæki þannig á sig nokkrar fjárgreiðslur, ef nauðsyn þætti til bera, eða keypti handa honum íbúð, ef annars væri ekki kostur, enda þótt sú íbúð væri eigi nærri skólanum. Á þetta gat meiri hl. ekki fallizt, og skilar minni hl. því sérstöku nefndaráliti.

Meiri hl. lítur svo á, að það sé höfuðatriði í þessu máli, að rektor Menntaskólans verði tryggð íbúð í framtíðinni sem næst sjálfum skólanum, þar sem hann geti haft stöðugt eftirlit með nemendum, ekki einasta í kennslustundunum, heldur og öllum öðrum stundum, sem þeir dvelja í skólahúsinu, hvort heldur er við nám, fundarhöld eða skemmtanir. Með því nú að ríkissjóður á húseignina „Gimli", sem nýlega hefur verið gerð íbúðarhæf og liggur á hinum ákjósanlegasta stað sem bústaður fyrir rektor Menntaskólans, auk þess sem þar mætti fá rúm fyrir eina kennslustofu og jafnframt samastað fyrir félagsstarfsemi nemenda skólans, sem mjög vanhagar nú um, telur meiri hl. nefndarinnar, að leggja beri á það höfuðáherzlu að tryggja rektor þar íbúð, svo lengi sem skólinn starfar þar, sem hann nú er.

Hins vegar er meiri hl. nefndarinnar og ljóst, að með því að biskupnum yfir Íslandi hefur verið afhent hús þetta til íbúðar, þá verði að leita samkomulags um það við hann, að hann rými húsið, gegn því að honum sé séð fyrir íbúð á öðrum stað, og til þess að svo megi verða vill meiri hl. heimila ríkisstjórninni nauðsynlegt fé.

Meiri hl. leggur því til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillögugr. orðist svo:

   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útvega rektor Menntaskólans íbúð svo fljótt sem verða má í nágrenni við skólann.

   Telur Alþingi, að húseign ríkisins „Gimli" væri að þessu leyti heppileg til þessara nota, og einnig mundi þar vera, auk íbúðar rektors, nokkurt húsrými fyrir kennslu og félagsstarfsemi nemenda skólans.

   Skorar Alþingi því á ríkisstjórnina að leita samkomulags við biskup um, að hann vegna þessara þarfa rými húsið, enda verði honum samtímis séð fyrir íbúð annars staðar í bænum, er samboðin sé biskupi landsins.

   Heimilast ríkisstjórninni að verja nauðsynlegu fé til þess, að lausn fáist á þessu máli.

2. Fyrirsögn till. orðist svo:

   Till. til þál. um að tryggja rektor Menntaskólans í Reykjavík húsnæði.

Alþingi, 13. nóv. 1946.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Ásmundur Sigurðsson.	Helgi Jónasson.
Steingrímur Aðalsteinsson.	Pétur Ottesen.	Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 111. Tillaga til þingsályktunar

um bætt starfsskilyrði í Alþingi.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Bjarni Ásgeirsson, Einar Olgeirsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið allra fyrsta framkvæma í samráði við forseta þingsins nauðsynlegar umbætur á starfsskilyrðum þingmanna og annarra þeirra, sem í alþingishúsinu vinna, svo sem þeirra blaðamanna, er þar sinna fréttastarfsemi. Sé hvað blaðamenn áhrærir leitað álits og tillagna Blaðamannafélags Íslands um þær breytingar, sem ákveðnar kynnu að verða.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hve slæm starfsskilyrði þingmanna, þingnefnda og allra, sem á þingi eða við það starfa, hafa lengi verið sakir ófullnægjandi húsakosts. Er því nauðsynlegt, að nú þegar sé farið að hyggja að því, hvaða umbætur sé hægt að gera í þessu efni framvegis, og samtímis hafizt handa um þá bráðabirgðaúrlausn, er þegar mætti finna. Hugmyndir hafa þegar komið fram um þá framtíðarlausn, að núverandi menntaskólahús, sem tengt er Alþingi og sögu þess órjúfandi böndum, verði aftur tekið til afnota fyrir Alþingi og forseta lýðveldisins, þegar nýtt skólahús yrði byggt, og þyrfti strax að undirbúa slíkt, ef af ætti að verða. En hvað sem öðru líður, þarf að athuga, hvaða úrlausn má á málinu finna.

Tafarlaus úrlausn er hins vegar nauðsynleg hvað snertir aðstöðu blaðamanna og möguleika skrifstofunnar til þess að vélrita skjöl fyrir þingmenn.

Aðstaða blaðamanna til þess að sinna fréttaþjónustu í alþingishúsinu er hin erfiðasta. Þeir hafa eina litla áheyrendastúku, sem rúmar örfáa menn, en ekkert vinnuherbergi og engan aðgang að síma. Torveldar þetta mjög starf þeirra og hlýtur óhjákvæmilega að leiða til þess, að þingfréttir blaðanna verði ónákvæmari og lélegri en ella. Það er hins vegar í þágu þings og þjóðar, að þingfréttir séu ýtarlegar og gefi sem réttasta mynd af því, sem fram fer í sölum löggjafarsamkomunnar. Á slíkri fréttaþjónustu á almenningur skýlausa kröfu.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórnin taki þetta mál upp í samráði við samtök blaðamanna og Blaðamannafélag Íslands. Blaðamenn þurfa að fá rúmbetra áheyrendarúm, vinnuherbergi, þar sem þeir geta skrifað fréttagreinar, og sérstakan síma til eigin afnota. Hverjar breytingar þurfi að gera á alþingishúsinu til þess að þessar nauðsynlegu umbætur verði framkvæmdar, skal ekki fullyrt um hér. En það er skoðun flm., að þær séu mögulegar og séu aðkallandi nauðsyn. Í Blaðamannafélagi Íslands hafa þessi mál þrásinnis verið rædd. Hafa blaðamenn verið á einu máli um það, að rík nauðsyn sé á að fá bætt úr hinni erfiðu aðstöðu þeirra til fréttastarfsemi í þinghúsinu. Þingfréttaritarar vilja gjarnan rækja skyldur sínar við blöð sín og lesendur sem bezt. Frumskilyrði þess er, að þeir hafi sæmileg vinnuskilyrði í þinghúsinu. Þess vegna ber nú að skapa þessi skilyrði. Með því er ekki aðeins blaðamönnum létt störf þeirra, heldur mun það og verða þingræðisskipulaginu og löggjafarsamkomunni til hagræðis og álitsauka.

Sþ. 112. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 109 (Kaup á húsnæði handa rektor Menntaskólans í Reykjavík).

Frá Jónasi Jónssyni.

Aftan við tillögugreinina kemur:

Jafnframt þessu felur Alþingi kennslumálastjórninni að veita rektor frí frá kennslu og störfum við skólann, án launa- og réttindamissis, meðan hann hefur ekki handa sér og sínum viðhlítandi íbúð í bænum. Sé elzta kennara skólans falin stjórn skólans, þar til rektor getur flutt sig í bæinn.

Ed. 113. Frumvarp til laga

um iðnskóla í sveitum.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Stofna skal skóla í húsasmíði og húsgagna- og búsáhaldagerð fyrir þá, er stunda vilja þær iðnir í sveitum landsins og kauptúnum með færri en 300 íbúa. Skal það vera heimtavistarskóli, og leggur ríkið skólanum til stað, sem vel hentar, og nauðsynleg húsakynni til að geta tekið móti 50 nemendum árlega svo og áhöld og vélar til kennslunnar, sem vanda skal til svo sem verða má.

2. gr.

Skóli þessi skal rekinn á ábyrgð ríkisins sem sjálfstæð stofnun, er ber sjálf kostnað af skólahaldinu, eftir því sem tekjur hrökkva, enda njóti hún þess ágóða, er verða kann af smíðarekstri skólans og svo þeim atvinnurekstri, sem hún tekur sér á herðar samkvæmt lögum þessum. Heimilt skal stofnuninni að taka lán til framkvæmda sinna, eftir því sem nauðsyn krefur, með samþykki landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Í skólanum skal fara fram bæði fræðileg og verkleg kennsla, og skal námstími hvers nemanda vera tvö ár, hefjast og vera lokið að vori. Heimilt skal þó að gefa nemendum kost á styttri námstíma, ef þeir geta sýnt, að þeir hafi fengið slíkan undirbúning, er þeir koma í skólann, að þeir geti með því orðið jafnfærir öðrum nemendum skólans. Ef einstakir nemendur verða að dómi kennara og prófdómenda ekki svo færir eftir tveggja ára nám, að rétt þyki að veita þeim þau réttindi, er skólinn veitir, skal forstöðumanni skólans heimilt að framlengja skólavist þeirra allt að því um eitt ár.

4. gr.

Skilyrði fyrir skólavist er, að nemandinn hafi verið einn vetur í héraðsskóla eða gagnfræðaskóla og fengið þar a. m. k. II. einkunn eða sem því svarar eða sýni það með prófi, að hann hafi eins mikla fræðilega kunnáttu og þeir, er slíks náms hafa notið. Hann skal hafa hlotið nokkra æfingu í meðferð venjulegustu smíðaáhalda og geta leitt að því líkur, að hann sé gott smíðsefni. Hann skal vera fullra 18 ára að aldri og hraustur til líkamlegrar vinnu.

5. gr.

Skólinn skal skiptast í tvær deildir, húsasmíðadeild og húsgagna- og búsáhaldasmíðadeild, og skal hann geta tekið móti a. m. k. 36 nemendum við húsasmíði og 14 nemendum við húsgagna- og búsáhaldasmíði.

6. gr.

Fræðileg kennsla skólans skal vera í þessum greinum, og skal hún vera sameiginleg fyrir báðar deildir, eftir því sem við getur átt: íslenzku, teikningu, bæði almennri teikningu og verkteikningu, iðnsögu, eðlisfræði og efnisfræði. Einnig skal nemendum gefinn kostur á nokkurri kennslu í íþróttum og söng.

7. gr.

Verklegt nám húsasmiða skal miðað við það, að þeir verði færir um að standa fyrir smíði íbúðarhúsa allt að því tveggja hæða auk kjallara og leggja einfaldar lagnir fyrir rafmagn, vatn og hita. Skulu þeir læra að nokkru hvort tveggja trésmíði og múrsmíði, en velja um það, hvort af þessu tvennu þeir gera að aðalnámi

sínu. Þeir, sem gera múrsmíði að aðalnámi, skulu læra að leggja járn í steypu og leggja vatnsleiðslur og miðstöðvar eftir teikningu, en trésmiðir skulu læra málningu og veggfóðrun.

8. gr.

Verklegt nám húsgagna- og búsáhaldasmiða skal miða við það, að þeir verði færir um að smíða helztu húsgögn og búsáhöld, sem sveitaheimili þarf. Skal skólinn leggja alúð við að haga svo kennslunni, að það stuðli að því, að húsgögn megi verða sem hentugust.

Bæði húsasmíðanemum og húsgagnasmíðanemum skal leiðbeint um meðferð helztu mótorvéla og rafmagnsvéla, sem nota má við iðn þeirra.

9. gr.

Verklegt nám húsgagnasmiða skal fara fram á verkstæðum skólans, en verklegt nám húsasmiða jöfnum höndum á verkstæðum skólans og við húsabyggingar, er skólinn veitir forstöðu. Skal verknám þeirra, er fram fer við húsabyggingar, vera 5—6 mánuðir ár hvert á tímanum frá 14. maí til 15. desember, og skal skólinn takast á hendur byggingar, hvar sem er í sveitum og kauptúnum með minna en 300 íbúa. Þess skal gætt, að aldrei séu fleiri nemendur að starfi við hverja byggingu en svo, að þeir geti haft þar með höndum verkefni, er þeir læra af iðn sína, og að kennarar komi því vel við að kenna þeim réttar starfsaðferðir.

10. gr.

Við skólann skal skipaður forstöðumaður og þrír kennarar, auk þess sem þeim skal fenginn aðstoð eftir þörfum við kennslu og rekstur skólans. Launakjör fastra starfsmanna skulu vera hin sömu og við bændaskólana.

11. gr.

Forstöðumaður hefur aðalumsjón með skólanum og sér um allar framkvæmdir og kennslu. Um meiri háttar mál, svo sem verulegar undanþágur frá námi, styttingu eða sviptingu skólavistar, kveður hann kennara til umsagnar. Hann hefur og á hendi allt reikningshald skólans.

12. gr.

Verklegt nám reglulegra nemenda skal vera 3900—4200 vinnustundir alls, þó aldrei yfir 10 stundir á dag. Sú vinna, sem þeir leysa af hendi þennan tíma, er eign skólans, en á móti veitir hann ókeypis húsnæði, kennslu, værkfæri til notkunar, fæði og tvennan vinnuklæðnað á ári og auk þess greiðslur samkvæmt venjulegum verkamannataxta fyrir þær vinnustundir, er umfram verða 3200. Leyfa má þó nemendum að vinna í umframstundum þessum að verkefnum í eigin þágu og þá án greiðslu frá skólanum. Skólanum skal og heimilt að kaupa af nemendum meiri vinnu, er þeir vinna á verkstæðum hans og við framkvæmdir hans.

Hirðingu herbergja sinna og þvotta á fötum sínum annast nemendur með umsjón, er skólinn veitir.

13. gr.

Vanræki nemandi nám sitt eða reynist til þess illa fallinn, svo og ef hann reynist ber að óreglu eða alvarlegum brotum á skólareglum, má forstöðumaður vísa honum úr skólanum.

14. gr.

Nemendur eiga sumarleyfi a. m. k. 6 virka daga hvort sumar og vetrarleyfi frá 16.—31. desember.

15. gr.

Yfirstjórn skólans er í hendi landbúnaðarráðherra. Skal ráðherra gefa út reglugerð, sem sett er eftir tillögum forstöðumanns skólans, þar sem nánar er ákveðið

um almennar skólareglur, tilhögun kennslu, inntökuskilyrði, próf, kennslukrafta, skyldur og réttindi kennara og annarra fastra starfsmanna, rekstur húsasmíðadeildar sérstaklega og húsgagnasmíðadeildar sérstaklega, kjör óreglulegra nemenda, þar með þeirra, sem hafa lengri eða skemmri skólavist en 2 ár, o. m. fl.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta reglulegu Alþingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er fram borið til að bæta úr bráðri þörf. Í sveitum landsins og kauptúnum er nauðsyn mikilla byggingarframkvæmda á næstu árum, en varla eru til nema fáir faglærðir menn í sveitum og kauptúnum til þess að veita slíkum byggingarframkvæmdum forstöðu. Kaupstaðirnir geta heldur enga hjálp veitt um þetta, því að þar er nú alls staðar hörgull á faglærðum byggingarmönnum.

Samkvæmt athugun, sem Skipulagsnefnd atvinnumála lét gera á síðastliðnu ári á íbúðarkosti sveitanna og kauptúna (og raunar alls landsins), voru í árslok 1940 8312 fjölskylduheimili og félagsheimili í sveitum og kauptúnum með færri en 300 íbúa, en handa þessum heimilum voru í árslok 1941 til 7257 íbúðarhús. Af þessum húsum voru 2418, sem alls ekki var unnt að telja viðhlítandi mannabústaði. Enn fremur verður að gera ráð fyrir því, að mörg hinna 1055 heimila, sem voru umfram tölu íbúðarhúsanna, hafi orðið að sætta sig við allsendis ófullnægjandi húsnæði.

Það þarf ekki í neinar grafgötur um það að fara, að Íslendingar verða á næstu árum að endurbyggja þúsundir íbúða í sveitum og kauptúnum með færri en 300 íbúa á næstu árum. Annars verður það fólk, sem í þeim er, húsnæðislaust og leitar athvarfs í braggahverfunum í Reykjavík eða öðrum þvílíkum húsakynnum. Einnig verður að gera ráð fyrir, að lagfæra verði allmikið af þeim íbúðum, sem ekki eru innifaldar í framannefndri tölu.

Meðan ófriðurinn stóð sem hæst, var mjög lítið byggt í sveitum og smákauptúnum, en þeir, sem þar kunnu helzt eitthvað til smíða, gerðust „gervismiðir“ við byggingar fyrir setuliðið, og hefur margt þessara manna setzt að í Reykjavík og kaupstöðunum og vinnur nú þar að smíðum ýmist með réttindum eða — og það er miklu algengara — sem „gervismiðir“. En í sveitunum og kauptúnum er nú of fátt manna, sem nokkuð verulega kunna til bygginga, en í kaupstöðunum verða smiðir ekki fengnir til að veita byggingum í sveitum eða kauptúnum forstöðu, jafnvel ekki fyrir of fjár. Byggingarmálum sveita og kauptúna verður því alls ekki komið í sæmilegt horf, nema komið sé upp meðal þeirra, sem í sveitum og kauptúnum búa, nægilega mörgum iðnlærðum mönnum til þess að takast þetta verkefni á herðar.

Ef litið er yfir ástand byggingarmála í sveitunum, kemur í ljós, að það er yfirleitt langbezt í næstu grennd við stærstu kaupstaðina og einkum í grennd við Reykjavík og Akureyri. Að einhverju leyti liggja hér til grundvallar efnahagslegar ástæður, en hér mun einnig til greina koma, hversu auðvelt eða erfitt hefur verið að ná í hæfa smiði til að veita byggingum forstöðu.

Tvær sýslur sýnast þó hafa sérstöðu um þessi efni; þær eru ekki í næstu grennd við stóran kaupstað, og þó er ástand í byggingarmálum þeirra í bezta lagi, eftir því sem gerist í sveitum. Það er Suður-Þingeyjarsýsla, þar sem 49,5% íbúðarhúsanna eru „góð“, og Norður-Þingeyjarsýsla með 53,7% íbúðarhúsanna „góð“. Úr þessum tveimur sýslum eru heimildir um ástand íbúðarhúsanna sérstaklega greinagóðar, svo að treysta má því, að hlutur „góðu“ íbúðarhúsanna er þar ekki gerður of

mikill, en svo gæti þó verið í sumum hinum sýslunum. — Ástæður til þess, hve byggingum íbúðarhúsa í Þingeyjarsýslum er vel á veg komið, geta tæpast verið efnahagslegar. Til þessa geta að vísu verið fleiri en ein ástæða, en þeirra meðal mun sú ekki minnstu ráðandi, að við héraðsskólann á Laugum hefur í meira en 20 ár verið starfrækt góð smíðakennsla, — þar hefur verið starfandi sérstök smíðadeild, og hafa 4—15 nemendur árlega haft þar smíðar sem aðalnám. Sumir þessir smíðanemendur hafa stundað þar nám sitt meira en einn vetur og orðið talsvert færir smiðir. Flestir þeirra hafa verið úr Þingeyjarsýslum, og margir þeirra hafa að þessu námi sínu loknu haft ráeði til að veita forstöðu smíði íbúðarhúsa, oftast fyrst heima sjá sér, síðan í nágrenni sínu. Þess eru dæmi, að þeir hafi eftir þetta gert húsasmíði að aðalstarfi. Þessi smíðakennsla á Laugum, sem þó getur alls ekki talizt fullnægjandi í þessum efnum, hefur stuðlað mjög að því, að næstu sveitirnar við skólann eru nú einhverjar bezt húsuðu sveitir landsins.

Hugmyndin um þann skóla, sem hér eru gerðar tillögur um, er að verulegu leyti sprottin upp úr þeirri reynslu, sem þarna hefur fengizt, enda hafa þeir Leifur Ásgeirsson og Arnór Sigurjónsson, fyrrverandi skólastjórar að Laugum, unnið að því í samráði við mig að semja frumvarp þetta.

Ekki þykir þörf að láta fylgja frumvarpi þessu skýringar á hverri grein þess. En nokkur atriði þess skulu þó lítillega rædd og að mestu í þeirri röð, er þau koma þar fram.

1. Með þessum skóla mundi vera stofnað til nýjungar í skólamálum okkar, þannig að ekki er um verulegar fyrirmyndir að ræða. Því er frumvarpið þannig samið, að leitazt er við að láta það koma skýrt fram, hvaða verkefni skólanum er ætlað og hvernig til er ætlazt, að hann leysi það í aðalatriðum. En hins vegar er svo um búið, að sá maður, sem valinn verður til að veita skólanum forstöðu, hafi sem lausastar hendur til að haga störfum hans eftir því, sem fyrsta reynsla sýnir, að bezt hentar. Honum er ætlað að gera tillögur um þá reglugerð, sem skólanum verður sett og skólinn á að starfa eftir, og mætti það vel dragast, þar til skólinn hefði verið starfræktur 1—2 ár.

2. Ekki hefur þótt fært að benda á ákveðinn stað fyrir skólann, enda er það ekki hægt nema að undangenginni athugun og samningum, sem ríkisstjórnin ein getur látið framkvæma. En sjálfsagt þykir, að skólanum sé valinn staður í sveit, þar sem mætti vera góður kostur rafmagns til þess að knýja þær vélar og verkfæri, er hann kann að nota á verkstæðum sínum, jarðhita til upphitunar híbýla hans og verkstæða, og æskilegt er, að hann verði þannig settur, að mikil verkefni séu nærtæk til byggingar íbúðarhúsa í næstu framtíð. Sem dæmi um stað, sem fyrir margra hluta sakir væri vel fallinn til handa skólanum, má nefna Varmahlíð í Skagafirði, þar sem vatnsorka til rafvirkjunar er nærri, mikill jarðhiti er til hitunar híbýla og mikil verkefni fyrir byggingarmenn í stórri samfelldri byggð umhverfis staðinn. Það skal þó jafnframt tekið fram, að á landinu eru til fleiri staðir, sem bjóða fram áþekk skilyrði.

3. Einhverjum mun ef til vill þykja sem nemendum þessa skóla sé ætlaður of stuttur námstími, þar sem iðnnám í þessum greinum er 4 ár í kaupstöðum. En þess er fyrst að geta, að gerðar eru meiri kröfur um kunnáttu til þess, að nemendur fái inngöngu í skólann en til þess að fá að stunda iðnnám í kaupstöðum. Í annan stað má gera ráð fyrir, að meiri alúð verði lögð við kennsluna en algengt er við kennslu iðnsveina, sem mjög oft eru látnir vinna alls konar verk fyrri hluta námstíma síns. En er þess að geta, að varla er gerð eins rík krafa um kunnáttu þeirra að námstímanum loknum og tilsvarandi iðnaðarmanna í kaupstöðum. Er t. d. húsasmiðunum, sem lært hafa í skólanum, ekki ætlað án frekara náms að standa fyrir byggingu stærri íbúðarhúsa en tveggja hæða.

4. Ekki þykir rétt, að skóli þessi verði mjög stór stofnun, því að slíkt mundi

gera kennslu við hann og allt starf erfiðara, enda þyrfti þá líka miklu meira fjármagn til að koma honum upp og reka hann. En ef hann reynist mikið þjóðþrifafyrirtæki, eins og flutningsmaður frumvarpsins væntir, þá er til ætlazt, að fleiri þvílíkir skólar verði stofnaðir þannig, að ef t. d. Norðurland fengi þennan fyrsta skóla, þá kæmu síðar skólar í hinum fjórðungunum.

5. Svo er til ætlazt, að námið verði aðallega í því fólgið, að nemendur séu látnir vinna að hagkvæmum verkefnum undir handleiðslu og fyrirsögn kennara. Húsgagnasmiðum er ætlað að vinna að smíði húsgagna og búsáhalda á verkstæðum skólans. Mundi þá sú deild skólans reka húsgagnavinnustofu fyrir sveitirnar, og ber að ætla henni forustu um það, hvernig húsgögn og búsáhöld verða bezt valin. — Húsasmiðum er ætlað að vinna í flokkum undir stjórn kennara skólans að húsabyggingum mikinn hluta ársins, frá því snemma að vori fram á haust og jafnvel fram yfir veturnætur, en nokkurn hluta ársins, meiri hluta vetrar, á verkstæðum skólans. Til þess er ætlazt, að kjör nemenda í báðum þessum deildum skólans verði að því leyti áþekk þeim kjörum, sem iðnnemum í kaupstöðum eru boðin, að þeir vinni ákveðinn vinnutíma á dag fyrir kostnaði sínum í skólanum, t. d. 7 vinnustundir hvern virkan dag vor, sumar og haust, en 4—5 vinnustundir á veturna þann tíma, sem þeir njóta fræðilegrar kennslu. Sú vinna, sem er umfram þennan tilskilda vinnutíma í þágu skólans, skal hins vegar vera þeirra eign, og skal skólinn greiða fullt kaup fyrir þá vinnu, ef hann kaupir hana, og er til þess ætlazt, að hann geri það að vissu marki. Á þennan hátt mundi nemendunum bæði skapazt góð námskjör og þeir fá skilyrði til þess að ljúka námi bæði fljótt og vel.

6. Sjálfsagt þykir að gera talsverðar kröfur um það, að nemendur, sem skólann sækja, hafi náð talsverðum þroska bæði að aldri og menntun, og mun frekar of skammt en of langt gengið í frumvarpinu um það. Þeir, sem lokið hafa námi við skólann, eiga að vera færir um að standa fyrir byggingum venjulegra íbúðarhúsa í sveitum og kauptúnum, og mundi ekki þykja fært að fela það yngri mönnum en um tvítugt, og er til þess stefnt með ákvæðum frv., að nemendur geti útskrifazt frá skólanum tvítugir, en ekki yngri. Um fræðilega kunnáttu mega smiðir sveita og kauptúna ekki standa að baki smiðum í kaupstöðum. Þeir þurfa að vera svo færir bæði í iðn sinni og sem almennt menntaðir menn, að þeir geti einir síns liðs ráðið fram úr þeim vandamálum, sem það að standa fyrir húsasmíði eða húsgagnaverkstæði leggur þeim á herðar, og þeir verða að geta fundið það, að þeir standi jafnfætis húsabyggingarmönnum og húsgagnasmiðum í kaupstöðum bæði að kunnáttu í sérgrein sinni og að almennri menntun.

7. Til þess er ætlazt, að nemendur skólans fái ekki iðnréttindi nema í sveitum og kauptúnum. Þetta er ekki vegna þess, að búizt sé við því, að þeir verði verr búnir að kunnáttu í sinni grein en iðnaðarmenn kaupstaðanna, heldur er það til þess, að hér þurfi ekkert að rekast á þá iðnlöggjöf, sem nú er í gildi, og til þess að engin réttindi séu skert hjá þeim iðnaðarmönnum, sem við eigum nú. Hins vegar nær núgildandi iðnlöggjöf ekki til sveitanna og smærri kauptúnanna, og þar bíður verkefni, sem iðnaðarmenn okkar geta ekki annað, og er nemendum skólans einmitt ætlað það.

8. Þess skal að lokum getið, að fjárfesting flestra bænda er eins mikil eða meiri í byggingum og í ræktun og bústofni til samans. Því er ekki aðeins rangt að láta sveitirnar skorta sérmenntaða iðnaðarmenn, til þess að allar meiri háttar byggingar þar megi verða sæmilega vel gerðar, heldur er hverjum bónda eins nauðsynlegt að kunna talsvert til smíða eins og að kunna nokkuð til jarðræktar og kvikfjárræktar. Nám við slíkan skóla, sem hér er gerð tillaga um, mundi því vera mörgu bóndaefni hentugt. Einnig mundu þeir, er námi hefðu lokið við skólann, kenna mörgum sveitapilti helztu handtök iðnaðar sinnar, svo að fleiri yrðu „búhagir“ eins og það hefur verið kallað, en það hefur alltaf þótt hin mesta prýði á hverjum bónda.“

Iðnaðarnefnd hafði leitað álits teiknistofu landbúnaðarins og Landssambands iðnaðarmanna. Frá þeim bárust umsagnir, sem þannig hljóða:

TEIKNISTOFA LANDBÚNAÐARINS

Reykjavík, 19. des. 1945.

Ég undirritaður hef kynnt mér frumvarp til laga um iðnskóla í sveitum samkvæmt beiðni háttvirtrar iðnaðarnefndar. Ég álít, að frumvarp þetta sé komið fram af ríkri nauðsyn og sé mjög mikilsvert, að það verði að lögum sem allra fyrst. Í frv. virðist tekið fram allt það helzta, sem máli skiptir, og vil ég því eindregið mæla með því eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst
Þórir Baldvinsson.

Til iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

LANDSSAMBAND IÐNAÐARMANNA

Reykjavík, 7. febr. 1946.

Háttvirt iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis hefur óskað umsagnar Landssambands iðnaðarmanna um frumvarp til laga um iðnskóla í sveitum, og viljum vér þar um leyfa oss að taka eftirfarandi fram:

Stjórn Sambandsins er sammála flutningsmanni frumvarpsins um það, að það er langt frá því, að ástandið í byggingarmálum sveitanna sé viðunandi, og að því valdi að miklu leyti þekkingarleysi á þessu sviði og skortur kunnáttumanna til þess að sjá um smíði sæmilegra húsa. Rétt er þó í því sambandi að benda á, að löggjafinn hefur ekki hingað til viljað ætla sveitunum kunnáttumenn á þessu sviði, og að skortur kunnáttumanna stafar af því.

Ráðstafana til úrbóta í þessum efnum er því þörf, og sennilegt, að opinber skóli verði eina ráðið, er að gagni kemur, enda séu kennarar skólans fulllærðir iðnaðarmenn.

Stjórnin vill því fyrir sitt leyti mæla með þeirri grundvallarhugmynd, sem frumvarpið byggist á, en leyfir sér jafnframt að gera við frv. eftirfarandi athugasemdir:

1. Við 1. gr. og 5. gr. Rétt þykir að benda á, að verkstæði, sem rúmar 100 manns að vinnu við trésmíðar (glugga, hurðir, skápa og önnur húsgögn), ásamt geymslum fyrir efni og smíðisgripi, skólastofur, heimavistir og íbúðir kennara, er feiknamikið bákn, og virðist enda óþarflega stórt. Samkvæmt frv. virðist nemendum skólans ætlað að hafa smíðarnar að aðalatvinnu, og ætti þá að nægja til að byrja með, að skólinn rúmaði aðeins helming þess fjölda, sem í frv. er nefndur, enda viðráðanlegra að öllu leyti.
2. Við 3. gr. Í frv. er hvergi talað um, að skólinn veiti ákveðin réttindi, enda getur hann það ekki. Þar sem í 3. gr. er talað um að veita réttindi, mun því vera á misskilningi byggt. Hitt virðist sjálfsagt, að skólinn láti þeim, sem lokið hafa námi og hæfir teljast, í té burtfararskírteini, og mun það vera það, sem í greininni er nefnt réttindi.
3. Við 4. gr. Í frumvörpum milliþinganefndar í skólamálum er gert ráð fyrir, að tveggja ára framhaldsnám, miðskólapróf, veiti aðgang að iðnskólum og öðrum framhaldsskólum. Virðist rétt, að sömu kröfur verði gerðar við þennan skóla í byrjun.
4. Við 6. gr. Sú fræðigrein, sem smiðir og aðrir iðnaðarmenn reka sig oftast á, að þá vanti kunnáttu í, er reikningur, en hann á alls ekki að kenna í skólanum. Kennsla í **iðnsögu** er hégómi, og vér teljum miklu meiri þörf á að kenna í

skólanum reikning og undirstöðuatriði **efnafræði** sem undirbúning undir nám í **efnisfræði.**

5. Við 7. gr. Húsasmiðum er ætlað að læra húsasmíði, múrsmíði, rafmagnslagnir, pípulagningar, málningu og veggfóðrun á 2 árum og samt að vera eins færir í hverri grein og þeir, sem læra í kaupstöðum í 4 ár eina iðn (sbr. 7. lið í greinargerð). Hvað sem því líður, þá vildum vér benda á, að rafmagnslagnir eru svo veigamiklar og varasamar lagnir, að hæpið sé fyrir ríkisvaldið að kenna „fúsk" í því, jafnvel þótt á sveitabýlum sé.

Um greinargerðina skulum vér láta nægja að benda á mótsagnirnar í 3., 6. og 7. lið, og að það er ekki rétt, að frumvarpið geri ráð fyrir meiri kunnáttukröfum til inngöngu í skólann en nú er til inngöngu í iðnskóla.

Virðingarfyllst.

F. h. Landssambands iðnaðarmanna
Helgi H. Eiríksson.

Guðm. H. Þorláksson.

Til iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

Sú greinargerð, sem máli þessu fylgir, er nægileg. Þó er rétt að geta þess, að því meir sem mál þetta er rætt, því ljósari verður nauðsyn þess. Ég hef komizt að raun um, að fá menningarlönd munu jafnfátæk af tækniskólum sem Ísland. Vegna hinnar hraðfara tækniþróunar, sem hér er að skapast og verður að koma, er það augljós og aðkallandi nauðsyn, að iðnskóli í sveitum verði stofnsettur án tafar.

Nd. 114. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina kemur:

Á eftir A. 8. í 1. gr. l. nr. 37/1943 kemur nýr liður:

Þorlákshafnarvegur: Frá Krísuvíkur- og Selvogsvegi hjá Hlíðarenda til Þorlákshafnar.

Nd. 115. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Helga Jónassyni.

Við 1. gr. Framan við greinina kemur:

1. Á eftir A. 25 í 1. gr. laga nr. 37/1943 kemur nýr liður:
   Hólmavegur: Frá Landeyjavegi syðri móts við Búðarhól, um Guðnastaði að Hólmum.
2. Á eftir A. 26 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Þríhyrningsvegur: Frá Fljótshlíðarvegi móts við Tumastaði um Vatnsdal, Reynifell að Rauðnefsstöðum.

Nd. 116. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, og á lögum nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Á eftir 3. gr. laga nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, komi ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

Ferðaskrifstofa ríkisins skipuleggur ódýrar orlofsdvalir og orlofsferðir og gerir sér far um að semja um afslátt á dvalarkostnaði og fargjöldum með farartækjum ríkisins og einkafyrirtækjum fyrir hópferðir, sem farnar eru fyrir orlofsfé. Skal ferðaskrifstofan leita samvinnu við stéttarfélög launþega, til þess að orlofslöggjöfin geti komið að sem beztum notum.

Hið sama gildir um hópferðir, sem stofnað er til af bændum landsins.

2. gr.

Orðin „og um innheimtu stimpilgjalds, er ræðir um í 7. og 8. gr.“ í niðurlagi 6. gr. laganna, sem verður 7. gr., falli niður.

3. gr.

7. gr. laganna, sem verður 8. gr., orðist svo:

Heimilt er að greiða kostnað við rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins af sérleyfisgjaldi bifreiða, sem innheimt er samkvæmt 6. gr. laga nr. 22 30. janúar 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

4. gr.

8. gr. laganna falli niður.

5. gr.

19. liður laga nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, og samhljóða ákvæði í eldri lögum eru úr gildi numin.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni samgöngumálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um breytingar á því. Frá ráðherra fylgdu frv. svo hljóðandi athugasemdir:

Um 1. gr.

Með hliðsjón til laga nr. 16 26. febrúar 1943, um orlof, þykir rétt að taka upp í lög nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, ákvæði um, að ferðaskrifstofan skuli skipuleggja ódýrar orlofsdvalir, orlofsferðir og hópferðir, einnig hópferðir, sem stofnað er til af bændum landsins.

Um 2. gr.

Þessi ákvæði má fella niður, þar sem ákvæði um sérleyfisgjöld eru komin í staðinn í lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Um 3. gr.

Í lögum nr. 33 1936, 7. gr., var ákveðið, að stimpilgjald af farseðlum með bifreiðum í áætlunarferðum, 5 aurar af hverri heilli krónu í andvirði seðilsins, skyldi

renna til ferðaskrifstofunnar, til að afla henni tekna. Þar sem sérleyfisgjöld eru komin í staðinn fyrir stimpilgjaldið samkvæmt lögum nr. 22 1945, þykir rétt, að kostnað ferðaskrifstofunnar megi greiða með þeim.

Um 4. gr.

Vegna laga nr. 22 1945 er rétt, að þessi grein falli niður.

Um 5. gr.

Þegar ófriðurinn hófst, féll starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins að mestu niður, og var á árinu 1940 talið rétt, að hún skyldi hætta störfum. Var þá með lögum nr. 5 12. jan. 1940 og síðar nr. 99 14. maí 1940, 19. lið, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, frestað framkvæmd 1.—6. gr. laga nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Þar sem telja verður nú nauðsynlegt, að Ferðaskrifstofa ríkisins taki til starfa á ný, er lagt til, að téð lagaákvæði verði úr gildi numin.

Sþ. 117. Breytingartillaga

við till. til þál. um heimild fyrir ríkissjórnina til kaupa á húsnæði handa rektor Menntaskólans í Reykjavík.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að leigja nú þegar til tveggja ára efri hæð og rishæð í húsinu Garðastræti 39 í Reykjavík til íbúðar handa rektor Menntaskólans í Reykjavík, gegn kr. 600.00 — sex hundruð króna — leigu á mánuði og því, að íbúðin afhendist í leigufæru ásigkomulagi, enda sé rektor tryggð íbúð í nágrenni við skólann áður en leigutíminn er á enda. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að lána úr ríkissjóði kr. 300000.00 — þrjú hundruð þúsund krónur — út á fyrrnefnda húseign, gegn 1. veðrétti í allri eigninni, og endurgreiðist lánið með jöfnum afborgunum á næstu 25 árum með 4% ársvöxtum.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að tryggja rektor Menntaskólans í Reykjavík húsnæði.

Sþ. 118. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að tryggja rektor Menntaskólans í Reykjavík húsnæði.

(Afgreidd frá Sþ. 19. nóv.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að leigja nú þegar til tveggja ára efri hæð og rishæð í húsinu Garðastræti 39 í Reykjavík til íbúðar handa rektor Menntaskólans í Reykjavík, gegn kr. 600.00 — sex hundruð króna — leigu á mánuði og því, að íbúðin afhendist í leigufæru ásigkomulagi, enda sé rektor tryggð íbúð í nágrenni við skólann áður en leiðutíminn er á enda. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að lána úr ríkissjóði kr. 300000 — þrjú hundruð þúsund krónur — út á fyrrnefnda húseign, gegn 1. veðrétti í allri eigninni, og endurgreiðist lánið með jöfnum afborgunum á næstu 25 árum með 4% ársvöxtum.

Sþ. 119. Tillaga til þingsályktunar

um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins o. fl.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að áfengir drykkir verði ekki veittir á kostnað ríkisins eða ríkisstofnana, og að afnema þá venju, er gilt hefur, að einstakir menn fái keypt áfengi hjá áfengisverzlun ríkisins fyrir lægra verð en aðrir viðskiptamenn verzlunarinnar þurfa að borga.

Greinargerð.

Flestir æðstu valdamenn hér á landi, sem halda veizlur á kostnað ríkisins, hafa þar vín á boðstólum handa gestum sínum. Munu þeir telja, að eigi sé sæmilegt að halda slíkar veizlur eða samkvæmi án þess að áfengir drykkir séu þar á boðstólum. Þó má finna dæmi þess, að veizlur hafa verið haldnar án þess að áfengi væri veitt. Má þar nefna hátíðarveizlu ríkisins á Þingvöllum árið 1930, sem þáverandi forsætisráðherra, Tryggvi Þórhallsson, veitti forstöðu. Það dæmi ætti að nægja til að sanna, að þau samkvæmi, sem haldin eru án vínveitinga, eru virðulegust og með mestum menningarbrag.

Hér er lagt til, að hætt verði með öllu að veita áfengi á kostnað ríkisins og ríkisstofnana, þar sem vínveitingar af hálfu þeirra aðila verða að teljast óviðeigandi. Ef æðstu embættismenn og valdamenn í þjóðfélaginu hætta að veita vín í veizlum og samkvæmum, má vænta þess, að margir aðrir taki sér þá til fyrirmyndar í því efni, og gæti sú ákvörðun þannig haft allvíðtæk áhrif í þá átt að draga úr áfengisneyzlunni.

Þá er í öðru lagi lagt til, að sú regla verði afnumin að selja einstökum mönnum vín frá áfengisverzluninni fyrir lægra verð en almennt gildir á hverjum tíma. Ráðherrar hafa notið þeirra fríðinda að fá áfengi tollfrjálst og án verzlunarálagningar, og forsetar Alþingis einnig, þó með einhverjum takmörkunum. Ekki verður séð, að ástæða sé til að láta einstaka menn njóta sérréttinda hjá víneinkasölunni. Þar eiga allir að búa við sömu viðskiptakjör.

Sþ. 120. Breytingartillaga

við till. til þál. um bætt starfsskilyrði á Alþingi.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

Við tillgr. bætist:

Enn fremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að nota sem fyrst heimild 1. gr. laga nr. 9 13. febr. 1943 til að láta reisa hús eða kaupa hús fyrir þingmannabústað, sbr. og 2. gr. laga nr. 59 12. marz 1945, er heimilar lántöku í þessu skyni.

Sþ. 121. Tillaga til þingsályktunar

um notkun kvikmynda í sambandi við baráttu lögreglunnar gegn óhóflegri áfengisnautn.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fá lögreglunni í Reykjavík og stærstu kaupstöðum landsins í hendur hentugar kvikmyndavélar, og ber lögregl-

unni að nota þær til að taka myndaþætti um framkomu fólks á skemmtisamkomum, þar sem aðgangur er seldur, og á heimilum einstakra manna, þar sem lögreglan verður að skakka leikinn vegna ölvunar heimilismanna.

Greinargerð.

Á síðasta þingi hreyfði ég nokkrum nýmælum varðandi varnir almennings gegn áfengissýkinni, og var ein þeirra bending til lögreglunnar um að taka skyndikvikmyndir í opinberum danssölum, þar sem þátttakendur eru að öllum jafnaði ölvaðir á almannafæri. Tillaga þessi var ekki útrædd í fyrravetur, og er hún þess vegna flutt öðru sinni. Ölvun keyrir nú svo úr hófi hér á landi, að fullvíst er talið, að alloft séu nokkur hundruð ungra manna, kvenna og karla, á ófrægilegan og ósæmilegan hátt undir áhrifum áfengis á opinberum skemmtistöðum í höfuðstaðnum. Lögreglan stendur að kalla má varnarlaus gegn þessum ófarnaði og það því fremur, sem ekki er einu sinni völ á sæmilegu húsnæði, þar sem geyma má ölvaða menn. Hér er lagt til, að dómsmálaráðuneytið fái handbært fé til að kaupa hentugar kvikmyndavélar til að beita gegn ofdrykkju á almannafæri og í heimahúsum, þar sem lögreglan þarf að skakka leikinn. Ef lögreglan hefur hentugar upptökuvélar, getur hún tekið smámyndir af fólki í drykkjulátum og á eyðilögðum heimilum og sýnt hlutaðeigandi fólki, hvernig aðrir sjá það, þegar það er meira eða minna viti sínu fjær af ofdrykkju. Ef slíkar myndir vekja ekki sómatilfinningu hlutaðeigandi manna, duga engin ráð þeim til bjargar.

Ed. 122. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og enn fremur sent það fjármálaráðuneytinu til umsagnar. Hefur n. borizt álit ráðuneytisins ásamt áætlun um þá útgjaldaaukningu, er samþykkt þess mundi leiða af sér fyrir ríkissjóð. Telur nefndin, að hér sé um sanngirnismál að ræða, en álítur þó, að launahækkanir þær, sem frv. gerir ráð fyrir í hlutfalli við hækkandi íbúatölu, séu helzt til lágar. Þá hefur og fjármálaráðuneytið óskað þess við nefndina, að hún flytti nýja breytingartillögu við lögin, þar sem fjármálaráðherra væri heimilað, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanns, að ákveða hreppstjóra hærri laun en segir í 2. mgr., ef hann fer með sýslan í stóru kauptúni, þar sem lögreglustjóri er eigi búsettur.

Nefndin vill því mæla með, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. gr. frv. orðist þannig:

Fyrsta grein laganna hljóðar svo:

Hreppstjórar hafa laun í hlutfalli við íbúatölu umdæmis síns sem hér segir: Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 300 kr. Í hreppi með 101—150 íbúa eru launin 340 kr. Í hreppi með 151—200 íbúa eru launin 380 kr. og svo framvegis þannig, að launin hækka um 40 kr. fyrir hverja 50 íbúa.

Leggi hreppstjóri niður sýslan eða deyi fyrir lok fardagaárs, ber honum eða búi hans ½ árslauna fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hefur gegnt hreppstjórn á fardagaárinu. Árslaun greiðir sýslumaður hreppstjóra á manntalsþingi fyrir hvert liðið fardagaár.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanns, að ákveða hreppstjóra hærri laun en segir í 2. málsgr., ef hann fer með sýslan í kauptúni, þar sem eru fleiri en 400 íbúar og lögreglustjóri er eigi búsettur í því kauptúni.

Alþingi, 20. nóv. 1946.

Jóhann Jósefsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Ásmundur Sigurðsson, frsm.
Guðm. Í. Guðmundsson. Þorsteinn Þorsteinsson.

Nd. 123. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Á eftir A. II. 3. í sömu lagagrein komi 2 nýir liðir:
1. Svínadalsá undan Auðkúlu.
2. Laxá hjá Skrapatungu.

Nd. 124. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frv. og er sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. nóv. 1946.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskrifari. Jörundur Brynjólfsson.
Jóh. Hafstein. Hermann Guðmundsson.

Ed. 125. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:
Hver maður, karl eða kona, sem orðinn er fullra 15 ára um nýár næst á undan gjalddaga, skal greiða kirkjugjald kr. 3.00 á ári. Undanþegnir gjaldi þessu eru þeir, sem teljast til utanþjóðkirkjusafnaðar, er hefur löggiltan prest eða forstöðumann, enda nemi gjald þeirra hverju sinni eigi lægri upphæð en þeim hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar, að meðtöldu niðurjöfnuðu hundraðsgjaldi samkvæmt þriðju málsgrein.

Kirkjugjald skal innheimta að viðbættu álagi, er nemur meðaltali gildandi vísitölu fyrir það almanaksár, sem þá er liðið, er gjaldi er niður jafnað. Af kirkjugjaldi þessu ganga 5/6 hlutar til sóknarkirkjunnar, en 1/6 hluti rennur í sameiginlegan kirkjusjóð, sem er í umsjá biskups og kirkjuráðs og varið skal kirkju og kristindómi landsins til eflingar og styrktar, samkvæmt reglugerð, er setja skal um sjóðinn.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkju fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar, og er henni þá rétt, að fengnu leyfi safnaðarfundar, að jafna því, sem á vantar, niður á kirkjugjaldsskylda útsvarsgreiðendur í sókninni sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt að beiðni kirkjumálaráðherra. Samhljóða frumvarp flutti menntmn. Nd. að beiðni sama ráðherra á síðasta aðalþingi, og er vísað til greinargerðar þeirrar, er því fylgdi þá (Alþt. 1945, þskj. 760). Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins.

Nd. 126. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Á eftir 56. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 57. gr. (og breytist greinatalan samkv. því):

Rétt til þess að vera skipstjóri á fyrirhuguðum bílferjuskipum á Hvalfirði hefur hver sá, sem hefur skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr.

Tölu yfirmanna á ferjuskipum þessum ákveður samgöngumálaráðherra að fengnum tillögum skólastjóra stýrimannaskólans og skólastjóra vélstjóraskólans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, var á síðastliðnu sumri hafinn undirbúningur að lendingarbótum í Hvalfirði vegna væntanlegrar bílferju yfir fjörðinn. Eru lendingarstaðir ferjunnar ákveðnir við Eyri í Kjós og Katanes á Hvalfjarðarströnd. Er 5—10 mínútna sigling yfir fjörðinn milli þessara staða. Tvö bílferjuskip hafa verið keypt til þess að halda uppi siglingum á þessari leið, og er burðarmagn hvors þeirra um 150 smálestir.

Kröfur þær, sem gerðar eru í lögum um atvinnu við siglingar um tölu yfirmanna á verzlunar- og fiskiskipum, virðast ekki eiga við um bílferjur þær, sem hér um ræðir, á þessari örstuttu innfjarða siglingaleið, og þá ekki heldur kröfur laganna um prófréttindi skipstjóra.

Er því lagt til í frv. þessu, að hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipum nægi til skipstjóraréttinda á ferjunum, og að það sé lagt í vald samgöngumálaráðherra að ákveða tölu yfirmanna á þeim, að fengnum tillögum tveggja kunnáttumanna á þessu sviði.

Sþ. **127. Tillaga til þingsályktunar**

um héraðabönn.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Pétur Ottesen, Sigfús Sigurhjartarson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta lög nr. 26 frá 1943, um „héraðabönn", koma til framkvæmda eigi síðar en frá 1. júlí 1947.

Greinargerð.

Í maímánuði síðastliðið vor ritaði Stórstúka Íslands öllum frambjóðendum við alþingiskosningar þær, sem þá fóru í hönd, og spurði þá þessara tveggja spurninga:

„1. Viljið þér beita áhrifum yðar til þess, að lögin um héraðabönn geti komið til framkvæmda sem allra fyrst?
2. Viljið þér styðja markvissa sókn að algeru áfengisbanni?"

Um 50 frambjóðendur svöruðu bréfinu, og allir hiklaust játandi, að tveimur undanteknum, sem þó létu aðeins í ljós nokkra vantrú á algeru aðflutningsbanni, „nema það væri liður í alþjóðasamtökum til útrýmingar áfengi í heiminum". Annar þessara manna tók þó beint fram, að hann væri samþykkur því, að lögin um héraðabönn kæmu til framkvæmda, þótt hann einnig á því fyrirkomulagi sæi nokkra annmarka.

Það er því staðreynd, að **allir** þeir frambjóðendur, sem svöruðu bréfi Stórstúkunnar, tjáðu sig samþykka því, að lögin um héraðabönn yrðu látin koma til framkvæmda. Sams konar óskir og kröfur hafa verið fram bornar af fjöldamörgum félögum og félagasamböndum, þar á meðal af flestum bæjarstjórnum landsins.

Þó að flutningsmönnum sé það vel ljóst, að engu lokamarki sé náð í baráttunni gegn áfengisbölinu með héraðabönnum einum, þá telja þeir vonir standa til, að með því móti mundi draga verulega úr almennri áfengisneyzlu á þeim svæðum, sem þær ráðstafanir næðu til. Þegar reynsla fengist svo af því, að héraðsbann hefði orðið til bóta á einhverjum stað, mætti ætla, að önnur héruð eða aðrir landshlutar færu í kjölfarið og afnæmu hjá sér útsölustaði áfengis með meirihlutaákvörðun kjósenda. Á þennan eðlilega hátt gætu héraðabönn smám saman stefnt að lokamarkinu: algeru aðflutningsbanni áfengis.

Það er ósamboðið íslenzka ríkinu að byggja fjárhagsafkomu ríkissjóðs í sívaxandi mæli á þeim blóðpeningum, sem áfengisgróðinn vissulega er. Það er smánarblettur á lýðveldinu Íslandi að gera lífshamingju þegna þess þúsundum saman að auvirðilegri verzlunarvöru. Og bókstaflega verður það að teljast fáránleg fjarstæða, að ríkisvaldið sjálft reki til **„ágóða" fyrir ríkissjóð**, verzlun, sem níðir af þjóðinni andlega og líkamlega heilbrigði hennar, brýtur niður lífshamingju fjölda manns á ári hverju, steypir öðrum í fjárhagslega glötun og dregur stórlega úr starfhæfni manna í öllum stéttum þjóðfélagsins.

Samtímis þessu á svo lögreglulið, læknar og hjúkrunarfólk daglega í ömurlegri baráttu við átakanlegar afleiðingar áfengisverzlunar ríkisins í margvíslegustu myndum afbrota, glæpa, auðnuleysis, spillingar og eymdar.

Nei, um þetta ætti ekki að þurfa að fjölyrða: Íslenzkir kjósendur verða að fá heimild til **að ákveða það með atkvæðagreiðslu**, hvar eða hvort íslenzka ríkið framvegis skuli hafa opnar vínverzlanir með þeim ömurlega árangri, sem nú blasir hverjum heilskyggnum manni við augum í öllum stærri kaupstöðum landsins. En annað eða meira felst ekki í þessari þingsályktunartillögu.

Á þessu þingi eru fram komnar tvær aðrar tillögur varðandi áfengismálin. Sýnir það bezt, að víða vakir nú einlægur vilji fyrir því að ráðast gegn hinu ægi-

lega böli ofdrykkjunnar, sem aldrei hefur gengið jafnnærri þessari þjóð og einmitt nú.

Má það vel vera, að skömmtun áfengis gæti einmitt orðið til verulegra bóta í sambandi við héraðabönnin, þótt flutningsmenn þessarar tillögu hafi nokkuð skiptar skoðanir um gagnsemi þeirrar ráðstöfunar einnar út af fyrir sig.

Hin tillagan, um að hið opinbera standi **ekki** fyrir vínveitingum eða veiti einstökum mönnum sérréttindi til vínkaupa, er í alla staði sjálfsögð og mun hljóta óskipt fylgi þeirra, sem að þessari þingsályktunartillögu standa.

Það má vissulega ekki dragast lengi úr þessu, að Alþingi geri ráðstafanir til að draga verulega úr áfengisbölinu, og það úrræðið, sem tvímælalaust á mestu fylgi að fagna meðal þjóðarinnar, er það, sem hér er lagt til, sem sé þetta, að Alþingi gefi ríkisstjórninni ákveðin fyrirmæli um að láta heimildarlögin um héraðabönn koma til framkvæmda.

Fylgiskjal I.

Samþykktir prestastefnunnar.

Prestastefna Íslands, háð dagana 20.—22. júní s. l., samþykkti meðal annars tillögur um áfengismálin:

Prestastefnan tekur undir þær áskoranir, sem fram komu á kvennafundi í Reykjavík 15. apríl s. l., að því viðbættu, að hagfræðileg rannsókn á áhrifum áfengisins færi ekki aðeins fram í Rvík, heldur um land allt.

Prestastefna Íslands beinir þeirri ósk eindregið til allra landsmanna, að áfengið verði ekki um hönd haft í mannfagnaði í sambandi við helgiathafnir.

„Prestastefnan 1946 óskar eftir þjóðaratkvæðagreiðslu í síðasta lagi 1947, um hvort leyfa skuli innflutning áfengis, og telur flutningsbann áfengis sterkasta ráðið til bóta á því öngþveiti, sem nú ríkir í áfengismálum þjóðarinnar."

Prestastefna Íslands 1946 telur það ástand, sem nú ríkir í áfengismálum þjóðarinnar, eigi aðeins vansæmandi heldur háskalegt siðgæði og heilbrigði þjóðarinnar og beinir þeirri eindregnu áskorun til allra presta landsins, að þeir vinni ötullega hver í sínu prestakalli gegn áfengisbölinu og leggi fram sinn skerf til þess að skapa það almenningsálit, sem telur ofnautn áfengis vansæmandi frjálsbornum mönnum, og óskar þess, að allir þeir, sem gegna ábyrgðarstörfum eða opinberum störfum, séu bindindismenn.

Jafnframt skorar Prestastefnan á ríkisstjórn og Alþingi að gera sem fyrst og eigi síðar en á næsta haustþingi ráðstafanir til að draga verulega úr áfengisnautn þjóðarinnar og koma á fót nauðsynlegum hælum fyrir ofdrykkjumenn.

Fylgiskjal II.

Ályktun Sambands íslenzkra barnakennara.

Níunda fulltrúaþing Sambands íslenzkra barnakennara (S.Í.B.), haldið í Reykjavík dagana 21.—26. júní 1946, telur ástand það, sem nú ríkir í áfengismálum þjóðarinnar, hið háskalegasta. Daglegir viðburðir af völdum þess eru slys, glæpir og alls konar afbrot, upplausn heimila, hvers konar lausung, siðspilling og gegndarlaus fjársóun.

Telur þingið, að heilsu, siðferðisþreki og sjálfstæði þjóðarinnar sé stefnt í beinan voða, ef þessu heldur áfram. Þingið vítir harðlega þá stjórnarstefnu að byggja fjárhagsafkomu ríkisins að verulegu leyti á þeim blóðpeningum, sem áfengisgróðinn er, og telur, að afla eigi þeirra tekna með beinum sköttum eða á annan hátt. Einnig átelur þingið þá framkomu Alþingis og ríkisstjórnar að hafa að engu háværar raddir og eindregnar ályktanir og áskoranir fjölmennra félagssamtaka og funda hvaðanæva af landinu til umbóta umræddum málum.

Þingið skorar á hæstvirt stjórnarvöld ríkisins að hefja nú þegar framkvæmdir á grundvelli nefndra ályktana og að öðru leyti eftir eigin leiðum.

Jafnframt skorar þingið á alla foreldra og kennara við alla skóla landsins, frá barnaskólum að háskóla meðtöldum, að hefja þegar alhliða sókn gegn áfengisbölinu, með því m. a.:

1. að sveigja hugi æskulýðsins til hófsemi og bindindis og vera honum til fyrirmyndar í þeim efnum;
2. að taka höndum saman við alla þá, sem vilja vinna gegn neyzlu áfengra drykkja, og styrkja viðleitni þeirra eftir mætti;
3. að vinna markvisst að því að skapa í landinu það almenningsálit, er telur drykkjuskap ósiðlegan, hættulegan og ekki sæmandi menningarþjóð;
4. að stuðla að því eftir mætti, að löggjafarþing þjóðarinnar verði einvörðungu skipað bindindissinnuðum mönnum.

Sþ. 128. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á leiðinni um Holtamannaafrétt og Sprengisand.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, að láta fram fara athugun á því, hvort tiltækilegt er að gera færa bifreiðum yfir sumarmánuðina leiðina frá Galtalæk í Landsveit um Holtamannaafrétt og Sprengisand að Mýri í Bárðardal. Skal leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi niðurstöðu þeirrar athugunar.

Greinargerð.

Leiðin milli Suður- og Norðurlands um Holtamannaafrétt og Sprengisand er kunn mörgum ferðamönnum. Það er skoðun þeirra, sem leiðina þekkja, að ekki þurfi að lagfæra hana mikið til þess, að hún verði fær fyrir bifreiðar yfir sumartímann. Víðast á leiðinni eru sléttir og harðir sandar, sem bifreiðar geta farið tálmunarlaust. Tungnaá er aðalhindrunin. Er óhjákvæmilegt að brúa hana. Brúarstæði þar er mjög gott, og mætti ætla, að gamla Þjórsárbrúin væri heppileg þar. Þjórsárbrúin mun verða rifin á árinu 1948. Sennilega er nauðsynlegt að brúa Fjórðungakvísl, enda þótt vatn í henni sé oftast lítið. Sú brú þarf tæplega að vera yfir 10 m á lengd og verður því ekki dýr. Það er óumdeilanlegt, að með því að opna þessa leið fyrir bifreiðum opnast möguleiki til sparnaðar í stórum stíl. Það mun láta nærri, að leiðin Reykjavík—Akureyri um Borgarfjörð sé 460 km, en leiðin Rvík—Ak. um Holtamannaafrétt og Sprengisand ekki nema 340 km. Það er því ljóst, að þegar sú leið opnast fyrir bifreiðar, sparast tími fyrir ferðamenn, benzín og slit á farartækjum. Er því hér um beint hagsmunamál að ræða fyrir þjóðarbúskapinn í heild. Það er einnig nokkurs virði, að fólk fær tækifæri til þess að kynnast óbyggðum landsins og njóta þeirra hollu áhrifa, sem margbrotin náttúran og kyrrð öræfanna hefur á alla, sem þangað koma.

Það er skoðun flm. þessarar tillögu, að kostnaður við lagfæringu á þessari fjallaleið verði ekki mikill og að rétt sé að hefjast handa sem fyrst og gera leiðina færa bifreiðum.

Nd. 129. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Fyrri málsl. b-liðar 8. gr. laganna orðist svo: Hefur eftir 16 ára aldur verið 36 mánuði háseti á skipi og af þeim tíma að minnsta kosti 18 mánuði háseti á skipi yfir 30 rúmlestir.

2. gr.

Í stað „60“ í síðari málsl. b-liðar sömu lagagr. komi: 30.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 43 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Greinargerð.

Frumv. þetta er flutt samkv. beiðni skólastjóra Sjómannaskólans. Rökstuðningur fyrir frumvarpinu felst í bréfi hans, sem hér er að meginefni prentað sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

STÝRIMANNASKÓLINN

Reykjavík, 11. nóvember 1946.

Á Alþingi fyrri hluta þessa árs var gerð breyting á b-lið 8. gr. laganna um atvinnu við siglingar á þann veg, að mönnum var gert að skyldu að hafa verið hásetar í 36 mánuði á skipum 30 rúml. eða stærri til að geta öðlazt hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi. Áður var þessi hásetatími sem kunnugt er einnig 36 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 18 mánuðir á skipi yfir 60 rúml., en 18 mánuðir máttu vera á minni skipum, þ. e. í skipum yfir 6 rúml.

Þessi breyting hefur leitt til þess, að nú ber lögum samkvæmt að neita um skólavist þeim mönnum, sem ekki hafa a. m. k. 24 mánaða hásetatíma á skipum 30 rúml. eða stærri — nema þeir hafi áður verið yfirmenn samkv. síðari málsgr. þessa töluliðar —, þar á meðal mönnum, sem hefðu komizt í skólann fyrir ári síðan, og má búast við, að svo verði enn um sinn að lögunum óbreyttum. Þá má og búast við, að þeir, sem ætla sér að nema siglingafræði, hætti alveg að sigla á hinum minni skipum, eigi þeir á öðru völ, þar sem þeir sjá fram á, að þeim verður gagnslaus sá siglingatími, bæði til inngöngu í Stýrimannaskólann og við öflun réttinda að námi loknu.

Áðurnefnd breyting á lögunum var gerð að tilhlutun Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, með það fyrir augum að fá afnumið ákvæðið um hásetatíma á 60 rúml. skipum. Það er þá einnig meðfram fyrir tilmæli sambandsins, sem ég leyfi mér að senda háttv. sjávarútvegsnefnd eftirfarandi breytingartillögu, svo að úr áðurnefndum mistökum verði bætt.

F. V. Ólafsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Ed. 130. Lög

um viðauka við lög nr. 50 frá 1946, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 22. nóv.)

Samhljóða þskj. 82.

Ed. 131. Frumvarp til laga

um breyting á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna hljóðar svo:

Hreppstjórar hafa laun í hlutfalli við íbúatölu umdæmis síns sem hér segir: Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 300 kr. Í hreppi með 101—150 íbúa eru launin 340 kr. Í hreppi með 151—200 íbúa eru launin 380 kr. og svo framvegis þannig, að launin hækka um 40 kr. fyrir hverja 50 íbúa;

Leggi hreppstjóri niður sýslan eða deyi fyrir lok fardagaárs, ber honum eða búi hans 1/12 árslauna fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hefur gegnt hreppstjórn á fardagaárinu. Árslaun greiðir sýslumaður hreppstjóra á manntalsþingi fyrir hvert liðið fardagaár.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanns, að ákveða hreppstjóra hærri laun en segir í 2. málsgr., ef hann fer með sýslan í kauptúni, þar sem eru fleiri en 400 íbúar og lögreglustjóri er eigi búsettur í því kauptúni.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Af aukatekjum þeim, sem taldar eru í 3. til 8. gr. og 10. gr. laganna, greiðir gjaldandi einnig verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal greiða samkvæmt þeim hreppstjóralaun þau, er í gjalddaga falla á næstu manntalsþingum 1947.

Ed. 132. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Ólafsfjarðarkaupstað jörðina Hringverskot í Ólafsfirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin sendi frumvarpið til kirkjumálaráðuneytisins til umsagnar, og hefur fulltrúi Friðgeir Björnsson tjáð formanni nefndarinnar, að hann mælti með samþykkt frumvarpsins.

Jörð sú, er hér ræðir um, er nú í eyði og hefur verið það í nokkur ár. Hún liggur í ca. 7 km fjarlægð frá kaupstaðnum og liggur vel við til ræktunar. Hlunnindi eru þar engin, svo vitað sé, nema mótak. Barnaskóli fyrir sveitina hefur verið byggður á jörðinni; er hann hugsaður sem heimavistarskóli, þótt enn sé hann starfræktur sem heimangönguskóli.

Nefndin er sammála um það, að kaupstaðnum sé þörf á að eignast lönd, sem kaupstaðarbúar, þeir sem lönd vilja rækta, geti fengið til ræktunar, og til þess er land Hringverskots vel fallið. Fyrir því vill nefndin mæla með sölu jarðarinnar, en að sjálfsögðu lætur ríkisstjórnin fara fram mat á henni, þar sem aðstaða öll hefur breytzt síðan síðasta fasteignamat fór fram, og það þess utan framkvæmt þannig, að því er ætlað að vera um 66% af sölu- og kostnaðarverði jarðanna 1939.

Alþingi, 22. nóv. 1946.

Þorst. Þorsteinsson, form. Ásmundur Sigurðsson, fundaskr. Páll Zóphóníasson, frsm.

Eiríkur Einarsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 133. Frumvarp til laga

um breyting á ljósmæðralögum nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjarsjóði, og fer um upphæð þeirra eftir því, sem bæjarstjórn ákveður í samræmi við launakjör annarra starfsmanna kaupstaðarins.

Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði.

Launin skal greiða á manntalsþingi, og miðast upphæð þeirra við manntal umdæmis við síðustu áramót þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 500 krónur.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skulu árslaunin vera 500 krónur að viðbættum 16 krónum fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í umdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, skal deila íbúatölu jafnt á milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir 1600 krónur í byrjunarlaun.

Launin skulu hækka eftir 5 ár um 85 kr. og eftir önnur 5 ár um 85 kr.

Ef tveimur eða fleiri ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi fyrir það, að sýnt þykir, að umdæmin fást ekki skipuð hvort í sínu lagi, er ráðherra heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er nema mega allt að samanlögðum launum hinna fyrri umdæma.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðilum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það hálf byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans, hver þau skuli vera.

2. gr.

8. gr. laganna falli burt.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Landlæknir skal í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans semja reglugerð, er ráðherra staðfestir, um skyldur ljósmæðra og gjöld fyrir ljósmóðurstörf þau, er þær inna af hendi.

Ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á ljósmóðir heimting á, að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

4. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 63 1. des. 1944, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á síðasta aðalþingi flutti heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar frumvarp um breytingu á ljósmæðralögunum. Var það gert samkvæmt beiðni Ljósmæðrafélags Íslands. Frumvarpið dagaði upp á því þingi, og hefur þess nú verið farið á leit við heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar, að hún tæki frumvarpið til flutnings, eins og það var orðið eftir 3. umræðu í neðri deild. Hefur nefndin orðið við þeim tilmælum, en einstakir nefndarmenn hafa þó óbundnar hendur um efni frumvarpsins.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar og fylgiskjals með frumvarpinu á þingskjali 655 frá 64. löggjafarþingi.

Nd. 134. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 1943, um breyt. á l. nr. 32 1932, um brúargerðir.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina kemur:
Á eftir A. I. d. 29 í 1. gr. l. nr. 30 1943 kemur nýr liður:
Litlu-Laxárós hjá Auðsholti í Biskupstungum.

Nd. 135. Nefndarálit

um frv. til l. um héraðsskjalasöfn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Orðin „í kaupstöðum utan Reykjavíkur“ í 1. málsl. 1. málsgr. falli niður.
2. Við 3. gr. Aftan við 4. tölul. bætist: og yfirskattanefnda.

Alþingi, 23. nóv. 1946.

Sigfús Sigurhjartarson, form. Gunnar Thoroddsen, fundaskr. Barði Guðmundsson, frsm.

Páll Þorsteinsson. Sigurður Bjarnason.

Ed. # 136. Frumvarp til laga

um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson, Páll Zóphóníasson, Lárus Jóhannesson.

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera á sinn kostnað hafnarmannvirki í Höfn í Hornafirði. Skulu takmörk hafnarinnar ákveðin í reglugerð.

Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra.

Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar o. fl., sem nauðsynlegt má teljast við byggingu og rekstur hafnarinnar.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 2 millj. kr., er endurgreiðist að ⅔ úr hafnarsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir af ⅔ hlutum stofnkostnaðarins auk árlegs rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa 3 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, sem fer með hafnarmál, og tveir meðstjórnendur, annar tilnefndur af hreppsnefnd Hafnarhrepps, en hinn kosinn af sameinuðu Alþingi.

Skulu stjórnarmeðlimir vera búsettir á staðnum.

4. gr.

Þá skal og ríkisstjórnin láta reisa í Höfn í Hornafirði fiskiðjuver, er fullnægi væntanlegri þörf bátaflotans. Skulu afköst og vinnutæki vera allt að því, er hér segir:

Hraðfrystihús, er hraðfrystir 30 tonn af flökum, og niðursuðuverksmiðja, er getur soðið niður 10 tonn, hvort tveggja miðað við 8 tíma vinnslu. Þá skulu og í fiskiðjuverinu vera fiskimjölsverksmiðja og lifrarvinnslustöð, er nægi til að vinna úr öllum fiskúrgangi og lifur, er til fellst. Enn fremur skal í fiskiðjuverinu vera aðstaða til að salta allan þann fisk, sem vinnslustöðvarnar geta ekki unnið úr, þegar mikið berst að.

5. gr.

Til þess að standast kostnað við byggingu þessa fiskiðjuvers er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 4 millj. kr.

6. gr.

Ráðherra sá, er fer með sjávarútvegsmál, setur með reglugerð nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmdum, stjórn og rekstrarfyrirkomulagi fiskiðjuversins.

7. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar og fiskiðjuversins mannvirki, er þarf til að gera hvort tveggja, og svo viðáttumikið land sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót eða möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

8. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

9. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

10. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 8. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
   a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
   b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
   e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
   f Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2. a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Höfn í Hornafirði hefur nú um 25 ára skeið verið aðalfiskihöfn Austurlands á vetrarvertíð, enda er hún vegna legu sinnar hagkvæmasti staður til að nýta frá hin ágætu fiskimið við strendur Suð-Austurlands. En ófullnægjandi hafnarskilyrði hafa mjög heft vöxt útgerðarinnar á þessum stað, og má þar t. d. nefna ófullnægjandi dýpi, þröng leguplass, skort á bryggjum o. fl. Þrátt fyrir þessa erfiðleika hefur útgerðin á Hornafirði fært þjóðarbúinu mjög miklar tekjur. Sem dæmi skal það nefnt, að síðastliðin 5 ár hefur fob.-verð aflans af ca. 30 litlum vélbátum numið frá 1,8—2,97 millj. kr. Nú hefur söluverð í Bretlandi verið 2,5—3 sinnum hærra, og mun því söluverð heildaraflans hafa numið allt að 9 millj. það árið, sem bezt var.

Þá skal einnig bent á það, að frá engri höfn á landinu er jafnauðvelt að sigla með fiskinn nýjan til hafna bæði á Bretlandi og meginlandi Evrópu. Hefur þetta

mjög greinilega komið í ljós hin síðustu ár í sambandi við útflutning á ísvörðum fiski, þar sem munað getur allt að tveim sólarhringum, sem sigling frá Hornafirði er styttri en frá mörgum öðrum útflutningshöfnum landsins. Enn fremur má telja víst, að með byggingu góðrar fiskihafnar á Suð-Austurlandi muni verða lögð, stund á veiði fleiri fisktegunda á þessum miðum og þannig tryggð betri nýting þeirra.

Þá ber þess að gæta, að hér er eingöngu um litla báta að ræða. Síðastliðna vertíð var meðalstærð bátanna 18 tonn. Með þeirri stækkun, sem nú er að verða á bátaflota landsmanna, hlýtur því útgerð á Hornafirði að minnka, ef ekki verður mjög skjótt hafizt handa með framkvæmdir, þar sem grynningar hafnarinnar hindra notkun hinna nýju og stærri báta. Þetta mun m. a. hafa stutt að því, að s. l. vertíð fækkaði viðlegubátum um fullan helming frá því, sem verið hefur undanfarin ár. Voru aðeins 15 í stað 30—35 áður. Var þó fob-verð aflans 2,26 millj. kr., eða 150 þús. kr. að meðaltali á 18 tonna bát. Þegar söluverð er allt að þrisvar sinnum hærra, sést, að það er ekki smáræðis gjaldeyrir, sem þessi litli floti hefur fært þjóðarbúinu.

Þá er rétt að geta þess, að samkvæmt lýsisrannsóknum frá Hornafirði, Vestmannaeyjum og úr Faxaflóa, sem dr. Þórður Þorbjarnarson hefur gert á vegum Fiskifélags Íslands, er þorskalýsi frá Hornafirði um það bil helmingi auðugra af A-vitamínefni en Faxaflóalýsi og einnig allmikið auðugra en Vestmannaeyjalýsið, og enn fremur hefur D-vitamínmagn Hornafjarðarlýsisins verið mun meira en lýsis úr öðrum verstöðvum. Þetta ber þó ekki að skilja þannig, að hér sé um þeim mun verðmætari lifur að ræða, þar sem heildarlýsismagnið er minna, heldur skal bent á þá ályktun dr. Þórðar, að ástæðan fyrir þessu sé sú, að á Hornafjarðarmiðin safnist mikið af gömlum og stórum fiski, er gæti mun meira í aflanum en í öðrum verstöðvum. Sé þetta rétt, sem ekki virðist ástæða að draga í efa, er auðsætt, hversu mikið glapræði það væri frá sjónarmiði fiskiveiðanna og þar með þjóðarheildarinnar að vanrækja nýtingu þessara fiskimiða og bæta þeim bátaflota, er þar getur stundað veiðar með bættri aðstöðu á Hornafirði, á fiskimiðin í Faxaflóa, þar sem ungfiskurinn sýnilega heldur sig meira.

Allt þetta mælir mjög eindregið með því, að byggð verði góð fiskihöfn á Hornafirði, er auk heimaútgerðar verði hin sjálfsagða viðlegustöð fyrir vélbátaflota Austurlands á vetrarvertíð. Enn fremur mundi slík höfn skapa skilyrði fyrir stærri fiskiskip úr öðrum landsfjórðungum til að stunda veiðar á þessum miðum yfir sumartímann, t. d. með botnvörpu, þar sem mjög stutt væri að sigla með aflann til Hornafjarðar í viðeigandi fiskiðjuver þar.

Þá er í frv. gert ráð fyrir byggingu fiskiðjuvers og verbúðir taldar með til hafnarmannvirkja. Er hið síðarnefnda sams konar ákvæði og í lögum um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, er samþykkt voru á síðasta þingi. En um fiskiðjuver má fullyrða, að bygging þess er alveg eins nauðsynleg og hafnarmannvirkin sjálf.

Nú um nokkur ár hefur fiskurinn eingöngu verið fluttur út ísvarinn, en sem kunnugt er, munu engar líkur til þess, að svo verði framvegis. Enda má í alla staði telja sjálfsagt að taka upp betri verkunaraðferðir og hætta þeirri geysilegu sóun verðmæta, sem víðast hefur átt sér stað með því að fleygja öllum fiskúrgangi, sem framleiða má úr verðmætar vörur, ef áhöld eru til. Munu hraðfrysting og niðursuðu án efa verða aðalfiskverkunaraðferðir okkar í náinni framtíð. Nú er það sannað, að gera má verðmætar niðursuðuvörur úr þeim hlutum fisksins, er ekki telst hæfur til hraðfrystingar, svo sem þunnildum og hausum.

Í fiskiðjuveri því, sem byggt yrði á Hornafirði, þyrfti því að vera: Stórt hraðfrystihús, er gæti fryst mestallan vertíðarfiskinn, niðursuðuverksmiðja, beinamjölsverksmiðja, lýsisvinnslustöð og aðstaða til að salta þann hluta af aflanum, sem ekki reyndist hægt að verka á annan hátt, þegar mikið berst að.

Þá skal bent á þau rök, sem mæla með því, að ríkið taki að sér framkvæmdir þessar og höfnin verði þar með gerð að landshöfn.

Hafnarlög fyrir Hornafjörð voru samþykkt á Alþingi 1935, og var hann einn af þeim stöðum, sem teknir voru inn á almennu hafnarlögin á þinginu 1945. Samkvæmt þeim skal viðkomandi hreppur annast framkvæmdir, en ríkið greiða ⅔ kostnaðar. Ástæðurnar til þess, að ekki hefur verið hafizt handa, eru aðallega tvær. Í fyrsta lagi er hér um svo mikil mannvirki að ræða, að engin von er til, að jafnfámennur hreppur geti komið þeim upp nema á mjög löngum tíma. Í öðru lagi er þetta alls ekki fyrst og fremst mál Hafnarhrepps. Miklu fremur er þetta eitt stærsta hagsmunamál allrar vélbátaútgerðar á Austurlandi og þar með alls Austfirðingafjórðungs.

Nú er Hafnarkauptún nýlega orðið sérstakur hreppur með rúml. 300 íbúa. Enn fremur vantar á staðnum aðrar fjárfrekar framkvæmdir, svo sem vatnsveitu og rafveitu, sem hreppurinn verður að ráðast í, m. a. vegna útgerðarinnar. Liggur ljóst fyrir, að honum er ofvaxið að leysa einnig af hendi þau verkefni, er frumvarp þetta fjallar um. Hér er því aðeins um tvennt að ræða. Annað hvort verður ríkið að ráðast í þær framkvæmdir, sem gera þarf, til þess að vélbátafloti Austurlands geti hagnýtt þessi fiskimið, eða útgerð á Hornafirði fer enn þá minnkandi og sá floti, er þar gæti haft aðsetur, þrengir sér inn á aðra staði, þar sem fiskimiðin eru fullsetin fyrir til tjóns fyrir alla.

Hér hefur eingöngu verið bent á þá aðalhlið málsins, sem að útgerðinni snýr. En hins ber einnig að gæta, hvaða þýðingu slíkar framkvæmdir mundu hafa fyrir þær landbúnaðarsveitir, er næst liggja og kæmu til með að njóta þeirra markaðsskilyrða, er sköpuðust með vexti fiskveiða- og iðnaðarbæjar á Suð-Austurlandi. Þannig er þetta alvarlegt hagsmunamál fyrir þessar sveitir, þegar Höfn í Hornafirði kemst af því stigi að vera hálfgert landbúnaðarþorp með blandaða framleiðslu og á það stig að verða fiskveiða- og iðnaðarbær með blómlegu atvinnulífi, eru fyrst sköpuð góð markaðsskilyrði fyrir landbúnað héraðsins og eðlileg verkaskipting, þar sem atvinnulíf sjávar og sveita styður hvort annað.

Hingað til hefur mestur hlutinn af fólksfjölgun þjóðarinnar lent til Reykjavíkur, og á síðasta ári fjölgaði íbúum hennar um 2800 manns, að því er skýrslur herma. Því verður ekki með rökum neitað, að hér er um mjög hættalega þróun að ræða fyrir allt atvinnulíf þjóðarinnar. Auðlindir landsins notast verr en skyldi, og öll þjóðin bíður hnekki af. Þrátt fyrir allar þær byggingar, sem gerðar eru í Reykjavík, er húsnæðisleysið ætíð hið sama, því að alltaf heldur áfram hinn sami flutningur utan af landi, sem fyllir íbúðirnar jafnóðum og þær eru tilbúnar. Eina ráðið til að hindra þessa þróun er að beina fjármagni þjóðarinnar í starf og uppbyggingu atvinnulífsins við heppileg skilyrði úti á landsbyggðinni, svo að aðrir staðir geti boðið íbúum sínum lífskjör og þægindi, er jafnist á við það, sem Reykjavík býður nú. Þannig myndu náttúrugæðin notast bezt til hags fyrir þjóðarheildina. Enn fremur mun þannig verða bezt ráðin bót á því ástandi í sölumálum landbúnaðarins, sem nú er að verða óþolandi, að flytja þurfi landbúnaðarvörur, svo sem mjólk, úr mjög fjarlægum héruðum til að fullnægja þörfum Reykjavíkur. Það kapphlaup, sem nú er hafið milli landbúnaðarhéraðanna um Reykjavíkurmarkaðinn, er afleiðing þessarar þróunar, og horfir til stórra vandræða, ef ekki tekst að breyta hér um stefnu. En til þess er engin önnur leið en að efla atvinnulíf annarra staða, þar sem skilyrði eru hepppileg. Á hinni löngu strandlengju Suður- og Suð-Austurlands mun Höfn í Hornafirði tvímælalaust vera heppilegasti staðurinn til slíkra hluta.

Þær framkvæmdir, sem frumv. þetta leggur til, að ríkið geri í Höfn, eru nauðsynlegur þáttur í þeirri uppbyggingu atvinnulífsins, sem þegar er hafin og verður að halda áfram, ef þjóðin á að lifa framvegis heilbrigðu menningarlífi.

Nd. 137. Nefndarálit

um frv. til l. um, að ákvæði samnings frá 7. okt. 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Mál þetta var tekið fyrir og rætt á tveim fundum nefndarinnar, hinum síðari með skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins, tollstjóranum í Reykjavík og fulltrúa utanríkisráðuneytisins.

Nefndin varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu málsins, en meiri hlutinn (ÁÁ, HB, JóhH og SkG) leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt; SkG hefur þó í því efni fyrirvara. Minni hlutinn (EOl) skilar séráliti.

Tilgangur frumvarpsins er að búa svo um, að þau réttindi, sem Bandaríkjunum eru tilskilin varðandi toll- og skattfrelsi o. fl. í samningnum frá 7. okt. 1946, samrýmist íslenzkri löggjöf, og er því þar að lútandi ákvæði samningsins með frv. þessu veitt lagagildi.

Meiri hlutinn telur eðlilega og fullnægjandi þá aðferð, sem hér er viðhöfð, að breyta með einum lögum þeim ákvæðum íslenzkra laga, sem samningurinn snertir, án þess horfið sé að því að gera tilraun til tæmandi upptalningar á sérhverjum ákvæðum íslenzkra laga, er samningurinn kynni að snerta, eða bera fram sérstakar lagabreytingar við hver einstök lög. Um aðalatriðin orkar ekki tvímælis, svo sem varðandi toll- og skattfrelsi og afnotarétt fasteigna, enda gerð upptalning á því í frv., en minni háttar tilvik yrðu í framkvæmdinni lögskýringaratriði íslenzkra stjórnarvalda, enda gert ráð fyrir því í frv., að nánari ákvæði um framkvæmd þessara atriða verði sett í reglugerð.

Alþingi, 23. nóv. 1946.

Ásgeir Ásgeirsson, form.	Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm.	Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.

Hallgrímur Benediktsson.

Sþ. 138. Tillaga til þingsályktunar

um varnir gegn dýrtíðinni í landinu.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að safna nú þegar, með aðstoð íslenzku sendisveitanna í Englandi og á Norðurlöndum, nákvæmum skýrslum um kaup og kjör verkamanna, iðnaðarmanna og starfsmanna ríkis og bæja í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Englandi. Jafnframt þessu skal í sömu löndum safna heimildum um söluverð á innlendum markaði á allri framleiðslu til daglegra þarfa, svo og um jarða- og húsaleigu, skatt til ríkis og bæja af venjulegum þurftartekjum, svo og aðra liði, sem hafa áhrif á laun, kaupgjald og dýrtíð í framangreindum löndum. Þegar ríkisstjórnin hefur fengið í sínar hendur þessar heimildir, skal finna meðaltal af kaupgjaldi og launum við almenn störf í landinu, svo og meðaltal á dýrleika framleiðsluvaranna í landinu, og leitast við með samningagerð og löggjöf að koma á sem allra fyrst hér á Íslandi því skipulagi, að laun, kaupgjald og söluverð á íslenzkri framleiðslu innanlands verði í jafnhæð við sams konar útgjöld í framangreindum fjórum grannlöndum.

Greinargerð.

Síðan styrjöldin hófst, 1939, hefur dýrtíðin á Ísland farið hraðvaxandi og er nú meiri en í nokkru landi, sem ekki hefur verið styrjaldarvettvangur. Íslenzk króna hefur af þessum ástæðum farið lækkandi, til mikils tjóns fyrir heilbrigt fjármálalíf. Er nú svo komið, að mikill hluti þjóðarinnar vantreystir krónunni og vill heldur leggja fé sitt í húsabyggingar í Reykjavík en í framleiðslutæki. Talið er af kunnugum mönnum, að búið sé að leggja um 170 milljónir króna í húsagerð í höfuðstaðnum á yfirstandandi ári, en á löngum tíma hefur leiðtogum stjórnmálaflokkanna með miklum stuðningi blaðanna ekki tekizt að safna nema um 6 milljónum króna í skip og báta hinnar svokölluðu nýsköpunar. Þessi staðreynd sýnir trúleysi almennings á gildi krónunnar. Eru þá allar innistæður í bönkum og sparisjóðum í voða og þá ekki síður hinir mörgu sjóðir, sem til eru í landnu, þar á meðal hinar margháttuðu tryggingar, sem þjóðin hefur leitazt við að skapa til hagsbóta almenningi í landinu.

Fram að þessu hafa leiðtogar þjóðarinnar haldið því fram, að dýrtíðin dreifði striðsgróðanum til almennings og væri hvergi til skaða atvinnulífinu. Því miður er þetta ekki rétt. Íslenzku skipin í flota Eimskipafélagsins hafa verið og eru rekin með stórfelldu tapi, en ágóði félagsins af amerískum leiguskipum hefur fram að þessu bjargað félaginu frá fullkomnum vandræðum. Þegar Eimskipafélagið hefur eignazt sinn nýja og góða skipastól, er ekki sýnilegt annað en að félagið verði að binda skipin við hafnarbakkann, því að ekkert þeirra verður samkeppnisfært við erlend skip, ef tilkostnaður helzt óbreyttur hér á landi. Uppskipun og umskipun er svo dýr í Reykjavík, að öll skipafélög, sem hér starfa til muna, bíða árlega mikinn halla á þeim rekstri, og er gjöldum þó ekki stillt í hóf. Í Englandi er farið að spyrja eftir ferðum íslenzku togaranna, því að um langt skeið hafa þeir sjaldan sézt þar í höfnum, af þeirri ástæðu, að það verð, sem Englendingar bjóða fyrir togarafiskinn, er of lágt til að mæta framleiðslukostnaði Íslendinga. En á sama tíma og Íslendingar hörfa frá brezka fiskmarkaðinum sigla togarar Færeyinga þangað með fiskafla sinn og fénast vel á þeirri atvinnu. Síðan í haust hafa vélbátar landsmanna hafzt lítt að og legið bundnir inni í höfnum, en sjómenn aðgerðalitlir í landi. Hafa forkólfar útgerðarmanna lagt fyrir ríkisstjórnina og allan almenning skýrslur, sem sanna ótvírætt, að dýrtíðin er raunverulega búin að stöðva bæði togara- og vélbátaflotann. Síðan kom saman almennur fundur útvegsmanna í landinu. Var þar samþykkt að lýsa yfir því, einkum til vakningar Alþingi og ríkisstjórn, að fiskveiðafloti landsmanna gæti ekki lagt frá landi til veiða fyrr en bætt væri úr dýrtíðinni, þannig að atvinnan gæti borið sig.

Öllum sæmilega skynsömum mönnum í landinu hefur lengi verið ljóst, að draga hlyti til þessara tíðinda. Nálega öll lönd í Evrópu eru á hungurtakmörkum. og sumar þjóðir, eins og íbúar Mið-Evrópu, eiga að búa við kjör, sem eru svo hörmuleg, að orð fá varla lýst. Allar þjóðir á meginlandi Norðurálfu búa við sára fátækt, nema Svíþjóð, Svissland og Portúgal. Allar þessar þjóðir hugsa um eitt öllu öðru fremur, og það er að afla öllum almenningi mannsæmandi kjara, fyrst og fremst með eljusömum vinnubrögðum og sparsemi á hæsta stigi. Í öllum löndum Evrópu nema Íslandi er gætt mikillar sparsemi í mat og drykk. Sú þjóð í álfunni, sem lengst og með mestri giftu barðist móti ógnaræði nazismans, sparar svo við sig og sína daglegt viðurværi, að Íslendingar, sem dveljast þar um nokkurra vikna skeið, léttast til stórra muna. Ísland eitt hefur komizt hjá þessum hörmungum. Hér hefur aldrei þurft að slökkva rafljós um nætur vegna hernaðarhættu. Hér hafa allir getað viðað að sér góðum og margbreyttum fæðutegundum. Íslendinga hefur ekki skort fataefni, kol né olíu. Hér hefur verið nóg um peninga, skemmtanir og þau nautnalyf, sem þjóðin sækist mest eftir. Þessi velsæld hefur orðið til þess, að allt of margir menn hér á landi hafa komizt á þá skoðun, að hér mundi jafnan framvegis verða fjárhagsleg fullsæla. Þessir menn hafa ekki haft glöggt yfirlit um, að

þegar nálega allar þjóðir álfunnar svelta og horfa með kvíða til morgundagsins, þá er óhugsandi, að hin litla og afskekkta þjóð á Íslandi geti um aldur og ævi setið í paradís allsnægtanna innan um hörmulega bágstadda nágranna.

Málið liggur vitaskuld ljóst fyrir öllum, sem vilja um það hugsa. Hin almenna fátækt þjóðanna og þær þungu byrðar, sem leiðir af endurreisn hinna eyðilögðu landa, verða fyrr en varir til þess, að samkeppni frá þessum þjóðum lokar markaðinum fyrir Íslendingum, ef þeir ætla að selja framleiðsluvöru sína í hlutfalli við núverandi dýrtíð í landinu, í trausti þess, að Íslendingar geti á ókomnum árum lifað stórfelldu eyðslulífi, þó að nágrannaþjóðirnar verði að fara á mis við flestöll þau gæði, sem á löngum friðartímum má kaupa fyrir fé.

Eftir að markaðurinn í Englandi lokaðist að mestu bæði fyrir hraðfrystan fisk og fisk úr togurum, hafa hinir bjartsýnu, en grunnhyggnu menn talið sér trú um, að Rússar mundu kaupa margar, ef ekki allar íslenzkar afurðir fyrir svo hátt verð, að íslenzka þjóðin gæti lifað miklu meira eyðslulífi en nokkur nágrannaþjóð. Sömu menn hafa látið sér koma til hugar, að af heimspólitískum ástæðum mundu Bandaríkin fara í kapphlaup við Rússa og bjóða enn hærra í íslenzkar vörur. Þessir spádómar eru ekki byggðir á öðru en því, að Bandaríkjamenn keyptu mikið af framleiðslu Íslendinga á stríðsárunum fyrir láns- og leigufé, til að verja Bretland fyrir hungurvofunni. Rússar hafa í ár keypt nokkuð af hraðfrystum fiski og lýsi frá Ísland, en það var að kalla má þeirra fyrsta verzlun við Íslendinga. Rússar gætu að vísu, ef þeir vildu, beitt hér á landi sömu aðferð og Hitler hafði til að ná mestallri verzlun Balkanlandanna í hendur Þjóðverja. Nazistar beittu augnabliks yfirboðum við hinar vanmáttugu Balkanþjóðir og tókst á þann hátt að skapa í þessum löndum svo mikla dýrtíð, að þær gátu ekkert flúið frá Þjóðverjum. Fyrirfram verður að telja ólíklegt, að valdamenn í Rússlandi vildu með verzlunarbrögðum auka dýrtíðina á Íslandi svo mjög, að íslenzka þjóðin gæti ekki reynt að selja vörur sínar utan Rússlands. Sú dýrð mundi aldrei standa lengi, þar sem ekki væri um að ræða eðlilegan verzlunargrundvöll. Eftir stuttan tíma yrðu Íslendingar algerlega farnir að lifa af náð og miskunn þeirrar þjóðar, sem hefði beitt fyrir þá Balkanlanda-tálbeitu Hitlers. Þegar þess er gætt, að í einræðislöndum eru aldrei hafðir ríkisreikningar og engin opinber gagnrýni, er vitaskuld auðvelt fyrir einræðisherra að undiroka smáþjóð, sem leyfir sér þann munað að hleypa dýrtíðinni á það stig, að framleiðsla landsins verði útilokuð á frjálsum markaði.

Þó að svo tækist til, að einhver einræðisþjóð reyndi um fárra ára skeið að auka dýrtíð Íslands með óheilbrigðum yfirboðum í verzlun, þá mundu þjóðir, þar sem verzlunin er frjáls, aldrei taka þátt í slíkum skrípaleik. Það mundi að vísu vera auðvelt fyrir bæði Breta og Bandaríkjamenn að kaupa framleiðslu Íslands með margföldu verði, af því að þjóðin er svo lítil. En um leið og ríkisstjórn í frjálsu landi færi að kaupa vöru frá tilteknu landi með óeðlilega háu verði, þá mundi almenn gagnrýni og ekki sízt frá leiðtogum verkamanna fella slíka stjórn, því að þá mundi verða talið, að um spillingu væri að ræða. Íslendingar þurfa þess vegna aldrei að búast við, að frjálsar þjóðir muni halda hér við dýrtíð af heimspólitískum ástæðum. Einræðisþjóð gæti haft í frammi slíka veiðibrellu. En það væri þá liður í pólitískri innrás, þar sem stundarglaðning yrði síðar borguð með aðbúð líkri þeirri, sem Hitler beitti á Balkan og Rússar hafa haft í frammi í Eystrasaltslöndunum. Dönum þótti í sumar sem leið grunsamlegt, að Rússar buðu í eitt skipti miklu hærra verð fyrir landbúnaðarvörur þeirra en Bretar. En Danir gerðu samt samkomulag til tveggja ára við Breta um egg, flesk og smjör, þó að hægt væri á því augnabliki að fá mun hærra verð í Rússlandi. Danir vildu halda fast við sinn gamla og þrautreynda markað í Englandi. Þeir seldu Rússum að vísu nokkuð, en meginmagn framleiðslunnar fór til Englands, eins og fyrir stríðið. Danir viðurkenndu, að þeir gátu gert góða augnablikssölu til Rússlands. En hin öruggu framtíðarviðskipti voru í Englandi. Og Danir meta framtíðina meir en augnablikið.

Ef dýrtíðin heldur áfram að vaxa, rýrnar gildi krónunnar. Reynt verður jöfnum

höndum að fá Alþingi til að fella krónuna í stórum stíl í sambandi við erlenda mynt og jafnframt því að fá Alþingi og bæjarstjórnir til að ganga í ábyrgð fyrir rekstrarhalla útgerðarinnar. Þegar tap, sem nemur tugum milljóna, er komið á bæjarfélögin og ríkissjóð, verður með skattkröfum og útsvarsálögum reynt að ná eignum þeirra, sem eitthvað hafa verulegt handa milli, til að jafna reikningana. Með þessum hætti er hægt að eyða á skömmum tíma ekki aðeins hinum svokallaða stríðsgróða, heldur efnum þjóðarinnar. Dýrtíðin vex, kaup og laun hækka í krónutali. Að sama skapi fellur krónan. Fjármálalíf einstaklinga, fyrirtækja bæjarfélaga og ríkis lendir í öngþveiti, eins og í Þýzkalandi eftir fyrra stríðið.

Ekkert af þessu þarf að gerast, ef Alþingi, ríkisstjórnin og þjóðin öll vill bjarga því, sem bjargað verður. Dýrtíðin er ekkert annað en of hátt kaup, laun, vöruverð og skattar. Enginn er betur settur vegna dýrtíðarinnar. Háa kaupið og háu launin hverfa til greiðslu á of hárri húsaleigu og of háum neyzluvörum. Auk þess er dýrtíðin handviss með, ef hún er ekki stöðvuð, að eyða öllum innstæðum og gera hátt kaup, há laun og hátt verð á innlendum afurðum allt að engu, eins og reynslan varð í Þýzkalandi eftir Versalafriðinn. Íslenzka þjóðin hefur þess vegna ekki úr háum söðli að detta, þó að hún réðist í að stöðva dýrtíðina, því að annars eyðir verðbólga öllu, sem einstaklingarnir hafa barizt fyrir að safna, meðan hörmungar stríðsins eyddu nábúalöndin.

Hér er lagt til það einfalda ráð, að ríkisstjórnin safni öllum nauðsynlegum gögnum um tilkostnað við framleiðsluna í þessum fjórum löndum, sem eru aðalkeppinautar Íslendinga á heimsmarkaðinum. Með því að hafa í höndum meðaltal af öllum helztu liðum, sem áhrif hafa á verðmyndunina og lífsvenjur fólksins í þessum löndum, er vandinn ekki annar en að feta sig niður dýrtíðarstigann, þar til þjóðin er komin niður í jafnhæð við keppinautana fjóra, Norðmenn, Svía, Dani og Breta. Ef Íslendingar geta keppt við þessar þjóðir á heimsmarkaðinum, þá er þeim ekki hætta búin úr öðrum áttum.

Vafalaust mundi mörgum mönnum þykja harðir kostir að lækka á þennan hátt kaup, laun og afurðaverð. En íslenzka þjóðin lifði og var sæmilega ánægð, meðan kjör hennar voru ekki rýrari en fólk átti við að búa í næstu löndum. Og ef Íslendingar veigra sér við að framkvæma með frjálsu samkomulagi og lagaboði þessa verðbreytingu, þá heldur hjól dýrtíðarinnar áfram að velta niður brekkuna með meiri og meiri hraða með hin eftirsóttu auðæfi sömu leið og vísað er til í hinum frægu ljóðlínum:

„Fram af eyraroddanum
undan svarta bakkanum."

Ekki veldur sá, er varir. Fram að þessu hefur mikill hluti þjóðarinnar ölvazt af stríðsgróðanum og ekki getað beitt meðfæddri greind og fenginni lífsreynslu. En nú er komið að örlagastund. Allur stríðsgróðinn og mestallar eignir allra Íslendinga, atvinnuskilyrði og sjálfstæði landsins eru í veði, ef ekki er tekið það einfalda ráð að lækka alla þætti dýrtíðarinnar í jafnhæð við grannþjóðirnar, sem við verðum að keppa við, eða tapa með öllu hinum dýrmætu fjársjóðum, sem þjóðin hefur lagt svo mikla stund á að safna á undangengnum stórbreytingatímum.

Nd.

139. Frumvarp til laga

um öryggi verkamanna við vinnu.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

I. KAFLI

Ferming og afferming skipa.

1. gr.

Óheimilt er að byrja á fermingu eða affermingu vöruflutningaskipa fyrr en skoðun hefur farið fram á losunartækjum þeirra ásamt þeim öðrum tækjum, er notuð eru við að ferma eða afferma skipin, og skoðunarmenn hafa gefið vottorð um, að allt sé í því ástandi, að öryggi verkamanna stafi eigi hætta af.

2. gr.

Losunartæki fiskiskipa skulu skoðuð af skoðunarmönnum eins oft og ástæða er talin til, og ávallt þegar ósk um skoðun kemur fram frá verkalýðsfélagi.

3. gr.

Allir menn, sem kvaddir eru til að fara með vindur skipa meðan á fermingu eða affermingu stendur, svo og þeir, er stjórna krönum á bryggjum eða öðrum lyftivélum, skulu viðurkenndir af viðkomandi verkalýðsfélagi, sem fær þeim í hendur skírteini, er sannar rétt þeirra til slíkra starfa.

Sama gildir um þá menn, sem stjórna vinnu við lestarop (lúgumenn).

Verkalýðsfélögin setja reglur um störf þessara manna og geta svipt þá réttinum til nefndra starfa, ef þeir gerast brotlegir við settar reglur að dómi verkalýðsfélags.

4. gr.

Eigi má reyna meira á bönd eða vélar en ákveðið er eftir styrkleika þeirra.

Ekki má skilja eftir vörur hangandi í lyftuböndum eða á annan svipaðan hátt, sem hætta getur stafað af.

5. gr.

Gæta skal þess jafnan að festa vel og tryggilega bönd um vörur, sem lyft er með vindu. Sömuleiðis króka, ef notaðir eru á tunnur og trog. Þá skal gæta þess, að tunnulöggin sé nægjanlega sterk.

6. gr.

Við stöflun á tunnum og sekkjum o. þ. h. skal gæta fyllstu varúðar, svo ekki hrynji úr staflanum og valdi slysum. Sömu varúðar skal gæta við meðferð kola. Skal jafnan hafa kolabingi með tvöfaldri hleðslu og það miklum halla á hleðslunni, að eigi sé hætta á því, að þeir hrynji.

7. gr.

Gas- og súrhylki svo og annað, er sprengihætta er af, skulu ávallt höfð í lokuðum trogum, þegar þeim er lyft um borð í skip eða frá borði.

8. gr.

Þegar lyft er sekkjavöru, má ekki lyfta nema einni stroffu í einu, og ekki skulu vera fleiri en 15 sekkir í hverri stroffu. Þegar notaðar eru snörpípur á poka, skal þess gætt, að þær séu vel traustar og pokarnir sterkir og órifnir, t. d. óbilaður falduríinn í opinu.

9. gr.

Þegar skipað er upp kolum, skulu í trogum þeim, sem notuð eru, ekki vera neinar járnstengur eða klampar að innanverðu eða annað slíkt, er valdið getur því, að kolamolar verði eftir í trogunum. Séu trog með loku (annar gaflinn hreyfanlegur), skal lokan vera vel útbúin og traust, svo að ekki sé hætta á, að hún valdi slysum. Ekki má lyfta meiru upp en einu tonni í hverju trogi.

10. gr.

Séu tunnur eða körfur notaðar við uppskipun eða útskipun, má ekki hafa lykkju í botni þeirra, heldur skal þar vera vír eða kaðall með auga á enda, svo að ekki sé hætta á, að menn festist í lykkjunni.

11. gr.

Við saltuppskipun má ekki lyfta meiru en einu tonni í trogi. Sé saltið fast, skulu sérstakir menn taka saltið niður, svo að eigi myndist saltveggir eða stallar.

12. gr.

Við uppskipun úr togurum er skylt að hafa auk venjulegs strengs, sem ber uppi upphölunarblakkir, annan streng til öryggis, sem dreginn er í gegnum festingar allra blakkanna.

II. KAFLI

Vinna við sprengingar og sandnám.

13. gr.

Þar, sem sprengja þarf jarðveginn eða annað, skulu ætíð notaðar rafmagnskveikjur og skotstaðurinn vandlega byrgður.

Sprengingar framkvæmi eigi aðrir en menn, sem ásamt því að vera löggiltir til þess starfs af lögreglustjóra eða hreppstjóra skulu samþykktir af stjórn viðkomandi verkalýðsfélags.

14. gr.

Þar, sem unnið er í sandgryfjum, skal þess vandlega gætt, að barmar séu eigi látnir slúta, og forðast skal sem hægt er að hafa gryfjuveggina háa.

Allir staðir, þar sem sandnám fer fram, skulu vera undir stöðugu eftirliti skoðunarmanna.

III. KAFLI

Vinna við húsasmíði o. fl.

15. gr.

Verkpallar við húsasmíði og hvers konar önnur mannvirki skulu vera svo traustir, að eigi stafi hætta af, og skulu þeir festir saman tryggilega og með skáböndum. Á þeim utanverðum skal vera að minnsta kosti eins metra hátt handrið. Sama gildir um öll steypumót, og má ekki taka mót undan nema með leyfi múrarameistara eða þess smiðs, sem ábyrgð ber á verkinu, og alls ekki fyrr en steypan hefur náð nægilegri hörku.

Gæta skal þess að láta ekki smíðaefni eða annan þunga á loft eða stiga fyrr en steypan hefur náð nægilegri hörku.

Meðan hús er í smíðum skal setja handrið eða bönd kringum stigaop og önnur op í loftum.

16. gr.

Stigar skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meir en 4 metra langur.

17. gr.

Bannað er það fyrirkomulag að lyfta á pall manni ásamt hjólbörum.

18. gr.

Þar sem vélar, t. d. steypublönduvélar eða lyftuvélar og annað þeim tilheyrandi, svo sem vírar, blokkir og gálgar eða rennibrautir, eru notaðar við smíði húsa eða annað skulu gilda sömu ákvæði og talin eru í 2. gr.

IV. KAFLI
Flutningur á verkamönnum.

19. gr.

Óheimilt er að flytja verkamenn innanbæjar á vörubifreið, nema sterkar höldur séu á húsi hennar fyrir verkamenn að halda sér í, og eigi má flytja fleiri verkamenn en geta með góðu móti haldið sér í höldurnar.

20. gr.

Séu verkamenn fluttir í bílum að og frá vinnustað lengri leið en 2 km, skulu þeir fluttir í yfirbyggðum farþegabifreiðum eða vörubifreiðum með traustum og vönduðum skýlum, sem séu tryggilega fest við pall bifreiðarinnar.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

21. gr.

Á öllum vinnustöðum, hvort heldur er úti eða inni, þar sem unnið er eftir að myrkva tekur, skulu höfð vinnuljós, svo mörg og sterk, að eigi geti verið slysahætta vegna myrkurs.

22. gr.

Á öllum bryggjum, hafnaruppfyllingum og öðrum slíkum stöðum, þar sem afgreiðsla skipa fer fram eða önnur vinna, er skylt að hafa næga og góða stiga að dómi skoðunarmanna, svo og léttbáta, sem hægt er að grípa til, ef slys ber að höndum.

23. gr.

Við skurðgröft í bæjum skulu þeir staðir, þar sem rafmagnsstrengir eða gasrör liggja, vandlega merktir og það tilkynnt verkamönnum.

24. gr.

Á öllum þeim skipasmíðastöðvum, sem taka upp báta og skip til viðgerðar, skal fara fram a. m. k. hálfsmánaðarleg skoðun á vírum og blökkum, dráttarvagni, festartækjum svo og öðrum áhöldum tilheyrandi dráttarbraut.

Þá skulu á hverri slíkri skipasmíðastöð vera traustir og stöðugir léttbátar.

25. gr.

Verkamönnum, sem vinna við að ryðberja, höggva steypu eða grjót, skulu lögð til hlífðargleraugu, þeim að kostnaðarlausu, af viðkomandi atvinnurekanda.

26. gr.

Á öllum föstum vinnustöðum og á öðrum vinnustöðum, sem verkalýðsfélögin telja, að hægt sé að koma því við, skulu vera lyfjakassar með nauðsynlegum lyfjum og umbúðum.

Skal landlæknir semja skrá yfir þau lyf og umbúðir, sem nauðsynlegt er að hafa á vinnustöðum að hans dómi.

27. gr.

Alls staðar þar, sem við verður komið að dómi verkalýðsfélags, skal hafa kaffiskýli á vinnustað. Í skýlunum skulu vera borð og bekkir, hitunartæki og gott drykkjarvatn. Skylt er og að hafa salerni á vinnustað.

28. gr.

Í hverju kauptúni og kaupstað skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári námskeið í hjálp í viðlögum fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélaga og verkstjóra. Námskeið þessi skulu fara fram undir umsjá og eftirliti Slysavarnafélags Íslands.

29. gr.

Við alla vinnu ber verkstjóra að gæta fyllstu varúðar, að því er snertir öryggi verkamanna til að forðast slys.

30. gr.

Öll tæki, sem notuð eru til þungaflutnings, skulu vera vel traust og athugað, að vel sé gengið frá öllum festingum.

31. gr.

Allir, sem stjórna meiri háttar vinnuvélum og ekki hafa aflað sér lögviðurkenndra réttinda til þess að stjórn þeim, njóta eigi réttinda til starfsins nema viðurkenning viðkomandi verkalýðsfélags komi til.

32. gr.

Við öll störf, sem að dómi verkalýðsfélaga getur verið hætta á slysum, getur viðkomandi verkalýðsfélag kvatt til skoðunarmenn, og skal þá skylt að haga vinnu og útbúnaði verktækja svo sem þeir mæla fyrir um.

33. gr.

Komi slys fyrir á vinnustað, skal þegar fara fram ýtarleg rannsókn á slysinu og orsökum þess. Rannsóknina skulu framkvæma þar til kvaddir 2 menn af verkalýðsfélagi og lögreglustjóra eða hreppstjóra.

34. gr.

Hver sá, sem af vangá eða hirðuleysi veldur slysi á vinnustað eða brýtur settar reglur, skal tafarlaust sviptur starfi sínu og dæmdur til refsingar.

VI. KAFLI

Eftirlit.

35. gr.

Á hverjum þeim stað, sem starfandi er verkalýðsfélag, skal lögreglustjóri skipa þrjá skoðunarmenn, eftir þeirri tilnefningu sem hér segir:

Viðkomandi verkalýðsfélag tilnefnir einn skoðunarmann, atvinnurekendur á staðnum eða félag þeirra annan og deild Slysavarnafélags Íslands, sé hún til á staðnum, þann þriðja.

Verkefni skoðunarmanna skal vera að sjá um framkvæmd þessara laga í öllum þeim greinum, sem varða öryggi verkamanna á vinnustað.

Skoðunarmenn hafa vald til þess að stöðva vinnu, hvar sem er í umdæmi sínu, telji þeir slysahættu af ásigkomulagi vinnutækja eða öðru í sambandi við vinnu.

Skoðunarmönnum skulu sett erindisbréf. Alþýðusamband Íslands semur erindisbréfin, en viðkomandi lögreglustjóri gefur þau út.

36. gr.

Á smærri stöðum úti á landi, þar sem erfitt er að koma við þrem skoðunarmönnum frá þeim aðilum, er um getur í 35. gr. laga þessara, er heimilt að fela einum manni skoðunarmannsstarfið, enda hljóti hann viðurkenningar þessara þriggja aðila.

37. gr.

Að því er kemur til lyftivéla og annarra véla á bryggjum og hafnaruppfyllingum og við hafnargerðir skal verksmiðju- og vélaeftirlitið hafa eftirlit með þeim. Séu þessi tæki í notkun, skulu þau skoðuð a. m. k. einu sinni í mánuði og hvenær sem ósk um skoðun kemur fram frá viðkomandi verkalýðsfélagi.

38. gr.

Allur kostnaður af eftirliti samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

39. gr.

Lög þessi rýra ekki á neinn hátt ábyrgð, sem eigendur skoðunarskyldra tækja, vinnustöðvar og verkstjórar þeirra eða aðrir bera á þeim slysum, sem fyrir kunna að koma.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna þeirra tíðu slysa, sem orðið hafa á vinnustöðvum á ýmsum tímum, hafa ávallt verið uppi háværar raddir frá verkalýðnum um, að öryggi við vinnu yrði aukið m. a. með löggjöf um eftirlit með vinnutækjum o. fl. Hefur þessi krafa hlotið stuðning atvinnurekenda, sem sjá má af því, að í fjöldamörgum samningum milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda er það tekið fram, að samningsaðilar séu sammála um að beita sér fyrir því, að hið opinbera setji fyllri reglur um öryggi verkamanna við vinnu og útbúnað vinnutækja. Þá eru og dæmi þess, að verkalýðsfélög hafi gert samninga við atvinnurekendur um aukið öryggi við vinnu, t. d. um eftirlit með fermingu og affermingu skipa.

Árið 1935 var þessum málum svo komið, að Alþingi sá sig knúið til að taka þau til meðferðar, og voru þá samþykkt lög um að heimila atvinnumálaráðherra að setja reglugerð um eftirlit með fermingu og affermingu skipa, útbúnað vinnupalla o. fl. Þessi heimild var ekki notuð fyrr en 1938, að þáverandi atvinnumálaráðherra lét semja reglugerð um þessi mál.

Var þessi reglugerð síðan send Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendafélagi Íslands til umsagnar. Ekkert varð þó af frekari framkvæmdum að því sinni. En á sumarþinginu 1942 var samþykkt tillaga til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að athuga atvinnumál o. fl. Í 3. tölul. þál. segir svo um ætlunarverk nefndarinnar, að hún skuli semja „frv. til l. um vinnutíma í ýmsum atvinnugreinum svo og um **vinnuvernd og aukið öryggi og góðan aðbúnað verkalýðsins**“.

Nefndin hóf starf sitt, og m. a. sendi hún Alþýðusambandi Íslands ýtarlegan spurningalista í 7 liðum. Eftir að Alþýðusambandið hafði kynnt sér afstöðu sambandsfélaga sinna, sendi það nefndinni ýtarlegt svar. Um frekari störf þessarar nefndar er flutningsmanni ekki kunnugt, og ekkert frumvarp hefur nefndin lagt fram enn þá. Vantar því enn þá löggjöf um þetta mikilsverða mál, og að dómi flutningsmanns má eigi lengur dragast, að slík löggjöf verði sett. Þess vegna er þetta frumvarp flutt til að bæta úr brýnni nauðsyn, þótt búast megi við, að reynsla sú, er fæst við framkvæmd laganna, leiði í ljós, að á þeim þurfi að gera nokkrar breytingar á næstu árum.

Þá er flutningsmanni það ljóst, að ýmis ákvæði frv. hefði eins mátt taka fram í reglugerð, en þar sem vitað er, að áðurnefnd heimild um setningu slíkrar reglugerðar hefur eigi verið notuð, telur hann rétt að taka þau inn í lögin.

Um einstaka kafla frv. skal þetta tekið fram:

Fyrsti kafli frv. fjallar um fermingu og affermingu skipa. Það er kunnugt, að við þá atvinnugrein hafa orðið fleiri slys en við nokkra aðra verkamannavinnu hér á landi, og mun mikið af þeim slysum hafa stafað af lélegum vinnutækjum og ófullnægjandi eftirliti. Aðalákvæði þessa kafla eru því um aukið eftirlit með tækjum þeim, sem notuð eru, og frekari íhlutun verkalýðsfélaganna um val á þeim mönnum, er vinna þau störf, er mest ríður á, að leyst séu samvizkusamlega af hendi vegna öryggis verkamanna.

Annar kafli fjallar um vinnu við sprengingar og sandnám. Við þær vinnugreinar, sérstaklega sandnámið, hafa orðið ýmis stórslys á síðari árum og því full þörf að setja lagaákvæði í samræmi við ákvæði kaflans.

Þá er þriðji kafli um vinnu við húsasmíði o. fl. Sú atvinnugrein hefur stóraukizt á síðari árum. Byggingar hafa mjög stækkað og slysahættan þar með aukizt. Flest slysin stafa af því, að lyftivélar o. fl., sem þeim tilheyrir, eru ekki nægilega traustar og verkpallar ekki nógu tryggilega gerðir. Ákvæði kaflans miða að því, að öryggið verði aukið með betri útbúnaði þessara tækja og tekið upp strangt eftirlit með þeim, sem að mestu hefur skort fram að þessu.

Um fjórða kaflann, sem fjallar um flutning á verkamönnum, er það að segja, að til er í reglugerð frá 1937 ákvæði um líkt efni, en er hvergi nærri fullnægjandi vegna breyttrar aðstöðu o. fl. Er hér reynt að ráða bót á þessu, auka þannig öryggi verkamanna, sem flytja þarf milli vinnustaða eða til og frá vinnustað.

Fimmti kafli inniheldur ýmis almenn ákvæði, og má finna sum þeirra í líku formi í samningum milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, eins og t. d. 26. og 27. gr. (um lyfjakassa og kaffiskýli), en þau eru tekin upp í frv. til þess að gera þau þýðingarmiklu atriði, er greinarnar fjalla um, að lögboðinni skyldu um land allt. Aukinn ljósaútbúnaður og öryggistæki á vinnustöðum er aðkallandi til þess að fyrirbyggja slys. Einnig hefur reynslan sýnt, að rík þörf er á góðum og traustum léttbátum og ströngu eftirliti með útbúnaði dráttarvagna á skipasmíðastöðvum. Því til sönnunar skal á það bent, að sérstök tilviljun varð því valdandi, að ekki létu fleiri manns lífið, þegar m.s. Esja rann í dráttarvagninum í slippnum í Reykjavík af brautarteinunum ofan í sjó.

Viðurkennd er fyrir löngu nauðsyn þess, að þeir, sem verða fyrir slysi, fái sem fyrst aðhlynningu og aðstoð veitta af þekkingu. Þýðingarmikið spor í þá átt, að svo megi vera meðal verkamanna, er, að trúnaðarmenn verkalýðsfélaga og verkstjórar kunni hjálp í viðlögum.

Þá er mjög mikilsvert, að á öllum þeim vinnustöðum, þar sem að dómi verkalýðsfélaga er mikil slysahætta, hafi viðkomandi félög rétt til þess að krefjast skoðunar og úrbóta. Þegar slys hefur átt sér stað, getur það haft mikla þýðingu til að fyrirbyggja, að sams konar slys endurtaki sig, að strax fari fram ýtarleg rannsókn á slysinu og orsökum þess. Sjálfsagt er og, að tekið sé hart á ölvun eða hirðuleysi á vinnustað, sem leiðir til slysa.

Í sjötta kafla eru ákvæði um val skoðunarmanna, verkefni þeirra og vald það, er þeir hafa til þess að framkvæma skyldustörf sín.

Nánari grein fyrir einstökum atriðum frumvarpsins mun gerð í framsögu.

Nd. 140. Breytingartillögur

við frv. til l. um menntun kennara.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 23. gr. Orðin „eða annars staðar, ef hentara þykir“ falli burt.
2. Við 29. gr. Orðin „meðan skólinn starfar þar“ falli burt.

Nd. 141. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 6. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Gjald þetta skal greitt við afhending leyfanna.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt samkvæmt ósk fjármálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um málið. Frv. fylgdi svolátandi greinargerð:

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, er svo fyrir mælt, að þau skuli falla úr gildi 1. des. 1946.

Eins og sakir standa þykir ekki fært að láta lögin falla úr gildi og þar með þær ráðstafanir, sem þau hafa að geyma. Er því lagt til, að þetta ákvæði 9. gr. sé afnumið og lögin látin halda gildi sínu.

Ákvæði 1. gr. frv. er sett samkvæmt tillögu viðskiptaráðs og felur í sér þá breytingu frá því, sem nú er, að leyfisgjaldið skuli eftirleiðis greiðast fyrirfram, þ. e. um leið og leyfi er afhent í skrifstofu ráðsins, í stað þess að nú er gjaldið eigi greitt fyrr en varan er komin til landsins og leyfið er lagt fram við tollmeðferð.

Ed. 142. Breytingartillögur

við frv. til laga um innlenda endurtryggingu, striðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr. A. Á eftir tölulið 3 komi nýr liður, er orðist svo:
   Af öðrum tryggingafélögum sbr. 5. gr.
2. Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verði 5. gr., er orðist svo (og færist greinatalan til eftir því):
   Nú semur innlent vátryggingarfélag, sem ekki á áhættufé í félaginu, svo um að tryggja hjá félaginu minnst 1/10 hluta af þeim endurtryggingum sínum, sem samrýmast endurtryggingarstarfsemi félagsins, eða greiða félaginu minnst 100 þús. kr. í iðgjöld árlega, og getur stjórn Endurtryggingarinnar þá samið þannig við slíkt félag, að það leggi fram allt að 100 þús. krónur í áhættufé, er þá nýtur sömu réttinda og ber sömu skyldur og eldra áhættufé, sbr. þó 11. gr.
3. Við 8. gr. (sem verður 9. gr.). Greinin orðist svo:
   Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum og fimm til vara.
   Ríkisstjórnin tilnefnir tvo aðalmenn og tvo til vara. Úr hópi þessara manna tilnefnir hún formann og varaformann félagsstjórnarinnar.
   Tryggingarfélög þau, sem áhættufé eiga í félaginu, tilnefna einn aðalmann og einn til vara. Verði þau ekki sammála, tilnefnir ríkisstjórn mennina úr hópi þeirra, sem tryggingarfélögin hafa stungið upp á.

Eigendur skírteina þeirra, sem um ræðir í 8. gr., tilnefna tvo aðalmenn og tvo til vara. Farist tilnefning af þeirra hálfu fyrir, tilnefnir ríkisstjórnin mennina.

Varamenn taka sæti í forföllum þeirra aðalmanna, sem tilnefndir eru af sama aðila, og í þeirri röð, sem tilnefning eða kosning segir til um.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, sbr. þó 1. mgr., og ákveður starfstilhögun félagsins. Ráðherra ákveður laun hennar.

Stjórnin er tilnefnd til þriggja ára í senn.

4. Við 10. gr. (sem verður 11. gr.). Á eftir 1. mgr. kemur nýr málsliður, er orðist svo: Þetta ákvæði gildir þó ekki um fé, sem greitt er inn samkvæmt ákvæðum 5. gr., nema viðkomandi aðilar hafi skattfrelsi samkvæmt öðrum lögum.
5. Við 20. gr. (sem verður 21. gr.). 1. mgr. orðist svo:

Fyrir hvern tryggðan skipverja greiða útgerðarmenn fiskiskipa 5 rúmlesta (brúttó) og stærri kr. 1.50 í iðgjald á viku, en útgerðarmenn smærri báta kr. 0.75 á viku. Hrökkvi iðgjald þetta eigi fyrir áhættunni, skal því fé, sem greiða ber í endurtryggingasjóð og bónussjóð af rekstri ársins 1946, varið til að mæta áhættunni, að öðru leyti greiðir ríkissjóður það, sem þá vantar á til að mæta áhættunni.

6. Við 29. gr. (sem verður 30. gr.). Aftan við greinina bætist: Þó taka ákvæði 21. gr. ekki gildi fyrr en 1. jan. 1947.

Ed. 143. Breytingartillaga

við frv. til laga um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá Gísla Jónssyni og Jóhanni Jósefssyni.

Við 20. gr. 2. málsgr. falli niður.

Ed. 144. Breytingartillaga

við frv. til l. um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni, Birni Kristjánssyni og Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 20. gr. Í stað „80“ í annarri málsgr. komi: 100.

Nd. 145. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Skal gjaldið reiknast af því verði, sem framleiðendum er greitt á hverjum tíma. Tekjur sjóðsins skulu ár hvert skiptast að jöfnu á milli Búnaðarfélags Íslands og stéttarsambands bænda, er hvort fyrir sig ráðstafar sínum hluta til nauðsynjamála bændastéttarinnar vegna verkefna þeirra, er þau hafa með höndum.

2. gr.

Lög nr. 27 frá 23. apríl 1946, um breyting á lögum um búnaðarmálasjóð, skulu úr gildi felld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að lögin um búnaðarmálasjóð verði aftur færð í það horf, er markað var í upphafi af Búnaðarfélagi Íslands, er það hófst handa um að koma þeim á og mótaði þau í samráði við öll búnaðarsambönd landsins.

En þar sem stéttarsamband bænda er nú fullstofnað og starfsvið þess skýrt afmarkað og greint frá starfsemi Búnaðarfélags Íslands, þykir flutningsmönnum rétt, að því sé afhentur beint sá hluti af sjóðnum, er eðlilegt má teljast, að það fái til ráðstöfunar fyrir starfsemi sína. Hinum hlutanum ráðstafar svo búnaðarþing að sjálfsögðu til aðkallandi nauðsynjamála vegna félagsstarfsemi bændastéttarinnar á þess sviði.

Nánar í framsögu.

Nd. 146. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og orðið sammála um að mæla með því óbreyttu. Á fund nefndarinnar komu til viðræðna um málið menntamálaráðherra, rektor Menntaskólans í Reykjavík, formaður félags menntaskólakennara og fræðslumálastjóri.

Alþingi, 26. nóv. 1946.

Sigfús Sigurhjartarson, form.	Gunnar Thoroddsen, fundaskr.	Sigurður Bjarnason, frsm.
Páll Þorsteinsson.	Barði Guðmundsson.	

Nd. 147. Breytingartillögur

við frv. til l. um menntun kennara.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 9. gr. Fyrsti málsliður greinarinnar orðist svo:
   Með reglugerð, er fræðslumálastjórn setur, má ákveða, að kennarapróf í almennum námsgreinum, svo sem íslenzku og íslenzkum fræðum, erlendum tungumálum, náttúrufræði, landafræði og sögu skuli hafa stúdentsprófsgildi.
2. Við 10. gr.
   a. Niðurlag greinarinnar frá og með orðunum „skyldustundir skulu .....“ falli niður.
   b. Á eftir 10. gr. kemur ný grein, er verður 11. gr. (greinatalan breytist samkvæmt því):
      Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og 17, er hann verður

60 ára. Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, ef þörf gerist, svo og vegna mikillar heimavinnu, eða taka tillit til slíkra aukastarfa, þegar ákveðin er lengd árlegs starfstíma kennara. — Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra. — Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.

3. Við 14. gr. Við síðari málsgrein bætist: eftir því sem fé er veitt í fjárlögum.

Ed. 148. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og er efni þess samþykk, en orðalag 1. gr. á ekki við lengur, og leggur því nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 118 31. des. 1945, skulu gilda til ársloka 1947.

Alþingi, 27. nóv. 1946.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. Þorst. Þorsteinsson.
Guðm. Í. Guðmundsson. Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 149. Frumvarp til laga

um fiskiðjuver ríkisins á Ísafirði.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Ríkið lætur reisa fiskiðjuver á Ísafirði, er unnið geti úr 120 tn. af fiski (hráefni) á sólarhring.

2. gr.

Til byrjunarframkvæmda samkv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán innanlands f. h. ríkissjóðs að upphæð allt að 6 millj. kr.

3. gr.

Stjórn fiskiðjuverksins skal skipuð 3 mönnum. Yfirstjórn þess er í höndum hennar, og skal hún hafa aðsetur og varnarþing á Ísafirði og meiri hluti stjórnarinnar vera þar búsettur. Tveir stjórnendur skulu skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu bæjarstjórnar Ísafjarðar, en einn án tilnefningar. Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda. Til þess að skuldbinda fiskiðjuverið þarf undirskrift tveggja stjórnenda. Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra, er hefur á hendi daglega stjórn fiskiðjuversins og umsjón

með rekstrinum. Hann annast og sölu afurðanna í samráði við stjórnina. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir fyrirtækið og skuldbindur það eftir reglum um prókúru, sé ekki öðruvísi ákveðið. Stjórnin ákveður starfssvið framkvæmdastjórans og laun.

4. gr.

Endurskoðendur skulu vera tveir, skipaðir af ráðherra, og skal annar þeirra a. m. k. vera búsettur á Ísafirði.

5. gr.

Til allra meiri háttar framkvæmda skal jafnan leita samþykkis ráðherra og leggja fyrir hann ýtarlega greinargerð og kostnaðaráætlun.

6. gr.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldum fiskiðjuversins, nema heimild sé veitt til þess á Alþingi.

7. gr.

Fiskiðjuverið tekur fisk til vinnslu af framleiðendum, en heimilt skal þó að kaupa fisk ákveðnu verði, ef atvinnumálaráðherra samþykkir það. Stjórn fiskiðjuversins semur við útgerðarmenn í samræmi við það ákvæði þessarar greinar, sem við á í hvert sinn.

8. gr.

Eigendum þess fisks, sem tekinn er til vinnslu, skal greitt söluverð hans að frádregnum kostnaði sem hér segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði.
2. Afborgun af stofnkostnaði, svo sem um er samið við lánsstofnanir eða ríkissjóð.
3. A. m. k. 2% fyrningargjald af húsum og 5% af vélum og áhöldum.
4. 5% í varasjóð. Við afhendingu til vinnslu greiðist 85% af áætluðu verði. Verði verð afurðanna meira en nægir til þess að greiða áætlað verð, skal þeim hagnaði skipt á milli útgerðarmanna, er lagt hafa inn fisk til vinnslu, og fiskiðjuversins í réttu hlutfalli við það aflamagn, sem keypt hefur verið og tekið til vinnslu. Fiskiðjuverið fær ágóðann af þeim hluta, er keyptur hefur verið, en útgerðarmenn af þeim, er lagður var til vinnslu.

9. gr.

Nú æskir félag útgerðarmanna að eignast fiskiðjuverið. Skal það þá um leið leggja fram fisk þann, er það lætur þangað til vinnslu, og skal þá auk þess frádráttar, er fyrir er mælt um í 8. gr., dragast frá 5% af innlögðum fiski þeirra í stofnsjóð. Þegar stofnsjóður nemur 34% af kostnaðarverði fiskiðjuversins, tekur félagið við stjórn þess, eignum og skuldbindingum.

10. gr.

Reikningsár fiskiðjuversins er almanaksárið. Stjórnin skal gera reikningsskil svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en svo, að endurskoðun geti verið lokið fyrir 1. júlí ár hvert. Skulu reikningarnir áritaðir af endurskoðendum, síðan sendir ríkisstjórninni ásamt skýrslu stjórnarinnar. Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

11. gr.

Fiskiðjuverið greiðir ½% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs, þó ekki yfir 25% af útsvörum bæjarins það ár. Það greiðir ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það kemur æ betur í ljós, að öryggi og afkomu útgerðarinnar er ekki borgið til lengdar, nema hún eigi sjálf sem bezt og fullkomust tæki til að vinna góða og fjölbreytta vöru **úr öllum aflanum.** Þessi leið hefur verið farin með síldaraflann og hefur þar gefizt vel.

Að nokkru leyti hefur smám saman verið farið inn á sömu braut um alla fiskframleiðslu og byggðar stöðvar af ýmsum stærðum og gerðum til þess að vinna að meira eða minna leyti úr aflanum. Enn á það þó langt í land, að þar sé eins vel á veg komið og um síldaraflann.

Þegar ríkið hóf byggingu síldarverksmiðja, var hafizt handa á Siglufirði og reistar þar síldarverksmiðjur, vegna nálægðar Siglufjarðar við síldarmiðin.

Sú hefur orðið reyndin með síldarverksmiðjur, að þær verksmiðjur séu hagkvæmastar, sem eru stærstar og fullkomnastar.

Eins er talið, að þessu muni háttað um fiskiðjuver. Ef reisa á stórt fiskiðjuver og eins fullkomið og kostur er, hefur Ísafjörður líkasta aðstöðu um nálægð við fiskimiðin og Siglufjörður um nálægð við síldarmiðin. Þar er þó einn munur á Ísafirði í hag, að síldveiði er stunduð nálægt Siglufirði aðeins um 3 mánuði ár hvert, en fiskveiðar nálægt Ísafirði 9—12 mánuði á ári.

Stofnkostnaður fiskiðjuvers af þessari stærð er svo mikill, að ekki eru neinar líkur til, að tök séu á að afla svo mikils fjár á Ísafirði og hægt sé að leggja fram tilskilið framlag samkv. lögunum um stofnlánasjóð sjávarútvegsins. Ber margt til þess. Ísfirðingar hafa lagt hart að sér til þess að fá til bæjarins 1 togara og 5 af hinum svokölluðu Svíþjóðarbátum. Þeir vildu líka og ætluðu að leggja fram allan þann hagnað, sem var von um, að þeir fengju af síldveiðum síðastliðið sumar, sem framlag til væntanlegs fiskiðjuvers, en nú brást sú von sem kunnugt er. En þörfin á fiskiðjuveri á Ísafirði er hins vegar svo aðkallandi, að enga bið þolir, að hafizt sé handa um að reisa það. Enda mun fiskiðjuver hvergi betur sett en þar, þar sem líkur eru til, að það gæti starfað allt árið, og ávallt haft glænýjan fisk til vinnslu. Því til sönnunar má getta þess, að Ísafjörður mun vera eini staðurinn á landinu, þar sem fisktökuskip fengu bátafisk allt árið um kring, undanfarin ár, meðan fiskurinn var fluttur þannig nýr til útlanda. Að reisa minna fiskiðjuver en hér er gert ráð fyrir væri óráð, þvert á móti er sjálfsagt að gera þegar í upphafi ráð fyrir, að stórlega þurfi að auka það í náinni framtíð.

Nd. 150. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

Flm.: Emil Jónsson, Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær þó ekki til lækna og tannsmiða, ef þeir sanna heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 34 23. júní 1932.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni tannsmiðafélagsins, og fylgir hér með rökstuðningur þess í bréfi því, er hér fer á eftir, merkt fylgiskjal I.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 15. nóv. 1946.

Herra ráðherra Emil Jónsson.

Hér með leyfir Tannsmiðafélag Íslands sér að fara þess á leit við yður, herra ráðherra, að þér hlutizt til um, að lögum nr. 7 frá 1929 og breyting á þeim lögum, nr. 34 frá 1932, verði breytt þannig:

4. gr. laganna orðist þannig:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gerfitennur og tanngarða í menn. Þetta nær þó ekki til lækna og tannsmiða, ef þeir sanna heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein.

Fáist slík breyting ekki samþykkt, leyfir félagið sér að fara þess á leit, að umrædd lagagrein verði orðuð þannig:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlæknaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein. Heimilt er og dómsmálaráðherra, með samþykki landlæknis, að veita mönnum, er lokið hafa tannsmíðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn, í samráði við héraðslækni í þeim héruðum, sem eru tannlæknalaus. Tannsmiðum, sem veitt hefur verið slíkt leyfi, er heimilt að starfa áfram, þótt tannlæknir setjist að í héraðinu.

Greinargerð.

Þeir tannsmiðir, sem lært hafa iðn sína til fullnustu, eru algerlega færir um að setja gervitennur í menn. Til þess þarf enga læknisaðgerð, og má því frekar segja, að hér sé um iðn að ræða, en ekki lækningar. Þess vegna hafa líka tannsmiðir fengið leyfi til að stunda þessa iðn í þeim læknishéruðum, þar sem enginn tannlæknir er. Á nokkrum stöðum á landinu starfa nú tannsmiðir samkvæmt fyrrnefndum lögum, þar sem ekki eru tannlæknar fyrir, en verða að hverfa burtu, ef tannlæknir sezt þar að. Það er oft tekjurýrt og erfitt fyrir tannsmiði að vinna sig upp á slíkum stöðum, sem eru svo í sveit settir, að tannlæknar telja ekki svara kostnaði að setjast þar að. Beinn kostnaður er líka töluverður að starfrækja tannsmíðastofu, auk stofnkostnaðar. Tannsmiðafélaginu finnst því ekki sanngjarnt, að meðlimur þess, sem hefur sett sig niður á slíkum stað og hefur unnið sér upp praksís, fái ekki að starfa þar áfram, þó að tannlæknir setjist þar að.

Að vísu getur máske tannsmiður, sem svo er ástatt fyrir, fengið að starfa í þjónustu tannlæknis, en það virðist vera lítið réttlæti í slíku, þar sem honum var trúað til þess af ríkisstjórn og landlækni að vinna sjálfstætt áður og leysa starf sitt þannig á viðunandi hátt.

Samkvæmt núverandi lagaákvæðum getur tannlæknir sett upp útibú í héraði, þar sem tannsmiður vinnur, og verður þá síðarnefndi að víkja. Er tannlæknum þar gert hægt um vik að flæma tannsmiði burtu, hvar svo sem er, hafi þeir sýnt sig duganda í sinni iðn og samkeppnisfærir við þá. Hlýtur slíkt ákvæði að skapa nokkurt öryggisleysi líka fyrir þá, sem þurfa að fá gervitennur, því tannlæknirinn gæti síðan flutzt burt af einhverjum ástæðum, og væri þá staðurinn tannlæknis- og tannsmiðalaus.

Tannsmiðafélagið væntir því þess, að þessi sanngjarna breyting fáist á lögunum, enda engin áhætta, þar sem ávallt þarf að biðja um stjórnarráðsleyfi. Hins vegar

mundi þessi breyting á lögunum hvetja tannsmiði til að setjast að í þeim héruðum, sem tannlæknislaus eru.

Virðingarfyllst.

F. h. Tannsmiðafélagsins

Ingibjörg S. Hallsdóttir. Helga Árdal. Nína Þórðardóttir.

Nd. 151. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. nóv. 1946.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm. Einar Olgeirsson.

Skúli Guðmundsson. Hallgrímur Benediktsson.

Ed. 152. Frumvarp til laga

um menntun kennara.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI
Um Kennaraskóla Íslands.

1. gr.

Kennaraskóli Íslands starfar í fjórum ársdeildum, eigi skemur en 8 mánuði á ári.

2. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. kennarastarf í barna- og unglingaskólum landsins;
2. uppeldisstörf félagslegs eðlis, svo sem við barna- og unglingaheimili, barnaleikvelli, fávitahæli, störf á vegum barnaverndarnefnda og annað þess konar;
3. framhaldsnám við Háskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, handíðakennaraskóla og húsmæðrakennaraskóla.

3. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót og ári eldri fyrir hverja aðra árdeild;
2. að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið eða gert hann sjálfan óhæfan til kennslustarfa;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

4. gr.

Rétt til inngöngu í fyrsta bekk veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með þeirri lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð. Þeim, sem búa sig ekki undir al-

mennt kennarapróf, heldur smábarnakennslu, kennslu í sérgreinum eða uppeldisstörf önnur en kennslu, veitir miðskólapróf verknámsdeildar einnig sama rétt með sams konar takmörkunum.

5. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, eitt Norðurlandamál, ensku, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði, heilsufræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristin fræði, uppeldisfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, skrift, teiknun, handavinnu, íþróttir og söng. Nánari ákvæði um nám og námsgreinar setur fræðslumálastjórn í reglugerð.

6. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok skólaárs, og er próf fjórða bekkjar almennt kennarapróf. Ljúka má námi í einstökum gagnfræðagreinum í öðrum eða þriðja bekk, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á kennaraprófsskírteini.

7. gr.

Þeim, er búa sig eingöngu undir kennslu við smábarnaskóla, í sérgreinum eða undir það að taka að sér uppeldisstörf önnur en kennslu, er eigi skylt að stunda nám í öllum þeim greinum, er að framan hafa verið taldar. Fer um nám þeirra og réttindi eftir reglugerð, er fræðslumálastjórn setur.

8. gr.

Með reglugerð, er fræðslumálastjórn setur, má ákveða, að stúdentspróf í almennum námsgreinum, svo sem íslenzku og íslenzkum fræðum, erlendum tungumálum, náttúrufræði, landafræði og sögu, hafi kennaraprófsgildi. Skulu þeir stúdentar, er þreyta kennarapróf, ekki prófskyldir í þeim námsgreinum, sem í reglugerðinni eru taldar. Einkunnir stúdentsprófsins í þessum greinum skulu færðar á kennaraprófsskírteini þeirra og reiknaðar í aðaleinkunn kennaraprófsins.

9. gr.

Með reglugerð, er fræðslumálastjórn setur, má ákveða, að kennarapróf í almennum námsgreinum, svo sem íslenzku og íslenzkum fræðum, erlendum tungumálum, náttúrufræði, landafræði og sögu skuli hafa stúdentsprófsgildi. Skulu þeir, sem stúdentspróf þreyta að loknu kennaraprófi, ekki prófskyldir í þeim námsgreinum, er reglugerðin greinir. Einkunnir kennaraprófsins í þessum greinum skulu færðar á stúdentsprófskírteini þeirra og reiknaðar í aðaleinkunn stúdentsprófsins.

10. gr.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum. Kennsluskylda skólastjóra skal ákveðin í erindisbréfi. Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild, auk skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara eftir þörfum í samráði við fræðslumálastjórn.

11. gr.

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, en fækka má kennslusundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og 17, er hann verður 60 ára. Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, ef þörf gerist, svo og vegna mikillar heimavinnu, eða taka tillit til slíkra aukastarfa, þegar ákveðin er lengd árlegs starfstíma kennara. — Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra. — Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.

II. KAFLI

Um kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands.

12. gr.

Við heimspekideild Háskóla Íslands skal koma á fót kennslustofnun í uppeldisvísindum, jafnskjótt og aðstaða er fengin til æfinga- og tilraunakennslu. Hlutverk þessarar stofnunar er að veita kennurum við barnaskóla og skóla gagnfræðastigsins, menntaskóla og sérskóla menntun í uppeldisfræði, sálarfræði og kennslufræði. Auk þess skulu kennarar í uppeldisvísindum annast rannsóknir og leiðbeiningar í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem samrýmist kennslustörfum þeirra.

13. gr.

Þeir nemendur, sem búa sig undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins, skulu stunda kennsluæfingar í þeim skólum, en þeir, sem búa sig undir að verða kennarar í menntaskóla eða sérskóla, skulu stunda kennsluæfingar í menntaskóla eða samsvarandi sérskóla. En að öðru leyti fara kennsluæfingar og annar hagnýtur starfsundirbúningur fram í æfinga- og tilraunaskóla. Háskólakennarar, sem þessa kennslu annast, og nemendur þeirra hafa aðgang að slíkum skóla til athugana og tilrauna.

14. gr.

Rétt til að stunda nám í uppeldisvísindum við stofnun þessa og taka þar próf hafa allir þeir, sem lokið hafa almennu kennaraprófi, svo og stúdentar.

15. gr.

Til að veita þessari stofnun forstöðu og annast þar kennslu skal skipaður einn prófessor. Um skipun hans, launakjör og stöðu fer eftir sömu reglum og um aðra prófessora háskólans. Prófessorinn í forspjallsvísindum og almennri heimspeki annast þar enn fremur kennslu, eftir því sem samrýmist störfum hans. Að öðru leyti skal kennsla falin aukakennurum, er heimspekideild ræður, og greiðist kostnaður úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum.

Um samstarf þessarar stofnunar og æfinga- og tilraunaskóla skal kveða á í reglugerð.

16. gr.

Barnakennurum, sem stunda nám í uppeldisvísindum í háskólanum, er skylt að leggja stund á eftirtaldar greinar:

a. líffræðilegar, almenna og hagnýta sálarfræði, sálarfræði barna og unglinga, heilbrigðra, geðveikladra, vangefinna og siðferðilega vangæfra;
b. vísindalega og hagnýta uppeldisfræði, sögu uppeldisfræðinnar, sögu uppeldisins, einkum hér á landi, og uppeldislega siðfræði og félagsfræði;
c. almenna kennslufræði og kennsluæfingar í einstökum greinum.

Þeir nemendur, sem búa sig undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins, menntaskóla eða sérskóla, skulu leggja stund á almenna sálarfræði barna og unglinga og kennslufræði, einkum í þeim greinum, sem þeir öðlast réttindi til að kenna.

Kennsla fer fram í fyrirlestrum, tilraunum og æfingum. Sérstaka áherzlu ber að leggja á sjálfstæða vinnu nemenda.

Að öðru leyti fer um nám og próf eftir reglugerð, sem sett er samkv. 2. gr. háskólalaganna, 23. júní 1936.

III. KAFLI
Um æfinga- og tilraunaskóla.

17. gr.

Stofna skal í Reykjavík skóla til kennsluæfinga og tilrauna.

18. gr.

Skólinn starfar sem æfingaskóli kennaraskólans. Skal hann hafa uppeldis- og kennslufræðilegar athuganir með höndum, einkum varðandi barnafræðslu og gagnfræðanám. Skal hann og hafa forgöngu um, að slíkar athuganir verði gerðar í öðrum skólum og unnið úr þeim. Þá getur fræðslumálastjórn falið skólanum að annast útgáfu leiðbeiningarrita fyrir kennara og aðra uppalendur, enn fremur samningu og útgáfu verkefna fyrir skólana, m. a. verkefna í landspróf.

19. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón skólans og setur honum reglugerð. Allur kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

20. gr.

Skólanum stjórnar skólastjóri og þriggja manna ráð, skipað skólastjóra kennaraskólans, prófessor við kennslustofnun í uppeldisvísindum og sérfræðingi í uppeldis- og fræðslumálum, er kennslumálaráðherra skipar til fjögurra ára að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, og sé hann formaður ráðsins. Ráðið annast venjuleg skólanefndarstörf við skólann og hefur auk þess á hendi yfirstjórn þeirra athugana, sem fram fara á vegum skólans, sér um, að sendar séu skýrslur um þær, og gerir ásamt skólastjóra tillögur til fræðslumálastjórnar um nýjungar í skólamálum, sem það telur rétt að taka upp samkvæmt niðurstöðum tilraunanna.

21. gr.

Skólaráð gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um veitingu skólastjórastöðunnar. Skólastjóri við skólann skal hafa lokið háskólanámi í uppeldis- og kennslufræðum og auk þess starfað með góðum árangri að skóla- eða uppeldismálum.

22. gr.

Skólaráð gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um val kennara, og hve margir kennarar skulu vera á hverjum tíma. Að jafnaði skal leitast við að fá hina færustu meðal starfandi kennara við aðra skóla til að kenna og gera tilraunir við skólann, enda fái þeir þá leyfi frá störfum við skóla sína, eftir því sem nauðsynlegt er talið.

23. gr.

Í skólanum skulu starfa að minnsta kosti eins margar deildir og skólaskylda nær til margra aldursára á hverjum tíma.

IV. KAFLI
Um Íþróttakennaraskóla Íslands.

24. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands starfar að Laugarvatni. Hann er eins árs skóli, og er skólaárið eigi skemmra en 9 mánuðir. Heimilt er enn fremur að halda námskeið í ýmsum íþróttum við skólann.

25. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. sérkennslu í íþróttum í barna- og gagnfræðaskólum, svo og öðrum skólum, sem reknir eru eða styrktir af almanna fé.
2. kennarastörf í íþróttum, einni grein þeirra eða fleiri, hjá félögum, stofnunum eða einstaklingum.

26. gr.

Aðalkennslugreinar skólans skulu vera: Íþróttir alls konar, líkams- og heilsufræði, íþróttasaga, íþróttakennslufræði og kennsluæfingar, svo og fræðsla um nauðsynleg áhöld og mannvirki til íþróttaiðkana. Um námsefni skal nánar ákveðið í reglugerð.

27. gr.

Inntökuskilyrði eru þessi:

1. að nemandi sé eigi yngri en 18 ára um næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til íþróttaiðkana;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði;
4. að nemandi hafi lokið miðskólaprófi eða hlotið hliðstæða menntun.

28. gr.

Til þess að öðlast íþróttakennararéttindi samkvæmt 1. tölulið 25. gr. skal nemandi hafa lokið prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands og almennu kennaraprófi.

Í reglugerð skal setja ákvæði um námsefni og prófkröfur fyrir þá nemendur, sem öðlast vilja takmörkuð réttindi til íþróttakennslu samkvæmt 2. tölulið 25. gr.

29. gr.

Við íþróttakennaraskólann skal starfa einn fastur kennari auk skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara í samráði við fræðslumálastjórn.

30. gr.

Þriggja manna skólanefnd hefur umsjón með skólanum. Í skólanefnd eiga sæti: Íþróttafulltrúi ríkisins og 2 menn, er fræðslumálastjórn skipar til fjögurra ára í senn. Skal annar þeirra vera skólastjóri Laugarvatnsskólans.

31. gr.

Í reglugerð skólans setur fræðslumálastjórn nánari ákvæði um verksvið skólastjóra og skólanefndar.

V. KAFLI

Um Handíðakennaraskóla Íslands.

32. gr.

Stofna skal skóla til að veita menntun þeim, sem vilja gerast sérkennarar í handíðum við barnaskóla, skóla gagnfræðastigsins og húsmæðraskóla. Skólinn nefnist Handíðakennaraskóli Íslands. Skólinn veitir sérmenntun í hvers konar handavinnu karla og kvenna og teiknun. Hann á að fræða nemendur um uppeldisgildi þessara námsgreina og gefa þeim kost á æfingum í að kenna þær.

33. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi sé eigi yngri en 19 ára um næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til handíðanáms;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði;
4. að nemandi hafi lokið almennu kennaraprófi eða hlotið hliðstæða menntun að dómi fræðslumálastjórnar.

34. gr.

Fastir nemendur skólans skulu njóta kennslu eigi skemur en 9 mánuði. Auk þess getur skólinn tekið við nemendum á skemmri námsskeið, annaðhvort til undirbúnings undir hið reglulega nám eða til viðbótarnáms á eftir því. Þá getur skólinn einnig haft námsskeið í einstökum greinum handíða.

35. gr.

Í reglugerð skal kveða nánar á um námsgreinar og námsefni. Þar skulu og settar reglur um viðbótarnám fyrir þá, sem vilja gerast sérkennarar í handíðum við skóla gagnfræðastigsins.

36. gr.

Við skólann skal starfa einn fastur kennari auk skólastjóra. Stundakennara ræður skólastjóri í samráði við fræðslumálastjórn. Launakjör skulu vera hin sömu og við Íþróttakennaraskóla Íslands.

37. gr.

Þangað til stofnaður er skóli sá, sem um ræðir í 32. gr., fer kennsla sú, sem honum er ætlað að inna af höndum, fram í kennaradeild Handíða- og myndlistarskólans í Reykjavík. Ríkissjóður kostar þá deild að öllu leyti, meðan svo stendur.

VI. KAFLI

Um húsmæðrakennaraskóla.

38. gr.

Húsmæðrakennaraskóli skal starfa í Reykjavík eða nágrenni hennar. Hann skal hafa aðstöðu til þess búreksturs, sem nauðsynlegur er vegna námsins.

39. gr.

Heimavist skal vera fyrir þá nemendur, sem búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla.

40. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. hússtjórnarkennslu í húsmæðraskólum og skólum gagnfræðastigsins;
2. ráðskonustörf við heimavistarskóla og aðrar opinberar stofnanir.

41. gr.

Námstími þeirra, er ætla að verða húsmæðraskólakennarar, skal vera 2 ár hið minnsta, en 1 ár fyrir þá nemendur, er búa sig undir hússtjórnarkennslu í skólum gagnfræðastigsins og ráðskonustörf.

Nánari ákvæði um námstíma skulu sett í reglugerð.

42. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi sé eigi yngri en 21 árs fyrir næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

43. gr.

Nemendur, sem búa sig undir kennslu við húsmæðraskóla eða gagnfræðaskóla, skulu áður hafa lokið almennu kennaraprófi eða hlotið hliðstæða menntun að dómi fræðslumálastjórnar. Enn fremur skulu þeir hafa stundað fjögurra mánaða nám í húsmæðraskóla og unnið að minnsta kosti 12 mánuði samtals að heimilisstörfum í kaupstað eða sveit.

Þeir nemendur, sem búa sig undir ráðskonustörf, skulu auk skyldunáms hafa lokið prófi í húsmæðraskóla og unnið 12 mánuði hið minnsta við eldhússtörf í matsöluhúsi, heimavistarskóla, sjúkrahúsi eða hliðstæðum stofnunum.

44. gr.

Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum:

Verklegar: Matreiðsla, ræsting og þvottur, garðrækt, hirðing húsdýra og búsafurða, meðferð ungbarna og kennsluæfingar.

Bóklegar: Manneldisfræði, efnis- og áhaldafræði og búreikningar.

Í reglugerð skal kveða nánar á um námsgreinar og námsefni. Þar skulu og settar reglur um próf og einkunnir.

45. gr.

Við skólann skal starfa einn fastakennari auk skólastjóra. Stundakennara ræður skólastjóri í samráði við fræðslumálastjórn.

46. gr.

Þriggja manna skólanefnd, kosin til fjögurra ára í senn, hefur umsjón með skólanum.

Skólanefnd skal þannig skipuð: Félag húsmæðrakennara tilnefnir einn, Kvenfélagasamband Íslands annan, en fræðslumálastjórn hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar.

47. gr.

Fræðslumálastjórn setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

48. gr.

Heimilt er að halda námsskeið fyrir kennara í aðalkennslugreinum skólans, enn fremur fyrir fóstrur samkvæmt ákvæðum reglugerðar.

VII. KAFLI

Um réttindi kennara o. fl.

49. gr.

Þá eina má skipa kennara eða skólastjóra við skóla þá, sem um getur í lögum þessum, sem hafa:

a. almenna kennaramenntun eða stúdentsmenntun að viðbættu háskólanámi í uppeldis- og kennslufræðum, er fræðslumálastjórn metur gilt;
b. lokið háskólaprófi í þeirri fræðigrein, sem ætlazt er til, að verði aðalkennslugrein hlutaðeigenda;
c. kennt tvö til þrjú ár og hlotið meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra.

Verknámskennarar, þar með taldir íþróttakennarar, þurfa þó ekki að fullnægja skilyrðum b-liðar, en verða að hafa sérmenntun í kennslugreinum sínum, er fræðslumálastjórn metur gilda.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa kennarastöðu, skal þá fræðslumálastjórn leitast við að fá hæfan mann, og má að tveimur árum liðnum gera hann að föstum kennara, enda komi meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra til.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, sem skipa fastar stöður við skóla þá, er hér um ræðir, er lög þessi koma til framkvæmda.

50. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í tíu ár við þá skóla, er í lögum þessum greinir, og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjórn beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum árs orlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof oftar en einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna né torveldi þau.

51. gr.

Sá, sem lokið hefur almennu kennaraprófi, hefur rétt til að kenna við barna- og unglingaskóla.

52. gr.

Próf frá þeim stofnunum, sem veita kennurum framhaldsmenntun og taldar eru í II., IV. og V. kafla þessara laga, veitir þeim, sem því hafa lokið, rétt til starfs sem sérkennurum við barnaskóla. En það telst sérkennarastaða, ef hálfur starfstími kennarans eða meira er í sérgrein hans eða sérgreinum, og skal sérmenntaður kennari hafa forgöngurétt til slíkrar stöðu umfram kennara með almennu kennaraprófi.

53. gr.

Nú eru kenndar í barnaskólum fleiri sérgreinar en sérmenntun er hægt að fá í við stofnanir þær, sem um ræðir í 52. gr., og fer um réttindi sérkennara í þeim samkvæmt ákvörðun fræðslumálastjórnar í hvert sinn, nema sérstök lög verði um það sett. Þó skal þess gætt, svo sem tök eru á, að kröfur um almenna og sérstaka menntun þessara kennara séu eigi minni en gert er ráð fyrir í lögum þessum.

54. gr.

Um réttindi almennra kennara og sérkennara við skóla gagnfræðastigsins fer eftir samsvarandi reglum og við barnaskóla. Þó skulu gerðar til þeirra meiri menntunarkröfur, eftir því sem fært er á hverjum tíma.

55. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón þeirra skóla, er um getur í lögum þessum. Kostnaður við rekstur þeirra greiðist úr ríkissjóði.

56. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 50 1943, um Kennaraskóla Íslands, lög nr. 12 1942, um Íþróttakennaraskóla Íslands, svo og önnur ákvæði, er koma í bág við þau.

Ed. # 153. Frumvarp til laga

um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI

1. gr.

Félag, er nefnist Íslenzk endurtrygging, skal hafa á hendi starfsemi þá, sem lög þessi kveða á um.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk félagsins er:

1. Að annast endurtryggingu fyrir íslenzk vátryggingarfélög, einkum á sviði sjótrygginga, en heimilt er því að taka að sér endurtryggingar á hvaða sviði vátrygginga sem er.
2. Að annast stríðsslysatryggingar íslenzkra skipshafna samkvæmt lögum, er um þær gilda á hverjum tíma, svo og stríðsslysatryggingar og aðrar skyldar slysatryggingar íslenzkra skipshafna samkvæmt samningum, að því leyti sem félagsstjórn ákveður.
3. Að taka að sér endurtryggingar fyrir erlend vátryggingarfélög, eftir því sem stjórn félagsins telur hentugt.

Skylt er að kaupa hjá félaginu stríðsslysatryggingar samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar.

Heimilt er félaginu að taka sams konar tryggingar á erlendum skipum í íslenzkri þjónustu.

3. gr.

Áhættufé félagsins er:

A. Framlagt áhættufé.			
1. Af ríkissjóði		kr. 1850000.00	
2. Af eftirtöldum tryggingafélögum:			
Tryggingastofnun ríkisins ...	kr. 136000.00		
Brunabótafélagi Íslands	— 136000.00		
Sjóvátryggingarfél. Íslands h/f	— 136000.00		
		— 408000.00	
3. Af útgerðarmönnum		— 2706000.00	
			kr. 4964000.00
4. Af öðrum tryggingafélögum, sbr. 5. gr.			
B. Áhættufjárábyrgðir.			
1. Ábyrgð ríkissjóðs		kr. 856000.00	
2. Ábyrgðir tryggingafélaganna þriggja:			
Tryggingastofnunar ríkisins ..	kr. 60000.00		
Brunabótafélags Íslands	— 60000.00		
Sjóvátryggingarfél. Íslands h/f	— 60000.00		
		— 180000.00	
			— 1036000.00
			Samtals kr. 6000000.00

4. gr.

Sjóðir félagsins eru:

I. Varasjóður.
II. Arðjöfnunarsjóður.
III. Almennur endurtryggingasjóður.
IV. Bónussjóður. Hann er séreignarsjóður.

5. gr.

Nú semur innlent vátryggingarfélag, sem ekki á áhættufé í félaginu, svo um að tryggja hjá félaginu minnst 1/10 hluta af þeim endurtryggingum sínum, sem samrýmast endurtryggingarstarfsemi félagsins, eða greiða félaginu minnst 100 þús. kr. í iðgjöld árlega, og getur stjórn Endurtryggingarinnar þá samið þannig við slíkt félag, að það leggi fram allt að 100 þús. krónur í áhættufé, er þá nýtur sömu réttinda og ber sömu skyldur og eldra áhættufé, sbr. þó 11. gr.

6. gr.

Fé það, ábyrgðir og sjóðir, er um ræðir í 3. og 4. gr., er til tryggingar skuldbindingum félagsins, þannig að fyrst er varasjóður (4. gr. I), næst arðjöfnunarsjóður (4. gr. II), þá áhættufé (3. gr. A. og B. hlutfallslega), þá hinn almenni endurtryggingasjóður (4. gr. III) og loks bónussjóður (4. gr. IV).

7. gr.

Engir þeirra, sem taka þátt í félaginu, ábyrgjast skuldbindingar þess umfram áhættufé, sbr. 3. gr., sjóði, sbr. 4. gr., og tekjuafgang, sem er í vörzlu félagsins á hverjum tíma.

8. gr.

Sérhverjum eiganda áhættufjárins, sbr. 3. gr., ber að afhenda skírteini, er greinir:

1. Nafn eiganda og heimilisfang.
2. Upphæð eignar.
3. Númer skírteinis.

Um skírteinin gilda reglur þær, er hér greinir, og sé þeirra getið á skírteininu:

1. Eigandi er háður lögum, sem um félagið eru sett á hverjum tíma.
2. Skírteinið veitir atkvæðisrétt við kosningar í stjórn félagsins, sbr. 8. gr., samkvæmt reglum, er félagsstjórn setur um þá kosningu, en ekki annan rétt til afskipta af málum þess.
3. Féð er óuppsegjanlegt.
4. Skírteinið verður ekki framselt né veðsett eða látið af hendi á annan hátt, nema félagsstjórn samþykki, og á hún fyrir félagsins hönd innlausnarrétt á því fyrir matsverð dómkvaddra manna.
5. Skírteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum síma, þó aldrei yfir 6%, sbr. þó 3. lið 10. gr.
6. Skírteinum fylgir skattfrelsi samkvæmt 11. gr.

9. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara.

Ríkisstjórnin tilnefnir tvo aðalmenn og tvo til vara. Úr hópi þessara manna tilnefnir hún formann og varaformann félagsstjórnarinnar.

Tryggingarfélög þau, sem áhættufé eiga í félaginu, tilnefna einn aðalmann og einn til vara. Verði þau ekki sammála, tilnefnir ríkisstjórnin mennina úr hópi þeirra, sem tryggingarfélögin hafa stungið upp á.

Eigendur skírteina þeirra, sem um ræðir í 8. gr., tilnefna tvo aðalmenn og tvo til vara. Farist tilnefning af þeirra hálfu fyrir, tilnefnir ríkisstjórnin mennina.

Varamenn taka sæti í forföllum þeirra aðalmanna, sem tilnefndir eru af sama aðila, og í þeirri röð, sem tilnefning eða kosning segir til um.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, sbr. þó 1. mgr., og ákveður starfstilhögun félagsins. Ráðherra ákveður laun hennar.

Stjórnin er tilnefnd til þriggja ára í senn.

10. gr.

Tekjuafgangi félagsins skal ráðstafað þannig:

1. Í varasjóð skal fyrst leggja allt að 10%.
2. Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 6%.
3. Heimilt er stjórn félagsins að mynda arðjöfnunarsjóð og leggja í hann allt að 4% af innborguðu áhættufé á ári hverju. Sjóður þessi má þó aldrei nema meiru en 25% af innborguðu áhættufé.

   Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunarsjóði, getur stjórn félagsins ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að meðalársarður verði 6%.
4. Sá hluti tekjuafgangs, sem eftir er, skal lagður í hinn almenna endurtryggingasjóð, að því leyti sem stjórn félagsins telur eigi þörf á að yfirfæra hann til næsta árs.

11. gr.

Allt framlagt áhættufé félagsins, hvaðan sem það er runnið, og skírteinin, sem um það verða gefin, eru undanþegin öllum sköttum og gjöldum til ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga, öðrum en eignarskatti til ríkis, en útborgaður arður, í hverri mynd sem er, er skattskyldur samkvæmt almennum skattalögum á hverjum tíma. Þetta ákvæði gildir þó ekki um fé, sem greitt er inn samkvæmt ákvæðum 5. gr., nema viðkomandi aðilar hafi skattfrelsi samkvæmt öðrum lögum.

Á sama hátt er fé í bónussjóði undanþegið öllum sköttum, meðan það er eigi af hendi greitt.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki skatthlunnindum, er einstakir þátttakendur í félaginu kunna að njóta að lögum.

12. gr.

Stjórn félagsins sér um ávöxtun á fé þess.

Að svo miklu leyti sem féð þarf ekki að vera handbært, skal jafnan ávaxta upphæð, er nemi jafnmiklu og innborgað áhættufé, í ríkistryggðum verðbréfum eða öðrum verðbréfum, sem skráð eru á opinberu gengi, þó ekki hlutabréfum. Einnig má ávaxta þetta fé að einum fimmta hluta í fasteignum félagsins sjálfs.

Að öðru leyti er félagsstjórn heimilt að ávaxta féð á þann hátt, er hún telur öruggt, svo sem með því að veita lán gegn veði í fasteignum og lán gegn ábyrgð ríkisins eða bæjar- og sýslufélaga.

13. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, öðrum tilnefndum af aðalendurskoðanda ríkisins, hinum af skírteiniseigendum þeim, er kosningarétt hafa á tveim mönnum í félagsstjórn samkv. 8. gr.

14. gr.

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða bæjarfélaga.

Skírteini þess og önnur skjöl, er það gefur út, eru ekki stimpilskyld.

II. KAFLI
Um stríðstryggingar.

15. gr.

Til ársloka 1947 er skylt að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenzkum skipum og bátum. Tryggingarskyldan hvílir á útgerðarmanni skipsins, og má ekki færa iðgjöldin þeim, sem tryggðir eru, til útgjalda. Gildir það jafnt, þótt skipverji taki aflahlut í stað kaups.

16. gr.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess til þess spyrjist, hversu týnzt hefur.

17. gr.

Lögboðin trygging skipshafna samkvæmt lögum þessum fær gildi, þótt farizt hafi fyrir að tryggja.

Nú eru samningar gerðir milli stéttarfélaga útgerðarmanna og stéttarfélaga sjómanna um viðtækari tryggingar í sambandi við stríðsslysaáhættu en ákveðið er í lögum þessum, og skulu aðilar þá tilkynna það félaginu í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti. Gengur tryggingin þá þegar í gildi, sbr. 23. gr. Séu slíkir samningar gerðir milli annarra en fyrrgreindra stéttarfélaga, fær hin viðtækari trygging ekki gildi fyrr en félagið gefur út iðgjaldakvittun eða tryggingarskírteini.

18. gr.

Ákveða skal með reglugerð hámark þeirra dánartrygginga, sem félagið má taka að sér í eigin áhættu á hverju skipi í einni og sömu ferð.

Ef sú upphæð nægir ekki til lögboðinnar eða umsaminnar tryggingar á skipshöfninni, skal félagið þó taka það, sem á vantar, enda sé endurtrygging fáanleg hjá öruggu vátryggingafélagi, að dómi félagsstjórnar.

Sé slík endurtrygging ekki fáanleg, eða ef hún ferst fyrir vegna vanrækslu þess, sem tryggingarskyldan hvílir á samkv. 15. gr., ábyrgist ríkissjóður, gegn iðgjaldi, er ráðherra ákveður eftir tillögum félagsstjórnar, þann hluta hinnar lögboðnu tryggingar, sem umfram er eigin áhættu félagsins.

19. gr.

Útgerðarmanni ber hverju sinni að tilkynna félaginu eða umboðsmanni þess, fyrir hvaða upphæð hann þarf að tryggja skipshöfn sína, og veita aðrar þær upplýsingar, er þýðingu hafa fyrir áhættuna.

Nú rennur trygging út, og skal hún þá endurnýjuð óbreytt á kostnað útgerðarmanns, ef hann hefur ekki tilkynnt félaginu í tæka tíð, að henni skuli breytt eða hún falla niður. Útgerðarmaður ber ábyrgð á því, að vátryggingaupphæðir séu nægilega háar.

Ef vanrækt hefur verið að tryggja þá, sem tryggja ber, á félagið engu að síður kröfu á iðgjaldi fyrir áhættuhluta sinn, samkvæmt almennum reglum sínum.

Útgerðarmönnum ber að bæta félaginu, eða eftir atvikum ríkissjóði, allt tjón, er hlýzt af röngum eða villandi upplýsingum þeirra eða annarri vanrækslu á tryggingum, er þeim ber að sjá um.

20. gr.

Iðgjöld ákveður stjórn félagsins fyrir ákveðna ferð eða ákveðinn tíma, í samræmi við áhættuna, þegar trygging hefst eða er endurnýjuð, og með hliðsjón af

því, hvað sams konar tryggingar kosta erlendis. Iðgjöldin hafa lögtaksrétt og hvíla sem lögveð á skipinu eða vátryggingarbótum þess.

21. gr.

Fyrir hvern tryggðan skipverja greiða útgerðarmenn fiskiskipa 5 rúmlesta (brúttó) og stærri kr. 1.50 í iðgjald á viku, en útgerðarmenn smærri báta kr. 0.75 á viku. Hrökkvi iðgjald þetta eigi fyrir áhættunni, skal því fé, sem greiða ber í endurtryggingasjóð og bónussjóð af rekstri ársins 1946, varið til að mæta áhættunni, að öðru leyti greiðir ríkissjóður það, sem þá vantar á til að mæta áhættunni.

Hlunninda samkv. þessari grein njóta aðeins skip innan við 100 rúmlestir brúttó, enda hafi þau ekki siglt til útlanda á almanaksárinu.

22. gr.

Skráningarstjórar skipshafna skulu senda félaginu afrit af skráningu skipshafna á tryggingarskyld skip.

Þeir skulu og annast innheimtu iðgjalda og umboðsmennsku, eftir því sem félagsstjórn ákveður, gegn þóknun, er um semst við hana.

Verði ágreiningur, sker ráðherra úr.

III. KAFLI

Um stríðsslysabætur.

23. gr.

Bætur fyrir stríðsslys skal greiða samkvæmt eftirfarandi reglum:

I. a. Valdi slysið meiðslum, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag, frá því að slysið vildi til, í allt að 52 vikur samtals.

b. Valdi slysið varanlegri örorku, skal greiða kr. 22000 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%.

c. Valdi slysið dauða, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

	Ekkja (ekkill) kr.	Börn innan 16 ára kr.	Foreldrar kr.	Samtals kr.
Ekkja (ekkill)	12000	„	„	12000
— með 1 barn	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri	12000	9000	„	21000
— og foreldri(ar)	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn	12000	5000	4000	21000
— foreldri og 2 börn eða fleiri	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri	12000	5000	4000	21000
1 barn	„	12000	„	12000
2 börn	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar)	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar)	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar)	„	„	12000	12000

II. Auk þeirra trygginga, sem ræðir um í b- og c-lið hér að framan, er skylt að tryggja alla skipverja á skipum 300 smálestir (brúttó) og stærri, öðrum en togurum, fyrir jafnháum upphæðum og þar segir. Skulu upphæðirnar greiddar til tryggða sjálfs eða þeirra vandamanna hans, sem bæturnar eiga að hljóta, nema

þeir óski heldur, að félagsstjórnin verji þeim til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingarfélögum. Skerðir slíkur lífeyrir eigi önnur eftirlaun, er hlutaðeigendur kunna að eiga rétt á. Fyrir tryggingarbætur, sem samkv. þessari grein falla til barna innan 16 ára aldurs, er félagsstjórninni heimilt að kaupa barnalífeyri þeim til handa hjá viðurkenndum tryggingarfélögum, enda komi til samþykki forráðamanna barnanna.

Heimilt skal félagsstjórninni að semja við vátryggingarfélög þau, sem selt hafa lífeyri samkvæmt lögum um stríðsslysabætur, að innleysa skírteini handhöfum að skaðlausu, enda komi samþykki þeirra eða forráðamanna þeirra til.

24. gr.

Börn hljóta því aðeins bætur, að þau hafi verið á framfæri hins látna. Fósturbörn hafa sama rétt til bóta og börn. Þau börn hins látna, sem eru eldri en 16 ára og hafa verið á framfæri hans sökum varanlegrar örorku (eigi minni en 50% örorku), hafa sama rétt til bóta og börn yngri en 16 ára. Systkini hins látna, sem voru algerlega á framfæri hans sökum bernsku eða örorku (50%), þegar slysið vildi til, hafa sama rétt til bóta og börn, en bætur til þeirra skerða þó ekki bótarétt barna eftir reglum fyrstu málsgreinar, staflið c, 23. gr.

25. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

26. gr.

Eigi hinn tryggði eða bú hans skaðabótarétt gegn þriðja aðila út af atviki því, er olli greiðsluskyldu félagsins, öðlast félagið þann bótarétt, er það greiðir bæturnar, að því leyti er með þarf, til þess að það verði skaðlaust.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

27. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum allt að kr. 100000.00, og skal farið með mál út af brotum á þeim sem almenn lögreglumál.

28. gr.

Nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess, réttindi og skyldur þátttakenda í félaginu, hinna tryggðu og hinna tryggingarskyldu, skulu sett með reglugerð, er stjórn félagsins semur, en ráðherra staðfestir.

Í reglugerðina má setja ákvæði um, að brot gegn henni varði refsingu, allt að kr. 100000.00 sekt.

Þar til ný reglugerð hefur verið staðfest, gilda ákvæði reglugerðar nr. 61 6. maí 1944, eftir því sem við á.

29. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 106 30. des. 1943, um stríðsslysatryggingu íslenzkra skipshafna, en Íslenzk endurtrygging tekur við öllum réttindum og skyldum þess.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó taka ákvæði 21. gr. ekki gildi fyrr en 1. jan. 1947.

Nd. 154. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Á eftir A. II. 1. í 1. gr. l. nr. 30 1943 kemur nýr liður:
Reykjadalsá hjá Vilmundarstöðum.

Nd. 155. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Ólöglegar fiskveiðar eða fiskverkun á íslenzkum höfnum á landi eða í landhelgi varða sektum, 10 þús. til 20 þús. krónum.

Ef fleiri eru útlendir sjómenn á íslenzku fiskiskipi en lög þessi heimila, varðar það sektum frá 500—5000 krónum. Brot gegn 4. gr. laganna varða sektum 500—2500 krónum.

Brot gegn 5. og 10. gr. laganna varða sektum 1000 til 10000 krónum.

Að öðru leyti varða ólöglegar fiskveiðar í landhelgi, aðrar en botnvörpuveiðar, 10 þús. til 20 þús. króna sektum. Auk þess skulu upptæk öll veiðarfæri og afli, sem í skipinu er, svo og umbúðir, ef um síld er að ræða, sem söltuð er í tunnur. Skal andvirðið renna í ríkissjóð.

Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum má leggja hald á viðkomandi skip, ef með þarf, og selja að undangenginni aðför.

Mál eftir lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á seinasta reglulegu Alþingi, og varð þá ekki útrætt, og fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

„Eins og frv. þetta ber með sér, er þar lagt til, að sektarákvæði laganna verði hækkuð allverulega frá því, sem nú er. Er hér svo stillt til, að hæstu sektir verði jafnháar og ákveðið er í lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi. Má eigi skemmra ganga um sektarákvæðin, eins og nú komið, en gert er í þessu frv. Væri án efa einnig ástæða til að breyta nú nokkuð sektarákvæðunum í lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, og er það einnig til athugunar.

Gera má ráð fyrir, að mikill grúi erlendra veiðiskipa verði á fiskimiðunum hér við land á næstu árum, bæði við þorskveiðar og síldveiðar. Eigi þarf heldur að efa, að margir hinna erlendu fiskimanna muni hafa í frammi ágengni um veiðar í landhelgi. Höfum við í því efni dæmin fyrir okkur. Veitir okkur í þeirri viðureign ekki af að brynja okkur sem bezt má verða til varnar gegn því, að landhelgin verði fótaskinn þessara manna og annarra, er þar stofna til lögbrota. Einn þáttur í því er, að

sektirnar séu það háar, að þeir, sem lögbrotin fremja, stefni einnig með þeim fjárhag þeirra, er þar eiga hlut að máli, í nokkra tvísýnu. Er slíkt aðhald í alla staði réttmætt og nauðsynlegt.“

Nd. 156. Frumvarp til laga

um héraðsskjalasöfn.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sýslunefnd og bæjarstjórn er heimilt að koma á fót í sýslunni eða kaupstaðnum héraðsskjalasafni, er varðveiti á sem tryggilegastan hátt skjöl og handrit og aðrar ritaðar heimildir, sem snerta sérstaklega hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélag og ekki ber að afhenda þjóðskjalasafninu, sbr. þá 3. gr., svo sem skjalleg gögn félaga og stofnana, er styrks njóta af opinberu fé. Með reglugerð, sem sett verður samkv. 5. gr., má ákveða, að þessum aðilum sé skylt að láta slík skjöl af hendi við héraðsskjalasafn. Í héraðsskjalasafni skal einnig varðveita kirkju- og manntalsbækur þær úr hlutaðeigandi kirkjusóknum, sem ritaðar eru samkv. l. nr. 3 1945.

Heimilt er sýslunefndum og kaupstöðum að koma á fót sameiginlegu héraðsskjalasafni fyrir fleiri en eina sýslu eða kaupstað þar, sem það þykir betur henta og samkomulag næst um það, og er safnið þá sameign þessara aðila.

2. gr.

Þjóðskjalavörður hefur yfirumsjón með héraðsskjalasöfnum, sem sett eru á stofn samkv. lögum þessum, enda skal geymslustaður þeirra háður samþykki hans. Nú telur þjóðskjalavörður, að héraðsskjalasafni sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur hann þá að fengnu samþykki menntamálaráðherra látið flytja safnið á þjóðskjalasafnið á kostnað þeirra aðila, er að safninu stóðu.

3. gr.

Nú hefur héraðsskjalasafni verið komið á fót samkv. 1. gr. og það fullnægir skilyrðum 2. gr. um húsnæði, enda telur þjóðskjalavörður að öðru leyti vel borgið stjórn safnsins og vörzlu skjalanna, og á þá safnstjórnin rétt á að fá til varðveizlu á safninu eftirtalin skjalasöfn úr þeim sýslum og kaupstöðum, sem ákveðið er, að héraðsskjalasafnið nái til:

1. Skjalasöfn hreppstjóra.
2. — sýslunefnda og bæjarstjórna.
3. — hreppsnefnda.
4. — undirskattanefnda og yfirskattanefnda.
5. — sáttanefnda.

Enn fremur skjalasöfn þeirra annarra nefnda, sem annars er skylt að geyma á þjóðskjalasafninu, ef starfssvið þeirra nær ekki út fyrir þau sýslu- eða bæjarfélög, sem eru sameigendur héraðsskjalasafnsins á hverjum stað.

4. gr.

Héraðsskjalasöfn njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal afhendingu skjala til héraðsskjalasafna, varðveizlu þeirra og afnot, og má ákveða í reglugerð viðurlög fyrir brot á fyrirmælum hennar, en slík brot skulu sæta meðferð opinberra mála.

Nd. 157. Nefndarálit

um frv. til l. um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og sent það þjóðminjaverði til umsagnar. Mælti hann mjög eindregið með samþykkt þess. Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna, þar á meðal um tölu þeirra byggðasafna, er styrks njóta samkvæmt þeim.

Alþingi, 27. nóv. 1946.

Sigfús Sigurhjartarson, form. Gunnar Thoroddsen, fundaskr. Sigurður Bjarnason, frsm.
Barði Guðmundsson. Páll Þorsteinsson.

Nd. 158. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
2. mgr. 9. gr. laganna hljóði svo:
Lög þessi falla úr gildi 1. febrúar 1947.

Nd. 159. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
2. mgr. 9. gr. laganna hljóði svo:
Lög þessi falla úr gildi 20. des. 1946.

Ed. 160. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 6. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Gjald þetta skal greitt við afhending leyfanna.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna hljóði svo:
Lög þessi falla úr gildi 1. febrúar 1947.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 161. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1947.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 28. nóv. 1946.

Jóhann Jósefsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.
Ásmundur Sigurðsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. 162. Frumvarp til laga

um vernd barna og ungmenna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

I. KAFLI
Inngangur.

1. gr.

Vernd barna og ungmenna tekur yfir:

1. Almennt eftirlit með aðbúð og uppeldi á heimili.
2. Eftirlit með hegðun og háttsemi utan heimilis.
3. Ráðstöfun í vist, í fóstur, til kjörforeldra eða á sérstakar uppeldisstofnanir.
4. Eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnahælum, dagheimilum, leikskólum, sumardvalarheimilum, fávitahælum fyrir börn og ungmenni o. s. frv.
5. Eftirlit með börnum og ungmennum, líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín. Koma hér einkum til greina börn og ungmenni, blind, málhölt, fötluð, fávita og á annan hátt vangefin, svo og börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum.
6. Vinnuvernd.
7. Eftirlit með skemmtunum.

2. gr.

Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum þessum: barnaverndarnefndir og barnaverndarráð.

3. gr.

Barnaverndarnefndarmenn og barnaverndarráðsmenn, fulltrúar þessara aðila og annað starfslið á vegum þeirra eru opinberir starfsmenn og hljóta þá vernd, sem slíkum mönnum er tryggð, og bera skyldur samkv. því. Ber þeim að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, alla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því, sem þeir verða vísir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu.

II. KAFLI
Um barnaverndarnefndir.

4. gr.

Barnaverndarnefnd skal vera í hverjum kaupstað landsins. Utan kaupstaða vinnur skólanefnd störf barnaverndarnefndar og hefur að því leyti réttindi hennar

og skyldur. Þó getur hreppsnefnd eða barnaverndarráð ákveðið, að sérstök barnaverndarnefnd skuli kosin.

5. gr.

Barnaverndarnefnd (skólanefnd) hefur eftirlit með uppeldi og hegðun barna og ungmenna til 16 ára aldurs, svo og eldri ungmenna, ef þau eru líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, og þá allt að 18 ára aldri.

6. gr.

Bæjarstjórn í kaupstað kýs barnaverndarnefnd, í Reykjavík 7 manna, í öðrum kaupstöðum 5 manna. Ef kjósa skal barnaverndarnefnd utan kaupstaða (sbr. 4. gr.), skal hún skipuð 3 mönnum og valin af hreppsnefnd. Skulu nefndarmenn vera kunnir að grandvarleik og bera sem bezt skyn á mál þau, sem barnaverndarnefnd fjallar um. Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í bæjarstjórn. Kjósa skal með sama hætti varamenn í barnaverndarnefnd.

7. gr.

Kjörtími barnaverndarnefndar er hinn sami og bæjarstjórnar. Fyrsta kosning samkv. lögum þessum gildir þó einungis, þangað til bæjarstjórnarkosningar fara næst fram.

8. gr.

Það er borgaraskylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta skorazt undan kosningu þeir, er átt hafa sæti í nefnd allt síðasta kjörtímabil. Maður eldri en 60 ára getur skorazt undan kosningu fyrir fullt og allt.

Bæjarstjórn (bæjarráð) ákveður þóknun nefndarmanna, enda greiðist kostnaður af nefndarstörfum úr bæjarsjóði.

9. gr.

Barnaverndarnefndarmenn skipta með sér störfum og kjósa formann, varaformann og ritara. Ritari heldur nákvæma fundarbók um störf nefndar og sendir barnaverndarráði skýrslu um þau fyrir miðjan febrúar ár hvert.

10. gr.

Í Reykjavík skal bæjarráð að fengnum tillögum barnaverndarnefndar ráða fulltrúa, er annast skal dagleg störf barnaverndarnefndar í umboði hennar. Skal hann vera kunnáttumaður um uppeldismál.

Barnaverndarnefnd ræður annað starfsfólk að fengnum tillögum fulltrúa og að fenginni heimild bæjarráðs.

Barnaverndarnefnd utan Reykjavíkur er heimilt með samþykki bæjarstjórnar eða hreppsnefndar að ráða sér fulltrúa og annað starfsfólk.

11. gr.

Um störf og starfsháttu fer að öðru leyti eftir IV. kafla þessara laga.

III. KAFLI

Um barnaverndarráð.

12. gr.

Ráðherra skipar barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það skipað 3 mönnum og eiga heima í Reykjavík. Einn skal skipaður skv. tillögu Prestafélags Íslands, annar samkv. tillögu Sambands íslenzkra barnakennara, en hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins, en að öðru leyti skiptir ráðið með sér störfum. Á sama hátt skulu skipaðir jafnmargir varamenn. Ritari heldur fundarbók um störf ráðsins. Barnaverndarráðsmaður má ekki veita forstöðu barnahæli né vera í stjórn þess.

Ráðherra ákveður þóknun barnaverndarráðsmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði af ráðinu úr ríkissjóði.

Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs fer eftir V. kafla þessara laga.

IV. KAFLI

Um störf og starfsháttu barnaverndarnefndar.

13. gr.

Barnaverndarnefnd er ályktunarfær, þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund, enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Ef svipta á forráðamenn barns umráðarétti yfir því, þurfa hið fæsta 2 nefndarmenn í 3 manna nefnd, 4 í 5 manna nefnd og 5 í 7 manna nefnd að gjalda ráðstöfuninni jákvæði.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarnefndarmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

14. gr.

Ef bráðan bug þarf að vinda að ráðstöfun, sem ber undir barnaverndarnefnd, getur formaður — eða fulltrúi í umboði hans — framkvæmt hana, en leggja skal málið til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd svo fljótt sem kostur er.

15. gr.

Ef lögfræðingur á ekki sæti í barnaverndarnefnd, er héraðsdómara skylt að veita henni lögfræðilega aðstoð, eftir því sem samrýmist embættisstörfum hans.

16. gr.

Barnaverndarnefnd eða þeim barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa nefndarinnar, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, er heimilt að fara á heimili og hæli til rannsóknar á högum barns og ungmennis, taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar, er um kann að bera. Svo getur hún og krafizt vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar máli.

17. gr.

Barnaverndarnefndir skulu veita hver annarri atbeina til skýringar málum og í framkvæmd hvers konar barnaverndarráðstafana.

18. gr.

Ef opinber starfsmaður verður í starfa sínum var við misfellur á uppeldi og aðbúð barna og ungmenna, er honum skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er kennurum, prestum, læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarkonum og þeim, sem fara með framfærslumál, skylt að fylgjast eftir föngum með hegðun og uppeldi barna og ungmenna og hafa náið samstarf við barnaverndarnefnd.

Um tilkynningarskyldu annarra manna fer svo sem segir í 46. gr.

19. gr.

Skylt er löggæzlumanni að aðstoða barnaverndarnefndir og gera þeim viðvart, ef hann verður þess vís, að ábótavant sé framferði, uppeldi eða aðbúð barns eða ungmennis.

Ef brot eru framin, sem börn innan 16 ára eru viðriðin, ber lögæzlumanni og dómara þegar í stað að tilkynna það barnaverndarnefnd og veita henni þess kost að fylgjast með rannsókn máls og láta nefndarmenn, fulltrúa eða annan starfsmann vera viðstaddan yfirheyrslu. Getur dómari krafizt þessa, ef honum þykir þörf.

20. gr.

Jafnan skal leita, ef þess er kostur, umsagnar foreldra eða forráðamanna barns eða ungmennis, áður en framkvæmdar eru meiri háttar ráðstafanir, svo sem taka barns af heimili.

21. gr.

Barnaverndarnefnd skal kosta kapps um að fylgjast sem bezt með framferði, uppeldi og aðbúð barna og ungmenna í umdæmi sínu og hafa stöðugt samband við aðra þá aðila, sem stöðu sinnar vegna öðlast vitneskju um þessi efni.

22. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að heimilishögum, uppeldisháttum, framferði foreldra, forráðamanna eða annarra heimilismanna, aðbúnaði eða hegðun barns sé ábótavant, og skal hún þá láta málið til sín taka á þann hátt, er bezt þykir við eiga, eftir því sem á stendur.

23. gr.

Ef barn verður munaðarlaust, skal barnaverndarnefnd aðstoða þá, er láta sig hag þess varða, eða hreppsnefnd eða framfærslunefnd við að koma því í fóstur á gott heimili, enda er óheimilt að vista slík börn á öðrum heimilum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, samþykkir.

24. gr.

Ef fjárhagur foreldra barns eða forráðamanna er svo bágborinn, að það nýtur ekki sómasamlegrar aðbúðar og uppeldis, skal barnaverndarnefnd hlutast til um, að ráðin verði bót á því. Ef barn líður skort vegna örbirgðar, skal barnaverndarnefnd þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til bráðabirgða, og greiðist kostnaður úr bæjar-(sveitar-)sjóði.

Ekki má taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanna.

25. gr.

Nú stafar heilsu barns eða ungmennis hætta af sjúkdómi, er aðrir heimilismenn hafa tekið, eða það er sjúkt og fær ekki viðunandi hjúkrun og læknishjálp, og skal þá barnaverndarnefnd í samráði við heimilislækni gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til verndar heilsu barns eða ungmennis.

26. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að uppeldi barns eða ungmennis, aðbúnaði eða atlæti er ábótavant vegna hirðuleysis foreldra eða forráðamanna, vankunnáttu þeirra, andlegra eða siðferðislegra annmarka, líkamlegs eða andlegs heilsuleysis, drykkjuskapar, eiturlyfjanautnar, lauslætis eða annars siðleysis, refsiverðs athæfis o. s. frv., og skal þá barnaverndarnefnd gera viðeigandi ráðstafanir. Kemur þá m. a. til greina að leiðbeina foreldrum og forráðamönnum og áminna þá, skipa heimili eftirlitsmann, eiga hlut að því, að sjúklingi eða annmarkamanni verið komið brott af heimili, eða taka barn af heimili, ef það þykir bezt henta, og má þá fela öðrum foreldravaldið. Ef ungmenni yfir 16 ára á í hlut, skal barnaverndarnefnd fara eftir ákvæðum 31. gr., eftir því sem við á.

Það er borgarakvöð að taka skipun sem eftirlitsmaður heimilis samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

27. gr.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni eða ungmenni háski búinn af háttsemi eða framferði heimamanns, svo sem vegna ofdrykkju eða annars ósæmilegs athæfis, en því gæti annars liðið vel á heimilinu, er henni skylt, ef umvandanir og aðrar ráðstafanir koma ekki að haldi, að kæra málið fyrir valdsmanni þeim, er í hlut

á. Er honum þá skylt að gera ráðstöfun, sem tryggi hag barnsins eða ungmennisins að þessu leyti, og í því skyni jafnvel heimilt að víkja manni brott af heimili um stundarsakir eða til frambúðar, ef hann bætir ekki ráð sitt, sbr. 47. gr.

28. gr.

Ef barnaverndarnefnd verður þess vís, að hegðun barns sé ábótavant, svo sem vegna ódælsku og óknytta, slæpingsháttar, flækings, betls, vanrækslu á námi, drykkjuskapar eða annarrar óreglu, lauslætis eða lögbrota, skal barnaverndarnefnd hefjast handa um viðeigandi aðgerðir. Skal hún þá ráðgast um við foreldri eða forráðamenn, áminna barnið og reyna eftir föngum að leiða það á rétta braut. Ef barn er í skóla eða við nám, skal barnaverndarnefnd ráðgast við kennara eða meistara um betrun á hegðun þess, en við dómara, ef um lögbrot er að tefla. Ef nauðsyn þykir bera til, skal barnaverndarnefnd taka barn brott af heimili og fá því góðan samastað á heimili til umsjár eða í vist á hæli eða uppeldisstofnun, enda sé höfð hliðsjón af annmörkum þess, sbr. 26. gr., og skulu þeim, sem við því taka, veittar leiðbeiningar um, hvernig með það skuli fara. Sá, sem tekur við slíku barni, skal ekki láta það frá sér fara án vitundar barnaverndarnefndar á staðnum, né þeirrar, er barninu hefur ráðstafað.

Þegar annmarkabarn eða ungmenni, sbr. 31. gr., er vistað á heimili, skal þess gætt, að á heimilinu séu ekki önnur börn eða ungmenni, sem ætla má, að stafi hætta af sambúð við það.

Jafnframt ákvæðum þessarar greinar skulu haldast ákvæði refsilaga um ráðstöfun vegna lögbrota barna yngri en 15 ára.

Nú verður barn 16 ára á heimili, hæli eða uppeldisstofnun, þar sem barnaverndarnefnd hefur komið því fyrir, og skal þá sú ákvörðun barnaverndarnefndar haldast, þar til hún ákveður annað. Rétt er aðila, þegar hann er orðinn 16 ára, eða lögráðamanni hans að bera málið á ný undir barnaverndarnefnd og barnaverndarráð.

29. gr.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni eða ungmenni til dvalar í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar, skal hún tilkynna það þeirri barnaverndarnefnd, sem þá ber að fylgjast með högum þess. Jafnframt ber þeirri nefnd skylda til að sjá um, að barnið eða ungmennið skipti ekki um dvalarstað nema með leyfi þeirrar barnaverndarnefndar, er barninu hefur ráðstafað.

30. gr.

Þegar barni er ráðstafað brott af heimili, sbr. 26. og 28. gr., skal leggja áherzlu á, að því sé séð fyrir lögskipaðri fræðslu eða fræðslu við sitt hæfi, ef annmarkabarn á í hlut. Nú er barn fullra 15 ára, og skal þá barnaverndarnefnd leitast við að ráðstafa því til þess starfs eða náms, er bezt svarar til hæfis þess og því má að gagni koma. Kostnaður af þessu greiðist hlutfallslega af ríkissjóði og sveitarsjóðum samkv. fræðslulögum, séu foreldrar eða framfærendur ekki aflögufærir.

31. gr.

Ef ungmenni eldra en 16 ára er haldið annmörkum þeim, er í 28. gr. getur, skal barnaverndarnefnd reyna að bæta hegðun og framferði þess með leiðbeiningum og áminningum, viðræðum við venzlafólk, húsbændur, kennara, meistara o. s. frv.

Ef ungmenni lætur skipast við áminningar barnaverndarnefndar og fellst á, að því sé komið í vist eða til náms, er barnaverndarnefnd skylt að veita atbeina sinn til þess, enda ráðstafi dómari eða ráðherra ekki á annan veg ungmenni, sem framið hefur lögbrot og eldra er en 15 ára. Jafnframt skulu gilda áfram ákvæði 30. gr. laga nr. 19 1940.

Nú hefur ungmenni lokið vist, sem því hefur verið fengin samkvæmt ákvæðum þessara laga, og skal þá barnaverndarnefnd sú, sem í hlut á, veita því atbeina sinn til þess að komast í vist, í atvinnu eða til náms við þess hæfi.

32. gr.

Áður en ættleiðingarleyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar barnaverndarnefndar.

33. gr.

Rétt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með högum þeirra vegna umkomuleysis eða annmarka. Skylt er nefndinni að hafa eftirlit með slíkum börnum, svo og þeim börnum, sem ekki njóta umsjónar nema annars foreldris eða hvorugs, og má hún setja slíkum börnum eftirlitsmann, sem sé trúnaðarmaður hennar.

34. gr.

Ef barnaverndarnefnd kemst að raun um, að þeir, sem hafa á vegum sínum fósturbarn eða tökubarn, vanræki uppeldi þess, atlæti eða aðbúnað, þá er henni auk annarra ráðstafana, er lög leyfa, heimilt að leggja bann við, að þeir taki vandalaus börn framvegis.

35. gr.

Áður en ráðherra veitir heimild til stofnunar eða rekstrar barnahælis eða annarrar uppeldisstofnunar, skal hann leita umsagnar barnaverndarráðs. Ekki má fela forstöðu slíks hælis eða stofnunar öðrum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, telur þar til hæfa, eða barnaverndarráð, ef hæli er ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum hvaðanæva af landinu.

Barnaverndarnefnd ber að hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Skal hún jafnan fylgjast með, hvað verður um börn, sem tekin eru af slíkum hælum, og samþykkja þá staði, sem þau fara til, ef ekki er um að ræða heimili beggja foreldra. Skal hún gæta þess vandlega, að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur hæli eða stofnanir en þær, sem hlotið hafa löggildingu lögum samkvæmt.

Ef meðferð barns á barnahæli eða uppeldisstofnun er óhæfileg eða rekstri slíks hælis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skal barnaverndarnefnd með leiðbeiningum og áminningum leitast við að bæta úr því, sem áfátt er. En komi það ekki að haldi, skal hún leggja málið fyrir barnaverndarráð. Ef barnaverndarráð fær eigi úr bætt, getur það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt hæli eða stofnun rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar. Bera má mál þessi undir dómstóla, en ekki frestar það framkvæmd úrskurðar barnaverndarráðs eða ráðherra.

36. gr.

Áður en ráðstafað er samkvæmt lögum þessum barni eða ungmenni, sem er líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, sbr. 5. tölul. 1. gr., skal barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð, ef unnt er, láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til, hvernig með skuli fara.

Ríkisstjórn skal í þessu skyni setja á stofn og reka athugunarstöð eða stöðvar að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Þar, sem athugunarstöð er sett, skal leita umsagnar viðkomandi barnaverndarnefndar um stað, stærð og fyrirkomulag. Á athugunarstöð skulu barnaverndarnefndir hvaðanæva af landinu eiga kost á að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum, og önnur börn, sem skyndilegfa þarf að ráðstafa um stuttan tíma, unz athugun þeirra er lokið og þeim ráðstafað til frambúðar.

Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu þessarar stöðvar í samráði við barnaverndarráð.

37. gr.

Ríkisstjórninni er skylt að setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu hæli þessi vera a. m. k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum. Ráðherra setur reglur um vist barna og ungmenna á hælum þessum, fræðslu, uppeldi og aga þar.

Um greiðslur fyrir börn og ungmenni á hælum þessum og öðrum hælum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 35 gr. getur, fer skv. lögum nr. 78 1936. Þegar leitað er samninga um vist á slíkum hælum, skal það gert í samráði við barnaverndarráð.

38. gr.

Rétt er barnaverndarnefnd að leita í samráði við oddvita eða framfærslunefnd samninga um meðlag með barni eða ungmenni, sem ráðstafað er samkvæmt lögum þessum gegn meðlagi. Ágreiningi má skjóta til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar (bæjarráðs), er skal tafarlaust leggja úrskurð á málið. Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar til æðra stjórnvalds.

Þá er barni eða ungmenni er ráðstafað svo sem nú var sagt, skal framfæranda skylt, eftir því sem hann er megnugur, að bera kostnað af því. Nú telur framfærandi sér kostnað um megn, og skal þá valdsmaður sá, sem í hlut á, kveða upp úrskurð um meðlagsskyldu, er hann hefur rannsakað efni og ástæður aðila. Má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Að öðru greiðist kostnaður úr sveitarsjóði, sbr. þó 37. gr. þessara laga.

39. gr.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum. Ekki má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðju, enda hafi það lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burtfararprófi. Sama gildir um ráðningu barns til vinnu á skipi. Til iðnaðarnáms má ekki ráða barn yngra en 16 ára. Rétt er ráðherra að setja reglugerðir, er taki yfir landið í heild, ef við á, en annars einstök umdæmi, þar sem nánar er kveðið á um aldur barna til vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld, vinnutíma, aðbúð, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum og við tiltekin störf starfsgreinar.

Rétt er, að ákvæði reglugerða um vinnuvernd barna og ungmenna taki m. a. yfir: vernd sendisveina í starfa, þar á meðal útbúnað flutningatækja þeirra; takmörkun á blaðasölu barna og ungmenna og annarri verzlunarstarfsemi þeirra; starfa barna og ungmenna í veitingahúsum og opinberum skemmtistöðum og þátttöku þeirra í opinberri skemmtistarfsemi.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar, svo og brot gegn ákvæðum reglugerða, er settar eru samkvæmt henni, varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má svipta mann réttindum samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

40. gr.

Barnaverndarnefnd skal vinna gegn áfengisneyzlu barna og ungmenna og aðstoða í því efni áfengisvarnarnefnd í umdæmi sínu.

41. gr.

Barnaverndarnefnd er skylt að hafa í umdæmi sínu eftirlit með kvikmyndasýningum, leiksýningum og öðrum opinberum sýningum. Er þeim, sem veita slíkum sýningum forstöðu, skylt að veita barnaverndarnefnd kost á því að kynna sér efni sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur sýningu skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að börn innan ákveðins aldurs

fái aðgang að henni. Skulu þá forstöðumenn sýningar geta þess á sinn kostnað í auglýsingum um hana.

Í Reykjavík — og víðar, ef þörf gerist, — er ráðherra heimilt að skipa eftirlitsmann kvikmynda og annan til vara að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Annast hann skoðun allra kvikmynda, sem þar eru sýndar, og úrskurðar um þær með sama hætti og áður segir um barnaverndarnefnd. Úrskurð sinn stimplar eftirlitsmaður á seðil, er fylgir hverri mynd, og gildir úrskurðurinn um þá mynd, hvar sem er á landinu. Kvikmyndahús greiðir eftirlitsmanni eða varaeftirlitsmanni (barnaverndarnefndarmanni, sbr. 1. mgr.) þóknun þá, er ráðherra ákveður fyrir hverja mynd.

Ef forstöðumaður brýtur gegn reglum, sem honum eru settar samkv. ákvæðum greinar þessarar, varðar það sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

42. gr.

Rétt er að setja með reglugerð ákvæði til verndar börnum og ungmennum gegn siðspillandi áhrifum, vondum fordæmum og freistingum.

Rétt er að takmarka í reglugerð útivistir barna og ungmenna á kvöldum og nóttum, ferðir út í skip og banna þeim aðgang að opinberum knattborðsstofum og öðrum skemmtistöðum, sem eru ekki við barna og ungmenna hæfi.

Í reglugerð má leggja bann við starfa kvenna innan 18 ára á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin.

Rétt er að takmarka í reglugerð heimild manna til að fela börnum og ungmennum fjárhæðir í vörzlu eða til umráða og hafa tiltekin verzlunarviðskipti við börn.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar, sem sett er samkv. grein þessari, varðar sömu viðurlögum og brot gegn ákvæðum 39. gr.

43. gr.

Ef maður viðhefur í návist barns eða ungmennis ósiðlegt, ruddalegt eða ósæmilegt orðbragð eða athæfi, ertir það eða dregur dár að því eða særir það á ósæmilegan hátt eða beitir það refsingum, ógnunum eða hótunum og slíkt orðbragð eða athafnir má telja því skaðsamlegar andlega eða líkamlega, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

44. gr.

Ef maður leiðir barn eða ungmenni allt að 18 ára á hættulega siðferðislega glapstigu, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef maður verður áskynja um brot samkvæmt 1. mgr. og lætur ógert að afstýra því, ef honum er það fært, eða gera hlutaðeigandi löggæzlumanni eða barnaverndarnefnd viðvart.

45. gr.

Ef foreldrar, forráðamenn, forstöðumaður eða starfsmaður barnahælis eða uppeldisstofnunar, kennari, meistari eða aðrir, sem forsjá barna og ungmennis allt að 18 ára er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin, þá varðar það refsingu samkv. 191 gr. laga nr. 19 1940. Þegar maður er dæmdur til refsingar eftir grein þessari, má beita hann ákvæðum 64., 65. og 68. gr. sömu laga.

46. gr.

Hver, sem verður þess vís, að foreldrar, forráðamenn, kennari, meistari eða aðrir þeir, sem forsjá barns eða ungmennis er falin, leiða það á siðferðislega

glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin, skal skyldur að tilkynna það barnaverndarnefnd, þar sem barnið er.

Vanræksla í þessu efni varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum. Refsimál skal því aðeins höfða, að barnaverndarnefnd sú, er hlut á að að máli, eða barnaverndarráð krefjist þess.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik, sem telja má, að barnaverndarnefnd eigi að láta sig skipta.

47. gr.

Það varðar mann sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum, ef hann heimsækir gegn forboði barnaverndarnefndar, barnaverndarráðs eða dómara barn eða ungmenni, sem ráðstafað hefur verið samkvæmt lögum þessum eða almennum hegningarlögum. Hver, sem á brott nemur barn eða ungmenni, er ráðstafað hefur verið samkvæmt lögum þessum, tælir það til brotthlaups, leynir því eða aðstoðar það við að strjúka, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Sömu refsingar varðar það mann, ef hann óhlýðnast úrskurði valdsmanns að víkja brott af heimili samkv. 27. gr. eða sækir á heimili, eftir að honum hefur verið vikið þaðan. Beita má hér ákvæðum 64. og 65. gr. laga nr. 19 1940.

Hver, sem annars tálmar rannsókn eða framkvæmd, sem fram á að fara samkvæmt lögum þessum, gefur ranga eða villandi skýrslu þeim, sem slíka rannsókn eða framkvæmd á að annast, eða hlýðir ekki því, sem lagt er fyrir hann samkvæmt heimild í lögum, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra.

V. KAFLI

Um störf og starfshættu barnaverndarráðs.

48. gr.

Barnaverndarráð er ályktunarfært, ef allir ráðsmenn sitja fund og tveir þeirra fylgjast að máli.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarráðsmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

49. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs er að hafa yfirumsjón starfa allra barnaverndarnefnda á landinu. Skal það veita barnaverndarnefndum hvers konar leiðbeiningar um starfa þeirra, skilning á lagaákvæðum, er þær varða, o. s. frv.

50. gr.

Nú verður barnaverndarráð þess víst, að barnaverndarnefnd rækir ekki störf þau, sem henni eru falin í lögum, og skal barnaverndarráð þá krefja hana skýrslna og halda henni til að rækja skyldu sína.

51. gr.

Ef barnaverndarráði þykir ástæða til, getur það tekið mál í umdæmi barnaverndarnefndar til meðferðar, hvort sem hún hefur áður um fjallað eða ekki. Fer um tilhögun þeirrar rannsóknar, eftir því sem við á, á sama hátt sem um starfa barnaverndarnefnda.

52. gr.

Barnaverndarráð heimtir ársskýrslur frá barnaverndarnefndum og gefur út útdrátt úr þeim ásamt skýrslu um störf sín ekki sjaldnar en annað hvert ár. Ráð-

herra getur að fengnum tillögum barnaverndarráðs beitt dagsektum, 5—20 kr. á dag, ef barnaverndarnefnd vanrækir að standa skil á fyrirskipuðum skýrslum.

53. gr.

Barnaverndarráð hefur yfirumsjón allra barnahæla og uppeldisstofnana á landinu og beint eftirlit með hælum þeim og uppeldisstofnunum, sem ætluð eru til viðtöku börnum og unglingum hvaðanæva af landinu. Skal það fela einum ráðsmanna eða sérstökum fulltrúa að vitja til eftirlits hvers hælis eða stofnunar svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Er forráðamanni þeirrar stofnunar, er í hlut á, skylt að greiða fyrir eftirliti og veita eftislitsmanni færi á að rannsaka börn og ungmenni, sem þar eru vistuð, húsakynni þeirra, þrif, heilsufar, eldi, aðbúnað og þroska, veita honum aðgang að skýrslum, bókum og reikningum stofnunarinnar o. s. frv.

Tálmanir gegn framkvæmd eftirlits varða refsingu að lögum, sbr. 3. gr. og 47. gr., 3. mgr.

54. gr.

Aðili, er ráðstöfun barnaverndarnefndar varðar hagsmuni hans, getur borið málið undir barnaverndarráð, og er því skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar. Slík áfrýjun frestar ekki framkvæmd ráðstöfunar barnaverndarnefndar.

VI. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

55. gr.

Mál samkvæmt 44., 45. og 46. gr. þessara laga skulu rekin að hætti opinberra mála.

56. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi numin lög nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd, lög nr. 76 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, lög nr. 62 4. júlí 1942, um eftirlit með ungmennum o. fl., og önnur þau lög, er fara í bág við þessi lög.

Greinargerð.

Frumvarpið er upphaflega samið af stjórnskipaðri nefnd. Í henni áttu sæti þeir Gissur Bergsteinsson hæstaréttardómari, dr. Símon Jóh. Ágústsson uppeldisfræðingur og Vilmundur Jónsson landlæknir.

Í athugasemdum nefndarinnar við frumvarpið segir m. a.:

„Áður en lög nr. 43 frá 1932 voru sett, voru engin heildarlög um barnavernd hér á landi, en í ýmsum lögum voru ákvæði, sem vörðuðu forráð yfir börnum og meðferð þeirra, sbr. tilskipun 3. júní 1746, um húsagann á Íslandi, lög nr. 46 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, lög nr. 57 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, lög nr. 39 1921, um stofnun og slit hjúskapar, sem kveða á um rétt barna, er foreldrar slíta hjúskap. Þá má geta laga nr. 39 1907, um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga, en lög þessi hafa nú verið afnumin með lögum nr. 19 1940, sem hafa samsvarandi ákvæði. Enn má greina fátækralög, nr. 43 1927, sem geymdu ýmis barnaverndarákvæði, en nú eru í þeirra stað komin framfærslulög, nr. 52 1940. Í lögum um iðnaðarnám, nr. 11 1927, nú nr. 100 1938, hjúalögum, nr. 22 1928, sjómannalögum, nr. 41 1930, og lögum um verzlunarnám, nr. 45 1909, eru ákvæði til verndar börnum og ungmennum í vist og starfi. Þá eru í lögreglusamþykktum ýmis ákvæði, sem varða sérstaklega eftirlit með börnum og ungmennum.

Með lögum nr. 76 1933 voru gerðir nokkrir viðaukar og breytingar á áðurnefndum lögum um barnavernd, nr. 43 1932. Loks var með bráðabirgðalögum nr.

122 1941 kveðið sérstaklega á um eftirlit með ungmennum allt að 20 ára aldri og settur á stofn sérstakur ungmennadómur til að dæma mál út af lögbrotum og öðru misferli ungmenna. Bráðabirgðalög þessi voru staðfest með lögum nr. 62 1942, þó þannig, að ungmennadómur dæmdi einungis mál þeirra, sem brotlegir urðu fyrir 18. ára aldur.

Barnaverndarnefndir hafa nú starfað hér á landi í tíu ár. Á þessu tímabili hafa bæir vaxið ört vegna innflutnings manna þangað úr sveitum landsins. Jafnframt hafa lögbrot barna og ungmenna og annað misferli þeirra aukizt, enda hafa ýmis uppeldismistök, t. d. eftirlitsleysi, miklu alvarlegri afleiðingar fyrir siðferði barna í þéttbýli en í dreifbýli. Við þetta bætist svo siðferðishætta sú, sem börnum og ungmennum, einkum telpum, stafar nú sem stendur af fjölmennu erlendu setuliði í Reykjavík og víða annars staðar. Af þessum ástæðum hafa störf barnaverndarnefnda aukizt mjög í öllum kaupstöðum landsins, og hafa þær látið ýmis uppeldismál til sín taka, eins og ráða má t. d. af því, að ekki hafa færri en 13 sveitarfélög sett og fengið staðfestar reglugerðir um barnavernd. Þessi sveitarfélög eru: Reykjavík, Hafnarfjörður, Akranes, Borgarnes, Hvammstangi, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvík, Akureyri, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Vestmannaeyjar. Vafalaust hafa þessar aðgerðir komið að nokkru gagni.

Starf barnaverndarnefndar Reykjavíkur er, sem vænta má, langumsvifamest. Vaxa verkefni hennar sífellt og verða æ fjölþættari vegna breyttra þjóðfélagshátta og uppeldisskilyrða, sem hér verða ekki nánar rakin. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur tekur árlega til meðferðar fjölda mála, sem varða börn og ungmenni, sakir lögbrota þeirra og annars misferlis, margvíslegrar vanrækslu og ágalla á uppeldi þeirra í heimahúsum, óhollra áhrifa utan heimilis og freistinga, sem leiða þau á siðferðislega glapstigu. Nefndin hefur nú skrifstofu, sem er opin daglega, og leita menn þangað með málefni sín. Hjúkrunarkona, sem nefndin hefur í þjónustu sinni, hefur eftirlit með uppeldi og aðbúð barna og lætur heimilum í té margs konar hjálp og aðstoð. Sérfróður maður annast rannsókn á börnum og ungmennum og veitir foreldrum leiðbeiningar um uppeldi þeirra og meðferð. Nýlega var komið á fót eftirliti með hegðun barna og ungmenna, sem sérstakt lögreglulið annast. Er eftirlitsstarf þetta í nánum tengslum við barnaverndarnefnd Reykjavíkur og hefur bækistöð í sama húsi og hún. Jafnframt réð barnaverndarnefnd Reykjavíkur fulltrúa til að annast dagleg störf nefndarinnar í umboði hennar. Af þessum staðreyndum má ráða, hve starf til verndar börnum og ungmennum í Reykjavík hefur aukizt mjög hin síðustu ár. Má gera ráð fyrir, að eftir ófriðinn verði verkefnin þó enn meiri, einkum að því er tekur til pilta. Verður þeim sérstök hætta búin, ef atvinnuleysi steðjar að eftir þá fjárveltu, sem nú er.

Með því að skorta hefur þótt á, eins og áður er að vikið, að lög nr. 43 1932, um barnavernd, væru nógu rækileg, og ástæða þótti auk þess til að samræma þau ákvæðum laga nr. 62 1942, um eftirlit með ungmennum o. fl., hefur ríkisstjórnin hlutazt til um, að lagafrumvarp þetta væri samið. Hefur þetta frumvarp margs konar ákvæði að geyma, sem ekki eru í eldri lögum. Við samningu þess hefur verið stuðzt við reynslu þá, sem fengizt hefur við framkvæmd barnaverndar undanfarinn áratug, og að nokkru við erlend lög, og loks hafa höfundar frumvarpsins leitazt við að setja sér fyrir sjónir ýmis tilvik, sem fyrir kunna að koma og helzt krefjast úrlausnar við framkvæmd þessarar löggjafar.

Við lestur þessa frumvarps verða menn einkum að hafa í huga það, sem hér segir: Samkvæmt 14. gr. laga nr. 19 1940 skal manni eigi refsað fyrir verknað, sem hann hefur framið áður en hann varð 15 ára. Gagnvart yngri mönnum verður að beita uppeldisráðstöfunum, svo sem nánar greinir í frumvarpinu og 267. gr. laga nr. 19 1940, og gagnvart ungmennum 15—18 ára getur einnig komið til álita að beita sams konar aðgerðum í stað refsingar. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 60 1917 verður maður sjálfráða 16 ára. Ræður hann því verustað sínum og er ekki lengur háður valdi foreldra sinna eða forráðamanna um annað en fé sitt. Rétt hefur því

þótt að svipta ekki sjálfráða mann frjálsræði sínu nema með dómsathöfn, sbr. þó 30. gr. laga nr. 19 1940. ....“

Um einstakar greinar frumvarpsins segja höfundar þess m. a.:

„Um 3. gr. Rétt þykir að taka fram, að starfsmenn þeir, sem greinin getur um, séu opinberir starfsmenn. ....

Um 5. gr. Hér skal á það minnt, að barnaverndarnefnd hefur ekki ráðstöfunarrétt á ungmenni eldra en 16 ára, þó að andlega miður sín sé, nema það hafi verið svipt sjálfræði. En vald hefur hún til að fara á heimili, athuga slíkt ungmenni og fylgjast með líðan þess og aðbúð. Gera má og ráð fyrir, að aðstoð barnaverndarnefndar til líknar og umönnunar fávitum og öðrum ungmennum andlega miður sín verði almennt vel þegin af aðilum. Í þessu sambandi þykir ástæða til að benda á, að ákvæði laga nr. 60 1917 um sviptingu sjálfræðis og fjárræðis eru mjög ófullkomin. Þannig vantar í lögin ákvæði um, hverjir eigi að hefjast handa um sviptingu sjálfræðis manns og hvaða meðferð mál skuli hlíta í héraði. Auk þess eiga ákvæði laganna ekki alls kostar við, þegar fávitar, geðveikir menn, ofdrykkjumenn og eiturlyfjaneytendur eiga í hlut. ....

Um 39. gr. (nú 37. gr.). .... Ætlazt er til, að um greiðslur fyrir vist barna og ungmenna á þessum hælum og öðrum hælum fari samkvæmt lögum nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Fyrir úrskurðuð styrkhæf börn og ungmenni yrðu þá greiddir úr ríkissjóði ⅘ hlutar vistgjaldsins, en ⅕ hluta ber aðila sjálfum að greiða, nema hann biði við það tilfinnanlegt tjón á efnahag sínum, en þá greiðist þessi hluti úr sjóði framfærslusveitar hans.

Um 40. gr. (nú 38. gr.). Oft munu börn og ungmenni, sem ráðstafað er samkvæmt barnaverndarlögum, vera á einhvern hátt miður sín, og má því gera ráð fyrir, að meðalmeðlag nægi oft ekki þeim til framfærslu. Eru því ákvæði 14. gr. laga nr. 43 1932 starfi barnaverndarnefnda til trafala. Tilætlunin með 40. gr. frumvarpsins er að tryggja samvinnu barnaverndarnefndar og hreppsnefndar (framfærslunefndar) um vistun barna og ungmenna og ákvörðun meðlags með þeim.

Um 41. gr. (nú 39. gr.). Grein þessi fjallar um vinnuvernd barna og ungmenna. Erfitt þótti að setja almenn lagaákvæði um þessi efni, með því að staðhættir og vinnuhættir eru að mörgu leyti ólíkir hér á landi. ....

Um 47. gr. (nú 42. gr.). Athygli skal vakin á því, að þegar hafa verið sett í ýmsar lögreglusamþykktir ákvæði, sem miða að sama marki og ákvæði tveggja fyrstu málsgreina þessarar greinar. En rétt þótti engu að síður að minna á þessi ákvæði hér til gleggra yfirlits.

Um 48.—50. gr. (nú 43.—45. gr.). Refsiákvæði greina þessara eru sett til aukinnar verndar barna og ungmenna, einkum siðferði þeirra, og er ætlazt til, að þeim sé beitt auk ákvæða 11. og 12. kafla laga nr. 19 1940.

Um 51. gr. (nú 46. gr.). Börn á ungum aldri eru ekki þess umkomin að leita réttur síns vegna misferlis, sem þau verða fyrir, og börn og ungmenni eru annars oft svo háð þeim, sem veita eiga þeim forsjá, að þau geta ekki borið sig upp undan meðferð þeirri, er þau sæta. Þykir því rétt að leggja kæruskyldu á þriðja mann.

Um 52. gr. (nú 47. gr.). Reynslan hefur sýnt, að þörf er á ákvæðum þessarar greinar.

Um 56. gr. (nú 51. gr.). Rétt þykir að taka það fram til glöggvunar, þótt segja megi, að það leiði af eðli málsins, að barnaverndarráð geti tekið mál upp, ef barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, gerir því ekki skil. ....“

Frumvarp þetta er nú flutt í fjórða sinn. Fyrst var það flutt í ársbyrjun 1943 af þáverandi ríkisstjórn. Var því vísað til allshn. Nd., sem tók það til mjög ýtarlegrar athugunar, aflaði um það umsagna fróðustu manna og flutti við það ýmsar breytingartillögur, sem allar voru samþykktar. Svo breytt gekk málið til Ed., en dagaði þar uppi.

Á haustþinginu 1943 tók heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. málið til athugunar og umræðna og ræddi það m. a. við dómendur ungmennadóms, barna-

verndarráð og barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sem síðan sendu nefndinni ýmsar breytingartillögur við frumvarpið, er allar voru teknar til greina.

Að þessu sinni dagaði frumvarpið uppi í deildinni, en á reglulegu Alþingi 1944 flutti heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. það að nýju, eins og deildin hafði áður gengið frá því, að öðru leyti en því, að úr frv. voru felld ákvæðin um ungmennadóm, enda var hann raunverulega lagður niður og hefur ekki starfað síðan haustið 1943. Gekk frumvarpið nú í gegnum deildina með smávægilegum breytingum, en í Ed. var frumvarpinu vísað frá með rökstuddri dagskrá, þar sem tekið var fram, að deildin vænti þess, að ríkisstjórnin undirbúi fyrir næsta þing frumvarp til laga um vernd barna og ungmenna og hafi í því efni m. a. samráð við fræðslumálastjóra og milliþinganefnd í skólamálum.

Þá var frumvarpið enn flutt á reglulegu Alþingi 1945 af heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd., en náði ekki fram að ganga.

Í október s. l. var frumvarpið sent barnaverndarnefnd Reykjavíkur til athugunar, og gerði nefndin við það nokkrar breytingartillögur, sem flestar hafa verið teknar til greina og felldar inn í frumvarpið.

Á 28., 29., 33. og 35. gr. hafa verið gerðar nokkrar lagfæringar, sem miða að auknu eftirliti barnaverndarnefndar með börnum og ungmennum og aukinni tilkynningarskyldu þeirra hverri gagnvart annarri.

30. gr. hefur verið breytt þannig, að námskostnaður barna, sem ráðstafað hefur hefur verið brott af heimili, greiðist hlutfallslega af ríkissjóði og sveitarsjóðum samkv. fræðslulögum, enda séu foreldrar ekki aflögufærir, í stað þess að áður var lagt til, að hlutaðeigandi hreppsnefnd eða framfærslunefnd greiddi allan kostnaðinn.

Í 36. gr. 2. mgr. er ríkið nú skyldað til að setja á stofn athugunarstöð eða stöðvar fyrir börn og ungmenni, sem eru andlega eða siðferðilega miður sín. Er gert ráð fyrir, að stöð þessi taki við börnum hvaðanæva af landinu. Kemur þetta í stað ákvæðis um, að Reykjavík sjái barnaverndarnefnd bæjarins fyrir slíkri stöð.

Á 37. gr. hefur verið gerð sú breyting, að ríkisstjórnin er nú beinlínis skylduð til að koma á stofn hæli því, sem í gr. segir, en áður var aðeins lagt til, að stjórnin hefði heimild til þess að koma slíku hæli á fót.

Þá hafa enn fremur verið felld niður úr frumvarpinu nokkur ákvæði varðandi heilbrigðiseftirlit og almennar leiðbeiningar og fræðslustarfsemi barnaverndarnefnda.

Það er orðið mjög aðkallandi að fá ýtarlegri löggjöf um þessi mál en nú er til, enda ýmsir gallar á gildandi lögum, sem ekki er lengur hægt að búa við, svo sem það, að barnaverndarráð var um skeið raunverulega óstarfhæft vegna þess, að í því voru engir varamenn. Í þessu frumvarpi felast margvíslegar umbætur á eldri lögum, er þessi mál snerta og reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegar eru, til þess að barnaverndarráð og barnaverndarnefndir geti leyst hin þýðingarmiklu störf sín sem bezt af hendi.

Sþ. 163. Tillaga til þingsályktunar

um verbúðir.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að komið verði upp fyrir næstu vetrarvertíð verbúðum ásamt skýlum til beitingar og fisksöltunar í helztu verstöðvum við Faxaflóa og þeim fiskisælu verstöðvum annars staðar á landinu, sem brýn þörf er slíkra bygginga. Ef þörf krefur, skal ríkisstjórninni heimilt að koma slíkum byggingum upp fyrir fé ríkissjóðs.

Greinargerð.

Það hefur þegar komið áþreifanlega í ljós, að mjög skortir á, að séð hafi verið fyrir nægu og viðhlítandi húsrými handa skipshöfnum vélbátaflotans í helztu veiðistöðvum hér við Faxaflóa og öðrum fiskisælum verstöðvum annars staðar á landinu. Sama máli gegnir um húsakost á þessum stöðum til beitingar og verkunar aflans. Þetta ástand útilokar, að hægt sé að nota til hlítar hinn nýja bátaflota til þorskveiða á næstu vetrarvertíð í ýmsum helztu verstöðvunum. Einkum og sér í lagi er ástandið í þessu efni ísjárvert við Faxaflóa. Sýnt er, að allmiklum fjölda fiskibáta er af þessum sökum með öllu fyrirmunað að stunda fiskveiðar á hinum aflasælu miðum á Faxaflóa á vertíðinni. Flutningsmanni þessarar tillögu er kunnugt um, að af þessum sökum hefur orðið að neita skipshöfnum margra báta um viðlegu á Akranesi, þó að legusvæði fyrir báta og lendingar- og afgreiðslustöðvar leyfi það vel, eins og nú er komið, að bætt væri við heimaflotann á vertíðinni allmörgum aðkomubátum. Hér er mikið í húfi og í ærið óefni stefnt, ef verulegur hluti hins nýja og góða bátaflota verður að liggja óhreyfður við landfestar yfir hábjargræðistímann af þessum sökum. Þetta er svo alvarlegt mál fyrir afkomu þjóðarinnar, að það er með öllu óforsvaranlegt og óviðhlítandi, að eigi séu gerðar ráðstafanir til þess að bæta úr því, sem áfátt er í þessu efni. En svo mjög er komið í eindaga um aðgerðir hér að lútandi, að það má ekki dragast neitt úr þessu, að undinn sé að því bráður bugur að koma upp nauðsynlegum byggingum til þessara nota. Það, sem er næst hendi og fljótvirkast til úrlausnar, er að koma upp bröggum á þessum stöðum. Ærið er enn til af slíkum byggingum víðsvegar, og bæði er fljótlegt að rífa braggana og koma þeim upp aftur. Má vel og auðveldlega ganga svo frá bröggunum, að þeir geti verið viðhlítandi verbúðir til bráðabirgða, auk þess sem þeir eru vel nothæfir til beitingar og hagnýtingar á fiskiafla eftir að steypt hafa verið gólf í þá.

Er því beint til ríkisstjórnarinnar, að hún beiti sér fyrir framkvæmdum í þessu efni, bæði með hvatningu til útvegsmanna og sjómanna um, að þeir hefjist handa um úrlausn þessa máls, og stuðningi og fyrirgreiðslu, er verða mætti þeim uppörvun og stuðningur við skjótar aðgerðir í þessu vandamáli. Ef óhjákvæmilegt reynist, að ríkisstjórnin grípi frekar í taumana og komi upp slíkum byggingum, er henni í tillögunni heimilað að verja til þess nokkru fé úr ríkissjóði.

Nd. 164. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur eða tvær tólf stunda vökur, eftir því sem hásetar á viðkomandi skipi kjósa heldur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í grein þessari skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo sem flestum mun kunnugt og þá bezt þeim, er voru sjómenn á togurum fyrir 1921, var ástandið þannig, að þá var algengt, að farið væri á veiðar og menn látnir vinna sleitulaust án svefns eða hvíldar tvo til þrjá fyrstu sólarhringana. Eftir slíkan vinnutíma var það oftast venjan, að menn fengu að kasta sér niður og hvíla sig í örfáa klukkutíma.

Árið 1921 var sú mikla breyting á þessu ófremdarástandi, að samþykkt voru lög um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum, þar sem ákveðinn var 6 klst. hvíldartími í sólarhring. Lög þessi voru síðan endurbætt 1928 og hvíldartíminn lengdur upp í 8 klst.

Lög þessi hafa réttilega hlotið mikið lof, og er fyrir löngu svo komið, að jafnvel þeir, sem mest börðust gegn þeim og töldu samþykkt þeirra stöðva allan togaraflotann, viðurkenna nú nauðsyn hins lögskipaða hvíldartíma á togurum.

Nú hafa togarasjómenn orðið að búa við 16 stunda vinnudag í 18 ár, og ef sanngirni er látin ráða dómum manna um þetta mál, munu allir sammála um, að sextán stunda vinna á sólarhring er of löng, þegar til lengdar lætur. Hraustbyggðustu menn endast ekki nema í tiltölulega fá ár með slíkum vinnubrögðum. Er það furðulegt, að löggjafinn skuli ekki fyrir löngu hafa stigið dálítið lengra, t. d. komið vinnutímanum niður í 12 stundir.

Frumvarp það, sem hér er flutt, stefnir að þessu með því að lögbjóða 12 klst. hvíldartíma á sólarhring á togurum.

Efni frv. er ekki nýtt hér í þingsölum, því að frumv. að mestu samhljóða þessu var flutt af Ísleifi Högnasyni á Alþingi 1942, en náði þá ekki fram að ganga, heldur dagaði uppi í nefnd.

Sú þróun hefur á orðið á síðari árum, að viðurkennt er réttlæti þeirrar kröfu verkalýðsins að stytta vinnudaginn, og hefur nú 8 klst. vinnudagur komizt á um land allt. Með hliðsjón af því, sem áður er sagt, er fullkomlega réttlátt, að mál þetta sé nú tekið upp að nýju og togaravökulögin endurskoðuð og bætt í samræmi við óskir og þarfir sjómanna. Sem dæmi um óskir sjómanna í þessu máli má benda á, að á nýafstöðnu alþýðusambandsþingi var einróma samþykkt ályktun um nauðsyn þess að fá styttan vinnutímann á togurunum.

Ákvæði frumvarps þessa, ef að lögum yrði, mundi afnema úrelt form og tryggja sjómönnum á togurum þann hvíldartíma, sem telja verður ýtrasta lágmark.

Ed. 165. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 118 31. des. 1945, skulu gilda til ársloka 1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 166. Lög

um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

(Afgreidd frá Ed. 29. nóv.)

Samhljóða þskj. 160.

Sþ. 167. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita Fljótaárvirkjuninni bráðabirgðalán.

Flm.: Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að lána Siglufjarðarkaupstað 500 þúsund krónur til að standast rekstrarhalla Fljótaárvirkjunarinnar fram til næstu áramóta.

Greinargerð.

Þáltill. þessi er flutt samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðar.

Ástæðurnar fyrir till. þessari eru þær, að allmikill tekjuhalli hefur orðið á Fljótaárvirkjuninni, eins og raunar við mátti búast, sérstaklega eftir að ljóst varð, að hún yrði eins dýr og raun varð á. Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur farið þess á leit við rafmagnseftirlit ríkisins, að það gerði áætlun um heildartekjuhalla, sem líklegt er, að verði á rafveitunni, en það hefur ekki að svo komnu máli treyst sér til þess, og er greinargerð þess hér með sem fskj. III.

Þá fylgir hér og bréf bæjarstjórans á Sigluf. til samgöngumálaráðuneytisins, þar sem gerð er grein fyrir fjárhagsafkomunni, ásamt bráðabirgðafjárhagsyfirliti rafveitu Siglufjarðar (fskj. I). Svo sem yfirlitið ber með sér, þá hefur rafveita Siglufjarðar á þessu ári greitt kr. 517276.34 í vexti og afborganir af ríkistryggðu lánunum, en það er einmitt sú upphæð, sem rafveituna vantar til þess að tryggja rekstur sinn fram til áramóta.

Á fylgiskjali II er álitsgerð verkfræðinganna Finnboga R. Þorvaldssonar og Árna Daníelssonar um galla, sem þeir telja á virkjuninni frá hendi verktaka.

Fylgiskjal I.

BÆJARSTJÓRINN Á SIGLUFIRÐI

P. t. Reykjavík, 29. júlí 1946.

Jafnframt því að senda hinu háa ráðuneyti afrit af bráðabirgðafjárhagsyfirliti rafveitu Siglufjarðar fyrir tímabilið 1. jan.—1. júlí 1946, vil ég fyrir hönd bæjarstjórnar Siglufjarðar leyfa mér að taka fram eftirfarandi:

Eins og meðfylgjandi yfirlit ber með sér, hefur verulegur rekstrarhalli orðið á rafveitu Siglufjarðar á fyrra helmingi yfirstandandi árs, og er ekkert útlit fyrir, að breyting verði þar á, svo nokkru nemi, hin næstu missiri, eða þar til viðbótarvirkjun hefur farið fram í orkuverinu við Skeiðsfoss (upp í 6000 hö.) og unnt verður að selja við hæfilegu verði alla þá raforku, sem hægt verður að framleiða, en svo sem hinu háa ráðuneyti mun kunnugt, er allgott útlit fyrir, að svo verði áður en mjög langt um líður.

Þar sem stofn- eða byggingarkostnaður rafstöðvarinnar við Skeiðsfoss varð svo gífurlegur sem raun varð á, mun engan, sem til þekkti, hafa undrað, þótt töluverður rekstrarhalli yrði á rafstöðinni fyrstu missirin eftir að hún tók til starfa, og þá auðvitað fyrirsjáanlegt, að taka yrði heildarlán til að mæta þessum rekstrarhalla.

Afborganir og vaxtagreiðslur af hinum stóru stofnlánum rafveitunnar eru t. d. í ár kr. 906443.30, og mun sá útgjaldaliður lítið breytast hin næstu ár. Auk þess var bæjarnet Siglufjarðar svo ófullkomið, er rafstöðin tók til starfa, að verja hefur orðið stórfé til aukningar og endurbóta á því. T. d. má nefna, að í fjárhagsáætlun rafveitu Siglufjarðar fyrir árið 1946 eru veittar kr. 216000.00 til aukningar á leiðslukerfi bæjarins, og er þó skorið mjög við nögl sökum erfiðs fjárhags rafveitunnar.

Nú hefur það sýnt sig, að mjög er fjarri, að tekjur rafveitunnar hafi getað staðið undir útgjöldum hennar, og hefur, eins og hjálagt bráðabirgðayfirlit sýnir, verið gripið til þeirra ráða að mæta hallanum með því að fá bráðabirgðalán úr bæjarsjóði, yfirdraga stórlega hlaupareikninga við lánsstofnanir, taka bráðabirgðavíxla og bókstaflega með því að fá gjaldfrest.

Fljótasta leiðin til þess að auka tekjur rafveitunnar er sú að lækka svo mikið verð á rafmagni til hitunar, að öll sú orka nýtist, sem nú er tiltæk. Hins vegar er sú leið óheppileg með tilliti til þess, að búast má við, að hægt verði að selja þá orku, sem þannig yrði bundin til hitunar núna, til iðnaðar og ljósa síðar, en það mundi aftur á móti veita rafveitunni hærri tekjur og gera það að verkum, að virkjunin hefði margfalt meiri þýðingu fyrir bæinn og bæjarbúa til atvinnuaukningar. Ef fara á hina síðarnefndu leið, verður að horfast í augu við þá staðreynd, að ekki virðist vera hægt að ganga öllu lengra á þeirri braut að mæta rekstrarhalla rafveitunnar með ofangreindum aðferðum, og virðist þá eina leiðin til úrbóta vera sú, að rafveitan fái bráðabirgðalán, er nægi til þess að mæta óhjákvæmilegum rekstrarhalla þann tíma, sem hann kann að verða.

Í því sambandi hef ég nú fyrir nokkrum dögum skrifað Rafmagnseftirliti ríkisins og farið þess á leit f. h. Bæjarstjórnar Siglufjarðar, að það léti svo fljótt sem verða má endursemja rekstraráætlun rafveitu Siglufjarðar með hliðsjón af reynslu þeirri, sem fengizt hefur síðan orkuverið við Skeiðsfoss tók til starfa, og sýni þar með rökstuddri áætlun, **hve lengi** rekstrarhalli sé líklegur og enn fremur, **hve mikilli heildarupphæð** sá halli muni nema.

En þar sem nokkur tími hlýtur óhjákvæmilega að líða, þar til þessi niðurstaða Rafmagnseftirlitsins liggur fyrir, en rafveitan hins vegar er í yfirvofandi fjárþröng, þannig að til bráðra vandræða horfir, er það ósk og von bæjarstjórnar Siglufjarðar, að hið háa ráðuneyti sjái sér fært að annast útvegun eða fyrirgreiðslu á ca. 500000.00 kr. bráðabirgðaláni til handa rafveitunni, sem ætti að nægja til að mæta rekstrarhallanum, a. m. k. fram að næstu áramótum.

Hins vegar álítur bæjarstjórn Siglufjarðar, að nauðsynlegt verði að taka mál þetta fyrir í heild og ræða það til hlítar strax og álit og ályktanir Rafmagnseftirlitsins eru fyrir hendi, og heitir bæjarstjórnin því að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til að mál þetta allt fái sem giftusamlegasta lausn bæði fyrir ríki og bæ.

Virðingarfyllst.

f. h. bæjarstjórnar Siglufjarðar,
Bæjarstjórinn í Siglufirði.
Hallgrímur Dalberg.

Bráðabirgðafjárhagsyfirlit rafveitu Siglufjarðar
(1. jan.—1. júlí 1946).

Tekjur:

An:	Í sjóði frá fyrra ári	kr. 220000.00
—	Innborgað ljósgjald 1946	— 185175.72
—	— heimtaugagjald 1946	— 10700.00
—	Ýmsar tekjur	— 3326.43
—	Víxill tekinn 8.4.46 til 8.9.46	— 120000.00
—	Lán hjá bæjarsjóði Siglufjarðar	— 160000.00
—	Yfirdráttur á hlaupareikn. hjá Útvegsb.	— 26620.57
—	— — — — Sparisj. Sigluf.	— 11802.55
—	Bráðabirgðagreiðslur úr bæjarsjóði Siglufj.	— 17305.16
		Kr. 754930.43

Gjöld:

Pro:	Laun starfsmanna	kr. 99033.92
—	Olía	— 8927.76
—	Vörur, viðhald og endurbætur	— 125908.47
—	Vextir og afborganir	— 517276.34
—	Ýmis útgjöld	— 3784.00
		Kr. 754930.43

Áfallin gjöld, en ógreidd.

Útdregin skuldabréf (útdr. 1.7.45 til greiðslu 2.1.46)	kr. 54500.00
Raftækjasalan (póstkrafa)	— 16685.00
Grettir Eggertsson	— 1950.00
Lauritz Knudsen, Kbh.	— 6234.39
Hitadunkar í íbúðarhús	— 4200.00
Yfirdráttur hjá Útvegsb.	— 26620.57
— — Sparisj. Siglufj.	— 11802.55
— — bæjarsjóði Siglufj.	— 17305.16
	Kr. 139297.67

Enn fremur:

Áðurgreint lán hjá bæjarsjóði Siglufj.	kr. 160000.00
og víxillánið	— 120000.00
	Kr. 280000.00

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 25. október 1946.

Herra bæjarstjóri Hallgrímur Dalberg, p. t. Reykjavík.

Með bréfi, dags. 21. þ. m., hafið þér, herra bæjarstjóri, óskað eftir því, að við undirritaðir rökfærðum „nánar álitsgerð um smíði steypumannvirkja Skeiðsfossorkuversins og einkum og sérstaklega um hin tæknilegu mistök við þrýstivatnspípuna“.

Álitsgerð okkar um þessi mannvirki var aðeins umsögn um útlit þeirra og sýnilega galla á verkinu, en venjuleg úttekt gat ekki farið fram, þar sem ekki varð stuðzt við lýsingu né fullnaðaráætlun um verkið.

Við skildum hlutverk okkar þannig, að ekki væri til þess ætlazt, að við legðum nokkurn dóm á úrlausn hins tæknilega verkefnis. Hins vegar töldum við rétt og skylt að benda á þá tæknilegu galla, sem gætu orðið til tjóns eða skemmda á mannvirkjunum.

Athugasemdir okkar í álitsgerðinni voru yfirleitt ekki rökstuddar vegna þess, að þær studdust að öllu leyti við það, sem sýnilegt var og hverjum manni augljóst við athugun.

Þegar athugun okkar fór fram, 27.—28. júní, var yfirvofandi hætta á því, að pípan yrði fyrir skemmdum vegna þess, að jarðvegurinn framan við hana hafði hrunið frá henni á 10—15 m löngu svæði og undirstaða hennar virtist geta hrunið, ef ekkert væri að gert. Var þegar leitazt við að hindra skemmdir á þessum stað með því að hlaða grjóti undir og að pípunni og grjótþekja bakkann fyrir neðan hana, en síðan hefur jarðvegurinn hrunið frá pípunni á öðrum stöðum (sbr. uppdr. Spangenbergs bæjarverkfræðings á Siglufirði).

Jarðefnið í árbakkanum, þar sem pípan liggur, er laust á yfirborðinu, en innar í bakkanum mun vera tiltölulega þétt jarðefni.

Í skýrslu dr. Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings um „jarðfræðilegar athuganir í sambandi við vatnslekann gegnum Stífluhóla í Fljótum", dags. 18. okt. 1946, segir svo um legu þrýstivatnspípunnar í árbakkanum:

„Í þriðja stað kemur fram dálítill leki á árgilinu örskammt norðan stíflunnar. Liggur þrýstivatnspípan þar utan í gilinu, **mjög tæpt, á lausum jarðlögum,**[1]) en neðar í bakkanum kemur fast berg fram, og er aðallekinn á mótum þess og lausu jarðlaganna (sbr. skematísku skissuna á mynd nr. 2)."

Við athugun okkar á pípustæðinu höfðum við ekki aðstöðu til þess að rannsaka, hvort unnt hefði verið að leggja pípuna á fast berg án óhæfilegs tilkostnaðar, enda töldum við það ekki okkar hlutverk. En okkur virtist pípan lögð svo tæpt í árbakkann á tiltölulega lausu jarðlagi, að undirstaða hennar fullnægði ekki lágmarkskröfum um öryggi þeirra mannvirkja úr steinsteypu, sem eiga að vera vatnsheld. Hér var svo mikið í húfi, að ekki mátti slá af þeim kröfum.

1. Grundun þrýstivatnspípunnar vegna frosts.

Almennt er talið, að hér á Íslandi, og þá ekki sízt norðanlands, sé ekki tryggt að reikna með, að frost nái skemur en 1.2 m niður í jörðu. Ef jarðefnið er ekki fast, losar frost jarðveginn að þessu dýpi.

Halli árbakkans, þar sem pípan liggur og jarðskriður hafa fallið úr bakkanum, er um 1:1.4 til 1:1.8. Að vísu mun nokkuð gæta einangrunar jarðlaganna í bakkanum, en ekki teljum við þó hæfa að reikna með, að frost nái skemur en 1.2 m inn í bakkann. Jarðvegurinn í bakkanum verður því að teljast hreyfður af frosti um 1.2 m inn í bakkann, mælt hornrétt á bakkaflötinn. Ef láréttur stallur er tekinn um pípustæðið, verður lengdin inn í bakkann að frostlausri jörð um 1.7—2.1 m. Hefði ásetuflötur pípunnar því þurft að liggja að minnsta kosti fyrir innan þessi mörk og nokkru innar þó, vegna þeirrar hættu, sem stafar af því, að vatn grafi undan pípunni eða leysi upp jarðefnið undir henni að framan.

Vegna jarðruðnings við pípuskurðinn og jarðfyllingar að pípunni var ekki unnt að sjá nákvæmlega, hve langt pípan hafði verið grafin inn í árbakkann, en okkur virtist pípan á mörgum stöðum liggja framar en svo í bakkanum, að þessum lágmarkskröfum um öruggt sæti væri fullnægt.

---

1) Auðkennt af okkur.

2. Grundun pípunnar vegna vatnsrennslis.

Eftir að stallur var grafinn í árbakkann og pípan steypt á þann stall verður vatnsrennsli í bakkanum með öðrum hætti en áður. Pípan stíflar þá rennslu grunnvatns og yfirborðsvatns, en vatnið, sem safnast fyrir ofan hana, getur valdið skemmdum, nema vel sé um búið. Meðal annars er hætt við því, ef jarðlagið undir pípunni er ekki algerlega vatnsþétt, að vatnið komist gegnum það og grafi sér rás fram úr bakkanum fyrir neðan pípuna og geti þá smátt og smátt grafið undan henni. Og jafnvel þótt jarðlagið sé vatnsþétt, er hætta á því, að vatnið í grjótræsinu innan við pípuna grafi jarðlagið.

Við höfum þó enga ástæðu til þess að álíta, að ekki hafi tryggilega verið búið um framræslu vatns úr bakkanum fyrir ofan pípuna, en viljum benda á þetta atriði sem dæmi þess, hve aðgæzluvert er að leggja mannvirki úr steinsteypu á laust jarðlag utan í bröttum og tiltölulega háum bakka.

Að vetrinum safnast nú fyrir ofan pípuna meiri snjór og ís en áður en bakkinn var rofinn. Í leysingu verður því vatnsrennsli í bakkanum fyrir neðan pípuna meira og, vegna ræsanna, staðbundnara en áður. Getur þá farið svo, að rásir komi í bakkann og vatnið grafi smátt og smátt undan pípunni. Byrjun á þess konar skemmdum hefur þegar komið fram á einum stað (sbr. uppdr. Spangenbergs).

Þótt pípan hefði verið sett í öruggt sæti í bakkanum, hefði verið æskilegt eða jafnvel nauðsynlegt að verja bakkann fyrir neðan pípuna með grjótlögn, en þar sem það var ekki gert, var enn meiri ástæða til að auka öryggi undirstöðunnar með því að færa pípuna innar í bakkann.

Eftir að stallur var grafinn í hið þétta jarðlag, sem pípan stendur á, rennur vatn um brún þess og leysir efnið upp nær og nær undirstöðunni, að einhverju ákveðnu marki. Er það enn ein ástæða til þess að hafa pípuna sem lengst inni í bakkanum.

Með tilvísun til þess, sem að framan segir, viljum við, með eftirfarandi atriðum, rökstyðja ummæli í álitsgerð okkar um mannvirki Skeiðsfossvirkjunarinnar, dags. 10. júlí 1946, um legu þrýstivatnspípunnar í árbakkanum.

1. Við teljum, að pípan hvíli á nokkrum stöðum að nokkru leyti á lausu jarðefni, sem reikna verður með, að frost hafi náð að hreyfa, en það er gagnstætt fyrirmælum um grundun mannvirkja, þótt minna sé í húfi en öryggi þrýstivatnspípu úr steinsteypu.
2. Við teljum, að þar sem pípan sýnilega stóð tæpt í bakkanum, hafi verið augljóst, að nauðsynlegt var að grjótleggja bakkann fyrir neðan hana að einhverju eða öllu leyti.
3. Þar sem hér er um mikilvægt mannvirki að ræða og skemmdir á því geta valdið stórtjóni, teljum við, að það hafi ekki verið reist með nægilegri varfærni og þeirri fyrirhyggju, sem nauðsynleg er talin við hliðstæð mannvirki.

Aðrar athugasemdir okkar í álitsgerðinni teljum við ekki ástæðu til að rökstyðja, nema þess sé sérstaklega óskað.

Virðingarfyllst.

Finnb. R. Þorvaldsson. Árni Daníelsson.

Fylgiskjal III.

RAFMAGNSEFTIRLIT RÍKISINS

Reykjavík, 24. okt. 1946.

v/ Rafveitu Siglufjarðar.

Rafmagnseftirlitið hefur móttekið bréf ráðuneytisins, dags. 22. ágúst 1946, ásamt einu fylgiskjali varðandi rekstrarhalla á rafveitu Siglufjarðar. Í fylgiskjalinu, sem er erindi bæjarstjórans á Siglufirði, dags. 29. júlí 1946, er þess farið á leit, að ráðuneytið annist útvegun eða fyrirgreiðslu á ca. 500000.00 kr. bráðabirgðaláni fyrir rafveituna. Áætlar bæjarstjóri, að sú upphæð ætti að nægja til að mæta rekstrarhallanum til næstu áramóta.

Bæjarstjórinn á Siglufirði hefur einnig snúið sér til rafmagnseftirlitsins og farið þess á leit, að það endursemji rekstraráætlun rafveitunnar, með tilliti til og með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengizt hefur eftir að Fljótaárvirkjunin tók til starfa. Rafmagnseftirlitið hefur ekki haft nein tök á því að ganga frá þessu máli enn þá, enda eru ýmis önnur atriði í sambandi við ofangreinda virkjun, sem þurfa nánari athugunar við. Mun rafmagnseftirlitið hraða endursamningu ofangreindrar rekstraráætlunar eins og frekast er unnt, en það telur nauðsynlegt að senda mann til Siglufjarðar til að kynna sér til hlítar á staðnum fjárhag og rekstur rafveitunnar, ef komast á að niðurstöðum, sem byggjandi sé á. Eins og stendur á þó rafmagnseftirlitið mjög erfitt með að senda hæfan mann til Siglufjarðar í þessu skyni.

Af bráðabirgðafjárhagsyfirliti því, er fylgir erindi bæjarstjórans og nær yfir tímabilið 1. jan. til 30. júní 1946, verður, að því er virðist, ekki dæmt um rekstrarafkomu rafveitunnar á þessu ári öllu. Þannig eru t. d. samkvæmt yfirlitinu tekjur af rafmagnssölu þennan árshelming aðeins 185000.00 krónur, en árið 1944 (eða áður en Fljótaárvirkjunin tók til starfa) voru árstekjurnar þegar orðnar 432 þús. krónur og voru vaxandi ár frá ári. Er því líklegt, að meginhluti tekna falli á síðari helming ársins. Um heildarútgjöld ársins verður heldur eigi með vissu ráðið út frá bráðabirgðayfirlitinu.

Það var hins vegar fyrir fram vitað mál, að rafveita Siglufjarðar hlaut að hafa rekstrarhalla hin fyrstu árin. Það er kunnugt, að rafveitur eru fyrirtæki þess eðlis, að tekjur þeirra vaxa venjulega alljafnt frá ári til árs, en útgjöld hins vegar ójafnt, þar sem þau aukast skyndilega við hverja virkjunaraukningu. Skiptast því hjá rafveitunum á tímabil með hallarekstri og tímabil, sem gefa tekjuafgang, og stendur hvort tímabil venjulega nokkur ár. Þetta er hið eðlilega og einkum við vatnsorkuver. Til þess að mæta rekstrarhalla hin fyrstu ár eftir nývirkjun eða meiri háttar aukningu tekur rafveitan lán, ef hún hefur eigi áður safnað sjóði, sem hún getur notað í þessu skyni.

Nú fer það að sjálfsögðu mjög eftir atvikum öllum og aðstæðum, hvers konar lán rafveitan tekur og hvernig. Vel getur komið til mála að hafa þau lán, sem tekin eru, til langs tíma til að koma upp nýjum virkjunarmannvirkjum, sem því svarar hærri, að greiða megi einnig með þeim rekstrarhalla fyrstu ára. Hitt er e. t. v. eðlilegra, ef kostur er, að taka til þessa bráðabirgðalán með greiðsluskilmálum, sem svari tilgangi lántökunnar.

Enda þótt bráðabirgðafjárhagsyfirlitið veiti hvergi nærri nægan grundvöll til að byggja á endurskoðun rekstraráætlunar rafveitunnar, verður þó eigi dregið í efa, að rafveitunni sé nú þegar þörf á bráðabirgðaláni að upphæð 500000.00 kr., og það því síður, sem vitað er, að hún hefur, síðan yfirlitið var gert, haft útgjöld, sem ekki voru séð fyrir, af endurbótum á mannvirkjunum, og nema þau útgjöld samkvæmt munnl. upplýsingum bæjarstjórans um 100000.00 kr.

Rafmagnseftirlitinu virðist nú eftir atvikum eðlilegast, að ríkið styðji rafveitu Siglufjarðar til lántöku í þeim tilgangi, sem hér um ræðir, svo sem gert var, þegar tekin voru lán til greiðslu stofnkostnaðar. Ýtarlegri tillögur treystist rafmagnseftirlitið ekki til að setja fram fyrr en rækilegri endurskoðun rekstraráætlunar er lokið.

Allra virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Samgöngumálaráðuneytið, Reykjavík.

Nd. **168. Frumvarp til laga**

um fiskiðjuver ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Fiskiðjuver ríkisins eru stofnuð til að tryggja nýtingu og örugga sölu á afla fiskimanna fyrir sannvirði, samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Ríkisstjórnin lætur reisa fiskiðjuver á Suðurnesjum fyrir verstöðvar á Reykjanesi, í Vestmannaeyjum, Höfn í Hornafirði og á Ísafirði og víðar, eftir því sem þörf þykir.

Í fiskiðjuverunum skal vera fiskmóttökustöð með aðstöðu til aðgerðar á fiski og enn fremur til flatningar og söltunar á þeim fiski, sem ekki reynist unnt að vinna á annan hátt. Þá skulu í fiskiðjuverunum vera hraðfrystihús, niðursuðuverksmiðja, fiskimjölsverksmiðja, lifrarvinnslutæki og þau tæki önnur, sem hagkvæm kunna að reynast til frekari vinnslu aflans.

3. gr.

Fiskiðjuver þau, sem ríkið reisir eða kann að eignast, skulu rekin sem sjálfseignarstofnanir samkvæmt lögum þessum. Skal hvert fiskiðjuver fyrir sig hafa sérstakt reikningshald, og sé fjárhagur þess algerlega sjálfstæður og óháður öðrum fiskiðjuverum.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir fiskiðjuver ríkisins, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en þriðja mann skipar atvinnumálaráðherra án tilnefningar, og er hann formaður stjórnarinnar. Stjórnin hefur aðsetur og varnarþing í Reykjavík.

Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda.

Til þess að skuldbinda fiskiðjuver ríkisins þarf undirskrift tveggja stjórnarmanna. Stjórn fiskiðjuveranna ræður í samráði við atvinnumálaráðherra forstjóra, er annast daglegar framkvæmdir fyrir stjórnina.

Fyrir hvert fiskiðjuver skal ráðinn framkvæmdastjóri, er hefur á hendi daglegan rekstur viðkomandi iðjuvers og eftirlit með starfsemi þess.

Stjórn fiskiðjuvera ríkisins annast sölu afurðanna í samráði við atvinnumálaráðherra. Stjórn iðjuveranna ákveður með erindisbréfi starfssvið forstjóra og framkvæmdastjóranna og laun þeirra.

5. gr.

Endurskoðendur fyrir iðjuverin séu þrír, kosnir á fundi í sameinuðu Alþingi til eins árs í senn.

6. gr.

Áður en ráðizt er í framkvæmdir skal gera fullkomnar áætlanir og teikningar um stærð og fyrirkomulag, enn fremur stofnkostnaðaráætlun og rekstraráætlun, sem lagðar skulu fyrir atvinnumálaráðherra til samþykktar.

7. gr.

Áður en hafizt er handa um byggingu fiskiðjuvers, skal fara fram ýtarleg rannsókn á því, hver afköst þess þurfi að vera til þess að geta unnið úr öllum

sjávarafla á veiðisvæði viðkomandi iðjuvers. Skal þá jafnan taka tillit til þeirra fiskvinnslustöðva eða verksmiðja, sem fyrir hendi eru á svæðinu.

8. gr.

Fiskiðjuver ríkisins kaupa fisk og annan sjávarafla af útgerðarmönnum og sjómönnum fyrir verð, er miðist við markaðsverð að frádregnum nauðsynlegum kostnaði, sbr. 1. og 10. gr. Atvinnumálaráðherra ákveður verðið að fengnum tillögum stjórnar fiskiðjuveranna.

9. gr.

Stjórn iðjuveranna skal jafnan tryggja þeim nægan sjávarafla til vinnslu með samningum við útgerðarmenn og sjómenn, enda gangi samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um afhendingu fisks.

Áætlun um fiskmagn það, sem iðjuverin geta tekið á móti á hverjum tíma, skal jafnan vera fyrir hendi, áður en starfræksla þeirra hefst.

10. gr.

Útgerðarmönnum og sjómönnum skal greitt söluverð afurða þess fisks, sem þeir afhenda til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem nú greinir:

1. Öllum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði, eins og hann er á hverjum tíma.
2. 2% fyrningargjald af húsum og mannvirkjum og 8% af vélum og áhöldum.
3. 2% gjald af keyptu hráefni í varasjóð.
4. Gjald skv. 13. gr. þessara laga.

Verði tap á rekstri einstaks iðjuvers, má vinna það upp á næstu 2 árum. Komi í ljós við ársuppgerð, að andvirði afurða þess fisks, sem viðskiptamenn hafa látið iðjuverunum í té til vinnslu, sé meira að verðmæti en áætlað hafði verið og útborgað, þá skal viðskiptamönnum greiddur mismunurinn í réttu hlutfalli við fiskmagn það, sem hver og einn þeirra afhenti til vinnslu á árinu.

11. gr.

Reikningsár iðjuveranna skal vera almanaksárið. Skal stjórn þeirra gera reikningsskil fyrir starfsárið eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum fyrir 30. apríl ár hvert. Þegar endurskoðun er lokið, skal senda ríkisstjórninni afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum iðjuveranna, undirritað af stjórn þeirra og áritað af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur iðjuveranna á árinu.

Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

12. gr.

Þegar ársuppgerð hvers iðjuvers er lokið og reikningar samþykktir, skal halda sérstakan fund með þeim sjómönnum og útgerðarmönnum, sem skipt hafa við iðjuverið, samkvæmt nánari reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Verkefni þessa fundar eru:

1. Lagður fram reikningur fiskiðjuversins og hann ræddur. Jafnframt því séu ræddar athugasemdir þær, sem viðskiptamenn hafa að gera við reksturinn á liðnu ári.
2. Rædd starfstilhögun á næsta ári og gerðar tillögur til stjórnar iðjuversins um fiskverð.
3. Ræddar nýjungar viðkomandi rekstrinum og óskir um aukningu á starfsemi iðjuversins eða breytingar á honum, ef fram koma.
4. Önnur mál.

Fundurinn sendi tillögur sínar til stjórnar fiskiðjuveranna og atvinnumálaráðherra.

13. gr.

Iðjuverin skulu greiða ½% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til bæjar- og sveitarsjóðs, þar sem þau eru starfrækt, þó ekki yfir 25% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár. Iðjuverin greiða ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

14. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur nánari ákvæði um rekstur og tilhögun iðjuveranna með sérstakri reglugerð. Í henni má ákveða, að sett skuli rekstrarráð fyrir hin einstöku fiskiðjuver, skipuð mönnum búsettum á staðnum.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til framkvæmda samkvæmt lögum þessum, allt að 25 milljónum króna.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt skv. beiðni atvinnumálaráðherra, og hafa nefndarmenn alveg óbundnar hendur um afstöðu til þess. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Á næsta ári (árslok 1947) verða að öllu forfallalausu flest þau fiskiskip, sem keypt hafa verið til landsins eða smíðuð hér á landi fyrir atbeina Nýbyggingarráðs, komin á sjó til veiða.

Við þessar aðgerðir nærfellt tvöfaldast fiskiskipastóll landsmanna, eða úr 24470 tonnum (árslok 1945) í 47470 (árslok 1947).

Yfirlit það, sem hér fer á eftir, sýnir þessa stórkostlegu aukningu í einstökum atriðum, tölu fiskiskipanna og hlutfallið milli togara og fiskibáta:

	Tala	Smálest
Aukning fiskiflotans:		
Fiskiskip (vélskip) í árslok 1945	528	15087
Væntanleg viðbót til ársloka 1947	119	7000
	647	22087
Togarar:		
Árslok 1945	28	9383
Væntanleg viðbót	31	16000
	59	25383
Allur fiskiflotinn:		
Flotinn í árslok 1945	556	24470
Væntanleg viðbót	150	23000
	706	47470
Hlutfallsleg aukning frá árslokum 1945 til ársloka 1947:		
Vélskip	23%	46%
Togarar	111%	171%
Allur flotinn	27%	94%

Þessi stórfellda aukning fiskiskipastólsins mun kosta um 140 milljónir króna. Mun láta nærri, að keyptir verði fiskibátar fyrir um 60—65 milljónir króna, en togarar fyrir um það bil 75—80 milljónir. Mestur hluti þessa fjár er erlendur gjaldeyrir, þar sem aðeins eru byggðir fiskibátar innanlands fyrir um 12 milljónir kr.

Sjaldan hefur öll þjóðin verið samhentari um að verja fé landsmanna — hinum dýrmæta erlenda gjaldeyri — heldur en til kaupa á fiskiskipunum. Þjóðin sá og skildi, að þetta meginátak nýsköpunarinnar, kaup fiskiskipanna, er sá grundvöllur, sem efnahagur þjóðarinnar á næstu áratugum byggist á.

Þessi aukning fiskiskipastólsins getur orðið lyftistöng fyrir fjárhag allra landsmanna og verður það, ef rétt er á haldið. En rétt undirstaða ein nægir þó ekki, mest er undir því komið, hvernig tekst til um framhaldið — næstu skref nýsköpunarinnar.

Við hvert nýtt fiskiskip, sem kemur til landsins eða hleypt er af stokkunum innan lands, eykst sjávaraflinn. Í árslok 1947 verður fiskaflinn nærri tvöfaldur miðað við árið 1944. Árið 1944 voru veidd um 235 millj. kg af fiski, og mun varlega áætlað, að fiskaflinn 1947—48 frá vetrarvertíð til vetrarvertíðar komist upp í hér um bil 400 millj. kg. Hér er átt við slægðan fisk með haus. Miðað við mannfjölda eru Íslendingar nú þegar mesta fiskveiðaþjóð í heimi — þegar aukning skipastólsins er komin, má með sanni segja, að við séum algerlega háðir fiskinum og sölu fisks.

Það verður því að tryggja útvegsmönnum og sjómönnum sæmilegt verð fyrir fiskinn, en til þess er óumflýjanlegt að afla markaða fyrir allan þann fisk, sem við getum ekki selt á hinum mjög svo þröngu mörkuðum, sem við höfum búið að undanfarin ár.

Er augljóst, að mjög er varhugavert að treysta um of á enska markaðinn, sem fram til þessa dags hefur verið höfuðmarkaður okkar fyrir nýjan fisk. Hitt mun hyggilegra, að gera ráð fyrir, að þessi ísfisksmarkaður þrengist enn meir eða jafnvel lokist með öllu um lengri eða skemmri tíma. Þegar undanskilin eru tvö stríðstímabil, árin 1914—1918 og 1939—1945, hefur ísfisksmarkaðurinn í Englandi verið harla ótryggur frá upphafi vega og verð það, sem fengizt hefur fyrir fiskinn, misjafnt og stundum það lágt, að vart eða alls ekki hefur svarað kostnaði.

Til þess að unnt sé að gera sér ljóst, að hve miklu leyti enski markaðurinn hefur verið stríðsfyrirbæri, fer hér á eftir yfirlit yfir fiskmagn það, sem flutt hefur verið út til Bretlands, annars vegar á friðartímabilinu fyrir síðustu heimsstyrjöld, en hins vegar á styrjaldarárunum 1940—45:

Meðaltal áranna:	Millj. kg
1931—35	17.8
1936—38	16.3
Styrjaldarárin:	
1940	98.7
1941	116.3
1942	136.8
1943	149.5
1944	163.5

Eins og þetta yfirlit ber með sér, var útflutningurinn árið 1944 tífaldur á við útflutning síðustu „normölu" árin fyrir stríðið.

Á tímabilinu frá 1944 til þessa dags hefur svo aftur hallað undan fæti í þessu tilliti.

Árið 1945 nemur ísfiskútflutningurinn til Englands samt. 121.7 millj. kg. Þetta er síðasta styrjaldarárið. Á þessu ári (1946) hefur útflutningurinn, það sem af er, minnkað enn meir, eða í 58 millj. kg fyrir hálft árið (jan.—júní). Þess ber að geta í þessu sambandi, að sala á freðfiski til Bretlands, sem var mikil á stríðsárunum, hefur verið sáralítil á þessu ári og hefur nú alveg stöðvazt.

Það þarf ekki að leita lengi til þess að finna orsakir þess, hve ótryggur enski markaðurinn er. Bretar eru sjálfir, sem kunnugt er, ein mesta fiskveiðiþjóð heims, en auk þess leggja þeir nú hið mesta kapp á að auka skipakost sinn og fiskveiðar. Er þetta líka skýringin á hinu misjafna verði, sem fengizt hefur fyrir fiskinn, þar

sem aflabrögð brezkra fiskimanna geta á svipstundu lækkað verðið niður úr öllu valdi. Fjölda dæma mætti nefna um þetta, en allir muna ísfiskmarkaðinn s. l. sumar. Í maímánuði seldu togarar 38 sinnum afla í Bretlandi. Í 11. söluferðinni í þessum mánuði var salan minni en 6500 £, sem mun vera undir kostnaðarverði. Í júní voru þó sölurnar enn þá lélegri. 25 söluferðir togara voru farnar í þeim mánuði. Þar af seldu 10 fyrir minna en 6500 £ og 6 fyrir minna en 3100 £, og sala einstaks togara í þeim mánuði komst niður í 950 £. Síðustu mánuðina hafa sölur yfirleitt verið mjög misjafnar og margar undir kostnaðarverði. Eru þetta mikil umskipti frá stríðsárunum, er það þóttu lágar sölur, er voru undir 9 þús. £.

Að sjálfsögðu verðum við að kappkosta að halda í enska markaðinn eftir fremsta megni og vinna til fulls aftur það góða orð, sem íslenzki fiskurinn að nokkru leyti tapaði á stríðsárunum af orsökum, sem ekki verða raktar hér. — Hitt er aftur á móti jafnaugljóst, að brezki markaðurinn getur aðeins tekið á móti minnkandi hluta íslenzka fisksins, eftir því sem aflamagnið eykst með komu nýju fiskiskipanna.

Í sambandi við markaðsmálin virðist ekki úr vegi að minnast á, hvernig ástatt er hjá frændum okkar Norðmönnum. Því að enda þótt þeir séu hvergi nærri eins háðir afkomu sjávarútvegsins og vér, þá eru þeir samt mikil fiskveiðaþjóð og um margt til fyrirmyndar á sviði fiskveiða og fiskiðnaðar.

Á árunum milli heimsstyrjaldanna (1918—39) tókst Norðmönnum að afla sér góðra markaða víða um lönd, m. a. á meginlandi Evrópu fyrir fullunnar fiskvörur (niðursuðuvörur o. fl.). Er það sérstaklega eftirtektarvert, hve niðursuðuvörurnar eru stór liður í heildarútflutningi Norðmanna á þessu tímabili. Sem dæmi má taka árið 1939. Það ár fluttu Norðmenn út alls sjávarafurðir fyrir 130 millj. kr., þar af voru niðursuðuvörur fyrir um 45 millj. kr. Hér við bætast ýmsar aðrar fullunnar fiskvörur, sem ekki eru taldar með í síðarnefndu upphæðinni. Sum árin hafa niðursuðuvörurnar orðið helmingur allra útfluttra sjávarafurða. Á hinn bóginn er fiskmagn það, sem notað er til niðursuðunnar, tiltölulega mjög lítill hluti af heildaraflanum. Niðursuðuvörurnar hafa þannig orðið mjög öruggur gjaldeyrisstofn fyrir þjóðarbú Norðmanna.

Heimsstyrjöldin sleit öll tengsl Norðmanna við markaðslöndin af ástæðum, sem öllum eru kunnar, og eftir stríðið var svo komið, að þeir voru mjög áhyggjufullir um markaðshorfurnar. Tímaritið „Norges Utenrikshandel“ (sem er útgefið af útflutningsráði Noregs) segir:

„Vér erum komnir langt aftur úr vegna stríðsins, en það hefur gefið keppinautum vorum tækifæri til þess að komast inn á vora gömlu markaði. Vér megum ekki halda að oss höndunum eða álykta sem svo, að hið mikla álit, sem Noregur nýtur nú víðast í heiminum, sé nægilegt til þess að færa oss viðskiptavini vora á ný.“

Því miður virðist þessi ótti Norðmanna við skæða keppinauta, að minnsta kosti hvað Íslendinga áhrærir, ekki byggður á traustum grunni. Og víst er um það, að Norðmenn hafa sjálfir ekki haldið að sér höndunum. Þeir hafa varið stórfé til erindrekstrar, auglýsinga og fleira, frá því stríði lauk, og orðið mikið ágengt.

Útflutningsskýrslur þeirra eftir stríðslokin bera þetta með sér. Árið 1945 fluttu Norðmenn út fisk og fiskafurðir fyrir 95 millj. kr. Er athyglisvert, að þar af voru aðeins niðursuðuvörur fyrir rúmar 10 millj. kr. (sbr. það, sem áður var sagt um markaðstap þeirra). Langmestur hluti þessara niðursuðuvara fór til Þýzkalands og Mið-Evrópu (eða 4000 tonn árið 1945) og miklu meira það, sem af er 1946, en enn sem komið er liggja ekki fyrir sundurliðaðar skýrslur um útflutninginn á þessu ári. Eftirfarandi tölur sýna þó aukinn fisk- og fiskafurðaútflutning Norðmanna á þessu ári. Til samanburðar síðasti ársfjórðungur 1945:

Október-desember 1945	23.7 millj. kr.
Janúar-marz 1946	66.2 — —

Því ber ekki að neita, að Norðmenn standa að ýmsu leyti betur að vígi en við í baráttunni um markaðina í Evrópu. Fiskiðnaður þeirra stendur á gömlum merg,

þeir hafa miklu fjölbreyttari fiskafurðir á boðstólum o. s. frv. Hitt mun þó jafnrétt, að Íslendingum hefur aldrei boðizt betra tækifæri til þess að komast inn á þá markaði á meginlandinu og raunar víðar, sem losnað hefur um vegna stríðsins.

Fyrir s. l. heimsstyrjöld hafði tekizt að selja talsvert af hraðfrystum fiski til meginlands Evrópu. Í skýrslu fiskimálanefndar (útg. í tilefni af 10 ára starfi hennar) er ritað allýtarlega um þennan útflutning. Þar má sjá, að á áratugnum 1930—1940 hefur útflutningurinn vaxið jafnt og þétt og var orðinn um 2600 smálestir 1939, en óx skyndilega 1940 upp í 8200 smálestir. Mestallur fiskurinn fór til Evrópu.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun þessa útflutnings og hvernig hann skiptist á viðskiptalöndin:

Skýrsla um útflutning á frystum fiski 1930—1933.

	1930		1931		1932		1933	
Lönd:	kg	kr.	kg	kr.	kg	kr.	kg	kr.
Bretland	1975	430	„	„	266538	67934	377155	79599
Svíþjóð	459250	68889	64534	23062	„	„	45	5
Þýzkaland ...	109476	16421	„	„	300	60	„	„
Spánn	500474	75671	„	„	„	„	„	„
Ítalía	202146	30321	„	„	„	„	„	„
Danmörk	„	„	2000	870	2130	979	„	„
Noregur	„	„	2600	143	„	„	„	„
Pólland	„	„	„	„	„	„	„	„
Frakkland ..	„	„	„	„	„	„	„	„
Sviss	„	„	„	„	„	„	„	„
U. S. A	„	„	„	„	„	„	„	„
Tékkóslóvakía	„	„	„	„	„	„	„	„
	1273321	191732	69134	24075	268968	68973	377200	79604
Meðalverð á kg	15 aurar		35 aurar		26 aurar		21 eyrir	

Þessi ár var fiskurinn heilfrystur, og er verðið því ekki sambærilegt við það, sem síðar varð, er fiskurinn var flakaður.

Skýrsla um útflutning á frystum fiski 1934—1937.

	1934		1935		1936		1937	
Lönd:	kg	kr.	kg	kr.	kg	kr.	kg	kr.
Bretland	400900	94392	417647	176009	800905	436398	1438158	1290455
Svíþjóð	„	„	6297	4172	8765	7320	20754	24345
Þýzkaland	„	„	„	„	„	„	2377	756
Spánn	„	„	„	„	„	„	„	„
Ítalía	„	„	„	„	„	„	„	„
Danmörk	1550	270	2088	1703	„	„	435	94
Noregur	„	„	„	„	„	„	„	„
Pólland	10400	2811	200000	30000	„	„	142113	34973
Frakkland	„	„	340	340	„	„	„	„
Sviss	„	„	140	25	„	„	„	„
U. S. A.	„	„	„	„	210347	86128	144066	73957
Tékkóslóvakía	„	„	„	„	„	„	28866	12066
	416850	97473	626512	212249	1020017	529846	1776769	1436646
Meðalverð á kg	23 aurar		34 aurar		52 aurar		81 eyrir	

Skýrsla um útflutning á frystum fiski 1938—1940.

Lönd:	1938 kg	1938 kr.	1939 kg	1939 kr.	1940 kg	1940 kr.
Bretland	1624930	1608026	2543993	2780569	8264751	10508968
Svíþjóð	3680	4400	6375	9563	„	„
Þýzkaland	3690	1500	101	87	„	„
Spánn	„	„	„	„	„	„
Ítalía	„	„	„	„	„	„
Danmörk	1346	1430	5080	9904	„	„
Noregur	„	„	„	„	„	„
Pólland	30150	8424	14700	5200	„	„
Frakkland	„	„	„	„	„	„
Sviss	„	„	„	„	„	„
U. S. A.	„	„	5811	2367	2084	2227
Tékkóslóvakía	„	„	„	„	„	„
Önnur lönd	„	„	784	600	„	„
	1663796	1623780	2576844	2808270	8266835	10511195
Meðalverð á kg	98 aurar		109 aurar		127 aurar	

Á stríðsárunum var flutt út enn meir af hraðfrystum fiski, og fór hann mestallur til Englands. Þessi markaður er nú lokaður með öllu, enda að mestu leyti stríðsfyrirbæri, þótt ekki sé óhugsandi, að eitthvað verði hægt að selja til Bretlands í framtíðinni, þegar enska þjóðin hefur náð sér efnalega eftir styrjöldina.

Um framleiðslu fiskniðursuðuvara er þetta að segja: Frá því um 1907 hafa margar tilraunir verið gerðar til þess að framleiða niðursuðuvörur til útflutnings. Margar þessar tilraunir, sem yfirleitt voru gerðar af vanefnum, báru lítinn árangur, fyrirtækin hættu, áður en fullreynt var um árangurinn.

Nokkur skriður komst á þessa framleiðslu á árunum fyrir heimsstyrjöldina síðustu. T. d. voru fluttar út rækjur fyrir 150 þús. kr. á ári árin 1937—40. Mestur hluti þeirrar framleiðslu fór til Danmerkur, þar til markaðurinn lokaðist í apríl 1940. Nokkuð seldist einnig af rækjum til annarra landa á meginlandinu, og sýndi reynsla þessi, að talsverðir sölumöguleikar voru fyrir þessa vöru.

Talsvert seldist einnig af öðrum niðursuðuvörum til meginlandsins næstu árin fyrir 1940, en stríðið batt endi á þennan útflutning.

Þótt hlutur fiskniðursuðuvaranna á fyrrnefndum árum væri smár í hlutfalli við heildarútflutning sjávarafurða á sama tíma, þá sýndi hann þó, að mikils má vænta af þessari framleiðslugrein, ef henni væri sýndur sá sómi, sem vert væri.

Um framleiðslu fiskniðursuðuvara gildir það frekar en um marga aðra framleiðslu, að hún krefst mikils fjármagns, margháttaðs undirbúnings og tilrauna, sem kosta bæði fé og fyrirhöfn og eins ötuls starfs um öflun markaða.

Áður en framleiðsla á nýjum vörutegundum er hafin, þurfa að fara fram margvíslegar vísindalegar tilraunir og rannsóknir. Það þarf að rannsaka hráefnið, gera ýmiss konar tilraunir til þess að fá úr því skorið, á hvern hátt því verði breytt í sem bezta og eftirsóttasta vöru. Enn fremur þarf að gera tilraunir með umbúðir, prófa geymsluhæfni vörunnar o. m. fl.

Nú, þegar um greiðist í viðskiptalöndunum, skiptir það miklu máli, að við séum undir það búnir að hagnýta þá markaðsmöguleika svo vel sem kostur er. En enn sem komið er vantar mikið á, að nægileg og fullkomin framleiðsluskilyrði séu til í landinu fyrir þessar vörur.

Það mun láta nærri, að samanlögð afkastageta hraðfrystihúsanna, sem nú eru til í landinu, sé um 750 tonn á sólarhring. Sé gert ráð fyrir, að aðeins ⅔ af bátafiskinum (sem mun þó vera of lágt) verði frystur á vetrarvertíð 1947, þá þurfa afköst

hraðfrystihúsanna samanlagt að vera um 1250 smálestir á sólarhring (sé gert ráð fyrir meðalafla). Með öðrum orðum vantar okkur hraðfrystihús með 500 smálesta afköstum á sólarhring eftir aðeins eitt ár.

Þess ber þó að geta í þessu sambandi, að nokkrum stækkunum og nýsmíðum hraðfrystihúsa verður lokið fyrir þennan tíma að öllu forfallalausu. Eins ber að taka tillit til hins myndarlega fiskiðjuvers fiskimálanefndar í Reykjavík, sem nú er í byggingu.

Hins vegar verður að hafa í huga, að svo geti atvikazt, að frysta yrði allan bátafiskinn og jafnvel að togarar legðu upp afla til frystingar, ef skilyrði væru fyrir hendi í landi til að taka við fiskinum.

Í stefnuskrá flokka þeirra, sem stóðu að fyrrverandi ríkisstjórn, er yfirleitt gengið út frá því, að einkaframtak þeirra, sem leggja vildu fé í sjávarútgerð eða fiskiðju, fengi að njóta sín jafnhliða því, sem opinberum aðilum væri gefinn kostur á að taka þátt í nýsköpun atvinnuveganna. Þar segir:

„Tæki þessi (þ. e. framleiðslutæki) skulu seld einstaklingum eða félögum og slík félög m. a. stofnuð af opinberri tilhlutun, ef þörf gerist."

Þrátt fyrir dugnað og áræði fjölmargra einstaklinga um skipakaup og stofnun fiskiðju, þá verður nú vart hægt að álykta annað en það sé einkaframtakinu algerlega ofviða að leysa úr hinni miklu og brýnu þörf lands og þjóðar fyrir fullkominn fiskiðnað í stórum stíl, sem standi jafnfætis því bezta, er aðrar þjóðir eiga á því sviði.

Erfiðleikarnir um fjáröflun til bygginga á fiskiðjuverum, sem tryggja átti með stofnlánadeild sjávarútvegsins, benda ótvírætt til þess, að þeir einstaklingar í þjóðfélaginu, sem mest fjárráð hafa, álíti ekki heillavænlegt að leggja fé í fiskiðjufyrirtæki.

Í þessu sambandi má benda á, að eitt helzta fiskiðjuverið, sem hafizt hefur verið handa um byggingu á með alhliða hagnýtingu aflans fyrir augum, er fiskiðjuverið í Reykjavík, sem byggt er fyrir atbeina og á kostnað ríkisins.

Það er eftirtektarvert um fyrirtæki þau, sem hafizt hefur verið handa um byggingu á með aðstoð Nýbyggingarráðs, að langmestur hluti þess fjár, sem áætlað hefur verið að lána á árunum 1946—1947, fer til bygginga á hraðfrystihúsum, eða yfir 20 millj. kr. Um þetta er vitanlega ekki nema gott eitt að segja. Þörfin fyrir hraðfrystihús er brýn og það í enn stærri mæli, eins og áður hefur verið bent á. En á sama tíma (árin 1946 og 47) er ráðgert að veita aðeins 1½ milljón króna til byggingar niðursuðuverksmiðja og enn minna til fiskimjölsverksmiðja. Þegar tekið er tillit til, að stofnkostnaður slíkra fyrirtækja, ef þau eiga að vera fullkomin í alla staði, er mjög mikill, þá er augljóst, að um smámuni er að ræða.

Útkoman virðist því verða sú, að einhæf fiskiðjufyrirtæki (ef til vill aðeins hraðfrystihús) koma upp á nýjum stöðum, og mikið af afla eða úrgangi fer forgörðum, þar sem ekki eru tæki fyrir hendi til að breyta þeim í markaðsvöru. Er þetta mjög óheppilegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði og hefur auk þess áhrif í þá átt að lækka fiskverðið til bátaeigenda og sjómanna.

Eins og áður er getið, þolir mál þetta enga bið. Ef takast á að hagnýta aflaaukninguna, sem verður á næstu 12—15 mánuðum, hefði öllum undirbúningi að viðbótarbyggingum á hraðfrystihúsum og fiskiðjuverum í stórum stíl átt að vera lokið nú og framkvæmdir hafnar.

Eins og sakir standa, virðist óhjákvæmilegt, að Alþingi og ríkið sjálft taki forustuna og hefji hið fyrsta byggingu fiskiðjuvera í nokkrum helztu veiðistöðvum landsins, og frumvarpið um fiskiðjuver ríkisins er borið fram til þess að hrinda þessu mesta hagsmunamáli útvegsins í framkvæmd.

Í þessu sambandi er ástæða til að minnast á forustu ríkisins á sínum tíma til þess að tryggja afkomu síldarútvegsins með byggingu síldarverksmiðja ríkisins. Enda þótt í upphafi væru mjög skiptar skoðanir um afskipti ríkisins af síldarútvegsmálunum, þá mun nú enginn draga í efa, að einmitt þau komu traustum fótum undir síldarútveginn, en hann þótti áður mjög ótryggur atvinnuvegur eða jafnvel hreinasta spá-

kaupmennska. Álit eins af elztu og reyndustu síldarútvegsmönnum, sem hér fer á eftir, mun nú orðið vera almenn skoðun útvegsmanna í þessu efni:

„Bygging síldarverksmiðja ríkisins gerði síldarútgerðina trygga, sérstaklega stærri vél- og línubátaútgerð, og eftir þessa breytingu lagði fjöldi útgerðarmanna eingöngu stund á síldveiðar, þó aðallega Norðlendingar, og hættu alveg við þorskútgerðina, og fyrir þessa styrjöld var hagur þeirra yfirleitt betri en hinna, sem stunduðu þorskveiðar samhliða síldarútgerðinni, eins og allur fjöldi Vestfirðinga og Sunnlendinga gerði."

Í áframhaldi af þessum ummælum er ekki úr vegi að minnast þess, hve miklu betur síldarútvegurinn er nú á vegi staddur hvað vinnslumöguleika snertir heldur en aðrar greinar sjávarútvegsins.

Árið 1944 var afkastageta síldarverksmiðjanna á öllu landinu samanlagt um 35 þúsund mál á sólarhring.

Nú í árslok 1946 er afkastageta síldarverksmiðjanna samanlagt um 73 þúsund mál á sólarhring, þ. e. a. s. síðustu 2 árin hafa vinnsluskilyrði síldarverksmiðjanna meir en tvöfaldazt, eða nánar tiltekið aukizt um 110%.

Nú þegar geta síldarverksmiðjurnar tekið á móti öllum afla fiskibátanna, eins og hann verður eftir að aukning skipastólsins hefur farið fram (1948), undir öllum venjulegum kringumstæðum.

Hér hefur verið haldið rétt á málunum. Áður en nýju fiskiskipin koma til landsins, hefur það verið tryggt, að þau geti lagt síldaraflann á land til vinnslu.

Eins og áður er sagt, hefur ríkið sjálft jafnan haft forustu um byggingu síldarverksmiðja, og svo var enn um síðustu verksmiðjubyggingarnar, sem ráðizt var í af stórhug og framsýni við ýmis erfið skilyrði.

Ef framtaks ríkisvaldsins hefði ekki notið við, eru engin líkindi til, að einkaframtakið hefði haft bolmagn til að hrinda verkinu í framkvæmd og jafnvel ekki heldur áræði til þess, því að „alltaf getur síldin brugðizt". Slíkar byggingar hljóta ávallt að vera bundnar nokkurri áhættu. Auk þess, sem áður er sagt, skulu nú tilfærð nokkur atriði, sem styðja það álit, að rétt sé og jafnvel óhjákvæmilegt, að ríkið hafi forgöngu um stofnun nýtízku fiskiðjuvera:

a. Fiskiðjuverin kæmust upp fljótar, ef forgöngu ríkisins nyti við. En eins og áður er sagt, þolir málið enga bið, þar sem a. m. k. nýju hraðfrystihúsin þyrftu að geta tekið á móti afla á vetrarvertíð 1947—48. Hins vegar er ekkert, sem bendir til þess, að aðrir aðilar en ríkið hafi neitt á prjónunum í líkingu við fiskiðjuver þau, sem frv. gerir ráð fyrir, að hafizt verði handa um byggingu á. Ef ekki verður horfið að þessu ráði, er ekki annað fyrirsjáanlegt en að við stöndum uppi eftir 1—2 ár með nýtízku skipaflota búinn beztu tækjum, en vanti hraðfrystihús og vinnuskilyrði til að vinna úr ⅓ til ½ fiskaflans fyrir þá markaði, sem mestar líkur benda til, að unnt verði að fá.

b. Ríkið hefur bezta aðstöðu til að tryggja nægilegt fjármagn, er þarf til byggingar iðjuveranna. Eins og nú standa sakir, er ekki útlit fyrir, að stofnlánadeild sjávarútvegsins fái nema lítinn hluta þess fjármagns, sem þarf til allra þeirra framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru. Lán þetta var boðið út 5. júlí s. l. og seldist svo til ekkert af vaxtabréfunum fyrr en í októbermánuði, eftir að hafinn var mikill áróður af hendi ýmissa aðila, en þá komst nokkur skriður á söluna. En enda þótt hinar útboðnu 10 milljónir króna seldust upp, þá mundu þær hrökkva skammt, þegar tillit er tekið til þess, hve sjálf bátaútgerðin er fjárþurfandi. Er því ekki líklegt, að fé fáist til nægilega skjótrar úrlausnar á þessum vanda útvegsins, nema fyrir tilstilli ríkisins.

c. Forganga ríkisins um byggingu fiskiðjuvera mundi tryggja það, að þau yrðu svo fullkomin sem kostur er á, enda er allur sparnaður um stofnkostnað slíkra fyrirtækja hið mesta ráðleysi. Mest ríður á því, að slík iðjuver hafi sem fjölbreyttasta vinnslu og geti hagnýtt sem allra mest af afla þeim, sem berst á land á hverjum stað fyrir sig.

d. Stórrekstur — eins og fiskiðjuverin eru fyrirhuguð — tryggir fjárhagslega öruggari starfrækslu, ekki sízt af þeim orsökum, að einungis stórfyrirtæki geta að áliti sérfræðinga hagnýtt ýmis úrgangsefni fisks, sem að öðrum kosti nýtast ekki, ef um smárekstur er að ræða. Ýmsar rannsóknir koma þá fyrst að fullkomnu gagni, að þær séu gerðar í stórum stíl. Fiskiðjuver ríkisins þurfa að hafa nægilega starfskrafta, bæði sérfræðinga, er framkvæmi vísindalegar rannsóknir og tilraunir og hafi stöðugt eftirlit með framleiðslu vörunnar, og sérfróða menn í hinum einstöku vinnslugreinum.

e. Ríkisrekin fiskiðjuver mundu beinlínis hjálpa smærri fiskiðjufyrirtækjum einstaklinga með því að kaupa af þeim úrgang, sem þau hefðu ekki sjálf tök á að vinna úr og færu því forgörðum að öðrum kosti.

f. Forganga ríkisins er mikil trygging fyrir vöruvöndun, en eins og kunnugt er, skipta vörugæðin meginmáli, þegar um sölu á fiskafurðum er að ræða. Nægir í því efni að minna á síldarverkunina áður en opinbert mat, óháð framleiðendum, komst á. Auk þess eru fullkomin tæki til framleiðslunnar yfirleitt mikið öryggi fyrir betri vinnubrögðum og vandaðri vöru.

g. Einkafyrirtæki er ekki hægt að skylda að taka á móti afla undir öllum kringumstæðum. Fiskiðjuver ríkisins hefðu lögum samkvæmt skyldum að gegna gagnvart útvegsmönnum og yrðu beinlínis aðili, sem útvegsmenn gerðu kröfur til um að skapa öryggi fyrir atvinnuveg þeirra allt árið.

h. Fiskiðjuver ríkisins mundu tryggja útvegsmönnum og sjómönnum hæst verð á hverjum tíma fyrir aflann, þar eð hagsmunir útvegsmanna og sjómanna yrðu ákvarðandi um fiskverðið. Nægir í þessu sambandi að minna á, að síldarverksmiðjur ríkisins hafa verið ákvarðandi um síldarverðið, en einkafyrirtæki hagað verði sínu eftir því.

i. Tæplega er hægt að búast við, að aðrir en ríkið leggi verulegt fjármagn í framleiðslu nýrra markaðsvara, því að slíkar tilraunir eru að jafnaði bundnar talsverðri fjárhagslegri áhættu og skila oft ekki arði fyrr en eftir mörg ár.

Aftur á móti mundi reynsla sú, sem fiskiðjuver ríkisins fengju af tilraunum um nýjar útflutningsvörur eða hagnýtingu úrgangs, verða mjög mikilvæg fyrir þá einstaklinga, sem hefjast vildu handa um byggingu nýrra fiskiðjufyrirtækja.

Í frv. um fiskiðjuver ríkisins er tekið fram, að í hverju iðjuveri skuli vera hraðfrystihús, niðursuðu- og niðurskurðarverksmiðja, fiskimjölsverksmiðja, lifrarbræðslu- og söltunarstöð. Að sjálfsögðu koma margar fleiri vinnsluaðferðir til greina bæði eftir stærð iðjuversins og eins hins, hvar það er staðsett. Yrðu sérfróðir menn og sérfræðingar að ráða fram úr því, hvaða vinnslugreinar væru heppilegastar á hverjum stað, þannig að hvert fiskiðjuver geti hagnýtt sem allra mest af úrgangi þeim, sem til fellur á staðnum.

Sama er að segja um heildarskipulag hvers iðjuvers og afstöðu hverrar vinnslugreinar innan þess. Þar verður álit sérfræðinga að koma til. En skipulagi fiskiðjuveranna verður að vera þannig háttað, að vinnuaflið hagnýtist sem bezt, t. d. þarf að vera löndunarmiðstöð í sambandi við hvert fiskiðjuver, þar sem afhending alls fisks fer fram, og æskilegast væri að koma upp löndunartækjum, og gætu þá fiskimenn afhent fiskinn við skipshlið. Þá er nauðsynlegt að nota alls konar vélar, þar sem þeim verður komið við.

Frv. um fiskiðjuverin gerir ráð fyrir byggingu fiskiðjuvera á Suðurnesjum, í Vestmannaeyjum, Höfn í Hornafirði og á Ísafirði. Eru þessir staðir valdir með tilliti til þess, að þörfin fyrir slík fyrirtæki er mjög brýn þar, þar sem mikill fjöldi fiskibáta er gerður út þaðan og margir nýir bætast í hópinn. Auk þess geta bátar frá nálægum stöðum haft full not af fiskiðjuverunum. T. d. geta bátar frá stöðum við Reykjanes að norðan og sunnan lagt upp afla sinn eða flutt hann öðruvísi til fiskiðjuversins, og sama máli gegnir um Ísafjörð.

Nd. 169. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 109/1943, um hlutatryggingafélög.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Barði Guðmundsson.

1. gr.

Í stað „0,7“ á tveimur stöðum í fyrri mgr. 5. gr. laganna komi: 1.

2. gr.

1. og 2. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Hlutatryggingasjóðum skal varið til þess að bæta upp aflahluti skipshafna, þegar þeir reynast óvenjulega lágir, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum hlutatryggingafélagsins.

Skal þeirri meginreglu fylgt, að bæta hluti skipshafnar, sem ekki nær venjulegum hlut á því skipi í meðalári.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Aftan við 9. gr. laganna komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Ríkissjóður greiði tryggingarsjóði sjómanna í Bolungavík upphæð, er nemi 0,7 af hundraði af brúttóafla þeirra skipa, er aðilar voru að sjóðunum á tímabilinu 1. janúar 1944, til þess tíma, er myndað verður hlutatryggingafélag á staðnum á grundvelli laga þessara, þó ekki lengur en til 1. febrúar 1947.

Greinargerð.

Árið 1939 var stofnaður í Bolungavík tryggingarsjóður sjómanna. Stóðu útgerðarmenn og sjómenn sameiginlega að sjóðstofnun þessari. Tilgangur sjóðsins var að tryggja sjómönnum ákveðnar lágmarkstekjur af atvinnu sinni, þegar illa áraði, en fjár hans skyldi aflað þannig, að 2% af afla þeirra báta, er frá Bolungavík stunduðu sjó, skyldu árlega leggjast í tryggingarsjóð.

Síðan hefur útgerðin í Bolungavík greitt tilskilin gjöld í sjóðinn, og var hann 1. júní s. l. orðinn 148411.05 kr. Hefur nokkrum sinnum verið úthlutað fé úr honum til uppbótar á hluti sjómanna, nú síðast fyrir tímabilið 1. janúar 1946 til 1. júní s. á. Tekjur sjóðsins árið 1944 voru kr. 40539.99, árið 1945 kr. 31188.65 og fyrstu 6 mánuði þessa árs kr. 22809.59.

Með þessari sjóðmyndun sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík var farið inn á algera nýjung í tryggingamálum sjómanna. Enginn slíkur sjóður var til hérlendis áður. Og enn þá eru Bolvíkingar einu mennirnir, sem það hafa gert. En hér var um mjög merkilega nýjung að ræða. Sjómenn og útgerðarmenn sameinuðust um úrræði til tryggingar atvinnu þeirra, er sjómennsku stunduðu í byggðarlaginu. Upprunalega mun það hafa verið hugmyndin, að hlutir útgerðarmanna og sjómanna yrðu bættir jöfnum höndum. En framkvæmdin hefur orðið sú, að einungis hlutir sjómanna hafa verið bættir. Tryggingarsjóður Bolvíkinga hefur eins og að líkum lætur lengstum verið févana. En hann hefur samt greitt nokkrar tryggingar, sem bót hefur verið að.

Sjóðurinn hefur einskis styrks notið af opinberu fé. En nú er það áform Bolvíkinga að hagnýta sér fyrstir manna löggjöf þá, sem sett var á Alþingi haustið 1943, og stofna hlutatryggingafélag samkvæmt þeim. Er það ætlun þeirra að láta tryggingarsjóð sinn, sem nú er tæpar 150 þús. kr., renna inn í hið nýja hlutatryggingafélag. En til þess að það megi verða telja þeir nauðsynlegt, að gerðar verði nokkrar breytingar á lögunum um hlutatryggingafélög. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Í janúar s. l. héldu útgerðarmenn og sjómenn í Bolungavík fund og samþykktu þar breytingartillögur, sem þeir óskuðu, að bornar yrðu fram á Alþingi við fyrrgreinda löggjöf. Fylgir fundargerð þess fundar og tillögur hér með sem fylgiskjal II. Reglugerð fyrir tryggingarsjóð sjómanna í Bolungavík fylgir sem fylgiskjal I.

Breytingar þær, sem í frv. felast á l. um hlutatryggingafélög, eru þessar:

1. Lagt er til, að hundraðshluti sá, sem greiða ber af brúttóafla, verði hækkaður úr 0,7% í 1%.
2. Hlutatryggingasjóðum verði aðeins varið til þess að bæta upp aflahluti skipshafna, ekki hluti útgerðarinnar.
3. Með ákvæðum til bráðabirgða er farið fram á, að hlutatryggingarsjóði Bolvíkinga verði greitt framlag úr ríkissjóði fyrir þau ár, sem liðin eru síðan lögin um hlutatryggingafélög voru sett, þ. e. frá 1. janúar 1944. Er þó aðeins ætlazt til, að framlag ríkissjóðs verði það, sem lögin áskilja nú, en ekki það, sem breytingartillaga frv. þessa fer fram á.

Þessar þrjár breytingar á lögunum um hlutatryggingafélög felast í frv. þessu. Um þá síðustu þeirra skal það aðeins sagt, að mjög sanngjarnt virðist, að við henni verði orðið. Hér er um algert nýmæli að ræða, sem alls góðs stuðnings er maklegt. Slíkur stuðningur mundi og kosta ríkissjóð sáralítil fjárútlát. Sést það greinilega af þeim fjárupphæðum, er greiddar hafa verið í sjóðinn á þessu tímabili, samtals kr. 94306.00. Eru það þau 2%, sem útgerðin hefur greitt í sjóðinn á s. l. þremur árum. Yrði framlag ríkissjóðs nokkuð undir helmingi þess.

Það er skoðun flm. þessa frv., að löggjafar- og fjárveitingavaldinu beri að stuðla að eflingu hlutatrygginga almennt í landinu. Bolvíkingar hafa riðið á vaðið í þessum efnum, áður en nokkur löggjöf var sett um slíkar tryggingar. Þess vegna verður að vænta þess, að óskum þeirra, er í frv. þessu felast, verði vel tekið.

Fylgiskjal I.

Reglugerð fyrir Tryggingarsjóð sjómanna í Bolungavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Tryggingarsjóður sjómanna í Bolungavík. Tilgangur sjóðsins er að tryggja sjómönnum í Bolungavík lágmarkstekjur, þegar illa árar.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a. 2% af öllum brúttó línuveiðaafla allra 4—9 smálesta báta í Bolungavík, sem eru raflýstir og hafa lóðaspil.
b. Styrkur sá, sem kann að verða hægt að afla sjóðnum af opinberu fé.
c. Gjafir, áheit og aðrar óvissar tekjur.

3. gr.

Þegar hlutir sjómanna á einhverjum af áðurgreindum bátum nema minna að meðaltali en kr. 125.00 á mánuði á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí ár hvert, skal greitt úr Tryggingarsjóði það, sem á vantar, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 4. og 5. grein þessarar reglugerðar. Engum skal greidd uppbót af meira en einum hlut.

4. gr.

Þegar sjóðurinn hefur ekki yfir nægilegu fé að ráða til úthlutunar, skal henni hagað þannig, að jafnmikið vanti upp á hluti allra þeirra, sem styrks eiga að njóta.

5. gr.

Nú stundar bátur ekki línuveiðar allan tryggingartímann (1. jan. til 31. maí), og skal þá hlutarbótin aðeins miðuð við þann tíma, sem báturinn hefur verið á línuveiðum.

Veikist bátsverji eða forfallist á annan hátt nokkra daga, skal hann þó ekki fá hærri hlutarbót en aðrir bátsverjar.

Veikist sjómaður á tryggingartímanum eða fari af bátnum, svo að ráða verði mann í hans stað, án þess þó að um ráðningarsvik sé að ræða, skal hlutarbótin aðeins miðuð við þann tíma, sem hann hefur verið á bátnum.

Flytji maður sig á milli tryggingarskyldra báta, skal hlutarbótin miðuð við samtalda hluti hans á báðum bátunum eða öllum.

Hætti bátur róðrum einn eða fleiri daga til þess að aðstoða við vöruflutninga eða vinna önnur verk, sem kaup er greitt fyrir, skal kaup bátsverja talið með hlutnum, þegar uppbótin er reiknuð út.

Gangi maður úr skiprúmi áður en ráðningartími er úti, án lögmætra ástæðna, hefur hann fyrirgert rétti sínum til hlutarbóta það ár.

6. gr.

Tryggingarsjóður skiptist í aðalsjóð og varasjóð. Aðalsjóður er allur úthlutunarbær, en 10% af nettó hagnaði hans ár hvert skulu renna í varasjóð. Varasjóð má aldrei skerða.

Sé aðalsjóður þurrausinn og vanti meira en 25% upp á mánaðarlega hlutarbót hvers manns, sem uppbót á að fá, er sjóðsstjórn heimilt að taka það, sem á vantar, að láni úr varasjóði, þó aldrei meira en helming sjóðsins. Lánið skal endurgreitt svo fljótt, sem auðið er.

Þegar ársvextir varasjóðs nema orðið kr. 500.00, lækkar tillag til hans úr aðalsjóði niður í 5% og fellur alveg niður, þegar ársvextir eru orðnir kr. 1000.00.

7. gr.

Nú verður gengisbreyting á íslenzkri krónu, sem nemur 10% eða meira, og skal þá tryggingarupphæðin hækka eða lækka í réttu hlutfalli við gengisbreytinguna, enda hafi hún haft tilsvarandi áhrif á verðlagið.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Vinnuveitendafélag Vestfjarða skipar einn, Alþýðusamband Vestfjarða annan og atvinnumálaráðherra þann þriðja, og sé hann formaður. Stjórnin er skipuð til þriggja ára í senn, kýs hún sjálf féhirði úr sínum hópi, og skal hann m. a. hafa á hendi bókhald sjóðsins og gæta fyllstu reglu um innheimtu tekna hans.

Endurskoðendur sparisjóðs Bolungavíkur séu jafnframt endurskoðendur tryggingarsjóðsins. Reikningar skulu fullgerðir í janúarmánuði og endurskoðun lokið fyrir 15. febrúar. Stjórn sjóðsins ákveður þóknun féhirðis og endurskoðenda.

Útreikningur á hlutarbótum fer fram í júnímánuði ár hvert.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

9. gr.

Fé aðalsjóðs og varasjóðs skal ávaxta í sparisjóði Bolungavíkur að jöfnum kjörum, ella í ríkistryggðri bankastofnun.

10. gr.

Nú er aðalsjóður orðinn 20 þúsund krónur og nýtur styrks af opinberu fé, er þá sjóðsstjórninni heimilt að hækka tryggingarupphæðina um allt að 20%, eða lengja tryggingartímabilið, þannig að það hefjist 1. nóvember og verði 7 mánuðir.

11. gr.

Reglugerð þessari verður ekki breytt nema með samþykki útvegsmanna í Bolungavík og Sjómannadeildar V. L. F. B.

Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1939.

Leitað skal staðfestingar atvinnumálaráðherra á reglugerðinni.

Bolungavík, 9. febr. 1939.

F. h. útvegsmanna.

Einar Guðfinnsson, Bjarni Eiríksson, Magnús Kristjánsson, Guðmundur Pétursson, Kristján Kristjánsson, Bernódus Halldórsson, Jón Guðfinnsson, Helgi Einarsson.

F. h. Sjómannadeildar V. L. F. B.

Páll Sólmundsson, Finnbogi Bernódusson.

Fylgiskjal II.

Fundur sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík, haldinn 1946, ályktar:

A.

Sjómenn og útgerðarmenn í Bolungavík eru reiðubúnir til að stofna hlutatryggingafélag í Bolungavík á grundvelli laga nr. 109 30. des. 1943, 1.—5. gr., ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

1. Tryggingarsjóður sjómanna í Bolungavík renni inn í hlutatryggingafélagið.
2. a- og c-liður 2. gr. reglugerðar tryggingarsjóðsins haldist óbreyttir, en b-liður orðist svo: Tillag ríkissjóðs lögum samkvæmt.
3. Lögum um hlutatryggingafélög frá 1943 verði breytt þannig, að heimilt verði að bæta einungis hluti sjómanna á sama grundvelli og nú er ráðgert í reglugerð tryggingarsjóðs sjómanna í Bolungavík, og sá háttur verði á hafður í hinu væntanlega hlutatryggingafélagi.
4. Önnur atriði varðandi hlutatryggingafélagið skal ákveða í samþykktum, sbr. 4. gr. l. 109/1943, enda samþykki sjómannadeild Verkalýðsfélags Bolungavíkur á fundi sínum f. h. sjómanna og meiri hluti útgerðarmanna í Bolungavík f. h. útgerðarmanna samþykktirnar.
5. Tillag ríkissjóðs samkv. 5. gr. laga 109/1943 verði a. m. k. 0,7% af brúttóafla, svo sem þar er ráðgert.

B.

Sjómenn og útgerðarmenn í Bolungavik beina eftirfarandi tilmælum til Alþingis:

1. Að lögum nr. 109/1943 um hlutatryggingafélög verði breytt þann veg, að í 5. gr. fyrri málsgr. komi 1 af hundraði í stað 0,7 af hundraði í báðum málsl.
2. Ríkissjóði verði gert að leggja tryggingarsjóði sjómanna í Bolungavík 0,7 af hundraði af brúttóafla þeirra skipa, sem voru aðilar að sjóðnum á tímabilinu
   a. frá 1. janúar 1944 til 31. desember 1945,
   b. frá 1. janúar 1946 þangað til hlutatryggingafélag verður stofnað á þeim grundvelli, sem að framan greinir.

Tillag ríkissjóðs verði miðað við tvö prósent framlag áðurnefndra skipa, þannig að móti hverju 20 króna tillagi, sem greitt var í sjóðinn á áðurnefndum tímabilum, komi 7 kr. úr ríkissjóði.

Telja sjómenn og útgerðarmenn þessi tilmæli réttmæt á grundvelli þess, að allt frá stofnun tryggingarsjóðs sjómanna í Bolungavík á öndverðu ári 1939 og til þessa dags hefur framannefnt tillag verið greitt í hann, án þess að krafizt hafi verið

nokkurs framlags af opinberu fé á móti, sem þó tíðkast nú mjög um almannatryggingar. Enn fremur má ljóst vera, hvílíka félagslega þýðingu starfsemi þessa sjóðs geti haft fyrir þetta byggðarlag, enda telja sjómenn og útgerðarmenn í Bolungavík, að góð lausn þessa máls geti haft mjög veruleg áhrif á framtíð héraðsins.

Fundurinn felur alþingismanni kjördæmisins að bera mál þau, sem um ræðir í A- og B-liðum þessarar ályktunar, fram við stjórnarvöld landsins og beinir þeirri áskorun til fiskimálastjóra, að hann veiti málinu stuðning sinn.

Þannig samþykkt á sameiginlegum fundi sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík 30. jan. 1946.

Jón Kr. Guðnason, fundarstjóri. Guðm. Ág. Jakobsson, fundarritari.

Ed. 170. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

7. gr. laganna orðist svo:

Sóknarnefnd skal í janúarmánuði ár hvert semja fjárhagsáætlun um tekjuþörf og nauðsynleg útgjöld viðkomandi kirkju á því almanaksári.

Fjárhagsáætlun þessa ber að senda sveitarstjórn, áður en niðurjöfnun útsvara hefst, og skal kirkjugjaldinu samkvæmt fjárhagsáætlun sóknarnefndar jafnað niður á útsvarsgreiðendur í sókninni sem hundraðshluta af útsvörum þeirra.

Af upphæð þeirri, sem sveitarstjórn þannig afhendir sóknarnefnd, ganga $\frac{5}{6}$ hlutar til sóknarkirkjunnar, en $\frac{1}{6}$ hluti hennar rennur í sameiginlegan kirkjusjóð sem er í umsjá biskups og kirkjuráðs og varið skal kirkju og kristindómi í landinu til eflingar og styrktar, samkvæmt reglugerð, er setja skal um sjóðinn.

Ed. 171. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1947.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1947 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum, utan Reykjavíkur með 100% og í Reykjavík með 200% álagi, og af öðrum skemmtunum með 10% álagi. Þó skulu hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagi þessu.

Sþ. 172. Tillaga til þingsályktunar

um einkaleyfasafn.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvaða kostnað það mundi hafa í för með sér, að komið yrði á fót hér á landi safni erlendra einkaleyfa. Verði niðurstöður af þeirri athugun lagðar fyrir Alþingi hið fyrsta.

Greinargerð.

Á tímum hinnar öru tæknilegu þróunar er mikil nauðsyn á, að unnt sé að fylgjast svo vel með öllum nýjungum á sviði tækninnar sem frekast er kostur.

Þýðingarmikið í því sambandi er að geta fylgzt með þeim einkaleyfum, sem veitt eru og þýðingu geta haft fyrir tæknilegar framfarir hér á landi.

Í flestum löndum mun það tíðkast, að höfð eru einkaleyfasöfn, þar sem safnað er saman öllum einkaleyfum, sem veitt eru og menn geta ávallt kynnt sér nýjustu einkaleyfi jafnóðum.

Gera má ráð fyrir því, að allmikinn kostnað gæti leitt af því að setja upp slíkt safn, en athugandi væri þá, hvort ekki væri rétt að takmarka safnið við ákveðnar greinar, sem fyrst og fremst hefðu þýðingu fyrir íslenzka atvinnuvegi. Er ætlazt til, að athugun sú, sem fram færi samkvæmt tillögunni, leiddi í ljós, á hvern hátt þetta væri bezt framkvæmanlegt. Væri í því sambandi rétt að leita t. d. til félagssamtaka tæknilega sérmenntaðra manna.

Nd. 173. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja spildu úr landi Englands í Lundarreykjadalshreppi.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eiganda og ábúanda jarðarinnar Gilstreymis í Lundarreykjadal, eftir mati dómkvaddra manna, spildu úr landi kirkjujarðarinnar Englands í Lundarreykjadalshreppi, svo nefndan Þorbjarnarblett, allt að 5 ha að stærð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni eiganda og ábúanda Gilstreymis í Lundarreykjadal, Hannesar Torfasonar. Gilstreymi er fremsti bærinn í Lundarreykjadal sunnan Tunguár. Jörð þessi er vel hýst, og er þegar búið að taka til ræktunar allt það land nærri bænum, sem tiltækt er til þeirra hluta. En það er nauðsynlegt fyrir byggð á þessari jörð, að hægt sé að auka hið ræktaða land, því að engjar liggja á fjalli uppi mjög fjarri, og er því, eins og nú er högum háttað, ókleift að kalla að afla heyja á þeim. En svo hagar til, að á landamerkjum milli Englands og Gilstreymis er í Englands landi spilda, sem er með nokkurri þurrkun vel fallin til ræktunar, en þessi landspilda er örskammt frá Gilstreymi, því að merkin eru skammt fyrir utan túnið. Vegalendin frá landamerkjum og út að Englandi er aftur á móti um 3½ km. Þannig hagar til um landspildu þá, sem hér um ræðir. Ábúandi Englands og umráðamaður jarðarinnar, hreppstjórinn í Lundarreykjadalshreppi, eru því samþykkir fyrir sitt leyti, að eigandi og ábúandi Gilstreymis fái keypta landspildu þessa. Prófasturinn í Borgarfjarðarprófastsdæmi hefur einnig tjáð sig samþykkan sölunni.

Álit þessara aðila er prentað sem fylgiskjal með frv.

Fylgiskjal.

Út af beiðni Hannesar Torfasonar, bónda í Gilstreymi, um að fá keyptan blett til ræktunar úr landi kirkjujarðarinnar Englands hér í hreppi vil ég sem umboðsmaður kirkjujarðarinnar taka fram eftirfarandi:

Hinn umbeðni blettur, sem í daglegu tali er kallaður Þorbjarnarblettur, liggur miklu nær bænum Gilstreymi en Englandi, og þar sem ræktunarskilyrði eru góð og nærtæk hið næsta Englandsbænum, en Gilstreymisbóndann skortir tilfinnanlega ræktunarland á býli sínu, sýnist mér einsýnt að leggja til, að beiðni þessari verði sinnt og ríkið selji Hannesi allt að 5 ha af landi Englands, þar sem lönd jarðanna liggja saman. Ekki er sjáanlegt, að „Þorbjarnarblettur" verði ræktaður af Englandsbóndanum á næstunni, og mundi þessi sala hafa það í för með sér, að landið verður ræktað, og er það til hagsbóta fyrir bónda, sem býr á túnlítilli og útslægnalausri jörð.

Hér undir rita sem samþykkjandi beiðni þessa bæði ábúandi og umboðsmaður kirkjujarðarinnar Englands í Lundarreykjadalshreppi.

Skálpastöðum, 6. okt. 1946.

Þorsteinn Guðmundsson,
hreppstj. Lundarreykjadalshrepps.

Halldór Magnússon,
ábúandi á Englandi.

Er samþykkur því, að ábúanda Gilstreymis í Lundarreykjadal verði seld 5 hektara spilda til ræktunar úr kirkjujörðinni Englandi.

Prófastur Borgarfjarðarprófastsdæmis.

Nd. 174. Nefndarálit

um frv. til l. um, að ákvæði samnings frá 7. okt. 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála öðrum meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa máls og skila því séráliti.

Þegar flugvallarsamningurinn við Bandaríkin var samþykktur í haust, var lögð á það rík áherzla af hálfu þeirra, er honum fylgdu, að engin önnur réttindi væru veitt starfsliði Bandaríkjastjórnar en þau, sem fram væru tekin í samningi þessum. Að öðru leyti réðu íslenzk lög og stjórnarvöld öllu. — Það liggur því í augum uppi, að nauðsyn ber til, að það sé skýrt og ótvírætt, hver réttindi þetta lið fær hér og hver ekki. Þau lagafyrirmæli, sem lagt er til að samþykkja, þurfa því að vera skýr og ótvíræð.

Til þess er ætlazt, að dómendur og aðrir embættismenn ríkisins standi á rétti Íslendinga í þessu efni, eigi sízt, ef ágengni skyldi gæta á þann rétt. En til þess að þessir fulltrúar Íslenzka ríkisins geti gætt þess réttar, þurfa þeir að vita til fullnustu, hver hann er. Það er Alþingis að sjá um, að þeir þurfi ekki um hann að efast.

Nú eru hins vegar ákvæði þessa frumvarps jafnóskýr og samningurinn sjálfur eða jafnvel óskýrari. Því meiri ástæða er til þess, að Alþingi geri það alveg ótvírætt með lagasetningunni, hvað átt er við.

Fjárhagsnefnd kallaði á fund sinn skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins, tollstjóra og fulltrúa frá utanríkisráðuneyti, til þess að ræða frumvarpið við þá, en þeir

munu allir hafa átt nokkurn þátt í að semja það. Ekki varð þó ljóst af samtali við þá, hvað fælist í einstökum atriðum þessa frv. Má þar til nefna þessi:

1. „Önnur atriði“ í 1. gr. skilgreindu þeir með því, að t. d. lögin um útlendingaeftirlit mundu koma þarna undir. Þegar minnt var á þá yfirlýsingu forsætisráðherra í umræðum um þetta mál, að dómsmálaráðherra yrði að leyfa landsvist allra þessara amerísku starfsmanna og sækja yrði um landsvist þeirra á venjulegan hátt, þá féllust þeir á, að ekki þyrfti að gera undanþágu um þessi lög, — og virtust þá önnur lagaákvæði ekki koma til greina. Væri þá þetta óákveðna en víðtæka orðatiltæki, „önnur atriði“, óþarft.

2. Tekjuskattsákvæðið. Ég spurði sérstaklega um skilning embættismannanna á þessu ákvæði og tók fram, að tekjuskattur þýddi hér aðeins tekjuskatt, en hins vegar hvorki útsvar né eignarskatt, svo að starfsliðið væri bæði útsvars- og eignarskattsskylt. Ekki vildu þessir embættismenn segja endanlegt álit sitt um þetta atriði, og innan nefndarinnar var ekki samkomulag um skilninginn á því. Tvímælalaust eru hinir amerísku starfsmenn hér framtalsskyldir (sbr. 10. gr. samningsins) eins og aðrir útlendingar, er hér vinna, og heyra undir sömu lög og þeir, að svo miklu leyti, sem þeir eru ekki undanþegnir þeim með lögum, og hér eru það því aðeins lög um tekjuskatt, sem hinir amerísku eru undanþegnir, ekki hins vegar lögin um eignarskatt og útsvör. En ekki einu sinni um framtalsskylduna var samkomulag í fjárhagsnefnd.

3. Þá er og ákvæðunum um tollaálagningu mjög ábótavant. Eðlilegast er, að tollur sé greiddur af öllum þeim vörum, sem fluttar eru inn til ameríska starfsliðsins, og síðan sé tollurinn endurgreiddur af þeim vörum, sem íslenzk yfirvöld úrskurða, að fluttar séu inn til afnota fyrir starfsliðið samkv. 9. gr. samningsins. Með því móti yrði helzt hindrað smigl og svartur markaður í sambandi við starfslið þetta. En um þetta þarf lagaákvæði.

Þannig mætti lengi telja.

Þess vegna álít ég, að eðlilegast sé að breyta þeim íslenzkum lögum, sem samningurinn frá 7. okt. nær til, hverjum fyrir sig, svo ótvírætt sé, hvað eru lög og ekki lög. Og áherzlu vil ég leggja á það, í samræmi við fyrri yfirlýsingar mínar í þessu máli, að fyrr en lög eru samþykkt um öll þessi atriði hafa þau ekki öðlazt lagagildi á Íslandi.

Ég legg því til, að frumvarpið sé afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að deildin álítur það heppilegast, til þess að tryggja og varðveita fullan rétt íslenzka ríkisins við framkvæmd samningsins við Bandaríki Ameríku frá 7. október, að gerðar séu skýrar og ótvíræðar breytingar í undanþáguformi á hverjum þeim íslenzkum lögum, sem undanþágur beri að gera við vegna samnings þessa, en eigi löggilda í einu lagi tvíræð og óljós ákvæði, ályktar deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. des. 1946.

Einar Olgeirsson.

Nd. 175. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Als, Emil, námsmaður, Reykjavík, fæddur 6. jan. 1928 í Danmörku.
2. Bendtsen, Bendt Dahlbom, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 14. des. 1906 í Danmörku.
3. Björn Malmfred Björnsson, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 16. febr. 1913 í Noregi.
4. Dofri, Steinn Jónasson, ættfræðingur, fæddur 11. apríl 1875 á Íslandi.
5. Hinz, Hans Joachim Gunnar Theodor Magnús, vélvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 10. maí 1927 á Íslandi.
6. Jack, Robert John, settur sóknarprestur í Heydalaprestakalli, fæddur 5. ágúst 1913 í Skotlandi.
7. Jóhann Páll Björnsson laxveiðimaður, Reykjavík, fæddur 29. marz 1878 á Íslandi.
8. Jóhann Stefán Thorarensen, fyrrv. bóndi, Akureyri, fæddur 7. ágúst 1872 á Akureyri.
9. Jörgensen, Bent Bjarno, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 25. ágúst 1927 í Danmörku.
10. Katrin Ólafsdóttir Mixa, frú, Reykjavík, fædd 3. marz 1916 á Íslandi.
11. Syre, Gabriel, verkamaður á Ísafirði, fæddur 16. júlí 1914 á Íslandi.
12. Vestmann, Ingibjörg Einarsdóttir, iðnmær í Reykjavík, fædd 25. des. 1919 í Kanada.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndinni hafa borizt umsóknir um veitingu ríkisborgararéttar frá 39 mönnum, og hefur hún athugað nákvæmlega umsókn hvers einstaks aðila.

Nefndin telur, að það sé mjög varhugavert á þeim tíma, sem nú er, að veita ríkisborgararétt yfirleitt öllum þeim, sem um sækja, þótt þeir að formi til uppfylli skilyrði laga nr. 64 1935 um veitingu ríkisborgararéttar.

Meðan styrjöldin stóð yfir, þótti það ekki tiltækilegt að krefjast hegningarvottorðs af hverjum einstökum umsækjanda. Nú, þegar styrjöldinni er lokið, er hverjum einstökum umsækjanda unnt að afla sér vottorðs frá sínu heimalandi, og þótt viðkomandi hafi ekki orðið uppvís að refsiverðu athæfi hér og hafi dvalið hér samfleytt í 10 ár, þá virðist meiri hl. nefndarinnar það ekki nægilegt til þess að falla frá kröfu um upplýsingar frá heimalandinu, eins og lög gera ráð fyrir.

Meiri hl. nefndarinnar virðist enn fremur, eins og fyrr er getið, að sérstakar varúðarráðstafanir gagnvart innflutningi erlendra manna beri að viðhafa, vegna þess hve aðsókn erlendra manna er hér mikil.

Eins má geta þess, að 1. janúar 1947 kemur til framkvæmda löggjöf um almannatryggingar, og mundu þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, að sjálfsögðu falla undir þá löggjöf, ef þeim yrði veittur ríkisborgararéttur.

Með tilliti til alls þessa telur meiri hl. allsherjarnefndar, að rétt sé að binda veitingu ríkisborgararéttar í höfuðatriðum við það, að þeir, sem hann skuli öðlast, séu annaðhvort af íslenzkum ættum eða hafi dvalið hér á landi frá barnæsku, og að öðru leyti fullnægi ákvæðum laganna.

Meiri hl. nefndarinnar hefur gert eina undantekningu, að því er varðar hr. Robert

Jack, en hann er skozkur maður, sem hefur stundað nám við Háskóla Íslands og er nú starfandi prestur í þjónustu þjóðkirkjunnar. Einstakir nefndarmenn hafa þó óbundnar hendur um það að styðja eða bera fram tillögur til viðauka, jafnvel þótt í þeim felist frávikning frá þeirri höfuðreglu, er hér að framan greinir, ef þeir telja, að sérstakar ástæður mæli með því.

Ed. 176. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1947.

(Afgreidd frá Ed. 3. des.)

Samhljóða þskj. 24.

Nd. 177. Lög

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Nd. 4. des.)

Samhljóða þskj. 165.

Ed. 178. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið ásátt um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn vill samþykkja frv. Þó áskilur Þorst. Þorsteinsson sér að mega bera fram eða fylgja brtt. við framhaldsumræður um málið, en minni hl., Ásmundur Sigurðsson, vill fella það.

Einn nefndarm., Guðm. Í. Guðm., var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. nóv. 1946.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 179. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég undirritaður hef ekki getað orðið sammála hv. meiri hl. fjárhagsnefndar um afgreiðslu þessa máls. Sú aðferð, að taka opinber gjöld með nefsköttum, er nú af flestum talin ranglát og úrelt. Þótt hér sé að vísu ekki um háa upphæð að ræða, virðist ástæðulaust að hækka hana, þar sem hún er greidd af öllum jafnt, gamalmennum og sjúklingum sem öðrum. Ég legg því til, að frumv. verði fellt.

Alþingi, 4. des. 1946.

Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 180. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um björgunar- og eftirlitsskip Vestfjarða.

Frá Kjartani J. Jóhannssyni.

Hvað líður efndum á samningi þeim, er dómsmálaráðherra f. h. ríkisstjórnarinnar gerði 1. ág. 1945 við stjórn Slysavarnafélags Íslands og björgunarskútunefnd Vestfjarða f. h. slysavarnasveitanna á Vestfjörðum um byggingu björgunarskips fyrir Vestfirði?

Greinargerð.

Um allmörg undanfarin ár hefur ríkisstjórnin haft skip við strandgæzlu og björgunarstörf úti fyrir Vestfjörðum. Hafa það oftast verið leiguskip af ýmsum stærðum. Sum skipin hafa verið góð, en önnur síðri. Öllum var þó ljóst, að þetta var ekki til frambúðar, og hófu slysavarnasveitirnar á Vestfjörðum því fjársöfnun til kaupa eða byggingar á hentugu skipi. Hefur verið mjög mikill og almennur áhugi á þessu máli vestra og söfnunin því gengið vel.

Fyrir rúmu ári var svo gerður samningur milli ríkisstjórnarinnar og slysavarnasveitanna á Vestfjörðum um, að þær legðu fram 200 þús. kr. með vissum skilyrðum, til kaupa eða byggingar á björgunar- og eftirlitsskipi fyrir Vestfirði. Skyldi bygging skipsins hafin þá þegar, eða svo fljótt sem unnt væri, ef hentugt skip fengist ekki með góðu móti. Næst gerðist það í þessum málum, að keypt voru 3 vélskip í Englandi, er ætluð voru til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa, en þau reyndust ekki nothæf til þeirra starfa, er þeim voru ætluð hér, og var því skilað aftur.

Þá fluttu þingmenn Vestfjarða tillögu til þingsályktunar á síðasta þingi um byggingu björgunar- og eftirlitsskips Vestfjarða. Hæstvirtur dómsmálaráðherra lýsti því þá yfir, að óþarft væri að samþykkja tillöguna, því að ætlunin væri að kaupa eða byggja skip, er fullnægði þeim kröfum, sem samningurinn við slysavarnasveitirnar gerir ráð fyrir. Síðan er nú liðið ár, og ekkert skip er komið enn. Virðist það benda til þess, að ekki hafi tekizt að fá hentugt skip keypt. Hefur því væntanlega verið samið um smíði skipsins, og vænti ég, að hæstvirt ríkisstjórn upplýsi, hvað því líður, eða hvað í ráði er að gera til þess að leysa þessi mál.

Ed. 181. Frumvarp til laga

um byggingarsjóð íbúðarhúsa og skipulag byggingarframkvæmda.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Hermann Jónasson.

I. KAFLI
Um byggingarsjóð.

1. gr.

Stofna skal lánasjóð til þess að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa, sem byggð eru á vegum byggingarsamvinnufélaga, er starfa samkvæmt lögum nr. 44 frá 1946. Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður íbúðarhúsa. Um lán úr sjóðnum fer samkvæmt 4. gr. laga þessara.

2. gr.

Í stjórn Byggingarsjóðs íbúðarhúsa skulu vera fimm menn og jafnmargir til vara, valdir til fjögurra ára í senn með hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, en

félagsmálaráðherra skipar einn þeirra formann. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum, samkvæmt reglugerð, sem ráðuneytið setur.

Stjórn sjóðsins getur ráðið sér trúnaðarmenn, sem meðal annars hafi eftirlit með þeim félögum, er fá lán úr sjóðnum.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðast úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þau.

Félagsmálaráðuneytið úrskurðar reikninga sjóðsins, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur til fjögurra ára í senn.

3. gr.

Tekjur byggingarsjóðsins eru:

1. Ríkissjóður leggur sjóðnum til sem stofnfé 20 millj. króna. Af því greiðist 8 millj. kr. á árinu 1947, en síðan 3 millj. kr. árlega, þar til upphæðin er að fullu greidd sjóðnum. Af stofnfénu greiði byggingarsjóður 2% í ársvexti til ríkissjóðs.
2. Innlánsfé, sem aflað er með þeim hætti, að stofnuð er innlánsdeild byggingarsjóðs, þar sem félagsmönnum hinna ýmsu byggingarfélaga er gefinn kostur á að leggja inn sparifé sitt, gegn því að þeir geti fengið íbúð hjá félaginu, þegar innlánsféð hefur náð ákveðinni fjárhæð og þeir fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum um rétt til íbúða. Innlánsvextir skulu vera ½% lægri á ári en útlánsvextir. Byggingarsamvinnufélögin veita innlánsfénu móttöku, hvert á sínum stað, skrásetja það, en afhenda síðan byggingarsjóði til ráðstöfunar samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið með reglugerð. Stjórn byggingarsjóðs getur falið bönkum eða sparisjóðum að annast móttöku sparifjárins, enda leggur byggingarsjóður til sérstakar viðskiptabækur fyrir sjóðinn.
3. Lánsfé, sem aflað sé með sölu vaxtabréfa, er ríkissjóður ábyrgist.

Byggingarsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun, er ríkið ber ábyrgð á, að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána. Fé, sem safnast samkvæmt 2. lið, skal eingöngu varið til bygginga fyrir það félag, sem veitt hefur því móttöku.

4. gr.

Úr byggingarsjóði má veita lán til byggingarsamvinnufélaga, er starfa samkv. gildandi lögum um byggingarsamvinnufélög, lánsupphæðin má vera allt að 75% af byggingarkostnaði og ársvextir 4% og lánstíminn allt að 30 ár. Fé, sem aflað er til sjóðsins með lántökum, sbr. 3. lið 3. gr., skal þó ávallt lánað út með sömu vöxtum og sjóðurinn greiðir af lánsfénu.

Öll lán, sem sjóðurinn veitir, skulu tryggð með 1. veðrétti í íbúðarhúsum þeim, sem lánið er veitt til. Enn fremur sameiginlegri ábyrgð allra þeirra, sem eru í þeim byggingarflokki, er lánið tekur, og mega þeir aldrei vera færri en fimm.

Stjórn byggingarsjóðsins úrskurðar um allar lánveitingar.

II. KAFLI

Um byggingarmálanefnd ríkisins.

5. gr.

Stofna skal byggingarmálanefnd ríkisins. Skipa hana fimm menn og jafnmargir til vara, kosnir til fjögurra ára í senn með hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi. Félagsmálaráðherra skipar einn þeirra formann nefndarinnar.

Hlutverk byggingarmálanefndar er að skipuleggja byggingarframkvæmdir í landinu, þannig að fyrir gangi um efni og vinnuafl þær byggingar, sem nauðsynlegastar eru til þess að bæta úr húsnæðisþörf og tryggja nauðsynlegan atvinnurekstur. Ekkert hús má byggja eða endurbyggja í kaupstöðum eða kauptúnum án leyfis

byggingarmálanefndar, og utan þeirra staða þarf einnig leyfi nefndarinnar til að reisa byggingar, aðrar en hús á jörðum, sem nauðsynleg eru til búrekstrar, þar með talin íbúðarhús. Umsókn um byggingarleyfi skal fylgja uppdráttur, kostnaðaráætlun og áætlun um fjölda verkamanna, faglærðra og ófaglærðra, sem þarf til þess að framkvæma verkið, svo og rökstuðningur fyrir nauðsyn byggingarinnar.

Bæjar- og sveitarstjórnir skulu láta byggingarmálanefnd í té, hver á sínum stað, þær upplýsingar, sem nefndinni eru nauðsynlegar, til þess að tryggja, að framkvæmd þessara laga verði byggð á sem öruggastri þekkingu um þörf bygginganna.

6. gr.

Byggingarmálanefnd ræður húsameistara sér til aðstoðar til þess að gera teikningar að þeim húsum, sem byggð eru með stuðningi frá ríkinu samkv. lögum nr. 44 frá 1946, og skulu teikningar þessar látnar í té fyrir kostnaðarverð. Jafnframt getur byggingarmálanefnd ráðið í sína þjónustu byggingarmeistara, sem hafi á hendi yfirstjórn þeirra bygginga, er byggðar eru með stuðningi ríkisins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eigi þarf um það að fjölyrða, að það er eitt hið mesta velferðarmál hvers þjóðfélags, að þegnarnir eigi kost sómasamlegra húsakynna við því verði, sem þeim er fært að greiða. Þetta er og viðurkennt m. a. með opinberri aðstoð við útvegun lánsfjár til byggingar verkamannabústaða og nokkurri frekari íhlutun um byggingarmál. Eins og nú er ástatt í byggingarmálum þjóðarinnar er það ljóst, að ríkisvaldið getur eigi lengur skotið sér hjá frekari afskiptum af þeim. Því til sönnunar nægir að benda á ástandið í húsnæðismálum í Reykjavík og víðar.

Vitað er, að vegna hinna miklu húsnæðisvandræða í Reykjavík og víðar skorti á byggingarefni og einkum vöntunar á vinnuafli verða nýbyggingar óeðlilega dýrar. Þar við bætist svo, að mikill hluti íbúða er leigður fyrir miklu hærra verð en samsvarar kostnaðarverði og íbúðir seldar okurverði. Þess eru talin dæmi, að rúmmetri í nýjum húsum hafi verið seldur á 500 kr. og jafnvel enn þá hærra, þó að byggingarkostnaður hafi ekki numið nema um 300 kr. Í skjóli þessa ástands hafa gömul og þægindalaus hús einnig komizt í afarverð. Verður að telja, að ástandið í þessum málum sé óþolandi og ríkisvaldinu beri nauðsyn til að gera tafarlaust ráðstafanir til úrbóta því ófremdarástandi, sem nú ríkir í byggingarmálum þjóðarinnar.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir auknum afskiptum hins opinbera af byggingarmálum, og eru meginatriðin þessi:

1. Útvegun lánsfjár með aðgengilegum kjörum fyrir þá, er þurfa að byggja til eigin afnota.
2. Allsherjar íhlutun um byggingarframkvæmdir í landinu og í sambandi við það nauðsynleg afskipti um notkun vinnuafls og efnis í þágu nýbygginganna.
3. Útvegun byggingaruppdrátta og faglegs eftirlits með byggingum við eins vægu verði og kostur er.

Í lögum nr. 44 frá 1946, um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, er allvel séð fyrir lánsþörf til handa byggingarfélögum verkamanna, og í nýsamþykktum lögum um byggingar í sveitum eru lögboðnar verulegar fjárveitingar til bygginga í sveitum. Hins vegar hafa ákvæði laga um útvegun lánsfjár til byggingarsamvinnufélaga reynzt lítils virði í framkvæmd eins og nú er ástatt á peningamarkaðinum. Lánin hafa sem sé ekki fengizt, þótt ríkisábyrgð sé fyrir hendi, nema að mjög litlu leyti. Verður því ekki undan því komizt,

að ríkisvaldið gangi í málið og sjái byggingarsamvinnufélögum fyrir mjög verulegu lánsfé, og er gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi.

Vegna takmarkaðs innflutnings á byggingarefni og vöntunar á vinnuafli verður eigi hjá því komizt að beina hvoru tveggja að þeim byggingarframkvæmdum, sem mest eru aðkallandi, en fresta hins vegar hinum, sem síður eru nauðsynlegar. Á þennan hátt er hægt að vinna að því, að þeir, sem húsnæðisins þurfa, sitji fyrir og hamli á móti því, að lítt efnum búnir menn verði ófyrirleitnum fjárplógsmönnum að bráð. Að sjálfsögðu yrðu byggingar lítið nauðsynlegra stórhýsa og aðrar miður þarfar byggingarframkvæmdir að víkja fyrir tvímælalausri þörf á byggingum nýrra íbúða og byggingum nauðsynlegra húsa til atvinnurekstrar.

Það er alkunnugt, að uppdrættir að húsum og eftirlit með byggingu þeirra er óeðlilega dýrt. Virðist einsætt að bæta úr þessu með því að ríkið reki teiknistofu og hafi hæfilega marga byggingarfróða menn í þjónustu sinni. Reynsla sú, sem fengin er af teiknistofu landbúnaðarins, bendir til þess, að rétt sé að ganga lengra á þeirri braut, sem farið var inn á með stofnun hennar.

Í ákvæðunum í frumvarpinu um byggingarmálanefnd er henni ætlað að hafa þessi tvö síðasttöldu verkefni með höndum.

Nd. 182. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson.

Við 1. gr. Á eftir C. 10. í sömu lagagrein komi nýr liður:
Reykjastrandarvegur: Frá Gönguskarðsvegi hjá Skarði að Reykjum.

Ed. 183. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 1. gr.
a. Við 1. efnismálsgr. Í stað „kr. 3.00“ komi: kr 2.50.
b. 2. málsl. 2. efnismálsgr. falli niður.

Nd. 184. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1952, um brúargerðir.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Við greinina bætist:
Á eftir A. I. d. 6. komi nýr liður:
Hólmsá á Mýrum.

Nd. 185. Frumvarp til laga

um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fornleifum þeim, er þjóðminjavörður telur ástæðu til að varðveita, er skylt að viðhalda á kostnað ríkissjóðs, svo sem þjóðminjavörður telur nauðsynlegt til þess að fornleifarnar varðveitist, sbr. 8. gr. laga um verndun fornminja frá 16. nóv. 1907.

2. gr.

Nú telur þjóðminjavörður ástæðu til að varðveita hús eða önnur mannvirki vegna menningarsögulegs gildis þeirra eða af öðrum ástæðum, þótt hús þessi eða mannvirki hafi ekki enn náð þeim aldri, að þau verði talin til fornleifa, og er þjóðminjaverði þá heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að taka byggingar þessar eða mannvirki á fornleifaskrá, enda fer þá um viðhald þeirra samkv. 1. gr. Um bætur eða tjón, sem eigandi eða notandi verður fyrir vegna þessara ráðstafana, fer samkv. 6. gr. laga um verndun fornminja frá 16. nóv. 1907.

3. gr.

Byggingar í eign ríkisins, sem varðveittar eru sem fornleifar samkv. ákvæðum 2. gr., er heimilt með samþykki þjóðminjavarðar að nota til þess að koma þar fyrir byggðasafni, þ. e. gripum, áhöldum og alls konar munum, er tilheyrðu slíkum byggingum og tíðkaðist að nota á því tímabili, er þessar byggingar voru reistar, svo að bygging og húsbúnaður verði í fullu samræmi.

Nú er um fleiri en eina byggingu að ræða og ágreiningur um, hverja þeirra skuli velja til afnota fyrir byggðasafnið, og skal þá hlíta um það úrskurði þjóðminjavarðar. Afnot af framangreindum byggingum skulu bundin þessum skilyrðum:

1. Að safnið teljist sjálfstæð deild í þjóðminjasafni Íslands og verði undir eftirliti þjóðminjavarðar.
2. Að safnið sé viðurkennd eign héraðs eða héraða (landsfjórðungs) og eigandi þess skuldbindi sig til að annast viðhald safnsins og umsjón með því, svo að í góðu lagi sé.
3. Að þeir aðilar, er að byggðasafninu standa, leggi alveg sérstaka áherzlu á að afla safninu gripa og annars þess, er þar á að vera og talið er sérkennilegt fyrir hlutaðeigandi hérað eða landsfjórðung, en er að hverfa.

4. gr.

Nú ákveður hérað eða héruð í sameiningu að koma upp byggðasafni, en ekki eru varðveittar á þeim slóðum fornar byggingar, sem hæfar eru taldar til slíkrar safngeymslu, að dómi þjóðminjavarðar, og á þá aðili eða aðilar rétt á styrk úr ríkissjóði til þess að reisa safnhús, allt að ¼ kostnaðar, enda samþykki þjóðminjavörður uppdrátt að húsinu og safnið verði að öllu leyti háð ákvæðum laga þessara.

5. gr.

Byggðasöfn, er fullnægja ákvæðum laga þessara, njóta styrks úr ríkissjóði, þannig að árlegur kostnaður af viðhaldi og umsjón þeirra greiðist að ⅔ úr ríkissjóði og ⅓ af þeim, er að byggðasafninu standa.

6. gr.

Þjóðminjavörður hefur yfirumsjón með byggðasöfnum, sem sett eru á stofn samkv. lögum þessum og njóta styrks úr ríkissjóði.

Nú telur þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum, og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur hann þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, tekið gripi safnsins til varðveizlu.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna, þar á meðal um tölu þeirra byggðasafna, er styrks njóta samkvæmt þeim.

Nd. 186. Nefndarálit

um frv. til l. um matsveina- og veitingaþjónaskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og sent það til umsagnar skólastjóra stýrimannaskólans, Matsveina- og veitingaþjónafélagi Íslands, Sambandi veitinga- og gistihúseigenda og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Umsagnir bárust frá tveim þeim fyrst töldu, sem mæla með samþykkt frv., þó óskar Matsveina- og veitingaþjónafélagið, að gerðar verði allverulegar breytingar, einkum á 5. gr. frv.

Nefndin taldi ekki fært að ganga inn á breytingartillögur Matsveina- og veitingaþjónafélagsins, þar sem þær mundu að verulegu leyti draga úr höfuðtilgangi frv., að fá bætta aðstöðu við nám matsveina á fiskiskipum.

Með því að aðaltilgangur þess skóla, sem frv. gerir ráð fyrir, að settur verði á stofn, er að undirbúa matsveina á fiskiskipum til starfa sinna, þá álítur nefndin ekki rétt, að sú upptalning á skyldunámsgreinum í skólanum, sem gerð er í 4. gr. frv., sé á þann veg sem þar er, enda ekki tilætlunin, að nema fáar þeirra námsgreina séu fastar námsgreinar matsveina á fiskiskipum.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar skulu ákveðnar í reglugerð.

Alþingi, 5. des. 1946.

Sigurður Kristjánsson, form.	Lúðvík Jósefsson, frsm.	Ásg. Ásgeirsson.
Pétur Ottesen.	Eysteinn Jónsson.	

Ed. 187. Breytingartillögur

við frv. til l. um skipulag og hýsingu prestssetra.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Við 4. tölulið bætist: Skipulagsnefnd prestssetra annist framkvæmd þessa.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

   Í fjárlögum skal árlega veitt fé til allt að fjögurra prestsseturshúsa, þar til lokið er að byggja upp sómasamlega öll prestssetur landsins. Áætlar húsameistari ríkisins byggingarkostnaðinn hverju sinni.

3. Við 7. gr. Síðari hluti greinarinnar, frá orðunum „uppdrátt húsameistara“ til greinarloka, orðist svo: Nú verður ekki samkomulag milli þeirra um stærð húss, eða prestur leggur sérstaka áherzlu á breytingu á húsinu, og má þá á það fallast með því móti, að prestur greiði sjálfur helming þess, er húsið verður dýrara vegna breytinganna að mati húsameistara. Má kirkjujarðasjóður veita presti til þessa embættislán, er afborgist með 6% á ári, og eru af því 4% vextir, en 2% afborgun. — Stærð prestsseturshúss skal miðast við aðstöðu á hverjum stað.
4. Við 8. gr. Í stað orðanna „aðstoða hann“ í öðrum málslið, komi: aðstoða prest.
5. Við 11. gr. Í stað orðsins „brunabótafé“ komi: tryggingarfé.
6. Við 16. gr. Þriðji töluliður orðist svo:
   Af þeirri upphæð, sem þá kemur út, talinni í heilum þúsundum að viðbættu vísitöluálagi kauplagsnefndar, greiðir prestur árlega 3⅓%.

Sþ. 188. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun gildandi lagaákvæða um kirkjuleg málefni.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar hefja endurskoðun allra gildandi lagaákvæða um kirkjumál, og verði einn heilsteyptur lagabálkur saminn um öll þessi mál og lagður fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Þó að víða séu í gildi gamaldags og úrelt lagaákvæði í íslenzkri löggjöf, þá mun þó hvergi kveða jafnrammt að því eins og í gildandi lögum um málefni kirkjunnar. Þar eru enn þá talin í fullu gildi **sex til sjö alda** gömul lagaákvæði, og lætur að líkum, að margt af slíkum lögum falli næsta illa saman við aldaranda 20. aldar og þurfi því gagngerðrar endurskoðunar við. — Þannig eru t. d. ákvæði úr Kristinrétti Árna biskups Þorlákssonar frá því herrans ári 1275 víst enn þá talin í fullu gildi. — En til þess að sýna, að ekki séu það einustu fornminjarnar í gildandi kirkjulöggjöf, skal hér talið upp nokkuð af því helzta, sem álitið er, að hér á landi hafi gilt og ekki enn þá verið úr gildi fellt. Kennir þar margra grasa, eins og strax kemur í ljós af fyrirsögnum laganna einum saman. Flest af þessu er auðvitað löngu úrelt orðið, enda ósamræmið svo mikið milli hinna eldri og yngri lagaákvæða, að því verður varla betur lýst en með orðum höfuðklerksins og þjóðskáldsins séra Jóns Þorlákssonar á Bægisá:

„Eitt rekur sig á annars horn,
eins og graðpening hendir vorn.“

Mýmargt er þó í þessari aldagömlu lagasetningu, sem enn þá er í fullu gildi efnislega, eða gæti a. m. k. verið það, aðeins í nokkuð breyttri mynd, og yrði því vafalaust að einhverju leyti tekið með í meira eða minna breyttu formi við endurskoðun hinnar kirkjulegu löggjafar, þótt lítt mögulegt sé að styðjast við hana lengur í sínum upprunalega og ósamstæða búningi.

Fer þá hér á eftir upptalning allmargra kirkjulegra lagaákvæða, sem flest munu talin í gildi enn þá, og sýnir sú upptalning allvel, að hér er ekki aðeins um nokkrar örfáar eftirlegukindur að ræða, heldur blátt áfram um meginhluta kirkjulöggjafar vorrar.

Lagaákvæði frá 17. öld.

1607 Kirkjuordinantia Kristjáns IV.
1621 Konungsbréf um aldur presta.
1629 Alþingissamþykkt um prestmötu.
1646 Konungsbréf um legorð presta.
1683 Dönsku lög Kristjáns V., 2. bók, 2. kap. 5. gr. og 11. kap. 13. gr.

Þetta, sem hér hefur verið talið, eru sem sé allt lagaákvæði, sem eru meira en 300 ára gömul, að undanteknum dönsku lögum Kristjáns V., og eru þau þó sannarlega komin til ára sinna.

Lagaákvæði frá 18. öld.

1746 Erindisbréf handa biskupum.
1746 Tilskipun um húsvitjanir.
1744 Forordning áhrærandi ungdómsins Catechisation á Íslandi.
1796 Konungsbréf um prestsverk prófasta innan prófastsdæmis.
1771 Tilskipun um heimaskírn barna.
1736 Forordning áhrærandi uppvaxandi ungdómsins Confirmation og staðfestingu í hans skírnarnáð.
1744 Konungsbréf um Confirmation.
1759 Tilskipun um fermingu.
1764 Prestastefnusamþykkt um sjúkravitjanir presta og aukatekjur.
1738 Konungsbréf um legorð andlegrar stéttar manna.
1740 Konungsbréf um afsetta presta.
1756 Konungsbréf um uppreist presta, er vikið hefur verið frá embætti.
1708 Konungsbréf um ráðstafanir gegn prestum þeim, er láta prestsetrin falla og níðast niður.
1744 Tilskipun um tilhlýðilegt helgihald sabbatsins og annarra helgra daga á Íslandi.
1749 Konungsbréf, er löggildir máldagabók Gísla biskups Jónssonar.
1789 Tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir.
1786 Konungsbréf um sölu kirkjueigna.
1751 Konungsbréf um eigendaskipti að bændakirkjum.
1740 Konungsbréf um portionsreikninga bændakirkna.
1747 Konungsbréf um gegnumdregnar bækur kirkna.

Lagaákvæði frá 19. öld.

1827 Tilskipun um vald biskupa til að veita undanþágur frá fermingartilskipunum.
1847 Tilskipun, er nákvæmar tiltekur það, sem fyrir er mælt í reglugerð fyrir Ísland 17. júlí 1782 um tekjur presta og kirkna o. fl.
1847 Tilskipun um fardaga presta á Íslandi og um réttindi þau, er prestur sá, sem frá brauði fer, eður erfingjar hans, og einkum ekkjan, eiga heimtingu á.
1880 Lög um eftirlaun presta.
1884 Lög um eftirlaun prestsekkna.
1890 Lög um innheimtu og meðferð á kirknafé.
1890 Viðaukalög við lög nr. 5 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.
1828 Bréf Kansellíisins um tilhögun á kirkjuhurðum.
1882 Lög um leysing á sóknarbandi.
1886 Lög um utanþjóðkirkjumenn.

Hér hefur nú verið talið það helzta af íslenzkri löggjöf um kirkjumál, sem flutningsmaður þessarar tillögu telur brýna þörf á að endurskoða og fella saman

í heilsteyptan lagabálk, er í aðgreindum köflum geri hverjum málefnaflokki full skil í því formi, sem bezt hentar málefnum kirkjunnar, eins og þróun þeirra mála er nú komið í landi voru.

Reyndar er svo líka ýmislegt af lögum seinustu áratuga um þessi efni einnig orðið úrelt og ósamstætt, og er að sjálfsögðu til þess ætlazt, að þau lög verði jafnframt tekin til endurskoðunar ásamt hinni eldri löggjöf.

Kennslumálalöggjöfin hefur á seinustu árum hlotið svipaða endurskoðun og hér er gert ráð fyrir. Þá má og segja, að íslenzk heilbrigðis- og félagsmálalöggjöf sé komin í nýtízkuform, eins og bezt gerist nú hjá hinum fremstu menningarþjóðum. — Þyrfti þannig að halda áfram stefnunni að endurskoða og umsemja hvern málefnaflokk íslenzkrar löggjafar út af fyrir sig og fela þau störf þeim mönnum, sem færastir eru og nákunnugastir málum, — nema burtu úrelt ákvæði og samræma og samhæfa kröfum samtíðarinnar, það sem á stangast og ekki fullnægir lengur kröfum tímans. Mætti þannig takast að koma þessu umfangsmikla og nauðsynlega verkefni í framkvæmd á tiltölulega skömmum tíma.

Sþ. 189. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun laga um lögræði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir dómsmálaráðherra að skipa nefnd þriggja sérfróðra manna til að endurskoða lög nr. 60 14. nóv. 1917, um lögræði, einnig með sérstöku tilliti til andlega og líkamlega vanheils fólks, er nauðsyn ber til að ráðstafa gegn vilja þess, enda sé þess vandlega gætt, að skerða ekki frjálsræði slíks fólks meira en minnst verður komizt af með til að firra það sjálft eða aðra hættum af vanheilindum þeirra.

Endurskoðun laganna verði lokið svo tímanlega, að frumvarpið verði lagt fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Það er nokkuð almennt álit lögfræðinga, að lögin um lögræði hafi upphaflega ekki verið nógu vandlega samin. Eru þess líka mörg dæmi, að ýmis ákvæði þessara laga hafa reynzt lítt framkvæmanleg, og þurfa þau því gagngerðra breytinga við.

Að nokkrum ágöllum þessara laga er t. d. vikið í greinargerð frumvarps, sem nú er fram komið á Alþingi, um vernd barna og ungmenna, með þessum orðum:

„Í þessu sambandi þykir ástæða til að benda á, að ákvæði laga nr. 60 1917 um sviptingu sjálfræðis og fjárræðis eru mjög ófullkomin. Þannig vantar í lögin ákvæði um, hverjir eigi að hefjast handa um sviptingu sjálfræðis manns, og hvaða meðferð slík mál skuli hlíta í héraði. Auk þess eiga ákvæði laganna ekki alls kostar við, þegar fávitar, geðveikir menn, ofdrykkjumenn og eiturlyfjaneytendur eiga í hlut."

Þessi ummæli eru fyllilega á rökum reist.

En við lögin, eins og þau eru nú, er margt fleira að athuga: Maður er t. d. haldinn bráðum eða smitandi sjúkdómi, en hann fæst ekki af fúsum vilja til að láta leggja sig í sjúkrahús. Þá þarf þess með að svipta hann sjálfræði. Um það verður samkvæmt gildandi lögum að fá úrskurð héraðsdómara. Stefnuvottar skulu birta honum úrskurðinn. Úrskurðinn skal enn fremur birta í Lögbirtingablaðinu. Einnig skal innrita hann í þinglýsingarbókina og lýsa honum síðan í heyranda hljóði á varnarþingi þess, sem sjálfræði var sviptur. Ef viðkomandi maður, sem lögræði er sviptur, á fasteign eða skrásett skip eða rekur atvinnu, sem getið er í

verzlunarskrá, þá skal þinglýsa úrskurðinum um lögræðissviptinguna á varnarþingi fasteignar eða skips og bóka athugasemd um hann í verzlunarskrána. Allar ráðstafanir ósjálfráða manns eru ógildar o. s. frv., o. s. frv.

Undan slíkum ósköpum hörfa flestir, hversu brýn sem sjálfræðis- eða lögræðissviptingin er. — Hvað á líka öll þessi auglýsingastarfsemi að þýða? Hvers vegna þarf endilega að gereyðileggja tiltrú slíks manns almennt? Getur hann ekki verið fyrirmynd annarra manna um góða reglu, skilvísi og háttprýði í viðskiptum? Jú, vissulega. — Mörg fleiri dæmi mætti tilfæra til þess að sýna fram á, hversu fráleit, ómannúðleg og ómöguleg þessi lagaákvæði eru í framkvæmdinni, en þess ætti ekki að gerast þörf. Þetta liggur í augum uppi, og hér er ekki fram á annað farið en að færir sérfræðingar — lögfræðingar og læknar — verði til þess valdir að koma lagaákvæðum um þessi viðkvæmu efni í hóflegra og hnitmiðaðra form. Ætti það vissulega að geta tekizt, og áreiðanlega munu allir alþingismenn vilja gera sitt til, að þarna verði bót á ráðin.

Ed. 190. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   7. gr. laganna orðist svo:
   Hver maður, karl eða kona, sem orðinn er fullra 15 ára um nýár næst á undan gjalddaga, skal greiða árlega kirkjugjald kr. 1.50, að viðbættri meðalverðlagsvísitölu. Undanþegið þessu gjaldi er þó allt rúmfast fólk 67 ára eða eldra, svo og þeir, sem teljast til utanþjóðkirkjusafnaðar, er hefur löggiltan prest eða forstöðumann, enda nemi gjald þeirra hverju sinni eigi lægri upphæð en þeim hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar.
2. Við fyrirsögn frv. Aftan við fyrirsögnina bætist: og lögum nr. 72 27. júní 1941, um breyting á þeim lögum.

Nd. 191. Frumvarp til laga

um ráðstafanir vegna framleiðslu og útflutnings á afurðum bátaútvegsins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal með auglýsingu ákveða fiskverð til bátaútvegsins fyrir árið 1947, þannig að verð á þorski og ýsu, slægðum með haus, verði 65 aurar hvert kg, í stað 50 aurar samkv. auglýsingu frá 5. janúar 1946. Aðrar fisktegundir skulu hækkaðar til samræmis við þessa hækkun, að fengnum tillögum Landssambands ísl. útvegsmanna.

2. gr.

Eftir að sú fiskverðshækkun, sem um ræðir í 1. gr., er gengin í gildi, ábyrgist ríkissjóður hraðfrystihúsum landsins allt að 35 aura af hverju ensku pundi fob. af hraðfrystum þorsk- og ýsuflökum. Ábyrgð þessi kemur til greina að fullu, ef söluverð á hraðfrystum þorski og ýsuflökum reynist jafnt eða lægra en 1945 (98 aura pr. enskt pund). Reynist söluverð hærra en 1945, en þó lægra en 133 aurar pr. enskt pund, greiðir ríkissjóður hraðfrystihúsum það, sem á vantar það verð.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs tilsvarandi verðhækkun á öðrum hraðfrystum fiski en þeim, er um ræðir í fyrri mgr.

3. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs sölu á allt að 30 þús. tonnum af saltfiski fyrir bátaútveginn, sem framleiddur er árið 1947, er miðist við kr. 2.25 hvert kg af fullsöltuðum og fullstöðnum stórfiski (þorski) I. flokks fob. Ábyrgð skal tekin á tilsvarandi verði á öðrum tegundum saltfisks samkv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fengnum tillögum Landssambands ísl. útvegsmanna.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en um ræðir í 2. og 3. gr., eftir því sem hagkvæmt þykir.

5. gr.

Til þess að tryggja bátaútveginum sölu á afla sínum við því verði, sem tilgreint er í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa fisk til útflutnings, eftir því sem þörf krefur og hagkvæmt þykir.

6. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þeirra ráðstafana, er um ræðir í lögum þessum, þar á meðal um þau sönnunargögn, er hún telur þurfa fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksfiskverð, sem ákveðið er samkv. 1. gr., enda greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkv. lögum þessum.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947 og gilda um framleiðslu þess árs.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni atvinnumálaráðherra. Á fundi fjárhagsnefndar 9. des. var meiri hlutinn (ÁÁ, HB, SkG og JóhH) andvígur því að verða við ósk atvinnumálaráðherra um að flytja þetta frumvarp að svo komnu, svo að EOl flytur það sem minni hluti nefndarinnar. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv.:

Það má ekki dragast lengur, að gerðar séu ráðstafanir varðandi sölu á afurðum bátaútvegsins. Vertíð byrjar nú innan skamms, og er það því óhjákvæmileg nauðsyn til þess að tryggja rekstur útgerðarinnar, að ákveðið sé verð á ferskum fiski til sjómanna og jafnframt sé hraðfrystihúsum og þeim, er taka fisk til söltunar, tryggt það verð, að þeir geti greitt hið ákveðna ferskfiskverð.

Ákvarðanir þær, sem frumvarp þetta fjallar um, er nauðsynlegt að gera nú þegar, til þess að hægt sé að fá menn á bátana, ráða fólk í hraðfrystihúsin og gera ýmsar aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að geta hafið fiskveiðar í vertíðarbyrjun.

Ráðstafanir þær, sem í frumvarpinu felast, eru sprottnar af alþjóðarnauðsyn, vegna þess að enn ríkir fullkomin óvissa um sölu á afurðum útvegsins á svipaðan hátt og átti sér stað, er vetrarvertíð hófst í fyrra. Það getur engum blandazt hugur um það, að þjóðinni er svo mikil nauðsyn á því, að rekstur útgerðarinnar truflist ekki, að ráðstafanir til að hindra það verða að ganga fyrir öllu öðru. Af þessum sökum er ekki réttmætt að tala um ráðstafanir eins og þær, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, sem stuðning við bátaútveginn eingöngu, því þó þær séu það, þá er hér fyrst og fremst um að ræða aðgerðir til þess að forða aðalatvinnuvegi

þjóðarinnar frá hruni, sem mundi breiðast með leifturhraða um allt atvinnulíf þjóðarinnar.

Æskilegast hefði verið, að búið væri að gera samninga um megnið af afurðunum áður en vertíð byrjaði, en því er ekki að heilsa, sem stafar af ýmsum ástæðum, sem ekki verða raktar nánar hér. Það er illa farið, að ekki skuli hafa verið lögð alúð við það að halda þeim mörkuðum, sem tókst að fá í fyrra fyrir sjávarafurðir landsins, og auka þá. Þau viðskiptatengsl, sem knýtt voru við Sovétríkin s. l. ár, hafa rofnað, og þarf því nú, er samningar hefjast við þau á ný, að taka til frá byrjun.

Nú um nokkurt skeið hefur ríkt óvissa um stjórn á Íslandi, eða síðan í fyrri hluta október. Þetta hefur haft þau áhrif, að ekki hefur verið gengið að því að leysa þau vandamál útvegsins, sem frumvarp þetta fjallar um. En nú má ekki við svo búið standa. Hvað sem líður stjórnarmyndun, verður að tryggja rekstur útvegsins á komandi vertíð og framvegis, og ættu allir að geta verið sammála um það. Að láta reka á reiðanum í þessum efnum er sama og að stofna öllu atvinnulífi þjóðarinnar í beinan voða.

Verður nú með nokkrum orðum rætt um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með 1. gr. er ákveðið, að verð á þorski og ýsu (slægðum með haus) skuli hækka úr 50 aurum kg í 65 aura, eða um 30%. Þá gerir og þessi grein ráð fyrir, að verð á öðrum fiski hækki hlutfallslega, eftir því sem ástæður leyfa, að fengnum tillögum samtaka útvegsmanna. Þessi hækkun er nauðsynleg til þess að hlutarsjómenn geti haft svipaðar tekjur og verkafólk í landi í meðalveiði, Það er engin von til þess, að menn fáist á bátana, jafnerfitt og áhættusamt starf og það er, ef ekki er tryggt, að þeir geti borið eins mikið úr býtum og þeir hefðu í landi.

Um 2. gr.

Til þess að tryggja rekstur hraðfrystihúsanna, eftir að fiskverðið hefur verið hækkað um 30% frá í fyrra ofan á aukinn kostnað, er talið nauðsynlegt að tryggja húsunum kr. 1.33 fyrir hvert pund af flökum fob., þó þannig, að þau beri sjálf sömu áhættu og þau gerðu í fyrra, þ. e. verði sjálf að ábyrgjast 98 aura af því. Verðhækkun frysta fisksins sundurliðast eins og hér segir (miðað við 1 lbs. fob):

Enska verðið 1945	kr. 0.98
Hækkun fiskverðs 1946 (um 5 aura kg)	— 0.06
Hækkun fiskverðs 1947 (um 15 aura kg)	— 0.18
Til þess að standast hækkun á visitölu og öðru	— 0.11
	Kr. 1.33

Þetta verð ætti að tryggja hraðfrystihúsum góða afkomu, einkum ef það tekst að tryggja húsunum öra afskipun, eins og ráð er fyrir gert, enda er þá gert ráð fyrir, að ekki verði veruleg breyting á visitölu.

Á s. l. ári var útflutningsverð yfirleitt nokkru lægra en kr. 1.33 pr. pund, en þó er engan veginn útilokað, að unnt verði að fá það nú.

Í síðari málsgrein er ríkisstjórninni veitt heimild til að ábyrgjast verð á öðrum tegundum frosins fisks, og þar bæði átt við aðrar fisktegundir en þorsk og ýsu og enn fremur fisk í öðrum umbúðum en þeim, er notaðar voru á enska markaðnum 1945. Mundi verða leitað álits félagssamtaka útvegsmanna áður en frá þeim ábyrgðum yrði gengið.

Um 3. gr.

Þrátt fyrir það, að ekki standa miklar vonir til þess, að unnt verði að fá markað fyrir ísaðan fisk á komandi vetrarvertíð, þykir ekki ástæða til að ætla, að framleitt verði meira en 30 þús. tonn saltfisks á árinu, því að sjálfsögðu yrði lögð á það höfuð-

áherzla að hraðfrysta sem mest af aflanum. Ef saltfisksframleiðslan reynist meiri, yrði að taka um það ákvarðanir í tæka tíð, hvort þetta magn skuli aukið eða ekki.

Ábyrgðarverðið, kr. 2.25 pr. kg, er allmiklu hærra en ábyrgðarverðið í fyrra, þó að tillit sé tekið til fiskverðshækkunarinnar.

Um 4., 5., 6. og 7. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 192. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

a. Aftan við orðin „skal vera fimm manna nefnd“ í 1. mgr. 2. gr. laganna bætist við orðin: og fimm menn til vara.
b. Í stað „þriggja almanaksára“ í 2. mgr. sömu lagagreinar komi: fimm almanaksára.

2. gr.

a. A-liður 3. gr. laganna orðist svo:
Að sérleyfið gildi fyrir fimm ár og sé óframseljanlegt.
b. E-liður sömu lagagreinar orðist svo:
Að sérleyfishafi sé skyldur að flytja póst eftir gjaldskrá og reglum, er ráðherra setur.

3. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nefnd sú, sem skipuð er samkvæmt 2. gr., og sú stofnun, sem fer með þessi mál, skulu hafa sem nánasta samvinnu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1947.

Greinargerð.

Frv. er flutt samkv. ósk samgöngumálaráðherra, en nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um einstök atriði málsins, og mun nefndin taka það frekar fyrir milli umræðna. Frá ráðuneytinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Frá félagi sérleyfishafa hefur komið fram ósk um breytingu á nokkrum atriðum í lögum um skipulag fólksflutninga með bifreiðum, og hefur ráðuneytið að fengnum tillögum póst- og símamálastjórnar og skipulagsnefndar fólksflutninga talið rétt að verða við þeim óskum. Er hér um að ræða breytingar á 2. og 3. gr. laganna.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að skipulagsnefnd fólksflutninga sé skipuð til 5 ára í stað 3 ára, eins og nú er. Er sjálfsagt, að nefnd þessi sé skipuð fyrir jafnlangan tíma og sérleyfistímabilið, en í 2. gr. frumvarpsins er ætlazt til, að það lengist úr 3 árum í 5 ár.

Um 2. gr.

Það er talið æskilegt, að sérleyfistímabilið, sem samkvæmt núgildandi ákvæðum er 3 ár, verði lengt í 5 ár með tilliti til þess, að sérleyfishafar séu þá fúsari til að leggja í þann kostnað, sem þarf til góðra og hentugra vagna, heldur en ef þeir gætu átt á hættu að halda sérleyfinu aðeins í 3 ár.

Um 3. gr.

Í gildandi lögum er svo til orða tekið, að sérleyfishafar séu skyldir að flytja ákveðið magn pósts ókeypis eftir reglum, er ráðherra setur. Hefur þetta verið framkvæmt þannig, að sérleyfishafar hafa fengið greitt fyrir allan póstflutning eftir þyngd hans sem svarar hálfu sætiskílómetragjaldi miðað við 100 kg farþegaþyngd. Sérleyfishafafélagið hefur farið fram á, að ákvæðið um póstflutninga yrði fellt niður. Þykir það ekki rétt, en hins vegar eðlilegt, að ráðherra sé falið að ákveða það, þannig að það gæti færzt meira til samræmis við þá venju, sem viðhöfð hefur verið.

Nd. 193. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Til byrjunarframkvæmda samkvæmt 1. gr. heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að 38 millj. króna.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 57 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt samkvæmt ósk atvinnumálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundið atkvæði um málið. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv.:

Nauðsyn ber til að hækka lántökuheimild ríkisstjórnarinnar vegna byggingar síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði og Skagaströnd upp í 38 milljónir króna, og skýrskotast í því efni til skýrslu byggingarnefndar síldarverksmiðjanna, dags. 30. f. m., sem prentuð er hér á eftir ásamt 3 fylgiskjölum.

Fylgiskjal.

BYGGINGARNEFND SÍLDARVERKSMIÐJA RÍKISINS

Reykjavík, 30. nóvember 1946.

Byggingarnefnd leyfir sér hér með að senda hinu háa ráðuneyti yfirlit um byggingarkostnað síldarverksmiðjanna á Siglufirði og Skagaströnd, sundurliðað í aðalatriðum. Eru tilgreindir helztu aðilar, sem höfðu með höndum eða önnuðust framkvæmd einstakra hluta verksins, og helztu kostnaðarliðir hjá hverjum fyrir sig. Hér er þó engan veginn um endanlega flokkun að ræða. Auk þess hefur byggingarnefnd ekki enn samþykkt nema nokkurn hluta reikninganna, vegna þess að eigi hefur enn þá unnizt tími til þess að yfirfara þá nema lauslega, og má því vænta, að einhverjar smávegis breytingar geti á þeim orðið.

Nokkuð hefur verið sameiginlegt fyrir báðar verksmiðjurnar, og er ekki að svo stöddu lögð áherzla á nákvæma sundurliðun þeirra upphæða.

Í sambandi við aðalverktakana skal þessa getið:

Vélsmiðjan Héðinn tók að sér að smíða meginhluta þess, sem hugsanlegt var, að smíðað yrði hér á landi, þar af meiri hlutann eftir tilboði, en sumt varð að smíða

eftir reikningi, með því að tími var ekki til stefnu til að ákveða gerð eða stærð allra vinnslu- og flutningstækja og síðan bíða eftir tilboðum. Af tækjum og efni, sem Héðinn útvegaði erlendis frá, eru stærstu liðirnir efni í stálgrindarhús til mjölgeymslu og lýsisgeyma.

Vélsmiðjan Héðinn tók að sér uppsetningu allra véla og tækja að fáu undanskyldu. Voru fagmenn sendir frá Reykjavík, en þeim til aðstoðar voru allmargir verkamenn á hvorum stað. Launagreiðslur allar eða taxtar hér að lútandi, svo og aðrar í sambandi við verkið, voru að sjálfsögðu samkvæmt ákvæðum verðlagsnefndar, ef ekki var um ákvæðisvinnu að ræða.

Um lið 4 er það að segja, að þar af er nokkuð ónotað, og verður það afhent verksmiðjustjórn, ef þess er óskað, en að öðrum kosti verður það endursent eða því komið í verð á annan hátt. Getur það að sjálfsögðu ekki talizt til stofnkostnaðar.

Þetta gildir og um nokkuð af efni til raflagna.

Almenna byggingarfélagið h/f tók að sér að reisa hús öll (að undanskildum grindum mjölgeymsluhúsa) og framkvæma annað byggingarlegs eðlis. Ekki gat verið um að ræða að taka þetta að sér í ákvæðisvinnu, með því að enginn undirbúningstími var til áætlana og útreikninga, sem nauðsynlegir voru í þessu skyni, heldur varð þegar að hefja framkvæmdir, ef nokkur von átti að vera til þess, að verksmiðjurnar kæmu að gagni á vertíðinni 1946, svo sem kappkosta átti samkvæmt fyrirmælum atvinnumálaráðherra. Eftir allmiklar umræður og samningsumleitanir, varð það úr að ákveða fasta upphæð fyrir umsjón með verkinu, og var þar í innifalið kaup og allur kostnaður vegna aðalverkstjóra á báðum stöðunum ásamt skrifstofuhaldi þar. Er sýnilegt, að þetta hefur orðið hagkvæmara en að greiða hundraðshluta af vinnulaunum og akstri, svo sem algengt er, enda þótt um stiglækkandi greiðslu hefði verið að ræða, eins og í ráði var upphaflega. Byggingarnefndin leyfir sér að láta fylgja hér með eintak af ákvæðum þeim, sem verktakar vilja láta gilda í þessu efni. Er óhætt að fullyrða, að þeir, sem tekið geta að sér framkvæmdir stórra mannvirkja, hafa engan sérstakan áhuga á því að taka að sér verk langt frá heimilum sínum, þar sem umsjón öll er mun erfiðari og dýrari en í námunda við aðsetursstað verktaka.

Byggingarnefndin hefði að sjálfsögðu kosið að geta samið um lægri upphæð en raun varð á, en hér er við ramman reip að draga, enda flestum kunnugt, hvílíkt þjóðfélagsvandamál byggingarframkvæmdir allar eru orðnar hér á landi.

Samkvæmt samningi bar A. B. F. að aðstoða byggingarnefnd við útvegun hvers konar byggingarefnis án nokkurrar aukaþóknunar. Þegar byggingarnefndin tók til starfa, var mjög mikill hörgull á hvers konar byggingarefni, en síldarverksmiðjur ríkisins áttu nokkurt efni, sem nefndin fékk til umráða, og nokkuð fékkst að láni hjá hafnarnefnd Skagastrandar. A. B. F. hefur ekki pantað sjálft neitt byggingarefni á vegum nefndarinnar, en áður en nefndin tók til starfa, hafði félagið keypt timbur í Svíþjóð og leigt skip til flutnings á timbrinu. Eins og sakir stóðu taldi byggingarnefnd sér nauðsynlegt að fá þetta timbur til umráða og komst að samkomulagi um það, að félagið fengi ekki nema helming löglegrar álagningar.

Hér er ekki hægt að ræða um einstök atriði, en þess má þó geta, að álagning verzlunarfélags þess, sem útvegaði járn og sement, var 3%.

Í byggingarkostnaði Siglufjarðarverksmiðjunnar er meðtalin nokkur upphæð, sem S. R. ber að greiða vegna þátttöku í byggingu mjölskemmu, aflstöðvar, ketilhúss og reykhafs, vegna stækkunar S. R. 30.

A. B. F. kostaði skrifstofu bæði á Skagaströnd og Siglufirði. Félagið hafði meðal annars með höndum útvegun allra trésmiða og verkamanna og sá um vinnuskýrslur, útborgun vinnulauna og greiðslu hvers konar daglegs kostnaðar. En byggingarnefnd hafði eftirlitsmann á hvorum stað. Byggingarnefnd réð Magnús Vigfússon byggingarmeistara sem aðaleftirlitsmann með öllum byggingarframkvæmdum. Magnús Vigfússon var tilnefndur í byggingarnefnd af S. R. Hafði hann verið í þjónustu verksmiðjanna undanfarin ár og meðal annars haft með höndum byggingu Raufarhafnarverksmiðjunnar.

Í sambandi við byggingarkostnað verksmiðjanna, sem mörgum mun vaxa í augum, má benda á nokkur atriði óvanalegs eðlis, sem höfðu talsverðan kostnað í för með sér.

Á Skagaströnd þurfti að byggja íbúðar- og mötuneytisskála, koma upp vélsmiðju og byggja geymsluskemmur. Þetta mun hafa kostað um 600 þús. krónur. Þessi mannvirki eru allmikils virði og verða yfirleitt notuð á einhvern hátt af S. R., þótt ekki geti þau reiknazt við afhendingu með fullu kostnaðarverði. Þá er alkunnugt, að sprengja þurfti upp grjót og flytja það ásamt möl og sandi til uppfyllingar undir flest mannvirki, sem hér var um að ræða, með því að mestallt svæði það, sem byggt var á, var fyrir neðan sjávarmál. Þá þurfti m. a. að kosta flutning á stóru geymsluhúsi, sem höfnin átti.

Á Siglufirði þurfti að rífa nokkuð af eldri mannvirkjum og einnig að fylla nokkuð upp fram í sjó, til þess að koma þró og verksmiðjubyggingu haganlega fyrir. Nýbyggingin þurfti einnig að kosta byggingu mjölgeymsluplúss fyrir 2000 tonn, í stað mjölskemmu S. R., sem tókst að nokkru af við byggingu nýju verksmiðjunnar. Lóð sú, sem keypt var undir mjölskemmur (um 6500 m^2), þurfti uppfyllingar, sem ekki mun kosta undir ca. 300 þús. kr., og fleira mætti telja, sem ekki þarf að jafnaði að reikna með við byggingu nýrra verksmiðja.

Um lóðir og eignir, sem keyptar voru á Siglufirði, má geta þess, að nokkuð þeirra er keypt með frekari aukningu fyrir augum og tilheyrir því ekki að öllu nýbyggingunni, þótt það sé í bili fært henni til reiknings.

Þótt byggingarkostnaður verksmiðjanna sé hár, verður ekki annað séð en að hann sé eðlilegur með tilliti til þeirrar verðhækkunar, sem orðið hefur síðan fyrir nýafstaðna heimsstyrjöld.

Raufarhafnarverksmiðjan, sem tók til starfa sumarið 1940, kostaði rúmar 2 millj. kr. Afköst þessarar verksmiðju fyrstu 5 árin voru að meðaltali um 4000 mál á sólarhring. Ætla mætti, að verksmiðja með tvöföldum þessum afköstum, sem ekki er fjarri að reikna Skagastrandarverksmiðjuna, hefði kostað um 3.5 millj. árið 1939—1940. Byggingarkostnaður Skagastrandarverksmiðjunnar er ca. 5-föld þessi upphæð. Munu þeir, sem reynslu hafa á þessu sviði, bezt geta dæmt um það, hvort hér sé um nokkurn óvenjulega háan byggingarkostnað að ræða. Í þessu sambandi má benda á, að án þess að gert sé lítið úr Raufarhafnarverksmiðjunni á nokkurn hátt, getur hún ekki að öllu leyti talizt sambærileg við Skagastrandarverksmiðjuna, eins og henni er ætlað að verða.

Hér er enn ótalið, að með tiltölulega litlum kostnaði má auka afköst Skagastrandarverksmiðjunnar upp í 10—12 þús. mál á sólarhring. Til þessa þarf lítið annað en bæta nokkru við uppfyllingu, breikka verksmiðjuhúsið um ca. 6 m, tvær hæðir, og koma þar fyrir einni pressu og þurrkara ásamt nokkrum smærri tækjum. Ketilhús, aflstöð, lýsisgeymar o. fl. þarfnast engrar viðbótar.

Siglufjarðarverksmiðjan er tiltölulega ódýrari en Skagastrandarverksmiðjan, með því að byggingarkostnaður hennar verður 19—20 millj., en afköstin 10—12 þús. mál á sólarhring, enda er ekki gert ráð fyrir aukningarmöguleikum í sambandi við hana.

Meðan á stríðinu stóð, var byggð 2500 mála verksmiðja á Ingólfsfirði, sem stækkuð hefur verið upp í ca. 5000 mála afköst á sólarhring. Oss er ekki fullkunnugt um, hver kostnaður hefur orðið við byggingu þeirrar verksmiðju.

Sumir telja, að með fullnægjandi mjölskemmum og lýsisgeymum muni kostnaðurinn verða um 8 millj., og er ástæða til að ætla, að þetta sé ekki fjarri lagi, en aðrir nefna jafnvel 10 millj.

Sé tekið tillit til þess, að þegar bygging Ingólfsfjarðarverksmiðjunnar hófst, en hana munu einhverjir vilja nefna til samanburðar, voru vinnulaun jafnvel margfalt lægri en nú er orðið, verður ekki annað séð en byggingarkostnaður síldarverksmiðja ríkisins muni vera sambærilegur við byggingarkostnað Ingólfsfjarðarverksmiðjunnar.

Byggingarnefndin sér ekki ástæðu til að fara um þetta mál fleiri orðum að svo stöddu, en mun þegar þar að kemur, að gengið hefur verið frá öllum reikningum og

verksmiðjurnar afhentar að fullu, láta fylgja athugasemdir um sitt hvað af því, sem haldið hefur verið fram í sambandi við byggingu umræddra verksmiðja og mörg blöð landsins hafa flutt með stórletruðum fyrirsögnum.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, og meðfylgjandi bráðabirgðareikningsyfirlits telur byggingarnefndin, að fjárveitingarheimild til þess að standa straum af kostnaði við byggingarframkvæmdir þær, sem hér um ræðir, þurfi að vera allt að 38 millj. kr.

Virðingarfyllst.

Byggingarnefnd síldarverksmiðja ríkisins.

Trausti Ólafsson.

Til atvinnumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Fskj. 1.

Siglufjarðarverksmiðjan.

Vélsmiðjan Héðinn h/f.			
1. Smíðað samkv. tilboði	kr.		1998344.88
2. Smíðað samkv. reikningi	ca.	—	1100000.00
3. Útveguð tæki og efni í mannvirki		—	1572095.79
4. Efni og áhöld af „lager“		—	572319.65
5. Eikarspjöld í flutn.bönd (frá Slippnum)		—	25338.60
6. Uppsetning véla, lýsisgeyma, mjölhúsa o. fl.		—	1418745.54
7. Vinna verkam. til aðstoðar við lið 6		—	577435.65
8. Teikningar og útreikningar		—	24225.00
9. Ferðakostnaður o. fl.		—	57261.33
Stálsmiðjan h/f.			
10. Vinnulaun og vélaleiga		—	155849.59
11. Efni		—	12927.99
Johan Rönning h/f.			
12. Vinna við raflagnir		—	177784.63
13. Raflagnarefni		—	177844.10
Alm. byggingarfélagið h/f og aðrir.			
14. Vinnulaun		—	3567377.97
15. Akstur		—	626956.97
16. Sement		—	552496.85
17. Timbur		—	239345.67
18. Járn		—	274544.72
19. Byggingarefni (sandur, möl o. fl.)		—	319602.89
20. Rafmagnsvörur (jarðstrengir o. fl.)		—	231997.77
21. Fæðiskostnaður, húsaleiga o. fl.		—	407421.50
22. Innanlands farmgjöld		—	347458.45
23. Ýmislegt		—	151363.37
24. Vélaleiga, þar með talinn rekstrarkostn.		—	58538.81
25. Umsjónarlaun A. B. F. (og skr.st.hald á Sigluf., þar í laun yfirverkstjóra)		—	400000.00
26. Útreikningur járnbentrar steypu o. fl.		—	75000.00
27. Vélar og tæki pöntuð af byggingarn.		—	2700000.00
28. Rafmótorar og „variatorar“ (E. Ormsson h/f)		—	150000.00
29. Uppsetning, flutn. tækja í mjölhús, ýmsar lagfæringar og frágangur		—	300000.00
30. Skrifstofu- og nefndarkostnaður, laun umsjónarm., ferðakostn., teikn. o. fl.		—	250000.00
31. Vextir og lántökugjald	ca.	—	850000.00
32. Keyptar lóðir og húseignir		—	443350.35
	Samtals	kr.	19842628.07

Fskj. 2.

Skagastrandarverksmiðjan.

Vélsmiðjan Héðinn h/f.			
1. Smíðað samkv. tilboði	kr.		1446400.00
2. Smíðað eftir reikningi	—		1069487.16
3. Útveguð tæki og efni í mannvirki	—		1288709.45
4. Efni og áhöld af lager	—		756194.86
5. Eikarspjöld í flutningsbönd (Slippurinn)	—		25338.60
6. Uppsetning véla, lýsisgeyma, mjölhúsa o. fl.	—		1247104.80
7. Vinna verkam. til aðstoðar við lið 6.	—		482492.64
8. Teikningar og útreikningar	—		24224.53
9. Ferðakostnaður o. fl.	—		39599.58
Stálsmiðjan h/f.			
10. Vinnulaun (við lýsisgeyma)	—		116666.25
11. Efni	—		14058.54
12. Ferðakostnaður	—		693.00
Johan Rönning h/f.			
13. Vinna við raflagnir	—		242721.27
14. Efni til raflagna	—		218675.95
Almenna byggingarfélagið h/f.			
15. Vinnulaun	—		3380466.59
16. Akstur	—		641569.67
17. Sement	—		453270.41
18. Timbur	—		266512.60
19. Járn	—		273792.54
20. Byggingarefni (í bragga, vöruskemmur o. fl.)	—		429694.05
21. Vélaleiga	—		324449.92
22. Ýmislegt	—		245544.09
23. Vélsmiðja	—		26981.07
24. Rafmagnsvörur (jarðstrengir o. fl.)	—		136946.02
25. Innanlandsfarmgjald	—		97226.85
26. Vélar o. fl.	—		66665.34
27. Kostnaður við matarfélag	—		333338.14
28. Umsjónarlaun (þar í laun yfirverkstj. og skrifstofuhald á Skagaströnd)	ca.	—	400000.00
29. Útreikningur járnbentrar steypu o. fl.	—	—	65000.00
30. Vélar og tæki pöntuð af byggingarnefnd	—	—	2200000.00
31. Rafmótarar og tæki til breyt. hraða á pressum	—	—	130000.00
32. Unnið með eigin bifr. og tækjum (að meðt. kaupverði tækjanna)	ca.	—	400000.00
33. Uppsetn., flutningur tækja í mjölskemmur og ýmsar lagfæringar og frágangur	ca.	—	225000.00
34. Skrifstofu- og nefndarkostnaður, laun umsjónarmanna, ferðakostnaður, teikningar o. fl.	ca.	—	200000.00
35. Vextir og lántökugjald	—		850000.00
	Samtals	kr.	18118823.86

Fskj. 3.

Uppkast að reglugerð um umsjónarþóknun til meistara í húsasmíði.

1. gr.

Þegar trésmíðameistari tekur að sér verk og semur um það við verkeiganda, ber meistaranum að tilkynna verkeigandanum þær kvaðir, ef óskað er, sem honum (verk-

kaupa) ber að standa kostnað af, svo sem orlof, flutning á verkamönnum að eða frá vinnustað, ef með þarf, svo og reglur um dagvinnutíma, eftirvinnu, nætur- og helgidagavinnu.

2. gr.

Taki meistari að sér verkstjórn og umsjón fyrir aðra á þann hátt, að hann sé ekki bundinn við að vinna sjálfur venjulega iðnaðarvinnu við verkið, fremur en hann sjálfur óskar, ber honum umsjónarlaun á þann hátt, að hann fær vissa greiðslu eða hundraðstölu (%) miðuð við útborguð vinnulaun þeirra manna, sem hann hefur umsjón yfir, þannig:

Af verki, sem nemur kr. 10000.00 eða minna, 20%. Af næstu 40 þúsundum 17%, og 15%, fari verkið yfir 50 þúsund krónur.

Innifalið í þessari þóknun er: Ábyrgð gagnvart byggingarnefnd, aðstoð um útvegun efnis, ráðning á mönnum, reikningshald svo glöggt yfir vinnulaunagreiðslur til hvers einstaklings, að það sjáist á hverjum tíma (skattstofan) og daglegt eftirlit. Þá ber og meistara að greiða slysatryggingargjöld svo og slysaviku, samkvæmt samþykkt viðkomandi iðnfélags.

Vinni meistari fagvinnu við verkið, ber honum tímakaup meistara auk þess, sem að framan getur.

3. gr.

Leggi meistari fram fé fyrir verkeiganda til efniskaupa, er honum heimilt að leggja 5% á slíka reikninga. Hann má og leggja sama álag á vinnulaunareikninga, sem hann greiðir fyrir verkeiganda, ef dráttur á greiðslunni frá verkeiganda hendi dregst meir en 3 vikur, enda hafi hann á tímabilinu verið krafinn um greiðsluna eða um þetta hafi verið samið á annan hátt.

Þá ber og einnig að leggja sama álag á flutningskostnað (bílk.), sem hann leggur út fyrir verkkaupa.

4. gr.

Láti meistari vinna eftir verðskrá iðnfélaganna (uppmælingu), ber honum ekki að leggja á nema 10%, enda ber honum þá ekki greiðsla á slysatryggingargjöldum eða áhættu af slysaviku.

5. gr.

A. Þegar meistari tekur að sér verk fyrir aðra, eða er ráðinn verkstjóri hjá öðrum meistara og er ráðinn með fullu tímakaupi meistara og hefur stöðuga vinnu við verkið, getur hann ekki átt kröfu til aukaþóknunar, enda sé vinna hans ekki önnur fram yfir dagleg störf en ábyrgð gagnvart byggingarnefnd og að halda dagskýrslu um vinnutíma þeirra manna, sem hann er settur yfir.

B. Sé vinna meistara margþættari en að framan greinir, t. d. að hann sé í ráðum með útvegun á efni, annist útreikning á vinnuskrám og sjái um að koma vinnulaunum til verkamanna, útvegi menn til verksins eða verði að standast kostnað af slysaviku, ber honum allt að 10% aukaþóknun miðað við vinnulaunagreiðslur þeirra manna, sem hann hefur yfir að sjá.

Þeir tímar, sem fara í úttekt á efni, teljast til unninna vinnutíma.

6. gr.

Þegar kaup er tekið samkvæmt B-lið 5. gr., er átt við hundraðsgjald (%) af vinnulaunum þeirra manna, sem meistarinn ræður yfir, sveinum, nemendum og verkamönnum, þó ekki af þeim verkamönnum, sem heyra undir umsjá meistara í öðrum fögum, ekki heldur af fagmönnum annarra iðngreina, nema þeir séu óháðir meistara sinnar iðngreinar eða þeir séu ráðnir af meistaranum og hann annist kaupgreiðslu til þeirra.

7. gr.

Meistara eða byggingarfélagi ber ekki að leggja til önnur verkfæri en algeng verkamannaáhöld (skóflur, haka), en séu vélknúin áhöld lánuð til verksins, hverju

nafni sem nefnist, ber verkeiganda að greiða leigu eftir þau eftir fyrir fram ákveðnum samningi, svo ber honum og að greiða flutningskostnað á mönnum, ef unnið er í þeirri fjarlægð frá bænum, að þess þurfi með.

Þá ber verkeiganda og að greiða viðlegukostnað, húsnæði, matreiðslu og þess háttar, einnig kostnað við vinnuskýli verkamanna.

Ed. 194. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Hver maður, karl eða kona, sem orðinn er fullra 16 ára um nýár næst á undan gjalddaga og gert er að greiða skatt til ríkisins eða útsvar til bæjar- eða sveitarfélags, skal greiða o. s. frv.

Nd. 195. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 170 [Sóknargjöld].

Frá Páli Zóphóníassyni.

Síðasta málsgr. falli niður.

Sþ. 196. Nefndarálit

um till. til þál. um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál eftir föngum.

Formaður viðskiptaráðs, dr. Oddur Guðjónsson, gaf nefndinni ýmsar mikilsverðar upplýsingar um málið. Gat hann þess, að við ákvarðanir á yfirfærslu gjaldeyris til námsmanna erlendis hefði verið hafðar til hliðsjónar upplýsingar, er viðskiptaráð hefði á sínum tíma fengið frá upplýsingaskrifstofu stúdenta.

Talið var, að í Ameríku mundu um 2000 dollarar nægja námsmanni yfir árið. Að vísu mun vera mjög misjafnlega kostnaðarsamt að dvelja í hinum ýmsu fylkjum Ameríku, svo að nokkur munur er á námskostnaði þar fyrir þær sakir.

Á Norðurlöndum var álitið, að um 8000 kr. nægðu námsmanni um árið, en á Englandi um 10 þúsund krónur.

Þeir námsmenn, sem hafa fjölskyldu fram að færa, hafa vitaskuld þörf á meiri yfirfærslu en einhleypir menn. En viðskiptaráð telur, að tekið hafi verið tillit til slíkra kringumstæðna við ákvarðanir gjaldeyrisyfirfærslu.

Nú í seinni tíð hefur kostnaður stórlega aukizt hjá námsmönnum erlendis yfirleitt frá því, sem áður var t. d. eins og í Svíþjóð og Ameríku. Stafar þetta af hækkun á húsaleigu og aukinni dýrtíð.

Formaður viðskiptaráðs gat þess á fundi allsherjarnefndar, að viðskiptaráð mundi framvegis við ákvarðanir sínar um gjaldeyrisyfirfærslu í þágu námsmanna erlendis taka fullt tillit til þarfa námsmannanna og einnig þess atriðis, hvort þeir væru einhleypir eða hefðu fjölskyldu fram að færa.

Af því, sem nú hefur verið tekið fram, sér nefndin ekki ástæðu til að leggja til, að þessi tillaga verði samþykkt. En nefndin væntir þess, að ríkisstjórnin sjái svo um, að námsmenn erlendis skorti ekki fjármuni til nauðsynja sinna sakir tregðu eða tómlætis á yfirfærslu gjaldeyris.

Um það atriði greinargerðarinnar fyrir tillögunni, að til séu dæmi þess, að nemendur hafi ekki fengið yfirfært nema 5—6 þús. kr. á ári, telur form. viðskiptaráðs, að það sé ekki því að kenna, að staðið hafi á yfirfærslu.

Nefndin leggur til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að af hálfu ríkisins verði séð svo um, að þeir menn, er dvelja við nám erlendis, fái nægan gjaldeyri yfirfærðan til nauðsynja sinna, sér Alþingi ekki ástæðu til að samþykkja tillögu þessa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. des. 1946.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskr., frsm.	Ásg. Ásgeirsson.
Sigurður Bjarnason.	Bjarni Ásgeirsson.	Sigfús Sigurhjartarson.
	Jón Sigurðsson.	

Ed. 197. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og er samþykk meginefni þess.

Nefndinni virðist rétt, að ljósmóðir, sem er sett til að þjóna nágrannaumdæmi um stundarsakir, fái óskert byrjunarlaun þess umdæmis, og er það í samræmi við ákvæði frv. um það, ef tveimur eða fleiri ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi. Þá þykir nefndinni rétt, að tekið sé tillit til sængurkonustyrks samkvæmt tryggingalögunum, áður en sveitarsjóði er gert að greiða ljósmóður fyrir sængurkonu.

Samkv. þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir „dýrtíðaruppbót“ í 5. málsgr. komi: verðlagsuppbót.
   b. Orðið „hálf“ í 6. málsgr. falli burt.
2. Við 3. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Ef sængurkona er svo fátæk, að hún, þrátt fyrir ákvæði 34. gr. laga um almannatryggingar frá 7. maí 1946, getur ekki borgað, þá á ljósmóðir heimting á, að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

Einn nefndarmanna, Guðm. Í. Guðmundsson, var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 9. des. 1946.

Jóhann Jósefsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Þorst. Þorsteinsson.
	Ásmundur Sigurðsson.	

Nd. 198. Frumvarp til laga

um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins á Rifi á Snæfellsnesi.

Flm.: Áki Jakobsson.

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera á sinn kostnað hafnarmannvirki á Rifi á Snæfellsnesi.

Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra.

Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar, fiskmóttökumiðstöð o. fl., sem nauðsynlegt má teljast við byggingu og rekstur hafnarinnar.

Ráðherra lætur gera heildarskipulagsuppdrátt af bæ með nútímasniði á Rifi. Skulu mannvirki þau, sem nefnd eru í þessari grein og 4. gr., falla inn í það heildarskipulag.

Í samráði við vegamálastjóra lætur ráðherra leggja og lagfæra vegi þá, sem nauðsynlegir eru til þess að koma Rifi í vegasamband við Ólafsvík og Sand og Snæfellsnes sunnanvert.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 5 millj. kr., er endurgreiðist að ⅓ úr hafnarsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir af ⅔ hlutum stofnkostnaðarins, auk árlegs rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa 3 menn: Hafnarstjóri skipaður af ráðherra þeim, er fer með hafnarmál, og tveir meðstjórnendur, annar tilnefndur af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, en hinn kosinn af sameinuðu Alþingi.

Skulu stjórnarmeðlimir vera búsettir á staðnum.

4. gr.

Þá skal og ríkisstjórnin láta reisa á Rifi á Snæfellsnesi fiskiðjuver, er fullnægi væntanlegri þörf bátaflotans. Skulu afköst og vinnutæki vera allt að því, er hér segir:

Hraðfrystihús, er hraðfrystir 30 tonn af flökum, og niðursuðuverksmiðja, er getur soðið niður 10 tonn, hvort tveggja miðað við 8 tíma vinnslu. Þá skulu og í fiskiðjuverinu vera fiskimjölsverksmiðja og lifrarvinnslustöð, er nægi til að vinna úr öllum fiskúrgangi og lifur, er til fellst. Enn fremur skal í fiskiðjuverinu vera aðstaða til að salta allan þann fisk, sem vinnslustöðvarnar geta ekki unnið úr, þegar afli er sérstaklega mikill.

Þá skal reisa verbúðir við hæfi 30 báta og bátshafna.

5. gr.

Til þess að standast kostnað við byggingu þessa fiskiðjuvers er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 4 millj. kr.

6. gr.

Ráðherra sá, er fer með sjávarútvegsmál, setur með reglugerð nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmdum, stjórn og rekstrarfyrirkomulagi fiskiðjuversins.

7. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar og fiskiðjuversins mannvirki, er þarf til að gera hvort tveggja, og svo víðáttumikið land sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót eða möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

Ríkið skal tryggja sér eignarhald á landi í kringum Rifsós með tilliti til væntanlegrar bæjarmyndunar.

8. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

9. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

10. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 8. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
   a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
   b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.

c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
f. Leiga af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2. a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess til þess að víkja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fiskimiðin við utanvert Snæfellsnes, hin svokölluðu jökulmið, hafa um lengri tíma verið ein auðugustu fiskimið við strendur landsins. Enda þótt fiskur gangi þarna nær landi en víðast hvar annars staðar við strendur landsins, þá hefur íbúum við nesið utanvert ekki tekizt að hagnýta þessi fengsælu mið að neinu ráði. Orsökin til þessa er hafnleysið, sem meinar oft mönnum að róa í góðu veðri og hefur það einnig í för með sér, að menn verða að notast við litla og ófullkomna báta.

Hafnarbætur þær, sem gerðar hafa verið í sjávarþorpunum Sandi og Ólafsvík, eru það ófullkomnar, að ómögulegt er að halda þar úti til fiskveiða nema mjög litlum bátum. Algeng stærð fiskibáta á Sandi er 5—7 smálestir, og í Ólafsvík eru bátar lítið eitt stærri. Á báðum stöðum er aðstaðan til fiskveiða á svo litlum bátum mjög erfið. Hafnarmannvirki þau, sem byggð hafa verið, standa að mestu á þurru landi um fjöru, svo bátarnir geta ekki athafnað sig nema eftir sjávarföllum.

Þar eð hafnarmannvirki á fyrrnefndum stöðum eru byggð á grunnsævi, þar sem útfiri er mikið, er mikill brimgangur við landið, og torveldar það mjög sjósókn eða hindrar jafnvel algerlega um lengri tíma, stundum svo vikum skiptir, þrátt fyrir sæmilegt sjóveður á miðum úti, ekki hvað sízt ef góðum og traustum bátum, sem væru stærri en þeir, sem nú tíðkast, væri til að dreifa.

Allt atvinnulíf á þessum stöðum á við mjög mikla erfiðleika að stríða af þessum ástæðum, enda má segja, að það liggi í dvala um lengri eða skemmri tíma.

Hraðfrystihúsin, sem reist hafa verið á þessum stöðum, eiga í vök að verjast vegna hinna margvíslegu erfiðleika, sem hafnleysið hefur í för með sér. Eru sömu erfiðleikarnir á því að flytja fiskinn burtu og flytja til húsanna fiskumbúðir og aðrar nauðsynjar, sem rekstur þeirra þarfnast.

Algengt er, á meðan vetrarvertíð stendur yfir, að frystihúsin stöðvast um lengri tíma, vegna þess að ekki er hægt að koma framleiðslu þeirra í burtu. Eins og gefur að skilja, hefur ástand það, sem lýst hefur verið, hin mestu áhrif á afkomu alls almennings á þessum slóðum. Aflahlutir sjómanna s. l. vetrarvertíð voru um 5 þúsund kr., og má geta nærri um, hvernig afkoma þorpsbúa muni vera, þegar vitað er, að þetta er aðalbjargræðistími þeirra. Á öðrum tímum (en vetrarmánuðina) má heita, að algert atvinnuleysi sé í þorpum þessum.

Íbúar við utanvert Snæfellsnes hafa fyrir löngu séð, að við svo búið mátti ekki standa. Þeir komu auga á Rif á Snæfellsnesi, og að tilhlutan þeirra hefur vitamálastjóri látið fara fram rannsókn á hafnarskilyrðum þar, látið framkvæma nauðsynlegar mælingar og kortlagt staðinn.

Þessi rannsókn hefur leitt í ljós, að staðurinn, hin forna höfn, Rifsós, er að flestu leyti mjög heppilegt hafnarstæði.

Rifsós liggur á milli þorpanna Sands og Ólafsvíkur og eru vegalengdir á milli staðanna aðeins fáir kílómetrar. Ef vegasambandi væri komið á milli Rifs og þessara þorpa, gætu þau bæði haft svo til full not væntanlegrar hafnar.

Hafnargerð á Rifi er að áliti vitamálaskrifstofunnar tiltölulega mjög ódýr og auðunnin. Náttúran leggur til undirstöðurnar undir hafnargarðana, blágrýtisgranda, sem um leið skýlir hinu væntanlega athafnasvæði fyrir aðalbrimáttinni. Aðalverkið við sjálfa höfnina mun vera dýpkun á ósnum, en hann er nú fullur af sandi.

Eins og áður er sagt, hefur vitamálastjóri látið gera uppdrátt af staðnum og gert ákveðnar tillögur viðvíkjandi höfninni.

Auk náttúruskilyrðanna hefur Rif marga kosti sem hafnarstæði. Þaðan er örstutt á fiskimiðin, aðeins steinsnar á mótorbát frá Rifi að Kolluálsbrúnum, sem eru hin beztu fiskimið, og aðeins nokkurra klukkutíma ferð suður fyrir Malarrif, sem Akurnesingar sækja seinni hluta vetrar.

Að öllu samanlögðu virðist það liggja í augum uppi, að frá Rifi væri hægt að stunda sjó með miklum árangri, ef þar nyti hafnar við.

Í þessu sambandi má einnig minna á það, að heita má, að algert hafnleysi sé frá Patreksfirði alla leið til Reykjavíkur. Á Snæfellsnesi vantar tilfinnanlega líf-höfn, og munu fáir staðir vera ákjósanlegri heldur en Rif. Höfn á Rifi mundi því hafa stóraukið öryggi fyrir sjófarendur í för með sér.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að byggt verði allstórt fiskiðjuver á Rifi jafnhliða hafnargerðinni. Þetta verður að teljast nauðsynlegt með tilliti til fjárhagslegrar afkomu hafnarinnar og eins vegna þess, að að öðrum kosti yrði ekki unnt að hagnýta að neinu ráði afla þann, sem þangað bærist.

Gera má ráð fyrir, að væntanleg höfn á Rifi yrði mikið notuð af bátum víðs vegar að frá nálægari stöðum, sem að öðrum kosti þyrftu að sækja sjó lengra í burtu. Verður því að teljast nauðsynlegt að byggja verbúðir fyrir báta þessa og bátshafnir í sambandi við fiskiðjuverið, og enn fremur þyrftu að vera þar skilyrði til að salta fisk, sem ekki væri hægt að vinna úr á annan hátt.

Eins og áður er getið, eru lítil hraðfrystihús bæði á Sandi og í Ólafsvík. Þessi hraðfrystihús mundu njóta góðs af væntanlegri Rifshöfn, en þau eru allt of lítil til þess að taka við aflanum, sem gera verður ráð fyrir, að ykist mjög vegna fleiri og stærri báta, sem stunda mundu sjó frá Rifi.

Með byggingu landshafnar og fiskiðjuvers á Rifi væri lagður traustur grundvöllur að bættri efnahagslegri afkomu íbúanna á Snæfellsnesi. Auk þess væru skapaðir góðir möguleikar fyrir útgerðarmenn og sjómenn annars staðar að af landinu til viðlegu í Rifi.

Loks mundi aukin útgerð og fiskiðja á þessum slóðum vera hinn mesti búhnykkur frá hagsmunasjónarmiði alþjóðar.

Ákvæðin í þessu frv. um fiskiðjuver það, sem gert er ráð fyrir, að reist verði í sambandi við höfnina á Rifi, verða að sjálfsögðu samræmd ákvæðum þeim, sem Alþingi kann að setja um fiskiðjuver ríkisins, er það afgreiðir frv. um þau.

Hér fylgja sem fylgiskjöl álitsgerð vitamálastjóra ásamt tveim uppdráttum, sem henni fylgdu.

Fylgiskjal I.

Álitsgerð vitamálastjóra.

Reykjavík, 5. nóvember 1945.

Yfirlitsrannsókn fyrir hafnargerð að Rifi á Snæfellsnesi.

. . . . . .

Snemma vors 1944 var ég sendur á vegum vitamálaskrifstofunnar til þess að athuga aðstæður að Rifi, og dvaldi ég þar vikutíma. Ég gat þó hvergi nærri gert þær rannsóknir þá, sem gera þurfti til þess að geta gert ákveðnar tillögur um hugsanlega hafnargerð, en sýnt þótti, að staðurinn gæti verið þess verður, að ekki mætti láta hjá líða, að hann yrði rannsakaður til hlítar. Með aðstoð Friðriks Ólafssonar var það ákveðið, að sjómælingamenn, sem í sumar höfðu björgunarskipið Sæbjörgu til afnota, skyldu gera nauðsynlegar mælingar að Rifi. Þetta verk var svo framkvæmt í haust undir stjórn Péturs Sigurðssonar og Páls Ragnarssonar. Enn fremur var nú fyrir skömmu gerð botnrannsókn á fyrirhuguðu hafnarsvæði. Þessa rannsókn gerði Gunnar Gíslason stýrimaður eftir nánari fyrirmælum héðan frá skrifstofunni.

Nú liggja þau gögn fyrir, að unnt er að gera sér grein fyrir, hvernig haga ber fyrsta áfanganum að hafnargerð, ef í það verður ráðizt.

Það verður þá að leitast við með ekki meira en nauðsynlegum tilkostnaði að koma þessari höfn í gagnið, þannig að byrjunin verði árekstrarlaust liður í því, sem koma skal.

Við athugun á náttúruskilyrðum er eins og þetta leysist af sjálfu sér. Fyrst verður að koma aðalbrimbrjóturinn. Náttúran leggur til undirstöðuna, svo að upp

úr stendur um fjöru. Meira að segja alla leið fram á Rifshöfuð er hafnargarðurinn að mestu leyti tilbúinn.

Ef hafnargarður væri byggður alla leið fram á Tösku, þá myndast þar löng kví milli hans og landsins. Þessi kví þyrfti að lokast fyrir sauðaustan átt, sem er landátt. Meira en helmingur þessa garðs er á þurru um fjöru, og allur liggur hann á grunnu vatni. Innan á nokkurn hluta garðsins er tilvalið að leggja hafnarbakka með járnþili og dýpka rennu upp með honum. Þá væri lokið fyrsta áfanganum í hafnargerðinni. Bótin utan við garðinn mun fyllast af sjálfu sér af sandi og möl.

Hið eðlilega athafnasvæði liggur nú á Harðakampi, en þorpið, sem upp rís, er bezt sett í námunda við Sveinsstaði. Svæðið norður og vestur af verður óráðstafað hafnar- og athafnasvæði með praktiskt talað ótakmörkuðum vaxtarskilyrðum. Hólmkelsá rennur nú til sjávar skammt fyrir innan þetta hafnarsvæði. Hún flytur með sér ákaflega mikið af sandi, möl og vikri. Það gerir ekkert til, þótt hún fái að renna þarna fyrst um sinn, meðan á hafnargerðinni stæði. Þessi á rann áður meðfram Virkisklettum hjá Rifi, en á síðustu áratugum hefur hún breytt sér sitt á hvað. Torfi í Ólafsdal festi hana í rásinni á sínum tíma með mjög litlum tilkostnaði, en þetta verk var gert að engu vegna skemmdarverka skammsýnna manna. Ég býst við, að til þess að losna við óþægindi af þessari á fyrir fullt og allt ætti að veita henni gegnum kambinn hjá Björnssteini. Þar liggur straumur út með landi, svo að framburðurinn mundi berast burt frá hafnarsvæðinu. Verkið við að breyta ánni er ekki meira en það, að einn maður með stóra jarðýtu getur unnið það að mestu á fáum vikum.

Það hefur verið fundið þessu landsvæði til foráttu, að þar sé sandfok, og er það að vísu rétt. En ástandið er þó ekki verra en það, að allt landið má heita vel hálfgróið, þrátt fyrir miskunnarlausa fjárbeit, og mundi fljótt gróa upp, ef það fengi að vera í friði og áin gerð óskaðleg.

Í því tilfelli, að þarna yrði gerð landshöfn, yrði ríkið að eignast jörðina Sveinsstaði, sem Ólafsvíkurhreppur á nú, enn fremur Vaðstakksheiði, sem er einkaeign, enn fremur þrjú eyðibýli, Þæfustein, Skarð og Stapatún, og loks jörðina Rif, sem ríkið átti til skamms tíma, en illu heilli var seld fyrir fáum árum.

Bráðabirgða-kostnaðaráætlun fyrir hafnargerð að Rifi:


400 m garður út á Rifshöfuð á kr. 400 pr. m	kr.	160000.00
900 m garður eftir Þangskerjum og Kræklingaskerjum út á Tösku á 3100 kr. pr. m	—	2790000.00
150 m járnþil með fylling	—	900000.00
Dýpkun	—	500000.00
Ýmislegt	—	250000.00
	Kr.	4600000.00

Axel Sveinsson.

Fylgiskjal II.

Uppdrættir, sem fylgdu álitsgerð vitamálastjóra.





RIF

Bráðabirgðakort

1:10000

MESTA FLÓÐHÆÐ CA. 4.50 m

MÆLT I SEPT 1945 MEÐ ⅓ SÆBJÖRG
AF PÉTRI SIGURÐSSYNI OG PÁLI
RAGNARSSYNI

Sþ.

199. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á dýralífi í Hvammsfirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Mál þetta hefur verið tekið fyrir og rætt á nokkrum fundum. Auk þess var till. á þskj. 21 ásamt brtt. á þskj. 38 sendar til umsagnar atvinnudeildar háskólans.

Nefndin leggur til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram, í samráði við fiskideild atvinnudeildar háskólans og fiskimálanefnd, rannsókn á dýralífi í Hvammsfirði, Nýpsfirði og Nýpslónum, til þess að fá úr því skorið, hvort þessir staðir eru heppilegir til fiskiræktar. Kostnaður við rannsóknirnar greiðist að hálfu úr fiskimálasjóði og að hálfu af því fé, sem atvinnudeildinni er veitt til fiskirannsókna.
2. Fyrirsögn till. orðist svo:
   Till. til þál. um rannsókn á dýralífi í Hvammsfirði, Nýpsfirði og Nýpslónum.

Alþingi, 10. des. 1946.

Gísli Jónsson, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Helgi Jónasson.	Sig. Kristjánsson
Steingr. Aðalsteinsson, með fyrirvara	Ásmundur Sigurðsson, með fyrirvara.	Pétur Ottesen.

Nd.

200. Nefndarálit

um frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn vill ekki að svo stöddu veita öðrum ríkisborgararétt en þeim, sem fæddir eru á Íslandi eða hafa dvalið hér frá barnæsku. Minni hlutinn lítur hins vegar svo á, að rétt sé að fylgja þeirri meginreglu að veita þeim ríkisborgararétt, sem dvalið hafa hér á landi 10 ár eða lengur, enda liggi ekkert það fyrir, sem bendi til, að þeir séu ekki æskilegir ríkisborgarar.

Með tilliti til þessa leyfir minni hl. sér að leggja til, að nokkrum mönnum, sem hann veit persónuleg deili á, verði veittur ríkisborgararéttur, þótt þeir uppfylli ekki þau skilyrði, sem meiri hl. telur nauðsynleg. Minni hl. leyfir sér því að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:

1. Abraham, Robert Louis Eugen, söngstjóri í Reykjavík, fæddur 17. maí 1912 í Þýzkalandi.
2. Friedlaender, Heinz Karl, vélamaður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.

3. Goldstein, Peter Lothar, námsmaður í Reykjavík, fæddur 7. nóv. 1927 í Þýzkalandi.
4. Herlufsen, Harry Otto August, rakari á Ísafirði, fæddur 18. ágúst 1913 í Danmörku.
5. Klahn, Albert Gerhard Ferdinand, hljómsveitarstjóri í Reykjavík, fæddur 10. ágúst 1885 í Þýzkalandi.
6. Petersen, Aage Laurits, fulltrúi í Reykjavík, fæddur 14. des. 1879 í Danmörku.
7. Sonnenfeld, Kurt Gustav, tannlæknir á Siglufirði, fæddur 3. ágúst 1909 í Þýzkalandi.

Alþingi, 9. des. 1946.

Hermann Guðmundsson.

Nd. 201. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

28. gr. laga nr. 21 1. febr. 1936 orðist þannig:

Nemendur í íslenzkum fræðum geta valið um, hvort þeir ganga undir kandidatspróf eða meistarapróf. Kennararnir í íslenzkum fræðum dæma einir um úrlausnir í meistaraprófi. Meistarar greiða sama gjald fyrir prófvottorð sem kandidatar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni hæstv. menntamálaráðherra. Til skýringar málinu er birt hér sem fylgiskjal bréf háskólarektors og greinargerð heimspekideildar háskólans.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 28. febr. 1946.

Heimspekideild Háskólans hefur farið þess á leit við háskólaráð, að það gengist fyrir því, að 28. gr. háskólalaganna yrði breytt á þann veg, er greinir í meðfylgjandi lagafrumvarpi. Gerði deildin svofellda grein fyrir þessari beiðni sinni:

„Með reglugerð háskólans 9. okt. 1912 var stofnað meistarapróf í íslenzkum fræðum. Var það ekki aðeins miðað við, að nemandinn sýndi góða þekkingu á þessum fræðum, heldur og vísindalega hæfni. Þess vegna var gert ráð fyrir alltímafreku sérnámi og ritgerð, sem nemandinn ynni að í langan tíma. Þetta próf hélzt til 1934, er gerð var (15. febr.) reglugerðarbreyting, þar sem stofnað var kennarapróf í íslenzkum fræðum (tekið upp í háskólalögin 23. júní 1936). Ástæða þess, að það var tekið upp, var sú, að ekki virtist eðlilegt að heimta, að menn, sem aðeins hugðu á kennslu í framhaldsskólum, legðu á sig langvarandi vísindalegt sérnám auk hinnar almennu þekkingar í íslenzkum fræðum, sem af öllum hlýtur að vera heimtað.

Afstaða þessara tveggja prófa var ákveðin á þann hátt, að nemandi, sem tekið hefði kennarapróf, gæti að því loknu gengið undir meistarapróf. Reynslan hefur

sýnt, að heppilegra muni vera að haga þessu öðruvísi. Það hefur komið í ljós, að enginn kandidat með kennaraprófi hefur síðan gengið undir meistarapróf, hins vegar hafa, frá því kennaraprófi var komið á fót, 5 nemendur gengið undir meistarapróf samkvæmt hinum fyrri reglum, þ. e. án þess að taka kennarapróf (en rétt til þess höfðu þeir vegna þess, að þeir höfðu hafið nám, áður en breytingin var ger).

Samkvæmt þessu virðist heppilegt að greina þessi tvö próf sundur, og mun það vera í samræmi við það, sem tíðkast í þeim löndum, sem hafa próf skyldust þessum (Noregi og Danmörku). Telja má víst, að þó að kennaraprófið sé auðveldara, muni alltaf verða einhverjir nemendur, sem heldur kjósa að ganga undir meistarapróf, ef þeim er ekki gert því erfiðara fyrir um það. Enda er þetta alveg eðlilegt, og það virðist skynsamlegt að hafa þá skipun á þessum málum, að jafnt sé tekið tillit til þeirra, sem leggja mesta rækt við hagkvæma þekkingu, og hinna, sem hneigjast að vísindalegum rannsóknum. Hvors tveggja þarf við."

Háskólaráðið hefur fallizt á þessa tillögu deildarinnar, og leyfi ég mér því hér með að senda yður, herra menntamálaráðherra, frumvarp til laga um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936, er gengur í þessa átt, með beiðni um, að þér vilduð stuðla að því, að téð frumvarp verði að lögum.

Ólafur Lárusson,
rektor.

Til menntamálaráðherra.

Nd. 202. Frumvarp til laga

um matsveina- og veitingaþjónaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal og halda í Reykjavík skóla, er nefnist Matsveina og veitingaþjónaskólinn.

2. gr.

Skólinn skal veita hagnýta fræðslu þeim, sem gerast vilja matsveinar eða veitingaþjónar á skipum og gisti- og veitingahúsum.

3. gr.

Inntökuskilyrði eru:

1. að nemandi sé 16 ára eða eldri;
2. að hann sé ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða kvilla, sem geti orðið öðrum nemendum skaðvænn eða hættulegur;
3. að hann hafi óflekkað mannorð;
4. að hann hafi lokið miðskólaprófi samkvæmt lögum nr. 22 10. apríl 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu.

4. gr.

Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar skulu ákveðnar í reglugerð.

5. gr.

Kennslunni skal hagað þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar og framreiðslumenn á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verk-

lega námið. Námstími fyrir fullgilda matsveina og veitingaþjóna skal vera 3 ár, en heimilt er nemendum að verja nokkrum hluta námstímans í nám hjá meisturum í iðninni á veitingahúsi eða farþegaskipi, og skal kveða nánar á um það í reglugerð.

Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.

Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrifalega og háttprúða umgengni og snyrtimennsku.

6. gr.

Skólanum skal stjórnað af skólaráði, sem skipað sé fimm mönnum, er samgöngumálaráðuneytið skipar til 4 ára í senn. Einn skólaráðsmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu sambands veitinga- og gistihússeigenda og tveir án tilnefningar, og sé annar þeirra formaður.

Ráðuneytið ræður skólastjóra, sem jafnframt er bryti skólans, og aðra kennara, að fengnum tillögum skólaráðs.

7. gr.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni, kennaralið og réttindi þau, er skólinn veitir, o. fl.

8. gr.

Fyrstu fimm árin eftir að skólinn tekur til starfa, er skólaráði heimilt að veita undanþágu frá því inntökuskilyrði, er felst í 4. lið 3. gr. þessara laga.

9. gr.

Allur kostnaður við skólahaldið greiðist úr ríkissjóði, en heimilt skal þó skólaráði með samþykki ráðuneytisins að krefja nemendur um skólagjald, sem þá skal ákveðið í byrjun hvers skólaárs.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 203. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættismanna og starfsmanna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn getur ekki fallizt á þá hækkun, sem felst í frv. á aldurshámarki opinberra embættis- og starfsmanna. Þau sjónarmið komu fram í nefndinni, að ástæða kynni að vera til að breyta nokkuð til frá því, sem nú er, þó ekki að því marki, sem frv. ráðgerir, en breytingartillögur ekki fluttar í þá átt af nefndarmönnum.

Meiri hlutinn er því mótfallinn því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 9. des. 1946.

Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.	Hermann Guðmundsson.

Nd. 204. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættismanna og starfsmanna.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hl. nefndarinnar telur frv. að efni til réttmætt og vísar til greinargerðar þess og mun að öðru leyti gera nánari grein fyrir því í framsögu og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. des. 1946.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 205. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Á eftir II. 5 komi nýr liður:
Deildardalsá hjá Skuggabjörgum.

Ed. 206. Breytingartillögur

við frv. til l. um skipulag og hýsingu prestssetra.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., er orðist svo:
   Kostnað við byggingu prestsbústaða í kaupstöðum greiði ríkissjóður þó aðeins að ⅖ hlutum.
2. Við 5. gr.
   a. Fyrri málsliður orðist svo:
      Ríkissjóður lætur byggja prestsseturshús samkv. fyrirmælum þessara laga, svo fljótt sem verða má og eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgr., er orðist svo:
      Bygging prestsseturshúsa á jörðum ríkisins skal jafnan ganga fyrir byggingu annarra prestsbústaða.
   c. Á eftir 5. gr. kemur ný grein, er orðist svo (og breytist greinatalan eftir því):
      Andvirði seldra þjóðjarða og kirkjujarða skal varið til endurbóta á prestsseturshúsum í þeirri sókn, sem jarðirnar eru í.
3. Við 16. gr.
   a. Í stað orðanna „reistu samkvæmt lögum þessum“ í 1. málsgr. komi: reistu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þessara laga.
   b. Aftan við greinina komi ný málsgr., er orðist svo:
      Árgjald prests af prestsbústað í kaupstöðum, sem ríkið styrkir samkvæmt 2. mgr. 4. gr. þessara laga, skal vera ⅖ af því gjaldi, sem greitt er samkvæmt þessari grein af húsi á sambærilegum stað.
4. Við 30. gr. Greinina skal orða svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 207. Frumvarp til laga

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjarsjóði, og fer um upphæð þeirra eftir því, sem bæjarstjórn ákveður í samræmi við launakjör annarra starfsmanna kaupstaðarins.

Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði.

Launin skal greiða á manntalsþingi, og miðast upphæð þeirra við manntal umdæmis við síðustu áramót þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 500 krónur.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skulu árslaunin vera 500 krónur að viðbættum 16 krónum fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í umdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, skal deila íbúatölu jafnt á milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir 1600 krónur í byrjunarlaun.

Launin skulu hækka eftir 5 ár um 85 kr. og eftir önnur 5 ár um 85 kr.

Ef tveimur eða fleiri ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi fyrir það, að sýnt þykir, að umdæmin fást ekki skipuð hvort í sínu lagi, er ráðherra heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er nema mega allt að samanlögðum launum hinna fyrri umdæma.

Á laun þessi greiðist verðlagsuppbót af aðilum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans, hver þau skuli vera.

2. gr.

8. gr. laganna falli burt.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Landlæknir skal í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans semja reglugerð, er ráðherra staðfestir, um skyldur ljósmæðra og gjöld fyrir ljósmóðurstörf þau, er þær inna af hendi.

Ef sængurkona er svo fátæk, að hún, þrátt fyrir ákvæði 34. gr. laga um almannatryggingar frá 7. maí 1946, getur ekki borgað, þá á ljósmóðir heimting á, að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

4. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 63 1. des. 1944, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 208. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá Páli Zóphóníassyni og Hannibal Valdimarssyni.

a. Við 1. gr., tölul. 3. Í staðinn fyrir „5 ár“ á tveim stöðum komi: 3 ár.
b. Aftan við 5. gr. bætist: og skulu ljósmæðrum í fyrsta sinn greidd laun eftir þeim á manntalsþingum 1947.

Nd. 209. Frumvarp til laga

um tilraunastöð Háskólans í meinafræði.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Að Keldum í Mosfellssveit skal starfrækja tilraunastöð, er vinni að rannsóknum á búfjársjúkdómum og öðrum skyldum verkefnum, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Stofnun þessi nefnist Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, og skal hún lúta læknadeild Háskólans.

2. gr.

Forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði skal skipaður af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknadeildar Háskólans og yfirdýralæknis Íslands.

3. gr.

Við stofnunina starfi 3 sérfræðingar auk forstöðumanns. Skal einn þeirra vera efnafræðingur. Skulu þeir skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknadeildar, forstöðumanns tilraunastöðvarinnar og yfirdýralæknis. Forstöðumaður á sæti og atkvæðisrétt á fundum læknadeildar.

4. gr.

Forstöðumaður og fyrsti aðstoðarmaður taka laun eftir 5. flokki launalaga, en aðrir sérfræðingar samkvæmt 6. flokki. Laun annarra starfsmanna ákveðast af forstöðumanni, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins.

5. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum læknadeildar Háskólans og tilraunaráðs búfjárræktar, reglugerð um starfsemi og starfssvið tilraunastöðvarinnar.

6. gr.

Um lagningu vegar að tilraunastöðinni á Keldum frá þjóðveginum um Mosfellssveit gilda ákvæði IV. kafla vegalaga, nr. 101 1933.

7. gr.

Ákvæði laga nr. 64 7. maí 1940 gilda ekki um stofnun þessa.
Lög nr. 86 10. okt. 1946 eru úr gildi numin.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni Háskóla Íslands. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja við það breytingartillögur eða að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma við það.

Fylgir hér með sem fylgiskjal bréf rektors Háskólans til nefndarinnar ásamt skýringum hans á frv.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 13. nóv. 1946.

Hinn 4. júní s. l. gaf forseti Íslands eftir tillögum landbúnaðarráðherra út bráðabirgðalög um tilraunastöð á Keldum. Bráðabirgðalög þessi voru síðan lögð fyrir Alþingi, en breytt á ýmsa lund í meðförum Alþingis, og voru þau þannig breytt staðfest af forseta Íslands sem lög um rannsóknarstofnun háskólans í búfjármeinafræði, nr. 86 10. okt. 1946.

Breytingar þær, sem gerðar voru á bráðabirgðalögunum, voru ekki bornar undir háskólaráð né læknadeild Háskólans, og telja þessir aðilar, að ýmsar þeirra þurfi endurskoðunar við. Leyfi ég mér því að senda hinni heiðruðu menntamálanefnd neðri deildar meðfylgjandi frumvarp til laga um tilraunastöð Háskólans í meinafræði, með þeim tilmælum, að nefndin taki frumvarpið að sér til flutnings á Alþingi. Er frumvarpinu ætlað að koma í stað áður nefndra laga, og mun ég hér stuttlega greina frá því, um hvað frumvarpið er ólíkt lögunum.

Um fyrirsögn frumvarpsins.

Stofnunin hafði áður hlotið nafnið Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, og var það nafn valið til samræmis við orð gjafabréfs Rockefellersstjórnarinnar, er gaf fé til byggingar „Institute for Experimental Pathology". Verður ekki séð, að nein ástæða sé til þess að breyta þeirri nafngift. Tilraunastöð þessi verður útbúin með talsvert öðrum hætti en aðrar vinnustofur hér á landi, bæði að áhöldum, skilyrðum til dýrauppeldis o. fl. Það er þess vegna ekki óhugsandi, að henni yrðu auk búfjársjúkdóma fengin önnur verkefni til rannsókna, sem hún væri öðrum betur fær um að leysa af hendi, og er því óheppilegt að takmarka starfssvið hennar við rannsóknir búfjársjúkdóma einna. Er því orðið „meinafræði" tekið í nafn hennar í stað „búfjármeinafræði".

Um 1. og 2. gr.

Greinar þessar fela í sér þá breytingu eina, að hið eldra heiti stofnunarinnar er tekið upp á ný í samræmi við fyrirsögn laganna.

Um 3. gr.

Samkv. orðum 3. gr. laganna eru aðrir sérfræðingar við stofnunina en forstöðumaður ekki fastráðnir starfsmenn, heldur ráðnir „eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum hverju sinni", m. ö. o. frá ári til árs. Slíkt væri að sjálfsögðu algerlega óviðunandi, og mundi reynast gersamlega ókleift að fá hæfa menn til þessara starfa upp á þau býti. Er þetta fyrirkomulag og í ósamræmi við það, er tíðkast við hliðstæðar stofnanir hér í landi. Í frumvarpinu er þessu breytt og tala sérfræðinganna jafnframt ákveðin. Er það sama talan og gert var ráð fyrir frá upphafi, t. d. í áætlun þeirri, er ríkisstjórn Íslands sendi stjórn Rockefellersjóðsins í nóvember 1944 og sjóðurinn lagði til grundvallar ákvörðun sinni um gjöfina.

Þá er í 3. gr. frumvarpsins enn fremur ákveðið, að forstöðumaður eigi sæti og atkvæðisrétt á fundum læknadeildar. Er það að sjálfsögðu æskilegt, að stofnunin sjálf eigi fulltrúa í háskóladeild þeirri, er hún lýtur.

Um 4. gr.

Hér er um þá breytingu eina að ræða, að 1. aðstoðarmaður taki laun í 5. launaflokki. Er þetta gert með tilliti til þess, að maður sá, sem ráðgert er að taki við stöðu þessari, hefur nú laun af almannafé, er samsvara launum þessa launaflokks.

Um 5. gr.

Grein þessi er að efni samhljóða 5. gr. l. nr. 86 10. okt. 1946.

Um 6. gr.

Ákvæði greinar þessarar voru tekin upp í bráðabirgðalögin, en fyrir einhverja óaðgætni hafði þeim verið sleppt, er bráðabirgðalögin voru lögð fyrir Alþingi. Byrjað var á vegagerðinni samkvæmt heimild bráðabirgðalaganna, og hefur það komið sér illa, að þessi heimild féll niður áður henni væri lokið.

Um 7. gr.

Í l. nr. 64 7. maí 1940 eru engin ákvæði, er eiga við stofnun þessa eina, en hins vegar mörg ákvæði, sem bæði mundu gilda um hana, ef annað væri eigi ákveðið, og jafnframt um ýmsar stofnanir aðrar. Er að sjálfsögðu ástæðulaust að nema þau úr gildi nema að svo miklu leyti sem þau taka til þessarar stofnunar.

Ólafur Lárusson,
rektor.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Sþ. 210. Tillaga til þingsályktunar

um árlegar utanferðir nokkurra forstöðumanna ríkisstofnana.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að settur verði í fjárlög ár hvert hóflegur ferðastyrkur til 3—4 vikna dvalar erlendis fyrir forstöðumenn eða fulltrúa vegamála, vitamála, húsagerðar ríkisins og eftirlits ríkisins með rafmagnsframkvæmdum landsins. Skulu framangreindir forstöðumenn kynna sér framkvæmdir í Norðurálfu og Norður-Ameríku í þeim starfsgreinum, er þeir veita forstöðu. Skyldur skal hver af þessum forstöðumönnum að gefa skýrslu um ferðir sínar og birta þær opinberlega, almenningi til aukins skilnings á nútíma tækni við verklegar framkvæmdir.

Greinargerð.

Utanferðir tíðkast nú mjög, og það svo, að úr hófi keyrir. Munu á síðustu missirum hafa farið 5—7 menn frá Íslandi á flugmálafundi, þar sem betur hefði átt við að hafa einn fulltrúa. Samhliða þessu hefur verið sparað utanfararfé við forstöðumenn verklegra framkvæmda, þó að milljónir renni árlega gegnum hendur þeirra, og engin von, að forstöðumennirnir geti eingöngu með bókum og tímaritum fylgzt með í hinni hröðu tækniþróun nútímans. Auk þess eru allir forstöðumenn íslenzkra ríkisframkvæmda svo önnum kafnir við hin margbreyttu störf í víðáttumiklu landi, að daglegt annríki hindrar þá frá að sinna nýjungum, svo sem þeir mundu sjálfir vilja kynna sér til hlítar. Með þeim flugsamgöngum, sem nú eru komnar, mundi einn mánuður nægja til slíkrar ferðar og hægt að velja að nokkru þá tíma á árinu, þegar hlé er á framkvæmdum heima fyrir. Ef tekinn væri upp þessi háttur, mundi landið hagnast stórlega á slíkri nýbreytni.

Sþ. 211. Tillaga til þingsályktunar

um að gera Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu laxgenga ofan við rafstöðina hjá Brúum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu laxgenga frá Brúum og upp að Mývatni með tvenns konar aðgerðum:

1. Að fá hingað til lands enskan kunnáttumann til að segja fyrir um, hvernig gera megi fossana í Laxá hjá Brúum genga fyrir lax.
2. Að láta gera fullkominn laxaveg fram hjá fossunum við rafstöðina hjá Brúum og láta þann kostnað teljast með gjöldum við framhaldsvirkjun á þessum stað, en láta falla niður af hálfu ríkisins leigu fyrir notkun vatnsaflsins við orkuframleiðslu.

Greinargerð.

Laxá í Þingeyjarsýslu er fegursta vatnsfall hér á landi og þó að víðar sé leitað. Hún er laxgeng hálfa leið frá sjó og upp að Mývatni. En í gljúfrum ofan við Grenjaðarstað eru fossar og strengir á alllöngu svæði, og þar stöðvast laxagöngurnar. En í þessum gljúfrum er rafstöð sú, sem Akureyri hefur byggt. Eru þar bezt skilyrði til orkuvinnslu á öllu Norðurlandi, og má gera ráð fyrir, að þar verði, áður en langt um líður, fullvirkjuð 35—40 þús. hestöfl og orkan leidd um báðar Þingeyjarsýslur, Eyjafjörð og Skagafjörð. Ríkið á vatnsaflið í Laxárfossum, en mun ekki hafa krafizt leigu frá Akureyrarbæ að svo komnu. Er hér lagt til, að ríkið falli frá leigu fyrir orkuréttindi þessi, en láti í þess stað koma þá kvöð á virkjunina, að hún geri fossana laxgenga. Myndast þá ca. 20 km langt laxveiðisvæði frá Brúum að Mývatni eftir endilöngum Laxárdal. Er það mál manna, sem til þekkja, að slík aðstaða til laxveiða muni vera sjaldgæf í allri Evrópu. Fer þar saman fegurð og ró sveitarinnar og ágæti árinnar, sem fellur þar stall af stalli í hvítfyssandi strengjum. Þegar efri hluti Laxár yrði orðinn laxgengur, mætti telja, að þjóðarauðurinn hefði vaxið svo, að nema mundi milljónum króna.

Laxavegur sá, sem gera má í Brúagljúfri, mun vera um einn km á lengd. Þegar Akureyri hóf virkjun í Laxá, var stigi gerður í stíflugarðinn. Auk þess hét Akureyrarbær þá að sprengja á sinn kostnað rennu gegnum klappirnar fram hjá stöðvarhúsunum. Þar fyrir ofan er alllangur kafli, þar sem laxavegurinn er svo að segja sjálfgerður. En upp undir stíflugarðinum er gilið þröngt, og þarf allmiklu til að kosta fyrir laxaveginn. Hér á landi er enginn eiginlegur kunnáttumaður um laxastigagerð, þar sem erfið er aðstaða. Englendingar hafa gert laxveiði í ám að íþrótt og hafa í þeim efnum mesta reynslu. Frægur enskur kunnáttumaður hafði fyrir nokkrum árum forsögn um laxastiga í Fnjóská skammt frá Laufási. Eru nokkrar líkur til, að fá mætti hingað þennan mann til forstöðu við opnun Laxár í Þingeyjarsýslu, því að hann er nokkuð kunnugur hér á landi og hefur áhuga fyrir slíkum málum.

Fyrir nokkru kom til orða, að ríkið keypti góða laxá á Suðurlandi og fylgdi hún með í risnu ríkisvaldsins, einkum þegar boðið væri heim merkum mönnum, sem forseti, Alþingi, ríkisstjórn og bankar og fleiri almannastofnanir teldu ástæðu til að sýna sérstakan sóma. Ég legg til, að þegar horfið verður að þessu ráði, tryggi ríkið sér til áðurnefndra þarfa laxveiðiaðstöðu við Laxá ofan Brúa og að landið eigi þar 2—3 heppilega veiðimannaskála. Skipulag yrði haft á klaki og veiði, þannig að bændur í Laxárdal og ríkið hefðu sameiginlegan hagnað af þessari framkvæmd. Þarf ekki að efa, að áin mundi með þessum hætti verða arðgæf bændum í Laxárdal. Þó mundi hagnaður ríkisvaldsins verða miklu meiri, ef rétt er á haldið, því að nokkurra daga dvöl við veiðar í Laxá mundi í augum margra erlendra gesta þykja sjaldgæft velvildarmerki frá hálfu íslenzkra stjórnarvalda, og ætti að nota þau náttúrugæði til að verðlauna þá gesti, sem á einn eða annan hátt hefðu gert þjóðinni greiða.

Nd. 212. Breytingartillögur

við frv. til l. um matsveina- og veitingaþjónaskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 6. gr. Í stað „og tveir án tilnefningar, og sé annar þeirra formaður“ í niðurlagi fyrri málsgreinar komi: og skólastjóri stýrimannaskólans og einn án tilnefningar, og sé hann formaður.
2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Allur kostnaður við skólahaldið greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 213. Tillaga til þingsályktunar

um innflutning nýrra ávaxta.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Katrín Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast um, að innflutningur nýrra ávaxta verði aukinn svo og skipulagður, að landsmenn eigi ávallt kost á einhverri tegund þeirra.

Greinargerð.

Nýir ávextir eru ekki aðeins ljúffengt munngæti, heldur og ein hin lystugasta og hollasta fæðutegund. Neyzla þeirra er veigamikill þáttur í vernd heilsunnar og flýtir bata fjölda sjúkdóma. Heilbrigði þjóðarinnar yrði að því ómetanlegt gagn, ef nýrra ávaxta væri kostur við hóflegu verði árið um kring. Með hinum miklu og hröðu samgöngum við útlönd, sem nú tíðkast, ætti slíkt að vera vel kleift og því óþarft með öllu, að landsmenn fari lengur á mis við þá heilsugjöf, sem ávextir eru. En þar sem ástæða er til að ætla, að svo verði þó ekki í bráð, nema hið opinbera láti sig málið skipta, höfum við leyft okkur að bera þingsályktunartillögu þessa fram.

Nd. 214. Breytingartillaga

við frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:
Beckmann, Ernst Wilhelm, myndskurðarmaður, f. 5. febr. 1909 í Þýzkalandi.

Nd. 215. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Mál þetta hefur verið tekið fyrir og rætt á fundum nefndarinnar og sent til umsagnar 19. þings Alþýðusambands Íslands, sem einróma samþykkti mótmæli gegn frumvarpinu.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að lögfesting á hlutfallskosningu í verkalýðsfélögum sé skerðing á rétti verkalýðssamtakanna til að ráða sínum innri málum og þar með árás á félagafrelsið í landinu, og leggur því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 13. des. 1946.

Hermann Guðmundsson, frsm.	Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson.

Sþ. 216. Þingsályktun

um rannsókn á dýralífi í Hvammsfirði, Nýpsfirði og Nýpslónum.

(Afgreidd frá Sþ. 13. des.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram, í samráði við fiskideild atvinnudeildar háskólans og fiskimálanefnd, rannsókn á dýralífi í Hvammsfirði, Nýpsfirði og Nýpslónum, til þess að fá úr því skorið, hvort þessir staðir eru heppilegir til fiskiræktar. Kostnaður við rannsóknirnar greiðist að hálfu úr fiskimálasjóði og að hálfu af því fé, sem atvinnudeildinni er veitt til fiskirannsókna.

Nd. 217. Nefndarálit

um frv. til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýming þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum og fengið um það álitsgerðir frá sauðfjársjúkdómanefnd og Búnaðarfélagi Íslands. Er nefndin á einu máli um það að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem hún flytur sameiginlega tillögur um á sérstöku þingskjali. Auk þess áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að flytja fleiri breytingartillögur og hafa óbundin atkvæði um brtt. annarra þingmanna.

Aðalbreytingartillögur nefndarinnar eru þrjár. Í fyrsta lagi sú, að skipta varnargirðingum í tvennt: **aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur.** Sé það gert af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar. Kostnað við lagningu og viðhald á aðalvarnarlínum greiði ríkissjóður og efni í aukavarnarlínur, en flutning efnis frá hafnarstað, uppsetningu og viðhald þeirra kosti fjárskiptafélög.

Í öðru lagi er bótaákvæðum VI. kafla breytt mjög. Er það ákvæði fellt burt að taka tillit til fjártölu, áður en pestin kom, en að hinu leytinu líka fellt niður, að verð fyrir fullorðið fé fjáreigenda gangi til ríkisins upp í líflambaverð. Næstu 3 árin er lagt til að miða fjárskiptabætur við skattaframtal 1946, en síðan við skattaframtal þrem árum áður en fjárskipti fara fram. Fjárskiptabætur eru ákveðnar hálft lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind, en bótaskyldar eru allar framtaldar kindur á því ári, sem miða skal við, en þó því aðeins, að fjáreigandi eða erfingjar hans haldi áfram sauðfjárrækt á fjárskiptasvæðinu.

Þriðja aðalbreytingartillaga nefndarinnar er sú, að fella niður VIII. kafla frv., sem fjallar um kynbætur með erlendu fé. Er það í samræmi við ágreining Jóns

Pálmasonar í milliþinganefndinni, sem samdi frumvarpið. Tveir nefndarmenn (Jón Sigurðsson og Steingrímur Steinþórsson) vilja einnig fella niður VII. kafla frumvarpsins, um innflutning kynbótahrúta til tilrauna með tæknifrjóvgun á sýktum svæðum. Munu þeir flytja brtt. um það, en þó af mismunandi ástæðum, því að StgrSt vill ákveða um þetta o. fl. með sérstökum lögum, en JS banna allan innflutning erlendra sauðfjárkynja, að minnsta kosti fyrst um sinn.

Aðrar brtt. landbúnaðarnefndar en þær, sem þegar eru nefndar, eru að mestu leiðréttingar og skýringar til tryggingar gegn ágreiningi.

Alþingi, 11. des. 1946.

Jón Pálmason, form., frsm. Steingr. Steinþórsson, fundaskr. Jón Sigurðsson.

Sigurður Guðnason. Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 218. Breytingartillögur

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. 2. liður orðist svo:
      Þurramæði (þingeysk mæðiveiki).
   b. 3. liður orðist svo:
      Garnaveiki (paratuberculosis) í búfé.
2. Við 5. gr. 4. liður falli niður (og breytist liðatala samkv. því).
3. Við 6. gr.
   a. Á milli orðanna „líkur“ og „til“ í 1. lið bætist: eru.
   b. 3. liður orðist þannig:
      Einfaldar gaddavírsgirðingar.
   c. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:
      Landbúnaðarráðherra ákveður skiptingu varnarlína í **aðalvarnarlínur** og **aukavarnarlínur**, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.
4. Við 7. gr. Önnur málsgrein orðist þannig:
   Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að löndum sínum, ef nauðsyn krefur.
5. Við 8. gr. Greinin orðist þannig:
   Girðingar á aðalvarnarlínum skulu lagðar á kostnað ríkissjóðs. Viðhald þeirra og eftirlit ber hlutaðeigandi fjárskiptafélögum eða sýslufélögum að annast, en ríkissjóði að kosta. Í girðingar á aukavarnarlínum leggur ríkissjóður til efni, en hlutaðeigandi fjárskiptafélög annast á sinn kostnað flutning efnisins frá hafnarstað, uppsetningu girðinganna og viðhald.
   Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur, sker landbúnaðarráðherra úr, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.
   Varzla meðfram varnargirðingum skal ákveðin af sauðfjársjúkdómanefnd, en framkvæmd af aðliggjandi fjárskiptafélögum á kostnað ríkissjóðs.
   Reikninga um kostnað ríkissjóðs samkvæmt þessari grein úrskurðar sauðfjársjúkdómanefnd.
6. Við 9. gr. Á eftir fyrri málsgrein bætist: Bændur eða upprekstrarfélög, sem lönd eiga að girðingum, sem lagðar eru niður, skulu hafa forkaupsrétt að þeim eftir mati dómkvaddra manna.
7. Við 20. gr. Leiðréttist prentvilla: Fyrir „karakútsjúkdóm“ kemur: karakúlsjúkdóm.

8. Við 21. gr. Fyrir „sýkt“ í 1. línu 2. málsgr. kemur: ósýkt. (Prentvilla.)
9. Við 22. gr. Greinin orðist þannig:
   Þar sem fé er sýkt eða grunað af garnaveiki og fjáreigendur óska að fá það rannsakað eða sauðfjársjúkdómanefnd telur það nauðsynlegt, skal rannsóknin gerð svo fljótt sem unnt er. Lyf, tæki, kennslu og leiðbeiningar skal þá leggja til á kostnað ríkissjóðs, en fjáreigendur kosta framkvæmd verksins.
   Sveitarstjórnir skulu hafa umsjón með slíkum rannsóknum í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd.
10. Við 25. gr. Fyrsta setning síðustu málsgreinar orðist svo:
   Fulltrúafundur er lögmætur, ef mættir eru ⅔ hlutar fulltrúa frá þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á fjárskiptasvæðinu.
11. Við 26. gr.
   a. Aftan af 2. lið falli orðin „í fyrsta lagi“.
   b. Fyrir „cið“ í 5. lið kemur: við. (Prentvilla.)
12. Við 27. gr. Orðin „í hreppnum“ falli burt.
13. Við 28. gr. Þriðja málsgr. orðist svo:
   Atkvæðisrétt um félagsstofnun og fjárskipti hafa fjáreigendur 18 ára eða eldri, þegar atkvæðagreiðsla fer fram, ef þeir hafa átt 15 kindur eða fleiri samkvæmt síðasta skattaframtali.
14. Við 35. gr. Fyrir „sé“ í 2. línu 2. málsgr. kemur: sá.
15. Við 36. gr. Fyrir orðin „fé bænda“ í fyrstu málsgr. kemur: sauðfé.
16. Við 37. gr. Greinin orðist þannig:
   Framlag ríkisins vegna fjárskipta á árunum 1947, 1948 og 1949 miðast við fjártölu eigenda samkvæmt skattaframtali á árinu 1946. Á árinu 1950 miðast við skattaframtal 1947 og svo áfram þannig, að fjárskiptaframlag miðast við skattaframtal þrem árum áður.
   Réttur dánarbúa vegna fjárskipta yfirfærist á erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjárrækt á svæðinu.
   Réttur manna, sem reisa bú eftir gildistöku laga þessara án þess að vera erfingjar í dánarbúi á fjárskiptasvæði, byggist á næsta skattaframtali á undan fjárskiptum.
   Geitfé skal bæta eftir sömu reglu og sauðfé.
17. Við 38. gr. Greinin orðist þannig:
   Framlag ríkisins greiðist á þann hátt, að fyrir hverja bótaskylda kind fái fjáreigandi hálft lambsverð samkvæmt verði líflamba það haust, sem fjárskipti verða. Kostnað við flutning líffjár inn á fjárskiptasvæðin greiðir ríkissjóður og einnig aðstoð sauðfjársjúkdómanefndar vegna kaupanna. Þetta gildir þó eigi annað fé en það, sem fengið er til að bæta í skarðið fyrir bótaskylt fé.
   Kostnað við umsjón fjárskiptafélaga vegna líffjárkaupa greiði fjáreigendur sjálfir. Fjáreigendur skulu fá líflömb svo fljótt sem unnt er að útvega þau af heilbrigðum stofni. Skal það vera aðalregla, að fjáreigendur fái líflömb fyrir 50% af bótaskyldri fjártölu haustið, sem fjárskipti fara fram, og 50% næsta haust á eftir. Framlag ríkisins skal greitt upp í verð lambanna. Fjáreigendur, sem eigi vilja taka líflömb, sem hægt er að útvega við fyrstu flutninga inn á svæðið, eiga ekki rétt til að fá lömb síðar.
   Stjórnum fjárskiptafélaga er heimilt að ráðstafa líffé til fjáreigenda að nokkru með hliðsjón af tekjumöguleikum þeirra, ef mjög fátt líffé er fáanlegt.
18. Við 38. gr. Á eftir greininni bætist ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):
   Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að veita fjáreigendum uppeldisstyrk vegna vanhalda, þar sem svo hagar til á sýktu svæði, að fjáreigendur geta ekki samkvæmt áætlun nefndarinnar búizt við fjárskiptum næstu 3 ár eftir gildistöku laga þessara, og hafa ekki viðunandi aðstöðu til mjólkursölu.

19. Við 43. gr. Síðasti málsliður fellur burt.
20. Við VIII. kafla (45.—53. gr.). Kaflinn fellur burt, og breytist kafla- og greinatalan á eftir samkv. því.

Nd. 219. Breytingartillögur

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá Jóni Sigurðssyni, Sigurði Guðnasyni og Steingrími Steinþórssyni.

1. Fyrir orðið „karakúlsjúkdómar“ í 1. gr. frumvarpsins komi: sauðfjársjúkdómar.
2. Í öðrum greinum frumvarpsins, þar sem orðið „karakúlsjúkdómar“ kemur fyrir, komi í stað þess: sauðfjársjúkdómar í viðeigandi falli.

Nd. 220. Breytingartillaga

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá Steingrími Steinþórssyni og Jóni Sigurðssyni.

VII. kafli frumvarpsins fellur niður. Kaflaskipti og greinatala breytist samkvæmt því.

Nd. 221. Frumvarp til laga

um byggingu síldarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Lúðvík Jósefsson, Eysteinn Jónsson, Páll Þorsteinsson, Barði Guðmundsson.

1. gr.

Ríkið lætur reisa 5—10 þús. mála síldarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness. Skal verksmiðjunni nánar valinn staður að undangenginni rannsókn um, hvar hún er bezt sett með tilliti til síldveiðisvæðisins.

2. gr.

Til byggingar verksmiðjunnar heimilast ríkisstjórninni að taka allt að 10 millj. kr. lán. Byrjað skal á byggingarframkvæmdunum á árinu 1947.

3. gr.

Um stofnun og rekstur verksmiðju þeirrar, sem um ræðir í lögum þessum, fer samkvæmt lögum nr. 1 1. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er gamalt áhugamál Austfirðinga, að byggð verði stór síldarverksmiðja á Norðausturlandi sunnan Langaness. Hvað eftir annað hefur fiskifélagsdeildin eystra, útgerðarmenn og Fjórðungsþing Austfirðingafjórðungs sent Alþingi og ríkisstjórn áskorun um byggingu slíkrar verksmiðju. Í síldarverksmiðjumálunum munu Austfirðingar ætíð hafa aðhyllzt það sjónarmið, sem ýmsir fróðir menn í þessum málum hafa haldið fram, að rétt væri að hafa flestar síldarverksmiðjurnar nálægt miðju síldveiðisvæðinu, en jafnframt afkastamiklar verksmiðjur nálægt jöðrunum austast og vestast. Vegna austurveiðisvæðisins hafa því Austfirðingar talið, að þyrfti að byggja verksmiðju austan Langaness.

Nú eru nýjar stoðir runnar undir þessa kröfu. Með stórauknum síldveiðiflota er orðin knýjandi nauðsyn að byggja stóra verksmiðju sunnan Langaness, svo að hið síldarauðuga veiðisvæði þar nýtist eins og verða má.

Það er vitanlegt, að sunnan Langaness eru árlega miklar síldargöngur, allt suður á Héraðsflóa, og veiðiskilyrði verða að teljast þar mjög góð, meðal annars vegna þess, hvað straumar eru þar vægir.

Það má fullyrða, að þau síldveiðiskip, sem stundað hafa aðallega veiði á þessum slóðum, hafa oft aflað ágætlega og þá sérstaklega þau skip, sem hafa losað afla sinn í hina litlu verksmiðju á Seyðisfirði.

Vitanlega eru engar veiðiskýrslur til, sem geta gefið hugmynd um, hvaða veiðimagns mætti vænta af svæðinu sunnan Langaness, því að vegna fjarlægðar frá verksmiðjum og eins sökum þess, hve erfitt er í vissum áttum að sigla hlöðnum skipum norður fyrir Langanes, þá sækja þau eðlilega ógjarnan á þetta veiðisvæði, ef annars er kostur. Á það má benda, að í norðanátt getur verið ágætt að stunda veiði sunnan Langaness og leggja þar upp afla, þótt ógerlegt sé að vera við veiðar norðan nessins eða sigla hlöðnum skipum t. d. norður til Raufarhafnar, svo að ekki sé um það talað, ef þarf að fara alla leið til Siglufjarðar. Þá er augljóst mál, hvað smærri síldveiðibátar geta notazt betur við veiði sunnan Langaness, ef þeir geta lagt upp veiði sína í grennd við veiðisvæðið. Síldveiðimenn munu nú almennt vera búnir að gera sér grein fyrir nauðsyn á skjótum framkvæmdum í þessu máli.

Eins og nú horfir við, virðist horfa til vandræða, ef síldveiðiflotanum er ekki gert auðvelt fyrir að leggja upp veiði sína í verksmiðju sunnan Langaness.

Margir sjómenn fullyrða, að síldveiðarnar s. l. sumar hefðu orðið mun meiri, ef svo hefði ekki verið að farið sem raun varð á, að síldveiðiflotinn hópaðist venjulega saman á lítið svæði, þar sem síldar varð vart, og telja þeir, að stundum hafi virzt svo, að síldin hefði þar tæplega getað komið upp á yfirborðið fyrir þeirri miklu umferð, sem þar var, og ef síld kom einhvers staðar upp, þá fengu aðeins þau skip veiði, sem í kapphlaupinu verða fyrst til að koma veiðitækjum sínum í sjóinn. Á sama tíma varð oft vart mikillar síldar austan Langaness, en fá eða engin skip voru þar að veiðum.

Flutningsmenn gera ekki tillögu um það, hvar verksmiðjan á að byggjast. Þess má þó geta, að margir telja, að um Vopnafjörð eða Seyðisfjörð verði helzt að ræða, en endanleg ákvörðun í þessu efni hlýtur að verða tekin af ríkisstjórninni í samráði við verksmiðjustjórn S.R., eftir að rannsókn hefur farið fram um, hvar verksmiðjan er bezt sett með tilliti til veiðisvæðisins og annars þess, sem taka verður til greina í því efni.

Nd.

222. Frumvarp til laga

um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, sem bæjar- eða sveitarfélög taka til greiðslu þess hluta stofnkostnaðar eftirtalinna bygginga, sem ekki er greiddur sem framlag úr ríkissjóði eða frá öðrum aðilum, enda miðast ábyrgðin við kostnaðaráætlun, sem hlutaðeigandi ráðuneyti samþykkir:

1. Barnaskólar, gagnfræðaskólar, héraðsskólar, húsmæðraskólar, iðnskólar og aðrir sérskólar.
2. Barnaheimili.
3. Sjúkrahús, sjúkraskýli og læknabústaðir.
4. Elliheimili.

Til stofnkostnaðar teljast þær vistarverur, sem nauðsynlegar eru til rekstrar hlutaðeigandi stofnunar, svo og húsbúnaður og áhöld, landrými o. fl., eftir því sem mælt er fyrir um í öðrum lögum og samkvæmt nánari fyrirmælum hlutaðeigandi ráðuneytis.

2. gr.

Heimild þá, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum þessum, skal nota í samræmi við allsherjaráætlun, sem gerð kann að verða af Nýbyggingarráði eða annarri hliðstæðri stofnun um framkvæmdir hins opinbera og aðrar framkvæmdir í landinu á næstu árum. Þó er ríkisstjórninni til bráðabirgða heimilt að ábyrgjast lán til greiðslu stofnkostnaðar þeirra skóla, sjúkrahúsa, barna- og elliheimila, sem verið er að reisa eða að áliti hlutaðeigandi ráðherra þola enga bið.

3. gr.

Að veittri slíkri ábyrgð ríkissjóðs er Landsbanka Íslands skylt að kaupa skuldabréf, sem bæjar- eða sveitarfélög gefa út í þessu skyni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra. Meiri hluti nefndarinnar hefur að svo stöddu ekki séð sér fært að taka þátt í flutningi þess, og stendur aðeins einn nefndarmanna (SigfS) að honum. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu frá ráðherra:

Með frumvarpi þessu er lagt til, að ríkisstjórninni sé veitt heimild til þess að ábyrgjast lán, sem bæjar- og sveitarfélög taka til greiðslu þess hluta stofnkostnaðar skóla, sjúkrahúsa, barna- og elliheimila, sem kemur í þeirra hlut að greiða, og enn fremur, að Landsbankinn sé, að veittri slíkri ábyrgð, skyldaður til þess að kaupa skuldabréf, sem gefin kunna að verða út í þessu skyni.

Samkvæmt gildandi löggjöf kemur það í hlut bæjar- og sveitarfélaga að greiða verulegan hluta af byggingarkostnaði nefndra stofnana. Í lögum um fræðslu barna, nr. 34/1946, 13. gr., er svo fyrir mælt, að ríkissjóður greiði helming stofnkostnaðar heimangönguskóla, en þrjá fjórðu hluta af byggingarkostnaði heimavistarskóla. Hinn hlutann er bæjar- og sveitarfélögum ætlað að greiða. Samsvarandi ákvæði er að finna í lögum um gagnfræðanám, nr. 48/1946, 53. gr., að því er varðar gagnfræðaskólana, og í lögum um húsmæðrafræðslu, nr. 49/1946, 7. gr., að því er húsmæðraskólana varðar. Í lögum nr. 33/1935, um breyting á lögum nr. 30/1933,

um sjúkrahús, er svo ákveðið, að ríkissjóður greiði sveitarfélögum allt að tveim fimmtu hlutum kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði. Um barna- og elliheimili eru hins vegar enn engin ákvæði í almennum lögum, sem skyldi ríkið til þátttöku í byggingarkostnaði þeirra, og fer því um ríkissjóðsstyrk til barna- og elliheimila eftir frjálsri ákvörðun fjárlagaþingsins hverju sinni.

Af þessum lagafyrirmælum er það ljóst, að þótt ríkið taki sinn þátt í byggingarkostnaði opinberra bygginga bæjar- og sveitarfélaga, fellur það þó í þeirra hlut sjálfra að greiða mikinn hluta stofnkostnaðar úr eigin vasa. Flest þeirra eru hins vegar það illa stæð fjárhagslega, að þau hafa ekki nægileg fjárráð til að leggja út fé fyrir sínum hluta og neyðast því til að leita á náðir bankanna um byggingarlán.

Nú um nokkurt skeið hefur gengið mjög erfiðlega að afla lánsfjár í þessu skyni, og fjölda bæjar- og sveitarfélaga, sem sótt hafa um lán til bankanna, hefur verið synjað um fyrirgreiðslu, og er því viðbúið, að stöðva þurfi margar byggingar, sem þegar er byrjað á að reisa, og að ekki þyki fært að hefjast handa um þær byggingar á þessu sviði, sem mest aðkallandi eru, jafnvel þótt ríkisframlag til þeirra sé tryggt.

Að því er þörfina fyrir ný skólahús snertir, má í fyrsta lagi benda á það, að þrátt fyrir aukin framlög af hálfu ríkissjóðs eru bæjar- og sveitarfélögum lagðar þungar skyldur á herðar með hinum nýju fræðslulögum, sem gera það nauðsynlegt að byggja nýja skóla, og væri þá mikið ósamræmi í því, ef ríkisvaldið styddi þau ekki jafnframt eftir megni til að reisa skólahús, sem nauðsynleg eru til þess að hægt sé að rækja þær skyldur. Þá má enn fremur benda á þá staðreynd, að skólarnir hafa ekki aðeins menningarlega þýðingu fyrir þjóðina, heldur einnig þjóðhagslega. Þeim er ætlað að mennta það fólk, sem taka á við og stjórna hinum nýju atvinnutækjum, sem nú er verið að kaupa til landsins og koma upp í landinu. Hin nýju atvinnutæki verða ekki rekin, nema til sé fjöldi sérmenntaðra manna, sem hefur sérþekkingu á hinum ýmsu sviðum athafnalífsins, en slíka menn eignast þjóðin ekki nema því aðeins, að hún láti reisa skóla, sem þess eru umkomnir að veita næga og góða fræðslu, sem að haldi má koma við þau þjóðfélagsskilyrði, sem nú eru að skapast í landinu. Því má með réttu segja, að skólabyggingar séu nauðsynlegur liður í þeirri nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar, sem nú fer fram, og því sé rík ástæða fyrir ríkið að stuðla að því eftir megni, að skólahúsbyggingar komist upp og að þær séu ekki látnar sitja á hakanum vegna annarra ekki eins nauðsynlegra eða alls ónauðsynlegra framkvæmda.

Um þörfina fyrir sjúkrahús, barna- og elliheimili er það að segja, að þær stofnanir af þessu tagi, sem nú eru til í landinu, fullnægja hvergi nærri hinni miklu þörf. Fjöldi sjúklinga verður að bíða von úr viti eftir dvalarleyfi á sjúkrahúsum, jafnvel þótt um hættulega sjúkdóma sé að ræða, og hæli fyrir gamalmenni og börn skortir algerlega víðast hvar á landinu.

Þar sem bankarnir eru, eins og áður er drepið á, mjög tregir til að veita sveitarfélögum nauðsynleg lán í framangreindu skyni, verður þingið að grípa í taumana, og liggur þá beinast við, eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi að skylda Landsbankann til þess að veita lánin gegn ríkisábyrgð. Svipuð kvöð hefur áður verið lögð á Landsbankann með lögunum um stofnlánadeild sjávarútvegsins, þar sem seðlabankinn var skyldaður til að lána stofnlánadeildinni fé samkvæmt úrskurði Nýbyggingarráðs. Sú skylda, sem þar var lögð á bankann, var þannig vaxin, að aðeins var um að ræða yfirfærslu á eignum seðladeildarinnar úr erlendum innstæðum í ríkistryggð innlend lán. Með frumvarpi þessu er bankinn hins vegar beinlínis skyldaður til að lána fé til ákveðinna framkvæmda í landinu og kann þeirri mótbáru því að verða hreyft, að slík skyldulán geti dregið vinnuaflið frá þeim sviðum atvinnulífsins, þar sem þess er brýnust þörf. Við þessari hættu er séð í 2. gr. frumvarpsins, þar sem skýrt er tekið fram, að heimild ríkisstjórnarinnar til að ábyrgjast lánin og þar með til að skylda bankana til þess að lána skuli aðeins nota í samræmi við allsherjaráætlun, sem gerð kunni að verða um opinberar

framkvæmdir og aðrar framkvæmdir í landinu á næstu árum, þó að undanþága sé að vísu veitt til bráðabirgða til að ábyrgjast lán til þeirra skóla, sjúkrahúsa o. s. frv., sem byrjað er að reisa eða þola enga bið. Með þessu ákvæði 2. gr. er fyrir það girt, að ráðherra misbeiti því valdi, sem lagt er til, að honum sé fengið í frumvarpinu, og það tryggt, að framkvæmdir þessar haldist í hendur við aðrar framkvæmdir í landinu og séu í samræmi við heildaráætlun um fjárfestingu.

Um einstakar greinar frumvarpsins er ekki þörf að fjölyrða. Þó er rétt að drepa á örfá atriði.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í 1. gr., er ekki bundin við ákveðna upphæð, heldur við ákveðinn hluta stofnkostnaðar þeirra bygginga, sem taldar eru upp í 1.—4. tölulið. Er ákvæði þetta að sínu leyti hliðstætt ákvæði 2. gr. hinna nýju laga um hafnargerðir og lendingarbætur, þar sem ríkinu heimilast að ábyrgjast hluta af byggingarkostnaði þeirra hafnarmannvirkja, sem í lögunum eru talin. Í 1. tölul. 1. gr. eru ýtarlega taldar upp þær fylgibyggingar skóla, sem teljast til stofnkostnaðar, og er það í samræmi við hin nýju fræðslulög.

2. gr. þótti rétt að setja, eins og áður er tekið fram, til þess að koma í veg fyrir, að ráðherra misbeiti heimildinni, og að tryggt verði, að byggingar skóla, sjúkrahúsa, barna- og elliheimila séu í samræmi við aðrar framkvæmdir í landinu á hverjum tíma.

Nd. 223. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frv. og er öll á einu máli um að mæla með því, að það verði samþykkt. Telur nefndin, að með fyrirmælum frv. sé gerð mikilsverð tilraun til þess að greiða fyrir því, að fyrirspurnir þingmanna verði teknar til greiðrar meðferðar á Alþingi.

Alþingi, 16. des. 1946.

Garðar Þorsteinsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein.

Jörundur Brynjólfsson. Hermann Guðmundsson.

Ed. 224. Frumvarp til laga

um matsveina- og veitingaþjónaskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal og halda í Reykjavík skóla, er nefnist Matsveina- og veitingaþjónaskólinn.

2. gr.

Skólinn skal veita hagnýta fræðslu þeim, sem gerast vilja matsveinar eða veitingaþjónar á skipum og gisti- og veitingahúsum.

3. gr.

Inntökuskilyrði eru:

1. að nemandi sé 16 ára eða eldri;
2. að hann sé ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða kvilla, sem geti orðið öðrum nemendum skaðvænn eða hættulegur;
3. að hann hafi óflekkað mannorð;
4. að hann hafi lokið miðskólaprófi samkvæmt lögum nr. 22 10. apríl 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu.

4. gr.

Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar skulu ákveðnar í reglugerð.

5. gr.

Kennslunni skal hagað þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar og framreiðslumenn á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið. Námstími fyrir fullgilda matsveina og veitingaþjóna skal vera 3 ár, en heimilt er nemendum að verja nokkrum hluta námstímans í nám hjá meisturum í iðninni á veitingahúsi eða farþegaskipi, og skal kveða nánar á um það í reglugerð.

Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.

Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrifalega og háttprúða umgengni og snyrtimennsku.

6. gr.

Skólanum skal stjórnað af skólaráði, sem skipað sé fimm mönnum, er samgöngumálaráðuneytið skipar til 4 ára í senn. Einn skólaráðsmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu sambands veitinga- og gistihússeigenda og skólastjóra stýrimannaskólans og einn án tilnefningar, og sé hann formaður.

Ráðuneytið ræður skólastjóra, sem jafnframt er bryti skólans, og aðra kennara, að fengnum tillögum skólaráðs.

7. gr.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni, kennaralið og réttindi þau, er skólinn veitir, o. fl.

8. gr.

Fyrstu fimm árin eftir að skólinn tekur til starfa, er skólaráði heimilt að veita undanþágu frá því inntökuskilyrði, er felst í 4. lið 3. gr. þessara laga.

9. gr.

Allur kostnaður við skólahaldið greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd.

225. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd Nd. fékk mál þetta til meðferðar á öndverðu þingi. En þar sem þá var framundan 19. þing Alþýðusambands Íslands, þótti rétt að óska eftir umsögn þess um málið og bíða með afgreiðslu þess frá nefndinni á meðan.

Alþýðusambandsþingið afgreiddi málið með eftirfarandi ályktun:

"19. þing Alþýðusambands Íslands mótmælir eindregið frumvarpi Jóhanns Hafstein um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem lagt er til, að lögfestar verði hlutfallskosningar í stéttarfélögum, og skorar á Alþingi að fella það.

Þingið lítur á frumvarp þetta sem árás á félagafrelsið í landinu og óskammfeilna tilraun til þess að skerða óumdeilanlegan rétt verkalýðsfélaganna og annarra samtaka til að ráða sínum innri málum, árás, sem ekki mun eiga sér neina hliðstæðu í lýðfrjálsu landi.

Þingið lítur svo á, að slík lagasetning mundi beinlínis lögfesta pólitíska sundrungu innan samtakanna, verða stöðug uppspretta ófriðar meðal verkamanna og verka lamandi á alla starfsemi verkalýðsfélaganna, en gera lýðræðið að skrípamynd. Það mundi leiða til þess, að trúnaðarmenn verkalýðssamtakanna yrðu ekki kosnir eftir starfi sínu í þágu þeirra, heldur eftir stjórnmálaskoðunum, það mundi löghelga þeim afskipti stjórnmálaflokka af innri málefnum verkalýðssamtakanna, skerða þar með sjálfstæði þeirra og gera þau að leiksoppi stjórnmálaflokka í stað þess að vera óskoruð hagsmunavígi meðlimanna.

Þingið vill vekja sérstaka athygli allra launþega á því, að tillagan um að lögfesta stjórnmálaerjur í verkalýðssamtökunum er um leið lævísleg tilraun til að dreifa athygli verkafólksins frá hagsmunabaráttunni, sem krefst samstilltrar einingar alls verkalýðs.

Þingið álítur, að þau fjögur ár, sem liðin eru síðan Alþýðusambandið varð skipulagslega sjálfstætt, hafi sannað, að verkalýðssamtökin eru þá sterkust, þegar þau eru sjálfstæð.

Þingið álítur því, að í stað þess að liða verkalýðssamtökin í sundur með pólitískum hlutfallskosningum og ónýta þannig árangurinn af hálfrar aldar erfiði íslenzkra verkamanna og verkakvenna, þurfi verkalýður alls landsins að rísa upp til varnar samtökum sínum og vernda sjálfstæði þeirra sem einn maður, þannig að meðlimirnir ráði einir samtökum sínum.

Þingið álítur, að baráttan gegn pólitískum hlutfallskosningum og ófriði í verkalýðshreyfingunni sé barátta um sjálfa tilveru og sjálfstæði verkalýðssamtakanna í landinu og skorar því á verkafólk um land allt að fylkja sér einhuga um Alþýðusamband Íslands, vernda sjálfstæði þess og einingu og efla bróðurlegt samstarf verkafólks, hvar í flokki sem það stendur".

Slík ályktun hefur ekki getað snúið skoðunum hinni hl. allsherjarnefndar um það, að ákvæði þessa frumvarps, ef að lögum yrði, mundi leiða til friðsamlegri vinnuaðferða innan verkalýðsfélaganna og þannig verða þessum samtökum í heild og hagsmunum þeirra til hollustu, og vill hann því samþykkja frumvarpið. — Meiri hl. nefndarinnar vill fella frumvarpið.

Minni hl. nefndarinnar lítur hins vegar svo á, að þar sem fram hefur komið umsögn í nafni fulltrúaþings verkalýðssamtakanna í landinu, sem að órannsökuðu máli ætti að vera nokkuð innlegg í slík mál, aðeins vegna eðlis sjálfra samtakanna, sé ástæða til að gera umræddri umsögn eða ályktun frekari skil, með hliðsjón af hugsanlegum áhrifum hennar á afstöðu þingmanna til málsins.

Minni hl. lítur svo á, að ályktun Alþýðusambandsþingsins sé allannarleg og e. t.

v. einstæð frá slíkri samkundu. Skulu hér taldir upp nokkrir liðir og ummæli úr ályktuninni þessu til staðfestingar:

1. Sagt er, að þingið líti „á frumvarp þetta sem árás á félagafrelsið í landinu og óskammfeilna tilraun til þess að skerða óumdeilanlegan rétt verkalýðsfélaganna og annarra samtaka til að ráða sínum innri málum.“ Í þessu felst ásökun um það, að frumv. sé brot á stjórnarskránni, sem verndar félagafrelsið í landinu. Fær það á engan hátt staðizt, enda breyting á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, 3. gr., þar sem segir svo í upphafi: „Stéttarfélög ráða málefnum sínum sjálf, með þeim takmörkunum, sem sett eru í lögum þessum“. Kemur þarna fram, að löggjafinn ráðgerir vissar takmarkanir á því, að stéttarfélög ráði málefnum sínum sjálf, og mundi frumvarp það, sem hér liggur fyrir, heyra undir eina slíka takmörkun.

2. Sagt er, að frumvarpið, ef að lögum yrði, „mundi beinlínis lögfesta pólitíska sundrungu innan samtakanna“. Þetta hlýtur að byggjast á misskilningi, þar sem ekkert ákvæði frumvarprins hnígur að lögfestingu sundrungar, hvort heldur pólitískrar eða ópólitískrar.

3. Sagt er, að slík lagasetning mundi „stöðugt verða uppspretta ófriðar meðal verkamanna og verka lamandi á starfsemi verklýðsfélaganna, en gera lýðræðið að skrípamynd“. Það verður að telja einstæða ályktun eða skoðun í lýðræðislandi, að *hlutfallskosningafyrirkomulag*, í stað kosningafyrirkomulags, þar sem einfaldur meiri hl. ræður úrslitum, geti gert lýðræðið að skrípamynd, þar sem hlutfallskosningafyrirkomulagið bæði hér á landi og annars staðar í heiminum er einmitt fram komið og framkvæmt til þess að fullnægja betur en hitt kosningafyrirkomulagið hugsjónum og kröfum lýðræðisins.

4. Sagt er, að hlutfallskosningafyrirkomulagið „mundi leiða til þess, að trúnaðarmenn verkalýðssamtakanna yrðu ekki kosnir eftir starfi sínu í þágu þeirra“. Á það verður ekki fallizt, að þetta kosningafyrirkomulag sé að þessu leyti annað en það, sem nú tíðkast.

5. Sagt er, að frumvarpið „mundi löghelga afskipti stjórnmálaflokka af innri málefnum verkalýðssamtakanna“. Ekkert í frumvarpinu hnígur að slíkri löghelgun.

6. Talað er um tillögur frumvarpsins „um að lögfesta stjórnmálaerjur í verkalýðssamtökunum“. Þessi staðhæfing er algerlega óviðkomandi efni frumvarpsins.

Þannig er það ljóst, að megnið af staðhæfingum þeim, sem fram koma í ályktun þings Alþýðusambands Íslands varðandi frumvarp það, sem um hér ræðir, snerta á engan hátt efni frumvarpsins eða fullkomlega á misskilningi byggðar.

Þá þykir ekki alveg ástæðulaust að víkja nokkru nánar að sleggjudómum þeim, sem í ályktuninni felast um tilgang frumvarpsins.

Í ályktuninni segir m. a. á þá leið, að frumvarpið sé „lævísleg tilraun til að dreifa athygli verkafólksins frá hagsmunabaráttunni“ — „að það sé árás á félagafrelsið í landinu“ — „að það liði verkalýðssamtökin í sundur með pólitískum hlutfallskosningum“ o. s. frv.

Í þessu sambandi þykir hér rétt að benda á eftirfarandi:

1. Það var fyrir tilmæli og samvinnu við félagssamtök sjálfstæðisverkamanna, að Bjarni Snæbjörnsson, þáverandi þingm. Hafnarfjarðar, flutti árið 1939 frumv. á Alþingi, sem m. a. fólu í sér ákvæði um að lögskipa hlutfallskosningar innan verkalýðssamtakanna, eins og nú er lagt til í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

2. Á þingi Landssambandans sjálfstæðisverkamanna og sjómanna, sem haldið var í *júnímánuði 1945*, var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Landssamband sjálfstæðisverkamanna og sjómanna, haldið í júni 1945, skorar á þingmenn Sjálfstæðisflokksins að beita sér fyrir því á Alþingi, að komið verði á hlutfallskosningu til stjórnar- og annarra trúnaðarstarfa í öllum stéttarsamtökum landsmanna, svo sem verkalýðsfélögum, iðnaðarmannafélögum, búnaðarfélögum og samböndum stéttarfélaga“.

3. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins, sem haldin var í Reykjavík og Þingvöllum í júní 1945, samþykkir eftirfarandi ályktun:

„Fundurinn telur, að tryggja beri, að ópólitísk félagssamtök til almenningsheilla, svo sem samvinnufélög, búnaðarfélög, verkalýðsfélög og önnur stéttasamtök séu eigi misnotuð til framdráttar einstökum pólitískum flokkum, og því sé skylt að viðhafa lýðræðislegar reglur í stjórnarháttum þeirra, svo sem hlutfallskosningar til allra trúnaðarstarfa. Mælist fundurinn eindregið til þess, að þingmenn Sjálfstæðisflokksins beiti sér fyrir framkvæmd þess á Alþingi".

4. Það er vitað, að verkamenn innan stærsta verkalýðsfélags landsins, Dagsbrúnar í Reykjavík, bundust um það samtökum við kosningar innan félagsins til síðasta Alþýðusambandsþings að standa saman í kosningunum á grundvelli þeirrar sameiginlegu stefnu að berjast fyrir hlutfallskosningum innan verkalýðssamtakanna og stóðu að flutningi tillögu þess efnis innan félagsins.

5. Loks er það kunnugt, að núverandi forseti Alþýðusambands Íslands hefur sjálfur verið flutningsmaður að tillögu um það í verkalýðsfélagi, sem hann hefur starfað í og veitir nú forstöðu, Hlíf í Hafnarfirði, að teknar væru upp hlutfallskosningar til trúnaðar- og stjórnarstarfa innan félagsins, í samræmi við það, sem lagt er til í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, og á annan hátt barizt fyrir hlutfallskosningum.

Með hliðsjón af þeim atriðum, sem hér að framan greinir, leggur minni hl. nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1946.

Garðar Þorsteinsson, form. Jóhann Hafstein, frsm.

Ed. 226. Frumvarp til laga

um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947.

Flm.: Gísli Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Ásmundur Sigurðsson, Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

Þar til samþykkt hafa verið og staðfest fjárlög fyrir árið 1947, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1946, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn.

Heimild þessi gildir þó eigi lengur en til 1. marz 1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1947.

Greinargerð.

Með því að sýnt þykir, að eigi vinnst tími til þess að afgreiða fjárlög fyrir árið 1947 fyrir áramót, en heimild skortir til greiðslu á nauðsynlegum útgjöldum eftir áramót, meðan þau eru ekki samþykkt, hefur fjárveitinganefnd ákveðið að beita sér fyrir frv. þessu. Hins vegar hefur verið talið sjálfsagt að hraða afgreiðslu fjárlaga svo sem unnt er, og er því heimildin um bráðabirgðafjárgreiðslur eigi látin gilda lengur en til 1. marz 1947.

Nd. **227. Frumvarp til laga**

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjarsjóði, og fer um upphæð þeirra eftir því, sem bæjarstjórn ákveður í samræmi við launakjör annarra starfsmanna kaupstaðarins.

Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði.

Launin skal greiða á manntalsþingi, og miðast upphæð þeirra við manntal umdæmis við síðustu áramót þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 500 krónur.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skulu árslaun vera 500 krónur að viðbættum 16 krónum fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í umdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, skal deila íbúatölu jafnt á milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir 1600 krónur í byrjunarlaun.

Launin skulu hækka eftir 3 ár um 85 kr. og eftir önnur 3 ár um 85 kr.

Ef tveimur eða fleiri ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi fyrir það, að sýnt þykir, að umdæmin fást ekki skipuð hvort í sínu lagi, er ráðherra heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er nema mega allt að samanlögðum launum hinna fyrri umdæma.

Á laun þessi greiðist verðlagsuppbót af aðilum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans, hver þau skuli vera.

2. gr.

8. gr. laganna falli burt.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Landlæknir skal í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans semja reglugerð, er ráðherra staðfestir, um skyldur ljósmæðra og gjöld fyrir ljósmóðurstörf þau, er þær inna af hendi.

Ef sængurkona er svo fátæk, að hún, þrátt fyrir ákvæði 34. gr. laga um almannatryggingar frá 7. maí 1946, getur ekki borgað, þá á ljósmóðir heimting á, að sveitarsjóður greiði henni þóknun fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

4. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 63 1. des. 1944, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skulu ljósmæðrum í fyrsta sinn greidd laun eftir þeim á manntalsþingum 1947.

Ed. 228. Breytingartillaga

við frv. til l. um skipulag og hýsingu prestssetra.

Frá menntamálanefnd.

Við 30. gr. Í stað „1946“ komi: 1947.

Nd. 229. Frumvarp til laga

um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Gagnvart útlendingum, sem landsvistar- og atvinnuleyfi hafa um tiltekinn tíma, eða þeim mönnum, er ástæða er til að ætla, að dvelji hér aðeins um stundarsakir eða eru á förum af landi burt, en hafa hér atvinnutekjur, skal haga innheimtu tekjuskatts til ríkis og útsvars til bæjar- eða sveitarfélaga, svo og stríðsgróðaskatts, með þeim hætti, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Hafi útlendingur dvalið hér eða haft hér atvinnutekjur einn mánuð eða lengur, eða ef hreinar tekjur hans hér á landi eru kr. 10000.00 eða þar yfir, enda þótt dvalartími hans hér sé skemmri en einn mánuður, skapar það honum skatt- og útsvarsskyldu, og ber kaupgreiðandi hans fulla ábyrgð á greiðslu þessara gjalda, svo sem um hans eiginn skatt eða útsvar væri að ræða. Nú eru kaupgreiðendur aðila fleiri en einn á hinu sama ári, og bera þeir þá hlutfallslega ábyrgð, miðað við þá upphæð, sem þeir hafa greitt honum í kaup.

3. gr.

Til tryggingar ábyrgð þeirri, er í 2. gr. getur, skal kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupi útsvars- eða skattgreiðanda allt að 20% af launum. Ef kaup aðila er hærra en sem svarar til 1000.00 kr. grunnkaups á mánuði, skal kaupgreiðanda þó heimilt að halda eftir allt að 35% af kaupinu.

4. gr.

Ef upphæð sú, sem heimilt er að halda eftir samkv. 3. gr. til að fullnægja skatt- og útsvarsskyldum gjaldanda, er sýnilega of há eða of lág, getur gjaldandi eða innheimtumaður skatts eða útsvars, svo og kaupgreiðandi, snúið sér til hlutaðeigandi niðurjöfnunarnefndar og skattanefndar (skattstjóra) og farið fram á, að þær úrskurði um, hve miklu skuli haldið eftir af kaupi gjaldanda til að standast téðar greiðslur. Ábyrgð kaupgreiðanda á þeim skatt- og útsvarsgreiðslum, sem umfram kunna að vera þá upphæð, sem haldið er eftir samkvæmt úrskurðunum, fellur niður, enda hafi kaupgreiðandi skýrt rétt frá málavöxtum.

5. gr.

Tryggingarfé því fyrir sköttum og útsvari, sem kaupgreiðandi heldur eftir samkvæmt lögum þessum, skal hann skila til viðkomandi innheimtumanna innan sex virkra daga frá útborgunardegi.

Jafnskjótt og skattar og útsvar gjaldanda hafa verið ákveðin, skal innheimtumanni skylt að endurgreiða gjaldanda það, sem of mikið kynni að hafa verið greitt honum af kaupi gjaldársins eða útsvarsársins.

6. gr.

Kaupgreiðandi skal tilkynna skattstjóra eða skattanefnd mánaðarlega kaupgreiðslu til manna þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr.

7. gr.

Nú er einhver þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr., á förum af landi burt, og skal honum þá skylt að tilkynna hlutaðeigandi skattstofu eða skattanefnd um það með a. m. k. einnar viku fyrirvara. Sé kaupgreiðanda kunnugt um brottförina, ber honum einnig að tilkynna hana framangreindum aðilum. Jafnframt gefur kaupgreiðandi skattstofu eða skattanefnd skýrslu um allar kaupgreiðslur til gjaldanda hér á burtfararárinu til brottfarardags.

8. gr.

Hlutaðeigandi skattayfirvöld ákveða skatta og útsvar gjaldanda af tekjum hans frá komudegi til brottfarardags og tilkynna kaupgreiðanda, gjaldanda sjálfum og innheimtumanni skatta og útsvars um álagninguna þegar í stað.

9. gr.

Tekjuskattur þeirra, sem hér um ræðir, ákveðst þannig: Hreinar tekjur gjaldanda, deilanlegar með 50, margfaldast með tölunni 12 og deilast síðan með fjölda þeirra mánaða, er hann hefur dvalizt hér á burtfararárinu. Brot úr mánuði telst heill mánuður.

Þegar tekjufjárhæð hefur verið hækkuð samkvæmt ofangreindu hlutfalli, skal tekjuskattur reiknaður eftir þeim reglum, sem ákveðnar eru í 14. gr. laga nr. 20 frá 1942, þó án þess að persónufrádráttur sé leyfður.

Við niðurfærslu teknanna eftir vísitölu skal í þessu sambandi miðað við meðalvísitölu næsta árs á undan gjaldárinu.

Tekjuskatturinn reiknaður samkv. framansögðu deilist með tölunni 12 og margfaldist með fjölda þeirra mánaða, sem gjaldandi hefur dvalizt hér á burtfararárinu. Tekjuskatturinn má þó aldrei vera lægri en 5% af skattskyldum tekjum.

Tilsvarandi reglur skulu gilda um stríðsgróðaskatt.

10. gr.

Óheimilt er að selja þeim, er um ræðir í 1. og 2. gr., farmiða eða taka þá til flutnings til útlanda, nema færðar séu sönnur á með vottorði innheimtumanns, sbr. 12. gr., að annazt hafi verið um greiðslu opinberra gjalda eða full trygging sett fyrir greiðslu þeirra.

Lögreglustjóra eða útlendingaeftirliti er heimilt að banna slíkum farþegum að fara úr landi, hafi þeir ekki keypt farseðil með þeim hætti, er segir í 1. málsgr. þessarar greinar. Einnig getur lögreglustjóri bannað brottför annarra en farþega, ef ætla má, að þeir eigi ólokið skatt- og útsvarsgreiðslum hér á landi.

11. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett sérákvæði um, hvernig haga skuli álagningu, gjalddögum og innheimtu skatta og útsvars hjá þeim innlendum aðilum, er til útlanda fara, hvort sem er alfarnir eða til lengri eða skemmri dvalar. Nær þetta bæði til gjalda vegna undanfarins skattárs og skattlagningar á tekjur gjaldárs eða burtfararárs. Er í því sambandi heimilt að ákveða skattgreiðslu vegna hluta úr ári eftir sömu hlutfallsreglu og gildir um útlendinga, sbr. 9. gr.

Í reglugerð þessari má og ákveða, að eigi sé heimilt að selja far til útlanda öðrum en þeim, er hafa vegabréf frá lögreglustjóra, nýtt eða nýritað, um leyfi til fararinnar og lögreglustjóri skuli ekki gefa út eða árita vegabréf nema með samþykki innheimtumanna opinberra gjalda.

12. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða, að innheimta á ríkissköttum og sveitargjöldum samkvæmt þessum lögum skuli sameinuð á eina hönd í hverju umdæmi, eftir því sem henta þykir.

13. gr.

Nú er far látið í té án þess að gætt sé fyrirmæla 10. gr. eða ákvæða reglugerðar, er sett kann að verða samkv. 11. gr., og ábyrgist þá útgerð hlutaðeigandi skips eða flugvélar ógreidd gjöld farþega sem eigin skuld. Hver sá aðili, er með ólöglegu atferli kann að vera valdur eða meðsekur að því, að einhver komist úr landi án þess að greiða gjaldkræfa skatta, ber einnig sams konar ábyrgð á hinum vangoldnu ríkis- eða sveitarsköttum.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 50000.00.

14. gr.

Taka má gjöld þau, er um ræðir í lögum þessum, lögtaki hjá gjaldanda sjálfum, svo og hjá þeim, er ábyrgð bera á gjöldunum samkv. 2. og 13. gr.

15. gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágur frá lögum þessum að því er varðar íslenzka námsmenn, sem erlendis eru heimilisfastir, en koma hingað til atvinnu um stundarsakir.

16. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga um tekjuskatt, stríðsgróðaskatt og útsvör, eftir því sem við á.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 65 11. júní 1938, um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl., og lög nr. 84 9. október 1946, um breyting á og viðauka við þau lög.

Greinargerð.

Frv. er flutt samkvæmt ósk fjármálaráðherra, og fylgdi því þessi greinargerð:

Lagafrumvarp þetta kemur í stað laga nr. 65 11. júní 1938 og laga nr. 84 9. okt. 1946. Auk þess eru tekin upp í frumvarp þetta nokkur nýmæli og breytingar vegna þess ástands, er nú hefur skapazt í landinu, og er gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Er sama efnis og 1. gr. laga nr. 65 frá 1938 eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 84 frá 1946.

Um 2. gr.

Samsvarar 2. gr. laga nr. 65 frá 1938 og 2. gr. laga nr. 84 frá 1946, en sú breyting er gerð, að lágmarkstími fyrir skattskyldu er styttur úr 3 mánuðum í 1 mánuð og tekin upp ákvæði um, að maður, sem hér vinnur sér inn kr. 10000.00, sé skattskyldur, hve stutt sem hann hefur dvalið í landinu. Tilefni til þessarar breytingar er tvenns konar. Tilrauna hefur orðið vart til þess að komast fram hjá tímaákvæðinu þannig, að útlendingar, sem hér hafa verið í vinnu, hafa forðað sér úr landi áður en þriggja mánaða tímabilið var útrunnið, en komið síðan aftur innan skamms og þá með nýju vegabréfi. Að hafa hendur í hári slíkra manna má telja ókleift nema með mjög kostnaðarsömu vegabréfaeftirliti. Er því horfið að þeirri lausn að stytta skattskyldutímabilið í einn mánuð. Þá er og að myndast hér aðstreymi fólks utan úr löndum í ýmsum listgreinum, sem með hljómleikum, sýningum og á ýmsan annan hátt og á vegum ýmissa aðila taka hér skjóttekinn gróða. Þykir ástæðulaust

að undanþiggja fólk þetta skattgreiðslu, enda þótt tímatakmarkið nái ekki til þess, og er því lagt til, að tekjurnar séu skattlagðar, ef þær ná kr. 10000.00 hjá hverjum einstökum aðila.

Um 3. gr.

Samsvarar 3. gr. laga nr. 65 frá 1938. Hundraðstala þess tryggingarfjár, er halda má eftir af launum útlendinga, er hækkuð til samræmis við það, sem nú er álitið, að þörf krefji. Þar sem erlendis heimilisföstum aðilum er ekki veittur neinn persónufrádráttur í skatti, er enginn greinarmunur gerður á tryggingarfé fjölskyldumanna og einhleypra manna.

Um 4. gr.

4. gr. laga nr. 65 frá 1938 óbreytt.

Um 5. gr.

Svarar til 5. og 6. gr. í lögum nr. 65 frá 1938, en sú breyting gerð, að kaupgreiðanda er ætlað að greiða tryggingarféð til innheimtumanna í stað þess að leggja það á vöxtu. Hefur þessi háttur þegar verið tekinn í framkvæmd.

Um 6. gr.

3. gr. laga nr. 84 frá 1946 óbreytt.

Um 7. gr.

5. gr. laga nr. 84 frá 1946 óbreytt.

Um 8. gr.

6. gr. laga nr. 84 frá 1946, breytt til samræmis.

Um 9. gr.

7. gr. laga nr. 84 frá 1946, breytt til samræmis.

Um 10. gr.

Hér eru settar öryggisráðstafanir til varnar því, að mönnum takist að komast úr landi án greiðslu skatta sinna.

Um 11. gr.

Um þá, sem heimilisfastir eru hér á landi, gildir sú almenna regla, að tekjuskattur er reiknaður af tekjum manna næsta ár á undan álagningunni, skatturinn ákveðinn á gjaldárinu, en miðaður við tekjur ársins áður, sem kallað er skattár.

Með lögum nr. 69/1946 var tekin upp gjaldársskattlagning á útlendinga, sem héðan flytjast, þ. e. þá má skattleggja á gjaldárinu af þeim tekjum, sem þeir hafa þá haft. En þessari reglu er ekki framfylgt við neina innlenda aðila, sem til útlanda fara, nema vitanlegt sé eða sannanlegt, að þeir bregði hér heimilisfangi.

Í sambandi við utanfarir manna hafa skattyfirvöldin gripið til ýmissa öryggisráðstafana til varnar því, að menn geti hlaupizt brott frá skatt- og útsvarsskyldum sínum eða dráttur verði á greiðslunni. En eldri ákvæði þessu viðkomandi þykja ekki nægilega ljós eða fullnægjandi, og að dómi þeirra, er að þessum málum vinna, er talið óhjákvæmilegt, að heimildin til gjaldársskattlagningar sé einnig látin ná til innlendra manna, sem utan fara, og þessari álagningsaðferð beitt við þá á svipaðan hátt og um útlendinga, þegar nauðsyn ber til.

Þótt hefur réttara að setja ekki frekari lagafyrirmæli en hér er gert þessu viðkomandi, þar til reynsla sker úr, hvernig þessari tilhögun verði bezt háttað í framkvæmd.

Um 12. gr.

Hentugt þykir að sameina innheimtuna samkvæmt þessum lögum á eina hönd, enda hefur sá háttur verið tekinn upp í vissum umdæmum.

Um 13. gr.

Í þessari grein eru fólgin viðurlög og sektir við brotum á lögunum.

Um 14.—17. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Ed. 230. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmanna, Lárus Jóhannesson og Eiríkur Einarsson, voru ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 16. des. 1946.

Bernh. Stefánsson, form.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr.	Ásmundur Sigurðsson, frsm.

Nd. 231. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1947 og 1948, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur h/f Eimskipafélag Íslands með vissum skilyrðum undanfarið notið undanþágu frá greiðslu tekju- og eignarskatts og frá greiðslu hærra útsvars en 5% af nettó ágóða, þar sem það hefur aðalaðsetur sitt.

Undanfarið hefur félagið bætt hag sinn, en þrátt fyrir það virðist ekki ástæða til að fella niður hlunnindi þau, er félagið hefur notið. Rétt þykir þó, að ákveðið sé í lögunum, að tekjuafgangi sé varið eingöngu til samgöngubóta.

Nd. 232. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1947 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að framlengd verði óbreytt heimild sú, sem nú gildir samkv. lögum nr. 99 1945 til að innheimta ýmis gjöld með viðauka.

Nefndin mælir því með því, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „aukatekjur ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 27 27. júní 1921“ kemur: þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921.

Alþingi, 16. des. 1946.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Einar Olgeirsson.

Hallgrímur Benediktsson. Skúli Guðmundsson.

Sþ. 233. Nefndarálit

um till. til þál. um kaup ríkissjóðs á ull.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur haft tillögu þessa alllengi til meðferðar. Hefur nefndin kynnt sér allrækilega allar aðstæður hér að lútandi. Nefndin leitaði bréflega upplýsinga um málið hjá þeim tveimur aðilum, sem hafa á hendi sölu og útflutning ullarinnar, en það eru Garðar Gíslason stórkaupmaður og Samband ísl. samvinnufélaga. Svöruðu þessir aðilar báðir fyrirspurnum nefndarinnar og gáfu um það skýrar upplýsingar, hvað valdið hefði drætti á sölu ullarinnar á árunum 1943—45, en á þessum árum fór engin sala fram. En það, sem olli drætti á sölunni á þessum árum, var það, að ríkjandi markaðsverð var allmiklu lægra en það verð, sem ríkisstjórnin hafði tekið ábyrgð á gagnvart eigendum ullarinnar.

Á yfirstandandi ári hefur hins vegar rætzt verulega úr um sölu ullarinnar. Er nú búið að selja meginhlutann af umræddum ullarbirgðum, en eftir er óselt um 300 smál. af 3. og 5. flokks ull. Verð það, sem tekizt hefur að fá fyrir þann hluta ullarinnar, sem seldur er, svarar, eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefur fengið, sem næst til þess verðs, sem ríkissjóði ber að standa straum af til framleiðenda. Er þar ekki um að ræða halla fyrir ríkissjóð sem neinu nemur.

Sölumöguleikar eru einnig fyrir hendi nú á því, sem óselt er af ullinni, en eigi er talið líklegt, að úr rætist frekar en orðið er um verð fyrir þennan hluta ullarinnar, en því verði er þannig háttað, að allar líkur benda til, að halli ríkissjóðs af þessari sölu muni geta numið allt að 1500 þús. kr. Garðar Gíslason og Samband ísl. samvinnufélaga leggja á það áherzlu, að það verði ekki látið dragast öllu lengur að ganga frá sölu ullarinnar og endanlegum reikningsskilum við eigendur hennar. Mæla þeir því með samþykkt tillögunnar. Meiri hl. fjárveitinganefndar getur fallizt á þetta sjónarmið, enda mun, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eigi þess að vænta, að verð á þessum hluta ullarinnar hækki, þó enn væri dokað við um stund með sölu.

Meiri hl. fjárveitinganefndar leggur því til, að tillagan verði samþykkt með þeirri einni breytingu, að í stað þess, að greiðslu til bænda verði lokið fyrir næstu áramót, þá verði þetta lokagreiðslutakmark fært aftur um mánaðar skeið, enda er vikið að því í bréfi Sambandsins, að í þessu efni sé helzt til þröngur stakkur sniðinn.

Það, sem valdið hefur drætti á afgreiðslu þessarar tillögu, er, auk þess sem fyrr er að vikið, að rétt þótti að sjá, hversu reiddi af samningum um ullarsölu til Póllands, en sú sala er alveg nýlega um garð gengin.

BREYTINGARTILLAGA.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kaupa nú þegar óselda ull frá árunum 1943, 1944 og 1945 því verði, að greiða megi bændum fyrir 31. janúar 1947 hið lögákveðna verð fyrir ullarframleiðslu fyrrgreindra ára.

Alþingi, 16. des. 1946.

Gísli Jónsson, form. Pétur Ottesen, frsm. Ásmundur Sigurðsson.
Ingólfur Jónsson. Helgi Jónasson. Halldór Ásgrímsson.
Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 234. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen, Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Næstu 10 ár frá gildistöku laga þessara skal:

a. þúfnasléttun í túni styrkt með 100% hækkun frá því, sem ákveðið er í 9. gr. laganna, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 10. gr. laganna;
b. venjuleg nýrækt, þar með talin nauðsynleg framræsla, styrkt með 100% álagi frá því, sem ákveðið er í 9. gr. laganna, ásamt verðlagsuppbót (sbr. 10. gr.), þar til býli það, er styrks nýtur, hefur 600 hesta (100 kg) heyskap á véltæku landi í meðalári;
c. greiða 50 kr. á hektara ásamt verðlagsuppbót fyrir sléttun engjalanda á þeim býlum, sem hafa ekki 600 hesta heyskap á véltæku landi.

Hámarksákvæði 11. og 13. gr. laganna taka ekki til framkvæmda samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands um nánari fyrirmæli viðvíkjandi mælingu túnþýfis og úttekt þessara jarðabóta til styrkgreiðslu, og skal þar m. a. ákveða reglur um, við hvaða stærð 600 hesta heyskaparland á túni og engjum skuli miðast.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu hefur verið flutt á nokkrum undanförnum þingum, en ekki náð fram að ganga. Hefur þá fylgt því ýtarleg greinargerð, sem hér verður ekki tekin upp, en vísast til fyrir þá, sem vilja og þurfa að rifja upp fyrir sér gang málsins. Til áréttingar því, sem áður hefur verið sagt um nauðsyn þessa máls, skal þetta látið nægja nú:

Það kemur æ skýrar í ljós með hverju ári, sem líður, að íslenzka landbúnaðinum og þar með íslenzku þjóðinni er það óumflýjanleg nauðsyn að koma ræktunarmálunum sem fyrst á það stig, að allur heyfengur bænda verði tekinn á véltæku, ræktuðu landi. Til þess að svo megi verða, er óhjákvæmilegt, að þar leggist á eitt bændurnir í landinu og þjóðfélagið í heild, sem einnig nýtur ræktunarinnar

og býr að henni lengur en hinir einstöku bændur, sem að henni standa og mest leggja á sig um framkvæmdina. Það, sem við flutningsmenn þessa frv. teljum, að fylgja þurfi af hálfu ríkisins í kjölfar þeirra umbóta í ræktunarmálunum, sem nú hafa fengizt með samþykkt laganna um ræktunarsamþykktir og framkvæmd þeirra, er sérstakur stuðningur með hækkun jarðræktarstyrksins til þeirra býla, sem af einhverjum ástæðum hafa orðið aftur úr með ræktunina, — og veitist sá aukastyrkur, unz býlið hefur náð einhverju lágmarki ræktaðs lands, og miðum við hér við land, sem gefi af sér allt að 600 hestum í meðalári.

Um breytingar þær, sem undanfarið hafa orðið á ræktunaraðstöðunni annars vegar og jarðræktarstyrknum hins vegar, viljum við segja þetta: Því verður ekki á móti mælt, að aðstaðan við ræktunina hefur allmjög batnað þar, sem hægt er að koma við hinum stórvirku jarðræktartækjum. En því miður á það nokkuð í land, að það sé alls staðar á landinu. En svo er og þess að geta, að jarðræktarstyrkurinn er nú og hefur undanfarið verið greiddur með hinni viðurkenndu vísitöluuppbót, eða styrkurinn þrefaldaður, þó að öllum sé það vitanlegt, að öll verkamannavinna við jarðræktina hefur 6—10-faldazt frá því að grunnstyrkur sá, sem miðað er við í jarðræktarlögunum, var ákveðinn. Mun því ekki fjarri sanni, að þar, sem hin nýju og bættu jarðyrkjutæki hafa verið tekin í notkun, vegi það nokkuð salt á móti hinum stórum hækkuðu vinnulaunum. En þar, sem þeim hefur ekki orðið við komið enn, nema þá að litlu leyti, — og það mun því miður vera svo allvíða einmitt meðal þeirra bænda, sem skemmst eru á veg komnir með ræktun, — þar er hlutfallið nú á milli ræktunarkostnaðar og jarðræktarstyrks stórum óhagstæðara en var fyrir styrjöldina.

Nánar í framsögu.

Ed. 235. Nefndarálit

um frv. til laga um, að ákvæði samnings frá 7. október 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað málið og leggur meiri hlutinn til, að það verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna (Ásmundur Sigurðsson) taldist mundu skila sérstöku áliti. Annar nefndarm. (Bernharð Stefánsson) var farinn í jólafrí, er málið var afgreitt.

Alþingi, 18. des. 1946.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson.	Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 236. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1947 með viðauka.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1947 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1947.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947.

Ed. 237. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Hermann Jónasson, Gísli Jónsson.

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Skal gjaldið reiknast af því verði, sem framleiðendum er greitt á hverjum tíma. Tekjur sjóðsins skulu ár hvert skiptast að jöfnu á milli búnaðarsambandanna annars vegar og stéttarsambands bænda hins vegar, er hvort fyrir sig ráðstafar sínum hluta til nauðsynjamála bændastéttarinnar vegna verkefna þeirra, er þau hafa með höndum. Búnaðarþing skiptir milli búnaðarsambandanna því fé sjóðsins, er fellur í hlut þeirra.

2. gr.

Lög nr. 27 frá 23. apríl 1946, um breyting á lögum um búnaðarmálasjóð, skulu úr gildi felld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin um búnaðarmálasjóð, sem nú gilda, hafa verið svo þrautrædd, að ekki er ástæða til þess hér í greinargerðinni að skrifa langt mál um þau. Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er gerð sú breyting frá því, sem nú er, að stéttarsambandi bændanna sjálfra eru falin umráð sjóðsins að hálfu, — helmingi árlegra tekna hans. Búnaðarþinginu er veitt heimild til að skipta á milli búnaðarsambanda landsins hinum helmingnum, og verður að telja það eftir atvikum eðlilega ráðstöfun. Búnaðarsamböndin eiga á búnaðarþinginu hvert sinn eða sína fulltrúa, er gæta hagsmuna sambandanna. Virðist það öryggi fyrir, að skipting fjárins milli sambandanna verði réttlát.

Ed. 238. Nefndarálit

um frv. til l. um, að ákvæði samnings frá 7. okt. 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála hv. meiri hluta nefndarinnar um afgreiðslu þessa máls.

Í samningi þeim, er hér um ræðir, eru fólgin veigamikil atriði um sérstök fríðindi handa þeim erlendu mönnum, er starfa munu hér á flugvellinum á vegum Bandaríkjanna. Hins vegar var því mjög haldið fram af hálfu þeirra, er samningnum fylgdu, að í honum fælust engin önnur réttindi starfsliðinu til handa en þau, er tekin voru fram í samningnum. Að öðru leyti væri það algerlega háð íslenzkum lögum. Er því mikil nauðsyn, að sett verði skýr lagafyrirmæli um, hvaða réttindi hér er um að ræða.

Mér virðist mjög á skorta, að ákvæði þessa frumvarps séu svo ótvíræð sem þarf til þess, að hinir íslenzku dómendur, er eiga að dæma um öll hugsanleg ágreiningsatriði í sambandi við þessi mál, hafi góða aðstöðu til að standa á rétti Íslendinga, ef til árekstra kemur. Í 1. gr. laganna er svo ákveðið, að meðan samningurinn er í gildi „skulu ákvæði hans, er varða aðflutningsgjöld, útflutningsgjöld, tekjuskatt, afnotarétt fasteigna og önnur atriði, sem sérstaklega er rætt um í samningnum, hafa lagagildi hér á landi". Það er augljóst, að hér er um að ræða breytingar á fjölmörgum atriðum í ýmsum lögum, og virðist þá óneitanlega réttara að ákveða nánar, hvaða breytingar skuli gerðar á hverjum einstökum lögum, er samningurinn snertir.

Sú ástæða, sem borin er fram í athugasemdum við frumvarpið, að þessi aðferð sé of umsvifamikil, er vægast sagt tylliástæða, því fyrir fram er vitað, að öll þessi atriði hljóta að koma mörgum sinnum til úrskurðar dómara og því ekki forsvaranlegt af hálfu Alþingis að skjóta sér undan því að setja skýr ákvæði um þessi mál, vegna þess að sú aðferð sé of umsvifamikil.

Ég legg því til, að frumvarpið sé afgr. með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að deildin álítur það heppilegast til þess að tryggja og varðveita fullan rétt íslenzka ríkisins við framkvæmd samningsins við Bandaríki Ameríku frá 7. október, að gerðar séu skýrar og ótvíræðar breytingar í undanþáguformi á hverjum þeim íslenzkum lögum, sem undanþágu beri að gera við vegna samnings þessa, en eigi löggilda í einu lagi tvíræð og óljós ákvæði, ályktar deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. des. 1946.

Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 239. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
16. gr. laga nr. 58/1946 orðist þannig:
Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra og kennara.

Sþ. 240. Tillaga til þingsályktunar

um flutning íslenzkra afurða með íslenzkum skipum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að íslenzkar framleiðsluvörur verði, þegar kostur er á skiprúmi, fluttar með íslenzkum skipum til erlendra hafna.

Greinargerð.

Íslenzka þjóðin er nú að eignast allálitlegan skipastól. Koma þar fyrst til greina hin mörgu nýju skip Eimskipafélags Íslands, skip Sambandsins og flutningaskip einstakra útgerðarmanna. Erlendis er lögð mikil áherzla á, að skipastóll þjóðanna annist sem allra mest flutning á framleiðsluvörum þeirra. Bar það við nýverið erlendis, að þjóð, sem átti nægan skipastól til flutninga, varð að sætta sig við að fá skipakost hjá annarri þjóð, sem lagði fram fjármagn til vörukaupa þeirra, sem hér var um að ræða. Sækja erlendar þjóðir nú mjög á að halda fram skipakosti sínum til flutninga hér við land. Er ástæða til að óttast, að svo kunni að fara á næstu misserum, að hin nýju og góðu íslenzku skip beri frá borði skarðan hlut í skiptum við erlenda keppinauta um útflutning íslenzkra afurða. Þar sem ríkisstjórnin hefur nú sem stendur mikil áhrif á sölu íslenzkrar framleiðslu erlendis, er henni í lófa lagið að veita íslenzkum millilandasiglingum mikilsverða aðstoð í þessu efni.

Sþ. 241. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð á viðbótarláni til virkjunar Andakílsár.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur athugað tillögu þessa. Hefur hún leitað umsagnar rafmagnseftirlits ríkisins um hana. Hefur forstöðumaður eftirlitsins látið nefndinni í té ýmsar upplýsingar hér að lútandi bæði í bréfi og viðtali við nefndina. Mælir hann með samþykkt tillögunnar. Þá hefur nefndin og rætt um mál þetta við Árna Pálsson verkfræðing. Hefur hann í viðtali við nefndina og í ýtarlegu erindi gefið nefndinni margvíslegar upplýsingar viðkomandi byggingu þessa fyrirtækis, væntanlegum rekstri þess o. fl.

Það er auðsætt, að eigi verður hjá því komizt, að láta í té umbeðna viðbótarábyrgð, svo að takast megi að ljúka verkinu, en því er nú svo langt á veg komið, að talið er líklegt, að orkuverið geti tekið til starfa í næstk. aprílmánuði.

Fjárveitinganefnd leggur því til, að tillagan verði samþykkt. Einn nefndarmanna (HÁ) hafði fengið fjarvistarleyfi af þingi þegar till. var afgreidd í nefndinni.

Alþingi, 18. des. 1946.

Gísli Jónsson, frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Pétur Ottesen, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Ásmundur Sigurðsson.	Sig. Kristjánsson.
Helgi Jónasson.	Steingr. Aðalsteinsson.	

Ed. 242. Lög

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 71.

Nd. 243. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Frá Helga Jónassyni og Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Í stað „70 ára“ í síðustu málsgr. komi: 67 ára.

Nd. 244. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. Við 1. gr. b-liður orðist svo:
   2. málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:
   Heimilt er þó þessum embættis- og starfsmönnum að láta af störfum, þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára, eða hvenær sem er eftir þann tíma, með fullum eftirlaunarétti.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   Síðari málsgr. 2. gr. laganna falli burt.

Nd. 245. Lög

um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 226.

Nd. 246. Frumvarp til laga

um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna bátaútvegsins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1947 65 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðan með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorsk- og ýsuflökum nái kr. 1.33 fyrir lbs. fob., þó þannig, að ábyrgðin fari ekki fram úr 35 aurum á lbs. Skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarandi.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob, miðað við fullstaðinn stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera tilsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan.

4. gr.

Til þess að tryggja 65 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski eftir því sem markaðshorfur segja til.

6. gr.

Til að standast þau útgjöld, sem kann að leiða af ábyrgðum skv. 2.—4. gr. skal ríkisstjórnin halda eftir og leggja í sérstakan tryggingarsjóð þann hluta af söluverði síldarafurða 1947, sem er umfram hrásíldarverð eins og það var 1946 að viðbættri hækkun, er svarar til fiskverðshækkunar skv. 1. gr., og vinnslukostnaði. Nú hækkar útflutningsverð einstakra fisktegunda meira en nemur ábyrgð ríkissjóðs, og skal þá það, sem umfram er, renna í tryggingarsjóð.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar skal ríkisstjórnin setja með reglugerð.

Nú verður afgangur af fé tryggingarsjóðs, og skal þá sjóðurinn starfa áfram til tryggingar síldveiðunum eftir þeim reglum, er ríkisstjórnin setur.

7. gr.

Auglýsa skal fyrir 1. jan. 1947 lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 65 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

8. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd laga þessara, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er skv. 7. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum skv. lögum þessum.

9. gr.

Ríkisstjórnin skipar 4 manna nefnd eftir tilnefningu þingflokkanna til þess að gera tillögur um, á hvern hátt verði komið í veg fyrir, að dýrtíðin í landinu vaxi, og skal nefndin skila áliti sínu fyrir 1. febr. 1947.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt af fjárhagsnefnd óskiptri, en einstakir nefndarmenn hafa áskilið sér rétt til að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma. Nánar í framsögu.

Ed. 247. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1947 með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 236.

Nd. 248. Breytingartillögur

við frv. til l. um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna bátaútvegsins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

1. Á eftir 8. gr. komi ný gr., er verði 9. gr., svo hljóðandi:
   Ríkisstjórnin greiðir verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir á tímabilinu 15. sept. 1946 til 15. sept. 1947 eftir því sem með þarf til þess, að framleiðendur fái það verð fyrir þær, sem reiknað er með í landbúnaðarvísitölu 1946. Ef vörur, sem framleiddar eru á framangreindu tímabili, eru eigi fluttar út á því ári, enda þótt þær séu tilbúnar til útflutnings, skulu þær verðbættar, þegar út eru fluttar, eins og gert mundi hafa verið á því ári, er þær voru framleiddar. Verðuppbæturnar greiðist útflytjendum um leið og kaupendur borga vörurnar.
   Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda, að greiða þurfi fé úr ríkissjóði vegna ábyrgðar samkv. 2.—4. gr.
2. Við fyrirsögn frv. bætist: o. fl.

Ed. 249. Nefndarálit

um frv. til l., um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin tók mál þetta fyrir á fundi sínum í dag, þar sem allir nefndarm. voru viðstaddir aðrir en Bernharð Stefánsson, sem er farinn af þingi í jólaleyfi.

Nefndin er yfir höfuð samþykk frv., en þó með þeim breytingum til skýringar, er hér fara á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Hafi útlendingur dvalið hér eða haft hér atvinnutekjur, aðrar en þær, er í 2. málsgr. getur,
2. Við gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Útlendir listamenn, sem afla sér hér tekna með list sinni, hvort heldur þeir starfa í eigin nafni eða á annarra vegum, skulu greiða skatt og útsvar af ⅔ hlutum þeirra tekna, er þeir afla sér á þann hátt, að frádregnum beinum kostnaði við starfsemina.
   Nánari reglur um þetta má setja í reglugerð.

Alþingi, 20. des. 1946.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson. Þorst. Þorsteinsson.

Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 250. Breytingartillögur

við frv. til l. um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna bátaútvegsins.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 6. gr. Greinin falli burt, og greinatala breytist samkvæmt því.
2. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins.

Nd. 251. Breytingartillaga

við frv. til l. um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna bátaútvegsins.

Frá Finni Jónssyni.

Við 6. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkv. því.
Til vara:

a. Aftan við 1. málslið 6. gr. bætist: Eigi má þó innheimta slíkt gjald fyrr en veiði síldveiðiskips hefur náð meðalafla síldveiðiskips í hverjum flokki árin 1942—1944.
b. Aftan við 2. málsgrein sömu greinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Fé því, er innheimt verður af afla hvers síldveiðiskips, skal fyrst og fremst verja til að greiða útgerðarmanni þess halla þann, er hann kann að hafa beðið af útgerð skipsins á síldveiðum á árunum 1945 og 1946, þó þannig, að frá verði dreginn hagnaður sá, er orðið hefur á hverju skipi á þorskveiðum á þeim árum. Jöfnum höndum skal skipverjum á skipum þessum greidd uppbót þannig, að tekjur þeirra af síldveiðum nái meðaltekjum verkamanna við síldarverksmiðjur ríkisins á því ári.

Nd. 252. Breytingartillögur

við frv. til l. um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna bátaútvegsins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, er verði 1. gr., svo hljóðandi:
Fyrir 1. febrúar 1947 leggi ríkisstjórnin fyrir Alþingi tillögur um stöðvun dýrtíðarinnar og þær ráðstafanir, sem nægja til þess að framleiðslan geti orðið arðvænleg, og tekjur þeirra, sem að henni starfa, það miklar í hlutfalli við tekjur annarra, að framleiðslustörfin verði eftirsóknarverð.
2. 9. gr. falli niður.

Nd. 253. Breytingartillögur

við frv. til l. um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna bátaútvegsins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. Fyrir orðin „Ríkisstjórnin ábyrgist“ komi: Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast.
2. Við 2. gr. Fyrir orðin „Ríkissjóður ábyrgist“ komi: Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs.

3. Við 3. gr. Fyrir orðin „Ríkissjóður ábyrgist“ komi: Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs.
4. Við 7. gr. Fyrir orðin „Auglýsa skal“ komi: Ríkisstjórninni er heimilt að auglýsa.

Nd. 254. Breytingartillögur

við frv. til l. um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna bátaútvegsins.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. Við 6. gr. Aftan við 3. málsgr. greinarinnar bætist: að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Landssambands útvegsmanna.
2. Við 9. gr. Aftan við greinina kemur ný málsgr., svo hljóðandi:
   Frá 1. janúar 1947 og þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum skal verðlagsuppbót á launa- og kaupgreiðslur allar ekki vera hærri en svo, að miðað sé við vísitölu kauplagsnefndar fyrir desembermánuð 1946, en ef vísitalan lækkar meðan þetta ákvæði er í gildi, skal verðlagsuppbót lækka að sama skapi.

Nd. 255. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 244 [Aldurshámark].

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. lið. Fyrir „fullra 65 ára“ komi: fullra 67 ára.

Ed. 256. Frumvarp til laga

um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Gagnvart útlendingum, sem landsvistar- og atvinnuleyfi hafa um tiltekinn tíma, eða þeim mönnum, er ástæða er til að ætla, að dvelji hér aðeins um stundarsakir eða eru á förum af landi burt, en hafa hér atvinnutekjur, skal haga innheimtu tekjuskatts til ríkis og útsvars til bæjar- eða sveitarfélaga, svo og stríðsgróðaskatts, með þeim hætti, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Hafi útlendingur dvalið hér eða haft hér atvinnutekjur, aðrar en þær, er í 2. málsgr. getur, einn mánuð eða lengur, eða ef hreinar tekjur hans hér á landi eru kr. 10000.00 eða þar yfir, enda þótt dvalartími hans hér sé skemmri en einn mánuður, skapar það honum skatt- og útsvarsskyldu, og ber kaupgreiðandi hans fulla ábyrgð á greiðslu þessara gjalda, svo sem um hans eiginn skatt eða útsvar væri að ræða. Nú eru kaupgreiðendur aðila fleiri en einn á hinu sama ári, og bera þeir þá hlutfallslega ábyrgð, miðað við þá upphæð, sem þeir hafa greitt honum í kaup.

Útlendir listamenn, sem afla sér hér tekna með list sinni, hvort heldur þeir starfa í eigin nafni eða á annarra vegum, skulu greiða skatt og útsvar af ⅔ hlutum þeirra tekna, er þeir afla sér á þann hátt, að frádregnum beinum kostnaði við starfsemina.

Nánari reglur um þetta má setja í reglugerð.

3. gr.

Til tryggingar ábyrgð þeirri, er í 2. gr. getur, skal kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupi útsvars- eða skattgreiðanda allt að 20% af launum. Ef kaup aðila er hærra en sem svarar til 1000.00 kr. grunnkaups á mánuði, skal kaupgreiðanda þó heimilt að halda eftir allt að 35% af kaupinu.

4. gr.

Ef upphæð sú, sem heimilt er að halda eftir samkv. 3. gr. til að fullnægja skatt- og útsvarsskyldum gjaldanda, er sýnilega of há eða of lág, getur gjaldandi eða innheimtumaður skatts eða útsvars, svo og kaupgreiðandi, snúið sér til hlutaðeigandi niðurjöfnunarnefndar og skattanefndar (skattstjóra) og farið fram á, að þær úrskurði um, hve miklu skuli haldið eftir af kaupi gjaldanda til að standast téðar greiðslur. Ábyrgð kaupgreiðanda á þeim skatt- og útsvarsgreiðslum, sem umfram kunna að vera þá upphæð, sem haldið er eftir samkvæmt úrskurðunum, fellur niður, enda hafi kaupgreiðandi skýrt rétt frá málavöxtum.

5. gr.

Tryggingarfé því fyrir sköttum og útsvari, sem kaupgreiðandi heldur eftir samkvæmt lögum þessum, skal hann skila til viðkomandi innheimtumanna innan sex virkra daga frá útborgunardegi.

Jafnskjótt og skattar og útsvar gjaldanda hafa verið ákveðin, skal innheimtumanni skylt að endurgreiða gjaldanda það, sem of mikið kynni að hafa verið greitt honum af kaupi gjaldársins eða útsvarsársins.

6. gr.

Kaupgreiðandi skal tilkynna skattstjóra eða skattanefnd mánaðarlega kaupgreiðslu til manna þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr.

7. gr.

Nú er einhver þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr., á förum af landi burt, og skal honum þá skylt að tilkynna hlutaðeigandi skattstofu eða skattanefnd um það með a. m. k. einnar viku fyrirvara. Sé kaupgreiðanda kunnugt um brottförina, ber honum einnig að tilkynna hana framangreindum aðilum. Jafnframt gefur kaupgreiðandi skattstofu eða skattanefnd skýrslu um allar kaupgreiðslur til gjaldanda hér á burtfararárinu til brottfarardags.

8. gr.

Hlutaðeigandi skattayfirvöld ákveða skatta og útsvar gjaldanda af tekjum hans frá komudegi til brottfarardags og tilkynna kaupgreiðanda, gjaldanda sjálfum og innheimtumanni skatta og útsvars um álagninguna þegar í stað.

9. gr.

Tekjuskattur þeirra, sem hér um ræðir, ákveðst þannig: Hreinar tekjur gjaldanda, deilanlegar með 50, margfaldast með tölunni 12 og deilast síðan með fjölda þeirra mánaða, er hann hefur dvalizt hér á burtfararárinu. Brot úr mánuði telst heill mánuður.

Þegar tekjufjárhæð hefur verið hækkuð samkvæmt ofangreindu hlutfalli, skal tekjuskattur reiknaður eftir þeim reglum, sem ákveðnar eru í 14. gr. laga nr. 20 frá 1942, þó án þess að persónufrádráttur sé leyfður.

Við niðurfærslu teknanna eftir vísitölu skal í þessu sambandi miðað við meðalvísitölu næsta árs á undan gjaldárinu.

Tekjuskatturinn reiknaður samkv. framansögðu deilist með tölunni 12 og margfaldist með fjölda þeirra mánaða, sem gjaldandi hefur dvalizt hér á burtfararárinu. Tekjuskatturinn má þó aldrei vera lægri en 5% af skattskyldum tekjum.

Tilsvarandi reglur skulu gilda um stríðsgróðaskatt.

10. gr.

Óheimilt er að selja þeim, er um ræðir í 1. og 2. gr., farmiða eða taka þá til flutnings til útlanda, nema færðar séu sönnur á með vottorði innheimtumanns, sbr. 12. gr., að annazt hafi verið um greiðslu opinberra gjalda eða full trygging sett fyrir greiðslu þeirra.

Lögreglustjóra eða útlendingaeftirliti er heimilt að banna slíkum farþegum að fara úr landi, hafi þeir ekki keypt farseðil með þeim hætti, er segir í 1. málsgr. þessarar greinar. Einnig getur lögreglustjóri bannað brottför annarra en farþega, ef ætla má, að þeir eigi ólokið skatt- og útsvarsgreiðslum hér á landi.

11. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett sérákvæði um, hvernig haga skuli álagningu, gjalddögum og innheimtu skatta og útsvars hjá þeim innlendum aðilum, er til útlanda fara, hvort sem er alfarnir eða til lengri eða skemmri dvalar. Nær þetta bæði til gjalda vegna undanfarins skattárs og skattlagningar á tekjur gjaldárs eða burtfararárs. Er í því sambandi heimilt að ákveða skattgreiðslu vegna hluta úr ári eftir sömu hlutfallsreglu og gildir um útlendinga, sbr. 9. gr.

Í reglugerð þessari má og ákveða, að eigi sé heimilt að selja far til útlanda öðrum en þeim, er hafa vegabréf frá lögreglustjóra, nýtt eða nýáritað, um leyfi til fararinnar og lögreglustjóri skuli ekki gefa út eða árita vegabréf nema með samþykki innheimtumanna opinberra gjalda.

12. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða, að innheimta á ríkissköttum og sveitargjöldum samkvæmt þessum lögum skuli sameinuð á eina hönd í hverju umdæmi, eftir því sem henta þykir.

13. gr.

Nú er far látið í té án þess að gætt sé fyrirmæla 10. gr. eða ákvæða reglugerðar, er sett kann að verða samkv. 11. gr., og ábyrgist þá útgerð hlutaðeigandi skips eða flugvélar ógreidd gjöld farþega sem eigin skuld. Hver sá aðili, er með ólöglegu atferli kann að vera valdur eða meðsekur að því, að einhver komist úr landi án þess að greiða gjaldkræfa skatta, ber einnig sams konar ábyrgð á hinum vangoldnu ríkis- eða sveitarsköttum.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkv. þeim, varða sektum allt að kr. 50000.00.

14. gr.

Taka má gjöld þau, er um ræðir í lögum þessum, lögtaki hjá gjaldanda sjálfum, svo og hjá þeim, er ábyrgð bera á gjöldunum samkv. 2. og 13. gr.

15. gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágur frá lögum þessum að því er varðar íslenzka námsmenn, sem erlendis eru heimilisfastir, en koma hingað til atvinnu um stundarsakir.

16. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga um tekjuskatt, stríðsgróðaskatt og útsvör, eftir því sem við á.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 65 11. júní 1938, um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl., og lög nr. 84 9. október 1946, um breyting á og viðauka við þau lög.

Nd. 257. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 254 [Ríkisábyrgð og tryggingarsjóður vegna bátaútvegsins].

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Meginmál 2. brtt. orðist svo:

Á meðan tillögur nefndarinnar koma ekki til framkvæmda eða önnur ný úrræði í dýrtíðarmálunum, skal ríkisstjórnin nota heimildir þær, sem hún hefur í lögum, til að koma í veg fyrir hækkun vísitölunnar frá því, sem hún er við gildistöku laga þessara.

Nd. 258. Breytingartillaga

við frv. til l. um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna bátaútvegsins.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 6. gr. Aftan við greinina bætist: Nú verður síldveiði með minna móti, og er ríkisstjórninni þá heimilt að greiða uppbætur úr tryggingarsjóði á afla ársins 1947.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna sjálfstæð tryggingarsvæði að fengnum tillögum Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Uppbætur og tryggingargjöld fyrir útfluttan eða seldan afla skulu greidd í hlutfalli við afla á svæðinu og öllu landinu. Ríkisstjórnin ákveður nánar um sérsvæði og sérsjóði með reglugerð.

Ed. 259. Lög

um, að ákvæði samnings frá 7. október 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl. skuli öðlast gildi.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 81.

Nd. 260. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 258, við frv. til l. um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna bátaútvegsins.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Till. orðist svo:

Í stað tveggja síðustu málsgr. 6. gr. komi:

Skipta skal landinu í tryggingarsvæði, og skal sérstakur tryggingarsjóður vera fyrir hvert svæði. Skiptingu þessa í svæði og meðferð tryggingarsjóðanna skal ákveða með lögum frá Alþingi, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Nd. 261. Breytingartillögur

við frv. til l. um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna bátaútvegsins og við brtt. á þskj. 258.

Frá Finni Jónssyni og Sigurði E. Hlíðar.

1. Við 6. gr. Í stað síðustu málsgreinar komi:
   Nú verður afgangur af fé tryggingarsjóðs, og skal hann þá greiddur útgerðarmönnum og sjómönnum að tiltölu við síldarafla hvers skips.
2. Við brtt. á þskj. 258.
   Fyrri málgrein falli niður.

Nd. 262. Frumvarp til laga

um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1947 65 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðan með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorsk- og ýsuflökum nái kr. 1.33 fyrir lbs. fob., þó þannig, að ábyrgðin fari ekki fram úr 35 aurum á lbs. Skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarandi.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera tilsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan.

4. gr.

Til þess að tryggja 65 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski eftir því sem markaðshorfur segja til.

6. gr.

Auglýsa skal fyrir 1. jan. 1947 lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 65 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd laga þessara, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er skv. 7. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum skv. lögum þessum.

8. gr.

Ríkisstjórnin greiðir verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir á tímabilinu 15. sept. 1946 til 15. sept. 1947 eftir því sem með þarf til þess, að framleiðendur fái það verð fyrir þær, sem reiknað er með í landbúnaðarvísitölu 1946. Ef vörur, sem framleiddar eru á framangreindu tímabili, eru eigi fluttar út á því ári, enda þótt þær séu tilbúnar til útflutnings, skulu þær verðbættar, þegar út eru fluttar, eins og gert mundi hafa verið á því ári, er þær voru framleiddar. Verðuppbæturnar greiðist útflytjendum um leið og kaupendur borga vörurnar.

Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda, að greiða þurfi fé úr ríkissjóði vegna ábyrgðar samkv. 2.—4. gr.

9. gr.

Ríkisstjórnin skipar 4 manna nefnd eftir tilnefningu þingflokkanna til þess að gera tillögur um, á hvern hátt verði komið í veg fyrir, að dýrtíðin í landinu vaxi, og skal nefndin skila áliti sínu fyrir 1. febr. 1947.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 263. Lög

um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 256.

Ed. 264. Breytingartillaga

við frv. til l. um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar (JJós, ÞÞ, GÍG).

Á eftir 5. gr. komi ný gr., sem verður 6. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Til þess að standast þau útgjöld, sem kann að leiða af ábyrgðum samkv. 2.—4. gr., skal ríkisstjórnin halda eftir og leggja í sérstakan tryggingarsjóð þann hluta af söluverði síldarafurða 1947, sem er umfram hrásíldarverð eins og það var 1946, að viðbættri hækkun, er svarar til fiskverðshækkunar samkv. 1. gr. og vinnslukostnaði. Nú hækkar útflutningsverð einstakra fisktegunda meira en nemur ábyrgð ríkissjóðs, og skal þá það, sem umfram er, renna í tryggingarsjóð.

Nú verður afgangur af fé tryggingarsjóðs, og skal hann þá greiðast útvegsmönnum og sjómönnum að tiltölu við síldarafla hvers skips.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna sjálfstæð tryggingarsvæði, að fengnum tillögum Landssambands íslenzkra útvegsmanna, enda verður þá sérstakur tryggingarsjóður fyrir hvert svæði. Tryggingargjöld fyrir útfluttar eða seldar síldarafurðir skulu greidd til tryggingarsjóða eftir hlutfalli aflans á tryggingarsvæðinu, móts við aflann á öllu landinu.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um tryggingarsvæði og sjóði.

Ed. 265. Breytingartillaga

við frv. til l. um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (JJós, GÍG).

Við 8. gr. Greinin falli niður.

Ed. 266. Frumvarp til laga

um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1947 65 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðan með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorsk- og ýsuflökum nái kr. 1.33 fyrir lbs. fob., þó þannig, að ábyrgðin fari ekki fram úr 35 aurum á lbs. Skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarandi.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera tilsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan.

4. gr.

Til þess að tryggja 65 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski eftir því sem markaðshorfur segja til.

6. gr.

Til þess að standast þau útgjöld, sem kann að leiða af ábyrgðum samkv. 2.—4. gr., skal ríkisstjórnin halda eftir og leggja í sérstakan tryggingarsjóð þann hluta af söluverði síldarafurða 1947, sem er umfram hrásíldarverð eins og það var 1946, að viðbættri hækkun, er svarar til fiskverðshækkunar samkv. 1. gr. og vinnslukostnaði. Nú hækkar útflutningsverð einstakra fisktegunda meira en nemur ábyrgð ríkissjóðs, og skal þá það, sem umfram er, renna í tryggingarsjóð.

Nú verður afgangur af fé tryggingarsjóðs, og skal hann þá greiðast útvegsmönnum og sjómönnum að tiltölu við síldarafla hvers skips.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna sjálfstæð tryggingarsvæði, að fengnum tillögum Landssambands íslenzkra útvegsmanna, enda verður þá sérstakur tryggingarsjóður fyrir hvert svæði. Tryggingargjöld fyrir útfluttar eða seldar síldarafurðir skulu greidd til tryggingarsjóða eftir hlutfalli aflans á tryggingarsvæðinu móts við aflann á öllu landinu.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um tryggingarsvæði og sjóði.

7. gr.

Auglýsa skal fyrir 1. jan. 1947 lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 65 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

8. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd laga þessara, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er skv. 7. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum skv. lögum þessum.

9. gr.

Ríkisstjórnin skipar 4 manna nefnd eftir tilnefningu þingflokkanna til þess að gera tillögur um, á hvern hátt verði komið í veg fyrir, að dýrtíðin í landinu vaxi, og skal nefndin skila áliti sínu fyrir 1. febr. 1947.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 267. Breytingartillaga

við frv. til l. um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 6. gr. 1. málsgr. Orðin „Nú hækkar útflutningsverð“ og til enda málsgreinarinnar falli niður.

Ed. 268. Breytingartillaga

við frv. til l. um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

Frá Hermanni Jónassyni og Ásmundi Sigurðssyni.

Við 6. gr. 1. málsgr. Í stað orðanna „hækkun, er svarar til fiskverðshækkunar samkv. 1. gr. og vinnslukostnaði“ komi: 66% hækkun þess og vinnslukostnaði.

Nd. 269. Frumvarp til laga

um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1947 65 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðan með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorsk- og ýsuflökum nái kr. 1.33 fyrir lbs. fob., þó þannig, að ábyrgðin fari ekki fram úr 35 aurum á lbs. Skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarandi.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera tilsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan.

4. gr.

Til þess að tryggja 65 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski eftir því sem markaðshorfur segja til.

6. gr.

Til þess að standast þau útgjöld, sem kann að leiða af ábyrgðum samkv. 2.—4. gr., skal ríkisstjórnin halda eftir og leggja í sérstakan tryggingarsjóð þann hluta af söluverði síldarafurða 1947, sem er umfram hrásíldarverð eins og það var 1946, að viðbættri hækkun, er svarar til fiskverðshækkunar samkv. 1. gr. og vinnslukostnaði.

Nú verður afgangur af fé tryggingarsjóðs, og skal hann þá greiðast útvegsmönnum og sjómönnum að tiltölu við síldarafla hvers skips.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna sjálfstæð tryggingarsvæði, að fengnum tillögum Landssambands íslenzkra útvegsmanna, enda verður þá sérstakur tryggingarsjóður fyrir hvert svæði. Tryggingargjöld fyrir útfluttar eða seldar síldarafurðir skulu greidd til tryggingarsjóða eftir hlutfalli aflans á tryggingarsvæðinu móts við aflann á öllu landinu.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um tryggingarsvæði og sjóði.

7. gr.

Auglýsa skal fyrir 1. jan. 1947 lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 65 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

8. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd laga þessara, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkv. 7. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkv. lögum þessum.

9. gr.

Ríkisstjórnin skipar 4 manna nefnd eftir tilnefningu þingflokkanna til þess að gera tillögur um, á hvern hátt verði komið í veg fyrir, að dýrtíðin í landinu vaxi, og skal nefndin skila áliti sínu fyrir 1. febr. 1947.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 270. Breytingartillaga

við frv. til l. um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

6. gr. falli burt.

Nd. 271. Breytingartillaga

við frv. til l. um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Á eftir 8. gr. komi ný gr., er verði 9. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin greiðir verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir á tímabilinu 15. sept. 1946 til 15. sept. 1947 eftir því sem með þarf til þess, að framleiðendur fái það verð fyrir þær, sem reiknað er með í landbúnaðarvísitölu 1946. Ef vörur, sem framleiddar eru á framangreindu tímabili, eru eigi fluttar út á því ári, enda þótt þær séu tilbúnar til útflutnings, skulu þær verðbættar, þegar út eru fluttar, eins og gert mundi hafa verið á því ári, er þær voru framleiddar. Verðuppbæturnar greiðist útflytjendum um leið og kaupendur borga vörurnar.

Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda, að greiða þurfi fé úr ríkissjóði vegna ábyrgðar samkv. 2.—4. gr.

Nd. 272. Breytingartillaga

við frv. til l. um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 6. gr. 1. málsgr. Í stað orðanna „hækkun, er svarar til fiskverðshækkunar samkv. 1. gr. og vinnslukostnaði“ komi: 60% hækkun þess og vinnslukostnaði.

Nd. 273. Lög

um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 22. des.)

Samhljóða þskj. 269.

Sþ. 274. Tillaga til þingsályktunar

um notkun á strandferðaskipum ríkisins til siglinga milli Íslands og útlanda, þegar sérstaklega stendur á.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa í samráði við forstöðumann Skipaútgerðar ríkisins og ferðaskrifstofu ríkisins fastar ferðir annars stærra strandferðaskipsins sumarlangt milli Reykjavíkur og Glasgow og eina ferð að vorlagi með íslenzkt ferðafólk til merkustu staða við Miðjarðarhaf.

Greinargerð.

Eftir skamma stund verða fullsmíðaðir í Englandi tveir strandbátar fyrir íslenzka ríkið, og næsta haust verður lokið við smíði þriðja strandferðaskipsins, sem er öllu stærra en Esja. Þegar þessi þrjú skip verða komin til landsins, verður Súðin væntanlega seld eða tekin til annarra þarfa. En ríkið hefur þó til strandsiglinga fjögur mjög myndarleg og fullkomin strandferðaskip. Tvö þeirra hafa mjög mikið farþegarúm.

Hin mikla aukning strandsiglingaflotans er glæsilegur sigur í samgöngumálum þjóðarinnar. En vel getur svo farið, að undir vissum kringumstæðum megi til almennra hagsbóta nota annað stærra skipið til ferða milli Íslands og útlanda. Á útmánuðum, frá miðjum marz til aprílloka, ætti að nægja að hafa þrjú skip til strandsiglinga, með því að á þeim tíma er lítið um ferðir sjómanna, verkafólks eða skólanemenda. Sama má segja um tímabilið frá byrjun júlímánaðar og fram í miðjan september. Þá eru allir vegir landsins opnir til bílferða og öruggt með innanlandsflug. Mundi þá mega telja æskilegt að geta haft atvinnu fyrir annað stærra skipið við að flytja farþega milli Íslands og útlanda.

Á kreppuárunum fyrir síðari heimsstyrjöldina hóf Skipaútgerð ríkisins beinar ferðir milli Reykjavíkur og Glasgow með gömlu Esju. Þó að skipið væri ekki fullkomið, voru þessar ferðir vinsælar, og var sýnilegt, að fjöldi enskra manna mundi fús að nota sumarleyfi sitt til Íslandsferðar, ef farkostur væri heppilegur. Eftir að stríðinu lauk, hefur ekki linnt fyrirspurnum frá Englandi um, hvort ekki yrði framhald á Esjuferðum milli Glasgow og Reykjavíkur. Hér er ekki um að ræða auðmenn, heldur fólk, sem er ekki efnað, en ráðsett og myndarlegt. Ef dvöl á Íslandi 7—10 daga væri hóflega dýr, mundi hægt að fá hingað frá Englandi stöðugan ferðamannastraum, meðan sumarleyfin standa. Þetta enska ferðafólk er sennilega hér um bil einu ferðamennirnir, sem hugsanlegt er að fá til Íslands á næstu árum og gera sæmilega ánægða. Slíkur mannflutningur hingað til lands gæti gefið skipaútgerðinni mjög verulegan erlendan gjaldeyri, auk þess sem ferðafólkið mundi nota talsverðan gjaldeyri, meðan það dvelur hér. Ef slíkur ferðamannastraumur kæmi hingað til lands, yrði að skipuleggja heppilega dvalarstaði. Yrði sennilega að nota Reykholt Laugarvatn og hinn væntanlega skóla að Skógum undir Eyjafjöllum til að taka á móti þessum ferðamönnum og fara síðan í bifreiðum til merkilegra staða í nágrenninu og upp á öræfi með gestina. Mætti af þessari tilraun nokkuð marka, hvaða skilyrði eru til þess, að Ísland geti haft öruggan hagnað af erlendum ferðamönnum.

Sá hluti tillögunnar, sem nú hefur verið vikið að, er borinn fram í því skyni, að framkvæmdin yrði til atvinnu- og gjaldeyrisbóta í landinu. Niðurlag tillögunnar lýtur að því, að Íslendingar skapi sér árlega nokkurn sumarauka með því, að nýja Esja verði árlega send í sex vikna för til Suðurlanda, áður en vorflutningarnir hefjast hér á landi með skólafólk og aðra menn, sem fara á vorin milli héraða og landshluta í sambandi við atvinnustörf. Erlendis er það mikill siður efnaðra manna að fara með stórskipum langferðir til að skemmta farþegum og sýna þeim nýja heima. Þessi ferðamannaskip eru fljótandi gistihús. Farþegarnir hafa húsnæði, húsgögn, mat og þjónustu frá ættlandinu. Slíkum ferðamannaskipum fylgir lítil eyðsla erlendis nema eldsneyti skipsins og vasapeningar farþega, þar sem komið er að landi.

Í nýju Esju eru 165 rúm, ágæt salarkynni og fullkomin loftræsting. Eftir reynslunni undanfarin sumur um ferðir Esju og Drottningarinnar milli Íslands og Danmerkur sækist ungt og hraust fólk eftir að fara milli landa í lestunum, ef þær eru vel tjaldaðar og séð fyrir góðum rúmum og fullkomnu hreinlæti. Er ekki ósennilegt, að 250 farþegar mundu vilja taka þátt í slíkri Suðurlandaför með nýju Esju að rúmu ári liðnu. Má þess vegna fullyrða, að ekki er of snemmt að hreyfa þessu máli. Íslendingar eru mjög hneigðir til ferðalaga, og má segja, að þeir séu furðu kunnugir Norðurlöndum, Þýzkalandi, Englandi og bæði Bandaríkjunum og Kanada. En Miðjarðarhafslöndin hafa ætíð verið að mestu lokaður heimur fyrir Íslendingum

nema í draumum þeirra. Svo hlýtur jafnan að verða, ef ekki koma til greina sérstakar aðgerðir. Veldur því dýrleiki ferðanna og framandi tungumál. Það þarf elju og þrek Tómasar Sæmundssonar til að leggja út í slíka ferð norðan frá Íslandi, eins og aðstaða hefur verið í því efni. Fyrr á öldum lögðu íslenzkir landnámsmenn stund á tungu Grikkja og Rómverja og gerðu þá kunnáttu að undirstöðu í uppeldi þeirra tíma. Nú gera Íslendingar lítt að námi þessara fornu mála, og bókmenntir Suðurlanda eru ekki lengur hyrningarsteinn undir andlegu lífi þjóðarinnar. En ef sú venja kæmist á, að á hverju ári ættu 200—250 Íslendingar kost á að gista frægustu staði við Miðjarðarhafið, mundu slíkar ferðir vera eins konar fornmenntaskóli í nýjum stíl. Þar væru Íslendingar í suðurgöngu á íslenzku skipi með þjóðlegum, íslenzkum heimilisbrag. Ferðaskrifstofa ríkisins léti gera handhægar bækur til leiðbeiningar fyrir þessa norrænu farfugla, sem vitjuðu árlega þeirra frægu staða, þar sem vagga menningarinnar stóð endur fyrir löngu.

Ef lagt væri af stað í slíkar ferðir um miðjan marz, mundi að öllum líkindum verða haldið suður að Spánarströnd og fyrsta veruleg viðkoma í Lissabon. Síðan mætti hugsa sér viðkomu í Gíbraltar, Malaga, Barcelona, Nizza, Genúa, Róm, Neapel, Feneyjum, Aþenu, Miklagarði, eina höfn í landinu helga, Kairo, Túnis, Malta, Rúðuborg og þaðan skyndiferð til Parísar með járnbraut. Á þessu stigi málsins eru staðir nefndir til að gefa almenna hugmynd um þá möguleika, sem unnt er að skapa með þessu ferðalagi. París er nefnd sem viðkomustaður á heimleiðinni, þegar veðrið er fegurst í Frakklandi norðanverðu.

Þess má vænta, að landsmenn telji sér henta að nota annað strandferðaskipið á þennan hátt til sumarauka fyrir ferðafúsa Íslendinga.

Nd. 275. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að koma upp verbúðum við Faxaflóa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa verbúðir fyrir fiskibáta utan af landi í þeim verstöðvum við Faxaflóa, þar sem hafnarskilyrði eru fyrir hendi. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að taka leigunámi húspláss í þessu skyni og útbúa það til notkunar.

2. gr.

Hafa skal samráð og samvinnu við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn um tilhögun og framkvæmd verksins svo og um þátttöku í kostnaði við framkvæmdir.

Skorist bæjar- eða sveitarstjórn undan því að taka þátt í kostnaði við að koma upp verbúðum þessum, er ríkisstjórninni heimilt að reisa þær að öllu á kostnað ríkissjóðs, en hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn skal endurgreiða ríkissjóði hluta af kostnaðinum í þeim hlutföllum, sem ákveðið er í 2. gr. laga nr. 29 23. apríl 1946, sé ekki um algerar bráðabirgðaverbúðir að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni atvinnumálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu til þess. Frv. fylgdi svolátandi greinargerð:

Ein hin auðugustu fiskimið við landið eru hér í og við Faxaflóa. Hingað safnast því saman mikill fjöldi báta alls staðar að af landinu til þess að stunda róðra á vetrarvertíð ár hvert.

Hafa bátarnir haft viðlegu, sem svo er nefnt, í hinum ýmsu veiðistöðvum við flóann, þó aðallega í veiðistöðvunum á Suðurnesjum. Hefur jafnan verið fyrir hendi það bryggju- og húsrými, sem þurft hefur til þess að taka á móti þeim bátum, sem gera átti út á línuveiðar í Faxaflóa.

Hin öra og stórkostlega aukning á bátaflotanum á þessu ári aðallega hefur skapað hér í bili nokkra erfiðleika hvað þetta snertir. Þrátt fyrir ýmsar ráðstafanir, sem miða að því að skapa möguleika til útgerðar hinum aukna bátaflota, er fyrirsjáanlegt, að á vertíð þeirri, sem hefst í byrjun janúar, skortir nokkuð á, að unnt verði að skapa möguleika fyrir útgerð allra þeirra báta, sem ætlað er, að gerðir verði út við flóann, ef ekkert verður að gert.

Jafnframt fjölgun bátanna hefur verið unnið að því að skapa skilyrði í landi, svo sem með stórfelldum hafnargerðum, og má þar tilnefna landshöfn þá, sem risa á upp í Njarðvíkum, hafnargerðina í Vogum á Vatnsleysuströnd, stækkun hafnarinnar á Akranesi og byggingu fiskihafnar í Reykjavík. Öllum þessum framkvæmdum er þó sameiginlegt, að þær eru ekki það langt á veg komnar, að þær geti komið að fullum notum, og sumar aðeins í undirbúningi, svo sem landshöfnin í Njarðvíkum.

Á þeim stöðum, sem hafnarmannvirkin segja til um það, hversu marga báta er unnt að gera út, er ekki um það að ræða, að bráðabirgðaráðstafanir gætu bætt úr. Þannig er ástatt í Sandgerði og Keflavík, og er þar fullraðað á þau hafnarmannvirki, sem fyrir eru.

Þar sem hins vegar skortur á húsnæði takmarkar tölu bátanna, horfir málið öðruvísi við. Þannig er ástatt í Hafnarfirði, Reykjavík og á Akranesi. Á þessum stöðum ætti að vera unnt, með bráðabirgðaráðstöfunum, að skapa aðstöðu fyrir þá báta, sem gera á út við Faxaflóa á komandi vertíð, en ekki hafa fengið viðlegupláss vegna skorts á húsnæði.

Með fullri vissu er ekki unnt að segja, hversu margir þeir bátar verða, sem þannig er ástatt um, með því að ýmsir bátaeigendur eru enn mjög óákveðnir um það, hvernig þeir gera báta sína út í vetur, en gera má þó ráð fyrir, að tala þeirra verði 15—20.

Þær ráðstafanir, sem gera þarf til bráðabirgða til þess að skapa þessum bátum aðstöðu til útgerðar, eru ýmist í því fólgnar að koma upp bráðabirgðahúsnæði eða lagfæra hús, sem þegar eru fyrir hendi.

Komi til þess, að ríkið reisi varanlegar verbúðir í einni eða fleiri verstöðvum, þykir eðlilegast, að þær falli undir ákvæði laga um hafnargerðir og lendingarbætur (sbr. niðurlag 2. gr. frumvarpsins).

Ed. 276. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Bernharð Stefánsson, var farinn af þingi í jólaleyfi, þegar málið var tekið fyrir, og hefur því óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Alþingi, 7. jan. 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Ásmundur Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Þorst. Þorsteinsson.
	Guðm. Í. Guðmundsson.	

Sþ. 277. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á viðbótarláni til virkjunar Andakílsár.

(Afgreidd frá Sþ. 10. jan.)

Samhljóða þskj. 60.

Nd. 278. Frumvarp til laga

um afgreiðslustöðvar fyrir áætlunarbifreiðar.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að byggja og reka afgreiðslustöðvar í Reykjavík og þar annars staðar, sem þörf er, fyrir þær bifreiðar, sem annast áætlunarferðir á sérleyfisleiðum.

2. gr.

Hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög skulu, án endurgjalds, láta í té nægilega stórar og góðar lóðir undir stöðvarnar á þeim stöðum, er bezt hentar með tilliti til umferðar.

3. gr.

Til niðurgreiðslu byggingarkostnaðar skal árlega verja ⅕ hlutum sérleyfisgjaldsins, svo skal og heimilt að leita eftir þátttöku hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags um framlag til byggingar stöðvar.

4. gr.

Stöðvarnar skulu reknar af ríkissjóði, og skulu þær taka að sér, gegn ákveðnu gjaldi, alla afgreiðslu áætlunarbifreiða fyrir sérleyfishafa, samkvæmt reglugerð og gjaldskrá, er samgöngumálaráðherra setur um starfrækslu stöðvanna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samgöngumálanefnd flytur þetta frv. eftir ósk samgöngumálaráðherra, en nefndarmenn hafa að öðru leyti óbundnar hendur í málinu. Frá ráðuneytinu fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Þótt í frumvarpi þessu sé gert ráð fyrir fleiri en einni afgreiðslustöð og það því ekki staðbundið aðeins við Reykjavík, er þörfin þar brýnust, svo að gera má ráð fyrir, að í Reykjavík verði hafizt handa um byggingu, og er greinargerðin því miðuð við þann stað.

Eins og kunnugt er, hefur ástand það, sem ríkt hefur og ríkir enn um afgreiðslu áætlunarbifreiða, verið lítt viðunandi, og er sannarlega þörf úrbóta í því efni.

Sérleyfisbifreiðar þær, sem aka héðan frá Reykjavík, eru nú afgreiddar frá eftirtöldum stöðum í bænum:

1. Torginu við gamla Jes Ziemsen-húsið,
2. Lækjartorgi,
3. Bifreiðastöðinni Heklu, Hafnarstr. 21,
4. Bifreiðastöð Íslands, Kalkofnsvegi,

5. Bifreiðastöðinni Bifröst, Hverfisgötu 6,
6. Bifreiðastöð Steindórs, Hafnarstræti 2,
7. Bifreiðastöð Reykjavíkur við Lækjargötu,
8. Frímanni Frímannssyni, Hafnarhúsinu,
9. Guðjóni Jónssyni, Hverfisgötu 50,
10. Verzluninni Von, Laugavegi 55,
11. K. R. O. N., Hverfisgötu 52,
12. Hróbjarti Bjarnasyni, Grettisgötu 2.

Enginn þessara afgreiðslustaða hefur upp á góð afgreiðsluskilyrði að bjóða, og nær allir mjög léleg, þar sem þrengsli eru mikil bæði á götum, sem bílarnir standa á í mörgum tilfellum við afgreiðslu fólks og farangurs, svo og einnig í því húsnæði, sem afgreiðslunum fylgja. Þá er og, að margir þessara afgreiðslustaða eru illfinnanlegir nema fyrir kunnugt fólk, enda margir orðið að fara stöð af stöð til þess loks að finna þá réttu, sem afgreiðslu hafði á þeirri leið, sem ætlunin var að fara. Dæmi eru til þess, að þegar farþegi var loks kominn á rétta afgreiðslustöð, „var áætlunarbifreiðin farin".

Milli afgreiðslnanna er lítil eða engin samvinna um að gefa upplýsingar um ferðir, og veita flestar stöðvarnar aðeins upplýsingar — og þær stundum takmarkaðar — um þær ferðir, sem frá þeirri stöð eru farnar, og getur það oft gefið fólki rangar hugmyndir um ferðir, jafnvel á einni sérstakri leið, sem það ætlar að ferðast á í það og það skipti, þar sem bifreiðar á þó nokkrum sérleyfisleiðum eru afgreiddar á fleiri en einni stöð. Á sumum afgreiðslustöðunum fer afgreiðslan fram á þröngum götum, þar sem umferð er mikil, og má þar til nefna afgreiðslurnar við Hverfisgötu. Stafar af þessu mjög mikil slysahætta, auk þess sem það tefur umferð.

Má af þessu sjá, að ástand um afgreiðslu sérleyfisbifreiða er hvergi nærri viðunandi, eins og það hefur verið og er enn. Er brýn nauðsyn skjótra úrbóta.

Til þess að standa straum af kostnaði slíkra bygginga, sem hér eru áætlaðar, mætti árlega verja ⅘ hlutum sérleyfisgjaldsins, eins og gert er ráð fyrir í lögum um skipulag fólksflutninga með bifreiðum, en sérleyfisgjaldið allt mun nema um 400 þúsund krónum á ári.

Þá væri ekki óeðlilegt, að leitað yrði til Reykjavíkurbæjar um þátttöku í byggingu stöðvarinnar og framlags, sem næmi ⅕ hluta kostnaðar.

Nauðsynlegar byggingar og önnur mannvirki í sambandi við stöðina yrðu:

1. Afgreiðsluhús, þar sem fyrir er komið eftirfarandi:
   a. afgreiðslusal,
   b. biðsal fyrir ferðafólk,
   c. veitingasal fyrir ca. 100—150 manns,
   d. eldhúsi,
   e. biðherbergi fyrir bifreiðarstjóra,
   f. geymsluherbergi fyrir sendingar, sem berast til afgreiðslu,
   g. geymsluherbergi handa sérleyfishöfum,
   h. umferðarmálaskrifstofu póstmálastjórnarinnar og skrifstofu fyrir stjórn stöðvarinnar,
   i. skrifstofu og fundarherbergi skipulagsnefndar fólksflutninga,
   j. skrifstofum Ferðaskrifstofu ríkisins.
2. Yfirbyggðir afgreiðslupallar, þar sem sérleyfisbifreiðar eru afgreiddar við burtför og komu.
3. Bifreiðastæði fyrir sérleyfisbifreiðar.
4. Í landi stöðvarinnar þarf einnig að vera:
   a. bifreiðaverkstæði,
   b. smurstöð fyrir sérleyfisbifreiðar.
5. Þá þyrfti að ætla pláss nálægt afgreiðslustöðinni fyrir smábifreiðastöð (leigubifreiðar).

Eðlilegast væri, að ríkissjóður ræki sjálfur afgreiðslustöðina og léti fyrir ákveðið gjald sérleyfishöfum í té alla afgreiðslu viðkomandi farþegum, pósti, farþegaflutningi og öðrum flutningi, sem fluttur er með sérleyfisbifreiðunum.

Skal þar í innifalið:

a. sala farseðla,
b. móttaka og afhending á pósti,
c. skrásetning og móttaka á farþegaflutningi og öðrum sendingum,
d. biðsalur fyrir bifreiðarstjóra,
e. geymsluherbergi til afnota fyrir sérleyfishafa,
f. stæði fyrir þær sérleyfisbifreiðar, sem bíða,
g. afgreiðslustæði fyrir sérleyfisbifreiðar.

Veitingasal ásamt eldhúsi og einhverri geymslu væri fyrst um sinn bezt ráðstafað á þann hátt, að það yrði leigt þar til hæfum veitingamanni, er hefði veitingasöluna fyrir eigin reikning.

Þar sem telja verður, að Ferðaskrifstofa ríkisins sé í hraki með húsnæði, væri sjálfsagt, að hún, fyrir ákveðið gjald, yrði til húsa með alla sína afgreiðslu í hinni nýju stöð, ekki aðeins skrifstofur, heldur og einnig afgreiðslu bifreiða, því að gera verður ráð fyrir, að hún áfram sem á s. l. sumri gangist fyrir og skipuleggi hinar vinsælu skemmti- og kynningarferðir um landið.

Þegar byggt yrði viðgerðarverkstæði og smurstöð í sambandi við afgreiðslustöðina, væri eðlilegast, að hvort tveggja yrði rekið af afgreiðslustöðinni sjálfri, en benzínafgreiðslu annist stöðin fyrir venjulega þóknun.

Sþ. 279. Tillaga til þingsályktunar

um ljóskastara í skipum.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota heimild í lögum um eftirlit með skipum og setja nú þegar reglugerð, er skyldar skipaeigendur að hafa góða og öfluga ljóskastara í skipum sínum, og að reglugerðin verði samin í samráði við Slysavarnafélag Íslands.

Greinargerð.

Þáltill. þessi þarf í rauninni ekki skýringa við. Öllum hlýtur að vera ljóst, hversu örlagaríkt það getur verið fyrir mannslífin á hafinu í svartamyrkri og vondum veðrum, að um borð í hverju skipi sé góður ljóskastari, ef svo slysalega vill til, að maður falli fyrir borð.

Reynslan á hafinu hefur margsinnis sannað, í hve góðar þarfir ljóskastari í skipi getur komið og hversu hörmulegar afleiðingar það getur haft að vera án hans, þótt hér skuli ekki tilgreind dæmi.

Ed. 280. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

a. Í stað orðanna „65 ára“ í 1. málsgr. laganna komi: 70 ára.
b. 2. málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er þó þessum embættis- og starfsmönnum að láta af störfum, þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára, eða hvenær sem er eftir þann tíma, með fullum eftirlaunarétti.

2. gr.

Síðari málsgr. 2. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Sþ. 281. Viðaukatillaga

við till. til þál. um innflutning nýrra ávaxta.

Frá Jónasi Jónssyni.

Aftan við tillgr. bætist nýr málsl.:

Jafnframt er ríkisstjórninni falið að gera með leyfisveitingum ráðstafanir til, að nýir ávextir séu keyptir í þeim löndum og á þeim árstímum, þegar varan er góð og tryggt, að innflytjendur flytji vöruna í kælirúmi á skipum og geymi birgðir, sem ekki á að nota strax, í öruggum geymslum hér á landi.

Nd. 282. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, og útrýmingu þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI

Sjúkdómar, er lög þessi ná til, og markmið framkvæmda.

1. gr.

Ákvæði laga þessara ná til eftirtaldra sjúkdóma:

1. Mæðiveiki.
2. Þurramæði (þingeysk mæðiveiki).
3. Garnaveiki (paratuberculosis) í búfé.

Þessir sjúkdómar nefnast einu nafni sauðfjársjúkdómar í lögum þessum.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

2. gr.

Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma þeirra, sem taldir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra með fjárskiptum innanlands, svo og með kynbótum og tæknifrjóvgun frá erlendum sauðfjárkynjum, er inn kunna að verða flutt í þeim tilgangi.

II. KAFLI
Um framkvæmdastjórn.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

5. gr.

Verkefni sauðfjársjúkdómanefndar er:

1. Að koma upp varnarlínum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og viðhaldi.
2. Að hafa stjórn annarra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum.
3. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
4. Að hafa umsjón með kynbótum sauðfjár, er framkvæmdar eru með innflutningi erlendra fjárkynja og tæknifrjóvgun.
5. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er lög þessi fjalla um.

III. KAFLI
Um varnarlínur og varnir.

6. gr.

Varnarlínur teljast:

1. Ófærar ár, vötn og jöklar eða fjöll, sem engar líkur eru til, að sauðfé fari yfir.
2. Tvöfaldar gaddavírsgirðingar.
3. Einfaldar gaddavírsgirðingar.

Varðmenn skal hafa á varnarlínum til öryggis þar, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur þess þörf.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjar af þeim varnarlínum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlínur skulu settar upp á milli fjárskiptasvæða, eftir því sem samkomulag verður um milli framkvæmdastjórna viðkomandi fjárskiptafélaga og sauðfjársjúkdómanefndar, og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra ákveður skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

7. gr.

Girðingastæði skulu valin, þar sem bezt skilyrði eru til varnar frá náttúrunnar hendi. Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að löndum sínum, ef nauðsyn krefur. Þegar svo stendur á, skal leitast við að bæta það með tilsvarandi löndum í skiptum, ef unnt er.

Verði ekki samkomulag um landaskipti, eða bætur fyrir misst land, skal ákveða bætur með gerðardómi, þar sem aðilar tilnefna sinn manninn hver og landbúnaðarráðherra tilnefnir oddamann. Bætur þær, sem þeir ákveða, greiðast af þeim, er landið fá, og miðast við notagildi landsins. Nægi það eigi, greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslusjóður það, sem til vantar, að hálfu hvor.

8. gr.

Girðingar á aðalvarnarlínum skulu lagðar á kostnað ríkissjóðs. Viðhald þeirra og eftirlit ber hlutaðeigandi fjárskiptafélögum eða sýslufélögum að annast, en ríkissjóði að kosta. Í girðingar í aukavarnarlínum leggur ríkissjóður efni, en hlutaðeigandi fjárskiptafélög annast á sinn kostnað flutning efnisins frá hafnarstað, uppsetningu girðinganna og viðhald.

Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur, sker landbúnaðarráðherra úr, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

Varzla meðfram varnargirðingum skal ákveðin af sauðfjársjúkdómanefnd, en framkvæmd af aðliggjandi fjárskiptafélögum á kostnað ríkissjóðs.

Reikninga um kostnað ríkissjóðs samkvæmt þessari grein úrskurðar sauðfjársjúkdómanefnd.

9. gr.

Skylt er fjárskiptafélögum að viðhalda varnarlínum framvegis, þar til sauðfjársjúkdómanefnd, með samþykki landbúnaðarráðherra, ákveður að leggja þær niður.

Bændur eða upprekstrarfélög, sem lönd eiga að girðingum, sem lagðar eru niður, skulu hafa forkaupsrétt að þeim eftir mati dómkvaddra manna.

Þess skal jafnan gætt, að eftirlit með viðhaldi varnarlína hvíli sem mest á herðum fjáreigenda, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

10. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varnarlínur þær, sem um ræðir í 6.—9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar hefur yfirumsjón og eftirlit með störfum varðmanna.

11. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum, varða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

12. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

13. gr.

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur, nema með leyfi sauðfjársjúkdómanefndar. Sleppi kindur yfir varnarlínur, skal þeim tafarlaust slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem þráfaldlega sækja á að komast yfir varnarlínu. Þær kindur, sem slátrað er af þessum sökum, skal bæta þannig, að eigandi fái fullt niðurlagsverð fyrir. Greiðast þær bætur úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem verð afurðanna hrekkur ekki til.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að láta bann það, er um ræðir í þessari grein, ná einnig til annars búpenings, eftir því sem ástæða er til.

14. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétt og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna.

Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við varnarlínur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé slátrað.

15. gr.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd og sveitarstjórnum eða stjórnum upprekstrarfélaga, með samþykki sauðfjársjúkdómanefndar, að fyrirskipa breytingu á upprekstri, fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til að hindra útbreiðslu sauðfjársjúkdóma eða til að tryggja vörzlu og árangur fjárskipta. Slíkar breytingar teljast eigi brot á fjallskilareglugerðum.

16. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar eða þeim slátrað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum, við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varðlínur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er, ef kindunum er slátrað.

17. gr.

Fáist vissa fyrir, að einhver sauðfjársjúkdómur hafi borizt yfir varnarlínu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé.

18. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

19. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til.

20. gr.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhvern sauðfjársjúkdóm geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

21. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki, má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé ósýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum, með fé frá ósýktum heimilum.

22. gr.

Þar sem fé er sýkt eða grunað af garnaveiki og fjáreigendur óska að fá það rannsakað eða sauðfjársjúkdómanefnd telur það nauðsynlegt, skal rannsóknin gerð

svo fljótt sem unnt er. Lyf, tæki, kennslu og leiðbeiningar skal þá leggja til á kostnað ríkissjóðs, en fjáreigendur kosta framkvæmd verksins.

Sveitarstjórnir skulu hafa umsjón með slíkum rannsóknum í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd.

23. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, fyrirskipað að slátra því fé, er að lokinni rannsókn þeirri, er um ræðir í 22. gr., reynist sjúkt eða grunað.

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður bætur fyrir fé, sem er slátrað, vegna þess að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. Bæturnar skulu miðaðar við niðurlagsverð á haustdegi, en tekið tillit til fóðurkostnaðar, sem fallið hefur á féð frá síðustu haustnóttum, ef því er slátrað að vetrar- eða vorlagi. Bætur þessar greiðast úr ríkissjóði. Hið sama gildir um fé, sem slátrað er samkv. ákvæðum 17. gr.

IV. KAFLI
Um fjárskiptafélög.

24. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd gerir tillögur um hagfellda skiptingu þeirra landshluta, þar sem sauðfé er sýkt af sauðfjársjúkdómum, í fjárskiptasvæði.

Við skiptingu þessa skal tekið tillit til:

1. Öruggra varnarlína, sem fyrir hendi eru, og skilyrða til að setja upp nýjar varnarlínur á sem öruggastan hátt.
2. Takmarka upprekstrarlanda og aðstöðu með tilliti til fénaðarferðar og fjallskila.
3. Aðstöðu til, að sauðfjárslátrun, og fjárrekstrum í sambandi við hana, verði þannig fyrir komið, að eigi stafi sýkingarhætta af og hagkvæmt sé.
4. Möguleika til að útvega nýjan fjárstofn í stað þess sýkta, jafnóðum og fjárskipti fara fram, samanber V. kafla þessara laga.
5. Annarra aðstæðna, er fram kunna að koma og að dómi sauðfjársjúkdómanefndar geta valdið nokkru um, hvort fullum árangri verður náð við fjárskipti og aðrar aðgerðir til útrýmingar sauðfjársjúkdómum þeim, sem um er að ræða.

25. gr.

Nú vilja fjáreigendur á ákveðnu fjárskiptasvæði hefjast handa um fjárskipti, og skulu þeir þá, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, snúa sér til sýslumanns eða sýslumanna á svæðinu. Skal þá sýslumaður, eða sýslumenn, skrifa öllum hreppsnefndum á viðkomandi svæði áskorun um, að þær hver í sínum hreppi, boði fjáreigendur á fund, til að ræða málið og kjósa, með hlutbundnum kosningum, þrjá fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fundi fyrir fjárskiptasvæðið.

Á sama hátt getur sauðfjársjúkdómanefnd haft frumkvæði um málið.

Sýslumaður, eða sýslumenn, boða fulltrúafund eigi síðar en mánuði eftir að hreppsnefndum á svæðinu hefur verið skrifað. Á fundinn skal einnig boða framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar og hlutaðeigandi dýralækni.

Fulltrúafundur er lögmætur, ef mættir eru ⅔ hlutar fulltrúa frá þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á fjárskiptasvæðinu. Nú fallast ⅔ mættra fulltrúa á að gera samþykkt um stofnun fjárskiptafélags og fjárskipti, og skal þá fundurinn semja frumvarp til slíkrar samþykktar. Skylt er sauðfjársjúkdómanefnd að láta í té fyrirmyndir að slíkum samþykktum.

26. gr.

Í frumvarpi til samþykktar skal tekið fram:

1. Stærð og takmörk fjárskiptasvæðis, er félagssamtökin ná yfir.
2. Hvenær fjárskipti skuli fara fram.

3. Um skipun fulltrúaráðs og kosningu stjórnar fyrir fjárskiptafélagið, er skipuð sé minnst 3 mönnum.
4. Um verksvið félagsstjórnar, völd og skyldur.
5. Um kvaðir og skyldur, er félagsmenn takast á hendur í sambandi við fjárskipti, vörzlur og aðrar sóttvarnarráðstafanir.
6. Önnur ákvæði varðandi félagssvæðið og aðstöðu þess til annarra héraða og fjárskiptasvæða.

27. gr.

Nú samþykkir fundurinn frumvarp með ⅔ atkvæða mættra fulltrúa, og skal hann þá kjósa kjörstjórn, er hafi á hendi undirbúning atkvæðagreiðslu á félagssvæðinu og talningu atkvæða. Kjörstjórnin velur sér sjálf formann, hún ákveður, hvenær atkvæðagreiðslu skuli lokið, og fyrir hvaða tíma atkvæðaseðlar og fundargerðir skuli komið til kjörstjórnar, og hvenær talning atkvæða skuli fara fram.

28. gr.

Nú hefur frumvarp til félagssamþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með ⅔ atkvæða allra mætta fulltrúa, og skal þá kjörstjórn sú, er kosin hefur verið samkvæmt ákvæðum 27. gr., senda það öllum hreppsnefndum í þeim hreppum, eða hreppshlutum, er félagssvæðið nær yfir.

Hreppsnefnd skal þá skylt að boða til fundar í hreppnum með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til stofnunar fjárskiptafélags liggi fyrir til atkvæðagreiðslu.

Atkvæðisrétt um félagsstofnun og fjárskipti hafa fjáreigendur 18 ára eða eldri, þegar atkvæðagreiðsla fer fram, ef þeir hafa átt 15 kindur eða fleiri samkvæmt síðasta skattaframtali.

Skrá yfir atkvæðisbæra menn skal láta fylgja fundarboðinu.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg og framkvæmd á sama hátt og á sér stað við óhlutbundnar kosningar til hreppsnefndar.

Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar oddviti atkvæðaseðla og önnur kjörgögn og sendir formanni kjörstjórnar fjárskiptasvæðisins.

29. gr.

Kjörstjórn skal koma saman þann dag, er ákveðið hefur verið samkvæmt 27. gr., til að rannsaka fundargerðir kjörfunda og telja atkvæði. Formaður kjörstjórnar stjórnar talningunni og lætur rita kjörfundargerð, er beri með sér, úr hvaða hreppum, eða hreppshlutum, kjörstjórninni hafa borizt fundargerðir og tölu atkvæðaseðla.

Tvö samrit skal rita af fundargerðinni, og skal öll kjörstjórn undirrita.

Nú hefur atkvæðagreiðsla fallið þannig, að félagssamþykktin hefur hlotið ⅔ greiddra atkvæða, og sé það að minnsta kosti ⅗ fjáreigenda samkvæmt kjörskrá, og telst þá félagsstofnunin samþykkt.

Samþykktina skal þá senda sauðfjársjúkdómanefnd í tvíriti, ásamt samriti fundargerðarinnar. Leitar nefndin síðan staðfestingar landbúnaðarráðherra á samþykktinni.

V. KAFLI
Um fjárskipti.

30. gr.

Þegar fjárskiptafélag hefur verið stofnað með staðfestri samþykkt, sbr. 29. gr., skal félagsstjórnin snúa sér til sauðfjársjúkdómanefndar, er ákveður með samþykki ráðherra, hvenær fjárskiptin fara fram.

31. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur ásamt stjórn fjárskiptafélags umsjón með útrýmingu sjúkdóma og fjárskiptum, sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum, og framkvæmdum, sem standa í sambandi við þau.

Sauðfjársjúkdómanefnd ber einkum:

1. Að tryggja það áður en fjárskipti fara fram, að fjárskiptasvæðið sé tryggt með öruggum varnarlínum gegn samgöngum sauðfjár frá sýktum héruðum.
2. Að láta rannsaka heilbrigði fjár í þeim héruðum, sem ætlað er að kaupa líflömb úr.
3. Að ákveða í samráði við félagsstjórn, hvenær slátrun skuli hefjast og hvenær henni sé lokið.
4. Að hlutast til um, að öll lönd á fjárskiptasvæðinu séu smöluð sauðlaus, og getur nefndin ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrr fram en venjulega, og að fram fari almennar fjárleitir á afréttum og heimalöndum eftir að slátrun er lokið, og ekki ver mannaðar en í fyrstu göngum. Fjallskilum þessum skal jafna niður eins og öðrum fjallskilum.
5. Að ákveða hvaðan líflömb séu tekin og tilkynna það viðkomandi sýslumönnum með nægum fyrirvara, áður en slátrun hefst, en þeir skulu aftur tilkynna það fjáreigendum, og skal þá engum gimbrarlömbum slátrað á svæðinu, þar til kaup hafa farið fram.
6. Að sjá um kaup, flutning og merkingu líflamba, í samvinnu við stjórn viðkomandi fjárskiptafélags.

32. gr.

Fjáreigendur, er hafa heilbrigt sauðfé, eru skyldir til að selja öll þau gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, og hrútlömb eftir þörfum, til þeirra fjáreigenda, er hafa fjárskipti samkvæmt lögum þessum. Sauðfjársjúkdómanefnd getur ákveðið, með samþykki landbúnaðarráðherra, að fjáreigendur, sem lausir hafa verið við sauðfjársjúkdóma, séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb þriðja hvert ár, á meðan fjárskiptum til útrýmingar sjúkdómunum er ekki lokið.

33. gr.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal ákveða verð líflamba eftir lifandi þunga, miðað við afurðaverð hvers árs. Skulu fjáreigendur þeir, er um ræðir í 32. gr., skyldir til að selja lömbin fyrir það verð, en jafnan sé tryggt, að það sé eigi lægra en fæst fyrir lömbin til slátrunar.

34. gr.

Þegar fjárskipti fara fram í héraði, skal verðlagsnefnd landbúnaðarafurða sjá um, að frystihús á svæðinu sitji fyrir um sölu, svo fjárförgun þurfi eigi að tefjast vegna rúmleysis í frystihúsum.

35. gr.

Líflömb, sem keypt hafa verið, skal hver fjáreigandi hafa í strangri gæzlu fyrsta misserið eftir að þau hafa verið flutt. Sé þess gætt, að eigi leynist í þeim aðrir sjúkdómar, t. d. fjárkláði. Ef fjárkláða hefur orðið vart í þeim héruðum, sem líflömb eru flutt úr, eða ef hans verður vart í líflömbum, sem flutt hafa verið, skal sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipa og hafa eftirlit með, að almenn fjárböðun fari fram á fjárskiptasvæði því, sem um er að ræða, á sem tryggilegastan hátt.

Fari svo, að sýkt eða grunuð kind komi saman við líflömb á fjárskiptasvæði, skal eigandi lambanna eða sá, er kindarinnar verður fyrst var, tafarlaust gera hreppstjóra aðvart. Ber honum að tilkynna það samstundis framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvort slátra skuli fénu eða ráðstafa á annan hátt.

Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi eða óþægindi af þessum sökum.

36. gr.

Veturinn eftir fjárskipti skal sauðfjársjúkdómanefnd í samráði við stjórn fjárskiptafélags, láta hæfa menn rannsaka sauðfé og leita á heimilum, ef ástæða þykir til, svo að ugglaust sé, að hvergi sé leynt sýktu eða grunuðu fé.

Komi það í ljós, að fé hafi verið haldið á laun, skal það og allt fé, er saman við það hefur getað komið, tekið og slátrað eða ráðstafað á annan hátt, allt á kostnað þess, er leyndi.

Sá, sem leynir fé, skal sæta ábyrgð samkvæmt 175. gr. hegningarlaganna. Verði brot hans til þess, að drepa þurfi fé annarra manna, skal hann skyldur að bæta það tjón og óþægindi, er af hlýzt.

VI. KAFLI

Um fjárframlög ríkisins til fjárskipta.

37. gr.

Framlag ríkisins vegna fjárskipta á árunum 1947, 1948 og 1949 miðast við fjártölu eigenda samkvæmt skattaframtali á árinu 1946. Á árinu 1950 miðast við skattaframtal 1947 og svo áfram þannig, að fjárskiptaframlag miðast við skattaframtal þrem árum áður.

Réttur dánarbúa vegna fjárskipta yfirfærist á erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjárrækt á svæðinu.

Réttur manna, sem reisa bú eftir gildistöku laga þessara án þess að vera erfingjar í dánarbúi á fjárskiptasvæði, byggist á næsta skattaframtali á undan fjárskiptum.

Geitfé skal bæta eftir sömu reglu og sauðfé.

38. gr.

Framlag ríkisins greiðist á þann hátt, að fyrir hverja bótaskylda kind fái fjáreiganda hálft lambsverð samkvæmt verði líflamba það haust, sem fjárskipti verða. Kostnað við flutning líffjár inn á fjárskiptasvæðin greiðir ríkissjóður og einnig aðstoð sauðfjársjúkdómanefndar vegna kaupanna. Þetta gildir þó eigi annað fé en það, sem fengið er til að bæta í skarðið fyrir bótaskylt fé.

Kostnað við umsjón fjárskiptafélaga vegna líffjárkaupa greiði fjáreigendur sjálfir. Fjáreigendur skulu fá líflömb svo fljótt sem unnt er að útvega þau af heilbrigðum stofni. Skal það vera aðalregla, að fjáreigendur fái líflömb fyrir 50% af bótaskyldri fjártölu haustið, sem fjárskipti fara fram, og 50% næsta haust á eftir. Framlag ríkisins skal greitt upp í verð lambanna. Fjáreigendur, sem eigi vilja taka líflömb, sem hægt er að útvega við fyrstu flutninga inn á svæðið, eiga ekki rétt til að fá lömb síðar.

Stjórnum fjárskiptafélaga er heimilt að ráðstafa líffé til fjáreigenda að nokkru með hliðsjón af tekjumöguleikum þeirra, ef mjög fátt líffé er fáanlegt.

39. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að veita fjáreigendum uppeldisstyrk vegna vanhalda, þar sem svo hagar til á sýktu svæði, að fjáreigendur geta ekki samkvæmt áætlun nefndarinnar búizt við fjárskiptum næstu 3 ár eftir gildistöku laga þessara, og hafa ekki viðunandi aðstöðu til mjólkursölu.

40. gr.

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum, vegna afurðatjóns, hálft lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind það ár, sem svæðið er sauðlaust. Að öðru leyti skal framlag greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

41. gr.

Ef sauðfjársjúkdómanefnd telur nauðsynlegt að útrýma sjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, þar sem fjárskiptafélag fæst ekki stofnað samkvæmt lögum þessum, þá getur hún látið útrýminguna fara fram með samþykki landbúnaðarráðherra. Bætur skal þá greiða fjáreigendum samkvæmt mati eftir gildandi lögum um eignarnám, en skylt er matsmönnum að taka til greina sýkingu fjár á svæðinu eða yfirvofandi sýkingarhættu.

VII. KAFLI

Um sóttvarnarstöð og einangrun.

42. gr.

Koma skal upp í eyju í nágrenni Reykjavíkur öruggri sóttvarnarstöð, þar sem hafa megi í haldi undir fullu eftirliti, dýr hverju nafni sem nefnast, sem til landsins kunna að flytjast. Skal stöðin rekin á kostnað ríkisins í umsjá og undir stjórn yfirdýralæknis, samkvæmt reglum, er landbúnaðarráðherra setur.

43. gr.

Fáist eigi með frjálsu samkomulagi keyptar eða leigðar eyjar, er að dómi yfirdýralæknis og samkvæmt úrskurði landbúnaðarráðherra henti sem stöðvar fyrir starfsemi þá, sem um ræðir í 42. gr., má samkvæmt gildandi lögum um eignarnám taka eina eða fleiri af eyjunum Engey og Viðey við Reykjavík og Þerney á Kollafirði, eignarnámi eða leigunámi, allt eftir því, er landbúnaðarráðherra ákveður, til þess að komið verði á fót sóttvarnastöð, sbr. 42. gr.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

44. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum eftir því sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp, svo og fénaðarhöld yfirleitt.

Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.

45. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu sauðfjársjúkdómanna og til að útrýma þeim. Nær það einnig til garnaveiki í nautgripum.

46. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara, allt eftir því sem þurfa þykir og ástæður eru til á hverjum tíma. Sauðfjársjúkdómanefnd hefur einnig heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til, um einstök framkvæmdaratriði, er að kalla í hvert sinn, ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.

47. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 8. sept. 1931, lög nr. 45 19. júní 1933, lög nr. 9 25. jan. 1934, reglugerð nr. 36 24. apríl 1934, reglur nr. 6 20. jan. 1936, lög nr. 16 28. maí 1941, lög nr. 75 27. júní 1941, lög nr. 88 9. júlí 1941 og reglugerð nr. 4 2. jan. 1942, svo og öll ákvæði, reglur og fyrirmæli, er út hafa verið gefin og sett af sauðfjársjúkdómanefnd eða öðrum aðilum í umboði hennar, á grundvelli téðra laga og reglugerða.

49. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 283. Nefndarálit

um till. til þál. um athugun á leiðinni um Holtamannaafrétt og Sprengisand.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leggur til, að tillagan verði samþykkt og frekari athugun fari fram á leiðinni en hingað til hefur verið framkvæmd.

Alþingi, 14. jan. 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Jörundur Brynjólfsson, fundaskr., frsm. Sigfús Sigurhjartarson.

Jón Sigurðsson. Bjarni Ásgeirsson.

Ed. 284. Breytingartillaga

við frumv. til l. um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

Frá fjárhagsnefnd.

Síðari málsgr. 1. gr. orðist svo:

Land það eða lóðir, sem Sauðárkrókshreppur eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að selja, en heimilt að leigja. Þó skal hreppnum skylt að afsala ríkinu á kostnaðarverði hluta af landi því eða lóðum, er hreppurinn eignast með lögum þessum, þurfi ríkið síðar á því að halda vegna opinberra framkvæmda. Um leigu til hreppsins eftir þann hluta verzlunarlóðarinnar, sem hreppurinn leigir öðrum, skal fara eftir reglugerð, er ríkisstjórnin staðfestir.

Ed. 285. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 284 (Sala verzlunarlóðar á Sauðárkróki).

Frá Páli Zóphóníassyni.

Síðasti málsl. till. („Um leigu .... ríkisstjórnin staðfestir.“) falli niður.

Nd. 286. Frumvarp til laga

um skipulag og hýsingu prestssetra.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Um byggingu íbúðarhúsa.

1. gr.

Á næstu fimm árum skal fara fram rækileg athugun á öllum prestssetrum landsins, og skal þar sérstaklega koma til álita:

1. Hver af núverandi prestssetrum séu vel til þess fallin að vera aðsetur prests í framtíðinni.
2. Hvar æskilegt geti talizt, vegna breyttra aðstæðna, að færa prestssetur og þá hvert.
3. Hver prestssetur eru sérstaklega fallin til skiptingar í fleiri jarðir og hvernig þeirri skiptingu yrði bezt fyrir komið.
4. Að gera skipulagsuppdrætti af þeim prestssetrum, sem líkleg eru til að vera aðsetur prests til frambúðar, hversu þar skuli í aðaldráttum hagað húsaskipun allri og mannvirkjum. Skipulagsnefnd prestssetra annast framkvæmd.

2. gr.

Þegar kirkjumálaráðherra að fengnu áliti biskups hefur staðfest skipulagsuppdrátt að prestssetri, er óheimilt að reisa á prestssetrinu hús eða mannvirki, sem sett eru niður í bága við uppdrátt þennan, nema sérstakt leyfi kirkjumálaráðherra komi til í hvert skipti, enda mæli bæði biskup og húsameistari ríkisins með undanþágunni.

3. gr.

Íbúðarhús á prestssetrum skal reisa úr varanlegu efni og á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

4. gr.

Ríkissjóður kostar byggingu íbúðarhúsa á prestssetrum, að svo miklu leyti sem andvirði niðurlagðra bæjarhúsa ásamt hæfilegu álagi á þau og innstæða fyrningarsjóðs prestakallsins í Söfnunarsjóði hrekkur eigi til, og skal Söfnunarsjóður inna það fé af hendi áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því, er greiðslu var krafizt.

5. gr.

Í fjárlögum skal árlega veitt fé til allt að fjögurra prestsseturshúsa, þar til lokið er að byggja upp sómasamlega öll prestssetur landsins. Áætlar húsameistari ríkisins byggingarkostnaðinn hverju sinni..

6. gr.

Umsókn um byggingu íbúðarhúss skal prestur senda til kirkjumálaráðuneytisins um hendur biskups, er lætur uppi álit sitt á nauðsyn byggingarinnar. Umsókninni skal fylgja álitsgerð hlutaðeigandi prófasts og enn fremur lýsing úttektarmanna á ástandi bæjarhúsa og mat á verðgildi þeirra til niðurrifs, svo og á hæfilegu álagi á bæjarhúsin.

7. gr.

Kirkjumálaráðherra ákveður eftir tillögum biskups, hvaða umsóknum skuli sinnt árlega, og skal viðkomandi presti tilkynnt eigi síðar en 15. marz það ár, sem bygging á setri hans er ákveðin. Jafnframt lætur ráðherra byggingarfróðan mann

athuga aðstöðu alla, en húsameistara ríkisins gera uppdrátt að byggingunni og kostnaðaráætlun. Viðkomandi presti skal jafnan gefinn kostur á að gera athugasemdir við uppdrátt húsameistara. Nú verður ekki samkomulag milli þeirra um stærð húss, eða prestur leggur sérstaka áherzlu á breytingu á húsinu, og má þá á það fallast með því móti, að prestur greiði sjálfur helming þess, er húsið verður dýrara vegna breytinganna að mati húsameistara. Má kirkjujarðasjóður veita presti til þessa embættislán, er afborgist með 6% á ári, og eru af því 4% vextir, en 2% afborgun. — Stærð prestsseturshúss skal miðast við aðstöðu á hverjum stað.

8. gr.

Þegar ákveðið hefur verið að reisa íbúðarhús á prestssetri, felur kirkjumálaráðherra trúnaðarmanni sínum að hafa eftirlit með byggingunni. Prestur annast framkvæmd verksins, nema ráðherra feli öðrum, og er húsameistara ríkisins skylt að aðstoða prest um kaup útlends efnis og annað, er við verður komið. Val yfirsmiðs skal trúnaðarmaður og húsameistari samþykkja.

9. gr.

Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá bæjarfélagi eða sveitar skylt að leggja til ókeypis hentuga lóð undir íbúðarhús hans. Nú verður eigi samkomulag milli trúnaðarmanns kirkjumálaráðherra og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar um stærð og legu slíkrar lóðar, og skal þá ágreiningi skotið til skipulagsnefndar bæja og kauptúna til fullnaðarúrskurðar.

10. gr.

Heimilt er ríkisstjórn að kaupa íbúðarhús handa presti, þar sem slíkt þykir hagkvæmara, enda mæli biskup með kaupunum. Gilda um slík hús sömu ákvæði, eftir því sem við á, og um hús reist samkvæmt þessum lögum.

11. gr.

Ef íbúðarhús eða bæjarhús prestsseturs brennur eða eyðist af náttúruvöldum, eftir að ráðstafað hefur verið fjárveitingu til byggingar prestssetra, er ráðuneytinu heimilt að leggja fram fé til að endurbyggja prestssetrið samkvæmt lögum þessum, að því leyti, sem tryggingarfé og fyrningarsjóður prestssetursins hrekkur eigi til endurbyggingar.

12. gr.

Prestur skal á eigin kostnað annast árlegt viðhald íbúðarhúss samkvæmt reglum, sem ráðuneytið setur, og greiða við burtför hæfilegt álag samkvæmt mati úttektarmanna. Prófastur og biskup skulu líta eftir því á eftirlitsferðum sínum, hvort reglum þessum sé fylgt. Nú kemur í ljós, að viðhaldi er áfátt hjá presti, og skal þá prófastur setja honum hæfilegan frest úr að bæta. Ef prestur lætur samt sem áður hjá líða að framkvæma aðgerðir, skal ráðuneytinu tilkynnt, og er því þá rétt að láta nauðsynlega aðgerð á húsinu fram fara á kostnað prests og taka greiðsluna af launum hans.

13. gr.

Nú verða prestaskipti eða prestur fær veitingu og tekur við prestssetri úr höndum annars ábúanda. Skal þá fram fara nákvæm úttekt á prestssetushúsinu, þar sem lýst sé, hverjar séu nauðsynlegar aðgerðir á húsinu, svo að það geti talizt í forsvaranlegu og íbúðarhæfu ástandi. Komi þá í ljós, að álag fráfarandi á húsið nægi ekki til greiðslu aðgerða þessara, greiðir ríkissjóður það, sem á vantar. Í slíkum tilfellum er ráðuneytinu rétt að senda trúnaðarmann sinn á staðinn til þess að ganga úr skugga um nauðsyn þeirra aðgerða, er úttektarmenn hafa lagt til, að gerðar verði á húsinu.

14. gr.

Íbúðarhús á prestssetrum skulu vátryggð gegn eldi í Brunabótafélagi Íslands eða hjá öðru því tryggingarfélagi, er ráðuneytið samþykkir. Iðgjaldið greiðir prestur, og má halda því eftir af launum hans. Biskup gætir þess, að húsin séu jafnan vátryggð fyrir hæfilegri fjárhæð.

15. gr.

Nú telur húsameistari ríkisins ekki rétt að reisa hús á prestssetri, heldur sé endurbót eða viðbygging nauðsynleg og fjárhagslega réttmæt, svo og ef rétt þykir að koma upp raflögn eða vatnsleiðslu á prestssetri, þá skulu um það gilda öll hin sömu fyrirmæli og um byggingu prestsseturshúsa samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Árgjald prests af prestsseturshúsi, reistu samkvæmt lögum þessum, svo og af viðbótarbyggingum eða endurbótum samkvæmt 15. gr. reiknast þannig:

1. Kvaðalaust framlag ríkissjóðs er ⅗ hlutar byggingarkostnaðar, að frádregnu andvirði niðurlagðra húsa og innstæðu fyrningarsjóðs samkv. 4. gr.
2. Hinum ⅖ hlutum kostnaðar skal deilt með byggingarvísitölu þess árs, er bygging eða endurbót samkv. 15. gr. fór fram, svo að í ljós komi byggingarkostnaður þessara ⅖ hluta, eins og hann hefði orðið áður en verðhækkun styrjaldarinnar skall yfir.
3. Af þeirri upphæð, sem þá kemur út, talinni í heilum þúsundum að viðbættu vísitöluálagi kauplagsnefndar, greiði prestur árlega 3⅓%.

Nú hefur prestsseturshús verið byggt eða keypt á tímabilinu frá 1. jan. 1940 og fram til þess að lög þessi taka gildi, eða farið hefur fram meiri háttar aðgerð á eldra húsi, þá skal árgjald prests ákveðið á sama hátt og húsið hefði byggt verið eða endurbætt eftir þessum lögum.

Af íbúðarhúsum þeim á prestssetrum, sem reist hafa verið eða endurbætt fyrir 1. jan. 1940, greiðir prestur 4% af ⅖ byggingar- og endurbótakostnaðar, þó ekki hærri upphæð en kr. 320 á ári að viðbættri verðlagsvísitölu, og skal gjaldinu haldið eftir af launum hans með 1/12 mánaðarlega.

17. gr.

Auk árgjalds þess af prestsseturshúsum, sem getið er í 16. gr., greiðir prestur í fyrningarsjóð ½% af þeirri upphæð, er honum ber að greiða árgjald af til ríkissjóðs. Gjald þetta tekst af launum prests með 1/12 hluta mánaðarlega með vísitöluálagi.

Fyrningarsjóður er séreign hvers prestakalls. Skal hann ávaxtaður í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands undir umsjón biskups. Nú er prestakall prestslaust um hríð, og sér þá ríkissjóður um greiðslu fyrningarsjóðsgjalds á prestsseturshúsinu.

Ríkissjóður leggur árlega til fyrningarsjóðanna jafnháa upphæð og fyrningarsjóðsgjald nemur samkvæmt ákvæðum fyrri hluta þessarar greinar.

II. KAFLI

Um byggingu peningshúsa o. fl.

18. gr.

Peningshús, hlöður, áburðarhús, safnþrær og önnur nauðsynleg útihús á prestssetrum, er styrks njóta samkvæmt lögum þessum, má aðeins byggja úr varanlegu efni, steinsteypu, timbri og járni eða öðru því byggingarefni, er trúnaðarmaður ráðuneytisins telur heppilegt, enda sé byggingunum valinn staður samkvæmt því, sem skipulagsuppdráttur staðarins gerir ráð fyrir, nema undanþága frá því sé veitt samkvæmt 2. gr.

19. gr.

Nú óskar prestur að reisa á prestssetri eitthvert þeirra húsa, er talin eru í 18. gr., og sendir hann þá um það skriflega rökstudda beiðni til ráðuneytisins. Fallist ráðuneytið á nauðsyn prests, lætur það hæfan mann rannsaka aðstöðu alla og gera uppdrátt og kostnaðaráætlun að byggingunni, og skal prestur síðan reisa húsið eftir þeim uppdrætti eða öðrum, sem ráðuneytið samþykkir.

20. gr.

Ríkissjóður leggur fram allt aðkeypt efni til byggingarinnar, en prestur kostar alla aðflutninga efnis og vinnu við bygginguna.

21. gr.

Þegar húsið er fullgert, skal það tekið út af trúnaðarmanni ráðuneytisins, og er meðmæli trúnaðarmanns liggja fyrir um, að húsið sé vandað og byggt samkvæmt hinum samþykkta uppdrætti, tekur ráðuneytið við því fyrir hönd jarðarinnar.

22. gr.

Framlag þrests til endurbyggingar útihúsa á prestssetri samkvæmt 20. gr. skal presti endurgreitt svo sem hér segir:

1. Með andvirði niðurlagðra húsa, er vegna hinnar nýju byggingar teljast eigi lengur nauðsynleg jarðarhús að dómi úttektarmanna. Skulu úttektarmenn meta þau til niðurrifs, en prestur kaupir húsin samkvæmt því mati eða á því verði, er samkomulag verður um milli hans og ráðuneytisins.
2. Með álagi því, er prestur hefur tekið á hin niðurlögðu hús, að viðbættu hæfilegu álagi á húsin eftir mati úttektarmanna, eða að frádregnu hæfilegu endurgjaldi, ef húsið hefur endurbætt verið síðan prestur tók við því.
3. Með styrk, sem prestur kann að fá til byggingarinnar, samkvæmt jarðræktarlögum eða öðrum lögum.
4. Með innstæðu endurbyggingarsjóðs útihúsa prestssetursins.

23. gr.

Nú hrekkur endurgreiðsla samkvæmt 22. gr. ekki til fyrir framlagi prests, og lánar þá ráðuneytið fé úr kirkjujarðasjóði fyrir því, sem á vantar. Lán þessi skulu vera embættislán með veði í tekjum embættisins og greiðast með 4% á ári. Af því eru vextir 3%, en 1% afborgun. Um eftirlit, viðhald og álag slíkra húsa fer eftir ákvæðum 12. gr.

24. gr.

Þegar útihús á prestssetri eru niður lögð, er presti skylt að rífa þau innan þriggja ára, frá því að hann hefur við þeim tekið samkv. 22. gr., og slétta á sinn kostnað yfir rústirnar. Vanræki prestur þetta, má láta framkvæma verkið á hans kostnað.

25. gr.

Nú kemur það í ljós við burtför prests af prestssetri eða andlát hans, að hann eða dánarbú hans á útihús, girðingar eða önnur þau mannvirki á prestssetrinu, er að dómi úttektarmanna teljast nauðsynleg til búrekstrar á jörðinni, og skal þá ríkið kaupa þau samkv. mati úttektarmanna, ef fráfarandi óskar. Geti fráfarandi eigi selt ríki eða viðtakanda hús sín eða mannvirki, er honum heimilt að rífa þau eða selja öðrum til niðurrifs.

26. gr.

Nú kaupir ríkissjóður hús eða mannvirki á prestssetri samkvæmt 25. gr., og er þá rétt að hækka afgjald jarðarinnar sem nemur allt að 2% af kaupverðinu.

27. gr.

Af framlagi ríkissjóðs til byggingar útihúsa á prestssetrum samkvæmt lögum þessum, svo og af framlagi því til peningshúsa, er ríkið hefur innt af hendi sam-

kvæmt lögum nr. 63 8. sept. 1931, skal prestur greiða árlega 1% í endurbyggingarsjóð útihúsa. Gjald þetta tekst af launum prests með ½₂ mánaðarlega. Sé prestssetur prestslaust, greiðist endurbyggingarsjóðsgjaldið úr ríkissjóði. Ríkissjóður leggur endurbyggingarsjóðnum árlega jafnháa upphæð og endurbyggingarsjóðsgjaldinu nemur.

28. gr.

Endurbyggingarsjóðir útihúsa eru séreign hvers prestakalls undir umsjón biskups. Þá skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Gilda um þá og greiðslur úr þeim öll hin sömu ákvæði og um fyrningarsjóði prestssetra, eftir því sem við á. Núverand „fyrningarsjóðir peningshúsa" samkv. lögum nr. 63 1931 skulu afhentir biskupi þegar er lög þessi koma til framkvæmda, og renna þeir inn í endurbyggingarsjóði útihúsa prestssetranna.

29. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 8. sept. 1931, um hýsingu prestssetra, svo og önnur þau ákvæði, er koma kunna í bága við þessi lög.

30. gr.

Lög þessi skulu koma til framkvæmda 1. júní 1947.

Nd. 287. Frumvarp til laga

um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Sauðárkrókshreppi verzlunarlóðina á Sauðárkróki, eins og hún er ákveðin með lögum 28. nóv. 1919, og fari salan fram frá 1. jan. 1947 að telja.

Land það eða lóðir, sem Sauðárkrókshreppur eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að selja, en heimilt að leigja. Þó skal hreppnum skylt að afsala ríkinu á kostnaðarverði hluta af landi því eða lóðum, er hreppurinn eignast með lögum þessum, þurfi ríkið síðar á því að halda vegna opinberra framkvæmda. Um leigu til hreppsins eftir þann hluta verzlunarlóðarinnar, sem hreppurinn leigir öðrum, skal fara eftir reglugerð, er ríkisstjórnin staðfestir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 288. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Niðurlag 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: hafi þeir eigi sjálfir tilkynnt heimilisfang á öðrum stað hér á landi og skýrt ráðuneytinu frá því.

Alþingi, 15. jan. 1947.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Ásmundur Sigurðsson, fundaskr. Guðmundur Í. Guðmundsson.

Lárus Jóhannesson. Hermann Jónasson.

Nd. 289. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvorir um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslaunum sjóðfélagans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

Ber launagreiðanda að halda eftir iðgjaldahluta sjóðfélaga af launum hans og standa lífeyrissjóðnum skil á báðum iðgjaldahlutunum.

Vanræki launagreiðandi að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga, er hann þrátt fyrir það ábyrgur fyrir öllu iðgjaldinu gagnvart lífeyrissjóðnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Félagsmálaráðherra hefur óskað, að heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. flytji frv. þetta, og hefur nefndin orðið sammála um að flytja það óbreytt. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð.

Allt frá 1. júlí 1944, þegar lög um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna tóku gildi, hefur verið leitazt við að koma því fyrirkomulagi á um iðgjaldagreiðslu, sem ákveða á með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir. Flestallir launagreiðendur hjúkrunarkvenna hafa og haldið iðgjöldum eftir af launum hjúkrunarkvenna sinna, en nokkrir hafa hvorki hirt um að verða við beiðni lífeyrissjóðsins um að halda eftir iðgjöldum af launum né heldur að standa sjóðnum skil að iðgjaldahluta sínum.

Af þessu hefur leitt, að þó nokkrar hjúkrunarkonur hafa engin iðgjöld greitt til lífeyrissjóðsins til þessa.

Er því nauðsynlegt að fá frumvarp það, sem hér ræðir um, samþykkt, til þess að framkvæma megi lög um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna svo sem til var ætlazt, þá er þau voru sett.

Ed. 290. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 50 26. apríl 1946, um almannatryggingar.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Skipta skal landinu í tryggingaumdæmi eftir því, sem hagkvæmt þykir. Við skiptingu þessa skal, eftir því sem fært þykir, höfð hliðsjón af læknishéruðum og lögsagnarumdæmum.

Í hverju tryggingaumdæmi skal starfa finm manna tryggingnefnd. Skulu fjórir nefndarmanna kosnir hlutfallskosningu af sveitarstjórnum umdæmisins á sameiginlegum fundi, er halda skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Hinn fimmta skipar ráðherra að fenginni tillögu tryggingaráðs, og er hann formaður.

Kjósa skal og skipa jafnmarga varamenn. Kjörtímabil tryggingnefnda er hið sama og sveitarstjórna. Ef sveitarfélagi er skipt milli tveggja eða fleiri tryggingaumdæma, tekur sveitarstjórn þess þátt í kosningu tryggingnefndar í því umdæmi, þar sem flestir af íbúum sveitarfélagsins eru búsettir.

Hlutverk tryggingaráðsins er að starfrækja skrifstofur fyrir Tryggingastofnunina, þar sem þær eru, og annast rekstur tryggingagreina í viðkomandi umdæmi í umboði Tryggingastofnunarinnar. Enn fremur að gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, sem mættu verða til sparnaðar í rekstri tryggingagreina.

Tryggingaráð setur nefndum þessum nánari starfsreglur og ákveður þóknun til nefndarmanna, sem greiðist af Tryggingastofnuninni.

Í tryggingaumdæmum, sem mynduð eru af fleiri en einu sveitarfélagi, hefur Tryggingastofnunin umboðsmenn eftir því, sem þörf krefur.

2. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Árlegur ellilífeyrir er sem hér segir:

	1. verðlagssvæði kr.	2. verðlagssvæði kr.
Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri	2400.00	1800.00
Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri ..	1500.00	1125.00

Sömu fjárhæð og hjónum samkvæmt þessari grein skal greiða konu og karlmanni, þótt ógift séu, ef þau búa saman og hafa sameiginlegt heimilishald.

3. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Árlegur barnalífeyrir er sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 1000.00
– 2. — ..... — 750.00

og er hann greiddur í þeim tilvikum, sem um getur í 21.—29. gr.

4. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Allar konur, sem verða ekkjur innan 67 ára aldurs, eiga rétt á bótum í 3 mánuði eftir lát eiginmanns þeirra, kr. 140.00 mánaðarlega.

Ekkja, yngri en 67 ára, sem við lát eiginmanns síns hefur á framfæri sínu börn innan 16 ára, sem greiddur er með barnalífeyrir samkv. 23. gr., á rétt á ekkjubótum, unz börn þessi eru fullra 16 ára.

Ekkjubætur skulu vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 750.00 á ári
– 2. — ..... — 565.00 – —

Ef ekkja giftist, getur hún fengið greidda í eitt skipti fyrir öll fjárhæð, er svari til þriggja ára ekkjubóta, þó aldrei hærri en hún hefði fengið, ef hún hefði eigi gifzt aftur. Að öðru leyti falla ekkjubætur niður, er ekkja giftist aftur, og eftir atvikum einnig, ef hún býr með karlmanni án þess að vera gift honum.

Bætur samkvæmt 2. og 3. málsgr. þessarar greinar skulu og greiddar einstæðum mæðrum, sem fá greiddan barnalífeyri samkv. 27.—29. gr.

Ef ekkjur eða einstæðar mæður, sem fá bætur samkv. 2. og 3. málsgr., eru vegna erfiðra heimilisástæðna algerlega hindraðar frá því að vinna fyrir sér, getur Tryggingastofnunin hækkað þessar bætur þeirra um allt að 100%.

5. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Tryggingaráði er heimilt, auk bóta samkv. 1. mgr. 35. gr., að greiða þeim, sem verða ekkjur á aldrinum 50—67 ára og ekki hafa börn á framfæri sínu, árlegan lífeyri eftir þeim reglum, er hér segir:

Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 1500.00 á ári
– 2. — ..... — 1125.00 – —

Þessar upphæðir eru miðaðar við 67 ára aldur, en lækka um 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á, að ekkja sé 67 ára.

Ef ekkja, sem rétt á til bóta samkv. 2. og 3. mgr. 35. gr., mundi fá hærri lífeyri eftir ákvæðum þessarar greinar, getur Tryggingastofnunin greitt henni þann mismun.

Bætur samkv. þessari grein eru því aðeins veittar, að Tryggingastofnunin telji þess þörf, að undangenginni rannsókn á fjárhag umsækjanda.

6. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Tryggingastofnunin getur veitt bætur eiginkonu ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega, enda þótt hún sé ekki fullra 67 ára eða sjálf öryrki, sbr. 18. gr.

Slíkar bætur skulu vera:

Á 1. verðlagssvæði allt að	kr. 750.00	á ári
– 2. — — —	— 565.00	– —

Bætur þessar eru því aðeins veittar, að Tryggingastofnunin telji þess þörf, að undangenginni rannsókn á fjárhag umsækjanda.

Ef maður kvænist fullra 60 ára eða eldri, getur eiginkona hans eigi fengið bætur samkvæmt þessari grein. Sama máli gegnir um konu örorkulífeyrisþega, sem kvænzt hefur eftir að hann varð öryrki eða eftir að ljóst var, að orsakir örorkunnar voru tilkomnar.

7. gr.

107. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld skulu vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði.

Kvæntir karlar	kr. 120.00	á ári
Ókvæntir karlar	— 96.00	– —
Ógiftar konur	— 72.00	– —

Á 2. verðlagssvæði.

Kvæntir karlar	kr. 92.00	á ári
Ókvæntir karlar	— 72.00	– —
Ógiftar konur	— 56.00	– —

Auk þessara iðjalda skulu einstaklingar og félög greiða sem iðgjöld hundraðshluta af tekjum sínum eins og hér segir:

a. Þeir, sem hafa minna en 25 þús. króna árstekjur, skulu greiða 1% af hreinum tekjum, að frátöldum persónufrádrætti, sem nemur 7000 krónum fyrir hjón, 4000 krónum fyrir einstakling og 3000 krónum fyrir barn.

b. Þeir, sem hafa í árstekjur 25 þús. krónur eða meira, skulu greiða af 25 þús. krónum eins og segir í a-lið, en 2% af hreinum tekjum umfram 25 þús. krónur.

8. gr.

Við 2. tölulið bráðabirgðaákvæða bætist: Vísitöluhækkun kemur þó ekki á hundraðsgjaldið samkv. 107. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1948.

Greinargerð.

Þegar lögin um almannatryggingar voru sett á síðastliðnu ári, beitti Sósíalistaflokkurinn sér fyrir ýmsum veigamiklum breytingartillögum, sem ekki náðu þá fram að ganga. Í frumvarpi þessu er efni þeirra tillagna tekið upp að nýju, í trausti

þess, að nú fáist nægilegt þingfylgi fyrir slíkum endurbótum á almannatryggingunum.

Í fyrstu grein frumv. felst sú breyting, að stjórn tryggingannа verði með lýðræðislegri hætti en lögin nú kveða á um, þ. e. að í stað þess, að yfirstjórn tryggingannа skipi að eigin geðþótta umboðsmenn og starfslið tryggingannа um land allt, þá skuli í hverju tryggingaumdæmi starfa tryggingannefnd, sem að ⅘ sé kosin af viðkomandi sveitarstjórnum, en formaður stjórnskipaður. Er þetta fyrirkomulag í eðli sínu það sama, sem bráðabirgðasamkomulag varð um að hafa á þessu fyrsta ári almannatryggingannа, með því að fela stjórnum sjúkrasamlaganna framkvæmd þeirra, hverri í sínu umdæmi, — en þær eru myndaðar með sama hætti og tryggingannefndirnar mundu verða samkv. frumv.

Önnur aðalbreytingin, sem frumv. felur í sér, er sú, að allar fastar lífeyrisgreiðslur eru hækkaðar um 25%. Sú tillaga var flutt af fulltrúa Sósialistaflokksins þegar í milliþinganefndinni, sem undirbjó tryggingalögin, og síðan í gegnum alla meðferð málsins á Alþingi. Er það skoðun mín, að ekki verði náð þeim höfuðtilgangi tryggingannа, að bótaþegarnir þurfi ekki á annarri opinberri fjárhagsaðstoð að halda, nema lífeyrisgreiðslurnar verði hækkaðar a. m. k. eins og hér er farið fram á.

Þriðja mikilvæga breytingin er sú, að teknar eru upp ekkjubætur sem föst lífeyrisgreiðsla til ekkna, sem hafa börn á framfæri sínu, — en ákvæði, sem um þetta var í tryggingalagafrumvarpinu, var fellt niður í meðferð Alþingis, þegar lögin voru sett á s. l. ári. — Sömuleiðis er ætlazt til, að einstæðar mæður njóti sömu hlunninda og ekkjur með börn á framfæri, enda er aðstaða þeirra mjög sambærileg.

Það skilningsleysi meiri hluta Alþingis á aðstöðu ekkna og einstæðra mæðra, sem fram kom í afgreiðslu þess á þessu atriði tryggingannа, vakti almenna gremju og allmiklar umræður utan þingsins. Er því þess að vænta, að alþingismenn séu fúsir til að endurskoða afstöðu sína í þessu efni og viðurkenna réttmæti þeirra ekkjubóta og mæðralauna, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Þá gerir frumv. loks ráð fyrir nokkurri breytingu á iðgjaldagreiðslum einstaklinga til tryggingannа, þannig að persónuiðgjöldin eru lækkuð um einn-þriðja, en til viðbótar lagt á hundraðsgjald af tekjum, umfram tilgreindan persónufrádrátt, og nokkuð stighækkandi eftir tekjuhæð viðkomandi gjaldanda. Sýnist mér sanngjarnt, að þannig sé tekið nokkurt tillit til gjaldgetu hinna tryggðu, þar sem iðgjöldin eru það há, að fátæku fólki veitist allörðugt að greiða þau.

Nd. 291. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar um hríð og orðið sammála um það, að hækka beri sektarákvæði gildandi laga um þetta efni.

Þá leitaði nefndin álits Landssambands íslenzkra útvegsmanna og forstjóra Skipaútgerðar ríkisins um málið, og mæla þessir aðilar báðir með samþykkt frumvarpsins. Forstjóri skipaútgerðarinnar leggur enn fremur í bréfi sínu til nefndarinnar áherzlu á það, að nauðsyn beri til, að endurskoðun fari fram á fiskveiðalögunum og á lögum um bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiðum í landhelgi, og bendir hann á nokkur dæmi í því sambandi. Landssambandið tekur í sama streng og leggur auk þess ríka áherzlu á, að nú sé tekin upp öflug barátta fyrir stækkun landhelginnar, friðun landgrunnsins, fjarða og flóa fyrir erlendum veiðiskipum.

Hefur sjávarútvegsnefnd þessar ábendingar til athugunar og mun ef til vill síðar bera fram tillögur þar að lútandi.

Nefndin leggur til, að gerð verði lítils háttar breyting á fyrsta málslið fjórðu málsgreinar frv., sem aðallega er í því fólgin að lækka nokkuð lágmarkssektarupphæð þá, er þar um ræðir.

Leggur nefndin því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Fyrsti málsliður fjórðu málsgreinar orðist svo: Að öðru leyti varða ólöglegar fiskveiðar í landhelgi, aðrar en botnvörpuveiðar og dragnótaveiðar, 2000 til 20000 króna sektum.

Alþingi, 15. jan. 1947.

Sig. Kristjánsson, form. Lúðvík Jósefsson, fundaskr. Pétur Ottesen, frsm.
Ásg. Ásgeirsson. Eysteinn Jónsson.

Nd. 292. Frumvarp til laga

um ráðstafanir til hagnýtingar og markaðsöflunar fyrir Faxaflóasíld.

Flm.: Áki Jakobsson, Hermann Guðmundsson.

1. gr.

Til þess að skipuleggja öflun og hagnýtingu markaða fyrir þá síld, er veiðist í Faxaflóa og í hafinu í kringum Reykjanes og Snæfellsnes, skal atvinnumálaráðherra skipa sérstaka 5 manna nefnd, faxasíldarnefnd, til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara. Tveir skulu skipaðir eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, tveir eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, og þann fimmta skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal hafa aðsetur í Reykjavík eða í Hafnarfirði, og skulu nefndarmenn búsettir það nærri þessum stöðum, að þeir geti sótt þangað fundi með litlum fyrirvara.

Nefndin getur ráðið sér starfsmann til þess að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk eftir þörfum.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna og greiðast þau úr þeim sjóði, er um ræðir í 12. gr. þessara laga.

2. gr.

Verkefni faxasíldarnefndar eru sem hér segir:

1. Öflun markaða fyrir faxasíld.
2. Semja árlega áætlun um hagnýtingu aflans.
3. Úthluta í samræmi við áðurnefnda áætlun veiði- og verkunarleyfum.
4. Hafa forgöngu um nýjar verkunaraðferðir og gera tilraunir þar að lútandi.
5. Löggilda útflytjendur faxasíldar.
6. Annast útflutning og sölu faxasíldar, þegar ráðherra felur henni það.
7. Að afla allra þeirra nauðsynja, er þarf til verkunar síldarinnar, svo sem tunnur, salt o. fl., og hafa birgðir fyrirliggjandi.

3. gr.

Enginn má bjóða til sölu eða flytja til útlanda faxasíld, hvernig sem hún er verkuð, nema leyfi faxasíldarnefndar komi til. Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir síldarsendingum til útlanda nema slíkt leyfi liggi fyrir.

Leyfi til útflutnings á síld skulu aðeins veitt þeim, er fengið hafa löggildingu sem síldarútflytjendur.

4. gr.

Faxasíldarnefnd hefur með höndum forgöngu um sölu þeirrar síldar, er veiðist í Faxaflóa og í hafinu í kringum Reykjanes og Snæfellsnes, svo skal nefndin og hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja síld á nýjum markaði og annað það, er lýtur að viðgangi síldarútgerðar við Faxaflóa. Skal nefndin eftir föngum haga markaðsöflun þannig, að ávallt sé fyrir hendi markaður, þegar veiði er von.

5. gr.

Nefndin skal árlega fyrir aðalveiðitímann á haustin semja áætlun um, hvernig hagnýta skuli síldaraflann. Hún skal ákveða, hve mikið skuli salta og hvernig, hve mikið skuli fryst til útflutnings og hve mikið flutt út ísað eða verkað á annan hátt. Áætlun þessi skal fyrst og fremst byggð á þeim markaðsmöguleikum, sem fyrir hendi eru á hverjum tíma.

6. gr.

Nefndin skal í samræmi við áætlunina, er um getur í 5. gr., úthluta veiði- og verkunarleyfum.

Allir síldarútgerðarmenn skulu fyrir þann tíma, er nefndin ákveður, sækja um veiðileyfi fyrir skip sín. Skal í leyfisbeiðninni tilgreina tölu skipa, stærð og einkennistölu og áætla afla til verkunar. Enn fremur skal skýra frá, hjá hverjum síldin skuli verkuð og hvernig og hver hafi síldina til sölumeðferðar. Allir síldarsaltendur skulu fyrir sama tíma sækja um verkunarleyfi til nefndarinnar og skýra frá, hve margar tunnur hverrar tegundar þeir óska að verka og af hvaða skipum. Hver saltandi, er söltunarleyfi fær, er skyldur að hlíta fyrirmælum nefndarinnar um hámark verkunargjalds á hverja tunnu, sem hann saltar fyrir útgerðarmenn, og um ábyrgð á síldarverkuninni.

Framangreind ákvæði um síldarsaltendur gilda og um þá, er taka síld til verkunar á annan hátt.

Allir síldarframleiðendur eru skyldir að láta nefndinni í té þær upplýsingar, sem hún krefst og stuðlað geta að því, að veiðinni verði hagað eftir söluhorfum, og skulu þeir hlíta fyrirmælum hennar í þeim efnum, en skylt er nefndinni að hafa um þetta sem nánasta samvinnu við síldarframleiðendur. Skýrslur um veiði og verkun skal gefa nefndinni daglega.

7. gr.

Faxasíldarnefnd löggildir síldarútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma.

Þeir, sem fá löggildingu faxasíldarnefndar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum hennar um framboð og lágmarksverð á síld, sem seld er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma og annað það, sem nefndin setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem snertir sölu og útflutning síldar, og hefur nefndin frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skýrslum þeirra hér að lútandi. Nefndin er bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjenda, er hún verður áskynja um á þennan hátt.

9. gr.

Nú telur ráðherra og faxasíldarnefnd, með tilliti til markaðslanda og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikar með því að taka upp einkasölu á faxasíld, og getur þá ráðherra með samþykki faxasíldarnefndar falið

henni einkasölu til útlanda á allri faxasíld eða ákveðnum tegundum hennar, eftir því sem henta þykir.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um fyrirkomulag einkasölunnar og annað það, sem leiðir af ákvæðum þessarar greinar.

10. gr.

Faxasíldarnefnd ákveður verð á fersksíld til veiðiskipa, og getur hún ákveðið mismunandi verð eftir því, hvernig síldin er verkuð. Sé verð á fersksíld mismunandi, getur nefndin sett fyrirmæli, sem tryggja veiðiskipum sem svipaðast verð fyrir aflann.

11. gr.

Nú verður það nauðsynlegt að dómi faxasíldarnefndar til þess að tryggja gæði eða sölu faxasíldarframleiðslunnar að takmarka veiði. Er nefndinni þá heimilt að ákveða, hvenær söltun megi hefjast, svo og takmarka eða banna söltun um lengri eða skemmri tíma og ákveða hámark söltunar af hverju skipi. Framangreind fyrirmæli gilda og um aðrar verkunaraðferðir, eftir því sem við á.

12. gr.

Til þess að standast kostnað af störfum faxasíldarnefndar og framkvæmd þessara laga getur nefndin ákveðið með samþykki ráðherra, að greitt verði í sérstakan sjóð 2% af andvirði seldrar faxasíldar.

Nú verður sjóður þessi svo mikill, að öruggt þykir, og getur þá faxasíldarnefnd ákveðið að fengnu samþykki ráðherra að endurgreiða úr honum til síldareigenda í réttu hlutfalli við verðmagn seldrar síldar.

13. gr.

Ráðherra skipar tvo endurskoðendur reikninga faxasíldarnefndar til eins árs í senn og ákveður laun þeirra, sem greiðast úr sjóði nefndarinnar.

14. gr.

Ákvæði laga þessara ná eingöngu til þeirrar síldar, er veiðist í Faxaflóa við Reykjanes og Snæfellsnes, og eru við gildstöku þessara laga öll afskipti síldarútvegsnefndar af síld, er veiðist á fyrrgreindu svæði, afnumin þ. á m. ákvæði 2. gr. laga nr. 74 29. des. 1934 um 2% gjald í sjóð síldarútvegsnefndar.

Faxasíldarnefnd skal hafa náið samstarf við síldarútvegsnefnd. Rísi ágreiningur milli nefndanna, sker ráðherra úr.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, svo og gegn ákvæðum og fyrirmælum faxasíldarnefndar skulu sæta meðferð opinberra mála og varða sektum, allt að 200 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjöldamörg undanfarin ár hefur mikið veiðzt af síld í Faxaflóa og umhverfis Reykjanes og Snæfellsnes. Þessi síld kemur hér reglulega vor og haust er oft langt fram á vetur. Nú sem stendur er mikið magn síldar í Kollafirði og Hvalfirði, og á síðastliðnum vetri var síld á sundunum norðan Seltjarnarness fram í febrúarmánuð, svo sem menn muna, og sennilega lengur, þó ekki hafi verið hirt um að veiða hana lengur. Það er því ljóst, að mikil síld er í Faxaflóa árlega, sem gæti verið grund-

völlur allstórfellds síldariðnaðar, ef ráðstafanir yrðu gerðar til þess, að hægt væri að hagnýta þessa veiði.

Frá því fyrripart desembermánaðar hefur verið mikil veiði í Kollafirði og Hvalfirði, eins og áður er getið, hins vegar hefur hagnýting hennar orðið miklu minni en skyldi, vegna þess að ekki höfðu verið gerðar nógu víðtækar ráðstafanir til markaðsöflunar fyrir síldina og því ekki undirbúin nein verkun hennar. Á s. l. hausti sendi atvinnumálaráðherra tvo menn til Póllands til þess m. a. að athuga um möguleika á því að selja ísaða síld þangað. Árangur hefur ekki fengizt, þó að ekki sé útilokað, að það geti orðið. Þá seldi síldarútvegsnefnd nokkuð af saltaðri faxasíld til Svíþjóðar fyrir gott verð, og var nokkuð saltað, en þó ekki upp í samningana. Þessar ráðstafanir voru engan veginn nægilegar til þess, að hægt væri að stunda síldveiðarnar af því kappi, sem tök voru og eru á. Nú sem stendur er þó verið að gera ýmsar tilraunir til sölu á faxasíld, bæði saltaðri, frystri og ísaðri, og standa vonir til þess, að það takist.

Vandræði þau, sem orðið hafa í sambandi við hagnýtingu síldaraflans í Faxaflóa í haust og vetur, eru í raun og veru þau sömu og orðið hafa á svo að segja hverju hausti síðan farið var að veita síld athygli á þessu svæði, eða frá 1935. Það má heita, að sama sagan hafi endurtekið sig á hverju ári. Þegar síldveiði hefur verið byrjuð, hefur verið rokið til að útvega tunnur og salt og reyna að selja síldina. Það hefur oft tekið nokkurn tíma, sem hefur þá frestað aðgerðum, vegna þess líka að bankarnir fylgja yfirleitt þeirri aðferð að lána ekki út á sjávarafurðir, sem ekki er búið að selja. Þannig hafa tækifærin gengið úr greipum útvegsmanna og sjómanna til þess að hagnýta sér möguleikana til síldveiði hér syðra.

Samkvæmt lögum um síldarútvegsnefnd er henni ætlað að annast alla síldarframleiðslu á landinu, en eins og gefur að skilja, er þó norðanlandssíldin hennar aðalverkefni. Það hefur því yfirleitt farið svo, að faxasíldin hefur gleymzt og síldarútvegsnefnd ekki gert ráðstafanir til markaðsöflunar fyrir hana né tunnur og saltútveganir fyrr en veiðin var hafin og hrópin fóru að heyrast frá útvegsmönnum og sjómönnum syðra.

Það hefur því endurtekið sig því nær árlega, að ekki hefur reynzt mögulegt að hagnýta sér veiðimöguleika í Faxaflóa, vegna þess að enginn eða ófullkominn undirbúningur var gerður til þess að verka síldina og afla markaða fyrir hana. Við svo búið má ekki standa lengur. Síldveiði við Suðvesturlandið er svo mikil, að hún og verkun síldarinnar gæti verið stór liður í atvinnulífi landsins.

Til þess að svo geti orðið, er með frv. þessu stungið upp á þeirri lausn, að létta af síldarútvegsnefnd áhyggjum af faxasíldinni, enda er henni mjög umhent að annast þau störf, eins og reynslan hefur sýnt, og stofna sérstaka faxasíldarnefnd, er hafi með höndum ráðstafanir til hagnýtingar og markaðsöflunar fyrir Faxaflóasíld. Ætlazt er til þess með frv. þessu, ef að lögum verður, að unnið verði að markaðsöflun og undirbúningi að hagnýtingu síldarinnar árið um kring af aðila, sem getur beint athygli sinni sérstaklega að þessu verkefni og beri þá um leið fulla ábyrgð á því, að allir möguleikar fyrir útflutningi á þessari síld, sem fyrir eru, hafi verið athugaðir. Með því móti ætti það að vera tryggt, að bátaflotinn, sá sunnlenzki að minnsta kosti, geti örugglega snúið sér að síldveiðinni í Faxaflóa á þeim tímum, sem síld veiðist.

Síldarútvegsnefnd mun nær eingöngu hafa látið saltsíld, verkun hennar og útflutning til sín taka, en með frv. þessu er gert ráð fyrir, að faxasíldarnefnd skuli hafa umrædd afskipti af allri síld, hvort sem hún er söltuð, fryst, flutt út ísuð eða verkuð á annan hátt; þó er að sjálfsögðu undanskilin hennar ráðstöfunum sú síld, sem fryst er til beitu. Það er vafalaust miklu heppilegra eins og aðstaða er í Faxaflóa að sameina á einni hendi yfirstjórn síldarmála vegna þess hvað t. d. ísun síldar og hraðfrysting geta verið stórar greinar síldarvinnslunnar hér.

Þær verkunaraðferðir, sem til greina geta komið hér á síld við Suðvesturland, eru einkum þessar: Söltun, hraðfrysting, ísun í kassa eða beint í skip, niðursuða,

reyking og ef til vill fleira. Það er að sjálfsögðu verkefni nefndar þeirrar, sem lögin gera ráð fyrir, að gera tilraunir með fleiri verkunaraðferðir. Eins og sjá má af þessu, er augljóst, að verkun síldar getur orðið allstór atvinnuvegur á Suðvesturlandi, sem veitti mörgum atvinnu, auk þess sem ýmis önnur vinna gæti skapazt í sambandi við þessa verkun, svo sem smíði síldartunna o. fl.

Þess gerist ekki þörf að rekja hverja grein frv., en þó skal sérstaklega bent á, að hvað snertir útflutning á faxasíld, er í frv. gert ráð fyrir, að hún sé yfirleitt í höndum framleiðenda, en þó geti ríkisstjórnin, með svipuðum hætti og á sér stað um síldarútvegsnefnd, tekið upp einkasölu, ef það þykir hentugra.

Ed. 293. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þeir menn, er gegna störfum erlendis á vegum utanríkisráðuneytisins við sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands, enda séu þeir íslenzkir ríkisborgarar og taki laun úr ríkissjóði, skulu eiga heimilisfang í Reykjavík og vera skráðir þar á manntal, hafi þeir eigi sjálfir tilkynnt heimilisfang á öðrum stað hér á landi og skýrt ráðuneytinu frá því. Utanríkisráðuneytið tilkynnir manntalsskrifstofu Reykjavíkur árlega, hverjir starfsmenn þess gegni störfum erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 294. Lög

um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

(Afgreidd frá Nd. 17. jan.)

Samhljóða þskj. 287.

Sþ. 295. Nefndarálit

um till. til þál. um innflutning nýrra ávaxta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna, svo og viðaukatillögu á þskj. 281, og leggur til, að hún ásamt viðaukatillögunni verði samþykkt.

Alþingi, 17. jan. 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskr.	Sigfús Sigurhjartarson, frsm.
Jón Sigurðsson.	Sigurður Bjarnason.	Ásg. Ásgeirsson.
	Bjarni Ásgeirsson.	

Nd. 296. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að koma upp verbúðum við Faxaflóa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt, ef nauðsyn krefur, að láta reisa verbúðir fyrir viðlegubáta í þeim verstöðvum, þar sem rekin er útgerð á vetrarvertíð, enda séu á þessum stöðum fyrir hendi viðhlítandi hafnarskilyrði.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Hafa skal samráð og samvinnu við hlutaðeigandi bæjar- og sveitarstjórnir um tilhögun og framkvæmd verksins, þar á meðal um útvegun á landi undir verbúðirnar. Leita skal samkomulags við þessa aðila um þátttöku þeirra í kostnaði við framkvæmdir þessar í þeim hlutföllum, sem ákveðið er í 2. gr. laga nr. 29 23. apríl 1946.
   Takist samningar um, að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn endurgreiði ríkissjóði hluta af kostnaðinum samkvæmt því, sem fyrr greinir, verða verbúðirnar eign hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags.
3. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að koma upp verbúðum fyrir viðlegubáta.

Sþ. 297. Nefndarálit

um till. til þál. um flutning íslenzkra afurða með íslenzkum skipum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er samþykk flm. um það, að æskilegt sé og enda nauðsynlegt, að vöruflutningar Íslendinga fari fram á þeirra eigin skipum, eftir því sem við verður komið. Þó er því ekki að leyna, að af ýmsum ástæðum, sem óþarft er hér að rekja, getur verið, hér eftir sem hingað til, þörf á því að nota erlend skip til slíkra flutninga.

Þótt ætla megi að vísu, að ríkisstjórnin stuðli að því án sérstakrar áskorunar, að íslenzk skip sitji fyrir flutningum fyrir landsmenn, þykir rétt að taka undir ósk flm. í þessu efni, enda er þeirri hugsun jafnan haldið vakandi hér á landi, og hefur verið svo um allmörg undanfarin ár, síðan landsmenn fóru að ráða yfir flutningaskipum.

Rétt þykir nefndinni að breyta nokkuð orðalagi tillögunnar, og leggur hún til, að hún verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Í stað orðanna í tillgr. „að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess“ komi: að stuðla að því.

Alþingi, 17. jan. 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskr.	Jón Sigurðsson.
Sigurður Bjarnason.	Ásg. Ásgeirsson.	Bjarni Ásgeirsson.

Sigfús Sigurhjartarson.

Sþ. 298. Breytingartillögur

við till. til þál. um athugun á leiðinni um Holtamannaafrétt og Sprengisand.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því, hvaða vegaframkvæmdir og brúargerðir eru mest aðkallandi í landinu, með tilliti til sölu landbúnaðarafurða og fullnægingar á mjólkurþörf bæja og þorpa og annarra viðskipta landsmanna, svo og með tilliti til nauðsynlegra póstsamgangna og fólksflutninga um landið. Skal leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi niðurstöðu þeirrar athugunar.
2. Fyrirsögn till. orðist svo:
   Till. til þál. um athugun á nauðsynlegum vega- og brúaframkvæmdum.

Ed. 299. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 18. jan. 1947.

Bjarni Benediktsson, form. Ásmundur Sigurðsson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.

Hermann Jónasson. Lárus Jóhannesson.

Nd. 300. Frumvarp til laga

um breyt. á lögum nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna.

Flm.: Jón Sigurðsson, Gunnar Thoroddsen, Jón Pálmason, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Dýralæknar skulu vera 8, tveir í Sunnlendingafjórðungi, og skal annar hafa búsetu í Reykjavík, þrír í Vestfirðingafjórðungi, tveir í Norðlendingafjórðungi og einn í Austfirðingafjórðungi. Atvinnumálaráðherra skipar þá og kveður á um bústað þeirra að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum.

Nú er ekki kostur nægilega margra lærðra dýralækna, og er atvinnumálaráðherra þá heimilt, í samráði við yfirdýralækni, að fela mönnum, er yfirdýralæknir telur treystandi til að bæta úr þörf búfjáreigenda, að gegna störfum dýralæknis um stundarsakir fyrir hæfilega þóknun úr ríkissjóði, enda liggi fyrir um það eindregnar óskir frá hlutaðeigandi sýslunefnd eða sýslunefndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt áskorunum frá Búnaðarsamb. Skagfirðinga og Dala og Snæfellsness, og lagt til, að fjölgað verði dýralæknum í Norðlendinga- og Vestfirðingafjórðungi, en af þeirri fjölgun mundi leiða, að Skagafjarðarsýsla ásamt Húnavatnssýslum og Snæfellsnes með héruðunum við Breiðafjörð yrðu sérstök dýralæknisumdæmi.

Tilefni þessara áskorana er mjög vaxandi þörf bænda fyrir aðstoð dýralækna, er stendur að nokkru í nánu sambandi við vaxandi nautpeningsrækt og mjólkurframleiðslu í þessum héruðum. Það má og öllum ljóst vera, að einn dýralæknir fyrir allan Norðlendingafjórðung, eða fyrir byggðir Borgarfjarðar, Mýra, Snæfellsness og Breiðafjarðar er með öllu ófullnægjandi, enda er dýralækna ekki vitjað úr hinum fjarlægari héruðum. Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur og byggðir Breiðafjarðar eru því raunverulega dýralæknislausar samkvæmt núgildandi skipun þessara mála.

Nokkur sönnun fyrir nauðsyn þeirra breytinga, sem frv. gerir ráð fyrir, er, að sýslufélög, sem hér eiga hlut að máli, svo sem Skagafjarðarsýsla, hafa ekki getað komizt hjá að verja árlega síðustu árin allmiklu fé til þess að launa manni, sem helzt er treystandi til að bæta úr dýralæknaskortinum, þótt sýslufélagið hafi vegna lítilla fjárráða aðeins fé til brýnna og aðkallandi þarfa sýslunnar. Meðan þessu fer fram, er nágrannahéruðum þeirra, sem álíka þörf hafa fyrir dýralækni, séð fyrir fulllærðum dýralæknum, þeim héruðum að kostnaðarlausu. Hér er um misrétti að ræða, sem ekki er viðunandi, og er frv. ætlað að bæta úr því.

Nd. 301. Frumvarp til laga

um bæjarstjórn á Sauðárkróki.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Sauðárkrókskauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Sauðárkrókshrepp og heitir Sauðárkrókskaupstaður.

Umdæmi þetta er hér eftir sem hingað til í alþingiskjördæmi Skagafjarðarsýslu. Þar sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Sýslumaður Skagafjarðarsýslu er jafnframt bæjarfógeti Sauðárkrókskaupstaðar.

3. gr.

Verzlunarlóð kaupstaðarins skal vera hin sama og nú er.

4. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum.

Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðast þau úr bæjarsjóði.

5. gr.

Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

6. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsyn til bera eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina, strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en ráðherra staðfestir þau.

7. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi bæjarstjóra, nema þar, sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn með því að rita álit sitt um hana í gerðarbókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherra skýrslu, og leggur hann úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðherra. Með samþykkt, er ráðherra staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

8. gr.

Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi.

9. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna.

10. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til ráðherra.

Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og ráðherra staðfestir.

Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér. Svo má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veitir.

11. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkv. lögum um hafnargerð á Sauðárkróki.

12. gr.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri sérstaklega skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innistæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins.

13. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði, hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins.

14. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

15. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

16. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innistæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

17. gr.

Þegar við lok hvers reikingsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjóra fyrir lok marzmánaðar. Lætur bæjarstjóri reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutafallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda, — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga —, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að auglýsa ágrip af honum, er bæjarstjóri semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind atriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

18. gr.

Fyrir lok septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherra reikninga yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal ráðherra gera þær ráðstafanir, er við þarf, og — ef nauðsyn kerfur —, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

19. gr.

Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana. Má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

21. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 8. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gerir ráðherra ráðstafanir til, að þau komi þá þegar til framkvæmda.

Ákvæði um stundarsakir.

Skipti á eignum og skuldum Skagafjarðarsýslu — svo og ábyrgðarskuldbindingum — á milli sýslunnar og Sauðárkrókskaupstaðar skulu fara fram hið fyrsta. Rísi nokkur ágreiningur, sker ráðherra úr.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefur sent okkur þingmönnum Skagfirðinga meðfylgjandi frumvarp með tilmælum um, að við gerðumst flutningsmenn þess. Frumvarpinu fylgdi allýtarleg greinargerð, sem birtist hér á eftir. Þá er birtur hér sem fylgiskjal I útdráttur úr sýslufundargerð Skagafjarðarsýslu frá 1940. Loks er birt sem fylgiskjal II bréf sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dagsett 14. þ. m., varðandi þetta mál.

Sauðárkrókshreppur, sem nú um mörg ár hefur haft íbúatölu á 10. hundraðinu, er orðinn það stór og störf hreppsnefndar, ekki sízt oddvita, það mikil, að óhugsandi er annað en að breyta til með starfsháttu á stjórn hreppsins. Við síðustu hreppsnefndarkosningar kom þetta atriði glöggt í ljós. Þá höfðu tveir stjórnmálaflokkarnir, sem buðu fram til kosninganna, það beinlínis á stefnuskrá sinni, að breyting yrði á þessu og kauptúninu væri aflað bæjarréttinda, hinir tveir flokkarnir vildu þá breytingu á núverandi stjórnskipulagi hreppsins, að til bráðabirgða

væri ráðinn framkvæmdastjóri fyrir hreppinn, á ábyrgð væntanlegs oddvita og beðið eftir væntanlegum breytingum á sveitarstjórnarlögunum frá milliþinganefnd, er starfar að endurskoðun þeirra. Oddvitastörf í stórum kauptúnahreppum eru ekki sambærileg við störf oddvita í sveitahreppum og er fyrirsjáanlegt, að ekki er unnt að rækja þau sem aukastörf með öðru aðalstarfi, þó ekki væri nema um daglegan rekstur að ræða, hvað þá þegar fyrir liggja ýmsar stórframkvæmdir, eins og rafvirkjun og hafnarbætur.

Núverandi oddviti tók starfið ekki að sér nema til bráðabirgða og með því skilyrði, að hann mætti ráða framkvæmdastjóra sér til aðstoðar. Umleitanir í þá átt hóf hann þegar eftir að hann tók við störfum og hefur haldið þeim áfram til októberloka. Skýrði hann hrn. þá frá því, að hann gæti ekki fengið mann til þeirra starfa, sem hann treystist til að bera persónulega ábyrgð á. Tók hrn. það þá til athugunar, hvort rétt væri að auglýsa eftir framkvæmdastjóra eða gera þegar ráðstafanir til að útvega bæjarréttindi. Hefur hrn. síðan haldið málinu vakandi og leitað sér nauðsynlegra upplýsinga, að því loknu lagði hrn. málið undir dóm hreppsbúa á almennum borgarafundi 9. des. s. l., og heimilaði fundurinn hrn. að gera hið fyrsta gangskör að því að útvega bæjarréttindi, og á fundi hrn. 17. des. s. l. fól hrn. oddvita að gera hið fyrsta nauðsynlegar ráðstafanir í þessu efni.

Það skal fram tekið, að óskin um breytingu á stjórnarháttum hreppsins er ekki fram komin af neinni misklíð milli sýslunefndar Skagafjarðarsýslu og hrn. Þvert á móti er rökstudd ástæða til að ætla, að skipti á eignum og skuldum geti farið fram með fyllsta samkomulagi.

Aðalástæðan fyrir því, að frumvarp þetta er borið fram, er sú, eins og að framan greinir, að hrn. álítur framkvæmdastörf hreppsins orðin það umfangsmikil, að ekki sé viðlit, að unnt verði að sinna þeim sem aukastarfi, enda ekki orðið mögulegt að fá menn til að gegna oddvitasarfi á þann hátt.

Vonandi líta háttvirtir alþingismenn á hina brýnu þörf frumvarps þessa og greiða fyrir því til samþykktar.

Frumvarpið í heild þarfnast ekki frekari skýringa. Það er samið eftir nýjustu lögum í þessu efni, lögum um bæjarstjórn í Ólafsfirði, nr. 60 31. okt. 1944.

Fylgiskjal I.

Útdráttur úr sýslufundargerð Skagafjarðarsýslu 1940.

„Allsherjarnefnd lagði fram, — viðvíkjandi beiðni hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps um kaupstaðarréttindi og til vara um fastan starfsmann, sem hefði á hendi framkvæmdarstjórn fyrir hreppinn — svofellda tillögu til ályktunar:

1. Sýslunefndin samþykkir, að hreppsnefnd Sauðárkróks megi, ef nauðsynlegt þykir, ráða sérstakan framkvæmdarstjóra, sem vinni að framkvæmd sveitarmálefna, annist skrifstofuhald og innheimtu eftir því, sem hreppsnefnd ákveður og á hennar ábyrgð. Greiðist kaup hans úr sveitarsjóði eftir ákvæðum hreppsnefndar.
2. Sýslunefndin vill fallast á, að Sauðárkrókshreppur verði sérstakt bæjarfélag, ef kauptúnsbúar telja sér það hagfelldara, en vera áfram hreppsfélag innan sýslufélagsins, enda er þá gengið út frá, að viðunandi lausn fáist um fjárskipti hreppsfélagsins og sýslunnar.

Jafnframt vill sýslunefndin brýna fyrir Sauðárkróksbúum, að þeir athugi þetta mál vandlega og geri þessa breytingu því aðeins, að rannsókn sýni, að hún sé til hagsbóta fyrir kauptúnið.

Samþykkt með 13 samhljóða atkvæðum.

Svo hljóðandi viðaukatillaga kom fram í þessu máli.

„Sýslunefndin ályktar að kjósa 3 menn utan Sauðárkrókshrepps til þess, ásamt mönnum kjörnum af hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps, að rannsaka, hver skilyrði

eru fyrir hendi til þess, að Sauðárkrókskauptún verði gert að sérstöku bæjarfélagi, svo að hag kauptúnsins og sýslufélagsins sé þrátt fyrir það vel borgið. Leggi nefndin skýrslu sína fyrir næsta aðalfund sýslunefndarinnar."

Samþykkt með 13 samhljóða atkvæðum.

Í nefndina voru kosnir:
Hermann Jónsson, Yzta-Mó.
Jón Sigurðsson, Reynistað.
Haraldur Jónasson, Völlum.
Allir með 13 atkvæðum."

Fylgiskjal II.

SÝSLUMAÐURINN Í SKAGAFJARÐARSÝSLU

Alþingismenn Skagfirðinga hafa óskað þess, að ég skýrði þeim frá aðstöðu sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu til framkominna óska hreppsnefndarinnar í Sauðárkrókshreppi um, að Sauðárkrókskauptúni verði nú veitt bæjarréttindi.

Það er upphaf þessa máls, að fyrir aðalfundi sýslunefndarinnar 1940 lá beiðni hreppsnefndar um, að mál þetta yrði athugað af sýslunefndinni, og var beiðni þessi lögð fram í upphafi fundarins, 27. marz 1940, og var henni jafnskjótt vísað til nefndar (allsherjarnefndar). Afgreiðslu nefndarinnar er að finna í 108. atriði sýslufundargerðar 1940. Millifundanefnd sú, sem sýslunefndin kaus 4. apríl 1940 til að fjalla um þetta mál ásamt hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps, hefur ekki skilað áliti, sem mun stafa af því, að hún og hreppsnefndin urðu ásáttar um að halda máli þessu ekki fram að sinni.

Jafnframt því að ég hér með sendi yður, háttv. alþingismenn Skagfirðinga, prentaða fundargerð ofangreinds sýslufundar, sem greinilega sýnir, að sýslunefndin vildi á engan hátt verða þrándur í götu fyrir framangreindum óskum Sauðárkrókskauptúns um bæjarréttindi, er þær komu fyrir nefndina 1940, vil ég með örfáum orðum láta þess getið, hvernig ég hygg, að sýslunefndin muni nú snúast við máli þessu, er það verður lagt fyrir nefndina.

Óskir manna á Sauðárkróki um, að kauptúnið öðlist bæjarréttindi, eru fyrst og fremst af þeirri rót runnar, að störfin við stjórn málefna hreppsfélagsins eru nú orðin svo umfangsmikil, að þau verða ekki unnin sem aukaverk hreppsnefndaroddvitanna, sem allajafna eru menn, sem eru önnum kafnir af öðrum störfum. Hreppsnefndin hefur nú að sinna ýmsum stórfelldum hagsmunamálum fyrir kauptúnið, svo sem endurbótum og viðgerðum á hafnarmannvirkjum, virkjun Gönguskarðsár til bæjar- og héraðsrafveitu, byggingu síldarverkunarstöðva o. fl., er lýtur að bættum atvinnuvegum í hreppnum. Er mér kunnugt um, að hreppsnefndin hefur leitazt við að fá ráðinn sérstakan framkvæmdarstjóra til að hafa á hendi rekstur sveitarmálanna, en ekki tekist það. Um þetta mun og öllum þorra sýslunefndarmanna vera kunnugt. Tel ég því efalaust, að sýslunefndin muni nú sem áður verða hlynnt framangreindum óskum hreppsnefndarinnar í Sauðárkrókshreppi og á engan hátt veita þeim mótspyrnu, að því tilskildu, að viðunandi lausn fáist um fjárskipti hreppsfélagsins og sýslufélagsins. En ég tel engin tormerki á, að samkomulag muni nást um fjárskipti þessi.

Sigurður Sigurðsson.

Til alþingismanna Skagfirðinga.

Nd. 302. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Ólöglegar fiskveiðar eða fiskverkun á íslenzkum höfnum á landi eða í landhelgi varða sektum, 10 þús. til 20 þús. krónum.

Ef fleiri eru útlendir sjómenn á íslenzku fiskiskipi en lög þessi heimila, varðar það sektum frá 500—5000 krónum. Brot gegn 4. gr. laganna varða sektum 500—2500 krónum.

Brot gegn 5. og 10. gr. laganna varða sektum 1000 til 10000 krónum.

Að öðru leyti varða ólöglegar fiskveiðar í landhelgi, aðrar en botnvörpuveiðar og dragnótaveiðar, 2000 til 20000 króna sektum. Auk þess skulu upptæk öll veiðarfæri og afli, sem í skipinu er, svo og umbúðir, ef um síld er að ræða, sem söltuð er í tunnur. Skal andvirðið renna í ríkissjóð.

Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum má leggja hald á viðkomandi skip, ef með þarf, og selja að undangenginni aðför.

Mál eftir lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 303. Nefndarálit

um till. til þál. um einkaleyfasafn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundi sínum og orðið ásátt um að mæla með því, að ríkisstjórnin láti framkvæma athugun þá, er tillagan fjallar um. Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 20. jan. 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.	Jón Sigurðsson, frsm.
Sigurður Bjarnason.	Sigfús Sigurhjartarson, Ásgeir Ásgeirsson.	Bjarni Ásgeirsson.

Sþ. 304. Tillaga til þingsályktunar

um hlutfallstölur tekna hjá þjóðfélagsstéttunum.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sex manna nefnd til þess að gera tillögur um hlutfallstölur tekna hjá þjóðfélagsstéttunum. Eftirgreindir aðilar hafi rétt til að tilnefna einn nefndarmann hver fyrir sig: Alþýðusamband Íslands,

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Landssamband iðnaðarmanna, Landssamband íslenzkra útvegsmanna og Stéttarsamband bænda.

Nefndin skal hafa lokið störfum og skilað áliti til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. júlí 1947.

Greinargerð.

Hér er lagt til, að gerð verði tilraun til þess að koma á eðlilegu samræmi í tekjum þjóðfélagsstéttanna, með samkomulagi þeirra. Það er kunnugt, að nú er mikið ósamræmi í tekjum landsmanna, og væri gott, ef takast mætti að koma tekjuskiptingunni í sanngjarnara og heilbrigðara horf.

Leiðtogar verkalýðsfélaganna hafa stundum rætt um það að samræma kaupgjald verkamanna um land allt, en af framkvæmdum hefur ekki orðið. En þó að slíkt væri gert, er það út af fyrir sig ekki nóg, heldur þarf að koma á eðlilegum jöfnuði í tekjum landsmanna yfirleitt, og að því er stefnt með þessari tillögu.

Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir, að fulltrúar frá heildarsamtökum stéttanna ræðist við og leiti samkomulags um það, hvert hlutfall skuli vera milli tekna manna í helztu starfsgreinum og starfshópum. Mætti hugsa sér, að þetta yrði gert með þeim hætti, að launatala einnar stéttar, t. d. ófaglærðra manna, yrði sett 100, og launatölur annarra í hlutfalli við það, eftir því sem sanngjarnt þætti og um semdist. Við ákvörðun þessara hlutfallstalna þyrfti að sjálfsögðu að taka tillit til kunnáttu, er störfin krefjast, erfiðis og áhættu við þau, og hlutfallstölurnar hjá starfshópnum þyrftu að miðast við ákveðinn vinnutíma.

Tillögur nefndarinnar ættu að ná til allra atvinnustétta, þannig að þeim yrði skipað í tekjuflokka með ákveðnu hlutfalli. Nefndin mundi ákveða hlutfallstölur tekna fyrir þá menn, er vinna að framleiðslu fyrir eigin reikning, og fyrir þá, er vinna í annarra þjónustu, þ. á m. opinbera starfsmenn í öllum launaflokkum. Ef samkomulag næst um tekjuhlutfallið hjá þjóðfélagsstéttunum, þarf að fylgja því eftir og koma tekjuskiptingunni í samræmi við það. Jafnframt þyrfti að koma á þeirri skipan, að tekjur einstaklinga og stétta yrðu miðaðar við framleiðslutekjur þjóðarinnar. Gæti það orðið gert með þeim hætti, að nefnd hagfróðra manna, ásamt fulltrúum stéttasamtakanna, reiknaði árlega út þjóðartekjurnar og kæmist að niðurstöðu um það, hvað háar kaupgreiðslur þjóðarbúskapurinn þolir, og síðan yrði kaupgjald, laun og afurðaverð á innlendum markaði ákveðið í samræmi við það og eftir þeim hlutfallstölum, sem ákveðnar hefðu verið með samkomulagi stéttafulltrúanna. Með þessu væru sköpuð tengsli og samræmi milli embættislauna, almenns kaupgjalds og innanlandsverðlags á framleiðsluvörunum. Tekjur manna mundu þá taka breytingum frá ári til árs eftir afkomu þjóðarbúsins í heild og eftir ákveðnum reglum, án þess að því fylgdu nokkrar deilur eða átök milli stéttanna.

Um leið og þessari skipan yrði á komið, þyrfti að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að einstakir menn geti náð til sín óeðlilegum gróða á kostnað almennings, t. d. með ýmiss konar milliliðastarfsemi, svo sem mjög hefur orðið vart á undanförnum árum.

Með eflingu stéttasamtakanna hefur kaupgjald og verðlag í landinu að verulegu leyti hætt að myndast eftir því, hvernig háttað er um framboð og eftirspurn. Hver stétt fyrir sig reynir að ná til sín sem ríflegustum hlut, og er þess þá ekki ætíð gætt sem skyldi, að jafnvægi þarf að haldast í þjóðfélaginu. Ef einstakar stéttir eða hópar manna draga til sín meira fé en þjóðarbúskapurinn í heild þolir og meira en sanngjarnt er í samanburði við aðra, þá er komið á óheillabraut. Skipting þjóðarteknanna má ekki fara eftir því, hvað einstaklingar eða stéttir geta til sín togað í skjóli þeirrar aðstöðu eða valds, sem þeim hefur skapazt. Í stað slíkrar togstreitu þarf að koma samkomulag stéttanna, ef þess er nokkur kostur, um sanngjarna lausn málanna, þar sem nægilegt tillit er haft til þjóðarheildarinnar.

Nú er svo komið verðlagi í landinu, að sjávarútvegurinn hefur stöðvazt, vegna

ósamræmis milli afurðaverðs og framleiðslukostnaðar, og ríkið hefur orðið að taka á sig ábyrgð á verði útfluttra sjávarafurða að verulegu leyti, til þess að bátaflotinn verði ekki bundinn í höfnum nú á vetrarvertíðinni. Það liggur í augum uppi, að slík ráðstöfun er aðeins neyðarúræði til bráðabirgða, en engin frambúðarlausn á vandamálinu. Vandinn verður aðeins leystur með því, að komið verði á nýrri skipan, er tryggi svo sem verða má varanlegt samræmi á milli útflutningsverðs afurðanna og framleiðslukostnaðarins. Þetta viðfangsefni þarf, ef mögulegt er, að leysa með samkomulagi þjóðfélagsstéttanna, og sú tillaga, sem hér er fram borin, er byrjunarskref í þá átt.

Laun og kaupgjald, innanlandsverð á framleiðsluvörunum og tekjur manna yfirleitt þurfa, ef vel á að fara, að vera í eðlilegu samræmi við tekjur þjóðarinnar í heild, svo að ekki eyðist meira en aflað er. Slík skipan, samhliða réttlátri skiptingu þjóðarteknanna, er leiðin út úr þeim ógöngum, sem atvinnuvegirnir eru nú komnir í, vegna sívaxandi verðbólgu og dýrtíðar.

Nd. 305. Breytingartillaga

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýming þeirra.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Við 4. gr. Fyrir orðið „Sauðfjársjúkdómanefnd“ komi Sauðfjárvarnastjórn.
2. Í öðrum greinum frumvarpsins, þar sem orðið „sauðfjársjúkdómanefnd“ kemur fyrir, komi í þess stað sauðfjárvarnastjórn í viðeigandi falli.

Sþ. 306. Tillaga til þingsályktunar

um störf stjórnarskrárnefnda.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar, að nefndir þær, sem skipaðar voru 1942 og 1945 til þess að endurskoða stjórnarskrá íslenzka ríkisins, skuli ljúka störfum fyrir 1. október n. k. Leggi þær m. a. sérstaka áherzlu á að athuga, hverjar breytingar komi til greina að gera á stjórnarskránni, til þess að treysta stjórnarkerfið og koma í veg fyrir tíðar og langvarandi stjórnarkreppur.

Greinargerð.

Öllum hugsandi mönnum hlýtur að vera ófremdarástand það, sem nú ríkir í stjórnmálum þjóðarinnar, ærið áhyggjuefni. Nokkuð er liðið á fjórða mánuð, síðan ríkisstjórn sú, sem þá hafði setið að völdum í tvö ár, sagði af sér, og hefur ekki tekizt að mynda þingræðisstjórn síðan, þrátt fyrir stöðugar viðræður þingflokkanna. Á síðastliðnum fjórum árum hefur tvívegis áður komið til slíkrar stjórnarkreppu. Í fyrra skiptið eða 1942 tókst alls ekki að koma á venjulegri þingræðistjórn, þrátt fyrir langvarandi samningaumleitanir, og settist þá utanþingsstjórn að völdum en í síðara skiptið eða 1944 tókust hins vegar samningar með þrem stjórnmálaflokkum. Það samstarf rofnaði fyrir rúmum þrem mánuðum, svo sem kunnugt er, og varð það upphaf þeirrar kreppu, sem enn varir.

Undirrót þessa ófremdarástands er ekki ódugnaður eða óheilindi stjórnmálaleiðtoga og þingmanna, þótt vafalaust megi sitthvað að þeim finna í því tilliti, heldur

hitt, að sjálfu stjórnarkerfinu er verulega ábótavant í undirstöðuatriðum. Það hefur sí og æ færzt í vöxt, að vikið sé frá því grundvallaratriði stjórnarskipunar okkar, að löggjafarvald og framkvæmdarvald skuli vera aðskilið. Alþingi hefur ekki einungis ráð framkvæmdavaldsins algerlega í hendi sér, þar eð það velur í raun réttri ríkisstjórnir, heldur hefur það og mjög mikil afskipti af framkvæmdarvaldsstörfum, einkum og sér í lagi sökum sívaxandi afskipta ríkisvaldsins af atvinnulífinu og í sambandi við þann hátt, sem hafður er á samningu fjárlaga. Þótt um það megi vissulega deila, hvort þetta sé heppilegt og eðlilegt, má segja, að það kæmi ekki að sök, ef í löggjafarsamkomunni væri jafnan öruggur meiri hluti, sem væri reiðubúinn til þess að takast framkvæmdarstjórnina á hendur jafnframt því, að hann stýrði löggjafarstarfinu. En hið nána samband löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins verður mjög varhugavert, þegar svo fer, að enginn samhentur meiri hluti er fyrir hendi í löggjafarsamkomunni. Afleiðing þess er ekki einungis sú, að ekki er um að ræða forustu um löggjafarstarf, heldur eru þá framkvæmdarstörfin einnig forustulaus, og er slíkt ástand óhafandi, jafnvel í skamman tíma. Eins og stjórnarskrá okkar, kosningalög og flokkaskipun er nú, eru lítil líkindi til þess, að einn flokkur nái meirihlutaaðstöðu á Alþingi á næstunni, heldur munu vafalaust verða þar fjórir flokkar áfram og tveir þeirra eða þrír verða að vinna saman, ef meiri hluti á að nást. En sívaxandi erfiðleikar reynast á slíkum samningum, einmitt vegna þess, að ekki er einungis samið um löggjafarmálefni, heldur einnig framkvæmdarstörf, og hefur það komið skýrt í ljós í þeim samningum milli flokka, sem átt hafa sér stað undanfarna mánuði.

Niðurstaðan er því sú, að orsaka þess ófremdarástands, sem nú er í stjórnarmálefnum þjóðarinnar, sé að leita í því að sjálfu stjórnkerfinu sé verulega ábótavant, fyrst og fremst að því leyti, að óeðlilega náin tengsl séu milli löggjafar- og framkvæmdarvalds, og skipun þingsins þannig, að erfiðleikar séu á myndun samhents meiri hluta. Í þessu sambandi skal ekki fjölyrt um leiðir þær, sem til greina koma til úrbóta á þessu ástandi. Þær koma til athugunar í sambandi við endurskoðun á stjórnarskránni.

1942 kaus Alþingi nefnd til þess að endurskoða stjórnarskrána og 1945 var önnur nefnd skipuð henni til aðstoðar. Um skeið munu nefndirnar hafa starfað talsvert, en nú um langan tíma eða á annað ár munu þær engan fund hafa haldið og ekkert starfað. Er óeðlilegt, að þýðingarmiklar nefndir sitji lengi án þess að gera annað tveggja, að vinna að verkefni sínu eða skila því frá sér, og þá sérstaklega, þegar verkefnið er jafn þýðingarmikið og hér á sér stað. Munu allir flokkar hafa lýst því yfir fyrir tvennar síðustu kosningar, að þeir vildu láta hraða endurskoðun stjórnarskrárinnar. Um þetta atriði var og samið, er ríkisstjórnin var mynduð 1944. Segir svo í málefnasamningnum: „Endurskoðun þessari (þ. e. stjórnarskrárinnar) verði lokið svo fljótt, að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi, áður en kosningar fara fram og eigi síðar en síðari hluta næsta vetrar (þ. e. a. s. 1945) og leggur stjórnin og flokkar þeir, er að henni standa, kapp á, að frumvarp þetta verði endursamþykkt á Alþingi að afloknum kosningum.“ Með tilliti til þess hefði átt að mega vænta þess, að málinu yrði hraðað, þótt sú hafi ekki orðið raunin á. Þá hefur forsætisráðherra ekki heldur séð ástæðu til að svara fyrirspurn, er fram kom fyrir mörgum vikum, um störf stjórnarskrárnefndanna.

Nú hefur stjórnmálaástandið á Alþingi minnt mjög rækilega á það, hversu brýn þörf er á endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þess vegna er það lagt til í þáltill. þessari, að málið sé vakið upp aftur og nefndunum gert að ljúka störfum fyrir 1. október n. k. Þótt hér sé vissulega um mikið og vandasamt verk að ræða, hafa nefndirnar þegar haft svo rúman starfstíma, að ekki virðist til of mikils mælzt, að þær ljúki störfum á 8—9 mánuðum. Tillögur til breytinga á stjórnkerfinu þurfa að koma fram sem fyrst, til þess að þjóðin geti farið að ræða málið af alvöru, en ekki kemur til mála, að gera breytingar á sjálfri stjórnskipuninni, án þess að allur almenningur hafi hugsað og rætt það mál rækilega. Tillögur stjórnarskrárnefndanna ættu að

verða slíkur umræðugrundvöllur. Má búast við, að sjónarmið stjórnmálaflokkanna komi þar fram, og er einmitt mjög æskilegt að sem fyrst verði ljóst, hver þau eru.

Flm. þessarar þáltill. telja að ýmsu leyti óeðlilegt, að tvær nefndir vinni að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þeir vilja þó á þessu stigi málsins ekki leggja til, að þær verði lagðar niður og ný nefnd skipuð í þeirra stað, þar sem ætla má, að verulegur hluti verksins hafi þegar verið unninn, gagna verið aflað, og menn þeir, sem nefndirnar skipa, kynnt sér málið rækilega. Hins vegar telja þeir mjög athugandi, að störf nefndanna verði endurskipulögð, og vænta þess, að nefnd sú, sem fær þáltill. þessa til meðferðar, taki það til athugunar, en þótt ný nefnd yrði skipuð í stað hinna tveggja, telja þeir það þó undir engum kringumstæðum mega dragast lengur en til 1. október n. k., að ákveðnar tillögur komi fram í þessu þýðingarmikla máli.

Sþ. 307. Tillaga til þingsályktunar

um endurgreiðslu tolls af innfluttum tilbúnum húsum.

Flm.: Hermann Jónasson, Lúðvík Jósefsson, Sigurður Bjarnason, Hannibal Valdimarsson, Páll Zóphóníasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að nota heimild í bráðabirgðaákvæði laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum um endurgreiðslu tolls af innfluttum tilbúnum húsum.

Greinargerð.

Á reglulegu þingi 1945—46 voru samþykkt lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Við þau lög voru samþykkt bráðabirgðaákvæði, er mæla svo fyrir, að ríkisstjórninni sé heimilað að endurgreiða toll af innfluttum tilbúnum húsum. Þetta var bæði byggt á því, að hér var þá, og er enn, næg atvinna fyrir iðnaðarmenn, svo að óþarft virtist að tolla tilbúin hús innflutt hærra en efnið, sem í húsin þarf, er tollað óunnið, og eins var þetta hugsað sem aðstoð af hálfu hins opinbera til að flýta fyrir, að hér kæmu fleiri nothæfar íbúðir, er styddu að lausn húsnæðisvandræða þeirra, sem hér voru og eru enn.

Með þetta ákvæði laganna fyrir augum og í því trausti, að það yrði notað, réðust ýmsir í að fá tilbúin timburhús frá Svíþjóð.

Eftir að sú ákvörðun var tekin, hækkaði gengi á sænskum krónum, og er því meiri ástæða til þess nú en þegar lögin voru samþykkt, að Alþingi standi við það fyrirheit, er það gaf með lögunum, og gefi tollinn eftir.

Hús þessi eru löngu komin til landsins og sum þeirra þegar fullgerð, en önnur ekki orðin íbúðarhæf enn, og er sýnt, að þau gera sitt til að auka tölu íbúða í landinu og með því bæta út húsnæðiseklunni.

Ed. 308. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að koma upp verbúðum fyrir viðlegubáta.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef nauðsyn krefur, að láta reisa verbúðir fyrir viðlegubáta í þeim verstöðvum, þar sem rekin er útgerð á vetrarvertíð, enda séu á þessum stöðum fyrir hendi viðhlítandi hafnarskilyrði.

2. gr.

Hafa skal samráð og samvinnu við hlutaðeigandi bæjar- og sveitarstjórnir um tilhögun og framkvæmd verksins, þar á meðal um útvegun á landi undir verbúðirnar. Leita skal samkomulags við þessa aðila um þátttöku þeirra í kostnaði við framkvæmdir þessar í þeim hlutföllum, sem ákveðið er í 2. gr. laga nr. 29 23. apríl 1946.

Takist samningar um, að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn endurgreiði ríkissjóði hluta af kostnaðinum samkvæmt því, sem fyrr greinir, verða verbúðirnar eign hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 309. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur.

Óheimilt er Grímsneshreppi að selja jörðina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Grímsneshrepps hefur óskað þess, að ég aflaði lagaheimildar fyrir sölu á jörðinni Stóru-Borg. Jörðin er miðsveitis. Þar er þingstaður hreppsins og samkomuhús. Kirkjustaður er þar. Nú er jörðin í eyði. Grímsnesingum er það mikið áhugamál að tryggja hreppnum jörðina til eignar sakir þeirrar þýðingar, sem hún hefur fyrir ýmiss konar starfsemi innan sveitarinnar.

Ed. 310. Nefndarálit

um frv. til l. um héraðsskjalasöfn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 22. jan. 1947.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Hannibal Valdimarsson, fundaskrifari. Ásmundur Sigurðsson.

Lárus Jóhannesson. Eiríkur Einarsson.

Ed. 311. Nefndarálit

um frv. til laga um iðnfræðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur haldið alls 10 fundi um þetta mál og rætt það mjög ýtarlega í öllum atriðum. Kynnti nefndin sér einnig mjög gaumgæfilega nefndarálit iðnarnefndar Ed. frá síðasta aðalþingi á þingskj. 697 og þær brtt., sem þar voru bornar fram sameiginlega af nefndinni. Var frv. ásamt fyrrnefndu nefndaráliti og brtt. sent til umsagnar til Landssambands iðnaðarmanna og iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands. En auk þess ræddi nefndin við fulltrúa frá þessum sömu aðilum sameiginlega.

Nefndin var sammála um, að rétt væri að leggja til, að nokkrar breytingar yrðu gerðar á frv. Vildu tveir nefndarmenn (StgrA og SÁÓ), að frv. yrði ekki breytt verulega frá því sem samkomulag hafði náðst um milli fulltrúa, meistara og sveina í milliþinganefndinni, sem undirbjó frv., en aðrir nefndarmenn (GJ og PZ) vildi gera nokkuð róttækari breytingar á frv., og áskilja þeir sér því rétt til þess að bera fram sérstakar brtt. eða að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Einn nefndarmanna (Kj. Jóh.) tók þátt í meðferð málsins á öllum fundum fram að jólafríi og var efnislega fylgjandi nokkrum breytingum á frv., einkum í þá átt að ákveða mismunandi námstíma fyrir hinar ýmsu iðngreinar. Bjarni Benediktsson tók aftur sæti í n., er þing kom saman að loknu fríi. Hann var þó fjarstaddur, er endanlega var gengið frá málinu.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðunum „út frá því sjónarmiði“ í 1. mgr. komi: einu.
   b. Við 2. mgr. bætist: Úrskurði iðnfræðsluráðs samkv. þessari málsgr. má þó áfrýja til dómstólanna, enda sé það gert innan 30 daga, frá því að úrskurðurinn er birtur viðkomandi aðila.
2. Við 11. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Námstími telst hafinn frá dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hefur hlotið, enda hafi nemandinn þá byrjað nám sitt.
3. Við 12. gr.
   a. 1. málsl. orðist svo: Námstími skal ákveðinn með reglugerð í samráði við iðnfræðsluráð, mismunandi eftir tegund iðngreina.
   b. Aftan við greinina bætist ný mgr., er orðist svo:
      Rísi ágreiningur um það, hvort námssamningi hafi verið slitið á löglegan hátt, ákveður iðnfræðsluráð, að hve miklu leyti sá tími, er nemandi hefur stundað nám, skuli dragast frá fullum námstíma hjá öðrum.
4. Við 13. gr. Aftan við gr. bætist ný mgr., er orðist svo:
   Nú hefur nemandi ekki staðizt próf það, sem um ræðir í 1. mgr., og skal hann þá eiga rétt á að ganga undir það á ný, þegar það er næst haldið í iðngreininni, enda sé hann sjálfráður um það, hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram. Enginn nemandi getur þó átt rétt til að ganga undir próf í sömu iðngrein oftar en þrisvar sinnum.
5. Við 17. gr. Í stað orðanna „til sjúkrasamlags“ og út fyrri mgr. komi: fyrir nemendur sína samkvæmt lögum um almannatryggingar.
6. Við 23. gr. Í stað orðsins „Meistari“ í upphafi greinarinnar komi: Meistarar.

7. Við 25. gr.
   a. Upphaf b-liðar 2. tölul. orðist svo:
      Hafi nemandi verið meira en 6 mánuði.
   b. 3. tölul. a. orðist svo: Ef hann er beittur ósæmilegri framkomu á vinnustað.
8. Við 27. gr.
   a. Í stað 2. og 3. málsl. í 3. mgr. komi nýr málsl., er orðist svo: Skal á þeim fundi leggja úrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum.
   b. Við greinina bætist ný mgr., er orðist svo:
      Úrskurði gerðardómsins má þó áfrýja til dómstólanna, og skal áfrýjunarfrestur til héraðsdómara vera 30 dagar frá birtingu úrskurðarins.
9. Við 28. gr. 4. tölul. orðist svo:
   Koma ósæmilega fram gegn nemanda.
10. Við 31. gr. Í stað orðanna „þegar lokið er öllum“ og út greinina komi: en halda þó gildi sínu að því er varðar námssamninga, er gerðir hafa verið eftir þeim.
11. Við 32. gr. Greinin falli niður.
12. Við 33. gr. Greinin orðist svo:
    Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 22. jan. 1947.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.	Páll Zóphóníasson, m. fyrirvara.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Ed. 312. Breytingartillögur

við frv. til laga um iðnfræðslu.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 manna iðnfræðsluráð til 4 ára í senn. Ráðherra skipar síðan einn hinna kjörnu manna sem formann ráðsins til sama tíma.
2. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Nú hefur nemandi verið það mikið frá vinnu á námstímanum, að samanlagðar vinnustundir hans verða færri en 1800 á ári að meðaltali yfir námstímann, og getur iðnfræðsluráð þá ákveðið, að námstíminn skuli framlengjast, þannig að fyrrnefndur vinnustundafjöldi sé uppfylltur.
3. Við 22. grein.
   a. Aftan við 1. mgr. bætist: Á meðan nemandi er frá verki vegna vinnustöðvunar, ber honum eigi kaup.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna að dómi iðnfræðsluráðs. Getur þá hvor aðili fyrir sig slitið námssamningnum án frekari fyrirvara, og er nemanda þá heimilt óátalið að ráða sig til annarra aðila.

Ed. 313. Nefndarálit

um frv. til laga um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. jan. 1947.

Bernh. Stefánsson, form. Hannibal Valdimarsson, fundaskrifari. Ásmundur Sigurðsson, frsm.

Lárus Jóhannesson. Eiríkur Einarsson.

Nd. 314. Frumvarp til laga

um embættaveitingar og ráðning opinberra starfsmanna.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Óheimilt er ráðherra að stofna til embættis eða opinbers starfs, nema heimilað sé í lögum.

2. gr.

Öll embætti og opinber störf, er ráðherra veitir eða forseti Íslands á ábyrgð ráðherra, skal auglýsa til umsóknar með minnst mánaðar fyrirvara.

3. gr.

Áður en ráðherra tekur afstöðu til veitingar embættis eða ráðningar opinbers starfsmanns, skal hann ætíð leita umsagnar umsagnaraðila samkvæmt 4.—6. gr. þessara laga um það, hver umsækjenda sé hæfastur til að hljóta stöðuna.

4. gr.

Þegar veita skal eftirgreind embætti, skal leita umsagnar þessara aðila:

1. Embætti hæstaréttardómara: forseta laga- og hagfræðideildar Háskóla Íslands.
2. Embætti skrifstofustjóra ráðuneytanna: þess skrifstofustjóra stjórnarráðsins, sem lengst hefur gegnt embætti.
3. Embætti sendiherra: skrifstofustjóra utanríkisráðuneytisins.
4. Embætti biskups, sé hann eigi rétt kjörinn: forseta guðfræðideildar Háskóla Íslands.
5. Embætti landlæknis: forseta læknadeildar Háskóla Íslands.
6. Embætti póst- og símamálastjóra, vegamálastjóra, vitamálastjóra, flugmálastjóra, veðurstofustjóra, tollstjóra, hagstofustjóra, skattstjóra, ríkisféhirðis, ríkisbókara, aðalendurskoðanda ríkisins, húsameistara ríkisins, skipulagsstjóra, skógræktarstjóra, sandgræðslustjóra og skipaskoðunarstjóra: skrifstofustjóra þess ráðuneytis, sem embættið lýtur.
7. Embætti fræðslumálastjóra, útvarpsstjóra, landsbókavarðar, þjóðskjalavarðar, þjóðminjavarðar og háskólabókavarðar, svo og rektors og skólameistara menntaskólanna: forseta heimspekideildar Háskóla Íslands.
8. Embætti forstöðumanna (forstjóra) stofnana eða fyrirtækja: skrifstofustjóra þess ráðuneytis, er stofnunin eða fyrirtækið lýtur.

Þegar um veitingu framangreindra embætta er að ræða eða annarra hliðstæðra forstöðuembætta, skal og, þegar því verður við komið, leita umsagnar fráfarandi embættismanns um það, hvern hann telji hæfastan umsækjenda til þess að verða eftirmann sinn. Nú lætur embættismaður eftir sig rökstutt álit sitt á því, hvern hann telji hæfastan til þess að hljóta embætti sitt eftir sinn dag eða þegar hann lætur af því, en hann hafi ekki átt kost á að láta í té umsögn um umsækjendur, og skal þá ráðherra heimilt að taka tillit til þess álits, eftir því sem það gefur tilefni til.

5. gr.

Þegar veita skal eftirgreind embætti, skal leita umsagnar þessara umsagnaraðila:

1. Héraðsdómara- og lögreglustjóraembætti og embætti skattamáladómara: skrifstofustjóra dómsmálaráðuneytisins.
2. Prestsembætti, sé prestskosning eigi lögmæt: biskups.
3. Læknisembætti: landlæknis.
4. Kenneraembætti við Háskóla Íslands: dómnefndar samkvæmt reglugerð um Háskóla Íslands nr. 47 30. júní 1942.
5. Kennaraembætti við menntaskólana: hlutaðeigandi rektors (skólameistara).
6. Embætti skólastjóra við gagnfræða- og unglingaskóla og önnur kennaraembætti en nefnd eru að framan: fræðslumálastjóra.
7. Bóka- og skjalavarðarembætti: landsbókavarðar eða þjóðskjalavarðar.
8. Embætti skrifstofustjóra, fulltrúa og önnur störf við hin ýmsu embætti og stofnanir: hlutaðeigandi aðalembættismanns eða forstöðumanns (forstjóra).

6. gr.

Nú er um að ræða embætti eða starf, er ekki fellur undir neinn lið 4. eða 5. gr., og skal þá leita umsagnar skrifstofustjóra þess ráðuneytis, sem embættið eða starfið lýtur.

7. gr.

Umsagnir samkvæmt 4.—6. gr. skulu vera ýtarlega rökstuddar. Hæfi umsækjenda til embættis eða starfs skal metin m. a. með tilliti til þess, er hér greinir:

1. Ef um er að ræða embætti eða starf, sem krefst ákveðinnar sérþekkingar eða sérhæfileika umfram það, sem krafizt er til að gegna almennum embættum eða störfum í sömu grein, skal sá umsækjandi, er fullnægir þeim sérkröfum, teljast öðrum hæfari.
2. Ef um er að ræða embætti eða starf, sem ekki krefst slíkrar sérþekkingar eða sérhæfileika, skal sá, er fullnægir almennum kröfum til embættis í greininni, teljast fullhæfur til embættisins eða starfsins, en þá skal sá umsækjandi, er lengstan og farsælastan starfsferil á að baki, að öðru jöfnu teljast hæfastur.

8. gr.

Nú mæla þeir tveir umsagnaraðilar, sem til greina geta komið samkvæmt 4. gr., hvor með sínum umsækjanda, og er ráðherra þá í sjálfsvald sett, hvora umsögnina hann leggur til grundvallar veitingu embættis eða tillögu sinni til forseta um hana. En veiti ráðherra eða leggi til við forseta, að hann veiti embætti eða starf öðrum en þeim umsækjanda, sem umsagnaraðili eða annar hvor þeirra, ef þeir eru tveir, taldi hæfastan, skal ráðherra skylt að gera opinberlega grein fyrir því, hvers vegna hann taldi ástæðu til þess að víkja frá tillögum umsagnaraðila, og birta jafnframt umsögn hans.

9. gr.

Nú sækir umsagnaraðili um embætti, og skal þá sá skrifstofustjóri stjórnarráðsins, er lengst hefur gegnt embætti, tilnefna umsagnaraðila í hans stað.

10. gr.

Um veitingu starfa hjá ríki, ríkisfyrirtækjum og opinberum stofnunum, sem ákvæði 2. gr. taka ekki til, svo og kaupstöðum, fyrirtækjum og stofnunum þeirra, skal hlutaðeigandi aðili setja í reglugerð, er ráðherra staðfestir, ákvæði, er sem hliðstæðust séu ákvæðum 2.—9. gr. þessara laga.

11. gr.

Nú er embætti eða starf veitt án þess, að farið hafi verið að lögum þessum við veitinguna, og skal hún þá jafngilda setningu, þar til úr hefur verið bætt. Um ábyrgð ráðherra á slíkum athöfnum fer að almennum lögum um það efni og sömuleiðis um skaðabótaskyldu.

12. gr.

Ákvæði laga þessara raska ekki sérreglum, sem eru í gildandi lögum um veitingu einstakra embætta, og ekki heldur ákvæðum í slíkum lögum um skyldu ráðherra til að leita umsagnar um þá, sem sækja um embætti.

Greinargerð.

Það er eitt af megineinkennum heilbrigðra þjóðfélagshátta, að til séu fastar reglur eða a. m. k. hefðbundnar venjur um veitingu embætta og opinberra starfa, en handahófi og hlutdrægni markaður sem þrengstur bás. Getur ekki leikið á tveim tungum, að örugg skipun þessara mála stuðli mjög að því, að til starfa í þágu ríkisins veljist sem hæfastir menn, auk þess sem þeir, er bjóða hinu opinbera þjónustu sína eða gegna opinberum störfum og óska að breyta um starfssvið, eiga sanngjarna kröfu á að vita, eftir hvaða reglum muni farið, og þá jafnframt á hinu, að þær séu réttlátar. Þegar veitingarvaldið er í höndum pólitískra ráðherra, sem gera sér ljóst, að þeir kunna að sitja skamma stund aðeins á valdastóli, er óneitanlega sérstök hætta á, að hver þeirra um sig fylgi sinni reglu eða þeir freistist til að taka meira tillit til stjórnmálahagsmuna og kunningsskapar en góðu hófi gegnir. Meðan fastar reglur eða trausta hefð skortir, getur ráðherra og oft og einatt átt í vök að verjast gagnvart ásælni skjólstæðinga, þótt hann sé í sjálfu sér allur af vilja gerður til þess að sýna fyllsta hlutleysi og réttlæti.

Hér á landi hefur ástand þessara mála því miður ekki verið sem skyldi. Engin heildarlöggjöf hefur verið til um veitingu embætta og opinberra starfa, reglur þær, sem verið hefa í einstökum lögum, eru oft og tíðum ófullkomnar og í ósamræmi innbyrðis, en um mjög fáa flokka embætta hafa skapazt svo traustar venjur, að yfirleitt sé ekki frá þeim brugðið. Á síðustu árum hefur það og færzt mjög í vöxt, að til embætta og starfa hafi verið stofnað að Alþingi fornspurðu, þ. e. a. s. án lagaheimildar. Hvort tveggja hefur þetta valdið því, að meiri ófriður hefur verið um embættaveitingar en heppilegt er, stundum að vísu alveg að ástæðulausu, enda virðist hafa viljað brenna við, að andstæðingar ráðherra telji sér skylt að finna að sem flestu, er þeir aðhafast, hversu sjálfsagt sem það er, en oft hefur þó með réttu mátt mjög að ráðstöfunum veitingarvaldsins finna.

Megintilgangur þessa frv. er sá að koma meiri festu á meðferð þessara mála en verið hefur. Í 1. gr. frv. er kveðið svo á, að ráðherra sé óheimilt að stofna til embættis eða opinbers starfs að Alþingi fornspurðu. Í raun og veru er slíkt óheimilt nú, enda í alla staði óeðlilegt og meira að segja mjög varhugavert, að ráðherrar tíðki slíkt, en sökum þess, að nokkuð hefur kveðið að þessu, þykir ástæða til að mæla skýrt fyrir um, að það sé óheimilt, þannig að sá siður leggist niður. Hins vegar er í frv. ekki raskað því meginatriði þeirrar skipunar, sem nú er á þessum málum, að ráðherra hafi vald til þess að veita þeim embætti, sem hann álítur hæfastan til að gegna því, enda væri almenn takmörkun á valdi þess aðila, sem ábyrgð ber á ráðstöfuninni, vafasöm í lýðræðisríki. En í frv. er sú leið farin til þess að reyna að tryggja

réttlæti og samkvæmni í meðferð veitingarvaldsins, að ráðherra skuli, áður en hann veitir embætti, ávallt leita umsagnar aðila, sem telja má hlutlausa og hafa góð skilyrði til að dæma um hæfni umsækjendanna, auk þess sem skylt skal að auglýsa öll embætti með hæfilegum umsóknarfresti. Eru í 4.—6. gr. frv. ákvæði um það, til hvaða aðila skuli leita. Með þessu fyrirkomulagi ætti að vera tryggt, að ráðherra hafi fengið allar þær upplýsingar um hæfi einstakra umsækjenda, sem nauðsynlegar eru, og að honum sé enn fremur kunnugt rökstutt álit fráfarandi embættismanns og annars valinkunns embættismanns, sem hefur til að bera þekkingu á starfinu, um það, hver hæfastur sé til þess að gegna því. Það er að sjálfsögðu miklum vandkvæðum bundið að velja heppilega umsagnaraðila, og má vel vera, að bæta megi þau ákvæði frv., er um þessi atriði fjalla. En ég tel það ekki skipta meginmáli, hver umsagnaraðilinn er, heldur hitt, að um sé að ræða einn ábyrgan embættismann, sem þekki gerla til starfsins, sem á að veita. Það er í alla staði æskilegra, að yfirleitt láti einn maður umsögn sína í té en ekki margir, t. d. stjórn félags eða nefnd, til þess að fyrir það sé girt, að einn skjóti sér á bak við annan og síður sé hægt að koma við hrossakaupum. Í frv. er þeirri meginreglu fylgt um val umsagnaraðila, að sé um embætti að ræða, er lúta tilteknum forstöðuembættum, þá skal leita umsagnar hlutaðeigandi aðalembættismanns, og ætti það ekki að þurfa að valda ágreiningi. Miklu meiri vandi er hins vegar að velja umsagnaraðila um forstöðuembættin sjálf, og er í frv. gert ráð fyrir skrifstofustjórum stjórnarráðsins og deildarforsetum háskólans sem umsagnaraðilum. Sökum þess að skrifstofustjórarnir eru að vissu leyti starfsmenn ráðherra, má segja, að ekki sé alls kostar heppilegt, að þeir séu umsagnaraðilar. Hins vegar má geta þess, að hér er um embættismenn að ræða, sem gegna háum og ábyrgðarmiklum embættum, venjulega í mjög langan tíma og lúta þá mörgum ráðherrum. Ætti slíkum embættismönnum vissulega að vera treystandi til þess að halda í heiðri föstum reglum um embættaveitingar. Ýmislegt mælir þó með því, að umsagnaraðili sé utan stjórnarráðsins. Þegar um flest forstöðuembættin er að ræða, eru á hinn bóginn nokkur vandkvæði á að benda á slíka umsagnaraðila, og er því í frv. lagt til, að skrifstofustjórunum sé í flestum tilfellum fengið það hlutverk í hendur.

Í 7. gr. eru enn fremur settar nokkrar almennar reglur um það, hvernig hæfi umsækjanda skuli metin. Er þar gerður greinarmunur á, hvort um er að ræða embætti, sem krefjast ákveðinnar sérþekkingar eða sérhæfileika umfram það, sem krafizt er til að gegna almennum embættum í sömu grein, eða ekki. Sé um hið fyrrnefnda að ræða, er talið rétt að taka fyrst og fremst tillit til sérþekkingar eða sérhæfileika við mat á hæfi til embættisins. En sé ekki krafizt slíkrar sérþekkingar, er talið rétt að taka höfuðtillit til starfsaldurs og farsældar í starfi, sé umsækjandi á annað borð talinn hæfur til þess að gegna embættinu. Sem dæmi þess, hver áhrif slík regla hefði, mætti geta þess, að tveir lögfræðingar sæktu um sýslumannsembætti, og hefði annar ekki gegnt embætti áður, en aftur á móti aflað sér sérmenntunar í ákveðinni grein lögfræðinnar, t. d. refsirétti, en hinn gegnt slíku embætti eða öðru því líku í 10 ár. Samkvæmt þessari reglu ætti hinn síðarnefndi að teljast hæfari til embættisins að öðru jöfnu. Sæktu þeir aftur á móti um prófessorsembætti í refsirétti, ætti starfstími við önnur embætti engu máli að skipta, heldur ætti hinn fyrr nefndi að teljast hæfari sökum sérþekkingar sinnar, ef ekkert sérstakt mælir gegn honum.

Þótt kveðið sé á um skyldu ráðherra til að leita umsagnar ákveðinna aðila, áður en hann tekur afstöðu til veitingar embættis, og enn fremur settar almennar reglur um það, hvernig meta skuli hæfi umsækjenda, er ekki gert ráð fyrir því, að ráðherra sé bundinn við umsögn þeirra (sbr. þó gildandi ákvæði í reglugerð um Háskóla Íslands). En víki hann frá tillögum annars hvors eða beggja umsagnaraðilanna, er honum hins vegar lögð sú skylda á herðar að gera opinberlega rökstudda grein fyrir því, hvers vegna hann taldi ástæðu til að víkja frá tillögunum, og birta jafnframt umsögn þeirra. Ætti í þessu að felast verulegt aðhald, þótt auðvitað sé ekki með þessum hætti fyrir það girt, að veitingarvaldinu kunni að verða misbeitt, enda er ógerningur að setja nokkrar reglur, er tryggi slíkt til fullnustu.

Í 10. gr. frv. eru svo ákvæði um það, að sé við veitingu embættis ekki farið að lögunum, gildi veitingin sem setning, þangað til úr sé bætt, og er tilgangur þessa ákvæðis sá, að þeir, sem veitt er embætti, hafi hagsmuna að gæta í sambandi við það, að farið sé að réttum lögum, og verður það hér á þann hátt, að allviðurhlutamikið yrði að taka við embætti, sem veitt væri ólöglega, þar eð embættismaðurinn gæti þá búizt við því hvenær sem er, að hann yrði að víkja fyrir öðrum.

Í 9. gr. er enn fremur gert ráð fyrir því, að sett verði með reglugerðum ákvæði, hliðstæð ákvæðum þessa frv., um veitingu þeirra starfa hjá ríki eða ríkisstofnunum, sem frv. tekur ekki til, og enn fremur hjá kaupstöðum og stofnunum þeirra.

Mér er ekki kunnugt um, hvort lög sem þessi hafa verið sett í nágrannalöndunum. En þar munu smám saman hafa skapazt svo traustar venjur um veitingu hinna þýðingarmeiri embætta, að telja má það jafngilda lögum að ýmsu leyti. Svo skammur tími er hins vegar liðinn síðan Íslendingar fengu mál sín öll í eigin hendur, að jafnörugg hefð hefur ekki náð að skapast hér, enda hlotið að eiga sérstaklega erfitt uppdráttar sökum fámennis og kunningsskapar. Af þessum sökum telur flm. þessa frv. æskilegt, að sett sé löggjöf um þessi efni.

Sþ. 315. Tillaga til þingsályktunar

um að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi frumvörp um lögfestingu embætta og opinberra starfa.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi frumvörp, er lögfesti öll embætti og opinber störf, er ráðherrar hafa stofnað til án heimildar í lögum og ekki hafa verið lögfest síðan, þannig að sérhvert slíkt embætti og opinbert starf eigi sér stoð í lögum.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur það færzt mjög í vöxt, að stofnað hafi verið til embætta og alls konar opinberra starfa, án þess að leitað hafi verið lagaheimildar. Áður fyrr þótti sjálfsagt, að ráðherrar leituðu heimildar Alþingis í hvert sinn, er þeim þótti nauðsynlegt að stofna til nýs starfs eða embættis, jafnvel þótt ekki væri það þýðingarmikið eða hálaunað. Þegar starfræksla ríkisins tók mjög að vaxa, mun slíkt hafa þótt ástæðulaust, þegar um minni háttar störf var að ræða, en í kjölfar þessa hefur siglt sívaxandi virðingarleysi fyrir þeirri sjálfsögðu meginreglu, að ekki skuli stofna til embættis eða opinbers starfs án lagaheimildar. Hefur á síðari árum kveðið meira að slíku en svo, að Alþingi megi við una. Í tillögu þessari er því lagt til, að ríkisstjórninni sé falið að leggja fyrir Alþingi frumvörp um lögfestingu þeirra embætta og opinberra starfa, sem engin ákvæði eru nú um í lögum.

Sþ. 316. Þingsályktun

um einkaleyfasafn.

(Afgreidd frá Sþ. 22. jan.)

Samhljóða þskj. 172.

Sþ. 317. Þingsályktun

um innflutning nýrra ávaxta.

(Afgreidd frá Sþ. 22. jan.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast um, að innflutningur nýrra ávaxta verði aukinn svo og skipulagður, að landsmenn eigi ávallt kost á einhverri tegund þeirra. Jafnframt er ríkisstjórninni falið að gera með leyfisveitingum ráðstafanir til, að nýir ávextir séu keyptir í þeim löndum og á þeim árstímum, þegar varan er góð og tryggt, að innflytjendur flytji vöruna í kælirúmi á skipum og geymi birgðir, sem ekki á að nota strax, í öruggum geymslum hér á landi.

Sþ. 318. Þingsályktun

um flutning íslenzkra afurða með íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Sþ. 22. jan.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að stuðla að því, að íslenzkar framleiðsluvörur verði, þegar kostur er á skiprúmi, fluttar með íslenzkum skipum til erlendra hafna.

Ed. 319. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggvisstaði.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggvisstaði í Dalvíkurhreppi.

Land býlisins Árgerðis fylgi með í sölunni með því skilyrði, að hreppsnefnd Dalvíkurhrepps leigi það núverandi héraðslækni Dalvíkurhéraðs til erfðaleiguábúðar, samkvæmt lögum nr. 8 1. febrúar 1936, fyrir sama eftirgjald og hann greiðir nú.

Námaréttindi skulu undanskilin sölunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. beiðni hreppsnefndar Dalvíkurhrepps. Dalvíkurkauptún stendur að nokkru á Böggvisstaðalandi, og allt annað land jarðarinnar er í nágrenni kauptúnsins. Er það vel fallið til ræktunar, og er því brýn nauðsyn fyrir íbúa kauptúnsins að fá það til afnota.

Býlið Árgerði er byggt úr Böggvisstaðalandi, og er því eðlilegt, að það fylgi með í sölunni. Þar hefur héraðslæknirinn á Dalvík byggt íbúðarhús og ætlar að setjast þar að í vor; hefur hann land býlisins, 6,4 ha, á leigu.

Er það samkomulag hreppsnefndar og héraðslæknis, að hann fái land þetta til erfðaleiguábúðar um leið og salan fer fram, en óþarft virðist, að leigumáli breytist við eigendaskiptin. Árgerði var lengi læknissetur í héraðinu.

Ed. 320. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um iðnfræðslu.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Atvinnumálaráðherra skipar, að fengnum tillögum Landssambands iðnaðarmanna og iðnfræðsluráðs, iðnerindreka, er aðstoði iðnfræðsluráð í störfum þess.
   Iðnfræðsluráði er heimilt að skipa iðnfulltrúa, með samþykki atvinnumálaráðherra, á þeim stöðum í landinu, er það telur þörf á, og ákveða umdæmi þeirra.
   Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með iðnnámi, hver í sínu umdæmi, undir umsjón iðnerindreka og í umboði iðnfræðsluráðs, eftir því sem segir í lögum þessum og nánar skal ákveðið í reglugerð og í erindisbréfum iðnfulltrúa.
2. Á eftir 13. gr. komi ný grein, er verði 14. gr., og breytist greinatalan eftir því. Greinin orðist svo:
   Heimilt er mönnum að ganga undir próf í verklegum efnum í ákveðnum iðngreinum, þó að þeir hafi ekki stundað iðnnám hjá ákveðnum meistara eða iðnfyrirtæki, sem löggilt hefur verið samkvæmt 7. gr., né gert námssamninga samkvæmt 11. gr., ef þeir uppfylla eftirtalin skilyrði:
   a. Hafi tekið próf frá iðnskóla í bóklegum fræðum eða annað próf, sem að dómi iðnfræðsluráðs jafngildir því prófi.
   b. Sanni með vottorðum frá sveini eða meistara í iðninni, að þeir hafi starfað að henni og fengið í henni nokkra leikni.
   Próflausnir þeirra, er óska að taka próf eftir þessari grein, skulu valdar af iðnfræðsluráði og prófdómendum og valdar þannig, að eins auðvelt verði eftir lausn þeirra að dæma hæfni nemanda til starfsins og þeirra, er nám hafa stundað eftir námssamningi hjá löggiltum meistara, eftir þeim prófverkum, sem fyrir þá eru lögð.
   Dæmist nemandi, er gengur undir próf eftir þessari grein, standast prófið, skal hann fá sveinsbréf undirritað af prófdómendum og formanni iðnfræðsluráðs.

Ed. 321. Lög

um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

(Afgreidd frá Ed. 23. jan.)

Samhljóða þskj. 280.

Nd. 322. Þingsályktun

um viðauka við lög nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang.

(Afgreidd frá Nd. 24. jan.)

Samhljóða þskj. 293.

Ed. 323. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

6. gr. laganna hljóði svo:

Hver sá, sem fær leyfi til innflutnings eða gjaldeyriskaupa eða hvors tveggja, skal greiða viðskiptaráði ½% af upphæð þeirri, er leyfið hljóðar um. Skal gjaldi þessu varið til þess að standast kostnað af viðskiptaráði og framkvæmd þessara laga. Heimilt er að undanþiggja gjaldeyrisleyfi fyrir námskostnaði frá gjaldi þessu.

Leyfisgjöld, sem til falla vegna útgáfu leyfa samkvæmt tillögum nýbyggingarráðs, renna til þess, enda sé sá innflutningur greiddur með gjaldeyri af nýbyggingarreikningi.

2. gr.

2. málsgr. 9. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 1947, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 88 frá 30. nóv. 1946.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundnar hendur varðandi breytingu á því. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Lög um innflutning og gjaldeyrismeðferð falla úr gildi 1. febr. 1947. Enda þótt gert hafi verið ráð fyrir endurskoðun laganna, þykir nauðsynlegt að framlengja þau nú. Er lagt til, að svo verði gert, en þó lagt til að lítils háttar breyting verði gerð á 6. gr. laganna. Verður nánari grein gerð fyrir henni í framsögu.

Sþ. 324. Tillaga til þingsályktunar

um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af minkum.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Ásgeir Ásgeirsson, Jóhann Jósefsson, Sigfús Sigurhjartarson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að endurgreiða aðflutningsgjöld af úrvalsminkum þeim, 65 að tölu, sem Loðdýraræktarfélag Íslands er að flytja inn til kynbóta á minkastofni landsmanna.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt að beiðni stjórnar Loðdýraræktarfélags Íslands, og fylgdi tillögunni svo látandi greinargerð:

Stjórn L. R. Í. hefur unnið að því 2 s. l. ár, að fluttir yrðu til landsins úrvalsminkar frá Ameríku, — af þeim afbrigðum, sem þar eru í mestu áliti og hæstu verði, — í því skyni að bæta þann minkastofn, sem fyrir er í landinu. Einnig hafði félagsstjórnin hug á því að flytja inn frá Ameríku úrvals silfurrefi, en hefur þó ekki fylgt því máli eftir til framkvæmda, af ástæðum, sem skýrt er frá í bréfi félagsins, dags. 22. nóv. s. l., til fjárhagsnefndar Nd. Alþingis og beggja landbúnaðarnefnda, — og vísast til þess bréfs um aðgerðir L. R. Í. í þessu máli.

Af minkum (61 að tölu), sem þar ræðir um, komu hingað til Reykjavíkur um miðjan desember s. l. 59 dýr, og var eitt þeirra dautt, er hingað kom. Til viðbótar við þessi dýr eru nú á leiðinni til landsins 6 Kobukominkar, sem áttu að koma í fyrri sendingunni, en fengust ekki keyptir hjá þeim minkaeiganda í Bandaríkjunum, sem talinn er að eiga þar bezta stofn Kobukominka, fyrr en eftir miðjan desember. Fyrr en þetta vildi hann ekki selja úr búi sínu sakir þess, að hann taldi, að þá fyrst væru yrðlingarnir frá vorinu komnir svo í feldinn, að hann gæti valið úr þeim virkilega góð dýr, — en annað vill hann ekki láta, þegar um lifdýr er að ræða.

Þegar Kobukominkarnir eru komnir til landsins, verða það alls 65 minkar, sem um er að ræða að þessu sinni.

Verð á hinum ólíku afbrigðum, sem inn eru flutt, er mjög misjafnt, eða frá $ 75.00 og allt upp í $ 500.00. Samtals er innkaupsverðið fob $ 11900.00, eða sem næst $183.00 að meðaltali á hvert dýr. Í ísl. krónum gerir þetta alls kr. 77350.00 og meðalverð kr. 1190.00. Við þessar tölur má bæta um 10% sem kostnaði, er tollur yrði reiknaður af, ef til þess kæmi. Verður þá kaupverðið alls sem næst kr. 85000.00 og meðalverð kr. 1300.00. Nú er tolltaxtinn 30%, og verður þá tollur alls 25500.00 eða kr. 390.00 til jafnaðar á hvert dýr.

Fyrir kaupendur dýranna er hér því um tilfinnanlegar upphæðir að ræða, en fyrir ríkissjóðinn skiptir upphæðin engu máli. Og takist vel til með eldi þessara minka hér fram í tímann, þá má búast við, að minkaræktin skili í framtíðinni drjúgum upphæðum í erlendum gjaldeyri, til hagsmuna fyrir þjóðarbúið.

Þess má geta, að stjórn L. R. Í. er kunnugt um, að Norðmenn hafa nú nýlega fengið í flugvél frá Ameríku 825 úrvalsminka og að ekki er krafizt tolls af þeim í norska ríkissjóðinn. Má af þessu marka, hverja áherzlu Norðmenn leggja á að bæta loðdýrastofn sinn nú eftir stríðið og hverjum skilningi þeir mæta hjá stjórnarvöldum sínum.

Ed. 325. Frumvarp til laga

um Kvikmyndastofnun ríkisins.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Á vegum ríkisins skal reka stofnun, er ein hefur með höndum innflutning kvikmynda og rekstur kvikmyndahúsa.

Stofnunin heitir Kvikmyndastofnun ríkisins.

2. gr.

Kvikmyndastofnun ríkisins, skal rekin sem sjálfstætt fjárhagsfyrirtæki á ábyrgð ríkisins, en að því stefnt, að hún standi undir sér sjálf án útgjalda fyrir ríkissjóð. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán vegna stofnkostnaðar fyrirtækisins. Rekstrarhagnaði Kvikmyndastofnunar ríkisins skal varið til eflingar menningarstarfsemi þeirri, sem henni er gert að hafa með höndum samkvæmt ákvæðum 4. gr. þessara laga.

3. gr.

Kvikmyndastofnun ríkisins er undanþegin hvers konar sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

4. gr.

Kvikmyndastofnun ríkisins skal keppa að því að gera kvikmyndir að sem almennustu og þjóðlegustu menningartæki, hliðstæðu útvarpi og skólum. Í þessu skyni skal Kvikmyndastofnunin m. a.:

1. reka kvikmyndahús sem víðast um landið, en halda uppi ferðasýningum kvikmynda, þar sem ekki eru skilyrði fyrir rekstri fastra kvikmyndahúsa;
2. sjá skólum landsins fyrir fræðslukvikmyndum og aðstoða þá við sýningar slíkra kvikmynda;
3. vanda sem bezt val þeirra erlendra kvikmynda, sem fluttar eru inn í landið til sýningar, með tilliti til þess að bægja burtu siðspillandi, óþjóðhollum og menningarsnauðum kvikmyndum;
4. gera íslenzka texta við erlendar kvikmyndir, eftir því sem föng verða á;
5. efla innlenda kvikmyndagerð og gera íslenzkar kvikmyndir.

Af rekstrarhagnaði Kvikmyndastofnunar ríkisins er heimilt að styrkja leiklist, hljómlist og aðrar skyldar listgreinir.

5. gr.

Sameinað alþingi kýs fimm manna kvikmyndaráð að nýafstöðnum almennum alþingiskosningum.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Kvikmyndastofnunar ríkisins, kvikmyndastjóra ríkisins, að fengnum tillögum kvikmyndaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðra starfsmenn að fengnum tillögum kvikmyndastjóra.

Menntamálaráðherra ákveður laun kvikmyndaráðsmanna og starfsmanna, að svo miklu leyti sem þau verða ekki ákveðin í launalögum.

6. gr.

Kvikmyndaráð hefur yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi Kvikmyndastofnunar ríkisins og ræður vali kvikmynda, svo og gerð þeirra kvikmynda, sem stofnunin sjálf lætur gera, hvort tveggja í samráði við kvikmyndastjóra. Þess skal stranglega gætt um alla starfsemi kvikmyndastofnunarinnar, að fyllsta hlutleysi ríki enda verði starfseminni ekki beitt til einhliða áróðurs fyrir ákveðnar stefnur eða flokka.

7. gr.

Kvikmyndastjóri hefur yfirstjórn fjárhagsmála Kvikmyndastofnunar ríkisins og annast framkvæmdastjórn hennar. Hann semur í tæka tið ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur stofnunarinnar, og skal áætlunin send menntamálaráðuneytinu til staðfestingar.

8. gr.

Frá þeim tíma, er Kvikmyndastofnun ríkisins hefur starfsemi sína, er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, hvar sem er á landinu, óheimilt að reka kvikmyndahús.

Menntamálaráðherra er heimilt að láta taka eignarnámi handa Kvikmyndastofnun ríkisins kvikmyndahús þau, sem rekin eru, þegar lög þessi taka gildi. Koma þar einungis til greina við eignarnámið húseignirnar sjálfar ásamt vélum, innanstokksmunum og öðrum tækjum, og skal miða matið við það eitt. Að öðru leyti fer um framkvæmd eignarnámsins eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Kvikmyndastjóra ríkisins er heimilt að semja um rekstur einstakra kvikmyndahúsa, sem nú eru í opinberum eða hálfopinberum reksti, þannig að sú skipun haldist áfram um ákveðinn tíma gegn gjaldi til stofnunarinnar, er um semst, en menntamálaráðherra staðfestir slíka samninga.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal Kvikmyndastofnun ríkisins hefja starfsemi sína eigi síðar en 1. jan. 1948.

Greinargerð.

Það er óhætt að fullyrða, að með frumvarpi þessu er hreyft merkilegu máli. Hingað til hefur innflutningi kvikmynda og sýningu þeirra hér á landi verið hagað

þannig, að þetta stórmerkilega menningartæki yrði fyrst og fremst eins konar gróttakvörn fyrir örfáa einstaklinga. Þetta hefur vafalaust vel tekizt, þegar litið er á málið frá þeirri hlið, að það eitt eigi að vera hlutverk kvikmyndanna að mala 5—10 Íslendingum auð og allsnægtir.

Á þeim röskum 40 árum, sem liðin eru síðan farið var að hafa hér fastar kvikmyndasýningar, hafa það þó ekki einvörðungu verið Íslendingar, sem setið hafa að því að gera sér kvikmyndareksturinn að féþúfu. Allt fram að seinasta stríði var stærsta og elzta kvikmyndahús landsins í eigu og rekstri erlends manns. Nú er hann fluttur úr landi til kóngsins Kaupmannahafnar. Og þar er nú notið gróðans af 35 ára bíórekstri í Reykjavík. — Svona á þetta áreiðanlega ekki að vera; um það mundu sennilega flestir geta orðið sammála. Nokkru skárra er það óneitanlega, að slíkur gróði lendi í vösum Íslendinga, en þó er engin vissa fyrir því, að þeir gætu ekki líka tekið sig upp einn góðan veðurdag, eftir að hafa setið að gróðahlut í heilan mannsaldur, og hreiðrað síðan um sig erlendis, jafnvel vestur í Ameríku, eins og nú er mikil tízka þeirra, sem mest hafa grætt á seinustu árum.

Fjöldamargir hafa því þegar sannfærzt um, að kvikmyndarekstur eigi alls ekki að vera í einkarekstri. Hann eigi að vera á hendi hins opinbera, og hafa menn þá einkum hallazt að bæjarrekstri kvikmyndahúsa. Með því móti sáu menn, að gróðinn af kvikmyndarekstrinum gat runnið í sameiginlegan sjóð borgaranna, og þar var hægt að verja honum í þágu almennra menningarmála eða líknarstarfsemi — eða þá til nytsamra og aðkallandi framkvæmda, allt eftir geðþótta og vild bæjaryfirvalda á hverjum stað.

Í þessu frumvarpi er líka ráð fyrir því gert, að þau kvikmyndahús, sem þegar eru í opinberum eða hálfopinberum rekstri, geti verið það áfram, þar til allur einstaklingsrekstur á þessu sviði sé horfinn og kominn undir það skipulag, sem hér er í fyrsta sinn mótað í frumvarpsformi.

Það er furðulegt, en þó ómótmælanleg staðreynd, að hingað til virðist af mörgum hafa verið litið á kvikmyndir líkt og áfengi eða tóbak: þ. e. sem hverja aðra þjóðfélagsógæfu, er þó verði að þola, af því að fólkið vilji þetta. Það er miklu tíðara að heyra menn ræða af fjálgleik um siðspillandi áhrif kvikmynda en að heyra rætt um menningarlegt gildi þeirra. Og eins og sá hugsunarháttur er nú næsta útbreiddur, að sjálfsagt sé að maka krók ríkissjóðs sem allra bezt á áfengisgróða, er það almenn skoðun, að af kvikmyndasýningum eigi að taka a. m. k. 20% skatt í ríkissjóð, annað eins í bæjarsjóð og bæta síðan 200% álagi á hvorttveggja. Þetta geri þá ekki annað en draga e. t. v. svolítið úr bióástríðu unga fólksins, segja menn. Og verður ekki annað skilið en að það sé hliðstætt því, ef hátt verð á brennivíni aftri einhverri sinkri sál frá svartadauðakaupum.

En eru kvikmyndirnar þá virkilega hliðstæða við eiturlyf eins og brennivín og tóbak?

Það er að vísu rétt, að af því að bæði kvikmyndagerð og kvikmyndarekstur hafa fallið í ræningja hendur og orðið að einhverju mesta auðsöfnunartæki, sem heimurinn þekkir, þá er reynslan sú, að oft er þessi dásamlega uppfinning, sem helzt mætti þó líkja við sjálfa prentlistina og útvarpið, notað í menningarfjandsamlegum tilgangi. Fer því þó fjarri, að þetta þurfi svo að vera.

Gróðasjónarmiðið eitt hefur fram að þessu ráðið því, hvaða kvikmyndir væru fluttar hingað til lands og sýndar almenningi í kvikmyndahúsunum. Þær hafa því oft verið valdar með það fyrir augum að þær höfðuðu til lægstu hvata fólks og væru umfram allt æsandi og tryllandi, eins og áfengt vín.

En þetta þarf ekki heldur svo að vera. Mikið er til af fögrum, göfgandi og fræðandi kvikmyndum í veröldinni. Spurningin er því aðeins sú, hvernig hægt sé að tryggja það, að þær verði fyrir valinu til sýningar í íslenzkum kvikmyndahúsum, en ekki hinar, sem oft eru allt í senn, óþjóðhollar, siðspillandi og menningarsnauðar.

Flutningsmaður þessa frumvarps hugsar sér, að til þess sé sú leið fær, að ríkið reki stofnun, er beint heyri undir menntamálastjórnina, eins og skólar og útvarp. Og sé það hlutverk stofnunarinnar að hafa með höndum hvort tveggja: allan innflutning kvikmynda og rekstur kvikmyndahúsa. Slíkri stofnun ætti að vera til þess trúandi að velja kvikmyndir fyrst og fremst með tilliti til listræns og menningarlegs gildis yfirleitt, en ekki út frá einsýnu gróðasjónarmiði. Slíkri stofnun ætti að vera til þess trúandi að beita þessu einstaka menningartæki í þjónustu allrar þjóðarinnar, en einskorða ekki reksturinn aðeins við fjölmennustu kaupstaði landsins, þar sem bezt eru skilyrði fyrir auðfengnum ágóða af slíkri starfsemi. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir ferðasýningum kvikmynda, þar sem vegna strjálbýlis eða samgangnaerfiðleika væri ekki unnt að halda upp rekstri fastra kvikmyndahúsa (samanber farskóla sveitanna).

Það er eitt grundvallaratriði þeirrar hugmyndar, sem hér er fram borin, að rekstrarhagnaði þeim, sem skapist við kvikmyndarekstur ríkisins, skuli einungis varið til eflingar menningarstarfsemi þeirri, sem stofnuninni er ætlað að hafa með höndum. Að því skuli t. d. stefnt að gera kvikmyndir að sem almennustu og þjóðlegustu menningartæki. Við merkar erlendar kvikmyndir á þannig auðvitað að gera íslenzka texta, áður en þær fara í hringferð sína um allar byggðir Íslands. Getur það naumast verið þeim sársaukalaust, sem meta íslenzkt þjóðerni og tungu ofar öllum öðrum andlegum verðmætum, að sjá hér ekkert orð á móðurmálinu í fylgd með kvikmyndum þeim, sem æskulýður landsins tileinkar sér með opnum hug af áfergju og hrifni á degi hverjum ár eftir ár og áratug eftir áratug. Yrðum vér ekki argir ofan í tær, æstir í skapi og fullir réttlátri reiði, ef hér væri predikað í kirkjunum á ensku eða öðrum erlendum tungum? Og mundum vér ekki óttast, að það hefði spillandi áhrif á tungu vora og þjóðerniskennd? Jú, vissulega mundum vér óttast það og sjálfsagt ekki að ástæðulausu. Og þó væri sú hætta margfalt minni en sú hætta, sem nú stafar af erlendum textum kvikmyndanna. Kirkjurnar eru ekki fylltar mörgum sinnum á dag alla daga vikunnar, eins og kvikmyndahúsin. og auk þess eru biógestirnir að langmestu leyti fólk í mótun, áhrifagjarnt og lausara í rás en kirkjugestirnir eru yfirleitt. Áhrifavald kvikmyndanna væri e. t. v. áþekkast því, ef kennslan í skólunum færi fram á erlendu máli. Má því nærri geta, hvort við slíkt yrði unað. — Nei, það er vaninn einn, sem sættir okkur við, að allar kvikmyndir skuli vera sýndar hér með erlendum textum. En óviðunandi er það, og það vitum við, að á því verður ekki breyting, meðan á það eitt er litið að græða sem allra mest á sýningu kvikmynda. Meðan svo er, verður ávallt reynt að komast hjá þeim útgjaldaliðum,, sem ekki eru annað hvort óhjákvæmilegir eða beinlínis líklegir til að skila auknum gróða.

Þá er eitt þeirra verkefna, sem kvikmyndastofnun ríkisins er ætlað, það, að efla innlenda kvikmyndagerð og láta sjálf gera íslenzkar kvikmyndir. Þar mætti sérstaklega hugsa sér gerð fréttakvikmynda af merkis atburðum líðandi stundar, almennar fræðslukvikmyndir, bæði fyrir skólana og til alþýðufræðslu, kvikmyndir úr sögu þjóðarinnar, myndir úr atvinnulífinu, menningarlífinu o. s. frv. Einnig ætti kvikmyndastofnunin að hafa forgöngu um kvikmyndun öndvegisskáldverka íslenzkra bókmennta, svo að ekki þurfi í framtíðinni að velja slíkri starfsemi svið norður á Lapplandi, eins og gert hefur verði stundum, þegar íslenzk skáldverk hafa verið valin til kvikmyndagerðar.

Hér er sem sé um það að ræða að verja nokkru af fé kvikmyndastofnunarinnar til þess að gera kvikmyndirnar sjálfar íslenzkari, auk þess sem ætlunin er að kippa þeim úr þjónustu auðsöfnunar og ómenningar í þjónustu menningarstarfs. Á það er bent í frumvarpinu, að af rekstrarhagnaði sínum sé kvikmyndastofnuninni heimilt, utan við starf sitt beinlínis, að styrkja íslenzka leiklist, hljómlist og aðrar skyldar listgreinar. Gæti t. d. kvikmyndahúsrekstur í þjóðleikhúsinu létt þar verulega undir.

Yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi Kvikmyndastofnunar ríkisins er

hugsuð í höndum fimm manna kvikmyndaráðs, kosins af sameinuðu Alþingi að afloknum almennum alþingiskosningum. Er þetta svipað fyrirkomulag og um stjórn útvarpsins, enda væri hér um svipaða menningarstarfsemi að ræða.

Hins vegar væri fjármálastjórnin í höndum kvikmyndastjóra, sem skipulegði kvikmyndahúsareksturinn út um allt land og sæi um útsendingu allra kvikmynda frá einni miðstöð hér í Reykjavík.

Auðvitað á svo stofnunin öll að heyra undir menntamálaráðherra, eins og útvarp og skólar.

Það er auðskilið mál, að til þess að koma rekstri Kvikmyndastofnunar ríkisins af stað þyrfti mikið fé, og færi það þó eftir því, hversu byrjunarstarfinu væri hagað. Þess vegna er ráð fyrir því gert, að ríkisstjórninni sé í upphafi heimilt að ábyrgjast lán vegna stofnkostnaðarins. Kvikmyndahús, sem fyrir eru, verður að taka eignarnámi og greiða þau út við hæfilegu verði, eða þá að byggja ný hús og reyndar hvort tveggja þetta um margra ára skeið, meðan byggt væri upp samfellt kvikmyndahúsakerfi um land allt. Þessi uppbygging kostar að sjálfsögðu marga milljónatugi. En auðvitað verður að ætla rekstrinum það að leggja árlega fram fé til þessa hlutverks, jafnframt því sem rækt er hið menningarlega hlutverk stofnunarinnar.

Nýmæli þau, sem í þessu frumvarpi felast eru einkum þessi:

1. Yfirstjórn menntamálanna fær yfirráð yfir öllum innflutningi kvikmynda og ber ábyrgð á og ákveður menningargildi þeirra.
2. Öllu því fjármagni, sem gengur gegnum kvikmyndahús landsins, skal varið til almennrar menningarstarfsemi í þjónustu allra landsmanna.
3. Stefnt sé að því að gera kvikmyndir, sem sýndar eru hér á landi, þjóðlegri bæði með gerð íslenzkra texta við erlendar kvikmyndir og með upptöku og gerð alíslenzkra kvikmynda.
4. Samstarf sé milli kvikmyndarekstrarins og skólahaldsins í landinu.
5. Byggt sé upp samfellt kvikmyndahúsakerfi um land allt og þar með bætt samkomuhúsaþörf fámennari kauptúna og byggðarlaga.
6. Kvikmyndarekstrinum er lögð sú skylda á herðar að styrkja skyldar listgreinar, svo sem leiklist og hljómlist.

Ed. 326. Nefndarálit

um frv. til l. um menntun kennara.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum og m. a. rætt það ýtarlega við fræðslumálastjóra. Álítur nefndin, að hér sé um að ræða nauðsynlegan lið í þeirri nýju skólalöggjöf, er samþykkt var á síðasta aðalþingi, þótt ýmsar ástæður yrðu þess valdandi, að ákvæði þessa frv. voru ekki lögfest þá.

Telur nefndin, að hér sé um að ræða að tryggja nægilega og góða menntun kennarastéttarinnar í samræmi við fullkomnara skólakerfi, og sé það eitt af undirstöðuatriðum þess, að skólalöggjöfin nái tilgangi sínum á hvaða sviði sem er. Þó þykir nefndinni rétt að gera lítils háttar breytingar á tveimur gr. í frv., upphafi 16. gr., þar sem nefndin telur, að skýrt þurfi að koma fram, að allir þeir, er leggja stund á uppeldisvísindi í háskólanum, skuli leggja stund á þær fræðigreinar, er þar eru taldar, og enn fremur breytingu á orðalagi 30. gr., sem þó ekki breytir efnisinnihaldi greinarinnar.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 16. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Í kennslustofnun í uppeldisvísindum í háskólanum skal kenna eftirtaldar greinar.

2. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
Þriggja manna skólanefnd hefur umsjón með skólanum. Í skólanefnd eiga sæti: Íþróttafulltrúi ríkisins, skólastjóri gagnfræðaskólans á Laugarvatni og einn maður, er fræðslumálastjórn skipar til fjögurra ára í senn.

Alþingi, 27. jan. 1947.

Bernh. Stefánsson, form. Ásmundur Sigurðsson, frsm. Hannibal Valdimarsson, fundaskr.
Lárus Jóhannesson. Eiríkur Einarsson.

Sþ. 327. Tillaga til þingsályktunar

um uppsögn samnings frá 24. júní 1901, varðandi landhelgi Íslands.

Flm.: Hermann Jónasson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að segja upp samningi þeim, er gerður var 24. júní 1901 milli Danmerkur og Stóra Bretlands um landhelgi Íslands, sbr. auglýsingu frá 28. marz 1903.

Greinargerð.

Það má furðu sæta, hversu hljótt hefur á undanförnum árum verið um þann þrönga kost, sem okkur var búinn með samningnum frá 24. júní 1901, milli Danmerkur og Stóra-Bretlands, varðandi landhelgi Íslands.

Áður en þessi samningur var gerður og meðan á umræðum stóð þjóða á milli um landhelgismálin, gerðu Íslendingar árum saman þær áskoranir á stjórnina, að hún hlutaðist til um, að landhelgin yrði með öruggum samningum ákveðin eins langt út frá landi og Íslendingar hefðu réttmæta kröfu til. Enn fremur að flóar og firðir og þó einkum Faxaflói og Breiðifjörður yrðu algerlega friðaðir fyrir veiðum útlendinga. En samningurinn frá 1901 varð þjóðinni sár vonbrigði og raunar nauðungarsamningur. Með honum afsalaði stjórn Dana fyrir hönd Íslands svo stórfelldum verðmætum, án þess að þar kæmi nokkuð í móti, að erfitt er að meta þá fjármuni. Samkvæmt þessum samningi urðu flestöll fiskimið landsins, þau er verðmætust eru, utan við landhelgi Íslands — og voru gerð að alþjóðaeign. Telst fróðum mönnum svo til, að um 9/10 nothæfra fiskislóða við Ísland séu utan landhelginnar eftir að þessi samningur var gerður.

Það renna tvenn meginrök undir það, að landhelgin við Ísland verði stækkuð. Önnur þau, að vegna legu landsins og aðstæðna erum við með samningnum frá 1901 verr settir en aðrar þjóðir. Hin, að vísindalegar rannsóknir hafa sannað, að fiskistofninum er mikil hætta búin vegna hinnar þröngu landhelgi.

Það er ekki ástæða til að ræða þetta mál almennt nánar í þessari greinargerð, enda liggur fyrir, meðal annars í nýútkomnum bæklingi eftir Matthías Þórðarson, ýtarleg skýrsla um þetta mál.

En samkvæmt 39. gr. hins umrædda samnings er hann uppsegjanlegur af beggja hálfu með tveggja ára fyrirvara.

Fyrsta skrefið, sem stíga þarf og það nú þegar, er að notfæra sér uppsagnarákvæðið og segja samningnum upp.

Það þykir ekki rétt á þessu stigi að ræða um það hér, hvaða skref verði stigin næst í þessu máli .

Sþ. 328. Tillaga til þingsályktunar

um gjaldeyri til kaupa á varahlutum til bifreiða.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að veitt verði á þessu ári og framvegis nægileg gjaldeyrisleyfi til þess að umboðsmenn erlendra bifreiðaverksmiðja geti jafnan haft nægilega varahluti fyrirliggjandi, til að hægt verði að halda bifreiðum landsmanna í starfhæfu ástandi.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, hafa bifreiðaeigendur hér á landi á undangengnum árum átt í mestu erfiðleikum með að halda bílum sínum í nothæfu ástandi vegna þess, að innflytjendur bifreiða hafa fengið allt of lítinn gjaldeyri til að kaupa nauðsynlega varahluti. Nú má kalla, að ástandið sé enn ískyggilegra, þar sem landsmenn hafa keypt mörg hundruð, ef ekki þúsundir notaðra bifreiða frá setuliði Breta og Bandaríkjamanna. Þá hefur hafizt mikill innflutningur léttbyggðra bíla frá Englandi, Frakklandi og Tékkóslóvakíu, og má fullyrða, að þeir þurfa mikils viðhalds með á íslenzkum vegum. Að lokum koma jeppar nir, sem eru aðallega notaðir á lélegum vegum og vegleysum. Þegar þeir fara að slitna, þarf stóraukinn innflutning til að hægt verði að fullnota þessa gagnlegu bílategund. Forráðamenn gjaldeyrismálanna verða að gera sér ljóst, að vegna hverrar bifreiðar, sem flutt er inn í landið, verður að flytja inn varahluti, því að annars gæti svo farið, að verðmæti sem skipti mörgum þúsundum færu forgörðum, vegna þess að lítil fjárhæð er spöruð á viðhaldinu.

Nd. 329. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 7. maí 1946, um beitumál.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Ráðherra er heimilt, ef hann telur ástæðu til og að fengnum tillögum beitunefndar, að setja reglur um beituskurð á vetrarvertíð, svo sem um hver vera megi hámarksnotkun á beitu í hvern róður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinnumálaráðherra hefur óskað eftir, að sjútvn. flytti þetta frumvarp. — Nefndin hefur leitað umsagnar Landssambands útgerðarmanna um frv., og tjáir það sig eindregið fylgjandi efni þess.

Með samkomulagi við atvinnumálaráðherra og í samræmi við óskir Landssambandsins hefur nefndin gert nokkrar smávægilegar breytingar á upphaflegum till., sem nefndinni voru sendar. Sjávarútvegsnefnd mælir því með frv. eins og það er hér flutt. — Eftirfarandi greinargerð fylgdi frv. frá ráðuneytinu:

„Beitunefnd hefur farið fram á við atvinnumálaráðuneytið, að settar verði reglur um beituskurð. Nefndarmenn hafa rætt þessi mál við marga útvegsmenn og

sjómenn og telja, að sú skoðun sé almennt fyrir hendi, að setja beri reglur um beituskurð á vetrarvertíðinni, og telur nefndin, að með slíkum ákvæðum megi allmikið takmarka þá óhóflegu eyðslu á beitu, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum.

Telur nefndin, að ákvæði í þessa átt muni geta leitt til þess, að kostnaður við beitu á vélbátaflotanum verði ekki til muna hærri en verið hefur á undanförnum árum, og jafnvel lækki eitthvað þrátt fyrir hækkað beituverð.

Atvinnumálaráðuneytið telur nauðsynlegt, að því sé með lögum veitt heimild til að setja reglur í þá átt, sem að framan greinir.“

Nd. 330. Frumvarp til vegalaga.

Frá samgöngumálanefnd.

I. KAFLI
Um flokkun vega.

1. gr.

Vegir á Íslandi eru þjóðvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppsvegir.

2. gr.

A. Um Suðurland.

1. *Suðurlandsvegur:* Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa, Holt, Rangárvelli, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur. Um Höfðabrekkuheiði, Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Öræfi, Breiðamerkursand, Suðursveit, um Flatey á Mýrum til Melatanga, um Höfn í Hornafirði, Nes, Almannaskarð og um væntanlega brú á Jökulsá í Lóni innan við Stafafell, að Lónsheiði.
2. *Reykjanesbraut:* Frá Reykjavík um Hafnarfjörð og Keflavík til Sandgerðis.
3. *Grindavíkurvegur:* Af Reykjanesbraut á Vogastapa um Grindavík að Reykjanesvita.
4. *Hafnavegur:* Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum að Kirkjuvogi í Höfnum.
5. *Garðskagavegur:* Af Reykjanesbraut nálægt Útskálum að Garðskagavita.
6. *Álftanesvegur:* Af Hafnarfjarðarvegi til Bessastaða.
7. *Vífilsstaðavegur:* Af Hafnarfjarðarvegi til Vífilsstaða.
8. *Útvarpsstöðvarvegur:* Af Suðurlandsvegi skammt innan við Reykjavík að Útvarpsstöð á Vatnsendahæð.
9. *Elliðavatnsvegur.* Af Suðurlandsbraut hjá Rauðavatni um Vatnsenda og Vífilsstaði til Hafnarfjarðar.
10. *Krísuvíkur-* og *Selvogsvegur:* Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð um Krísuvík, Selvog og Ölfus að Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði.
11. *Þorlákshafnarvegur:* Af Selvogsvegi nálægt Hlíðarenda til Þorlákshafnar.
12. *Biskupstungnabraut:* Af Suðurlandsvegi undir Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur, hjá Vatnsleysu til Geysis.
13. *Sogsvegur:* Af Biskupstungnabraut skammt fyrir austan Sogsbrú, hjá Ljósafossi og austan við Þingvallavatn til Þingvalla.
14. *Kiðjabergsvegur:* Af Suðurlandsvegi fyrir vestan Hraungerði, um væntanlega brú á Hvítá hjá Kiðjabergi, á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
15. *Þingvallabraut:* Af Vesturlandsvegi nálægt Köldukvísl til Þingvalla.
16. *Grafningsvegur:* Af Þingvallabraut nálægt Heiðabæ, sunnan Þingvallavatns og hjá Úlfljótsvatni að Sogsvegi nálægt Ljósafossi.

17. *Laugardalsvegur:* Af Sogsvegi nálægt Þingvallavatni, um Laugardal hjá Laugarvatni að Biskupstungnabraut hjá Múla.
18. *Laugarvatnsvegur:* Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni að Laugardalsvegi hjá Laugarvatni.
19. *Skeiða- og Hreppavegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa upp Skeið og Hrunamannahrepp að Gullfossvegi vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
20. *Gullfossvegur:* Af Biskupstungnabraut hjá Tungufljóti til Gullfoss.
21. *Gnúpverjavegur:* Af Skeiðavegi sunnan Laxár, hjá Ásum og norðan Miðfells upp Þjórsárdal að Ásólfsstöðum.
22. *Skálholtsvegur:* Af Skeiðavegi nálægt Reykjum, yfir Hvítá hjá Iðu, um Skálholt að Biskupstungnabraut austan Brúarár.
23. *Villingaholtsvegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt suður með Þjórsá um Parta og Fljótshóla, að Gaulverjabæjarvegi.
24. *Gaulverjabæjar- og Stokkseyrarvegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri að Eyrarbakkavegi.
25. *Eyrarbakkavegur:* Frá Selfossi að Eyrarbakka.
26. *Ásvegur:* Af Suðurlandsvegi móts við vegamót Landvegar um Ás að Sandhólaferju.
27. *Landvegur:* Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Land hjá Múla að Galtalæk.
28. *Hagabraut:* Af Landvegi fyrir ofan Lýtingsstaði um Haga, Stúfholt, Skammbeinsstaði að Landvegi neðan við Köldukinn.
29. *Þykkvabæjarvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan Ægissíðu að Hábæ í Þykkvabæ.
30. *Árbæjarvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá, um Árbæ á Landveg nálægt Lækjarbotnum.
31. *Bakkabæjavegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Þverárbrú, sunnan Þverár yfir væntanlega brú á Hólsá hjá Ártúni á Þykkvabæjarveg.
32. *Landeyjavegur syðri:* Af Suðurlandsvegi hjá Hemlu, hjá Akurey, Bergþórshvoli, Lágafelli og Miðey að Suðurlandsvegi nálægt Ossabæ.
33. *Fljótshliðarvegur:* Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð að Múlakoti.
34. *Dyrhólavegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal um Loftsali að Dyrhólaey.
35. *Reynishverfisvegur:* Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Reyniskirkju í Mýrdal.
36. *Álftaversvegur:* Af Suðurlandsvegi við Skálmárbrú á Mýrdalssandi að Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri.
37. *Búlandsvegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Búlandi.
38. *Meðallands- og Landbrotsvegur:* Af Suðurlandsvegi í Skaftártungu um Ásabrú, Leiðvöll og Langholt í Meðallandi. Um Eldvatnsbrú hjá Fljótum og upp Landbrot austanvert á Suðurlandsveg við Skaftárbrú.
39. *Kirkjubæjarklaustursvegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri á Síðu.
40. *Inn-Nesja- og Mýravegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Hólum í Hornafirði vestur yfir Fljót innra, nálægt Hoffelli, út Mýrar að Suðurlandsvegi hjá Flatey. Yfir Hornafjarðarfljót ytra, undan Bjarnanesi.
41. *Hornsvegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Almannaskarði að Horni.

B. Um Vesturland.

1. *Vesturlandsvegur:* Af Suðurlandsvegi innan við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, um Leirársveit, Hafnarskóg og Andakíl. Yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufá. Um Norðurárdal, Bjarnadal, Miðdali, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð,

yfir Geiradal, um Kollabúðarheiði, Þorskafjarðarheiði og Langadal til Arngerðareyrar.

2. *Reykjavegur:* Af Vesturlandsvegi við Varmárbrú um Álafoss, um Reykjahverfi, hjá Miðdal og á Suðurlandsveg hjá Geithálsi.
3. *Kjósarskarðsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Skorá um Möðruvelli og Fellsenda á Þingvallaveg hjá Syðri-Stíflisdal.
4. *Reynivallavegur:* Af Vesturlandsvegi norðan Laxárbrúar um Reynivelli að vegamótum Kjósarskarðsvegar hjá Möðruvöllum.
5. *Dragháls- og Skorradalsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd um Ferstikluháls, Svínadal, vestan Skorradalsvatns, um Hestháls yfir Andakíl að Vesturlandsvegi hjá Hvítárvöllum.
6. *Andakílsfossavegur:* Af Vesturlandsvegi nálægt Ausu, hjá Andakílsfossum á Skorradalsveg hjá Grund.
7. *Leirársveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Leirá, síðan yfir Laxárbrú hjá Hóli og á Vesturlandsveg skammt frá Miðfelli.
8. *Akranesvegur:* Frá Akranesi að Vesturlandsvegi hjá Lambhaga.
9. *Akrafjallsvegur:* Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl, fyrir Akrafjall, hjá Klafastöðum og Innra-Hólmi á þjóðveginn ofan við Akraneskaupstað.
10. *Hvalfjarðarferjuvegir:* Af Vesturlandsvegi hjá Eyri í Kjós að ferjulendingu sunnan Hvalfjarðar og af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum að ferjulendingu norðan Hvalfjarðar.
11. *Lundarreykjadalsvegur:* Af Skorradalsvegi á Götuási inn Lundarreykjadal á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.
12. *Bæjarsveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi nálægt Hesti, um Bæjarsveit, um Reykjadalsárbrú hjá Kleppjárnsreykjum að Reykholtsdalsvegi.
13. *Borgarnesbraut:* Frá Borgarnesi að Vesturlandsvegi norðan Gufár.
14. *Borgarfjarðarbraut:* Af Vesturlandsvegi hjá Haugum um Stafholtstungur yfir Hvítárbrú á Kláffossi, um Reykholtsdal og Hálsasveit að Lambá.
15. *Varmalandsvegur:* Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Varmalandsskóla.
16. *Stafholtsvegur:* Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Stafholti.
17. *Þverárhlíðarvegur:* Af Borgarfjarðarbraut um Hjarðarholt og Arnbjargarlæk á Kleifaveg hjá Norðtungu.
18. *Kleifavegur:* Af Borgarfjarðarbraut hjá Kláffossbrú um Kleifar að Norðtungu.
19. *Hvítársíðuvegur:* Af Kleifavegi inn Hvítársíðu um væntanlega brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum og á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
20. *Álftaneshreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi vestan Langár um Álftaneshrepp sunnanverðan, sunnan Hólsvatns að Vogalæk.
21. *Hraunhreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa, um Hrafnkelsstaði og Laxárholt að Vogi.
22. *Hnappadalsvegur:* Af Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bílduhóli á Skógarströnd.
23. *Stykkishólmsvegur:* Af Borgarnesbraut fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
24. *Ólafsvíkurvegur:* Af Stykkishólmsvegi austan við Straumfjarðará um Staðarsveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
25. *Útnesvegur:* Af Ólafsvíkurvegi, sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík að Sandi.
26. *Hellissandsvegur:* Frá Ólafsvík um Ennisdal til Hellissands.
27. *Eyrarsveitar- og Fróðárhreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Eyrarsveit til Grafarness. Utan í Búlandshöfða og um Fróðársveit á Ólafsvíkurveg.
28. *Skógarstrandarvegur:* Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Skógarströnd, yfir Hörðudal og á Vesturlandsveg í Miðdölum.

29. *Haukadalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan við Haukadalsárbrú um Haukadal inn á móts við Leikskála.
30. *Laxárdalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan Laxár í Dölum, um Laxárdal og Laxárdalsheiði að Strandavegi utan Borðeyrar.
31. *Laugavegur:* Af þjóðveginum í Hvammssveit að Laugum.
32. *Klofnings- og Skarðsstrandarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Ásgarði um Staðarfell og Skarðsstöð á Vesturlandsveg í Saurbæ.
33. *Salthólmavíkurvegur:* Af Skarðsstrandarvegi hjá Tjaldanesi í Saurbæ til verzlunarstaðarins í Salthólmavík.
34. *Króksfjarðarnesvegur:* Af Vesturlandsvegi í Geiradal að verzlunarstaðnum í Króksfjarðarnesi.
35. *Reykhólasveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, um Reykhóla að Stað.
36. *Gufudalsvegur:* Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði að Gufudal.
37. *Steinadalsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Brekku í Gilsfirði, um Steinadalsheiði og á Strandaveg í Kollafirði.
38. *Strandavegur:* Af Norðurlandsvegi vestan Hrútafjarðarár um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikuháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð og til Hólmavíkur. Um Staðardal og að Vesturlandsvegi á Kollabúðarheiði.
39. *Kaldrananesvegur:* Af Bjarnarfjarðarvegi til Kaldrananess.
40. *Reykjarfjarðarvegur:* Af Strandavegi í Staðardal, um Bjarnarfjörð, Bala, Kaldbak og Veiðileysu, um Kúvíkur í Reykjarfirði að Árnesi.
41. *Selstrandarvegur:* Af Reykjarfjarðarvegi norðan Selár út Selströnd um Drangsnes að Bæ.
42. *Ármúlavegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Langadalsárbrú innan við Arngerðareyri út Langadalsströnd að Ármúla.
43. *Snæfjallastrandarvegur:* Frá Ármúla um Snæfjallaströnd að Bæjum.
44. *Ögurvegur:* Frá Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp um Múla, um Eyrarfjall og Mjóafjörð í Ögur.
45. *Aðalvíkurvegur:* Frá Heklu við Hesteyri um Hesteyrardal og Stakkadalsheiði til Látra í Aðalvík.
46. *Hnífsdals- og Bolungavíkurvegur:* Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.
47. *Ísafjarðarvegur:* Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði, inn fyrir Önundarfjörð, um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.
48. *Súðavíkurvegur:* Af Ísafjarðarvegi nálægt Seljalandsá í Skutulsfirði um Arnardal til Súðavíkur.
49. *Suðureyrarvegur:* Af Ísafjarðarvegi á Breiðadalsheiði um Botnsheiði út með Súgandafirði til Suðureyrar.
50. *Flateyrarvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
51. *Hjarðardalsvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði um Hjarðardal og yfir Dalsá hjá Kirkjubóli í Valþjófsdal.
52. *Núpsvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Gemlufalli að Núpi.
53. *Þingeyrarvegur:* Frá Þingeyri um Brekkudal og Rafnseyrarheiði að væntanlegum ferjustað við Arnarfjörð nálægt Rafnseyri.
54. *Haukadalsvegur:* Frá Þingeyri til Haukadals.
55. *Bíldudals- og Patreksfjarðarvegur:* Frá Bíldudal um Hálfdán, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð.
56. *Dalahreppsvegur:* Frá Bíldudal að Bakka í Dalahreppi.
57. *Suðurfjarðavegur:* Frá Bíldudal um Suðurfirði að Fossi.
58. *Tálknafjarðarvegur:* Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar að Sveinseyri.
59. *Barðastrandarvegur:* Frá Geirseyri um Kleifaheiði, hjá Haga að Brjánslæk.
60. *Rauðasandsvegur:* Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker og Saurbæ að Lambavatni á Rauðasandi.
61. *Örlygshafnarvegur:* Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri um Sauðlauksdal til Örlygshafnar.

C. Um Norðurland.

1. *Norðurlandsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði og Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, Miðfjörð, Víðidal og Vatnsdalsá hjá Hnausum til Blönduóss. Um Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Um Vaðlaheiði, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði og Aðalreykjadal til Húsavíkur. Um Reykjaheiði og Kelduhverfi að Austurlandsvegi, austan við Jökulsárbrú í Axarfirði.
2. *Reykjaskólavegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Reykjum í Hrútafirði að Reykjaskóla.
3. *Miðfjarðarvegur:* Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi yfir Núpsá á væntanlegri brú nálægt Haugum.
4. *Hvammstangabraut:* Frá Hvammstanga að Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi.
5. *Vatnsnesvegur:* Frá Hvammstanga út Vatnsnes að Hindisvík.
6. *Vesturhópsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Vatnshorni um Vesturhóp út að Hindisvík.
7. *Vatnsdalsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá.
8. *Reykjabraut:* Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá um Reyki á Svínvetningabraut hjá Tindum.
9. *Svínvetningabraut:* Frá Blönduósi, hjá Svínavatni, um væntanlega brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
10. *Skagastrandarvegur:* Frá Blönduósi um Skagaströnd til Kálfshamarsvíkur.
11. *Þverárfjalls- og Gönguskarðavegur:* Af Skagastrandarvegi utan við Laxá um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal ytri, Laxárdalsheiði og Gönguskörð til Sauðárkróks.
12. *Skagavegur:* Af Gönguskarðsvegi hjá Skíðastöðum út Laxárdal að Skefilsstöðum.
13. *Sauðárkróksbraut:* Frá Sauðárkróki að Norðurlandsvegi hjá Varmahlíð.
14. *Skagafjarðarvegur:* Af Norðurlandsvegi skammt innan við Varmahlíð um Mælifell, um Tungusveit og Kjálka, á Norðurlandsveg nálægt Egilsá í Norðurárdal.
15. *Út-Blönduhlíðarvegur:* Af Hofsósvegi austan Héraðsvatna um Viðvíkursveit og Blönduhlíð á Norðurlandsveg austan við Héraðsvatnabrú á Grundarstokki.
16. *Hofsósvegur:* Frá Sauðárkróki um Hegranes, Viðvíkursveit og Óslandshlíð til Hofsóss.
17. *Hegranesvegur:* Af Hofsósvegi hjá Garði að Ríp.
18. *Hólavegur:* Af Hofsósvegi að Hólum í Hjaltadal.
19. *Siglufjarðarvegur:* Frá Hofsósi um Sléttuhlíð, Fljót og Siglufjarðarskarð til Siglufjarðar.
20. *Ólafsfjarðarvegur:* Af Siglufjarðarvegi norðan Fljótaár um Stíflu og Lágheiði til Ólafsfjarðar.
21. *Hörgárdalsvegur innri:* Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá á Þelamörk yfir Hörgárbrú nálægt Þúfnavöllum.
22. *Hörgárdalsvegur ytri:* Af Hörgárdalsvegi innri nálægt Hörgárbrú hjá Skuggahvammi að Dalvíkurvegi hjá Möðruvöllum.
23. *Dalvíkurvegur:* Af Norðurlandsvegi á Moldhaugahálsi um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, hjá Árgerði til Dalvíkur.
24. *Árskógssandsvegur:* Af Dalvíkurvegi utan við Þorvaldsdalsá að Árskógssandi.
25. *Svarfaðardalsvegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Urðum.
26. *Hrísavegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Hrísum um brýr á Skíðadalsá og Svarfaðardalsá að Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum.
27. *Hjalteyrarvegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Skriðulandi í Arnarneshreppi til Hjalteyrar.

28. *Eyjafjarðarbraut:* Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar að Jórunnarstöðum, ásamt brautinni að Kristneshæli.
29. *Laugalandsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, hjá Laugalandsskóla, um Eyjafjarðarárbrú á Stíflu og á Eyjafjarðarbraut skammt utan við Saurbæ.
30. *Svalbarðsstrandarvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Veigastöðum innst á Vaðlaheiði, um Svalbarðsströnd og Höfðahverfi á Fnjóskadalsveg austan við brú á Fnjóská hjá Laufási.
31. *Fnjóskadalsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Hálsi út Fnjóskadal austanverðan um Höfðahverfi til Grenivíkur.
32. *Kinnarvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði um Köldukinn, yfir Skjálfandafljótsbrú, norður fyrir Garðsnúp á Norðurlandsveg hjá Garði í Aðaldal.
33. *Reykjahverfisvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Laxamýri í Aðaldal, um Hveravelli í Reykjahverfi og Hvammsheiði, hjá Grenjaðarstað, á Norðurlandsveg hjá Syðra-Fjalli í Aðaldal.
34. *Laxárdalsvegur:* Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárbrúm vestan Laxár að Þverá í Laxárdal.
35. *Bárðardalsvegur vestri:* Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts yfir væntanlega brú hjá Stóruvöllum.
36. *Bárðardalsvegur eystri:* Af Norðurlandsvegi hjá Fosshól, austan Skjálfandafljóts að Sandvík í Bárðardal.
37. *Mývatnssveitar- og Mývatnsöræfavegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Breiðumýri um Mývatnsheiði, Mývatnssveit, Námaskarð og Mývatnsöræfi, um brú á Jökulsá og á Austurlandsveg hjá Grímsstöðum á Fjöllum.
38. *Laugaskólavegur:* Af Mývatnssveitarvegi sunnan við Breiðumýri að Laugaskóla.
39. *Tjörnesvegur:* Frá Húsavík kringum Tjörnes að Norðurlandsvegi hjá Lóni í Kelduhverfi.
40. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur:* Af Norðurlandsvegi austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Kópaskerskauptún, yfir Melrakkasléttu, um Raufarhöfn á Axarfjarðarheiðarveg nálægt Svalbarði í Þistilfirði.
41. *Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegur:* Af Kópaskersvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga og Svalbarð í Þistilfirði til Þórshafnar.
42. *Langanesvegur:* Frá Þórshöfn um Langanes að Skálum.

D. Um Austurland.

1. *Austurlandsvegur:* Af Norðurlandsvegi austan við Jökulsá í Axarfirði, um Hólsfjöll hjá Grímsstöðum, hjá Möðrudal um Möðrudalsöræfi, Jökuldalsheiði, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalsheiði, um Breiðdal hjá Eydölum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpavogs. Um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði að Suðurlandsvegi í Lóni.
2. *Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur:* Frá Þórshöfn norðan Brekknaheiðar, um Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð á Austurlandsveg vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.
3. *Hafnarvegur:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi við Bakkaá í Skeggjastaðahreppi að Hafnarkauptúni.
4. *Vopnafjarðarvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Möðrudal um Langadal, yfir Möðrudalsheiði, um Hofsárdal til Vopnafjarðar.
5. *Vesturdalsvegur:* Af Strandavegi nálægt Vesturá um Vesturárdal á Vopnafjarðarveg fyrir innan Hof.

6. *Jökuldalsvegur:* Frá Austurlandsvegi við Gilsá í Jökuldal um Hákonarstaði og Brú að Aðalbóli.
7. *Hróarstunguvegur nyrðri:* Af Austurlandsvegi austan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum austan Jökulsár, um væntanlega brú á Lagarfljót á Steinboga, á Úthéraðsveg nálægt Hóli.
8. *Hróarstunguvegur eystri:* Af Austurlandsvegi hjá Rangá, um Kirkjubæ, yfir væntanlega brú á Lagarfljót hjá Fossi og á Úthéraðsveg hjá Bóndastöðum.
9. *Upphéraðsvegur:* Af Austurlandsvegi vestan Lagarfljótsbrúar, um Fell og á Fljótsdalsveg vestan við Jökulsá í Fljótsdal skammt fyrir innan Valþjófsstað
10. *Fjarðarheiðarvegur:* Af Fagradalsbraut hjá Egilsstöðum um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
11. *Seyðisfjarðarvegur:* Frá Seyðisfirði að Þórarinsstöðum.
12. *Úthéraðsvegur:* Af Fjarðarheiðarvegi austan við Eyvindarárbrú um Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá að Óshöfn. Um Njarðvík og Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar.
13. *Fagradalsbraut:* Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal að Búðareyri við Reyðarfjörð.
14. *Eskifjarðarvegur:* Frá Búðareyri við Reyðarfjörð til Eskifjarðarkauptúns.
15. *Norðfjarðarvegur:* Frá Eskifjarðarkauptúni um Oddsskarð til Neskaupstaðar.
16. *Viðfjarðarvegur:* Frá Eskifjarðarkauptúni um Vaðlavíkurheiði til Viðfjarðar.
17. *Skóga- og Fljótsdalsvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum um Skóga, Hallormsstað, Víðivelli, yfir væntanlegar brýr á Kelduá og Jökulsá, á Upphéraðsveg skammt fyrir innan Valþjófsstað.
18. *Skriðdalsvegur:* Af Skógavegi vestan Grímsár inn Skriðdal um væntanlegar brýr á Geitdalsá og Múlaá, á Austurlandsveg.
19. *Þórdalsheiðarvegur:* Af Austurlandsvegi í Skriðdal um Þórdalsheiði og Fagradalsbraut í Reyðarfirði.
20. *Mjóafjarðarvegur:* Af Fagradalsbraut sunnan við Köldukvísl um Eyvindardal, Slenjudal og Mjóafjarðarheiði að Firði í Mjóafirði.
21. *Fáskrúðsfjarðarvegur:* Af Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Staðarskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
22. *Vattarnesvegur:* Af Fáskrúðsfjarðarvegi fyrir austan Kolmúla að Vattarnesi.
23. *Breiðdalsvíkurvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Eydölum í Breiðdal til Breiðdalsvíkur.
24. *Stöðvarfjarðarvegur:* Frá Búðum um Hafnarnes og Stöðvarfjörð á Breiðdalsvíkurveg hjá Þverhamri.

3. gr.

Þar, sem þjóðvegur liggur um kaupstað eða kauptún, telst þjóðvegurinn að mörkum kaupstaðarlóðar eða verzlunarlóðar.

Þar, sem mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar eru ekki ákveðin, úrskurðar ráðherra, hvar þjóðvegur endar.

Nú nær byggð meðfram slíkum vegi út fyrir mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar, og skal þá ekki telja þjóðveg lengra en þar að, sem byggð telst enda samkvæmt úrskurði ráðherra.

4. gr.

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem vegamálastjórnin ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

5. gr.

Sýsluvegir eru þeir vegir um hverja sýslu, þar sem mest er umferð, enda séu þeir eigi þjóðvegir.

Sýslunefndir ákveða að fengnu samþykki vegamálastjórnarinnar, hvar sýsluvegir skuli liggja, hver innan sinnar sýslu.

6. gr.

Hreppsvegir eru vegir um hreppa og hreppa í milli, sem hvorki eru þjóðvegir né sýsluvegir. Sýslunefnd ákveður eftir tillögum hreppsnefndar, hvar hreppsvegir skuli liggja.

II. KAFLI

Um stjórn vegamála.

7. gr.

Ráðherra sá, er fer með samgöngumál, hefur yfirstjórn allra vegamála. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar forseti Íslands vegamálastjóra, en ráðherra skipar honum verkfræðinga og aðra aðstoðarmenn eftir þörfum, að fengnum tillögum hans.

8. gr.

Sýslunefndir hafa, undir yfirumsjón vegamálastjóra, umsjón og stjórn þeirra vegagerða og þess viðhalds, sem kostað er af sýslusjóði eða sýsluvegasjóði. Oddviti sýslunefndar hefur umsjón með öllum sýsluvegum, en hann ræður hæfa verkstjóra til þess að stjórna framkvæmdum. Skylt er sýslunefndum að hlíta ráðum vegamálastjóra um framkvæmd vegagerða.

9. gr.

Hreppsnefnd hefur umsjón með allri vinnu að hreppsvegum, og skal hún ráða hæfa verkstjóra. Hlíta skal hreppsnefnd ráðum sýslunefndar og vegamálastjóra um framkvæmd vegagerða.

III. KAFLI

Um gerð vega, viðhald þeirra og greiðslu kostnaðar.

10. gr.

Allir vegir skulu vera svo gerðir, að nægi umferð þeirri, sem er eða vænta má að verði um þá, að svo miklu leyti sem vegamálastjórnin telur slíkt kleift.

11. gr.

Ríkissjóður kostar umbætur og viðhald þjóðvega. Skulu þeir gerðir akfærir svo fljótt sem fé er veitt til í fjárlögum. Nú verður álitið gagnlegt að gera einhvern þjóðvegarkafla akfæran, og má þá, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, setja það skilyrði, að hlutaðeigandi sveitarfélag eða sýslufélag leggi fram tiltekinn hluta alls vegagerðarkostnaðar.

12. gr.

Vegamálastjórnin ákveður, hvaða fjallvegir skuli gerðir akfærir. Aðrir fjallvegir skulu gerðir reiðfærir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til. Greiðist kostnaður við þá úr ríkissjóði.

13. gr.

Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykkt um stofnun sýsluvegasjóðs samkvæmt lögum nr. 10 20. júní 1923, um samþykktir um sýsluvegasjóði, og fer þá um kostnað við sýsluvegi samkvæmt þeim lögum.

Í þeim sýslum, þar sem ekki eru sýsluvegasjóðir, er sýslunefnd heimilt að ákveða, að hvert hreppsfélag skuli árlega greiða í sýslusjóð sérstakan vegaskatt fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Fyrir hvern verkfæran karlmann má sýsluvegagjald þetta nema allt að andvirði eins 8 stunda dagsverks verkamanns í vegavinnu ríkissjóðs í sýslunni hið næsta ár áður en skatturinn er lagður á. Hreppstjórar skulu í októbermánuði ár hvert semja

nafnaskrá yfir alla verkfæra karlmenn 20—60 ára, sem heimili hafa í hreppnum. Skulu skrárnar sendar sýslumanni fyrir hver árslok, en sýslumaður ákveður eftir þeim sýsluvegagjald hvers hrepps. Gjaldið skal borgað úr sveitarsjóði og greitt sýslumanni á manntalsþingi. Samrit af skránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í té fyrir 20. október.

14. gr.

Sýslunefnd getur ákveðið, að hluta af fé því, er sýslan leggur fram til sýsluvega, verði varið til kaupa á stórvirkum, vélknúnum tækjum til vegagerðar í sýslunni, svo sem jarðýtu og skurðgröfu, enda hafi áður verið leitað um það álits og tillagna vegamálastjóra. Telji vegamálastjóri ráðlegt, að sýslan kaupi slíkar vélar, greiðir ríkissjóður helming af verði vélanna, þar með talinn allur kostnaður við þær, komnar á ákvörðunarstað í sýslunni.

Vélar þessar skulu starfræktar undir yfirstjórn vegamálastjóra.

15. gr.

Sýsluvegir skulu gerast akfærir þar, sem því verður við komið. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um greiðslu styrks til akfærra sýsluvega, sem veittur er í fjárlögum, og má styrkur þessi nema allt að helmingi kostnaðar af viðhaldi sýsluvega og allt að ⅗ hlutum kostnaðar nýbygginga.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um akfæra sýslu- og hreppsvegi, og fer þar um samkvæmt lögum nr. 38 28. nóv. 1919.

16. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda vegamálastjóra skýrslu um þær vegabætur, er hafa verið framkvæmdar á kostnað sýslusjóðs, ásamt reikningi yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins.

17. gr.

Nú vill sýslunefnd framkvæma á einu ári meiri vegabætur á sýsluvegum en tekjur sjóðsins það ár leyfa, og getur hún þá tekið lán til þeirra; en áður sýslunefnd ákveður lántökuna, skal liggja fyrir áætlun um kostnað við hina fyrirhuguðu vegagerð eftir verkfróðan mann, og skal áætlunin vera samþykkt af vegamálastjóra.

18. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði, en í hann skal greiða hreppsvegagjald, 20 krónur árlega fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd, að fengnu samþykki sýslunefndar, að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli vera hærra, allt að andvirði eins 8 stunda dagsverks verkamanns í vegavinnu ríkissjóðs í sýslunni hið næsta ár áður en skatturinn er lagður á.

19. gr.

Hver sá maður, sem talinn er í verkfærra skrá, skal greiða hreppsvegagjald í sveitarsjóð. Húsráðandi hver innir gjaldið af hendi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldsins er 31. desember ár hvert.

20. gr.

Til vegagerðar á hreppsvegum má ekki verja minna fé úr sveitarsjóði en nemur hinu lögskipaða hreppsvegagjaldi. Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sé á kostnað hreppsins meiri vegagerð en svo, að hreppsvegagjaldið með hækkun þeirri, sem heimiluð er í 18. gr., hrökkvi fyrir henni, og má hún þá greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði, ef meiri hluti gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar og fund sækja, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, og sé með þeirri samþykkt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagerðar úr sveitarsjóði umfram hreppsvegagjaldið.

21. gr.

Nú er lítið að vinna að hreppsvegum í hreppi, og má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi hreppsvegargjalds greiðist í peningum í sýslusjóð. Sé aftur á móti hreppsvegavinna mikil í einhverjum hreppi af því að þar eru engir þjóðvegir né sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að allt að jafnmikilli upphæð og hreppsvegagjald hreppsins greiðist úr sýslusjóði.

22. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda vegamálastjóra yfirlit yfir hreppsvegagjöld í sýslunni og yfir gjöld sveitarsjóða til vega.

23. gr.

Nú vill hreppsnefnd taka lán til vegagerðar í hreppnum og skuldbinda sveitarsjóð til greiðslu á láninu ásamt vöxtum af því, og er henni það heimilt, ef meiri hluti allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, enda samþykki sýslunefnd ályktun hreppsnefndar um lántökuna.

IV. KAFLI

Um jarðrask, landnám, átroðning o. fl.

24. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Enn fremur að leyfa, að vatni, sem veita þarf frá vegi, sé gerð framrás yfir land hans. Þó getur enginn krafizt skaðabóta samkvæmt þessum lögum fyrir vatnsrásir, sem eru til orðnar áður en þessi lög öðlast gildi. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sé krafizt og álitið verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og landnám vegna þjóðvegar skulu greiðast úr ríkissjóði og reiknast með kostnaði vegarins.

25. gr.

Merki, hæla, vörður eða því líkt, sem vegamálastjóri hefur látið setja til að marka útmælda veglínu, má ekki nema burt án leyfis hans.

Rétt er vegamálastjórninni að banna, að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs vegar, sem mælt hefur verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi allt að 3 árum.

26. gr.

Bætur fyrir landnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðinn við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, er honum er metin, er nær því, sem honum hefur verið boðið, en því, sem hann hefur krafizt, ella telst kostnaðurinn við matið með skoðabótakostnaðinum.

Nú vill annar hvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan mánaðar frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fjórum dómkvöddum mönnum; kostnaðinn við yfirmat greiðir landeigandi, ef hann hefur krafizt þess og það gengur honum eigi í vil, ella telst hann með öðrum skoðabótakostnaði.

27. gr.

Mat skal fram fara á vettvangi, þá er jörð er snjólaus. Við matið skal hafa tillit til árlegs afrakstrar af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja og athuga vandlega allt það, er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal; sérstaklega skal hafa tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði við vegagerðina. Nú leggst eldri stígur eða vegur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda, og skal þá við matsgerðina meta sérstaklega hið gamla vegarstæði eða götutroðninga og draga frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir landnám undir hinn nýja veg, eða jarðrask, leiðandi af lagningu hans. Bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum, nema sannað verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi en af hinum eldri vegi eða stíg.

28. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, en sé jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 5 af hundraði árlega af skaðabótaupphæðinni meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemmdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sérstaklega.

29. gr.

Skaðabóta, er af vegagerð eða vegaviðhaldi leiðir, skal krefjast innan árs frá því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skoðabóta niður.

V. KAFLI

Um brýr, ferjur, sæluhús, girðingar, hlið o. fl.

30. gr.

Brýr skal gera samkvæmt lögum um brúargerðir.

31. gr.

Kostnað við bifreiðaferjur til flutnings yfir vötn eða firði, svo og við lendingarbætur og bryggjur í sambandi við þær, er heimilt að greiða úr ríkissjóði og telja með öðrum kostnaði vegamála.

32. gr.

Lögferjuskylda skal vera hin sama og nú er. Sýslunefndir hafa eftirlit með því, hver í sinni sýslu, að lögferjumenn haldi lögferjum í gildu standi og gæti skyldu sinnar að öðru leyti, eftir þeim nánari reglum, sem sýslunefnd setur á hverjum stað.

Ekki má sýslunefnd hækka lögferjugjöld né afnema lögferju, nema með samþykki vegamálastjóra.

Nú samþykkir sýslunefnd að lækka lögferjugjöld, en lögferjumaður vill ekki hlíta samþykkt sýslunefndar, og skal þá málinu skotið til úrskurðar vegamálastjóra.

33. gr.

Nú vill sýslunefnd setja lögferju þar, sem ekki var lögferja áður, og skulu þá taka við henni landeigandi og ábúandi, en geta krafizt þess, að ferjan sé lögð þeim til í upphafi. Ferjugjöldin skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

34. gr.

Nú verða ábúendaskipti á býli því, er lögferja fylgir, og má viðtakandi þá krefjast þess, að honum sé metið álag á ferjuna.

35. gr.

Sæluhús skal gera á fjallvegum og annars staðar þar, er þurfa þykir, og telst kostnaður við byggingu þeirra með vegagerðarkostnaði, en kostnaður við viðhald þeirra og rekstur með viðhaldskostnaði.

36. gr.

Girðingar úr sléttum vír eða vírneti má hvergi setja nær alfaravegi en 1 metra frá vegjaðri og ekki nær en 3 metra frá miðjum vegi.

Girðingar úr gaddavír hvergi nær en 4 metra frá vegjaðri og 6 metra frá miðjum vegi.

Grjótgarða, torfgarða og skíðgarða má ekki setja svo nærri vegi, að valdi aðfenni, og ekki nær vegbrún en 10 metra, nema með sérstöku leyfi hlutaðeigandi sjórnarvalda.

Þar, sem skurður er meðfram vegi, skal metrabreið ræma af ytri skurðbakkanum teljast til vegarins, og má ekki gera girðingar eða önnur mannvirki á þeirri ræmu án leyfis.

Ekki má setja vörupalla eða vöruskýli nær vegbrún en svo, að bifreið geti staðnæmzt þar utan við.

Ekki má reisa hús nær vegbrún en 10 metra, ef um þjóðveg er að ræða, nema leyfi vegamálastjórnarinnar komi til, og ekki nær öðrum vegum en 6 metra.

Hvergi má festa upp auglýsingaspjöld meðfram alfaravegum utan kaupstaða og kauptúna né setja upp auglýsingar á annan hátt, nema um opinberar tilkynningar sé að ræða.

Heimilt er þó þeim, sem býr við alfaraveg, að auklýsa þar atvinnurekstur sinn.

37. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg, með hliði fyrir á veginum, nema með leyfi vegamálastjóra, ef um þjóðveg eða fjallveg er að ræða, en með leyfi sýslunefndar, ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða. Synjun sýslunefndar um slíkt leyfi má skjóta til vegamálastjóra til úrskurðar. Sama bann gildir þar, sem mælt og markað hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarábúanda, hvar mælt hafi verið.

38. gr.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minnsta kosti 2,0 metrar á breidd á reiðvegi, en 4 metrar á akfærum vegi. Á reiðvegi skal grindin vera svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki. Á akvegi þannig, að grindin haldist opin af sjálfri sér, meðan ekið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka hliðinu á eftir sér.

Heimilt er hlutaðeigandi stjórnarvöldum að afturkalla með eins árs fyrirvara gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg með hliði á fyrir veginum.

39. gr.

Skylt er að halda við girðingum, svo að aldrei geti þær hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki vegamálastjórninni þessa ekki gætt, er ráðherra heimilt að úrskurða, að viðgerð skuli framkvæma á kostnað þess, sem að réttu ber að viðhalda girðingunni.

40. gr.

Nú liggur vegur eða stígur eða götutroðningar yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg, með hliði á fyrir veginum, en eigi má hann loka hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi.

Nú neitar hreppsnefnd um slíkt leyfi, og má þá leggja málið undir úrskurð vegamálastjóra. Vegamálastjóri skal úrskurða, ef ósamkomulag er um viðhald eða endurbætur slíks vegar.

Heimilt er aðilum, er slíkan veg nota, að gera um hann samþykkt, enda hljóti hún staðfestingu vegamálastjóra.

41. gr.

Nú er lagður vegur gegnum land manns, og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að veginum á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gera fláa á veginn, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og sé hallinn á fláanum eigi meiri en 1:8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er fram með veginum, að minnsta kosti 2 metra breiða. Landeigandi skal birta verkstjóra kröfu sína í þessu efni áður en vegurinn er fullgerður á þeim stað, sem hann vill hafa aðgang að, og skal sá aðgangur gerður þar eða svo nálægt sem kostur er á. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi verkstjóra eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleiri stöðum í landi sínu en þeim eina.

VI. KAFLI

Um framkvæmd viðhaldsins, um vetrarviðhald og reglur fyrir umferð.

42. gr.

Stjórnarvöld þau, sem eiga að sjá um viðhald vega samkvæmt lögum þessum, skulu fá til svo hæfa menn sem kostur er á, til þess að hafa eftirlit með vegunum og annast viðhald þeirra.

43. gr.

Eftirlitsmenn skulu tafarlaust láta gera við allar skemmdir á vegunum, þær er hætta getur stafað af eða hindrað umferð eða hætt er við, að ágerist svo, að meiri kostnaður hljótist af. Þeir skulu á vetrum halda skurðum og rennum opnum, svo að eigi renni yfir veginn í leysingum. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma viðhaldið eftir því, sem þeim verður fyrirskipað.

Eftirlitsmenn skulu og hafa gát á því, að vegfarendur hlýði ákvæðum þeim um umferð á vegum, sem sett eru í lögum þessum eða sett kunna að verða, svo og að vegurinn og þau mannvirki, sem honum fylgja, séu eigi skemmd af mannavöldum. Skulu þeir tafarlaust kæra öll slík brot fyrir lögreglustjóra.

44. gr.

Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri að vetrarlagi, og skal þá telja þann kostnað með öðru viðhaldi vegarins. Heimilt er vegamálastjórninni að binda slíkt vetrarviðhald því skilyrði, að allur slíkur kostnaður eða nokkur hluti hans verði endurgreiddur með framlagi úr héraði, þar sem um þjóðveg er að ræða. Sömu heimild hefur sýslunefnd að því, er snertir sýsluvegi.

45. gr.

Stjórnarvöld þau, er eiga að annast viðhald vega, hreppsnefndir og sýslunefndir þó eigi nema með samþykki vegamálastjóra, geta sett þær reglur fyrir umferð um vegi þá, er þau annast viðhald á, sem nauðsynlegar eru til þess að girða fyrir skemmdir á vegunum eða til þess að greiða fyrir umferð, svo sem um hámarksþunga bifreiða, er fara mega um ákveðna vegarkafla.

Á sama hátt er heimilt að setja þær reglur um umferð um brýr, sem þurfa þykir.

Vegamálastjóri getur enn fremur, að fengnum tillögum sýslunefndar, þar sem um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða, bannað umferð bifreiða þann tíma árs, sem hættast er við skemmdum á veginum.

VII. KAFLI

Sérstök ákvæði um vegi í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig.

46. gr.

Í kaupstöðum skulu götur og vegir lagðir þar, sem ákveðið er á skipulagsuppdrætti. Í kauptúnum gildir sama, ef skipulagsuppdráttur hefur verið gerður, ella ákveður hreppsnefnd, hvar götur og vegir skuli liggja innan kauptúnsins.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd ákveður um gerð gatna og vega.

47. gr.

Kostnaður við vegagerð og vegaviðhald í kaupstöðum greiðist úr bæjarsjóði, en í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, úr sveitarsjóði.

48. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig og þar sem ekki er samþykkt um sýsluvegasjóði (sbr. 18. gr.), skal hálft sýsluvegagjaldið renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið hefur næsta ár á undan því, er það sýsluvegagjald var á lagt, varið til vegagerðar í kauptúninu að minnsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði og nemur hálfu sýsluvegagjaldinu, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hafði til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið ekki lægra en 20 kr. á hvern verkfæran mann samkvæmt 18. gr. þessara laga.

Í sýslum, sem hafa gert samþykkt um sýsluvegasjóði, fer um atriði þetta samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

VIII. KAFLI

Um skemmdir og um sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

49. gr.

Enginn má stífla skurði meðfram vegi eða frá vegi eða ræsi gegnum veg eða gera neitt það, er hindrað getur eða aukið eðlilegt vatnsrennsli gegnum veg eða frá vegi, eða veita vatni á veg.

50. gr.

Enginn má skemma af ásettu ráði nein mannvirki, sem til vegarins teljast, svo sem brýr, ferjur, háskamerki eða önnur leiðbeiningarmerki, vörður eða sæluhús.

Skemmist eitthvert slíkt mannvirki við árekstur bifreiðar, er bifreiðarstjóra skylt að tilkynna það þegar vegamálastjóra eða umsjónarmanni vegarins eða lögreglustjóra. Skal sá, er valdið hefur árekstrinum, skyldur að bæta áorðnar skemmdir.

51. gr.

Hver sá, sem notar sæluhús við alfaraveg, skal ganga þriflega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum, svo að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum, sem verður var við, að brotið hafi verið á móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

52. gr.

Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða sektum frá 25—1000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefur unnið.

53. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

IX. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

54. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 101 1933 og öll önnur lög um breytingar á þeim.

55. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvörpum þeim um breyting á vegalögum, sem fram hafa verið borin í báðum deildum Alþingis, ásamt öllum framkomnum breytingartillögum, hefur verið vísað til samgöngumálanefnda deildanna, en þær sendu málið til umsagnar vegamálastjóra, er á fyrra þingi hafði verið falin endurskoðun vegalaganna í heild. Hefur hann í samráði við nefndirnar samið frumvarp til nýrra vegalaga, eins og það liggur hér fyrir, og komu nefndirnar (þ. e. samvinnunefnd samgöngumála) sér saman um, að það skyldi borið fram í Nd., en hin fyrri frv. yrðu þannig úr sögunni. Hins vegar skyldu brúarlagabreytingar sæta fyrst meðferð í Ed. að lokinni endurskoðun vegamálastjóra.

Ýtarlega greinargerð hefur vegamálastjóri samið fyrir lagabreytingum þessum og fer hún hér á eftir:

Á síðasta Alþingi var 2. apríl samþykkt svo hljóðandi rökstudd dagskrá í neðri deild:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að vegamálastjóri undirbúi fyrir næsta Alþingi þá endurskoðun á gildandi vegalögum, sem sanngjarnt og nauðsynlegt telst, að teknu tilliti til breytingartillagna, er fram eru komnar eða fram kunna að koma á yfirstandandi þingi, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Núgildandi vegalög eru frá 1933, og að frátaldri mjög víðtækri aukningu þjóðvegakerfisins, sem talið er í 2. gr., hafa engar verulegar breytingar verið gerðar á þeim. Það er því ekki óeðlilegt, að tímabært þyki að gera nú á þeim nokkrar breytingar, svo mjög sem samgöngur hafa aukizt síðan. Þó mega vitanlega margar greinar þeirra enn standa óbreyttar, en þar sem æskilegar breytingar eru allvíðtækar, þótti réttara og gleggra að bera fram frv. til nýrra vegalaga en aðeins um þær greinar, er breytast eða eru úr felldar.

Víða þar, sem í núgildandi lögum eru atriði lögð undir vald eða úrskurð ráðuneytisins, eru þau í frv. lögð á vald vegamálastjóra eða vegamálastjórnar í samræmi við þá venju, sem myndazt hefur.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Óbreytt sama gr. í vegalögum.

Um 2. gr.

Vísast til fskj. (erindi vegamálastjóra).

Um 3. og 4. gr.

Óbreyttar sömu gr. í vegalögum.

Um 5. gr.

Er vegalögin voru sett 1933, voru enn sýsluvegir í mörg kauptún og milli sýslna. Þessir vegir eru nú allir orðnir þjóðvegir. Er skilgreining sýsluvega í frv. í samræmi við þá þróun. Þar sem framlög ríkissjóðs til sýsluvega eru nú orðin mjög veruleg, þykir rétt, að samþykki vegamálastjórnarinnar komi til um ákvörðun

sýsluvega. Mun enda mjög þörf að endurskoða sýsluvegakerfi allra sýslna, til þess að samræma það sem bezt innanhéraðssamgönguþörfum.

Um 6. gr.

Óbreytt sama gr. í vegalögum.

Um 7.—9. gr.

Nokkrar breytingar eru á orðalagi fyrri málsgr. í 7. gr. og m. a. tekið fram, að forseti Íslands skipi vegamálastjóra.

Felld er burt í öllum þessum greinum heimild til þess að ráða sérstaklega verkfróða menn til að undirbúa vegagerð eða brúargerð, þar sem slík heimild þykir óþörf, enda hefur aldrei verið notað.

Um 10.—12. gr.

Óbreyttar eins og 10., 12. og 13. gr. vegalaganna, en 11. gr. vegalaganna er felld burt, þar sem hún þykir að mestu óþörf. Þó er efni hennar að nokkru fellt inn í 24. og 36. gr. frv., þar sem það á betur heima.

Um 13. gr.

Í 14. gr. vegalaganna er ákveðið sýsluvegagjald 2—5 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann. Gjald þetta er vitanlega nú orðið allt of lágt til þess að ná nokkrum tilgangi, og hefur jafnvel af sumum verið haldið fram, að réttast væri að afnema það. Það þykir þó ekki rétt, og er því í frv. sett heimild til slíks vegaskatts og hann hækkaður þannig, að megi nema andvirði eins dagsverks.

Um 14. gr.

Greinin er samhljóða vegalagabreytingu nr. 80 1943.

Um 15. gr.

Aðalbreytingin felst í hækkun framlags ríkissjóðs til sýsluvega, þar sem ekki eru sýsluvegasjóðir. Nú má framlag nema allt að helmingi kostnaðar nýbyggingar, en ekkert til viðhaldsins, en hér er lagt til, að framlög til nýbygginga megi nema allt að $\frac{3}{5}$ hlutum kostnaðar og helmingi viðhaldskostnaðar. Þykir nauðsyn að hækka framlagið til þess að styðja sýslurnar betur til vegabóta innan héraðs.

Nú er hér um að ræða 11 sýslur, en í 12 eru sýsluvegasjóðir. Þessar 11 sýslur eru: Kjósarsýsla, Snæfellsnessýsla, Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla, Norður-Þingeyjarsýsla, Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla, Austur-Skaftafellssýsla og Vestur-Skaftafellssýsla. Í Austur-Barðastrandarsýslu er nú að koma samþykkt um sýsluvegasjóð.

Heildargjöld sýslusjóða í þeim öllum námu 1945 samtals kr. 613300.00. Þar af voru útgjöld til vegamála kr. 137770.00, eða um 22,4%, að visu hlutfallslega mjög mismunandi, frá 9,7% til 43,5%. Til viðbótar vegabótakostnaði úr sýslusjóðum kemur mjög víða talsvert framlag frá hreppunum til sýsluvega. Einnig var framlag ríkissjóðs til sýsluvega 1945 kr. 145000.00. Það ár var sótt um framlög samtals að upphæð kr. 215000.00, en fjárveiting var aðeins fyrir kr. 145000.00.

Vegabætur á sýsluvegum eru því allþungur baggi á sýslusjóðunum, en þeir hafa mjög takmarkaða möguleika til tekjuöflunar. Er því eðlilega mjög leitað á um að koma sýsluvegunum í þjóðvegatölu, því að þörfin knýr alls staðar á um bættar samgöngur.

Í frv. er gert ráð fyrir, að þetta hækkaða framlag verði ekki lögbundið, svo sem er um framlagið til sýsluvegasjóðanna, heldur takmarkað af fjárveitingu hvers árs.

Um 16.—17. gr.

Óbreyttar sömu gr. í vegalögum.

Um 18. gr.

Hreppsvegagjaldið er í núgildandi vegalögum ákveðið 2—5 kr. á hvern verkfæran karlmann, sem vitanlega hrekkur skammt mót núverandi kauplagi. Er það því hækkað í 20 kr. og jafnframt heimilað að hækka upp í andvirði eins dagsverks í vegavinnu. Á síðasta Alþingi var borið fram frv. um hækkun gjaldsins, sem ekki varð útrætt, er vegalagabreytingunum var með dagskrá vísað til stjórnarinnar.

Við eftirgrennslan hefur komið í ljós, að hreppsvegagjaldið mun hvergi lægra en 5 kr., en í nokkrum sýslum hærra en lög standa til, 10 kr., 12 kr. og jafnvel 40 kr.

Um 19.—23. gr.

Óbreyttar sömu gr. í vegalögum.

Um 24. gr.

Nær samhljóða 24. gr. vegalaga með áorðnum breytingum í lögum nr. 21 1940 um, að ríkissjóður, en ekki sýslusjóður, greiði bætur fyrir jarðrask. Felldur er inn í greinina kafli úr 11. gr. vegalaga um fráræslu frá vegi, sem þykir eiga heima í þessari grein.

Um 26.—29. gr.

Gildandi ákvæði þessara greina um mat hafa reynzt vel og eru því óbreytt eins og í sömu gr. vegalaga.

Um 30. gr.

Óbreytt sama gr. í vegalögum.

Um 31. gr.

Ný ákvæði um bifreiðaferjur og lendingarbætur fyrir þær, sem rétt þykir að taka upp, þar eð fullvíst má telja, að nokkrum slíkum ferjum verði komið á. Þykir réttara, að heimild sé til að greiða kostnað þennan úr ríkissjóði frekar en skylda.

Um 32. gr.

Óbreytt 31. gr. í vegalögum, en 32. gr. vegalaga um dragferjur og svifferjur er felld burt, því að eðlilegt þykir, að þar, sem slíkar ferjur eru, en nú eru aðeins eftir fáar svifferjur, beri sami aðili kostnað af þeim, sem kostar veg þann, er að þeim liggur.

Um 33.—35. gr.

Óbreyttar sömu gr. í vegalögum.

Um 36. gr.

Ákvæðinu um fjarlægð girðinga og nýrra húsa frá vegum er breytt þannig, að fjarlægð skal vera nokkru meiri en nú er.

Bætt er inn ákvæði um fjarlægð vörupalla frá vegbrún, en þeir eru nú víða reistir of nærri vegi, svo að til óþæginda er fyrir umferð.

Um 37. gr.

Óbreytt sama gr. í vegalögum, þó er úrskurður um girðingar yfir sýsluvegi og hreppsvegi falinn vegamálastjóra í stað ráðherra.

Um 38. gr.

Bætt er inn ákvæði um hliðgrindur á akvegum.

Um 39. gr.

Óbreytt sama gr. í vegalögum.

Um 40. gr.

Bætt er inn ákvæði um, að lagt skuli undir úrskurð vegamálastjóra, ef ágreiningur verður um heimild til þvergirðingar yfir veg, svo og um byggingu og viðhald vega, sem ekki eru hreppsvegir, en nánast einkavegir eins eða fleiri, t. d. sumarbústaðaeigenda.

Um 41. gr.

Óbreytt sama gr. í vegalögum.

Um 42.—44. gr.

42. og 44. gr. um framkvæmd viðhalds vega og vetrarviðhald þeirra er breytt nokkuð í samræmi við það viðhorf og venjur, er nú hafa skapazt, en 43. gr. er óbreytt. 45. og 46. gr. í vegalögum eru felldar burt, þar sem þær þykja óþarfar.

Um 45. gr.

Þegar umferðalög voru sett, voru felldar burt 50. og 52. gr. vegalaganna. Í 51. gr. vegalaganna eru þó ákvæði, sem þurfa að vera í gildi áfram, og eru þau tekin í þessa grein ásamt nokkrum breytingum.

Um 46.—48. gr.

Í 46. og 48. gr. eru gerðar smábreytingar með tilliti til ákvörðunar gatna á skipulagsuppdráttum. Í stað orðsins „verzlunarstaður“ þykir betur fara á og réttara að segja „kauptún“.

Í 48. gr. þykir rétt að vísa í sérákvæði um endurgreiðslu hluta sýsluvegagjalds í sveitarsjóð, þar sem samþykkt er um sýsluvegasjóð.

Um 49.—53. gr.

Smábreytingar eru gerðar á 53. og 54. gr. vegalaga (49. og 50. gr. frv.).

Sektir fyrir brot eru hækkaðar nokkuð frá því, sem nú er.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 14. desember 1946.

Vegalagabreytingar.

Síðasta Alþingi vísaði með rökstuddri dagskrá framkomnum tillögum um breytingar á vegalögunum til ríkisstjórnarinnar.

Hefur eftir því, sem tími hefur unnizt til, farið fram undirbúningur undir breytingar á vegalögunum, sem æskilegt og réttmætt þykir, að gerðar verði.

Á Alþingi hafa nú komið fram allmargar breytingartillögur, og eru allar um að bæta inn í 2. gr. laganna nýjum vegaköflum, sem eru að lengd nær 1100 km, og skal fyrst rætt um tillögur þessar. Flestar þessar tillögur komu fram á síðasta Alþingi, og voru þó vegakaflarnir þá samtals 758 km, eða 350 km styttri en í núverandi tillögum.

Með vegalagabreytingu 1943 var bætt við nýjum þjóðvegum að lengd 597,5 km, og eru þeir nú að lengd um 5600 km.

Að því er snertir afstöðu mína yfirleitt til tillagna um að bæta fleiri vegaköflum í þjóðvegakerfið, vil ég vísa til bréfs míns til samgöngumálanefnda Alþingis dags. 19. febr. 1946, sem prentað er með nefndaráliti Nd. á þskj. 515 ásamt dagskrá þeirri, sem samþykkt var.

Þar legg ég til að fara varlega í að bæta við nýjum þjóðvegaköflum, meðan nauðsyn þykir að dreifa nýbyggingarfénu svo mjög sem gert er í fjárlögum. Þá fer og ekki hjá því, að ætla verði talsvert hærri fjárveitingu til viðhalds og umbóta. Ég vek og máls á því, hvort ekki muni réttara að auka framlagið í fjárlögum til akfærra sýsluvega, þannig að greiddir verði allt að ⅔ hlutar kostnaðar við nýbyggingar á sýsluvegum í stað allt að ½ eins og nú er.

Á síðasta Alþingi var hækkað framlag ríkissjóðs til sýsluvegasjóða allverulega. Frá fjórðungsþingi Norðlendinga, sem haldið var á Akureyri í síðastliðnum sept-

ember, hefur mér borizt samþykkt, er þar var gerð um að skora á Alþingi að hækka það framlag enn meir. Samþykkt þessi mun og hafa verið send Alþingi.

Ég viðurkenni, að fjárhag sýslufélaganna er um megn, eins og tekjustofnum þeirra er háttað, að verja nægu fé til vegabóta, svo mjög sem þeirra gerist nú þörf enn frekar en fyrr, er bændur verða mjög víða að breyta algerlega um búskaparháttu og byggja afkomu sína á daglegri mjólkursölu. Þrátt fyrir að þjóðvegir eru nú um margar byggðir hverrar sýslu og þrátt fyrir ríflega framlög til sýsluvega, miðar nauðsynlegum endurbótum of seint, miðað við auknar þarfir.

Ég er eins og fyrr hlynntari þeirri stefnu að auka framlögin til sýsluveganna en að fara langt í því að bæta við þjóðvegakerfið.

Hækkun sú, er lögfest var í fyrra, á hlutfallsframlagi ríkissjóðs til sýsluvegasjóða, varð til þess, að heildarframlag ríkissjóðs í 12 sýslur mun nema í ár um kr. 550000.00 móts við kr. 376000.00 árið 1945. Móti því komu tekjur vegasjóðanna úr héraði, nær eingöngu fasteignaskatturinn 1946, um kr. 450000.00 og 1945 kr. 398000.00. Er hér því um allverulega hækkun að ræða.

Framlög ríkissjóðs til akfærra sýsluvega í 11 sýslum, þar sem ekki eru sýsluvegasjóðir, námu 1945 kr. 145000.00 og 1946 um kr. 200000.00, en í fárlfrv. fyrir 1947 er það áætlað kr. 250000.00. Þess má geta, að þrátt fyrir árlega hækkandi framlög ríkissjóðs hefur þó aldrei verið unnt að veita svo há framlög í heild eins og sótt hefur verið um til þess að ná helmings kostnaði við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Vegna hinnar miklu sífelldu kauphækkunar aukast þó framkvæmdir ekki í svipuðu hlutfalli. Tel ég því æskilegt að gera nú hvort tveggja, að hækka framlögin til sýsluvega og bæta við nokkrum nýjum þjóðvegaköflum, enda sýna hinar mörgu framkomnu tillögur, að þingmenn muni mjög hafa hug á að létta vegabótakostnaðinum af sýslufélögunum.

Í frv. því til vegalaga, sem nú hefur verið samið, er því í 15. gr. lagt til að hækka framlög ríkissjóðs til akfærra sýsluvega þannig, að þau nemi helmingi viðhaldskostnaðar og allt að $^3/_5$ hlutum kostnaðar nýrra akvega.

Hve miklu þessi hækkun muni ríkissjóð, er erfitt að ætla. Að vísu er hún ekki lögbundin eins og framlagið til vegasjóðanna, en til þess að hún komi að nokkrum tilætluðum notum, yrði að hækka áætlunarupphæðina í fjárlagafrv. 1947 úr 250 þús. kr. í minnst 350 þús. kr.

Í sérstöku frv. um breytingu á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, er lagt til, að ákvæðið í 3. gr., sem í fyrra var hækkað úr 6‰ í 10‰, verði enn hækkað í 12‰. Verði allar 12 sýslurnar í hámarki skatts, 10‰, verða framlög úr héruðum nálægt 430 þús. kr. og framlag ríkissjóðs nálægt 600 þús. kr. Með hækkun í 12‰ verða héraðaframlögin nálægt 515 þús. kr. og framlög ríkissjóðs nálægt 775 þús. kr.

Fyrir árið 1946 er fasteignaskattur í öllum 12 sýslunum, nema Gullbringusýslu, í hámarki, 10‰, en í þessari einu sýslu var hann 6‰.

Má því vænta þess, ef hámark yrði hækkað í 12‰, að þá mundi verða að hækka fjárveitinguna til sýsluvegasjóða í fjárlagafrv. 1947 úr 500 þús. kr. í 750 þús. kr., en jafnvel þó að það verði óbreytt, 10‰ eins og samþykkt var á síðasta Alþingi, þarf að hækka áætlunina úr 500 þús. kr. í 575 þús. kr.

Í greinargerð minni, er hér fer á eftir, fyrir tillögum um nýja þjóðvegi, eru færðar ástæður mínar um hvern einstakan vegarkafla. Á Alþingi hafa komið fram tillögur um marga fleiri vegarkafla, sem ég hef ekki getað fallizt á að mæla með að þessu sinni, en tel þó ekki þörf að greina hér ástæður mínar fyrir þessari afstöðu um hvern einstakan vegarkafla.

Fallist Alþingi á tillögur þessar um að taka rúmlega 500 km nýrra vega í þjóðvegatölu, hlýtur vitanlega viðhaldskostnaður þjóðvega að hækka þegar allverulega, fráleitt minna en 300 þús. kr. Jafnframt væri þó til lítils gagns fyrir sýslurnar að koma vegum þessum í þjóðvegatölu, ef ekki verður veitt fé til framhalds ný-

byggingar margra þeirra. Þyrfti þegar í fjárl. 1947 að ætla minnst 3—400 þús. kr. í þessu skyni.

Fara hér á eftir tillögur mínar og greinargerð um þá vegarkafla, er ég legg til, að teknir verði í tölu þjóðvega:

Gullbringusýsla (þskj. 66).

Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum að Kirkjuvogi í Höfnum.

Vegur þessi er góður akvegur, 8,5 km að lengd. Næst Njarðvíkum er hann á leiðinni að Keflavíkurflugvelli og þykir því frekar ástæða til að taka hann í tölu þjóðvega.

Kjósarsýsla (þskj. 66).

Reynivallavegur: Af Vesturlandsvegi norðan Laxárbrúar um Reynivelli að vegamótum Kjósarskarðsvegar hjá Möðruvöllum.

Vegur þessi er 10 km að lengd og akfær að Reynivöllum um 4,0 km, en þaðan er vegleysa. Í sýslunni eru margir innsveitarvegir, sem sýsla og hreppur verða að veita mikið fé til að bæta, en daglegir mjólkurflutningar eru þarna brýn nauðsyn.

Reykjavegur: Af Vesturlandsvegi við Varmárbrú um Álafoss, um Reykjahverfi, hjá Miðdal, á Suðurlandsveg hjá Geithálsi.

Vegur þessi var að allmiklu leyti byggður af setuliðinu og er í góðu ástandi. Um hann er mikil utansveitarumferð og ekki sanngjarnt, að sýsla eða hreppur kosti viðhald hans. Vegarlengd er 12,0 km.

Elliðavatnsvegur: Af Suðurlandsbraut hjá Rauðavatni um Vatnsenda og Vífilsstaði til Hafnarfjarðar.

Vegur þessi var byggður af setuliðinu og allvel gerður. Er um hann, eins og um Reykjaveg, allmikil almenn umferð frá Reykjavík og Hafnarfirði, og mundu hvorki Kjósar- eða Gullbringusýsla vilja taka hann í tölu sýsluvega. Síðan setuliðið hvarf af landi, hefur viðhald hans verið greitt af viðhaldsfé þjóðvega. Vegarlengd er um 11 km.

Borgarfjarðarsýsla (þskj. 11).

Andakílsfossavegur: Af Vesturlandsvegi nálægt Ausu, hjá Andakílsfossum á Skorradalsveg hjá Grund.

Á þskj. 11 er lagt til, að tekinn verði í tölu þjóðvega þessi vegur ásamt framhaldi hans inn að Efstabæ í Skorradal. Er sú vegarlengd öll 28,0 km. Hér er lagt til að taka aðeins þann kaflann, sem mest er umferð, og er það sérstaklega með tilliti til Andakílsvirkjunarinnar. Vegarlengd er um 7,0 km, og er vegurinn allur akfær.

Leirársveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Leirá. Síðan yfir Laxárbrú hjá Hóli og á Vesturlandsveg skammt frá Miðfelli.

Á þskj. 11 er lagt til, að tekinn verði í tölu þjóðvega vegurinn frá Vesturlandsvegi nálgt Leirá norðan Laxár og Svínadalsvatna á Draghálsveg um 19 km vegarlengd. Með tillögu minni fæst í þjóðvegatölu hringbraut, er nær inn í mynni Svínadals, en um hann liggur annar þjóðvegur. Vegarkafli þessi samkvæmt minni tillögu er um 11,5 km á lengd, sem að nokkru leyti er ólagður vegur.

Hvalfjarðarferjuvegir: Af Vesturlandsvegi hjá Eyri í Kjós að ferjulendingu sunnan Hvalfjarðar og af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum að ferjulendingu norðan Hvalfjarðar hjá Katanesi.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að leggja skuli vegi að lendingarstöðum ferju, sem fyrirhugað er að hafa á Hvalfirði, sérstaklega til flutnings á bifreiðum yfir fjörðinn. Norðan fjarðar verður vegstúfur þessi 2,2 km og sunnan um 0,5 km. Er eðlilegt, að vegir þessir verði þjóðvegir, enda í samræmi við nýtt ákvæði í 31. gr. vegalagafrumvarpsins.

Mýrasýsla.

Engar breytingartillögur hafa komið fram á þessu Alþingi, en í fyrra komu nokkrar, og hefur verið haft tillit til þeirra.

Þverárhlíðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut um Hjarðarholt og Arnbjargarlæk á Kleifaveg hjá Norðtungu.

Vegur þessi er 10,5 km að lengd og að telja má sumarbílfær, en þarf talsverðra endurbóta.

Í tillögu, sem lá fyrir Alþingi í fyrra, var gert ráð fyrir þjóðvegi inn í Þverárhlíð, en ég tel réttara, að þessi vegur komi í samband við Kleifaveg hjá Norðtungu.

Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Varmalandsskóla.

Húsmæðraskóli Borgarfjarðar hefur verið reistur að Varmalandi, og fyrirhugað er að reisa þar fleiri skóla. Nú er þangað lítt fær vegur, en byrjað á akvegi, sem verður 2,5 km að lengd.

Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Stafholti.

Í tillögu, sem lá fyrir Alþingi í fyrra, var lagt til að taka þennan veg í tölu þjóðvega og enn lengra niður með Norðurá að Flóðatanga, sem er neðsti bærinn í Tungunni, en ég tel rétt að miða við kaflann að Stafholti, sem er 3 km að lengd, en þaðan er nær 3 km að Flóðatanga.

Dalasýsla (þskj. 59).

Haukadalsvegur: Af Vesturlandsvegi sunnan við Haukadalsárbrú um Haukadal inn á móts við Leikskála.

Á þskj. 59 er lagt til að taka í tölu þjóðvega Haukadalsveg inn að Krossi, sem er innsti bærinn, og er vegarlengd þangað 18,5 km, en Leikskálar eru skammt innan við miðjan dal og vegarlengd þangað um 9,5 km og að mestu akfær.

Á þessari leið þarf nýja brú á Haukadalsá.

Laugavegur: Af þjóðveginum í Hvammssveit að Laugum.

Á Laugum er sundlaug og skóli. Vegarlengd er um 1,5 km og akfært, en þarf mikið til nýjan veg.

Barðastrandarsýsla (þskj. 6).

Suðurfjarðavegur: Frá Bíldudal um Suðurfirði að Fossi.

Á þskj. 6 er lagt til, að tekinn verði í tölu þjóðvega þessi vegur ásamt framhaldi hans suður yfir heiði, á Barðastrandarveg væntanlega nálægt Brjánslæk. Er sú vegalengd öll um 42 km, en að Fossi er 12,0 km.

Líklegt þykir, að með tímanum verði gert akfært frá Bíldudal um Foss til Barðastrandar, en leiðir eru enn órannsakaðar. Er réttmætt, að byrjað verði að gera akfært inn að Fossi, en að svo stöddu þykir ekki ástæða til þess að ákveða þjóðveg lengra.

Rauðasandsvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker og Saurbæ að Lambavatni á Rauðasandi.

Hér eru nýir kaflar frá Ósi að Hvalskeri um 9,5 km og frá Saurbæ að Lambavatni um 4,5 km, en vegurinn frá Hvalskeri að Saurbæ hefur verið þjóðvegur.

Á Rauðasandi er talið muni geta orðið blómleg byggð vegna verulega góðra ræktunarskilyrða, og er það Patreksfjarðarkauptúni mikil nauðsyn og Rauðasandsbyggðinni vitanlega einnig, að sem öruggast samband fáist þessa leið. Undanfarið hefur verið farið sjóleiðis að Hvalskeri, en yfir heiðina er þaðan til Rauðasands mjög stirður vegur.

Örlygshafnarvegur: Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri inn Sauðlauksdal til Örlygshafnar.

Á þingskjali 6 er lagt til að taka í tölu þjóðvega alla leiðina út að Látrum, sem er um 30 km vegarlengd. Hér er fallizt á að taka inn nær helming leiðarinnar, eða um 14 km.

Vestur-Ísafjarðarsýsla.

Hjarðardalsvegur: Af Ísafjarðarvegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði um Hjarðardal og yfir Dalsá hjá Kirkjubóli í Valþjófsdal.

Nú er þjóðvegur að Hjarðardal, en þaðan er 4 km út í Valþjófsdal. Kom fram tillaga á Alþingi í fyrra um að taka þennan veg í þjóðvegatölu.

Norður-Ísafjarðarsýsla (þskj. 2).

Ögurvegur: Frá Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp um Múla, um Eyrarfjall og Mjóafjörð í Ögur.

Tillögunni er breytt þannig, að vegurinn frá Múla til Ögurs, sem hún fjallar um, er felldur við núverandi þjóðveg frá Arngerðareyri að Múla. Hér er um allmikla vegagerð að ræða, 57,5 km að lengd frá Múla, og nokkuð kostnaðarsama, en þykir réttmætt, að með tímanum komi þarna akfær þjóðvegur bæði vegna innanhéraðsumferðar og langferða. Sjóleið um Djúpið til Ísafjarðarkaupstaðar yrði þá aðeins frá Ögri til Súðavíkur.

Snæfjallastrandarvegur: Frá Ármúla um Snæfjallaströnd að Bæjum.

Í þskj. 2 er lagt til, að tekinn verði í tölu þjóðvega vegurinn allt út að Staðarbryggju í Grunnavík, sem er um 40 km að lengd.

Ég get ekki fallizt á að mæla með þjóðvegi lengra út Snæfjallaströnd en að Bæjum, en þar er nú komin smáskipabryggja, og er vegalengd þangað um 16 km. Á þessari leið er Kaldalón, og er að vísu órannsakað, hvernig gert verður akfært út yfir það.

Strandasýsla (þskj. 55).

Selstrandarvegur: Af Reykjarfjarðarvegi norðan Selár út Selströnd um Drangsnes að Bæ.

Nú er þjóðvegur út að Drangsnesi, en í tillögunni er lagt til, að bætt verði við kaflanum þaðan að Kaldrananesi, sem er um 10 km. Kaflinn út að Bæ, sem hér er lagt til að taka í þjóðvegatölu er um 2 km. Hann liggur um eðlilegt ræktunarland fyrir Drangsnesþorp, en þaðan er yfir háls að fara til Kaldrananes og engin byggð á leiðinni, en vegstæði órannsakað. Þykir því ekki ástæða að taka þann kafla í þjóðvegatölu að þessu sinni. Enda eðlilegt að Kaldrananes komizt fyrst í akvegarsamband um Bjarnarfjörð og Bjarnarfjarðarháls, en þar er nú þjóðvegur.

Kaldrananesvegur: Af Bjarnarfjarðarvegi til Kaldrananess.

Í Kaldrananesi er að rísa upp smáverzlunarstaður með útgerð og frystihúsi. Vegur þessi er nú sýsluvegur og slarkfær bifreiðum. Vegarlengd er um 7 km.

Vestur-Húnavatnssýsla (þskj. 95).

Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes að Hindisvík.

Nú er þjóðvegur um Vatnsnes að austan, og yrði þá þjóðvegur allt kringum Vatnsnes. Þessi nýi vegur er 37 km að lengd og akfær, en þarf allverulegra umbóta.

Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi yfir Núpsá á væntanlegri brú nálægt Haugum.

Nú er þjóðvegur þessa leið að Minni-Tungu um 8 km, en í tillögunni á þskj. 95 er lagt til að bæta við kaflanum þaðan að Núpi, um 12,0 km vegarlengd. Ég tel réttara að miða þjóðveginn við væntanlega brú á Núpsá, sem verður nokkru utar, og nýr þjóðvegur þá um 5 km.

Austur-Húnavatnssýsla (þskj. 32).

Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá um Reyki á Svínvetningabraut hjá Tindum.

Þetta er akfær vegur, 13 km. langur, og mun verða nokkuð farinn af langferðabifreiðum, er fara um Vatnsskarð, því að þessi leið verður um 10 km styttri en um Blönduós, þegar brú er komin á Blöndu hjá Löngumýri.

Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá.

Nú er þjóðvegur að Undirfelli, en fyrirhugað er að brúa Vatnsdalsá jafnvel nokkru innar í dalnum. Nokkur brúarstæði koma til greina, en hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um, hvert þeirra verði valið. Verði það hjá Hofi, sem ekki þykir ólíklegt, þá lengist þjóðvegurinn um 2 km.

Skagafjarðarsýsla (þskj. 27).

Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi skammt innan við Varmahlíð um Mælifell, um Tungusveit og Kjálka á Norðurlandsveg nálægt Egilsá í Norðurárdal.

Hér er breytt orðalagi frá því, sem er á þskj. 27, en þetta er sami vegur og þar er nefndur Sauðárkróksbraut. Af veginum er nú þjóðvegur kaflinn inn að Mælifelli, en þaðan er að mestu leið þessi óveguð, en mun, þegar orðin er akfær, verða mikil og þörf samgöngubót innan héraðsins. Vegarlengd er um 27 km, og verður vegagerðin allkostnaðarsöm.

Hegranesvegur: Af Hofsósvegi hjá Garði að Ríp.

Í till. á þskj. 27 er gert ráð fyrir þjóðvegi að Eyhildarholti, sem er syðsti bær í tungunni milli vatna, er þangað 10 km, en ég tel rétt að taka í þjóðvegatölu aðeins kaflann að Ríp, sem er 6 km.

Eyjafjarðarsýsla (þskj. 69).

Hörgárdalsvegur ytri: Af Hörgárdalsvegi innri nálægt Hörgárbrú hjá Skuggahvammi að Dalvíkurvegi hjá Möðruvöllum.

Þessi leið liggur út Hörgárdal norðan ár og er sumarbílfær, um 15 km að lengd.

Suður-Þingeyjarsýsla (þskj. 15).

Laxárdalsvegur: Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárbrúm vestan Laxár að Þverá í Laxárdal.

Í till. á þskj. 15 er gert ráð fyrir þjóðvegi inn allan Laxárdal að Helluvaði við Mývatn, 27 km vegarlengd, en ég tek hér aðeins nyrzta kafla vegar þessa, 11 km að lengd.

Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts yfir væntanlega brú hjá Stóru-Völlum.

Í till. á þskj. 15 er gert ráð fyrir þjóðvegi inn allan Bárðardal að Kiðagili, sem er langt fyrir innan alla byggð, og 77 km að lengd. Mér þykir eðlilegt að miða þjóðveginn við hina fyrirhuguðu brú á Fljótið, en þangað eru 29 km. Þegar að því kemur, að Sprengisandsvegur verður gerður fær bifreiðum, fylgir kaflinn frá brúnni að Kiðagili honum, hvort sem hann verður þá þjóðvegur eða fjallvegur.

Norður-Múlasýsla (þskj. 33).

Vesturdalsvegur: Af Strandavegi nálægt Vesturá um Vesturárdal á Vopnafjarðarveg fyrir innan Hof.

Í tillögunni er farið fram á að gera að þjóðvegi veginn að innsta bæ í dalnum, Haugsstöðum, um 20 km. Mér þykir réttara, að þjóðvegur nái ekki svo langt inn í dalinn, en verði heldur tengdur við Hofsárdalsveginn innarlega, og verður þá vegarkafli þessi 17 km. Er tillaga mín að nokkru miðuð við, að í Vopnafirði er byggð dreifð og því þörf margra og langra vega. Þykir því réttmætt að létta einum þeirra af sýslunni.

Hróarstunguvegur nyrðri: Af Austurlandsvegi austan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum austan Jökulsár, um væntanlega brú á Lagarfljót á Steinboga á Úthéraðsveg nálægt Hóli.

Hér er farið nokkru lengra en í tillögunni, því að rétt þykir, að vegur þessi verði tengdur við Úthéraðsveg, sem síðan liggur áfram til Borgarfjarðar. Lægi

þannig þjóðvegur út alla Hróarstungu með báðum aðalbæjaröðunum að norðan og austan. Vegur þessi er 27 km að lengd, en vegstæði er mjög gott og vegagerðin mjög kostnaðarlítil, nema brúin yfir Lagarfljót, sem hvort sem er mun lenda á ríkissjóði að kosta, er að því kemur, að hún verði byggð. Í tillögunni er vegurinn nefndur Húseyjarvegur, en ég tel hitt heppilegra.

Seyðisfjarðarvegur: Frá Seyðisfirði að Þórarinsstöðum.

Í tillögunni er gert ráð fyrir þjóðvegi allt út að Skálanesi, sem er 14 km, en ég mæli aðeins með kaflanum út að Þórarinsstöðum, sem er 7,5 km og að mestu leyti akfær.

Suður-Múlasýsla (þskj. 54).

Skriðdalsvegur: Af Skógavegi vestan Grímsár inn Skriðdal um væntanlegar brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg.

Vegur þessi er 17 km langur, og er nokkur hluti hans akfær.

Vattarnesvegur: Af Fáskrúðsfjarðarvegi fyrir austan Kolmúla að Vattarnesi.

Leið þessi, sem er 6 km, er vegleysa, en í Vattarnesi er talsverð útgerð og nokkur byggð.

Austur-Skaftafellssýsla (þskj. 92).

Hornsvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Almannaskarði að Horni.

Vegalengd að Horni er um 5,5 km og þar af talinn fullgerður vegur um 3 km. Vegna umferðar að Stokksnesvita nálægt Horni þykir rétt að taka veg þennan í þjóðvegatölu.

Vestur-Skaftafellssýsla (þskj. 44).

Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Reyniskirkju í Mýrdal.

Í tillögunni er gert ráð fyrir, að auk þessa kafla verði einnig vegurinn frá Reyni yfir Reynisfjall þjóðvegur, en á það fellst ég ekki. Kafli sá, sem hér er tekinn inn, er tæpir 4 km, en yfir Reynisfjall er 3 km.

Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Búlandi.

Vegur þessi er 12 km, og liggur leiðin áfram inn á Fjallabaksveg nyrðri, sem væntanlega verður sumarbílfær milli byggða til Galtalækjar á Landi áður en langt líður.

Kirkjubæjarklaustursvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri á Síðu.

Vegur þessi er um 1,5 km, bílfær en lélegur og þarf nýjan veg, því að hann er mjög fjölfarinn.

Rangárvallasýsla (þskj. 17).

Árbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá um Árbæ á Landveg nálægt Lækjarbotnum.

Neðri kafli vegarins er bílfær, en sá efri er ógerður og verður æði kostnaðarsamur. Vegarlengd er um 17 km.

Ásvegur: Af Suðurlandsvegi móts við vegamót Landvegar um Ás að Sandhólaferju.

Í tillögunni er gert ráð fyrir þjóðvegi allt til Þykkvabæjar, um 23 km, en ég tel rétt að taka aðeins kaflann að bænum Sandhólaferju, sem er 11 km.

Bakkabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Þverárbrú, sunnan Þverár yfir væntanlega brú á Hólsá hjá Ártúni á Þykkvabæjarveg.

Í tillögunni er gert ráð fyrir þjóðvegi að Eystri-Hól, um 19,0 km. Ég tel rétt-

ast að tengja þennan veg við Þykkvabæjarveg um brúna á Hólsá, sem þegar hefur verið ákveðin, og verður þá lengd hans um 15 km.

Árnessýsla (þskj. 53, 114).

Kiðjabergsvegur: Af Suðurlandsvegi fyrir vestan Hraungerði, um væntanlega brú á Hvítá hjá Kiðjabergi á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.

Í tillögunni er gert ráð fyrir tveimur heitum á þessum vegi, Kiðjabergsvegur og Reykjavegur, en mér þykir heppilegra að telja báða þessa kafla sem einn veg. Vegarlengdin er 16 km, og er vegurinn að allmiklu leyti bílfær.

Þorlákshafnarvegur: Af Selvogsvegi nálægt Hlíðarenda til Þorlákshafnar.

Í Þorlákshöfn er nú hafin framkvæmd að hafnargerð, og þykir réttmætt, að þangað verði þjóðvegur. Vegarlengdin er 6 km, og er vegurinn þegar fullgerður.

Nýir þjóðvegakaflar samkvæmt tillögum vegamálastjóra:

Gullbringusýsla:	
Hafnavegur	8,5 km
Kjósarsýsla:	
Reynivallavegur	10,0 —
Reykjavegur	12,0 —
Elliðavatnsvegur (í Kjósar- og Gullbringusýslu)	11,0 —
Borgarfjarðarsýsla:	
Andakílsfossavegur	7,0 —
Leirársveitarvegur	11,5 —
Hvalfjarðarferjuvegir	2,7 —
Mýrasýsla:	
Þverárhlíðarvegur	10,5 —
Varmalandsvegur	2,5 —
Stafholtsvegur	3,0 —
Dalasýsla:	
Haukadalsvegur	9,5 —
Laugavegur	1,5 —
Barðastrandarsýsla:	
Suðurfjarðavegur	12,0 —
Rauðasandsvegur (viðbót)	14,0 —
Örlygshafnarvegur	14,0 —
Vestur-Ísafjarðarsýsla:	
Hjarðardalsvegur (viðbót)	4,0 —
Norður-Ísafjarðarsýsla:	
Ögurvegur (viðbót)	57,5 —
Snæfjallastrandarvegur	16,0 —
Strandasýsla:	
Selstrandarvegur (viðbót)	2,0 —
Kaldrananesvegur	7,0 —
Vestur-Húnavatnssýsla:	
Vatnsnesvegur	37,0 —
Miðfjarðarvegur (viðbót)	5,0 —

Austur-Húnavatnssýsla:	
Reykjabraut	13,0 —
Vatnsdalsvegur (viðbót)	2,0 —
Skagafjarðarsýsla:	
Skagafjarðarvegur (viðbót)	27,0 —
Hegranesvegur	6,0 —
Eyjafjarðarsýsla:	
Hörgárdalsvegur	15,0 —
Suður-Þingeyjarsýsla:	
Laxárdalsvegur	11,0 —
Bárðardalsvegur vestri	29,0 —
Norður-Múlasýsla:	
Vesturdalsvegur	17,0 —
Hróarstunguvegur nyrðri	27,0 —
Seyðisfjarðarvegur	7,5 —
Suður-Múlasýsla:	
Skriðdalsvegur	17,0 —
Vattarnesvegur	6,0 —
Austur-Skaftafellssýsla:	
Hornsvegur	5,5 —
Vestur-Skaftafellssýsla:	
Reynishverfisvegur	4,0 —
Búlandsvegur	12,0 —
Kirkjubæjarklaustursvegur	1,5 —
Rangárvallasýsla:	
Árbæjarvegur	17,0 —
Ásvegur	11,0 —
Bakkabæjavegur	15,0 —
Árnessýsla:	
Kiðjabergsvegur	16,0 —
Þorlákshafnarvegur	6,0 —
	Samtals 534,7 km

Geir G. Zoëga.

Til samgöngumálanefnda Alþingis.

Nd. 331. Frumvarp til laga

um styrk til vatnsveitna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Ríkissjóður veitir styrk til vatnsveitna, er sveitarfélög láta gera, samkvæmt þeim reglum, er í lögum þessum segir.

2. gr.

Nú vill sveitarfélag koma upp vatnsveitu og fá styrk úr ríkissjóði til hennar, og skal sveitarstjórn þá, áður en framkvæmd verksins er hafin, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna. Jafnframt skal senda ráðherra frumdrætti af hinum

fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um framkvæmd verksins, sem nauðsynleg þykja til að tryggja almenningshagsmuni.

3. gr.

Þegar ráðherra hefur veitt samþykki til vatnsveitugerðar, getur sveitarstjórn hafið framkvæmdir, sem skulu gerðar undir yfirumsjón vegamálastjóra eða annars manns, sem ráðherra samþykkir.

4. gr.

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu hluta af kostnaði við stofnæðar, þar með taldir vatnsgeymar, dælur og jarðboranir. Styrkurinn nemi þó ekki meiru en helming kostnaðar þessa.

5. gr.

Ráðherra ákveður styrk til einstakra vatnsveitna, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Við styrkúthlutunina skal taka tillit til íbúafjölda á vatnsveitusvæðinu, fasteignamats eigna á staðnum og kostnaðar aðveitunnar. Styrkur til bæjarkerfis vatnsveitu til dreifingar vatnsins skal ekki veittur.

6. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til stofnæðar vatnsveitunnar (sbr. 4. gr.).

7. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal sveitarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í kauptúninu eða í kaupstaðnum. Vatnsskatt skal miða við fasteignamatsverð húseigna, og einnig má ákveða lágmark vatnsskattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna.

Sérstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kauptúnsins eða kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal og í gjaldskrá.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

Vatnsskatt skal ákveða í reglugerð. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi 22. gr. laga nr. 15 20. júní 1923 og lög nr. 129 9. des. 1941.

Greinargerð.

Samgöngumálaráðuneytið óskaði þess, að heilbr.- og félmn. Nd. flytti frv. þetta. Nefndin hefur samþykkt að verða við þessari ósk, og fylgir hér greinargerð ráðuneytisins með frumvarpinu. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Svo hljóðandi ályktun um undirbúning löggjafar um vatnsveitur var samþ. á Alþingi 1945:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina,

1. að láta athuga og gera yfirlit um, hver af kauptúnum og kaupstöðum landsins búa við óviðunandi neyzluvatn og hvaða úrræði komi helzt til greina á hverjum stað;

2. að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt þing löggjöf um stuðning ríkisins við vatnsveitur fyrir þau kauptún og kaupstaði, sem eiga svo erfiða aðstöðu, að þeim er algerlega um megn að ráðast í slík fyrirtæki af eigin rammleik.“

Ráðuneytið fól vegamálastjóra að útvega upplýsingar frá öllum kaupstöðum og kauptúnum um, hvernig ástatt væri um vatnsveitumál þeirra. Tók langan tíma að afla skýrslna og taka saman yfirlit um ástand þessara mála, enda voru svör frá ýmsum kauptúnum æði ófullnægjandi, svo sem ekki er óeðlilegt.

Vegamálastjóri hefur gert heildaryfirlit, er fylgir greinargerð þessari, um helztu niðurstöður, og er þá miðað við árið 1945. Svo sem yfirlitið ber með sér, er aðeins í 2 kaupstöðum, Siglufirði og Akureyri, vatnsveitan talin fullnægjandi, en fyrir dyrum er að leggja í mikinn endurbótakostnað í öllum hinum 7, og hafa þó Vestmannaeyjar sérstöðu, því að þar er engin vatnsveita og enn lítið eða ekkert annað vatn fáanlegt en rigningarvatn.

Í 11 kauptúnum er vatnsveitan talin nægileg. Í sumum nægir þó vatnið ekki til brunavarna, að minnsta kosti ekki nema að einhverju leyti, og yfirleitt ekki heldur fyrir vexti kauptúnsins. Í 15 kauptúnum var ófullnægjandi vatnsveita, en ráðagerðir í sumum þeirra, sérstaklega Keflavík og Skagaströnd, um lagningu vatnsveitu, sem munu nú komnar til framkvæmda. Í 6 kauptúnum voru aðeins sérveitur í fleiri eða færri hús. Í 11 kauptúnum voru engar veitur, aðeins brunnar. Er Stykkishólmur stærstur þeirra og öll aðstaða þar líklega einna erfiðust. Hefur nú verið byrjað á framkvæmdum þar, og mun lagningu stofnæðar að miklu leyti lokið.

Svo sem yfirlit þetta ber með sér, vantar mjög á, að þetta sjálfsagða menningar- og heilbrigðismál, vatnsveitur inn á hvert heimili, sé í viðunandi horfi. Áætlanir liggja ekki fyrir um framkvæmdir og yfirleitt ekki fullnægjandi rannsókn eða mælingar til undirbúnings kostnaðaráætlunum, og er því ekki unnt að gera sér grein fyrir, um hve mikinn heildarkostnað er að ræða. Það er þó augljóst, að hann skiptir nokkrum milljónum.

Aðstaða kauptúnanna til þess að ná í gott neyzluvatn er allmisjöfn, en þó yfirleitt nokkuð örðug. Er augljóst, að sumum kauptúnanna er algerlega um megn að standa undir þessum kostnaði án aðstoðar ríkissjóðs, sérstaklega með ábyrgð á lánsfé eða jafnvel beinum styrk.

Í þessu sambandi má geta þess, að víðast eru ólögð skolpræsi í þessum kauptúnum, sem sveitarsjóður þarf einnig að kosta, en erfitt mun að leggja á svo há lokræsagjöld, að þau geti staðið undir kostnaði við lokræsakerfið.

Er því borið fram frumvarp þetta til laga um styrk til vatnsveitna. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að aðstoð ríkissjóðs miðist við stofnæðar, sbr. 4. gr., en ekki sjálft bæjarkerfið til dreifingar vatninu, sbr. 5. gr.

Við athugun málsins hefur komið fram, að ógerlegt þykir að ákveða styrkhlutföllin fyrir fram, sérstaklega þar sem engar kostnaðaráætlanir liggja fyrir um stofnæðar til einstakra bæja. Eru því sett almenn ákvæði í 5. gr. um, hver tillit skuli taka um styrkveitingar.

Í 22. gr. vatnalaganna, sem fellur úr gildi, ef frumvarp þetta verður að lögum, er ákvæði um hámark vatnsskatts. Það hefur komið í ljós, að einstakir bæir komast ekki hjá því að hafa enn hærri vatnsskatt en heimilað er í þessari grein með áorðinni breytingu í lögum frá 1941, enda ekki óeðlilegt, þar sem fasteignaskatturinn hefur hækkað mjög lítið miðað við kostnaðarverð vatnsveitna, sem gerðar hafa verið næst undanfarin ár. Þykir því rétt að sleppa alveg hámarksákvæðinu. Að öðru leyti er 7. gr. frv. samhljóða 22. gr. vatnalaganna.

Fylgiskjal.

Vatnsveitumál.

Samandregið yfirlit yfir ástand í kaupstöðum og kauptúnum miðað við árið 1945.

Kaupstaðirnir (utan Reykjavíkur) samtals 9 vatnsveitur:	Íbúar:
Hafnarfjörður	4050
Ónóg, kostnaðarsamar umbætur fyrirhugaðar.	
Akranes	2026
Ekki nægileg.	
Ísafjörður	2950
Ónóg, mikil aukning nauðsynleg.	
Siglufjörður	2950
Má telja nægja.	
Ólafsfjörður	697
Talsvert kostnaðarsamar endurbætur nauðsynlegar.	
Akureyri	5939
Má telja nægja.	
Seyðisfjörður	816
Ónóg, talsverð aukning nauðsynleg.	
Neskaupstaður	1178
Ónóg, mikil aukning nauðsynleg.	
Vestmannaeyjar	3600
Engin, má vænta, að verði mjög kostnaðarsöm.	
	24206

Kauptúnin:

I. Vatnsveitur:

a. Fullnægjandi:

Borgarnes	665
Ólafsvík	500
Var fullgerð 1945, nægir fyrst um sinn, nema til brunavarna.	
Bolungavík	600
Var fullgerð fyrir fáum árum.	
Hólmavík	350
Verkið hafið 1945, ráðgert að fullgera 1946.	
Hjalteyri	450
Grenivík	150
Hrísey	364
Glerárþorp	428
Nægir, nema til brunavarna.	
Búðareyri við Reyðarfjörð	330
Vík í Mýrdal	235
Hveragerði	300
Fullgerð 1945.	
	4372

b. Ófullnægjandi:

Patreksfjörður	800
Allkostnaðarsöm.	
Bíldudalur	370
Flateyri	420
Nær því fullnægjandi.	

		Íbúar:
Suðureyri		350
Nær því fullnægjandi.		
Hnífsdalur	ca.	330
Ófullkomin.		
Skagaströnd	ca	200
Fyrirhuguð í sambandi við nýsköpun.		
Sauðárkrókur		914
Talsvert kostnaðarsamar endurbætur nauðsynlegar.		
Dalvík		509
Smáviðbætur fyrirhugaðar.		
Húsavík		1096
Raufarhöfn		340
Þórshöfn		300
Vatnsveita lögð 1945.		
Bakkagerði		140
Smáviðbætur fyrirhugaðar.		
Eskifjörður		720
Selfoss		500
Þarf talsverða aukningu.		
Keflavík		1661
Brunnar. Vatnsveita í undirbúningi, verður mjög dýr.		
		8650

II. Ekki vatnsveitur:

a. Sérveitur í fleiri eða færri hús:

Súðavík		230
Drangsnes		180
Hvammstangi		211
Blönduós		379
Hofsós		210
Fáskrúðsfjörður		600
		1810

b. Engar veitur, brunnar:

Hellissandur		380
Stykkishólmur		700
Flatey á Breiðafirði		124
Þingeyri		400
Flatey á Skjálfanda		140
Vopnafjörður		300
Djúpivogur		250
Höfn í Hornafirði		300
Stokkseyri		480
Eyrarbakki	ca.	570
Grindavík		200
		3844

Yfirlit.

Kaupstaðir	9	24206
Kauptún, fullnægjandi vatnsveitur	11	4372
— ófullnægjandi vatnsveitur	15	8650
— ekki vatnsveita, en sérveitur í nokkur hús	6	1810
— engar veitur, aðeins brunnar	11	3844
	52	42882

Nd. 332. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja spildu úr landi Englands í Lundarreykjadalshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur athugað frv. ásamt greinargerð þess, svo og fylgiskjal snertandi sölu þessarar landspildu. Samkvæmt þessum gögnum virðast allir þeir aðilar, er þetta mál varðar, vera á einu máli og mæla eindregið með því, að salan fari fram. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (SG) var fjarstaddur sökum lasleika, er málið var afgreitt.

Alþingi, 28. jan. 1947.

Jón Pálmason, form.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr.	Jón Sigurðsson, frsm.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Sþ. 333. Tillaga til þingsályktunar

um tímabundna lokun áfengisútsölu ríkisins í Vestmannaeyjum.

Frá Jóhanni Jósefssyni og Brynjólfi Bjarnasyni.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að loka áfengisútsölu ríkisins í Vestmannaeyjum nú þegar og til vetrarvertíðarloka.

Ástæður.

Till. þessi er flutt samkvæmt tilmælum áfengisvarnanefndar Vestmannaeyja, sem telur reynsluna hafa sýnt það, að ekki sé rétt, að áfengissala sé rekin þar í Eyjum, meðan aðalbjargræðistíminn stendur yfir. — Nánar í framsögu.

Sþ. 334. Tillaga til þingsályktunar

um síldarbræðsluverksmiðju í skipi.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á því, hvort ekki sé hagkvæmt að útbúa síldarbræðslu í skipi, er gæti fylgt flotanum til hinna ýmsu veiðisvæða. Skal ríkisstjórnin láta gera nákvæma stofnkostnaðaráætlun og rekstraráætlun og enn fremur athuga, hversu stórt skip og hve afkastamikil verksmiðja væri heppilegust.

Ríkisstjórnin skal leggja árangur þessara rannsókna fyrir Alþingi svo fljótt sem kostur er.

Kostnaður af rannsókn þessari greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þýðing síldarútvegsins fyrir afkomu landsmanna er fyrir löngu viðurkennd af alþjóð. Árlega er varið fjárhæðum til þess að tryggja þennan útveg. Byggðar

eru stórvirkar nýtízku síldarverksmiðjur á ýmsum stöðum á Norðurlandi. Þrátt fyrir það kemur í ljós, að ekki er nóg gert. Fleiri verksmiðja er þörf og á öðrum stöðum en áður, og sem afleiðing þessa koma fram óskir og jafnvel frumvörp á Alþingi um byggingu síldarverksmiðju á þessum eða hinum staðnum. Vegna breytinga í sambandi við síldargöngur skeður og það, að þar, sem búið var að koma upp fullkomnum síldarverksmiðjum með ærnum tilkostnaði, berst ekki nægur síldarafli á land til að halda þeim í fullum gangi síldveiðitímann, þótt síldveiði sé mikil, vegna þess að síldin er veidd svo langt í burtu frá verksmiðjunum, að mjög erfitt er að koma aflanum til þeirra, sérstaklega fyrir smærri skip.

Skip, sem byggt væri þannig, að í því væri fyrirkomið vélum til vinnslu á síld, eins konar fljótandi síldarverksmiðja, mætti flytja eða gæti flutt sig þangað, sem síldveiðin væri, og unnið þar úr þeim afla, sem síldveiðiskipin lönduðu í það. Slíka fljótandi síldarverksmiðju mætti sennilega starfrækja á vorin fyrir Austurlandi, þegar þar er síldveiði, fyrir Norðurlandi á sumrin og í Faxaflóa á haustum og vetrum, þegar síldveiði er slík og verið hefur á þessum vetri.

Reynslan hefur sýnt, að þrátt fyrir það, þó verksmiðjukostur landsmanna sé hvað afköst snertir að nálgast það að vera viðunandi, skapast þó víða örðugleikar við það, að of langt er frá veiðisvæðunum til verksmiðjanna. Ef tiltækilegt reyndist að koma síldarbræðsluverksmiðju fyrir í skipi, sem gæti fylgt veiðiflotanum á þá staði, sem verst eru settir hvað verksmiðjukost áhrærir, yrði síldarútveginum mikið hagræði að því. Skulu nú nefnd nokkur dæmi um það, hvernig hægt væri að hagnýta slíkt verksmiðjuskip.

Í venjulegri síldarvertíð, þegar veiði er mikil á öllu svæðinu fyrir Norðurlandi, væri hægt að láta skipið liggja á einhverri söltunarhöfn, þar sem ekki er síldarbræðsla, til þess að taka við síld, sem ekki reynist söltunarhæf. Til greina getur einnig komið, að slíkri síld væri safnað saman í þessum höfnum, og svo færi skipið á milli og tæki hana til vinnslu. Hér koma til greina staðir eins og Hólmavík, Drangsnes, Sauðárkrókur, Hofsós, Dalvík, Hrísey, Grenivík og jafnvel fleiri staðir, sem ekki hafa reynt söltun fram til þessa, og gæti slíkt skip beinlínis stuðlað að því, að unnt verði að salta síld víðar en nú er gert.

Tvær undanfarnar síldarvertíðir hefur það verið mjög áberandi, að veiði hefur verið mest fyrir Norð-Austurlandinu og oft mikil síld sunnan Langaness. Síldarverksmiðjuskip mundi, þegar svo stæði á, geta fylgt flotanum austur og tekið síld af minnstu skipunum, sem erfiðast eiga með að fara hina löngu leið í síldarbræðslurnar. Að vísu liggur fyrir að byggja síldarverksmiðju á Norð-Austurlandinu, en jafnvel þó hún væri komin upp, er þörf fyrir verksmiðjuskip í þeim árum, þegar allur flotinn er að veiðum þar.

Höfuðgildi síldarverksmiðjuskips er þó að sjálfsögðu það að hafa það til taks, þegar mikil síldveiði er utan hinnar venjulegu síldarvertíðar, sem einkum hefur átt sér stað í Faxaflóa og á Austfjörðum. Í Faxaflóa hefur tvo síðastl. vetur og ef til vill lengur verið mikil síld. Nú hefur síld verið mikil bæði í Kollafirði og Hvalfirði í upp undir tvo mánuði, og virðist ekki nokkurt lát á henni enn. Verksmiðjuskip ætti að geta dvalizt á veiðisvæðinu og tekið við veiðinni beint úr bátunum eða annars staðar þar, sem henta þætti.

Í Berufirði eystra hefur verið mikil síld mörg undanfarin ár, og myndi það gerbreyta aðstöðu til þess að hagnýta þessa síld, ef hægt væri að koma henni í bræðslu jafnhliða því, sem hún væri hagnýtt á annan hátt.

Með hliðsjón af þessu virðist sjálfsagt og eðlilegt, að ríkisstjórnin láti kunnáttumenn rannsaka, hvort ekki sé hagræði fyrir síldarútveginn, að byggð sé og rekin ein eða fleiri fljótandi síldarverksmiðjur, sem hér hefur verið drepið á, og er því þingsályktunartillaga þessi flutt.

Nd. 335. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 29. jan. 1947.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. | Jóhann Hafstein, fundaskr. | Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.

H. Benediktsson.

Nd. 336. Frumvarp til laga

um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

I. KAFLI
Stofnun og verksvið.

1. gr.

Skip merkir í lögum þessum öll skip og báta, stór og smá, sem sigla undir íslenzkum fána, innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

2. gr.

Allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta með þilfari, allt að 100 rúml. brúttó að stærð, sem aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir til að vátryggja þá hjá vátryggingarfélagi, sem starfar samkv. lögum þessum innan þess svæðis, sem báturinn er skrásettur í, og með þeim skilmálum, sem settir eru í lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim.

Þó má víkja frá þessari reglu, ef vátryggður og vátryggingarfélög þau, sem hlut eiga að máli, verða ásátt um annað.

Neiti einhver skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags og vátryggt sem önnur tryggingarskyld skip, og iðgjaldið innheimt með lögtaki samkv. 30. gr., ef þörf krefur.

Heimilt er vátryggingarfélögunum að vátryggja fiskiskip, sem eru yfir 100 rúml. brúttó, en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum áður en slík skip eru tekin í tryggingu, og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við Samábyrgðina.

Heimilt er félögunum einnig að taka til vátryggingar opna vélbáta, að fengnu samþykki Samábyrgðarinnar.

Enn fremur er félögunum heimilt að vátryggja afla, veiðarfæri og lausa muni skips og skipshafnar, ef um algerðan skiptapa er að ræða eða spjöll verða á hinu vátryggða vegna strands, elds eða ásiglingar.

3. gr.

Landinu skal skipt í vátryggingarsvæði. Atvinnumálaráðherra ákveður takmörk þeirra í samráði við Samábyrgðina.

Á hverju vátryggingarsvæði skal vera eitt vátryggingarfélag fyrir vélbáta. Allir eigendur vátryggingarskyldra vélbáta á hverju vátryggingarsvæði eru skyldir til að vera í félagi því, sem þar starfar.

Lög félaganna verða að vera í samræmi við lög Samábyrgðarinnar og samþykkt af stjórn hennar.

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með 800000 kr., að félögin fullnægi skuldbindingum sínum. Geti þau ekki af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, sem þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, en þó aldrei meira en áður nefnda upphæð.

Ef eitthvert félaganna hefur orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða tjónbætur, skal styrkur sá, er það hefur þegið af ríkissjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiddur smám saman, eftir því sem efni þess leyfa.

5. gr.

Bátaábyrgðarfélögin mega ekki hafa meira en 15% af vátryggingarupphæð hvers skips í eigin ábyrgð. Þó má áhætta á einstöku skipi aldrei fara fram úr fjárhæð, sem atvinnumálaráðherra ákveður fyrir hvert félag í samráði við Samábyrgð Íslands.

Félögin skulu endurtryggja hjá Samábyrgðinni þann hluta áhættunnar, sem þau bera ekki sjálf, og getur hún ekki undan því skorazt.

Félögin greiða Samábyrgðinni jafnhá iðgjöld af þessum fjárhæðum og þau taka sjálf.

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd eru Samábyrgðinni, skulu ákveðin í samningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

II. KAFLI

Stjórn og reikningshald félaganna.

6. gr.

Vátryggingarfélögum, sem starfa samkvæmt lögum þessum, skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Er einn þeirra formaður og tveir meðstjórnendur. Stjórnarnefndina velja eigendur hinna vátryggðu skipa, og kýs hún framkvæmdastjóra.

Stjónarnefndin skal kosin á aðalfundi. Þegar kjörtímabil stjórnarnefndarmanna rennur út eftir gildistöku laga þessara, skal kosningu hagað þannig, að einn þeirra skal kosinn til eins árs, annar til tveggja ára og hinn þriðji til þriggja ára. Eftir það skal árlega kjósa einn stjórnarnefndarmann til þriggja ára. Á sama hátt skal kjósa 3 stjórnarnefndarmenn til vara. Á aðalfundi skal enn fremur kjósa tvo endurskoðendur til þriggja ára og tvo til vara. Þóknun til stjórnar og endurskoðenda ákveður aðalfundur.

Stjórnarnefnd hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún hefur og daglegt eftirlit með rekstri félagsins, skipar skoðunar- og virðingarmenn og úrskurðar skaðabótagreiðslur. Þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef um greiðslu hærri skaðabóta en 10000 kr. er að ræða.

Stjórnarnefndin skal halda fundabók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Framkvæmdastjóri annast allan daglegan rekstur félagsins, gefur út og undirritar vátryggingarskírteini, innheimtir iðgjöld, annast reikningshald og hefur á hendi fjárvörzlu félagsins. Stjórnin ákveður þóknun til hans. Endurskoðendur skulu endurskoða reikninga félagsins og hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar félaganna liggja frammi hjá framkvæmdastjóra frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

Samábyrgðin ákveður form fyrir rekstrar- og efnahagsreikning svo og tjónbótareikning og lætur félögunum þessi eyðublöð í té gegn greiðslu.

7. gr.

Til að framkvæma skoðunar- og virðingargerð þá, sem um getur í 11. gr., skal stjórn félagsins skipa tvo skoðunar- og virðingarmenn fyrir hvert félag og tvo til vara. Skal annar þeirra vera fróður um byggingu skipa og hinn vélfróður. Þeir skulu, áður en skip er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um matið.

Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat.

Skoðunar- og virðingarmenn skulu einnig skoða og meta hvert það tjón, er vátryggt skip verður fyrir, áður en aðgerð á skipinu hefst, og gefa skriflega, sundurliðaða skýrslu um mat sitt á tjóninu. Þeir skulu einnig skoða sömu skipin, eftir að aðgerð hefur farið fram, og gefa skriflega skýrslu um, hvort þau eru komin í samt lag aftur eftir aðgerðina.

Til tryggingar því, að skilyrðum þeim, sem vátryggða eru sett, sé fullnægt, getur stjórnin skipað eftirlitsmenn, og ákveður hún þóknun til þeirra.

8. gr.

Aðalfund skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafund, þegar stjórnin telur þess þörf eða ⅕ hluti skipaeigenda fer þess á leit. Til aðalfundar skal boðað með skriflegri eða símaðri tilkynningu til skipaeigenda, eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafund skal halda svo fljótt sem auðið er eftir að stjórn félagsins hefur fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

Á aðalfundi skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og kosin stjórn og endurskoðendur samkv. 6. gr.

Atkvæðisrétt á fundum hafa allir skipaeigendur, sem skip eiga í tryggingarfélaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 5000 krónur eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn fyrir sjálfan sig og aðra en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins.

Eitt atkvæði er fyrir hvert skip, þótt vátryggingarfjárhæð þess sé undir 5000 krónum.

Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum sameignarmanni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins, þegar vátrygging fer fram eða mannaskipti verða.

Atkvæðisréttur fyrir hvert skip er tryggingarupphæð skipsins deild með 5000. Brot, sem nemur ½ eða meira, gefur atkvæði.

Eigi má fela utanfélagsmanni að fara með umboð félagsmanna á fundum, nema veðhafi sé í skipi, sem vátryggt er hjá félaginu.

Fundur er lögmætur, ef mætt er með helming allra atkvæða á fundinum. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði mætt er á þeim fundi.

Senda skal Samábyrgðinni afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðalfundi ár hvert.

9. gr.

Eignum félaganna má eingöngu verja samkvæmt tilgangi þeirra, og skulu þær ávaxtaðar í innlendum bönkum eða sparisjóðum, er ráðherra samþykkir.

10. gr.

Í reikningum félaganna ár hvert skal færa til skuldar ógreiddar tjónbætur, eftir því sem stjórnir félaganna telja nauðsynlegt, til vara fyrir óbættum tjónum og telja þá upphæð til tekna í næsta ársreikningi þar á eftir.

III. KAFLI
Um vátryggingar skipa.

11. gr.

Áður en skip er vátryggt, skal það skoðað og metið af þar til skipuðum skoðunar- og matsmönnum, en þeir skulu skipaðir af stjórn hlutaðeigandi félags.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt, áður en skipið er tekið í tryggingu.

Skoðunarmenn skulu láta álit sitt og mat í ljós skriflega á þar til gerð eyðublöð. Þóknun skoðunarmanna ákveður stjórn félagsins, og greiðist hún af eiganda skipsins.

Skoðun skipa gildir til tveggja ára í senn. Þó er stjórninni heimilt að láta skoðun og mat fara fram, hvenær sem henni þykir ástæða til. Öll áhöld, sem á skipi eru, skulu talin með í virðingarupphæð skipsins. Undantekið er þó: bækur og sjókort, einnig olíur, farvi og brennsluforði.

Nú er eigandi óánægður með skoðun og mat á skipi, og skal hann þá kæra mál sitt fyrir stjórn félagsins, en hún sker úr um skoðunina og matið.

Vátryggður getur krafizt yfirmats, og skal það þá framkvæmt af tveimur dómkvöddum mönnum. Ef matið breytist meira en um 10%, greiðir félagið matskostnaðinn, en vátryggður ella.

Þegar skip er tryggt í fyrsta sinn í einhverju félagi, skal auk iðgjaldsins greiða félaginu í inntökugjald allt að 1% af vátryggingarupphæð skipsins. Ef vátryggingarupphæð skips hækkar, skal því aðeins greiða viðbótarinntökugjald af hækkuninni, að hún stafi af verulegum umbótum á skipinu, en ekki verðhækkun eða þess háttar.

Vátryggja skal 9/10 hluta virðingarverðs hvers skips. Þann 1/10 hluta, sem þá verður eftir, má hvergi vátryggja.

Stjórn félagsins gefur út vátryggingarskírteini fyrir hvert skip um sig til eins árs í senn. Skírteini þessi eru undanþegin stimpilgjaldi.

Nú þykir Samábyrgðinni einhver skoðunar- og matsgerð eigi framkvæmd sem skyldi, og getur hún þá krafizt yfirskoðunar og yfirmats dómkvaddra manna, enda hafi yfirmat skv. 6. málsgr. þessarar gr. ekki farið fram. Hún getur og hvenær sem henni þykir ástæða til, krafizt skoðunar og endurmats á skipunum.

12. gr.

Nú flyzt skip á annað vátryggingarsvæði, og skal þá eigandi þess þegar í stað sjá um flutning tryggingar skipsins í félag það, er starfar á félagssvæði því, er skipið flyzt á. Ábyrgð fyrra félagsins fellur niður jafnskjótt og skipið hefur verið skrásett. Skal skrásetningin tilkynnt báðum félögum, þegar er hún hefur farið fram. Tilkynninguna annast skrásetningarstjóri. Sá, er skip flytur, skal einnig skyldur til að tilkynna flutninginn þegar í stað báðum vátryggingarfélögunum, að viðlögðum algerum missi réttinda á hendur vátryggingarfélagi því, er í hlut á. Sömu viðurlögum varðar það hann, ef hann vanrækir flutning tryggingarinnar. Jafnframt má dæma hann í fésekt fyrir vanrækslu í þessum efnum.

Vinnist ekki tími til að láta nýja virðingu fram fara þegar í stað, er skip flyzt milli vátryggingarfélaga, helzt sú tryggingarupphæð óbreytt, sem þá gildir, þar til ný virðing hefur farið fram á skipinu.

IV. KAFLI
Um sjótjón.

13. gr.

Þar, sem annað er ekki ákveðið í lögum þessum, reglugerðum, sem út kunna að verða gefnar, eða vátryggingarskírteinum, bæta félögin tjón það, sem verður af sérhverri þeirri hættu, sem skip lendir í á vátryggingartímabilinu. Félögin greiða

þannig tjón, sem verður af völdum storms, sjávar, straums, íss, jarðskjálfta, elds, eldingar, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, ásiglingar eða sjóráns.

Það hefur engin áhrif á skaðabótaskyldu félagsins, þótt svo kunni að standa á, að tjónbóta verði krafizt af þriðja aðila, og eigi heldur, þótt skipstjóri eða skipshöfn hafi valdið tjóninu (sbr. þó 25. gr.).

Óbein tjón, svo sem aflatjón og veiðarfæratjón, bæta félögin aðeins, þegar svo stendur á, að bátar verða fyrir slíkum tjónum vegna þess, að þeir veittu aðstoð bátum, sem tryggðir eru hjá bátaábyrgðarfélögunum. Slíkar tjónbætur skulu jafnan metnar af tveimur dómkvöddum mönnum, og er óheimilt að greiða meira en 50% af matsverði og þó aldrei meir en 5000 kr.

Hvert sinn, er skip verður fyrir bótaskyldu tjóni, skal það skoðað og tjónið metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags, áður en aðgerð hefst. Ef skipið er statt utan vátryggingarsvæðis síns félags, þegar það verður fyrir tjóni, getur stjórn félagsins útnefnt aðra menn til að skoða og virða tjónið. Skipaeigendur annast sjálfir aðgerðir skipa sinna.

Ef aðgerð hefur ekki farið fram innan árs, frá því að tjónið varð, verður það ekki tekið til greina, nema vátryggður sanni, að drátturinn hafi verið honum óviðráðanlegur.

Tjónbætur greiðast samkvæmt mati á tjóninu, nema viðgerðarkostnaður verði lægri en matið. Þá skal greiða tjónið samkvæmt viðgerðarreikningi.

Vátryggður getur krafizt yfirmats á tjónmati á sama hátt og segir í 11. gr.

Nú óskar vátryggður að fá tjónbætur greiddar, án þess að viðgerð á tjóninu fari fram, og hafi skipið þó ekki verið dæmt óbætandi (condemnerað), og er þá heimilt að semja um bæturnar eftir atvikum, en aldrei mega þær vera eins háar og matsupphæð á tjóninu. Vátryggjandi getur einhliða fellt slíkan samning úr gildi, ef vátryggður lætur fara fram aðgerð á tjóninu, eftir að slíkur samningur var gerður.

14. gr

Þegar greiddar eru tjónbætur fyrir viðgerðir, skal ávallt draga frá viðgerðarkostnaði eða matsverði sem hér segir:

Frá tjónbótum fyrir skip, sem er:

a.	6 rúmlesta eða minna	400 kr.
b.	6—12 rúmlesta	600 —
c.	12—20 —	800 —
d.	20—30 —	1000 —
e.	Yfir 30 rúmlesta	1400 —

Verði viðgerð á skemmdum frestað án samþykkis félagsstjórnarinnar, bætist ekki sá tjónauki, sem af drættinum kann að hafa hlotizt.

15. gr.

Tjón á vélum. ásamt ásum og skrúfum eða öðrum útbúnaði, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu, sem ekki stafar frá vélinni.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

Við niðurjöfnun á slíkum tjónum reiknast frádráttur samkv. 14. gr.

16. gr.

Tjón á seglum, ábreiðum, köðlum, reiða og öðrum lausum áhöldum, útbúnaði í herbergjum skipverjanna, þó ekki á föstum tré- eða málmhlutum, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins eða áhalda þess á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís,

17. gr.

Vátryggður hefur rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, þegar:

1. Skipið týnist algerlega.
2. Skipið sekkur, strandar eða á annan hátt verður fyrir tjóni, þannig að ekki telst hægt að bjarga því né endurbæta það á staðnum eða flytja það á annan stað til viðgerðar.
3. Skipið er löglega dæmt óbætandi, þ. e. hefur orðið fyrir svo miklum skemmdum vegna sjótjóns, að aðgerð á því borgar sig ekki, þar eð kostnaðurinn við aðgerð á skemmdunum fer fram úr verði skipsins í viðgerðu ástandi, að frádregnu verði þess óviðgerðs.

Greiði félagið bætur fyrir algerðan skiptapa, ber því hlutfallslegur hluti af andvirði þess, er inn kann að koma fyrir leifar þess.

Félögin skulu þó ávallt hafa rétt til, ef skip verður fyrir ónýtingardómi á þennan hátt, að gera við skipið á sinn kostnað og skila eiganda því í skoðunarfæru standi.

Nú sekkur skip, strandar eða verður fyrir öðru tjóni, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. þessarar greinar, og vátryggjandi vill eigi að síður reyna björgun á því á eigin ábyrgð og gerir slíka tilraun, án þess að óþarfur dráttur verði á, og á þá vátryggður því aðeins rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, að björgun skipsins sé ekki lokið í síðasta lagi 10 mánuðum eftir að áfallið varð, eða björgunartilraunum sé áður hætt.

18. gr.

Nú hefur ekki spurzt til skips í 3 mánuði frá því það lagði síðast úr höfn til fiskveiða hér við land, og skal þá líta svo á, að það hafi farizt algerlega, og skal greiða bætur fyrir það sem algerlega tapað. Sé skipið í utanlandssiglingum, lengist þessi frestur í 6 mánuði.

Nú er skipið yfirgefið af áhöfn úti á rúmsjó og því hefur ekki verið bjargað innan 3 mánaða frá því það var yfirgefið og á vátryggður þá kröfu til bóta sem um algerðan skiptapa væri að ræða.

19. gr.

Bætur, sem vátryggður hefur orðið að greiða þriðja manni vegna tjóns af árekstri (þegar skipið eða áhöld þess hafa rekizt á annan fastan eða fljótandi hlut), enn fremur kostnað við málarekstur, gerðardóm eða samkomulag vegna þess greiðir félagið, en þó ekki fram yfir það, sem vátryggingarfjárhæð skipsins hrekkur til.

Ef skip verður fyrir slíku tjóni í utanlandssiglingum, að nauðsynlegt er að senda skipverja heim, greiðir félagið fargjöld fyrir þá með járnbraut og skipi, svo og nauðsynlega gistingu og fæðispeninga.

Bætur fyrir tjón á lífi manna eða fyrir meiðsli eru vátryggingarfélögunum óviðkomandi.

20. gr.

Sameiginlegt sjótjón (havari grosse) skal leitt til lykta samkvæmt York-Antverpen ákvæðunum frá 1924.

21. gr.

Þetta skal ekki bæta sem sjótjón:

1. Tjón, sem verður vegna þess, að skip var, þegar það lagði síðast úr höfn, ekki sjófært, hæfilega útbúið, mannað eða lestað.
2. Tjón, sem verður vegna þess, að skipið hefur ekki verið í gildu ástandi, þegar því var lagt upp, eða ekki frá því gengið svo sem vera bar eða haft undir nægilegu eftirliti, nema vátryggða verði ekki gefin sök á því.
3. Tjón, sem verður á skipi, sem með vitund vátryggða liggur mannlaust við bryggju eða hafnarvirki. Undanþágu frá þessu geta félögin veitt með samþykki Samábyrgðarinnar.

4. Ef skip er að staðaldri notað til einhvers, sem er óviðkomandi fiskveiðum, er tjón, sem það veldur eða hlýtur, því aðeins bótaskylt, að vátryggjandi hafi samþykkt notkunina.
5. Tjón á áhöldum eða skipshluta, sem orsakast af almennri notkun hlutaðeigandi skipshluta eða áhalds.
6. Tjón, sem orsakast af hernaði, borgarastyrjöld eða þess háttar.

Ef tjón verður vegna smíðisgalla eða efnisgalla, verður tjón á hlutum þeim, sem gallinn er á, ekki bætt.

Ef tjón verður vegna slits, fúa, ryðs, tæringar, maðkskemmda, rottu, músa eða af öðrum slíkum orsökum, verður tjón á þeim hlutum, sem áður nefndar orsakir hafa valdið, ekki bætt.

22. gr.

Ef skip þiggur hjálp af öðrum vegna bilunar á vél eða af öðrum ástæðum, greiðir vátryggjandi kostnað af því í hlutfalli við vátryggingarupphæðina, að frádregnum 25%.

Öll þau skip, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum, eða af Samábyrgðinni, svo og öll þau skip, sem ríkisstofnanir eða ríkissjóður gera út eða sjá um útgerð á, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags, ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn Samábyrgðarinnar. Greiða skal aðeins það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti, þó með þeim takmörkunum, er segir í 3. mgr. 13. gr., og aldrei getur greiðslan orðið hærri en vátryggingarfjárhæð skipsins, sem hjálpina þáði. Ákvæði laga nr. 32 9. jan. 1935 um hlutdeild skipshafnar í björgunarlaunum breytist í samræmi við ákvæði greinar þessarar.

23. gr.

Þegar gert er við skip, sem orðið hefur fyrir tjóni, sem vátryggjendum ber að greiða, greiðir félagið ekki þann aukakostnað, sem stafar af eftir- eða helgidagavinnu, nema að svo miklu leyti sem við þá vinnu sparast önnur útgjöld fyrir vátryggjendur.

Kostnað við gæzlu skips meðan á viðgerð stendur, ef skipið er ekki sett á land, greiðir félagið því aðeins, að það hafi samþykkt, á hvern hátt gæzlunni skuli hagað og hvað greitt skuli fyrir hana.

Leifar skips, sem farizt hefur eða dæmt hefur verið ónýtt, svo og verð braks, sem rifið er úr skipi, sem gert er við á kostnað vátryggjanda, er eign vátryggjanda að réttri tiltölu við virðingarupphæð þess, sem vátryggt er.

24. gr.

Opnir vélbátar eru allir þeir vélbátar, sem ekki eru með fullu þilfari. Fyrir þá gilda þessi ákvæði sérstaklega:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti skal greiða samkvæmt sömu reglum sem um aðra vélbáta, ef báturinn ferst algerlega eða er dæmdur ónýtur eða óbætanlegur af skoðunarmönnum félagsins, en hálfar ella.

Þó skal félagið ávallt greiða að sínum hluta kostnað við björgun á opnum vélbáti, sem orðið hefur fyrir áfalli, og skaða, er hlýzt af nauðlendingu, enda fari kostnaðurinn ekki fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

Stjórn félagsins getur krafizt þess, að opnir vélbátar séu settir á land eftir hverja notkun í sjóferð. Hafi félagsstjórn krafizt þessa, verða engar bætur greiddar fyrir tjón, sem af því kann að leiða, ef út af er brugðið.

25. gr.

Nú sannast það, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða í sviksamlegum tilgangi valdið tjóninu, og má þá draga allt að 20% af skaðabótafénu, enda þótt vátryggðum

annars hefði borið fullar bætur. Hafi vátryggður sjálfur í sviksamlegum tilgangi tvítryggt hið sama, eða hafi hann gerzt valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir hirðuleysi, er félagið laust allra mála um skaðabótaskyldu gagnvart honum.

Hins vegar skal félaginu ávallt skylt að greiða svo mikið af skaðabótafénu sem þarf til að greiða lán, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum, enda skerða ákvæði laga þessara um niðurfall skaðabótaskyldu vátryggingarfélaga að einhverju eða öllu leyti í einstökum tilfellum aldrei rétt veðhafa til innheimtu vátryggingarfjárins hjá félaginu.

Skaðabætur greiðast þó aldrei, ef tjón verður af þeim orsökum, er greinir í 21. gr., 5. og 6. tölulið.

Félagið á ætíð endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er samkvæmt fyrri hluta þessarar greinar.

26. gr.

Öll skjöl og reikninga snertandi tjón og aðgerð á skipi skal þegar að aðgerðinni lokinni afhenda hlutaðeigandi félagi. Skal tjónið þá gert upp innan eins mánaðar frá afhendingu skjalanna. Félagið og skipseigandi koma sér saman um það, hversu aðgerð skuli hagað, og greiða kostnaðinn í hlutfalli við áhættu sína.

Aðgerðarreikningar, sem ekki eru komnir í hendur stjórnar félagsins, áður en einn mánuður er liðinn frá því að aðgerðinni er lokið, verða ekki teknir til greina, nema sannað sé fyrir stjórn félagsins, að gildar ástæður séu, að hennar dómi, fyrir þeim drætti, sem orðið hefur á því að gera kröfu.

Sama gildir um aðrar kröfur vegna sjótjóns, ef þær eru ekki komnar félagsstjórninni í hendur innan mánaðar frá því að tjónið varð.

Afrit af tjónbótaniðurjöfnun skal ávallt senda Samábyrgðinni.

V. KAFLI

Skyldur vátryggða.

27. gr.

Þegar vátryggt skip verður fyrir tjóni, sem bótaskylt er samkvæmt lögum þessum, skal eigandi skipsins, eða formaður þess í hans stað, þegar í stað tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi félagsstjórnar og gefa nákvæma skýrslu um atvikin. Skýrslan skal rituð á þar til gerð skýrsluform, er Samábyrgðin semur og lætur vátryggjendum í té.

Tjón, sem ekki hefur verið tilkynnt innan hálfs mánaðar frá því að það vildi til, getur félagsstjórnin neitað að taka til greina, nema sannað sé fyrir henni, að óviðráðanlegar orsakir séu til dráttarins.

28. gr.

Skylt er bæði skipstjóra og útgerðarmönnum að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr tjóni, svo að það verði sem allra minnst. Þeim ber að hlíta þeim ráðstöfunum, sem stjórn félagsins kann að gera í því skyni.

Á vátryggðum hvílir skylda til þess að færa sönnur á tjónið og hve miklu það hefur numið.

29. gr.

Skipstjórar á hinum vátryggðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir stjórna, og í þeim siglingum, sem þau eru í. Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laganna um útbúnað, áhöfn, ljós- og bendingartæki o. fl.

Félögin og Samábyrgðin geta hvort um sig neitað skipstjórn þess skipstjóra, sem þrisvar, vegna ógætni eða vanrækslu, hefur orðið fyrir bótaskyldu tjóni á skipum, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum. Ef eigandi skips hlítir ekki fyrirmælum um þetta, verða ekki bætt þau tjón, er sá skipstjóri verður fyrir.

Hvert það skip, sem hefur mótor í lokuðu rúmi, skal hafa meðferðis öflugt slökkvitól, sem tekið er gilt af Samábyrgðinni, og skal það haft einhvers staðar fyrir utan vélarúmið, þar sem auðvelt er að ná til þess. Í vélarúmi mega ekki vera nein þau tæki, sem eldur er notaður við, að undanteknum lömpum þeim, sem nauðsynlegt er að hafa við rekstur og gæzlu mótorsins.

VI. KAFLI

Um iðgjöld og endurgreiðslu iðgjalda.

30. gr.

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af atvinnumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og starfandi vátryggingarfélaga fiskiskipa.

Þar, sem sérstaklega stendur á að dómi atvinnumálaráðuneytisins og Samábyrgðarinnar, skal heimilt að ákveða iðgjöldin með hliðsjón af því áhættusvæði, þar sem skipinu er ætlað að vera í förum.

Vátryggingarfélag hefur lögveð í skipi fyrir inntökugjaldi, skoðunarkostnaði og vátryggingariðgjöldum, þó eigi fyrir lengra tímabil en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Vátryggingin gengur í gildi, þegar áskilið iðgjald og stofnsjóðsgjald er ákveðið, og eiga félögin kröfu á að fá greitt iðgjald fyrir vátryggt skip frá þeim tíma, er beðið var um vátrygginguna.

31. gr.

Endurgreiða skal iðgjald fyrir skip, sem staðið hefur í landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem stjórn félagsins tekur gildan, ef slík landstaða eða hafnlega hefur varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt. Ef tjónbætur á vátryggingarárinu fara fram úr helmingi hins greidda iðgjalds fellur endurgreiðsla niður fyrir það vátryggingarár. Ef skip hefur orðið fyrir tjóni sem nemur minna en helmingi greidds ársiðgjalds, má endurgreiða iðgjald, þó aldrei meir en svo, að samanlögð endurgreiðsla og tjónbætur fari aldrei fram úr helmingi ársiðgjalds. Ef skip hækkar í tryggingu meðan það var í hafnlegu eða landsátri, skal reikna endurgreiðslu hlutfallslega miðað við tryggingarupphæð, iðgjald og tíma. Sömu reglur gilda um endurgreiðslu, ef skip flyzt milli vátryggingarfélaga eða hættir að vera vátryggingarskylt.

Endurgreiðslu þessa skal reikna hlutfallslega af hinu greidda ársiðgjaldi.

Vottorð tveggja manna, sem stjórn félagsins tekur gilda, um uppistöðu eða hafnlegu þá, er hér um ræðir, skal afhenda stjórn félagsins og er skilyrði fyrir, að endurgreiðsla verði látin af hendi.

Skipin eru þó alltaf tryggð fyrir venjulegri hafnaráhættu (revier), þegar þau liggja uppi. En fyrir þá áhættu skal greiða iðgjald eins og ákveðið verður í iðgjaldaskránni.

32. gr.

Ágreining milli félags og skipseiganda, milli félaga, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar, annan en þann, sem um ræðir í 2. mgr. 22. gr. laga þessara, skal leggja í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af hæstarétti.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

Í gerðardómnum skal það ákveðið, hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila, eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðila.

Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.

33. gr.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins. Þegar vátryggingarfé er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka, hverjir hafi þinglesin veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.

34. gr.

Ef einstök félög leggjast niður vegna þess, að tvö eða fleiri félagssvæði sameinast, ganga eignir þeirra til þess félags, er tekur við tryggingarstarfsemi á félagssvæðinu.

35. gr.

Vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin gjöldum til bæjar- og sveitarsjóða, svo og undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs.

36. gr.

Lög, venjur og reglur Samábyrgðarinnar gilda um þau atriði, sem eigi eru ákvæði um í lögum þessum.

37. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 11. júní 1942.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði:

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga til ársloka 1948. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð 22. gr. laganna um aðstoð.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt skv. beiðni atvinnumálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum við það. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi rökstuðningur:

Eins og alkunnugt er, hefur skipaverð og allar aðstæður um vátryggingar fiskiskipa breytzt mjög mikið síðan lög nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, voru sett. Útgerðarmenn hafa kvartað yfir hinum háu iðgjöldum, sem greiða þarf nú, þegar skip hafa stigið svo gífurlega í verði sem raun er á orðin. Hefur því atvinnumálaráðuneytinu þótt nauðsyn bera til að láta fara fram athugun á því, hvort ekki væri fært að breyta núgildandi bátaábyrgðarlögum til hagsbóta fyrir útgerðarmenn, og enn fremur kom fram á Alþingi 1945—46 (64. löggjafarþingi) þingsályktunartillaga um skipun nefndar til að athuga þessi mál. Var tillögu þessari vísað til stjórnarinnar. Atvinnumálaráðherra skipaði því hinn 21. maí 1946 þá Arnór Guðmundsson skrifstofustjóra, Kr. Guðmund Guðmundsson tryggingafræðing og Sigurð Kristjánsson forstjóra og alþingismann til þess að athuga og gera tillögur um málið, og var verkefni nefndarinnar aukið með bréfi ráðherra 7. október s. á. og henni falið að gera fullkomna endurskoðun á téðum lögum nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, eftir því sem reynsla sú, er fengizt hefur við framkvæmd laganna, hefur gefið tilefni til, og leggja síðan tillögur sínar fyrir ráðuneytið.

Nefndin hefur nú skilað áliti dags. 17. desmber 1946 um breytingar, er hún telur rétt að gera á téðum vélbátatryggingalögum, nr. 32 11. júní 1942, og hafa þær verið felldar inn í lögin og útbúið framanritað frumvarp til laga um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, og fylgir álitsgerð nefndarinnar hér á eftir sem fylgiskjal 1.

Nefndin hafði samkvæmt því, sem henni var falið í bréfinu 21. maí 1946, athugað og gert tillögur um, hvernig lækka mætti vátryggingariðgjöld íslenzkra vélbáta, og sendi ráðuneytinu tillögur sínar í bréfi, dags. 30. september 1946, og felast þær tillögur nefndarinnar í bréfi hennar á fylgiskjali 2 hér á eftir.

Fylgiskjal 1.

Reykjavík, 17. des. 1946.

Með bréfi, dags. 7. okt., s. l., fól atvinnumálaráðherra vátryggingarnefnd ísl. vélbáta að gera fullkomna endurskoðun á lögum nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Nefndin hefur haldið marga fundi um mál þetta, farið gaumgæfilega gegnum allar greinar laganna, borið þau saman við reynslu þá, sem fengin er um framkvæmd þeirra, kynnt sér óskir útgerðarmanna, bátaábyrgðarfélaga og Samábyrgðar um breytingar, eftir því sem við varð komið.

Árangur af starfi þessu er frumvarp það, er hér með fylgir og nefndin leggur til, að verði að lögum.

Eftirfarandi greinargerð gerir nefndin fyrir hverri grein frumvarpsins:

Fyrirsögn laganna verði: Lög um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Nokkur ágreiningur hefur orðið um það, hvaða skip heyri undir orðið vélbátur. Þar sem lögin eiga aðeins að ná til fiskiskipa að ákveðnu stærðarmarki, taldi nefndin rétt að breyta fyrirsögninni í samræmi við tilgang laganna, og falla þá öll þiljuð fiskiskip undir lögin, án tillits til þess, úr hvaða efni þau eru smíðuð.

1. gr.

Óbreytt skv. lögum 32/1942.

2. gr.

Í fyrstu línu 1. mgr. kemur í stað smálestir: rúmlestir brúttó. — Þetta er aðeins leiðrétting til réttara máls.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. komi: Þó má víkja frá þessari reglu, ef vátryggður og vátryggingarfélög þau, sem hlut eiga að máli, verða ásátt um annað.

Samkv. lögum um skráningu skipa er heimilt að hafa fiskiskip 30 rúml. og stærri skrásett hvar sem er á landinu án tillits til heimilisfangs eiganda. Allmörg dæmi eru um það, að skip eru skrásett annars staðar en þau eru gerð út að staðaldri. Þetta gerir vátryggingarfélagi því, sem að lögum á að hafa skipið í tryggingu, erfitt um eftirlit og innheimtu iðgjalda, og vátryggðum bakar þetta sömu óþægindi. Nefndinni þykir því rétt að heimila undanþágu eins og að framan segir.

Í gildandi lögum er bátaábyrgðarfélögunum heimilað að taka skip í tryggingu, sem eru yfir 100 rúml. brúttó, þó eigi yfir 250 rúml. brúttó. Nefndin telur rétt að fella hámarksstærðina niður og hafa heimildina óbundna um fiskiskip.

Þá leggur nefndin til, að aftan við síðustu mgr. annarrar gr. komi: eða spjöll verða á hinu vátryggða vegna strands, elds eða ásiglingar.

Samkvæmt lögum nr. 32/1942 er aðeins heimilað að bæta slík tjón við algerðan skiptapa. Útgerðarmenn telja þessa tryggingu lítils virði og kaupa lítið slíkar tryggingar. Bótaskylda sú, sem hvílir á útgerðarmönnum vegna þess að spjöll verða á fatnaði og munum skipverja, getur orðið alltilfinnanleg, en slík spjöll verða oft, þó eigi sé um algerðan skiptapa að ræða. Með þessari breytingu telur nefndin, að slíkar tryggingar veiti meira öryggi og telur sennilegt, að þessar tryggingar mundu meir notaðar, jafnvel þó að nauðsynlegt reyndist að hækka iðgjöld fyrir þær lítills háttar frá því, sem nú er.

3. gr.

Nefndin leggur til, að 1. mgr. þessarar gr. orðist svo:

Landinu skal skipt í vátryggingarsvæði. Atvinnumálaráðherra ákveður takmörk þeirra í sambandi við Samábyrgðina.

Reynslan hefur sýnt, að sum bátaábyrgðarfélögin eru ekki nægjanlega fjársterk. Hefur það þráfaldlega komið fyrir, að þau hafa orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til að inna af hendi bótagreiðslur. Þar, sem félagssvæði er aðeins ein veiðistöð, verður ekki komizt hjá því, að mikill hluti þeirra skipa, sem félagið tryggir,

geti verið í hættu samtímis. Mælir þetta mjög á móti litlum félagssvæðum, einkum þó á þeim stöðum, sem skip eru fá, því að þar fæst alls ekki sú áhættujöfnun, sem nauðsynleg er, til þess að rekstur félaganna verði svo jafn, að um eiginlega vátryggingu sé að ræða.

Nefndin telur því brýna nauðsyn, að núverandi skiptingu landsins í félagssvæði verði breytt þannig, að þeim verði fækkað og þau stækkuð, til þess að skapa tryggingunum öruggari grundvöll. 1. mgr. þessarar greinar ætti að nægja til þess, að auðvelt verði að framkvæma þessa breytingu, sbr. og 34. gr.

4. gr.

Óbreytt eins og hún er í lögum nr. 32/1942.

5. gr.

Nefndin hefur gert þá meginbreytingu á þessari gr., að félögin hafi ákveðinn hundraðshluta af tryggingarupphæð í eigin ábyrgð, í stað ákveðinnar upphæðar, eins og nú er, að ákveðnu hámarki á skip, sem atvinnumálaráðherra ákveður árlega fyrir hvert félag í samráði við Samábyrgðina.

Með því fyrirkomulagi, sem nú er, bera félögin um helming áhættunnar á smábátunum, sem eru yfirleitt eldri og lélegri en hinir nýrri og stærri, en á þeim hafa félögin miklu minni áhættu, allt niður í 7%. Af þessu leiðir mikið misræmi í hlutfalli milli iðgjalda og tjónbóta hjá félögunum. Félögin geta haft rekstrarhalla, þó að endurtryggjandi hagnist. Þó að þetta misræmi hverfi að nokkru, ef upp verður tekin flokkun fiskiskipa í iðgjaldaflokka eftir gæðum og stærð, sem nefndin hefur lagt til, telur hún sjálfsagt að hverfa að hundraðshlutaáhættu.

6. gr.

Samkv. gildandi ákvæðum laganna eru stjórnarnefndarmenn allir kosnir til 3 ára. Þetta fyrirkomulag hefur þann galla, að hugsanlegt er, að allir stjórnarnefndarmennirnir hverfi úr stjórn samtímis. Nefndin leggur því til, að aðeins einn stjórnarnefndarmaður gangi úr árlega. Er með því tryggt, að um mál félaganna fjalli jafnan menn, sem nokkurn kunnleika hafa á þessum málum.

Þá leggur nefndin til, að ekki þurfi að leggja tjónniðurjöfnun undir samþykki Samábyrgðar, ef tjón nemur 10000 kr. eða minna, í stað 5000 kr. Er þetta talið sjálfsagt, þegar þess er gætt, hve verðgildi hefur breytzt síðan lögin voru sett.

Þá leggur nefndin til, að Samábyrgðin ákveði form fyrir rekstrar-, efnahags- og tjónbótareikninga og láti félögunum þau í té. Nú er reikningsfærsla félaganna með ýmsu móti, og skortur á, að hún veiti fullnægjandi upplýsingar um rekstur og hag félaganna.

Nauðsynlegt er, að jafnan séu fyrir hendi glögg og samræmd reikningsskil frá félögunum, svo að auðvelt sé að fá rétta mynd af hag þeirra. Því er lagt til, að fyrirkomulag það verði upp tekið, sem hér er lagt til.

7.—10. gr.

Óbreyttar eins og þær eru í lögum 32/1942.

11. gr.

Nefndin leggur til, að vátryggður geti krafizt yfirmats á mati virðingarmanna, og skal það framkvæmt af tveimur dómkvöddum mönnum. Ef matið breytist um neir en 10%, greiðir félagið matskostnað við yfirmatið, en vátryggður ella.

Nokkur óánægja hefur ríkt um það, að úrskurður stjórnarnefndar um mat virðingarmanna skuli vera bindandi, og þótti sanngjarnast að verða við óskum skipseigenda um yfirmat.

Þá leggur nefndin til, að greiða skuli allt að 1% í inntökugjald, þegar skip er tryggt í einhverju félagi. Í gildandi lögum er svo fyrir mælt, að innheimta skuli 1%

innheimtugjald í hvert sinn, er skip er tekið í tryggingu. Er félögunum sett í sjálfsvald að lækka gjaldið eða fella það niður, þegar svo stendur á, að búið er að greiða inntökugjald áður. Þá leggur nefndin til, að eigi skuli greiða inntökugjald þó að skip hækki í tryggingu vegna verðbólgu o. þ. h.

Nefndin leggur til, að kaskóskírteini fiskiskipa séu stimpilfrjáls. Samkv. gildandi ákvæðum skal gefa út tryggingarskírteini árlega, og á því að greiða stimpilgjald af þeim árlega. Endurnýjunarkvittanir fyrir bruna- og líftryggingariðgjöldum eru stimpilfrjálsar, og nær því ekki nokkurri átt að leggja slík gjöld á útgerðina.

Þar sem tryggingarupphæðir nýrra fiskibáta eru nú oft um og yfir ½ milljón króna, nemur stimpilgjaldið nokkru. Nefndin telur því rétt að fella stimpilgjald af skírteinum fiskiskipa, sem tryggð eru í bátaábyrgðarfélögunum, alveg niður.

Í síðustu málsgr. 11. gr. leggur nefndin til, að bætt verði á eftir orðunum „dómkvaddra manna“: enda hafi yfirmat skv. 6. málsgr. þessarar gr. ekki farið fram. — Er það í samræmi við ákvæðið um yfirmat.

12. gr.

Nefndin leggur til, að aftan við 12. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Vinnist ekki tími til að láta nýja virðingu fram fara þegar í stað, er skip flyzt milli vátryggingarfélaga, helzt sú tryggingarupphæð óbreytt, sem þá gildir, þar til ný virðing hefur farið fram á skipinu.

Ágreiningur hefur orðið um þetta atriði og málaferli. Þykir nefndinni rétt að taka af allan vafa í þessu efni með skýlausu orðalagi í lögunum.

13. gr.

Nefndin leggur til, að í stað 3. mgr. 13. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Óbein tjón, svo sem afla- og veiðarfæratjón, bæta félögin aðeins í þeim tilfellum, að bátar verði fyrir slíkum tjónum vegna þess, að þeir veittu aðstoð bátum, sem tryggðir eru hjá bátaábyrgðarfélögunum. Tjónbætur í slíkum tilfellum skulu jafnan metnar af tveim dómkvöddum mönnum, og er óheimilt að greiða meir en 50% af matsverði og þó aldrei meir en 5000 kr. í einstöku tilfelli.

Í hinum fyrstu lögum um vátryggingarfélög fyrir vélbáta frá 1938 var gert ráð fyrir því, að félögin bættu óbein tjón. Sú varð raunin, að kröfum um slíkar bætur var oft og tíðum ekki stillt í hóf, og var sýnilegt, að félögin fengju ekki risið undir þeim bótum. Við endurskoðun laganna 1942 var horfið að því ráði að fella bótaskyldu félaganna um óbein tjón alveg niður.

Þetta hefur valdið mikilli óánægju meðal útgerðarmanna og sjómanna, og dæmi eru til þess, að nauðstöddum bátum hefur ekki verið veitt aðstoð af þessari ástæðu.

Nefndin telur félögunum um megn að taka á sig skilyrðislausa bótaskyldu um óbein tjón með óbreyttum iðgjöldum og alveg útilokað eftir að lækkun iðgjalda, sem nú er fyrirhuguð, er komin í framkvæmd. Nefndin taldi rétt að fara milliveg í þessu máli með því að takmarka greiðslur fyrir óbein tjón eins og að ofan greinir og telur, að félögin muni geta risið undir slíkum bótum.

Þá leggur nefndin til, að ný málsgrein, sem verði 5. mgr., komi inn, svo hljóðandi:

Ef aðgerð hefur ekki farið fram innan árs, frá því að tjónið varð, verður það ekki tekið til greina nema vátryggður sanni, að drátturinn hafi verið óviðráðanlegur.

Ef verulegur dráttur verður á því af hendi skipseiganda að láta gera við sjótjón, er það til óþæginda og tefur eðlileg reikningsskil félaga og endurtryggjanda. Sú hætta er ávallt fyrir hendi, að spjöllin aukist, ef verulegur dráttur verður á aðgerð, og getur það ávallt valdið ágreiningi um tjónbætur. Þykir nefndinni því sjálfsagt, að vátryggðum sé sett nokkurt aðhald í þessu efni.

Þá leggur nefndin til, að bætt verði við nýrri málsgr., sem verður 7. mgr., um yfirmat á tjónavirðingum, og er það í samræmi við ný ákvæði 11. gr. um yfirmat.

Loks leggur nefndin til, að nýrri málsgr., 8. mgr., verði bætt við greinina, svo hljóðandi:

Nú óskar vátryggður að fá tjónbætur greiddar, án þess að viðgerð á tjóninu fari fram, og hafi skipið þó ekki verið dæmt óbætandi (condemned), og er þá heimilt að semja um bæturnar eftir atvikum, en aldrei mega þær vera eins háar og matsgerð á tjóninu. Vátryggjandi getur einhliða fellt slíkan samning úr gildi, ef vátryggður lætur fara fram aðgerð á tjóninu, eftir að slíkur samningur var gerður.

Það hefur komið á daginn, að fram hafa komið óskir um að fá tjónbætur greiddar án þess að viðgerð færi fram. Raunar hafa ekki verið mikil brögð að þessu, en gera má ráð fyrir, að slíkar kröfur fari í vöxt, vegna þess að skipaeigendur telji sér skaða að því að gera við tjón á skipum, sem vegna aldurs eða stærðar eru ekki lengur samkeppnisfær.

Nefndin hefur komizt að raun um við athugun á einu þessara mála, að bætur samkv. virðingu mundu ekki koma vátryggðum að neinu gagni, ef viðgerð ætti að fara fram. Nefndin telur því rétt, þegar svona stendur á, að tvímælalaus heimild sé um þetta í lögunum, enda er það í samræmi við almennar vátryggingarreglur.

14. gr.

Nefndin leggur til, að fasti frádrátturinn við tjónniðurjöfnun verði hækkaður um helming með hliðsjón af breyttu verðlagi.

15. gr.

Nefndin leggur til, að aftan við gr. bætist: Við niðurjöfnun á slíkum tjónum reiknast frádráttur skv. 14. gr.

Viðaukinn er til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni, en um þetta hefur verið nokkur ágreiningur og ósamræmi í framkvæmd.

16.—18. gr.

Óbr. skv. lögum 32/1942.

19. gr.

Ný málsgr., sem verður 2. mgr. svo hljóðandi:

Ef skip verður fyrir slíku tjóni í utanlandssiglingum, að nauðsynlegt er að senda skipverja heim, greiðir félagið fargjöld fyrir þá með járnbraut og skipi, svo og nauðsynlega gistingu og fæðispeninga.

Óskir hafa komið fram um að taka slíkt ákvæði upp í lögin, og taldi nefndin rétt að verða við þeim, enda tíðkast svipaðar greiðslur hjá öðrum vátryggingarfélögum.

20. gr.

Óbr. skv. lögum nr. 32/1942.

21. gr.

Nefndin leggur til, að 7. liður gr. falli niður, þar sem hún telur hann alveg óþarfan.

22. gr.

Nefndin leggur til, að 2. lína 2. mgr. orðist svo: svo og öll þau skip, sem stofnanir ríkisins eða ríkissjóðs gera út eða sjá um.

Í gildandi lögum er skylda um aðstoð lögð á skip, sem skipaútgerð ríkisins eða ríkissjóður gerir út. Nefndinni þótti rétt, að gefnu tilefni, að orða þetta á þann hátt, sem lagt er til.

23. gr.

Nefndin leggur til, að ný mgr., sem verður 2. mgr., komi, svo hljóðandi:

Kostnað við gæzlu skips, meðan á viðgerð stendur, ef skipið er ekki sett á land, greiðir félagið því aðeins, að það hafi samþykkt, á hvern hátt gæzlunni skuli hagað og hvað greitt skuli fyrir hana.

Um þetta atriði hefur verið ágreiningur, og þykir nefndinni rétt að setja skýlaus ákvæði í lögin.

24.—29. gr.

Óbr. skv. lögum 32/1942.

30. gr.

Nefndin leggur til, að lögveð nái einnig til inntökugjalds, en það er ekki tekið skýrt fram í gildandi ákvæðum, og hefur komið fyrir, að fógetaréttur hefur synjað um lögtak fyrir inntökugjaldi (stofnsjóðsgjaldi).

31. gr.

Nefndin leggur til, að 1. mgr. orðist þannig:

Endurgreiða skal iðgjald fyrir skip, sem staðið hefur á landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem stjórn félagsins tekur gildan, ef slík landstaða eða hafnlega hefur varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt. Ef tjónbætur á árinu fara fram úr helmingi hins greidda iðgjalds, fellur endurgreiðsla niður fyrir það tryggingarár. Ef skip hefur orðið fyrir tjóni, sem nemur minna en helmingi greidds ársiðgjalds, má endurgreiða iðgjald, þó aldrei meira en svo, að samanlögð endurgreiðsla og tjónbætur fari aldrei fram úr helmingi ársiðgjaldsins. Ef skip hækkar í tryggingu meðan það var í hafnlegu eða landsátri, skal reikna endurgreiðslu hlutfallslega, miðað við tryggingarupphæð, iðgjald og tíma. Sömu reglur gilda um endurgreiðslu, ef skip flyzt milli vátryggingarfélaga eða hættir að vera tryggingarskylt.

Breytingartillögur nefndarinnar miða að því að gera ákvæðin ljósari, en nokkurt misræmi hefur verið um framkvæmd þeirra vegna þess, að ákvæði gildandi laga eru ekki alls kostar ljós.

32. gr.

Nefndin leggur til, að gr. orðist þannig:

Ágreining milli félags og skipseiganda, milli félaga, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar, annan en þann, sem um ræðir í 2. mgr. 22. gr. laga þessara, skal leggja í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti. Gerðardómur skal háður í Reykjavík. Í gerðardómnum skal það ákveðið, hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðila.

Nefndin lítur svo á, að æskilegt sé, bæði fyrir vátryggðu og vátryggjanda, að örugg og fljót úrslit fáist í þeim málum, sem ágreiningur rís um. Alkunnugt er, hve málarekstur fyrir dómstólunum tekur langan tíma og kostar mikið fé. Með því fyrirkomulagi, sem sem hér er lagt til að verði upp tekið, ættu að fást fljót úrslit mála, og að hæstiréttur tilnefnir gerðardómsmenn ætti að vera trygging fyrir réttlátri dómsniðurstöðu. Nefndin telur sjálfsagt, að dómurinn verði háður í Reykjavík, því að reynslan hefur sýnt, að erfiðleikar eru á því að fá hæfa og óvilhalla dómsmenn úti um land.

33. gr.

Nefndin leggur til, að inn í síðustu línu greinarinnar, á undan orðinu „veð“, komi: þinglesin.

Virðist óeðlilegt að krefjast annars af félögunum en þau afli veðbókarvottorða, þegar tryggingarfé er útborgað.

34. gr.

Nefndin leggur til, að gr. orðist þannig:

Ef einstök félög leggjast niður vegna þess, að tvö eða fleiri félagssvæði sameinast, ganga eignir þeirra til þess félags, er tekur við tryggingarstarfsemi á félagssvæðinu.

Nefndinni virðist í alla staði óeðlilegt, að eignum félaga sé ráðstafað á annan hátt en þann, sem hér er lagt til, þar sem félagar þeirra félaga, sem sameinuð eru, halda áfram að vera þátttakendur í tryggingarstarfseminni.

35. og 36. gr.

Óbr. skv. lögum nr. 32/1942.

37. gr.

Greinin orðist þannig:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 11. júní 1942.

38. gr.

Gr. óbreytt skv. lögum nr. 32/1942.

Bráðabirgðaákvæði.

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga til ársloka 1948. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð 22. gr. laganna um aðstoð.

Virðingarfyllst.

[Undirskriftir.]

Til atvinnumálaráðherra.

Fylgiskjal 2.

VÁTRYGGINGARNEFND ÍSL. VÉLBÁTA

Reykjavík, 30. sept. 1946.

Nefnd sú, sem þér, hæstv. atvinnumálaráðherra, skipuðuð 21. maí s. l. til þess að athuga og gera tillögur um, hvernig lækka megi vátryggingargjöld íslenzkra vélbáta, hefur haft mál þetta til meðferðar og rætt það og athugað frá ýmsum hliðum.

Nefndin hefur gert sér ljóst, hvað því veldur, að tryggingargjöld fiskibáta hér þurfa að vera svo há sem raun ber vitni, til þess að bátaábyrgðarfélögin geti staðið við skuldbindingar sínar, enda eru þær ástæður almenningi kunnar í aðalatriðum. Verður þetta nánar rakið í heildaráliti nefndarinnar, sem hún mun leggja fram að loknu starfi.

Eins og kunnugt er, hefur vélbátaflotinn aukizt mikið á yfirstandandi ári, og stöðugt bætast ný skip í flotann. Kostnaðarverð hinna nýju báta er hátt, og eru því tryggingargjöld bátanna með núverandi iðgjaldatöxtum þungur baggi á útgerðinni.

Nefndin taldi því brýna nauðsyn til þess að finna einhverja lausn, sem gæti þegar í stað orðið til þess að lækka iðgjöld þessara nýju og dýru báta.

Eftir gaumgæfilega athugun komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að eina færa leiðin í þessu efni væri sú, að flokka bátana til tryggingar eftir gæðum og hafa iðgjaldið mishátt í flokkunum.

Nefndinni var það ljóst, að reglur um slíka flokkun þurfa að vera einfaldar og skýrar, svo þær valdi ekki ágreiningi eða erfiðleikum í framkvæmd. Nefndin kvaddi sér til ráðuneytis við samning reglnanna: Skipaskoðunarstjóra, skipasmíðaráðunaut og vélfræðiráðunaut Fiskifélags Íslands.

Samkomulag varð um reglur þær, sem fylgja hér með. Telur nefndin, að eigi sé þörf annarra aðgerða en taka þær upp í reglugerðir félaganna, sem ráðuneytið síðar samþykkir. Félögin geri síðan tillögur sínar um iðgjöld í hverjum flokki og fái þau staðfest. Hin nýju iðgjöld gangi í gildi þann dag, er ráðuneytið staðfestir reglugerðina. Nefndin gerir engar tillögur um það, hver iðgjöld skuli vera á hverjum stað, því hún telur stjórnir félaganna færastar um það, vegna kunnleika á staðháttum, skipastól og rekstrarafkomu undanfarið.

Reglurnar telur nefndin vera svo einfaldar, að þær þurfi ekki frekari skýringa við, þó skal þess getið, að hún ætlast til, að ákvörðun um hæfni skipa til þess að vera lengur í sama flokki en reglugerðin mælir fyrir, sbr. 5. gr., verði úrskurðuð af skipaeftirliti ríkisins, eftir að það hefur látið trúnaðarmenn sína framkvæma rannsókn í þessu efni í hvert sinn.

Þó að nefndin leggi ekki fram tölulegan rökstuðning fyrir því, að niðurfærsla iðgjalds hjá sumum félaganna sé möguleg nú, telur hún sig mega fullyrða, að slíkt sé unnt um ný skip 30 rúml. eða stærri og byggir þá skoðun á þekkingu nefndarmanna, athugun á reikningum Samábyrgðar og einstakra félaga. Reynslan hefur sýnt, að algerir skiptapar eru fátíðir í þeim flokki og smátjón mun minni en á hinum smærri og eldri fiskibátum. Með sameiginlegu iðgjaldi allra báta í sama félagi getur það einnig komið á daginn, að hagnaður aðalendurtryggjanda yrði óeðlilega mikill, en fyrirkomulag það, sem hér er lagt til að verði innleitt, á einmitt að girða fyrir það, að svo verði.

Önnur atriði í starfi nefndarinnar eru nú til athugunar, og mun nefndin senda hv. ráðuneyti tillögur sínar og greinargerð síðar.

Virðingarfyllst.

Arnór Guðmundsson.

Til atvinnumálaráðherra.

Ákvæði um, hvernig skipum skuli skipt í vátryggingarflokka.

Flokkar.

1. gr.

Aðalflokkar eru tveir:
A-flokkur: Skip 30 rúmlestir og stærri brúttó.
B-flokkur: Skip undir 30 rúmlestir brúttó.

A-flokkur skiptist í 2 flokka:
A1-flokkur: Eikarskip.
A2-flokkur: Furuskip.

B-flokkur skiptist í 2 flokka:
B1-flokkur: Eikarskip.
B2-flokkur: Furuskip.

2. gr.

Eikarskip er skip, smíðað úr eik, þ. e. að kjölur, kjalband, bönd og byrðingur sé úr eik eða jafngóðu efni.

Furuskip er skip, smíðað úr furu eða jafngóðu efni.

Tímabil flokka.

3. gr.

A1-flokkur: Eikarskip 30 brúttó rúmlestir og stærri:

eru í 1. flokki til 16 ára aldurs
— - 2. — — 28 — —
— - 3. — — 40 — —

A2-flokkur: Furuskip 30 brúttó rúmlestir og stærri:
eru í 1. flokki til 8 ára aldurs
— - 2. — — 17 — —
— - 3. — — 30 — —

B1-flokkur: Eikarskip undir 30 rúmlestir brúttó:
eru í 2. flokki til 16 ára aldurs
— - 3. — — 30 — —

B2-flokkur: Furuskip undir 30 rúmlestir brúttó:
eru í 2. flokki til 8 ára aldurs
— - 3. — — 24 — —

4. gr.

Sé skip ekki smíðað eftir íslenzkum reglum eða reglum viðurkennds flokkunarfélags og undir eftirliti skipaskoðunar ríkisins eða eftirliti, sem viðurkennt er af henni, lækkar ofangreint tímabil um 4 ár í hverjum af flokkunum 1, 2 og 3.

5. gr.

Almenn ákvæði.

Þegar skip hefur náð hæsta aldursári í sínum flokki, skal það gaumgæfilega skoðað og ásigkomulag þess rannsakað. Komi það í ljós við þá skoðun, að allt viðhald á skipinu, ásigkomulag efnis, styrkleiki þess og allur útbúnaður sé þannig, að öruggt megi teljast að hafa skipið áfram í þeim vátryggingarflokki, sem það var í, má framlengja aldurshámarkið um allt að 6 ár fyrir eikarskip, en allt að 4 ár fyrir furuskip.

Nd. 337. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 22 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Framan við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, er svo hljóðar:
Ríkissjóður leggur Samábyrgðinni til stofnfé, kr. 2500000.00, er greiðist eftir samkomulagi fjármálaráðherra og stjórnar Samábyrgðarinnar.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:
Samábyrgðin má hafa í eigin áhættu 25% af vátryggingarfjárhæð hvers skips, þó ekki hærri fjárhæð á einu skipi en 100 þús. kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru með þeim úr gildi numin lög nr. 37 27. júní 1941 og lög nr. 31 11. júní 1942.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt skv. beiðni atvinnumálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum við það. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi rökstuðningur:

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum var stofnuð með lögum 30. júlí 1909. Nær því í þrjátíu ár starfaði Samábyrgðin algerlega á frjálsum grundvelli. Hún tók jöfnum höndum beinar tryggingar og endurtryggingar fyrir félög. Stofnfé var ekkert, og studdust tryggingarnar ekki við annað en mjög takmarkaða ríkisábyrgð. Var og óheimilt að hafa meiri áhættu í einu skipi en kr. 15000.00. Það, sem þar var fram yfir, skyldi Samábyrgðin endurtryggja út frá sér.

Samábyrgðin hefur alltaf tekið hófleg iðgjöld miðað við áhættu. Lengi framan af tókst henni því ekki að safna neinum sjóðum, og þegar hún hafði starfað í nál. 30 ár, átti hún varla fyrir skuldum.

Árið 1938 voru sett lög um vátryggingarfélög fyrir vélbáta. Samkvæmt þeim lögum er komið á skyldutryggingu allra fiskiskipa minni en 100 rúmlesta. En auk þess er félögunum heimilt að tryggja stærri skip. Fyrirkomulag tryggginganna er að öðru leyti það, að félögin mega ekki hafa meiri áhættu í neinu skipi en helming, og hámarksáhættu að fjárhæð í einu skipi kr. 40000.00, — það, sem þar er fram yfir, er Samábyrgðinni skylt að taka í tryggingu, og er það oftast meginhluti vátryggingarfjárhæðarinnar.

Með lögunum um vátryggingarfélög fyrir vélbáta breyttist verksvið Samábyrgðarinnar stórkostlega. Verðmæti þess, er hún tryggði á fyrstu árunum, varð varla talið í milljónum króna. En nú er fiskiskipaflotinn, sem hún tryggir, metinn á ca. 90 milljónir króna, og fara tryggingar þessar stöðugt vaxandi.

Síðustu 6—8 árin hefur fjárhagur Samábyrgðarinnar batnað. Skuldlaus eign hennar nemur ¾ millj. kr. Er það að sönnu ekki mikil fjáreign. En ef þess er gætt, að stofnunin er aðallega endurtryggingarstofnun fyrir fiskiskip landsmanna og að tilgangurinn með skyldutryggingunni var fyrst og fremst sá að sjá útgerðinni fyrir sjóvátryggingum, er stæðu í réttu hlutfalli við áhættuna, hljóta menn að sjá, að ekki má stjórna fyrirtækinu eingöngu með gróða og fjáröflun fyrir augum.

Árið 1941 samþykkti Alþingi, að stofnfé Samábyrgðarinnar skyldi vera ½ millj. króna. Með eigin fé hefur hún því starfsfé samtals 1¼ millj. kr. Félögin, sem Samábyrgðin endurtryggir fyrir, eru flest eða öll svo félítil, að þau geta ekki greitt iðgjöld til hennar úr eigin sjóði. Og þegar útgerðin á við örðugleika að stríða, gengur innheimta iðgjalda hjá eigendum skipanna mjög treglega. Er það til dæmis um, hve félögin eiga erfitt með að standa í skilum, að þegar frumvarp þetta er flutt, á Samábyrgðin útistandandi hjá félögunum 3½ millj. kr. Hins vegar hefur Samábyrgðin þá reglu að greiða endurtryggjanda sínum í réttum gjalddaga. Þegar nú það er athugað, að starfsfé Samábyrgðarinnar er aðeins 1¼ millj. kr., er bersýnilegt, að ef hún á framvegis að veita félögunum einhverja greiðslufresti, — og hjá því sýnist ekki auðvelt að komast —, verður hún annað tveggja að fá stofnfé sitt aukið eða fleyta sér áfram með lánum. Hið fyrra sýnist hagkvæmara, og raunar sjálfsagt, þegar þess er gætt, að tryggingarnar eru skyldutryggingar, sem ríkið hefur komið á með lögum, beinlínis til stuðnings við útgerðina. Þessi stofnfjáraukning er líka eðlileg, ef miðað er við það, að sú trygging, sem ríkið lagði þessari stofnun sinni til, var í stríðsbyrjun ½ millj. kr. auk ríkisábyrgðar að fjárhæð 800 þús. kr. En síðan hefur verðgildi peninga breytzt stórkostlega til lækkunar. En skyldutryggingin nær hins vegar til að minnsta kosti tvöfalt stærri skipastóls heldur en þegar stofnféð var ákveðið ½ milljón króna.

Önnur breyting, sem frumvarpið ráðgerir í lögum Samábyrgðarinnar, er sú, að áhætta hennar í hverju skipi miðist við hundraðshluta (%). Hefur verið reiknað út, hver þessi áhættuhlutdeild megi vera miðað við fjárhag Samábyrgðarinnar eins og hann er nú og 2.5 millj. kr. stofnfé og ríkisábyrgð eins og hún nú er, og er við það miðað í frumvarpinu.

Ed. **338. Lög**

um héraðsskjalasöfn.

(Afgreidd frá Ed. 29. jan.)

Samhljóða þskj. 156.

Ed. **339. Lög**

um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn.

(Afgreidd frá Ed. 29. jan.)

Samhljóða þskj. 185.

Nd. **340. Breytingartillaga**

við frv. til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýming þeirra.

Frá Jóni Sigurðssyni og Steingrími Steinþórssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir „sauðfjársjúkdómar" í 2. mgr. komi: fjársóttir.
2. Þar sem orðið „sauðfjársjúkdómar" kemur fyrir í öðrum greinum frv. í sömu merkingu sem í 2. mgr. 1. gr., kemur hvarvetna í þess stað: fjársóttir.

Sþ. **341. Tillaga til þingsályktunar**

um rannsókn á þörf nýrra vega og brúa.

Flm.: Jónas Jónsson, Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram næsta vor og sumar nákvæmar athuganir á þörf landsmanna til að fá lagða nýja vegi og byggðar brýr til að greiða sem bezt fyrir flutningi búvöru til kaupstaða, kauptúna og sjóþorpa, og fyrir aðflutningi frá sjávarsíðunni til heimila í sveit. Jafnframt ber að athuga samgönguþörfina í byggðum landsins í sambandi við póstferðir og mannflutninga, einnig þarfir orlofsfólks, þegar það leitast við að nota sumarleyfið til að heimsækja fagra staði, bæði í byggð og óbyggðum.

Greinargerð.

Mikil nauðsyn er til að greiða sem mest fyrir innanlandsflutningum bæði með búvöru og fiskmeti. Hefur Alþingi og ríkisstjórnin staðið að miklum framkvæmdum á því sviði á undanförnum árum, en víða þarf þó þar um að bæta. Hefur ekki tekizt að nota til vegagerða allt það fé, sem Alþingi hefur veitt í því skyni, og er full þörf á, að í því efni verði stefnubreyting. Hin hlið málsins veit að orlofsfólkinu. Nýlega samþykkt löggjöf um það efni skyldar þúsundir manna, jafnt konur sem karla, til ferða innanlands, því til hressingar og heilsubótar. Þykir mörgu af þessu fólki jafnánægjulegt að heimsækja fagra staði í öræfum og óbyggðum eins og í

sveitum. Má nefna í því efni hrífandi óbyggðir í Barðastrandarsýslu, Kjalveg, öræfin milli Hofsjökuls og Vatnajökuls, Ódáðahraun og hið tilkomumikla land norðan Vatnajökuls frá Öskju um Herðubreið og austur að Snæfelli. Víða á þessum svæðum þarf litlu fé til að kosta til að gera fært bíl um hásumarið, þegar orlofsfólkið er í sumarleyfi. En þó að nauðsynlegt sé að rannsaka fyrst og fremst skilyrði til samgöngubóta í sveitum, má ekki gleyma hinni miklu þörf bæjarfólksins til að kynnast fegurð íslenzkra auðna og öræfa.

Nd. 342. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég hef ekki orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa frumvarps.

Það hefur verið mikil óánægja með skipun innflutningsmálanna, og í sambandi við meðferð þessa máls í fjárhagsnefnd komu fulltrúar frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda á fund nefndarinnar og fluttu henni bréf frá þessum samtökum, ásamt lagafrumvarpi og greinargerð, sem þau höfðu samið. Tel ég rétt, að tillögur þessara samtaka birtist þingmönnum, og fara þær hér á eftir sem fylgiskjöl.

Ég mun ásamt öðrum flytja nokkur aðalatriði þessara tillagna sem brtt. við þetta frumvarp við 2. umr. Nái þær ekki samþykki, mun ég freista að fá fram brtt. við 3. umr., er takmarki gildistíma núverandi viðskiptaráðs.

Alþingi, 30. jan. 1947.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal I.

Bréf frá L. Í. Ú., S. H. og S. Í. F. til fjárhagsnefndar Nd.

Reykjavík, 29. janúar 1947.

Til fjárhagsnefndar Nd. Alþingis, Reykjavík.

Allsherjarsamtök útvegsmanna hafa á undanförnum árum barizt fyrir breytingum á inn- og útflutningsmálum þjóðarinnar, og liggja fyrir ályktanir aðalfunda og fulltrúaráðsfunda samtakanna um þessi mál, sem lýsa glögglega afstöðu framleiðenda sjávarafurða til skipunar þessara mála.

Í framhaldi af ályktunum síðasta fulltrúaráðsfundar Landssambands ísl. útvegsmanna um viðskiptamál héldu stjórnir sambandsins, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sölusambands ísl. fiskframleiðenda fund með sér um mál þessi hinn 23. janúar s. l. og ákváðu þar að fela undirrituðum fulltrúum sínum að ganga frá tillögu um frumvarp til laga varðandi mál þessi, til Alþingis, sem sent yrði hæstvirtri fjárhagsnefnd Nd., og jafnframt yrði farið fram á það við hæstvirta fjárhagsnefnd, að hún legði málið fyrir hið háa Alþingi og beitti sér fyrir framgangi málsins þar.

Mál þetta leyfum vér oss nú hér með að senda hæstvirtri fjárhagsnefnd, ásamt greinargerð, og treystum því, að það mæti skilningi og velvilja nefndarinnar.

Vér gerum ráð fyrir því, að ýmislegt megi að undirbúningi þessa máls frá vorri hendi finna, þar sem tími hefur orðið naumari en við var búizt til afgreiðslu málsins, vegna þess hve bráðan bar að, að Alþingi tók til meðferðar nú framlengingu laganna um innflutning og gjaldeyrismeðferð, nr. 91 30. nóv. 1945.

Hins vegar vildum vér ekki láta hjá líða að koma máli voru á þann rekspöl, sem fyrir hendi lá, og í trausti þess, að hæstvirt fjárhagsnefnd fallist á nauðsyn og þýðingu málsins, væntum vér stuðnings nefndarinnar.

Virðingarfyllst.

F. h. Landssambands ísl. útvegsmanna.
J. V. Hafstein.

F. h. Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.
Einar Sigurðsson.

F. h. Sölusambands ísl. fiskframleiðenda.
H. Þórarinsson.

Fylgiskjal II.

Frumvarp útvegsmannasamtakanna og greinargerð.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 11 frá 1940, um sölu og útflutning á vörum, og lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna nefnd, er nefnist Viðskiptaráð, og jafnmarga varamenn eftir tilnefningu eftirtaldra aðila:

2 frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna,
1 frá Verzlunarráði Íslands,
1 frá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga,
1 frá Alþýðusambandi Íslands,
1 frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og
1 af hálfu ríkisstjórnarinnar,

er sé formaður nefndarinnar. Við skipun varamanna skal ákveða, fyrir hvaða aðalmenn hver þeirra um sig skuli taka sæti í ráðinu í forföllum aðalmanna eða ef sæti verður laust um stundarsakir.

2. gr.

Viðskiptaráð hefur þessi verkefni með höndum:

1. Yfirstjórn með öllum út- og innflutningi undir yfirstjórn viðskiptamálaráðherra.
2. Gerir tillögur til ráðherra um það, á hvaða vörutegundum út- og innflutningur skuli vera háður leyfisveitingum. Jafnframt gerir ráðið tillögur um það, til hvaða landa og frá hvaða löndum vörur séu seldar og keyptar, en ráðherra setur um þetta nánari ákvæði.
3. Veitir útflytjendum útflutningsleyfi á vörum þeirra og setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem það telur nauðsynlegt hverju sinni.
4. Úthlutar til innflytjenda innflutningi á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og setur þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum, samanber þó lög um Nýbyggingarráð frá 24. nóv. 1944.
5. Ráðstafar gjaldeyri til vörukaupa erlendis samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar svo og til annarra nauðsynja, samanber þó lög um Nýbyggingarráð frá 24. nóv. 1944. Sölu- og innkaupafélög framleiðenda skulu þó að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til gjaldeyris vegna kaupa á vörum þeim eða tækjum, sem nauðsynleg eru vegna framleiðslunnar.
6. Ráðstafar, ef því þykir nauðsyn bera til, farmrými á skipum, er annast vöruflutninga frá og til landsins og eru eign íslenzkra aðila eða á vegum þeirra.
7. Fer með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit samkvæmt lögum nr. 3/1943 eða öðrum lögum, sem sett kunna að verða í þeirra stað, og vöruskömmtun lögum samkvæmt.

Ráðherra setur Viðskiptaráði starfsreglur.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engir megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja vörur úr landi, aðrir en þeir, sem til þess hafa fengið sérstakt leyfi eða löggildingu ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Nýbyggingarráð og Viðskiptaráð skulu sameiginlega útbúa fyrir ár hvert heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs, magn og verðmæti, svo og um, til hvaða landa útflutningurinn fari og frá hvaða löndum innflutningurinn komi. Skal áætlun þessi miðast við það að hagnýta sem bezt markaðsmöguleika og fullnægja sem hagkvæmast innflutningsþörf landsmanna. Mánaðarlega skulu ráðin hafa sameiginlega fundi til þess að endurskoða áætlun þessa og breyta henni svo sem nauðsynlegt kann að vera vegna viðskipta við útlönd og gjaldeyrisástands þjóðarinnar.

5. gr.

Að fráskildum greiðslum fyrir vöruinnflutning, sem er ekki háður leyfisveitingum samkvæmt 1. tölulið 2. gr. laga þessara, má engan gjaldeyri láta af hendi án leyfis Viðskiptaráðs nema séu greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vextir og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einir kauprétt á erlendum gjaldeyri, enda skulu þeir skyldir til að kaupa allan þann gjaldeyri, sem fæst fyrir útfluttar afurðir og ráðið hefur samþykkt sölu á og samþykkt er af viðskiptamálaráðherra.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f, þannig að hinn síðarnefndi fái einn þriðja hluta alls gjaldeyris, ef hann óskar, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, sem hvor banki fær, getur ráðherra breytt, ef báðir bankarnir samþykkja. Enginn hefur rétt til að selja erlendan gjaldeyri nema Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f. Þó er póststjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ráðherra setur.

Bannað er að flytja íslenzkan eða erlendan gjaldmiðil úr landi, nema nauðsynlegan farareyri eftir reglum, sem ráðherra setur.

6. gr.

Ráðherra setur nánari fyrirmæli í reglugerð um efni þau, er í lögum þessum greinir, þar á meðal um úthlutun innflutnings og um gjaldeyrisleyfi, um gjaldeyrisverzlun, um eftirlit tollmanna til varnar við útflutningi innlends og erlends gjaldmiðils og til tryggingar því, að íslenzk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna. Enn fremur ákvæði um það, að allur annar gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

Sömuleiðis skýr og ótvíræð fyrirmæli um verkskiptingu milli Viðskiptaráðs og Nýbyggingarráðs, svo sem um útgáfu gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum, sem veitt eru samkvæmt tillögum hins síðarnefnda og greiðast með gjaldeyri af nýbyggingarreikningi.

7. gr.

Af útflutningsleyfum þeim, er Viðskiptaráð veitir, greiðist ½% af útflutningsverðmæti varanna. Hver sá, er innflutningsleyfi fær, greiðir Viðskiptaráði ½% af upphæð þeirri, er gjaldið hljóðar um. Þó skal aldrei greiða minna en 1 krónu fyrir hvert einstakt leyfi. Gjöldum þessum skal varið til að standast kostnað af Viðskiptaráði og framkvæmd þessara laga.

Leyfisgjöld, sem til falla vegna útgáfu innflutningsleyfa samkvæmt tillögum Nýbyggingarráðs, renna til þess, enda sé sá innflutningur greiddur með gjaldeyri af nýbyggingarreikningi.

8. gr.

Brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, þar á meðal skilyrðum um leyfi, er Viðskiptaráð setur, varða sektum allt að 100000 krónum. Ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað, má og svipta sökunaut með dómi rétti til verzlunar. Upptaka eignar samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

9. gr.

Mál út af brotum samkvæmt 8. gr. fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um sölu og útflutning á vörum, nr. 11 frá 1940, og lög um innflutning og gjaldeyrismeðferð, nr. 91 30. nóv. 1945.

Greinargerð.

Síðan stríðinu lauk og viðskipti milli landa urðu greiðari, hefur allmikið borið á því, að innkaupum á vörum væri ekki hagað í samræmi við sölumöguleika íslenzkra afurða erlendis, heldur mjög einhliða litið á það, hvar innflytjendur teldu hagkvæmast að gera innkaup sín hverju sinni. Hefur þetta skapað mikla örðugleika fyrir útflutningsverzlunina, sem mátt hefði komast hjá að verulegu leyti með annarri skipan þessara mála.

Fullyrða má, að viðurkennt sé af öllum þorra manna, er frumvarp þetta snertir, að þeir, er drýgstan þáttinn eiga í gjaldeyrissköpun þjóðarinnar, eigi að hafa íhlutunarrétt um það, hvernig gjaldeyrinum sé varið og ráðstafað. Gjaldeyrissköpun þjóðarinnar á rót sína að rekja til samverkandi orsaka ákveðinna stétta þjóðfélagsins, en þó verður því tæplega mótmælt, að sjávarútvegsframleiðendur leggja langtum drýgstan þáttinn til gjaldeyrisöflunar með framleiðslutækjum sínum samfara mikilli fjárhagslegri áhættu um rekstur tækjanna, enda mjög dýrum stofnkostnaði þeirra.

Með hliðsjón af staðreyndum þeim, sem hér að framan er getið, er talið rétt og sjálfsagt, að skipun Viðskiptaráðs fari eftir tilnefningu þeirra aðila, er gjaldeyrinn skapa, jafnframt fulltrúum neytenda og þeirra manna, er kaupa gjaldeyri til ráðstöfunar vegna kaupa á neyzluvörum þjóðarinnar. Með þessi sjónarmið fyrir augum er lagt til um skipun Viðskiptaráðs í 1. grein frumvarpsins, en þar er gert ráð fyrir, að tveir af Viðskiptaráðsmönnum séu tilnefndir af heildarsamtökum útvegsmanna, það er Landssambandinu, einn af Verzlunarráði Íslands, einn af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, einn af Alþýðusambandi Íslands, einn af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, og hinn sjöundi skipaður af ríkisstjórninni, en hann sé jafnframt formaður ráðsins. Nú er það staðreynd, sem ekki verður véfengd, að brýna nauðsyn ber til þess, að þeir menn, sem fara með ákvörðun og úthlutun gjaldeyrisins, hafi glögga yfirsýn yfir gjaldeyriseign þjóðarinnar, eins og hún er á hverjum tíma, og verður það ekki betur tryggt á annan hátt en þann, að þeim hinum sömu mönnum sé falið eftirlit með sölusamningum á framleiðsluvörum þjóðarinnar. Þess vegna er gert ráð fyrir því í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, að lögin um úflutningsleyfi, nr. 11 frá 1940, verði felld úr gildi og efni þeirra fellt inn í lögin um innflutning og gjaldeyrismeðferð, þannig að starf samninganefndar utanríkisviðskipta, sem nú fer með starf útflutningsráðs og farið hefur með það á stríðsárunum, verði fellt inn í verksvið Viðskiptaráðs.

Eins og vitað er, er núverandi skipun innflutnings- og útflutningsmálanna á margra höndum, og verður því ekki neitað, að slíkt fyrirkomulag hefur ýmsa annmarka í för með sér. Þeir, sem fara nú með þessi mál, eru:

1. Viðskiptaráð, 2. Samninganefnd utanríkisviðskipta (útflutningsráð áður), 3. Nýbyggingarráð, 4. Viðskiptamálaráðherra, 5. Atvinnumálaráðuneytið.

Það virðist vera augljóst, að slík ráðstöfun á málum þessum skapar ýmsa örðugleika í framkvæmd þeirra, og má í því sambandi benda á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi, að ýmislegt ósamræmi skapast í meðferð þessara mála, þegar þau eru á margra höndum. Í öðru lagi, að margs konar árekstrar verða á milli þeirra, sem með málin fara. Í þriðja lagi, að ýmiss konar togstreita hlýtur að skapast á milli þeirra, sem fara með leyfisveitingarnar. Í fjórða lagi, að hagsmunir heildarinnar hljóta að vera fyrir borð bornir að einhverju leyti, sérstaklega útflytjenda og framleiðendanna. Í fimmta lagi, að fyrirkomulag þetta er mjög þunglamalegt í framkvæmd og skapar margs konar ónauðsynlegar tafir á afgreiðslu mála. Í sjötta lagi, að fyrirkomulag þetta er allt of dýrt fyrir þjóðarbúskapinn í heild. Sem dæmi má nefna, að góðir sölumöguleikar eru í Tékkóslóvakíu fyrir frystan fisk, niðursuðuvörur o. fl., en útflytjendur hafa ekki getað notfært sér þennan markað nema að litlu leyti sökum þess, hve lítið hefur verið keypt þar af vörum, enda mun nú svo komið, að Ísland á allverulegar inneignir í Tékkóslóvakíu og sölur þangað algerlega stöðvaðar fyrir nokkru. Sama er að segja um Ítalíu. Þar er mikil eftirspurn eftir söltuðum og frystum fiski, en þar sem Ítalir geta ekki keypt þessar vörur svo nokkru nemi, nema gegn greiðslu í lírum, sem ekki er hægt að nota til annars en vörukaupa þar, er nú svo komið, að útflytjendur eiga miklar innstæður þar í lírum, sem ekki er útlit fyrir, að þeir geti selt bönkum eða öðrum, að minnsta kosti fyrst um sinn, sökum þess að ekki hefur verið lögð nægileg áherzla á að beina vörukaupum þangað. Má í þessu sambandi geta þess, að fyrir skömmu munu hafa verið gerð innkaup á nýjum ávöxtum, salti o. fl. í allstórum stíl gegn greiðslu í sterlingspundum. En kunnugt er, að það mun ekki hafa verið neinum vandkvæðum bundið að fá þessar vörur keyptar í Ítalíu gegn greiðslu í lírum. Þetta hefur jafnvel gengið svo langt, að ýmsum fyrirtækjum hefur verið synjað um innflutningsleyfi fyrir sumum af þessum og öðrum vörum frá Ítalíu, þó að um greiðslu í lírum væri að ræða.

Það virðist engum vafa undirorpið, að mönnum sé nú orðin augljós nauðsyn þess að samræma miklu meira en áður hefur verið inn- og útflutningsverzlun landsmanna undir sameiginlegri yfirstjórn. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, stefnir einmitt í þá átt, og er með því reynt að auðvelda sem allra mest framkvæmd þessara mála og útiloka hvers konar árekstra, sem framkvæmd þeirra hefur haft í för með sér, meðan þau hafa verið á fleiri höndum.

Þetta er því sjálfsagðara, þar sem aðkallandi nauðsyn knýr til þess vegna stóraukinnar framleiðslu og fjölgunar á framleiðslutækjum landsmanna, að allir þeir markaðsmöguleikar, sem Íslendingum bjóðast, verði hagnýttir til hins ýtrasta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að Viðskiptaráði verði falið að fjalla eftirleiðis ekki aðeins um innflutning og gjaldeyrismeðferð, heldur einnig um veitingu útflutningsleyfa fyrir þeim vörum, sem fluttar eru úr landi, og beina viðskiptum við útlönd inn á þær brautir, sem taldar eru hagkvæmastar, ekki aðeins fyrir innflutningsverzlunina, heldur jafnframt og ekki síður fyrir útflutningsverzlunina. Frumvarpið gerir því ráð fyrir, að skipun Viðskiptaráðs verði breytt í samræmi við þau auknu verkefni, sem því eru falin, til þess að tryggja það, að það hafi yfir að ráða þeirri sérþekkingu, sem nauðsynleg er til þess að starfið beri þann árangur, sem til er ætlazt.

Eins og lagafrumvarpið ber með sér, er hér gert ráð fyrir algerlega nýrri skipun á Viðskiptaráði, þar sem, eins og áður er getið, ákveðin stéttarsamtök tilnefna fulltrúa sína til að taka sæti. Er þá gengið út frá því, að fulltrúar þeir, sem skipaðir eru af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, séu fulltrúar sjávarútvegsins í landinu, fulltrúi Verzlunarráðs Íslands sé fulltrúi innflytjendanna í landinu, fulltrúi Sambands íslenzkra samvinnufélaga sé fulltrúi bæði innfytjenda og framleiðenda landbúnaðarafurða, fulltrúi Alþýðusambands Íslands sé fyrir neytendur í landinu almennt og fulltrúi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sé umboðsmaður sjómannanna.

Frumvarpið er að öðru leyti í sem fyllstu samræmi við lög þau, sem drepið er á áður, og breytingar þær, sem gerðar hafa verið umfram það, sem hér að framan greinir, um skipun Viðskiptaráðs og verksvið þess, skýra sig að mestu leyti sjálfar.

Veigamestu breytingarnar felast í því, að frumvarpið gerir ráð fyrir, að bönkunum sé skylt að kaupa þann gjaldeyri, sem fæst fyrir framleiðsluvöruna, eftir að Viðskiptaráð, í samráði við viðskiptamálaráðherra, hefur ákveðið sölu á framleiðsluvörunum til ákveðinna landa. Önnur veigamikil breyting er sú, að gert er ráð fyrir því, að sölu- og innkaupafélög framleiðenda eigi forgangsrétt að öðru jöfnu til að kaupa vörur þær, sem beinlínis snerta framleiðsluna sjálfa. Virðist þetta vera mikil sanngirniskrafa, enda hefur hún fengið fullan hljómgrunn flestra þeirra, er fjallað hafa um þessi mál.

Að sjálfsögðu má gera ráð fyrir því, að einhverjar óánægjuraddir heyrist um þetta atriði, en í því sambandi má á það benda, að innkaupafélög framleiðenda hljóta í eðli sínu ætíð að berjast fyrir því, að nauðsynjar framleiðslunnar fáist við sem lægstu verði, sem lækka mundi framleiðslukostnaðinn. Hins vegar er ekki hægt að búast við slíkum sjónarmiðum af einstaklingum, sem ekki hafa bein afskipti af framleiðslunni, nema í algerlega frjálsri samkeppni (án quota-systems), þar sem álagningarupphæðin hækkar eftir því sem varan er dýrari, en eins og nú er háttað um möguleika á útvegun neyzluvara framleiðslunnar og tækja til hennar, virðist flest vera seljanlegt, sem fæst, vegna örðugleika á útvegun varanna. Innkaupafélög og framleiðenda eru hins vegar flest eða öll þannig uppbyggð, að sem minnst eða engin álagning kemur þar til greina á vörurnar. Fyrirkomulag það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir í þessum efnum, stefnir því einnig beint að því að auka samkeppnina almennt um útvegun þessara vara á sem lægstu verði.

Á svipaðan hátt stefna sölufélög framleiðenda að því að útvega sem hagkvæmast verð fyrir framleiðsluvörurnar, og því eðlilegt, að þeim sé að öðru jöfnu veittur forgangsréttur um útflutningsleyfi.

Eins og að framan getur, er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að bönkunum sé skylt að kaupa þann gjaldeyri, sem fæst fyrir framleiðsluvöruna, sem seld er úr landinu samkvæmt ályktunum og samþykki Viðskiptaráðs og viðskiptamálaráðherra. Þeim er tryggt í lögunum, að þeir einir eigi rétt til að kaupa gjaldeyri þjóðarinnar, og virðist því ekki ósanngjarnt að leggja þeim einhverjar skyldur á herðar gegn þessum réttindum.

Það, sem liggur til grundvallar því ákvæði að skylda bankana til að kaupa allan gjaldeyrinn, á að nokkru leyti rót sína að rekja til reynslu undanfarinna ára, þar sem komið hefur í ljós, að bankarnir hafa færzt undan eða jafnvel neitað að kaupa gjaldeyri frá ákveðnum löndum, sem framleiðsluvörur vorar hafa verið seldar til. Má í þessu sambandi minna á tregðu bankanna á að kaupa franka vegna sölu á fiski til Frakklands eftir ófriðarlokin, sem þó síðar komst í lag vegna beinna ákvæða í samningnum um sölu þessa til Frakklands. Þá má og geta um neitun bankanna á lírukaupum frá Ítalíu vegna sölu á fiskafurðum þangað, sem ekki var hægt að selja til annarra landa, og einnig má minna á afstöðu bankanna til kaupa á sterlingspundum frá Bretlandi á stríðsárunum, svo að ekki sé farið lengra aftur í tímann, eða fyrir stríð, vegna viðskipta við Ítalíu og Þýzkaland þá.

Vegna þessarar afstöðu bankanna um gjaldeyriskaup hafa útflytjendur og framleiðendur oftlega þurft að bíða óhóflega lengi eftir greiðslum fyrir verðmæti útflutningsvöru sinnar, sem bæði hefur mjög mikil óþægindi í för með sér og oft á tíðum óeðlilegan og ástæðulausan kostnað. Slíkt verður vitanlega að fyrirbyggja, enda þolir framleiðslan í landinu engar tafir á greiðslum til hennar og sízt af öllu, ef hún á í vök að verjast.

Það virðist vera augljóst og sanngjarnt, að ef Viðskiptaráð í samráði við viðskiptamálaráðherra hefur ákveðið sölu á ákveðinni framleiðsluvöru til ákveðins lands fyrir vissan gjaldeyri, að þá sé bönkunum skylt að kaupa þann gjaldeyri, en hins vegar, ef þeir eru tregir til þess að benda á með rökum, að slíkt kunni að vera varhugavert, þá sé eðlilegt, að ríkisábyrgð liggi á bak við slík gjaldeyriskaup, sem gerð hafa verið samkvæmt samningum, sem Viðskiptaráð og viðskiptamálaráðherra hafa ákveðið, enda mun fordæmi fyrir slíku frá því fyrir stríð. Það verður að líta á

það sem eðlilegt, að þannig ríkisábyrgð sé á bak við slík gjaldeyriskaup, þar sem algerlega virðist útilokað, að framleiðslan geti tekið slíka ábyrgð á sig, enda alveg óeðlilegt.

Frumvarp þetta felur í sér algerlega nýja skipulagningu þessara mála, sem nú virðist vera orðin aðkallandi, þjóðarheildinni til hagsbóta.

Nd. 343. Breytingartillögur

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 37. gr.
   a. Á eftir orðunum „reisa bú“ í 3. mgr. bætist: eða eru að byrja fjáreign.
   b. Á eftir 3. málsgr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:
   Þeir, sem eru hættir búskap og kaupa ekki lömb eða eru fluttir burtu af fjárskiptasvæðinu, þegar fjárskipti fara fram, fá ekki bætur.
2. Við 38. gr. Á eftir orðunum „fái líflömb“ í 2. málsgr. breytist málsgreinin og orðist svo: fyrir 70% af bótaskyldri fjártölu, og sé ef unnt er útvegað ⅔ af þeim haustið, sem fjárskipti verða, en það, sem til vantar, næsta haust á eftir. Sé ekki hægt að útvega lömbin svo fljótt, ber að greiða afurðatjónsbætur fyrir þau, er til vantar, á fyrsta ári, á sama hátt og fyrir er mælt í 40. gr. Framlag ríkisins skal greitt upp í verð lambanna, en ekki er skylt að greiða það fyrr en ári eftir að fjárskipti fóru fram.
3. Við 39. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Veita skal fjáreigendum o. s. frv.

Sþ. 344. Tillaga til þingsályktunar

um síldarbræðsluskip.

Flm.: Gyfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að athuga, hvort tiltækilegt sé að láta smíða eða kaupa til landsins skip, er setja megi í síldarbræðsluvélar og nota síðan sem fljótandi síldarverksmiðjur. Í þessu sambandi sé það athugað sérstaklega, hvort unnt væri að nota í þessu skyni flugvélamóðurskip þau, er nú munu vera boðin til sölu af sumum stórveldanna.

Greinargerð.

Síldveiðarnar eru meðal þýðingarmestu atvinnuvega þjóðarinnar. En síldin hefur reynzt duttlungafull og valt að treysta því, að hana sé lengi að hitta á sömu slóðum. Um langt skeið kom hún aðallega að Austurlandi, en nú alllengi hefur hún einkum verið fyrir Norðurlandi, en þó ekki ávallt á sömum svæðum. Sum árin hefur hennar enn orðið vart við Austurland, og í Faxaflóa virðist hún stundum einnig hafa kunnað ágætlega við sig, og nú um þessar mundir er síldarmergðin í Kollafirði á allra vörum.

Íslendingar hafa fest geysifé í framleiðslutækjum til þess að hagnýta síldina sem bezt. Langflestar verksmiðjurnar eru við Norðurland, eins og eðlilegt er, en not að þeim hafa orðið nokkuð misjöfn, vegna þess að síldin hefur ekki ávallt komið á sömu slóðir.

Sökum hinna breytilegu gangna síldarinnar mundi vera að því augljós hagur, ef nokkur hluti þeirra framleiðslutækja, sem vinna eiga úr veiðinni, gæti fylgt veiðiflotanum þangað, sem mest aflast hverju sinni. Ef síldarbræðsluvélum væri komið fyrir í stórum skipum, gætu þau ávallt verið tiltækileg á því svæði, er fiskiskipin væru að veiðum, og mundi þeim þá sparast mikill tími við að sigla með veiðina til lands. Hægt væri þá og að stunda veiðar hvarvetna þar, sem síldar verður vart, jafnvel þótt fjarri væri síldarverksmiðju í landi. Er augljós sá hagnaður, sem af því hefði hlotizt, ef slíkt skip hefði nú verið til og hægt að veiða í það til bræðslu í Kollafirði undanfarið.

Enginn vafi er á því, að unnt sé að koma við slíkri síldarbræðslu um borð í skipi. Nokkur reynsla mun fengin fyrir bræðslutækjum í stórum hvalveiðiskipum. Hitt er aftur á móti óvíst hvort nauðsynlegt yrði að byggja sérstök skip í þessu skyni og þá, hvernig hagkvæmast yrði að haga gerð þeirra. En í þáltill. þessari er gert ráð fyrir því, að það verði rannsakað. Þeirri hugmynd er og varpað fram, hvort unnt mundi að nota gömul flugvélamóðurskip í þessu skyni. Þau mun nú hægt að fá við mjög hagkvæmum kjörum, og hafa fróðir menn talið, að vel gæti komið til mála að nota slík skip, og yrði það þá miklu ódýrara en að smíða ný. En það þarf að sjálfsögðu að rannsaka, og er einnig gert ráð fyrir því í þáltill.

Nd. 345. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá Lúðvík Jósefssyni og Einari Olgeirssyni.

Á undan 1. gr. frv. komi 3 nýjar greinar, sem verða 1.—3. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala því samkv. því):

a. (1. gr.) 1. gr. laganna hljóði svo:

Ríkisstjórnin skipar 7 manna nefnd, er nefnist Viðskiptaráð, og jafnmarga varamenn eftir tilnefningu eftirtaldra aðila:

2 frá Landssambandi ísl. útvegsmanna,
1 frá Verzlunarráði Íslands,
1 frá Sambandi ísl. samvinnufélaga,
1 frá Alþýðusambandi Íslands,
1 frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, og
1 af hálfu ríkisstjórnarinanr, er sé formaður nefndarinnar.

Við skipun varamanna skal ákveðið, fyrir hvaða aðalmenn hver þeirra um sig skuli taka sæti í ráðinu í forföllum aðalmanna eða ef sæti verður laust um stundarsakir.

b. (2. gr.) 3. tölul. 2. gr. laganna hljóði svo:

Ráðstafar gjaldeyri til vörukaupa erlendis samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar svo og til annarra nauðsynja, samanber þó lög um Nýbyggingarráð frá 24. nóv. 1944.

Sölu- og innkaupafélög framleiðenda skulu þó að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til gjaldeyris vegna kaupa á vörum þeim eða tækjum, sem nauðsynleg eru vegna framleiðslunnar.

c. (3. gr.) Við 1. málsgrein 4. gr. laganna bætist:

.... enda skulu þeir skyldir til að kaupa allan þann gjaldeyri, sem fæst fyrir þær útfluttar afurðir, sem útflutningsyfirvöldin hafa leyft útflutning á.

Ed. 346. Frumvarp til laga

um menntun kennara.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 152 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

Í kennslustofnun í uppeldisvísindum í háskólanum skal kenna eftirtaldar greinar:

a. lífeðlisfræði, almenna og hagnýta sálarfræði, sálarfræði barna og unglinga, heilbrigðra, geðveikladra, vangefinna og siðferðilega vangæfra;
b. vísindalega og hagnýta uppeldisfræði, sögu uppeldisfræðinnar, sögu uppeldisins, einkum hér á landi, og uppeldislega siðfræði og félagsfræði;
c. almenna kennslufræði og kennsluæfingar í einstökum greinum.

Þeir nemendur, sem búa sig undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins, menntaskóla eða sérskóla, skulu leggja stund á almenna sálarfræði barna og unglinga og kennslufræði, einkum í þeim greinum, sem þeir öðlast réttindi til að kenna.

Kennsla fer fram í fyrirlestrum, tilraunum og æfingum. Sérstaka áherzlu ber að leggja á sjálfstæða vinnu nemenda.

Að öðru leyti fer um nám og próf eftir reglugerð, sem sett er samkvæmt 2. gr. háskólalaganna 23. júní 1936.

30. gr. hljóðar svo:

Þriggja manna skólanefnd hefur umsjón með skólanum. Í skólanefnd eiga sæti: Íþróttafulltrúi ríkisins, skólastjóri gagnfræðaskólans á Laugarvatni og einn maður, er fræðslumálastjórn skipar til fjögurra ára í senn.

Sþ. 347. Nefndarálit

um till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að frv. um meðferð opinberra mála verði lagt fyrir Alþingi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leitað um hana álits dómsmálaráðuneytisins. Enn fremur hefur henni borizt álit sakadómarans í Reykjavík um hana. Fylgja álitsgerðir þeirra með nál. sem fylgiskjöl I og II.

Nefndin var sammála um að leggja til að afgreiða till. á þeim grundvelli, er dómsmálaráðuneytið lagði til, þannig að skorað yrði á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á tillögum þeim um meðferð opinberra mála, sem frv. var flutt um á Alþingi 1939, en urðu þá eigi útræddar. Sé ríkisstjórninni heimilað að skipa nefnd kunnáttumanna til þess að vinna það starf, ef hún telur nauðsyn bera til. Að slíkri endurskoðun lokinni leggi stjórnin frv. síðan fyrir Alþingi.

Samkvæmt framansögðu gerir nefndin eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara, svo fljótt sem verða má, endurskoðun á tillögum þeim um meðferð opinberra mála, er lögfræðinganefnd í réttarfarsmálum undirbjó og legið hafa fyrir Alþingi í frumvarpsformi. Skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn í þessum efnum, ef nauðsyn krefur.

Að þessari endurskoðun lokinni leggi ríkisstjórnin fyrir Alþingi frumvarp um meðferð opinberra mála.

2. Fyrirsögnin verði: Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun löggjafar um meðferð opinberra mála.

Alþingi, 30. jan. 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.	Sigurður Bjarnason, frsm.
Ásg. Ásgeirsson.	Bjarni Ásgeirsson.	Jón Sigurðsson.
	Sigfús Sigurhjartarson.	

Fylgiskjal I.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 24. jan. 1947.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur með bréfi, dags. 5. des. f. á., sent ráðuneytinu til umsagnar tillögu til þingsályktunar á þingskjali 79 um að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að frumvarp um meðferð opinberra mála verði lagt fyrir Alþingi, og vill ráðuneytið út af tillögu þessari taka fram:

Tillaga þessi er að því leyti nýstárleg, að í henni er skorað á ríkisstjórnina að leggja fyrir Alþingi ákveðið frumvarp, sem flutt var af þingnefnd á Alþingi á árinu 1939, en varð þá eigi útrætt. Var frumvarp þetta að sjálfsögðu þá þegar prentað í Alþingistíðindum, og hafa þingmenn hingað til talið sér frjálst að taka sjálfir slík frumvörp upp til flutnings. Sé það því ætlun flutningsmanns, að frumvarp þetta verði borið fram óbreytt, svo sem tillagan ber með sér, var því óþarft að leita um það til ríkisstjórnarinnar. En á það, að rétt sé að flytja frumvarpið óbreytt, getur eigi ráðuneytið fallizt.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að sett verði heildarákvæði um meðferð opinberra mála og hún samræmd lögum um meðferð einkamála í héraði frá 1936. Enn fremur eru í frumvarpinu ýmis merk nýmæli, svo sem um meðdómendur, munnlegan málarekstur fyrir opnum dyrum, skipun verjanda að loknu frumprófi og skipun sækjanda, stofnun saksóknaraembættis o. fl. Lagasetningin í heild mundi vera til mikilla bóta, en nokkur nýmæli, t. d. um víðtæka heimild til meðdómenda munu orka nokkurs tvímælis, einkum eftir að fjölgað hefur verið dómurum í hæstarétti. Enn fremur hafa aðstæður breytzt nokkuð síðan frumvarpið var samið, t. d. var embætti lögreglustjóra skipt árið 1940 og stofnað sérstakt sakadómaraembætti. Hefur fengizt af því nokkur reynzla, sem taka þarf tillit til, þegar ofangreind löggjöf verður sett. Enn má benda á, að tími virðist kominn til að athuga, hvort eigi beri að aðskilja rannsóknarvald mála og dómsvald þegar í undirrétti, þannig að sá, sem rannsakar málið, fari ekki jafnframt með dómsvald í því.

Þá vill ráðuneytið benda á, að tillögumaður telur réttarfarið eins og það er of seinvirkt og virðist ætla, að frumvarp þetta og þá einkum skipun saksóknara muni hafa áhrif á það til flýtis, og nefnir þar sem dæmi hin svonefndu heildsalamál. Þó tillagan um skipan saksóknara eigi að áliti ráðuneytisins fullan rétt á sér, telur ráðuneytið þessi rök flutningsmanns fyrir því máli byggð á fullum misskilningi eða ókunnugleika. Saksóknari tæki að verulegu leyti við afgreiðslu mála, sem nú fer fram í dómsmálaráðuneytinu. En þó að hann hefði verið starfandi, hefði hann ekki getað flýtt fyrir þeirri afgreiðslu í hinum tilgreindu málum, því að í dómsmálaráðuneytinu töfðust þau ekki, heldur fyrirskipaði það tafarlausa málshöfðun, er rannsókn var lokið. Í sambandi við hin hvatvíslegu ummæli flutningsmanns í greinargerð tillögunnar vísast að öðru leyti til skýrslu sakadómarans, dags. 18. þ. m., sem hér með fylgir í afriti. Teljist það þjóðfélagsnauðsyn, sem ráðuneytið getur fallizt á, að komið geti fyrir, að flýta þurfi rannsókn einstakra opinberra málaflokka,

virðist þurfa til þess sérstök ákvæði í lögum eða sérstaka dómara, og hefði þó ekki komið að haldi í heildsölumálunum, því að þau drógust á langinn vegna þess, hve langan tíma tók að afla sönnunargagna (mjög yfirgripsmikil bókhaldsrannsókn), en svo sem kunnugt er, gildir sú meginregla hér á landi, að hið opinbera verður að sanna sök á sakborninga, og þykir viðsjárvert að hverfa frá þeirri reglu í lýðfrjálsu landi, hversu æskilegur sem mikill hraði annars væri.

Að framantöldu athuguðu getur ráðuneytið eigi fallizt á að mæla með því, að hin umrædda tillaga til þingsályktunar verði samþykkt óbreytt. Hins vegar fellst ráðuneytið á, að nauðsyn beri til, að umrædd löggjöf verði sett, en frumvarpið verði endurskoðað af þar til skipaðri nefnd, er ráðuneytið skipaði og kostnaður yrði greiddur af ríkisfé, og síðan yrði frumvarpið lagt fyrir Alþingi að nýju.

Finnur Jónsson.

Sigurgeir Jónsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal II.

SAKADÓMARINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. janúar 1947.

Með bréfi, dagsettu 11. þ. m., hefur hið háa ráðuneyti sent hingað til umsagnar, að því er þetta embætti varðar, tillögu til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að frumvarp um meðferð opinberra mála verði lagt fyrir Alþingi.

Í greinargerð flutningsmanna fyrir tillögunni er því haldið fram, að rekstur opinberra mála sé óhæfilega seinvirkur og oft og einatt svo slælegur, að ekki verði við unað. Nefnir flutningsmaður sem dæmi um þessa meðferð opinberra mála verðlagsbrot, en af þeim málum hafi hann sérstök kynni. Um það atriði, að dómar í slíkum málum hér við embættið hafi ákveðið vægar refsingar við brotum, hirði ég ekki að ræða, en vil einungis benda á, að dómar Hæstaréttar í þeim verðlagsmálum, sem hér hefur verið dæmt í og áfrýjað hefur verið, hafa sízt bent til þess, að of vægum refsingum væri hér beitt við þá, er varðlagslöggjöfina brjóta.

Sem dæmi óhæfilegs seinagangs verðlagsmála nefnir flutningsmaður hin svonefndu heildsalamál, sem öll voru rekin hér við embættið. Því skal ekki neitað, að rekstur þessara mála hafi verið alllangur, en þegar að er gáð, sést, að það er af eðlilegum orsökum. Mál þessi, 13 að tölu, voru öll kærð hingað um sama leyti. Flest voru þau allumfangsmikil og af eðlilegum ástæðum lítt undirbúin reikningslega af verðlagsstjóra hálfu, og var nauðsynlegt, að fram færi endurskoðun á þeim öllum, nema tveimur, sem að þessu leyti voru til fullnaðar rannsökuð af skrifstofu verðlagsstjóra. Heppilegt þótti, m. a. sökum þess, hve málin voru lík, að sami endurskoðandi, sem auk þess er lögfræðingur, fjallaði um þau öll. Endurskoðun þessi var mjög mikið verk, og enda þótt kappsamlega væri að henni unnið, stóð hún lengi yfir, og er þar að finna meginorsök þess, hve rekstur málanna stóð lengi. Í þessum málum sem öðrum, sem umsvifamikil eru, voru ýmis önnur atriði, sem óhjákvæmilega tóku nokkurn tíma. Sum málin varð að senda Viðskiptaráði til umsagnar, öll dómsmálaráðuneytinu til fyrirsagnar, sakborningar í þeim öllum voru tveir eða fleiri, allt upp í fimm, og einhver þeirra þá fjarverandi, er mæta skyldi, verjendur í öllum málunum nema tveimur o. s. frv. Læt ég hér með fylgja skrá, er sýnir gang þessara mála frá upphafi.

Leyfi ég mér með tilvísun til hennar og framanritaðs að mótmæla því, að um vítaverðan drátt hafi verið að ræða hér við embættið í rekstri þessara mála. Í greinargerðinni er því haldið fram, að fyrsti dómur í málum þessum hafi fallið í janúar 1946, en eins og skráin sýnir, féll hann 12. nóvember 1945.

Hinu skal eigi mótmælt, að dráttur varð hér á hinu svonefnda hárgreiðslukvennamáli, meiri en nauðsyn bar til, en máli þessu lauk hinn 5. f. m. gegn öllum hinum ákærðu að tveimur undanteknum, sem dvelja erlendis. Sé gætt málavaxta og allra aðstæðna við meðferð þessa máls, hygg ég, að drátturinn sé þó eigi eins óafsakanlegur og flutningsmaður telur.

Við þetta embætti og vafalítið við flest lagaembætti landsins má finna mál, sem ekki hafa verið rekin með þeim hraða, sem mátt hefði, ef unnt hefði verið að einbeita sér að rekstri þeirra.

En þess ber að gæta, að í hinum mikla málafjölda og sífellda erli, sem hér er, er ókleift með núverandi starfsliði og starfsskilyrðum að afgreiða öll mál með þeim hraða, er enginn mætti að finna.

Þingsályktunartillagan endursendist.

Valdimar Stefánsson.
settur.

Dómsmálaráðuneytið.

Nd. 348. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 2. gr. Greinin hljóði svo:
2. mrg. 9. gr. laganna orðist svo:
Lög þessi falla úr gildi 1. apríl 1947.

Nd. 349. Lög

um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

(Afgreidd frá Nd. 30. jan.)

Samhljóða þskj. 323.

Ed. 350. Breytingartillaga

við frv. til l. um iðnfræðslu.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 3. gr. 2. málsliður orðist svo: Skulu tveir þeirra vera meistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, einn tilnefndur af iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands og einn af Iðnnemasambandi Íslands.

Ed. 351. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, og útrýmingu þeirra.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Sjúkdómar, er lög þessi ná til, og markmið framkvæmda.

1. gr.

Ákvæði laga þessara ná til eftirtaldra sjúkdóma:

1. Mæðiveiki.
2. Þurramæði (þingeysk mæðiveiki).
3. Garnaveiki (paratuberculosis) í búfé.

Þessir sjúkdómar nefnast einu nafni fjársóttir í lögum þessum.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

2. gr.

Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma þeirra, sem taldir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra með fjárskiptum innanlands, svo og með kynbótum og tæknifrjóvgun frá erlendum sauðfjárkynjum, er inn kunna að verða flutt í þeim tilgangi.

II. KAFLI
Um framkvæmdastjórn.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

5. gr.

Verkefni sauðfjársjúkdómanefndar er:

1. Að koma upp varnarlínum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og viðhaldi.
2. Að hafa stjórn annarra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum.
3. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
4. Að hafa umsjón með kynbótum sauðfjár, er framkvæmdar eru með innflutningi erlendra fjárkynja og tæknifrjóvgun.
5. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er lög þessi fjalla um.

III. KAFLI
Um varnarlínur og varnir.

6. gr.

Varnarlínur teljast:
1. Ófærar ár, vötn og jöklar eða fjöll, sem engar líkur eru til, að sauðfé fari yfir.
2. Tvöfaldar gaddavírsgirðingar.
3. Einfaldar gaddavírsgirðingar.

Varðmenn skal hafa á varnarlínum til öryggis þar, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur þess þörf.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjar af þeim varnarlínum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlínur skulu settar upp á milli fjárskiptasvæða, eftir því sem samkomulag verður um milli framkvæmdastjórna viðkomandi fjárskiptafélaga og sauðfjársjúkdómanefndar, og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra ákveður skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

7. gr.

Girðingastæði skulu valin, þar sem bezt skilyrði eru til varnar frá náttúrunnar hendi. Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að löndum sínum, ef nauðsyn krefur. Þegar svo stendur á, skal leitast við að bæta það með tilsvarandi löndum í skiptum, ef unnt er.

Verði ekki samkomulag um landaskipti, eða bætur fyrir misst land, skal ákveða bætur með gerðardómi, þar sem aðilar tilnefna sinn manninn hver og landbúnaðarráðherra tilnefnir oddamann. Bætur þær, sem þeir ákveða, greiðast af þeim, er landið fá, og miðast við notagildi landsins. Nægi það eigi, greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslusjóður það, sem til vantar, að hálfu hvor.

8. gr.

Girðingar á aðalvarnarlínum skulu lagðar á kostnað ríkissjóðs. Viðhald þeirra og eftirlit ber hlutaðeigandi fjárskiptafélögum eða sýslufélögum að annast, en ríkissjóði að kosta. Í girðingar í aukavarnarlínum leggur ríkissjóður efni, en hlutaðeigandi fjárskiptafélög annast á sinn kostnað flutning efnisins frá hafnarstað, uppsetningu girðinganna og viðhald.

Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur, sker landbúnaðarráðherra úr, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

Varzla meðfram varnargirðingum skal ákveðin af sauðfjársjúkdómanefnd, en framkvæmd af aðliggjandi fjárskiptafélögum á kostnað ríkissjóðs.

Reikninga um kostnað ríkissjóðs samkvæmt þessari grein úrskurðar sauðfjársjúkdómanefnd.

9. gr.

Skylt er fjárskiptafélögum að viðhalda varnarlínum framvegis, þar til sauðfjársjúkdómanefnd, með samþykki landbúnaðarráðherra, ákveður að leggja þær niður.

Bændur eða upprekstrarfélög, sem lönd eiga að girðingum, sem lagðar eru niður, skulu hafa forkaupsrétt að þeim eftir mati dómkvaddra manna.

Þess skal jafnan gætt, að eftirlit með viðhaldi varnarlína hvíli sem mest á herðum fjáreigenda, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

10. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varnarlínur þær, sem um ræðir í 6.—9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða van-

ræki starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar hefur yfirumsjón og eftirlit með störfum varðmanna.

11. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum, varða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

12. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

13. gr.

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur, nema með leyfi sauðfjársjúkdómanefndar. Sleppi kindur yfir varnarlínur, skal þeim tafarlaust slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem þráfaldlega sækja á að komast yfir varnarlínu. Þær kindur, sem slátrað er af þessum sökum, skal bæta þannig, að eigandi fái fullt niðurlagsverð fyrir. Greiðast þær bætur úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem verð afurðanna hrekkur ekki til.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að láta bann það, er um ræðir í þessari grein, ná einnig til annars búpenings, eftir því sem ástæða er til.

14. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétt og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna.

Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við varnarlínur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé slátrað.

15. gr.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd og sveitarstjórnum eða stjórnum upprekstrarfélaga, með samþykki sauðfjársjúkdómanefndar, að fyrirskipa breytingu á upprekstri, fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til að hindra útbreiðslu fjársótta eða til að tryggja vörzlu og árangur fjárskipta. Slíkar breytingar teljast eigi brot á fjallskilareglugerðum.

16. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar eða þeim slátrað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum, við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varðlínur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er, ef kindunum er slátrað.

17. gr.

Fáist vissa fyrir, að einhver fjársótt hafi borizt yfir varnarlínu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé.

18. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

19. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til.

20. gr.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhverja fjársótt geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

21. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki, má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé ósýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum, með fé frá ósýktum heimilum.

22. gr.

Þar sem fé er sýkt eða grunað af garnaveiki og fjáreigendur óska að fá það rannsakað eða sauðfjársjúkdómanefnd telur það nauðsynlegt, skal rannsóknin gerð svo fljótt sem unnt er. Lyf, tæki, kennslu og leiðbeiningar skal þá leggja til á kostnað ríkissjóðs, en fjáreigendur kosta framkvæmd verksins.

Sveitarstjórnir skulu hafa umsjón með slíkum rannsóknum í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd.

23. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, fyrirskipað að slátra því fé, er að lokinni rannsókn þeirri, er um ræðir í 22. gr., reynist sjúkt eða grunað.

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður bætur fyrir fé, sem er slátrað, vegna þess að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. Bæturnar skulu miðaðar við niðurlagsverð á haustdegi, en tekið tillit til fóðurkostnaðar, sem fallið hefur á féð frá síðustu haustnóttum, ef því er slátrað að vetrar- eða vorlagi. Bætur þessar greiðast úr ríkissjóði. Hið sama gildir um fé, sem slátrað er samkv. ákvæðum 17. gr.

IV. KAFLI

Um fjárskiptafélög.

24. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd gerir tillögur um hagfellda skiptingu þeirra landshluta, þar sem sauðfé er sýkt af fjársóttum, í fjárskiptasvæði.

Við skiptingu þessa skal tekið tillit til:

1. Öruggra varnarlína, sem fyrir hendi eru, og skilyrða til að setja upp nýjar varnarlínur á sem öruggastan hátt.
2. Takmarka upprekstrarlanda og aðstöðu með tilliti til fénaðarferðar og fjallskila.
3. Aðstöðu til, að sauðfjárslátrun, og fjárrekstrum í sambandi við hana, verði þannig fyrir komið, að eigi stafi sýkingarhætta af og hagkvæmt sé.

4. Möguleika til að útvega nýjan fjárstofn í stað þess sýkta, jafnóðum og fjárskipti fara fram, samanber V. kafla þessara laga.
5. Annarra aðstæðna, er fram kunna að koma og að dómi sauðfjársjúkdómanefndar geta valdið nokkru um, hvort fullum árangri verður náð við fjárskipti að aðrar aðgerðir til útrýmingar fjársóttum þeim, sem um er að ræða.

25. gr.

Nú vilja fjáreigendur á ákveðnu fjárskiptasvæði hefjast handa um fjárskipti, og skulu þeir þá, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, snúa sér til sýslumanns eða sýslumanna á svæðinu. Skal þá sýslumaður, eða sýslumenn, skrifa öllum hreppsnefndum á viðkomandi svæði áskorun um, að þær hver í sínum hreppi, boði fjáreigendur á fund, til að ræða málið og kjósa, með hlutbundnum kosningum, þrjá fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fundi fyrir fjárskiptasvæðið.

Á sama hátt getur sauðfjársjúkdómanefnd haft frumkvæði um málið.

Sýslumaður, eða sýslumenn, boða fulltrúafund eigi síðar en mánuði eftir að hreppsnefndum á svæðinu hefur verið skrifað. Á fundinn skal einnig boða framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar og hlutaðeigandi dýralækni.

Fulltrúafundur er lögmætur, ef mættir eru ⅔ hlutar fulltrúa frá þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á fjárskiptasvæðinu. Nú fallast ⅔ mættra fulltrúa á að gera samþykkt um stofnun fjárskiptafélags og fjárskipti, og skal þá fundurinn semja frumvarp til slíkrar samþykktar. Skylt er sauðfjársjúkdómanefnd að láta í té fyrirmyndir að slíkum samþykktum.

26. gr.

Í frumvarpi til samþykktar skal tekið fram:

1. Stærð og takmörk fjárskiptasvæðis, er félagssamtökin ná yfir.
2. Hvenær fjárskipti skuli fara fram.
3. Um skipun fulltrúaráðs og kosningu stjórnar fyrir fjárskiptafélagið, er skipuð sé minnst 3 mönnum.
4. Um verksvið félagsstjórnar, völd og skyldur.
5. Um kvaðir og skyldur, er félagsmenn takast á hendur í sambandi við fjárskipti, vörzlur og aðrar sóttvarnarráðstafanir.
6. Önnur ákvæði varðandi félagssvæðið og aðstöðu þess til annarra héraða og fjárskiptasvæða.

27. gr.

Nú samþykkir fundurinn frumvarp með ⅔ atkvæða mættra fulltrúa, og skal hann þá kjósa kjörstjórn, er hafi á hendi undirbúning atkvæðagreiðslu á félagssvæðinu og talningu atkvæða. Kjörstjórnin velur sér sjálf formann, hún ákveður, hvenær atkvæðagreiðslu skuli lokið, og fyrir hvaða tíma atkvæðaseðlar og fundargerðir skuli komið til kjörstjórnar, og hvenær talning atkvæða skuli fara fram.

28. gr.

Nú hefur frumvarp til félagssamþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með ⅔ atkvæða allra mættra fulltrúa, og skal þá kjörstjórn sú, er kosin hefur verið samkvæmt ákvæðum 27. gr., senda það öllum hreppsnefndum í þeim hreppum, eða hreppshlutum, er félagssvæðið nær yfir.

Hreppsnefnd skal þá skylt að boða til fundar í hreppnum með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til stofnunar fjárskiptafélags liggi fyrir til atkvæðagreiðslu.

Atkvæðisrétt um félagsstofnun og fjárskipti hafa fjáreigendur 18 ára eða eldri, þegar atkvæðagreiðsla fer fram, ef þeir hafa átt 15 kindur eða fleiri samkvæmt síðasta skattaframtali.

Skrá yfir atkvæðisbæra menn skal láta fylgja fundarboðinu.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg og framkvæmd á sama hátt og á sér stað við óhlutbundnar kosningar til hreppsnefndar.

Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar oddviti atkvæðaseðla og önnur kjörgögn og sendir formanni kjörstjórnar fjárskiptasvæðisins.

29. gr.

Kjörstjórn skal koma saman þann dag, er ákveðið hefur verið samkvæmt 27. gr., til að rannsaka fundargerðir kjörfunda og telja atkvæði. Formaður kjörstjórnar stjórnar talningunni og lætur rita kjörfundargerð, er beri með sér, úr hvaða hreppum, eða hreppshlutum, kjörstjórninni hafa borizt fundargerðir og tölu atkvæðaseðla.

Tvö samrit skal rita af fundargerðinni, og skal öll kjörstjórn undirrita.

Nú hefur atkvæðagreiðsla fallið þannig, að félagssamþykktin hefur hlotið ⅔ greiddra atkvæða, og sé það að minnsta kosti ⅗ fjáreigenda samkvæmt kjörskrá, og telst þá félagsstofnunin samþykkt.

Samþykktina skal þá senda sauðfjársjúkdómanefnd í tvíriti, ásamt samriti fundargerðarinnar. Leitar nefndin síðan staðfestingar landbúnaðarráðherra á samþykktinni.

V. KAFLI

Um fjárskipti.

30. gr.

Þegar fjárskiptafélag hefur verið stofnað með staðfestri samþykkt, sbr. 29. gr., skal félagsstjórnin snúa sér til sauðfjársjúkdómanefndar, er ákveður með samþykki ráðherra, hvenær fjárskiptin fara fram.

31. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur ásamt stjórn fjárskiptafélags umsjón með útrýmingu sjúkdóma og fjárskiptum, sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum, og framkvæmdum, sem standa í sambandi við þau.

Sauðfjársjúkdómanefnd ber einkum:

1. Að tryggja það áður en fjárskipti fara fram, að fjárskiptasvæðið sé tryggt með öruggum varnarlínum gegn samgöngum sauðfjár frá sýktum héruðum.
2. Að láta rannsaka heilbrigði fjár í þeim héruðum, sem ætlað er að kaupa líflömb úr.
3. Að ákveða í samráði við félagsstjórn, hvenær slátrun skuli hefjast og hvenær henni sé lokið.
4. Að hlutast til um, að öll lönd á fjárskiptasvæðinu séu smöluð sauðlaus, og getur nefndin ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrr fram en venjulega, og að fram fari almennar fjárleitir á afréttum og heimalöndum eftir að slátrun er lokið, og ekki ver mannaðar en í fyrstu göngum. Fjallskilum þessum skal jafna niður eins og öðrum fjallskilum.
5. Að ákveða hvaðan líflömb séu tekin og tilkynna það viðkomandi sýslumönnum með nægum fyrirvara, áður en slátrun hefst, en þeir skulu aftur tilkynna það fjáreigendum, og skal þá engum gimbrarlömbum slátrað á svæðinu, þar til kaup hafa farið fram.
6. Að sjá um kaup, flutning og merkingu líflamba, í samvinnu við stjórn viðkomandi fjárskiptafélags.

32. gr.

Fjáreigendur, er hafa heilbrigt sauðfé, eru skyldir til að selja öll þau gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, og hrútlömb eftir þörfum, til þeirra fjáreigenda, er hafa fjárskipti samkvæmt lögum þessum. Sauðfjársjúkdómanefnd getur ákveðið,

með samþykki landbúnaðarráðherra, að fjáreigendur, sem lausir hafa verið við fjársóttir, séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb þriðja hvert ár, á meðan fjárskiptum til útrýmingar sjúkdómunum er ekki lokið.

33. gr.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal ákveða verð líflamba eftir lifandi þunga, miðað við afurðaverð hvers árs. Skulu fjáreigendur þeir, er um ræðir í 32. gr., skyldir til að selja lömbin fyrir það verð, en jafnan sé tryggt, að það sé eigi lægra en fæst fyrir lömbin til slátrunar.

34. gr.

Þegar fjárskipti fara fram í héraði, skal verðlagsnefnd landbúnaðarafurða sjá um, að frystihús á svæðinu sitji fyrir um sölu, svo fjárförgun þurfi eigi að tefjast vegna rúmleysis í frystihúsum.

35. gr.

Líflömb, sem keypt hafa verið, skal hver fjáreigandi hafa í strangri gæzlu fyrsta misserið eftir að þau hafa verið flutt. Sé þess gætt, að eigi leynist í þeim aðrir sjúkdómar, t. d. fjárkláði. Ef fjárkláða hefur orðið vart í þeim héruðum, sem líflömb eru flutt úr, eða ef hans verður vart í líflömbum, sem flutt hafa verið, skal sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipa og hafa eftirlit með, að almenn fjárböðun fari fram á fjárskiptasvæði því, sem um er að ræða, á sem tryggilegastan hátt.

Fari svo, að sýkt eða grunuð kind komi saman við líflömb á fjárskiptasvæði, skal eigandi lambanna eða sá, er kindarinnar verður fyrst var, tafarlaust gera hreppstjóra aðvart. Ber honum að tilkynna það samstundis framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvort slátra skuli fénu eða ráðstafa á annan hátt.

Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi eða óþægindi af þessum sökum.

36. gr.

Veturinn eftir fjárskipti skal sauðfjársjúkdómanefnd í samráði við stjórn fjárskiptafélags, láta hæfa menn rannsaka sauðfé og leita á heimilum, ef ástæða þykir til, svo að ugglaust sé, að hvergi sé leynt sýktu eða grunuðu fé.

Komi það í ljós, að fé hafi verið haldið á laun, skal það og allt fé, er saman við það hefur getað komið, tekið og slátrað eða ráðstafað á annan hátt, allt á kostnað þess, er leyndi.

Sá, sem leynir fé, skal sæta ábyrgð samkvæmt 175. gr. hegningarlaganna. Verði brot hans til þess, að drepa þurfi fé annarra manna, skal hann skyldur að bæta það tjón og óþægindi, er af hlýzt.

VI. KAFLI

Um fjárframlög ríkisins til fjárskipta.

37. gr.

Framlag ríkisins vegna fjárskipta á árunum 1947, 1948 og 1949 miðast við fjártölu eigenda samkvæmt skattaframtali á árinu 1946. Á árinu 1950 miðast við skattaframtal 1947 og svo áfram þannig, að fjárskiptaframlag miðast við skattaframtal þrem árum áður.

Réttur dánarbúa vegna fjárskipta yfirfærist á erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjárrækt á svæðinu.

Réttur manna, sem reisa bú eða eru að byrja fjáreign eftir gildistöku laga þessara án þess að vera erfingjar í dánarbúi á fjárskiptasvæði, byggist á næsta skattaframtali á undan fjárskiptum.

Þeir, sem eru hættir búskap og kaupa ekki lömb eða eru fluttir burtu af fjárskiptasvæðinu, þegar fjárskipti fara fram, fá ekki bætur.

Geitfé skal bæta eftir sömu reglu og sauðfé.

38. gr.

Framlag ríkisins greiðist á þann hátt, að fyrir hverja bótaskylda kind fái fjáreigandi hálft lambsverð samkvæmt verði líflamba það haust, sem fjárskipti verða. Kostnað við flutning líffjár inn á fjárskiptasvæðin greiðir ríkissjóður og einnig aðstoð sauðfjársjúkdómanefndar vegna kaupanna. Þetta gildir þó eigi annað fé en það, sem fengið er til að bæta í skarðið fyrir bótaskylt fé.

Kostnað við umsjón fjárskiptafélaga vegna líffjárkaupa greiði fjáreigendur sjálfir. Fjáreigendur skulu fá líflömb fyrir 70% af bótaskyldri fjártölu, og sé ef unnt er útvegað ⅔ af þeim haustið, sem fjárskipti verða, en það, sem til vantar, næsta haust á eftir. Sé ekki hægt að útvega lömbin svo fljótt, ber að greiða afurðatjónsbætur fyrir þau, er til vantar, á fyrsta ári, á sama hátt og fyrir er mælt í 40. gr. Framlag ríkisins skal greitt upp í verð lambanna, en ekki er skylt að greiða það fyrr en ári eftir að fjárskipti fóru fram.

Stjórnum fjárskiptafélaga er heimilt að ráðstafa líffé til fjáreigenda að nokkru með hliðsjón af tekjumöguleikum þeirra, ef mjög fátt líffé er fáanlegt.

39. gr.

Veita skal fjáreigendum uppeldisstyrk vegna vanhalda, þar sem svo hagar til á sýktu svæði, að fjáreigendur geta ekki samkvæmt áætlun nefndarinnar búizt við fjárskiptum næstu 3 ár eftir gildistöku laga þessara, og hafa ekki viðunandi aðstöðu til mjólkursölu.

40. gr.

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum, vegna afurðatjóns, hálft lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind það ár, sem svæðið er sauðlaust. Að öðru leyti skal framlag greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

41. gr.

Ef sauðfjársjúkdómanefnd telur nauðsynlegt að útrýma sjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, þar sem fjárskiptafélag fæst ekki stofnað samkvæmt lögum þessum, þá getur hún látið útrýminguna fara fram með samþykki landbúnaðarráðherra. Bætur skal þá greiða fjáreigendum samkvæmt mati eftir gildandi lögum um eignarnám, en skylt er matsmönnum að taka til greina sýkingu fjár á svæðinu eða yfirvofandi sýkingarhættu.

VII. KAFLI

Um sóttvarnarstöð og einangrun.

42. gr.

Koma skal upp í eyju í nágrenni Reykjavíkur öruggri sóttvarnarstöð, þar sem hafa megi í haldi undir fullu eftirliti, dýr hverju nafni sem nefnast, sem til landsins kunna að flytjast. Skal stöðin rekin á kostnað ríkisins í umsjá og undir stjórn yfirdýralæknis, samkvæmt reglum, er landbúnaðarráðherra setur.

43. gr.

Fáist eigi með frjálsu samkomulagi keyptar eða leigðar eyjar, er að dómi yfirdýralæknis og samkvæmt úrskurði landbúnaðarráðherra henti sem stöðvar fyrir starfsemi þá, sem um ræðir í 42. gr., má samkvæmt gildandi lögum um eignarnám taka eina eða fleiri af eyjunum Engey og Viðey við Reykjavík og Þerney á Kollafirði, eignarnámi eða leigunámi, allt eftir því, er landbúnaðarráðherra ákveður, til þess að komið verði á fót sóttvarnastöð, sbr. 42. gr.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði.

44. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum eftir því sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp, svo og fénaðarhöld yfirleitt.

Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.

45. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu fjársóttanna og til að útrýma þeim. Nær það einnig til garnaveiki í nautgripum.

46. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara, allt eftir því sem þurfa þykir og ástæður eru til á hverjum tíma. Sauðfjársjúkdómanefnd hefur einnig heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til, um einstök framkvæmdaratriði, er að kalla í hvert sinn, ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.

47. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 8. sept. 1931, lög nr. 45 19. júní 1933, lög nr. 9 25. jan. 1934, reglugerð nr. 36 24. apríl 1934, reglur nr. 6 20. jan. 1936, lög nr. 16 28. maí 1941, lög nr. 75 27. júní 1941, lög nr. 88 9. júlí 1941 og reglugerð nr. 4 2. jan. 1942, svo og öll ákvæði, reglur og fyrirmæli, er út hafa verið gefin og sett af sauðfjársjúkdómanefnd eða öðrum aðilum í umboði hennar, á grundvelli téðra laga og reglugerða.

49. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 352. Nefndarálit

um frv. til laga um matsveina- og veitingaþjónaskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin tók mál þetta fyrir á 5 fundum og ræddi það mjög ýtarlega, m. a. kvaddi hún til viðræðna fulltrúa frá Matsveina- og þjónafélaginu og sérfræðing í stjórn matreiðslumála.

Nefndinni er ljóst, að þörfin fyrir skóla, sem veitir fræðslu þeim, er gerast vilja matsveinar á skipum, er svo aðkallandi, að nauðsynlegt og sjálfsagt er að koma honum á stofn sem allra fyrst, enda ætlazt til þess, þegar sjómannaskólinn var reistur, að þar yrði komið upp slíkum skóla. Hagur útgerðarinnar og þó alveg

sérstaklega líðan og heilsa þeirra mörgu manna, sem um áratugi búa við fæði, sem tilreitt er á skipum, fer svo mjög eftir því, hvernig það starf er af hendi leyst, að sjálfsagt er að gefa þeim mönnum kost á því að undirbúa sig undir starfið svo sem frekast er unnt, og leggur nefndin því megináherzlu á, að því takmarki verði náð. Nefndin sér hins vegar ekki ástæðu til þess að halda í ákvæði í þessu frv. um fræðsluskyldur fyrir þá menn, sem ætla sér að verða matsveinar og þjónar á gisti- og veitingahúsum og farþegaskipum, með því að ákvæði um það eru þegar í gildandi iðnfræðslulögum. En hins vegar þótti nefndinni rétt að heimila að halda uppi fræðslu við skólann fyrir slíka nemendur, eftir því sem við getur átt samkvæmt fyrirmælum þeirra laga, svo og að halda uppi námskeiðum fyrir starfslið í þessum greinum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

Þá þótti nefndinni rétt, að lögin heimili ríkisstjórninni að láta starfrækja mötuneyti og matsölu í sambandi við skólann. Yrði þeirri stofnun að sjálfsögðu veitt meistararéttindi samkvæmt iðnfræðslulöggjöfinni, og sá tími, sem nemendur störfuðu þar, því reiknaður sem námstími á sama hátt og á öðrum veitingastöðum.

Nefndinni þótti ekki rétt, að skipað yrði sérstakt skólaráð við skólann, frekar en við aðra sérskóla sjómannastéttarinnar. Hins vegar þykir rétt, að ef til þess kemur, að sett verði á stofn mötuneyti og matsala við skólann, að þá verði skipuð 3 manna stjórn fyrir því fyrirtæki og að einn af þeim hafi verzlunarþekkingu.

Nefndinni þótti ekki ástæða til að taka upp í þetta frv. ákvæði um það, hvers konar réttindi fræðsla í þessum skóla skyldi veita nemendum. Hún telur, að slík ákvæði eigi að setja í lög um atvinnu við siglingar, þegar ástæða þykir til.

Nefndin bar umræddar breytingar undir samgöngumálaráðherra, er kvaðst geta á þær fallizt.

Leggur nefndin því einróma til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Stofna skal og starfrækja skóla í Reykjavík, er veiti hagnýta kennslu þeim, er gerast vilja matsveinar á fiski- og flutningaskipum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Nafn skólans er: Matsveinaskóli Íslands. Skal hann hafa aðsetur í sjómannaskólanum og heyra undir sama ráðuneyti og sjómannafræðslan.
3. Við 5. gr.
   a. Orðin „og framreiðslumenn“ í 1. málslið 1. mgr. falli niður.
   b. 2. málsl. 1. mgr. falli niður.
4. Á eftir 5. grein komi tvær nýjar greinar, er verða 6. og 7. gr. (greinatalan færist til í samræmi við það) og orðist svo:
   a. Heimilt er að halda uppi við skólann, eftir því sem við verður komið og fé er veitt til þess í fjárlögum, bóklegri og verklegri kennslu fyrir þá, sem nema vilja að fullu matsveina- og veitingaþjónaiðn samkvæmt gildandi lögum um iðnfræðslu.
   b. Ríkisstjórninni er heimilt að láta starfrækja mötuneyti og matsölu í sambandi við skólann.
5. Við 6. gr. Greinin (verður 8. gr.) orðist svo:
   Ráðherra skipar skólastjóra og aðra kennara. Skal skólastjóri jafnframt vera bryti skólans. Ráðherra skipar einnig þriggja manna stjórn yfir mötuneyti og matsölu skólans, skólastjóra til aðstoðar. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Skal einn þeirra hafa verzlunarþekkingu.
6. Við 7. gr. Greinin (verður 9. gr.) orðist svo:
   Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið, svo og um mötuneyti og matsölu skólans.
7. Við 8. gr. (verður 10. gr.). Í stað orðsins „skólaráði“ komi: ráðherra.

8. Við 9. gr. (sem verður 11. gr.): Í stað orðsins „skólahaldið“ komi: skólahald, mötuneyti og matsölu.
9. Fyrirsögnin orðist svo:
Frumvarp til laga um Matsveinaskóla Íslands.

Alþingi, 31. jan. 1947.

Gísli Jónsson, form., frsm. B. Kristjánsson, fundaskr. Jóhann Þ. Jósefsson.
Sigurjón Á. Ólafsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 353. Breytingartillaga

við frv. til vegalaga.

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 2. gr. B.
1. Aftan við 6. lið bætist: og þaðan norðan Skorradalsvatns að Fitjum.
2. Á eftir 6. lið kemur nýr liður:
Melasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti um Melasveit á þjóðveginn austanvert við Höfn.

Nd. 354. Breytingartillögur

við frv. til vegalaga.

Frá Steingrími Steinþórssyni og Jóni Sigurðssyni.

Við 2. gr.
a. Á eftr C. 12. kemur nýr liður, er hljóðar svo:
Reykjastrandarvegur: Frá Gönguskarðsvegi hjá Skarði að Reykjum á Reykjaströnd.
b. Á eftir C. 19. kemur nýr liður, er hljóðar svo:
Austur-Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi austan við Haganes um Barð að Stóru-Reykjum í Flókadal.

Sþ. 355. Tillaga til þingsályktunar

um grafhellur úr íslenzku efni á leiði nokkurra þjóðskálda.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta gera á kostnað ríkissjóðs á yfirstandi ári grafhellur af sömu gerð og legsteininn á leiði Einars Benediktssonar í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum á grafir eftirtaldra þjóðskálda: Bjarna Thorarensens á Möðruvöllum í Hörgárdal, Bólu-Hjálmars að Miklabæ í Skagafirði, Kristjáns Jónssonar að Hofi í Vopnafirði, Grims Thomsens að Bessastöðum, Guðmundar Friðjónssonar að Nesi í Aðaldal og Guðmundar Kambans og Unnar Benediktsdóttur (Huldu) í Reykjavík.

Greinargerð.

Íslendingar unna listaverkum góðskálda sinna, en hafa sýnt of litla ræktarsemi við minningu þeirra. Vestur-Íslendingar hafa gengið stórmyndarlega frá gröf Stephans G. Stephanssonar, en leiði Jónasar Hallgrímssonar beið heila öld í öðru landi, án þess að á það væri lögð svo mikið sem lítil minningartafla. Ómerkilegir legsteinar eru á gröfum Bjarna Thorarensens, Kristjáns Jónssonar og Gríms Thomsens. Engin rækt var lögð við leiði Bólu-Hjálmars þangað til fyrir fáeinum misserum, að mjög sögufróður bóndi í Skagafirði merkti leiði hans. Enginn legsteinn er enn á gröf Guðmundar Friðjónssonar. Guðmundur Kamban féll frá með þeim hætti, að ástæða er til fyrir þjóð hans að minnast þessa merkilega skálds á eftirminnilegan hátt. Hulda hefur hlotið mesta skáldafrægð af íslenzkum konum og m. a. ort þau ljóð, sem lengi mun minnzt í sambandi við endurreisn þjóðveldisins 1944. Gera má ráð fyrir, að hver grafhella muni kosta um 3000 kr., og eru þær mjög varanlegar. Ef þessi siður væri upp tekinn, mundi þjóðin smátt og smátt heiðra minningu fleiri merkra dætra og sona á sama hátt. Jafnframt þarf að fela þjóðminjaverði að hafa umsjá með viðhaldi og meðferð þeirra legsteina, sem ríkið lætur reisa.

Sþ. 356. Tillaga til þingsályktunar

varðandi húsaleigulöggjöf landsins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir núverandi Alþingi frumvarp til laga um gagngerða breyting á húsaleigulöggjöf landsins, þar sem byggt verði á þeim undirstöðuatriðum, er nú skal greina:

1. Húseigandi á að öðlast fulla heimild til að segja leigjanda upp húsnæði.
2. Húseiganda skal vera óheimilt að láta íbúðir standa ónotaðar.
3. Öll húsaleiga í leiguíbúðum skal ákveðin af húsaleigunefnd, þannig að hún sé jafnmikil fyrir jafngott húsnæði, hvort sem húsið er gamalt eða nýtt.

Greinargerð.

Húsaleigulöggjöfin íslenzka gengur nær eignar- og persónurétti manna en dæmi eru til með menntaþjóðum utan einræðislandanna. Er líkast því, að þegar löggjöf þessi var sett, hafi verið byggt á þýzkum og rússneskum fyrirmyndum. Í hinum frjálsu grannlöndum Íslendinga láta menn húseigendur ráða sjálfa, hvaða fólk þeir taka sem leigjendur, en hins vegar verður að leigja einhverjum þær íbúðir, sem til eru. Með þessum hætti er húsrúmið fullnotað, en vestrænt frelsi fær að njóta sín í skiptum húseigenda og leigjenda. Hér á landi hefur verið farið allt aðra leið. Húseigendur verða að hafa í húsum sínum þá leigjendur, sem þangað eru komnir, hvað sem á milli ber, að frátöldum beinum vanskilum á húsleigu. Hefur þetta ákvæði eitrað þjóðlífið meir en nokkur önnur stjórngæzlumistök, auk þess sem þessi fáránlega járnviðjun hefur beinlínis orðið til að eyðileggja þann málstað, sem unnið er fyrir.

Er þess þá fyrst að geta, að í Reykjavík standa auðar mörg hundruð íbúðir, af því að eigendur þeirra vilja ekki hætta á að fá ógeðfellt fólk í hús sín og verða að hafa það í návist sinni árum saman, hve illa sem sambýlið kann að gefast. En þau tilfelli skipta þúsundum í Reykjavík einni saman, þar sem sambúð húseigenda og leigjenda er svo erfið, að þeir eiga engin skipti saman nema með aðstoð mál-

færslumanna. Þau málaferli, sem rísa árlega út af þessari nauðungarsambúð, eru líka talin skipta þúsundum. Má nærri geta, hvaða áhrif þessi tegund sambúðar hefur á uppeldi barna og unglinga og kynningu eldra fólks á heimilunum og á þjóðlífið allt. Engin frjáls þjóð hefur látið sér koma til hugar að lögbjóða jafn kvalafult sambýli og Íslendingar eiga við að búa, þar sem húsaleigulögin ná til. Og þetta kemur því verr við Íslendinga, þar sem þeir eru að skapferli mótfallnir kúgun, en unna friðsömum og góðum heimilum. Það skipulag, sem mikill hluti þjóðarinnar á nú við að búa, verndað af ægishjálmi ranglátra laga, hefði ef til vill verið þolandi um stutt árabil fyrir þrælana í Bandaríkjunum eða lénsþrælana í Rússlandi, eins og hagur þessara manna var fyrir 80 árum. En Íslendingar eru svo skapi farnir, að þeir hafa rótgróna óbeit á nauðungarsambýli og öllum þess afleiðingum. Sú kúgun, sem hér er beitt, er því óafsakanlegri, þar sem lögleiddur er hinn mesti ójafnaður á kjörum leigjenda. Sums staðar búa ríkir menn í húsi fátækrar ekkju og greiða fyrir heila íbúð húsaleigu, sem er langtum lægri en það, sem aðkomið skólafólk borgar fyrir smáherbergi. En á sama tíma neyðist ungt fólk, sem stofnar heimili, til að greiða allt að 30 þús. kr. fyrirfram og 1000 kr. á mánuði fyrir meðalíbúð í nýju húsi. Eins og nú er komið málum, þýðir ekki annað en að upphefja þessa kúgun, leyfa húseiganda að ráða, hvaða leigjendur hann vill skipta við, jafnframt því að hann fær ekki að láta íbúðir standa ónotaðar, því að annars fær húsaleigunefnd að taka í taumana. Sömuleiðis verður misræmið milli gömlu og nýju íbúðanna að hverfa. Mjög væri æskilegt að geta komið á fót eins konar jöfnunarsjóði, sem bætti úr mesta misræminu, sem stafar af hinu háa verði nýju byggginganna í samanburði við eldri hús. Má vel vera, að erlend fordæmi gætu orðið til fyrirmyndar í þessu efni.

Tillaga þessi er borin fram í því skyni, að hún geti fengið skjóta afgreiðslu, þingið lýsi vilja sínum á augljósan hátt og feli ríkisstjórninni að bera fram breyting á húsaleigulögunum, þar sem byggja skal á þeim grundvelli, sem hér er lagður. Hin nýja löggjöf ætti síðan að geta komið í gildi í vor, svo að á næstu mánuðum yrði hægt að bæta úr því siðferðislega böli, sem nauðungarsambýli í leiguhúsum hefur leitt yfir íslenzku þjóðina.

Sþ. 357. Tillaga til þingsályktunar

um bátabryggju í Grenivík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að veita úr ríkissjóði á yfirstandandi ári 210 þús. kr. til byggingar bátabryggju í Grenivík, gegn lögmæltu framlagi frá hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Greinargerð.

Frá fornu fari hefur verið gott útræði frá Grenivík bæði á opnum bátum og síðar á litlum vélbátum, en allmikil byggð er í Grenivík. Eru það flestallt sjómenn, sem eiga sjálfir hús sín og hafa nokkurt ræktarland, sem fylgir flestum býlunum. en þó er sjósóknin aðalbjargræðið. Sunnanvert við þorpið er frjótt land og mjög þétt byggð í Höfðahverfi. Nýlokið er við akveg úr Höfðahverfi til Akureyrar, og er sá vegur mesta lyftistöng fyrir landbúnaðinn í sveitinni. En á síðustu árum hefur í Grenivík eins og í öðrum verstöðvum orðið nálega ókleift að stunda útgerð með opnum bátum. Leita sjómenn sér atvinnu í öðrum landshlutum bæði á vetrarvertíð og um síldveiðitímann, en vandamenn þeirra eru einir heima á grasbýlunum í Grenivík. Þar sem útgerðin færist nú hvarvetna á landinu frá smábátum á stærri

skip og ríkið leggur ríflegan stuðning til þessarar breytingar, þykir Grenvíkingum ekki ástæða til að leggja ræktarlönd sín og býli í eyði og byggja sér heimili annars staðar eingöngu af því, að þar eru atvinnutæki við höndina fyrir þá, sem þar búa. Hafa sjómennirnir í þessu litla þorpi myndað útgerðarfélag með stuðningi margra bænda í Höfðahverfi og tekizt að safna 200 þús. kr. í framlögum í því skyni að kaupa og gera út tvo stóra vélbáta frá Grenivík. Mun félag þetta nú hafa bundizt fastmælum við landsstjórnina um kaup á tveimur 80 lesta vélbátum. Verður annar þeirra afhentur Grenvíkingum í byrjun vertíðar nú í vetur, en hinn verður tilbúinn litlu síðar. En þá kemur sá vandi að höndum, að Grenivík er opinn vogur móti norðvestri og ekkert verið gert af manna höndum til að bæta úr skjólleysi bátanna.

Vitamálastjórnin hefur fyrir nokkrum árum látið mæla fyrir bryggju og bátakví í Grenivík. Er það sammæli kunnáttumanna, sem athugað hafa þetta mál, að heppilegast sé að gera í fyrstu bryggju um 80 m langa og haga henni á þann hátt, að hún geti síðar orðið annar armur í bátakví fyrir útveginn í Grenivík. Í fyrstu yrði fremri hluti þessarar bryggju reistur á nokkrum steinstöplum, en þegar tími þætti til kominn að gera lokaða bátakví, yrði fyllt með steinsteypu milli stöplanna. Væri þá fengið fullkomið skjól fyrir bátaflota með góða aðstöðu til sjósóknar.

Grenvíkingum þykir svo miklu máli skipta að fá úrbót í þessu lendingarbótamáli, að allir leiguliðar ríkisins í þorpinu hafa undirritað áskorun til ríkisstjórnarinnar um að hækka lóðargjöld í Grenivík um 50% í því skyni að styðja á þann hátt bryggjugerð í þorpinu. Mönnum finnst ef til vill ofrausn að fara fram á rúmlega 200 þús. kr. framlag úr ríkissjóði til lendingarbóta á þessari ríkisjörð. En tveir bátar með nauðsynlegum útbúnaði kosta nú á aðra millj. kr. Ríkið leggur fram meiri hluta þess framlags. Ef gerð er bryggja í Grenivík, geta myndazt þar athafnaskilyrði fyrir marga stóra báta. Og nokkuð mikið mundi það kosta þjóðarbúið, ef byggja þyrfti í annarri verstöð yfir alla þá, sem nú búa í Grenivík. Fólkið í þessu sjóþorpi á myndarleg hús, hefur grasnyt heima fyrir og blómlega byggð að bak sér, en fram undan hafið með tveim álitlegum íslenzkum vélbátum með skipshöfnum úr þorpinu. Þessa litlu byggð á sævarbakkanum vantar bryggju til að geta að öllu leyti haft lífvænleg lífsskilyrði fyrir þá, sem þar búa.

Fylgiskjal I.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 15. jan. 1947.

Grenivík.

Skipabryggja.

Gert er ráð fyrir, að bryggjan sé 83 m löng, 6 m breið og nái út á 2,8 m dýpi miðað við stórstraumsfjöru. Á efstu 35 m er hún af venjulegri gerð, þ. e. a. s. með steyptum veggjum, grjótfyllt, steyptri þekju og skjólvegg á útbrún. Nær sá hluti bryggjunnar út á ca. 1,0 m dýpi. Þar fyrir framan á 48 m lengd er hún gerð úr steyptum stöplum, 4 talsins, 5 × 6 m með 7 m millibili. Milli stöpla er plankadekk hvílandi á stálbitum. Eru stöplarnir úr járnbentum kerjum., sem steypt eru í landi á braut. Hæð bryggjunnar er 1,2 m yfir stórstraumsflóði. Liggur bryggjan á sama stað og áður hefur verið gert ráð fyrir. Þó að bryggjan yrði sett niður á öðrum stað, breytist kostnaðaráætlunin ekki verulega, þar sem dýpi og aðrar aðstæður eru svipaðar.

Samkvæmt eftirfarandi kostnaðaráætlun má gera ráð fyrir, að bryggjan kosti um 420000.00 kr.

Magnús Konráðsson.

Fylgiskjal II.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 15. jan. 1947.

Kostnaðaráætlun.

Steypt og grjótfyllt bryggja 35 m á lengd 500 m³ á kr. 220.00 ..	kr.	110000.00
4 stöplar 640 m³ á kr. 300.00	—	192000.00
Járnbitar 12 600 kg á kr. 1.50	—	18900.00
Timbur í dekk o. fl. 22 m³ á kr. 550.00	—	12100.00
Boltar, rær og skífur	—	4000.00
Tré- og járnsmíði	—	9000.00
Verkpallar á milli stöpla	—	20000.00
Bryggjuhringir, ljós o. fl.	—	8000.00
Braut fyrir ker	—	30000.00
Ýmislegt	—	16000.00
	Kr.	420000.00

Fylgiskjal III.

Við undirritaðir, sem byggingarlóðir höfum á leigu á ríkisjörðinni Grenivík, leggjum til, að lóðargjöld verði hækkuð um 50% frá því, sem er, gegn því að allar tekjur, sem ríkið hefur af Víkinni, verði heimilaðar sveitarsjóði honum til styrktar vegna væntanlegrar bryggjugerðar á Grenivík.

Í janúar 1947.

Árni Sigurjónsson verkamaður, Sælandi. Þorbjörn Áskelsson, Ægissíðu. Arthur Wilhelmsson verkamaður, Hellu. Bjarni Áskelsson verkamaður, Bjargi. Vilhjálmur Grímsson, Svalbarði, Þórlaugur Gunnlaugsson, Borg. Þorsteinn Eyfjörð verkamaður, Vallholti. Ingólfur Jóhannsson sjóm., Sæbakka. Ingólfur Reynald sjómaður, Sæbakka. Þorsteinn Ágústsson útgerðarmaður, Gröf. Kristmundur Björnsson sjómaður, Þengilbakka. Jóhann Stefánsson, Miðgörðum. Stefán Stefánsson, Sólgörðum. Axel Jóhannesson bóndi, Höfðabrekku. Bjarni Stefánsson bóndi, Litlasvæði. Oddgeir Jóhannsson útgerðarmaður, Hlöðum. Finnur Benediktsson sjóm., Sæborg. Alfreð Pálsson, Sólvangi. Áskell Hannesson, Ægissíðu, Jóhann Aðalbjörnsson, Hólakoti. Þórður Jakobsson bóndi, Árbakka. Hólmfríður Ingimundardóttir, Lundi. Friðbjörn Guðnason bóndi, Sunnuhvoli. Vilhelm Vigfússon sjómaður, Hellu. Sveinn Oddsson verkamaður, Völlum. Steingrímur Vilhjálmsson sjómaður, Akurbakka.

Pr. pr. Kaupfélag Eyfirðinga, Jakob Frímannsson.

Þóroddur Jónsson smiður, Akurbakka.

Nd. 358. Breytingartillögur

við frv. til vegalaga.

Frá Ingólfi Jónssyni og Helga Jónassyni.

Við 2. gr. A.

1. Á eftir 30. lið komi nýr liður:
   Vallavegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli—Árgilsstöðum.
2. Á eftir 33. lið komi nýr liður:
   Þórsmerkurvegur: Frá Eyjafjallavegi móts við Eyvindarholt neðan við Syðstu-Mörk að Stóru-Mörk.

Ed. 359. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 320 [Iðnfræðsla].

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 1. Orðin „Landssambands iðnaðarmanna og“ í 1. málsgr. falli niður.

Ed. 360. Frumvarp til laga

um iðnfræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Iðnfræðslu til sveinsprófs skal halda uppi í þeim iðngreinum, sem löggiltar eru, og fer um framkvæmd hennar eftir því, sem segir í lögum þessum.

Með reglugerð skal ákveða, hverjar skuli vera iðngreinar, svo og um kennslu í þeim, eftirlit með kennslunni og prófkröfur. Þar skal og setja ákvæði um verkleg námsskeið, er stofnað kann að verða til.

2. gr.

Iðnfræðsluráð stýrir framkvæmdum í iðnfræðslumálum undir yfirstjórn ráðherra.

3. gr.

Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til 4 ára í senn. Það skal skipað 5 mönnum búsettum í Reykjavík og nágrenni. Skulu tveir þeirra vera meistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, einn tilnefndur af iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands og einn af iðnnemasambandi Íslands. Formann skipar ráðherra án tilnefningar.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, iðnerindreka, er aðstoði iðnfræðsluráð í störfum þess.

Iðnfræðsluráði er heimilt að skipa iðnfulltrúa, með samþykki atvinnumálaráðherra, á þeim stöðum í landinu, er það telur þörf á, og ákveða umdæmi þeirra.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með iðnnámi, hver í sínu umdæmi, undir umsjón iðnerindreka og í umboði iðnfræðsluráðs, eftir því sem segir í lögum þessum og nánar skal ákveðið í reglugerð og í erindisbréfum iðnfulltrúa.

5. gr.

Iðnfræðsluráð skipar prófnefndir innan hverrar iðngreinar og á þeim stöðum, sem þörf er á.

Það er hlutverk prófnefnda:

1. Að vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með iðnnámi.
2. Að sjá um sveinspróf og dæma þau.

6. gr.

Leita skal iðnfræðsluráð tillagna iðnráða og iðnaðarmannafélaga, þar sem ekki eru iðnráð, um skipun iðnfulltrúa og prófnefnda.

7. gr.

Iðnfræðsluráð skal löggilda meistara sem hæfa til að taka nemendur til náms og ákveða, hversu marga nemendur megi hafa, út frá því sjónarmiði einu, að nemendur fái notið fullkominnar kennslu í iðninni. Á sama hátt skal löggilda iðnfyrir-

tæki, sem hafa hæfa meistara í þjónustu sinni. Við ákvörðun sína skal iðnfræðsluráð taka tillit til venjulegs fjölda sveina á vinnustöð, húsnæðis, vélakosts, áhalda og verkefna.

Nú hefur meistari eða iðnfyrirtæki rofið námssamning tvisvar eða vanrækt kennslu eða brotið á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um iðnfræðslu í verulegum atriðum, og getur þá iðnfræðsluráð svipt hlutaðeiganda rétti til þess að hafa nemendur um tiltekinn tíma eða að fullu. Úrskurði iðnfræðsluráðs samkv. þessari málsgr. má þó áfrýja til dómstólanna, enda sé það gert innan 30 daga, frá því að úrskurðurinn er birtur viðkomandi aðila.

8. gr.

Iðnfræðsluráð skal halda uppi leiðbeiningastarfsemi um stöðuval.

Iðnfræðsluráð skal í því skyni fylgjast með afkomu og atvinnuhorfum innan einstakra iðngreina. Það skal leita þar um árlega álits félagssamtaka meistara og sveina.

Iðnfræðsluráð skal og eins fljótt og kostur er á koma á fót hæfnisprófum fyrir umsækjendur um iðnaðarnám, og ber því að neita að ráða umsækjendur til náms, ef árangur prófsins er neikvæður.

9. gr.

Sá, sem vill komast í iðnnám, skal sækja um það til iðnfulltrúa og geta þess í umsókninni, hvort hann eigi kost á kennslu hjá ákveðnum meistara eða fyrirtæki. Sé svo ekki, skulu iðnfulltrúar aðstoða umsækjanda við að koma sér í nám eða beina umsókninni til iðnfræðsluráðs.

10. gr.

Ekki má unglingur hefja iðnnám yngri en 16 ára. Þó er heimilt, með sérstöku samþykki iðnfræðsluráðs í hvert sinn, að veita nemendum í léttum iðngreinum undanþágu í þessu efni, enda sé umsækjandi orðinn fullra 15 ára.

11. gr.

Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til iðnnáms, skal gera um það skriflegan námssamning í samræmi við lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim. Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga með áritun sinni, og eru þeir ógildir ella.

Nú neita iðnfulltrúar að samþykkja námssamning, og má þá áfrýja því til iðnfræðsluráðs.

Námstími telst hafinn frá dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hefur hlotið, enda hafi nemandinn þá byrjað nám sitt.

Iðnfulltrúar skulu, eftir ráðstöfun iðnfræðsluráðs, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

Iðnfræðsluráð skal halda skrá yfir þá námssamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma, og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá, ef óskað er.

12. gr.

Námstími skal ákveðinn með reglugerð í samráði við iðnfræðsluráð, mismunandi eftir tegund iðngreina. Nú hefur nemandi áður stundað nám í verklegum skóla eða námskeiði, og skal iðnfræðsluráð þá ákveða, hversu námstími styttist.

Hafi nemandi áður stundað nám hjá öðrum meistara, en slitið námssamningi við hann á löglegan hátt, skal sá tími, er hann vann hjá honum, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari.

Rísi ágreiningur um það, hvort námssamningi hafi verið slitið á löglegan hátt, ákveður iðnfræðsluráð, að hve miklu leyti sá tími, er nemandi hefur stundað nám, skuli dragast frá fullum námstíma hjá öðrum.

13. gr.

Þegar námstíminn er á enda, skal nemandinn hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann sé fullnuma í iðn sinni. Prófdómendur ákveða í samráði við meistara, hver prófverk skuli vera. Standist nemandi prófið, ber að gefa út handa honum prófskírteini, er sé undirritað af meistara hans og prófdómendum svo og hlutaðeigandi skólastjóra og lögreglustjóra, og heitir það prófskírteini sveinsbréf.

Nú hefur nemandi ekki staðizt próf það, sem um ræðir í 1. mgr., og skal hann þá eiga rétt á að ganga undir það á ný, þegar það er næst haldið í iðngreininni, enda sé hann sjálfráður um það, hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram. Enginn nemandi getur þó átt rétt til að ganga undir próf í sömu iðngrein oftar en þrisvar sinnum.

14. gr.

Heimilt er mönnum að ganga undir próf í verklegum efnum í ákveðnum iðngreinum, þó að þeir hafi ekki stundað iðnnám hjá ákveðnum meistara eða iðnfyrirtæki, sem löggilt hefur verið samkvæmt 7. gr., né gert námssamninga samkvæmt 11. gr., ef þeir uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. Hafi tekið próf frá iðnskóla í bóklegum fræðum eða annað próf, sem að dómi iðnfræðsluráðs jafngildir því prófi.
b. Sanni með vottorði frá sveini eða meistara í iðninni, að þeir hafi starfað að henni og fengið í henni nokkra leikni.

Próflausnir þeirra, er óska að taka próf eftir þessari grein, skulu valdar af iðnfræðsluráði og prófdómendum og valdar þannig, að eins auðvelt verði eftir lausn þeirra að dæma hæfni nemanda til starfsins og þeirra, er nám hafa stundað eftir námssamningi hjá löggiltum meistara, eftir þeim prófverkum, sem fyrir þá eru lögð.

Dæmist nemandi, er gengur undir próf eftir þessari grein, standast prófið, skal hann fá sveinsbréf undirritað af prófdómendum og formanni iðnfræðsluráðs.

15. gr.

Heimilt er iðnfræðsluráði að ákveða lágmarkskaup nemenda með hliðsjón af gildandi kjarasamningum í hverri iðngrein og á hverjum stað. Heimilt er að breyta kaupákvörðunum, meðan á samningstíma stendur, ef kaupbreytingar verða í iðninni. Leita skal álits hlutaðeigandi iðngreina, áður en slíkar ákvarðanir eru teknar.

16. gr.

Daglegur vinnutími nemenda skal vera hinn sami sem sveina á hlutaðeigandi vinnustöð, sbr. þó 23. gr.

Nemendum er ekki skylt að inna af höndum eftirvinnu eða helgidagavinnu, og ekki má fá þeim neina vinnu, sem þeim er um megn eða skaðleg getur talizt heilsu þeirra.

17. gr.

Sumarleyfi iðnnema skal vera 12 dagar virkir með fullu kaupi.

18. gr.

Skylt er meistara eða iðnfyrirtæki að greiða iðgjöld fyrir nemendur sína samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Í veikindaforföllum skal nemandi fá fullt kaup í allt að 6 mánuði samtals yfir allan námstímann.

19. gr.

Nú hefur nemandi verið veikur meira en 6 mánuði samtals á námstímanum, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið, að námstíminn skuli framlengjast um hæfilegan tíma.

20. gr.

Meistari skal veita nemanda sínum kennslu í iðngreininni og sjá svo um, að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega æfingu í öllum þeim störfum, er iðngreinin tekur til venjum samkvæmt, og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu allra áhalda, er tíðkuð eru í iðngreininni.

Iðnfræðsluráð getur sett námsreglur fyrir hverja iðngrein, að fengnum tillögum hlutaðeigandi iðngreina, þar sem sagt sé fyrir um störf þau, er nemendur skulu hljóta æfingu í á hverju ári námstímans. Það getur fyrirskipað, að færðar skuli vinnuskýrslur fyrir nemendur, þar sem í er skráð, hvaða verk þeir stundi daglega og hve lengi á dag. Skulu slíkar vinnuskýrslur gerðar eftir fyrirmynd, er iðnfræðsluráð samþykkir. Enn fremur skal iðnfræðsluráð gefa út eyðublöð undir missirislega umsögn meistarans um skólavist nemenda, hæfni þeirra, iðni og hegðun.

21. gr.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með kennslunni, koma á vinnustöðvarnar, er nemendur eru að verki, skoða vinnuskýrslur að minnsta kosti árlega og árita þær þar um. Hafi nemandi að þeirra dómi ekki hlotið fullnægjandi fræðslu eða æfingu, miðað við það, sem á er liðið námstímann, geta þeir lagt fyrir meistarann að bæta úr því innan ákveðins tíma.

Skjóta má ákvörðun iðnfulltrúa undir iðnfræðsluráð.

Iðnfulltrúar kveðja prófnefndir sér til aðstoðar við eftirlit samkvæmt þessari grein, eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð.

22. gr.

Nemendur skulu ganga til þeirra starfa, er þeim er skipað til, sbr. þó 16. gr. Þeir skulu sýna ástundunarsemi og trúmennsku við starfið.

23. gr.

Nú stendur yfir verkfall eða verkbann á vinnustöð þeirri, er nemandi stundar nám sitt á, og skal hann þá ekki taka þátt í framleiðslustörfum á meðan. Aftur á móti er nemanda skylt að mæta til æfinga og meðferðar véla og verkfæra á vinnustöð, þar sem því verður við komið.

Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið að framlengja námssamninginn um hæfilegan tíma.

24. gr.

Meistarar og iðnfyrirtæki skulu láta nemendur ganga í iðnskóla og greiða fyrir þá skólagjöld, pappír, bækur og áhöld, sem námið útheimtir.

Um skólanámið fer svo sem lög og reglur um iðnskóla segja til um.

Meðan skólavist stendur, skal vinnutími nemanda á vinnustöð vera 12 stundum styttri á viku en vinnutími sveina.

Nú fer kennslan fram í dagskóla með fullum kennslustundum, og heldur þá nemandi kaupi sínu, en mætir ekki til vinnu.

25. gr.

Iðnfræðsluráð getur veitt undanþágu frá skólanámi:

1. Hafi nemandi þegar lokið iðnskólaprófi eða prófi við annan skóla, sem ekki hefur veitt minni fræðslu í neinni grein en heimtuð er til burtfararprófs úr iðnskóla.
2. Hafi meistari séð nemanda fyrir annarri kennslu, fullgildri að dómi iðnfræðsluráðs, enda ljúki hann fullnaðarprófi frá iðnskóla.

26. gr.

1. Fyrstu 3 mánuðir samningstímans skoðast sem reynslutími. Hvenær sem er á reynslutímanum getur hvor samningsaðila um sig slitið námssamningi án þess að tilgreina ástæður.
2. Meistari eða iðnfyrirtæki getur slitið námssamningi:
   a. Ef nemandi vanrækir nám sitt, verklegt eða bóklegt, eða gerir sig sekan um brot gegn öðrum samningsskyldum sínum.
   b. Hafi nemandi verið meira en 6 mánuði samfleytt frá verki sakir sjúkleika síns.
   c. Ef nemandi að áliti embættislæknis hefur ekki heilsu til að stunda iðnina.
3. Nemandi getur slitið námssamningi:
   a. Ef hann er beittur ósæmilegri framkomu á vinnustað.
   b. Ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar.
   c. Ef meistari eða iðnfyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir að reka iðn sína af öðrum ástæðum.
   d. Ef nemandi sakir sjúkdóms eða annarra orsaka verður óhæfur til þess að geta unnið að iðninni, eða ef það að áliti embættislæknis er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að stunda iðnina.
   e. Ef námsstúlka giftist.
4. Nú er svo ástatt, sem í 3. lið a og b greinir, og nemandi slítur ekki samningi, og geta þá iðnfulltrúar slitið samningi, að undangenginni rannsókn. Skjóta má þó ákvörðun iðnfulltrúa til iðnfræðsluráðs.
5. Aðilum er heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sér saman um það.

Jafnan er námssamningi er slitið, skal það tilkynnt iðnfulltrúum.

27. gr.

Nemandi á rétt á skaðabótum, ef námssamningi er slitið af þeim orsökum, er greinir í 26. gr. 3. lið a—c.

Skaðabótakröfur þessar skulu vera forgangskröfur í bú hlutaðeigandi meistara eða iðnfyrirtækis, og fer um þær samkvæmt 83. gr. laga nr. 3 12. apríl 1878, eins og vinnulaunakröfur væru, þær er þar koma til greina.

28. gr.

Ágreiningur milli nemanda og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi skal koma í gerð, nema aðilar komi sér saman um annað.

Í gerðardómi skal sitja lögreglustjóri, þar sem námið fer fram, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, sinn tilnefndur af hvorum málsaðila.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðila til að sækja þann fund ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja úrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftar en þrisvar sinnum og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi gerðarmaður tjáð honum lögleg forföll eða oddvita þykir nauðsyn bera til, til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú sækir annar hvor gerðarmanna ekki fund og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið.

Gerðardómur á úrskurð um slit námssamninga og dæmir skaðabætur.

Úrskurður gerðardóms skal vera aðfararhæfur.

Úrskurði gerðardómsins má þó áfrýja til dómstólanna, og skal áfrýjunarfrestur til héraðsdóms vera 30 dagar frá birtingu úrskurðarins.

29. gr.

Það varðar sektum að:

1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga þessara.
2. Brjóta gegn ákvæðum laga þessara um daglegan vinnutíma nemanda.

3. Vanrækja að láta nemanda stunda skólanám.
4. Koma ósæmilega fram gegn nemanda.
5. Óhlýðnast fyrirmælum iðnfulltrúa eða iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda.

Sektir skulu renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

30. gr.

Kostnaður við starf iðnfræðsluráðs, iðnfulltrúa og prófnefnda greiðist úr ríkissjóði.

Í reglugerð skulu ákveðin prófgjöld. Þau renna í ríkissjóð.

31. gr.

Ráðherra gefur út reglugerðir þær, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

32. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám, og lög nr. 43 12. febr. 1940, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 100/1938, um iðnaðarnám, en halda þó gildi sínu að því er varðar námssamninga, er gerðir hafa verið eftir þeim.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 361. Breytingartillaga

við frv. til laga um styrk til vatnsveitna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 7. gr. 1. málsl. 1. málsgr. orðist svo:

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal sveitarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum, er vatnsins njóta.

Nd. 362. Breytingartillaga

við frv. til vegalaga.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 2. gr. 24. Nýr liður:

Vorsabæjarvegur: Frá Gaulverjabæjarvegi um Vorsabæjarhverfi, Hamarsbæi, Snóksnes og austur á Partaveg.

Ed. 363. Frumvarp til laga

um Matsveinaskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Stofna skal og starfrækja skóla í Reykjavík, er veiti hagnýta kennslu þeim, er gerast vilja matsveinar á fiski- og flutningaskipum.

2. gr.

Nafn skólans er: Matsveinaskóli Íslands. Skal hann hafa aðsetur í sjómannaskólanum og heyra undir sama ráðuneyti og sjómannafræðslan.

3. gr.

Inntökuskilyrði eru:

1. að nemandi sé 16 ára eða eldri;
2. að hann sé ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða kvilla, sem geti orðið öðrum nemendum skaðvænn eða hættulegur;
3. að hann hafi óflekkað mannorð;
4. að hann hafi lokið miðskólaprófi samkvæmt lögum nr. 22 10. apríl 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu.

4. gr.

Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar skulu ákveðnar í reglugerð.

5. gr.

Kennslunni skal hagað þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið.

Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.

Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrifalega og háttprúða umgengni og snyrtimennsku.

6. gr.

Heimilt er að halda uppi við skólann, eftir því sem við verður komið og fé er veitt til þess í fjárlögum, bóklegri og verklegri kennslu fyrir þá, sem nema vilja að fullu matsveina- og framreiðslumannaiðn samkvæmt gildandi lögum um iðnfræðslu.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta starfrækja mötuneyti og matsölu í sambandi við skólann.

8. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og aðra kennara. Skal skólastjóri jafnframt vera bryti skólans. Ráðherra skipar einnig þriggja manna stjórn yfir mötuneyti og matsölu skólans, skólastjóra til aðstoðar. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Skal einn þeirra hafa verzlunarþekkingu.

9. gr.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið, svo og um mötuneyti og matsölu skólans.

10. gr.

Fyrstu fimm árin eftir að skólinn tekur til starfa, er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá því inntökuskilyrði, er felst í 4. lið 3. gr. þessara laga.

11. gr.

Allur kostnaður við skólahald, mötuneyti og matsölu greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 364. Frumvarp til framfærslulaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

I. KAFLI
Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar eða framfærslunefndar, og honum haga svo, sem hún telur rétt vera, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefur áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, er ekki hafa náð þeim aldri, enda hafi hún foreldraráð yfir þeim, og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur, ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefur og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefur átt með annarri konu, áður en hún giftist honum. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins.

6. gr.

Þegar yfirvald hefur úrskurðað um lífeyri skilgetins eða óskilgetins barns, eða fráskilinnar konu, og úrskurður sá er löglega birtur, en greiðsla samkvæmt honum ekki innt af hendi í tæka tíð, er rétt að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Sama gildir, ef um samning um slíkan lífeyri er að ræða, svo og um meðlagsúrskurð, sem er uppkveðinn, þegar hjón eru skilin að samvistum, án þess að hafa fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng, en annað þeirra fullnægir ekki lögmætri framfærsluskyldu sinni. Ákveði úrskurður eða samningur um lífeyri hærri upphæð en lögákveðinn barnalífeyri skv. lögum um almannatryggingar, þá er slíkt aðeins gildandi og lögtakskræft gagnvart aðilum sjálfum, en Tryggingastofnun ríkisins er ekki skylt að greiða meira en barnalífeyri samkv. lögum um almannatryggingar.

7. gr.

1. Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sifjalögum og almannatryggingalögum, að því leyti, sem lög þessi ná ekki til.
2. Um framfærsluskyldu húsbænda gagnvart hjúum sínum fer eftir hjúalögum.
3. Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir sjómannalögum.
4. Um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart iðnnemum fer eftir lögum um iðnaðarnám.

Framfærslumaður eða framfærslusveit hjúa, skipverja og iðnnema á sömu framfærslukröfur á hendur húsbónda, útgerðarmanni og lærimeistara eins og aðili sjálfur, ef hann neytir ekki réttar síns.

II. KAFLI
Um framfærslurétt.

8. gr.

Sérhver íslenzkur ríkisborgari, eldri en 16 ára, á framfærslurétt í heimilissveit sinni, en heimilissveit er sá kaupstaður eða hreppur, þar sem maður á lögheimili. Þar er lögheimili manns, er hann hefur fast aðsetur.

Verði eigi upplýst um lögheimili manns, er leitar framfærslustyrks, þá skal sú sveit, er hann dvelur í, þegar hann verður styrkþurfi, teljast framfærslusveit hans.

9. gr.

Nú flyzt maður milli sveita, og skal hann þá eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flyzt í, þegar er hann hefur tekið sér þar lögheimili, nema öðruvísi sé fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum. Enginn öðlast þó framfærslurétt í annarri sveit með dvöl sinni þar í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Meðan hann dvelst þar á hann framfærslurétt í þeirri sveit, er hann átti framfærslurétt í, er slík dvöl hans hófst, en öðlast framfærslurétt í heimilissveit sinni að dvölinni lokinni, er hann hefur komizt af styrklaust í 2 ár óslitið. Sá, er dvalið hefur í skóla, öðlast þó þegar framfærslurétt í þeirri sveit, er hann tekur sér lögheimili í að skólavistinni lokinni.

10. gr.

Nú flyzt milli sveita maður, er þegið hefur framfærslustyrk á síðustu 2 árum áður en hann flutti, og skal hann þá halda óbreyttri sveitfesti, þar til hann hefur komizt af styrklaust í 2 ár óslitið í hinni nýju heimilissveit.

11. gr.

Um framfærslurétt hjóna, sem skilið hafa samvistir, gilda ákvæði 8., 9. og 10. greinar. Skilgetin börn undir 16 ára aldri eiga framfærslurétt í framfærslusveit foreldra sinna. Séu hjónin skilin eða sambúð þeirra slitið, á barnið framfærslurétt í framfærslusveit þess foreldrisins, er foreldraráðin hefur, eða það fylgir, og helzt sá framfærsluréttur, þótt foreldrið deyi.

Nú hafa hjón skilið samvistir án þess að úrskurðað hafi verið um foreldraráð yfir barni þeirra, er hjá hvorugu dvelur, og á barnið þá framfærslurétt í framfærslusveit föður síns eða þeirri sveit, er hann átti síðast framfærslurétt í, sé hann dáinn.

Óskilgetin börn innan 16 ára aldurs eiga framfærslurétt í framfærslusveit móður sinnar.

12. gr.

Nú hefur lögskyldur framfærslumaður barns komið því í fóstur og þangað er lagður með því lögákveðinn barnalífeyrir, eða sveitarstjórn hefur ráðstafað barni með ákveðinni meðgjöf umfram barnalífeyri, og er þá eigi heimilt að taka barnið frá fósturforeldri, hafi það dvalizt þar eigi skemur en þrjú ár, ef þar fer vel um það, að dómi barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barnið dvelur og fósturforeldrarnir vilja halda því, enda krefjist þeir ekki hærri meðgjafar með barninu en lögboðins barnalífeyris.

13. gr.

Nú verður barn munaðarlaust, en munaðarlaust telst það barn, sem engan lögskyldan framfærslumann á, þann er vitað sé um eða til verði náð, og er þá sveitarstjórn í dvalarsveit barnsins skylt að annast framfæri þess fyrst um sinn, þar til úr því er skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit þess samkvæmt lögum þessum, og skal sú sveit þá taka við framfærslu barnsins, þó með þeim takmörkunum, er segir í næstu grein á undan.

Verði eigi úr því skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit barns, er dvalarsveit þess skylt að annast framfærslu þess. Framfærslustyrkur umfram barnalífeyri veittur samkvæmt þessari grein telst styrkur veittur munaðarlausu barni.

14. gr.

Útlendingar, heimilisfastir hér á landi, eignast framfærslurétt hér, þegar þeir fá íslenzkan ríkisborgararétt.

15. gr

Maður, sem öðlazt hefur framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann missir íslenzks ríkisfangs, enda hafi hann öðlazt ríkisborgararétt í öðru ríki. En öðlist hann aftur íslenzkan ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í heimilissveit sinni.

16. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurétt hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í heimilissveit hans eða dvalarsveit, en endurgreiða skal ríkissjóður framfærslustyrkinn.

17. gr.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslenzks ríkisborgara, og ráðherra álítur, að ekki verði hjá því komizt að veita honum viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum með fjölskyldu, ef nokkur er, á þá sveit, er framfærsluþurfi til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum fyrsta árið, er hann dvelst þar, skal henni endurgoldinn úr rkissjóði.

18. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis, og skal þá endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Kostnaður við heimflutning frá útlöndum greiðist sömuleiðis úr ríkissjóði fyrir þann styrkþega og skyldulið hans, sem ofangreindir umboðsmenn annast, ef kostnaðurinn fæst ekki á annan hátt greiddur.

III. KAFLI
Um stjórn framfærslumála.

19. gr.

Ráðherra hefur yfirstjórn allra framfærslumála í landinu.

20. gr.

Framfærslumálum heima í héraði stjórna bæjarstjórnir og hreppsnefndir hver í sínu umdæmi.

21. gr.

Í kaupstöðum kýs bæjarstjórn sérstaka nefnd, er nefnist framfærslunefnd, til þess að annast framkvæmdir framfærslumála kaupstaðarins.

Framfærslunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, er bæjarstjórn kýs með hlutfallskosningu. Jafnmargir skulu kosnir til vara. Heimilt skal formanni barnaverndarnefndar að sitja fundi framfærslunefndar og bera fram tillögur, er sérstaklega varða börn samkvæmt lögum um barnavernd.

Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil annarra fastra nefnda bæjarstjórnar.

Nefndin kýs sér sjálf formann.

22. gr.

Hreppsnefndum er heimilt að kjósa framfærslunefnd, og fer þá um skipun hennar og verksvið eins og í kaupstöðum, nema að formaður skólanefndar kemur þar í stað formanns barnaverndarnefndar.

23. gr.

Í kaupstöðum og hreppum, þar sem framfærslunefndir eru, skal hver sá, er þarfnast opinberrar hjálpar, snúa sér til formanns framfærslunefndar, eða í skrifstofu nefndarinnar, og skýra frá ástæðum sínum. Framfærslunefnd skal þá, svo fljótt sem við verður komið, halda fund um málið, sé það þannig vaxið, að það geti eigi orðið afgreitt án sérstaks fundar eða beðið reglulegs fundar í nefndinni, og ákveða, hverja hjálp nauðsynlegt sé að veita, og skal sú hjálp látin í té af bæjar- eða sveitarsjóði eftir fyrirmælum nefndarinnar.

24. gr.

Framfærslunefnd skal eigi halda sjaldnar fundi en einu sinni í viku. Skal hún þá afgreiða öll þau erindi, er til hennar hafa borizt, og geta hvers einstaks erindis í gerðabók sinni og hvaða afgreiðslu það hafi hlotið.

Nú þykir styrkþega rétti sínum hallað eða eigi nógu vel fyrir þörfum sínum séð af framfærslunefnd, og má hann þá skjóta máli sínu til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Sérhverjum, er ekki vill una þeirri afgreiðslu, sem mál hans hefur fengið hjá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er heimilt að áfrýja því til yfirstjórnar framfærslumálanna, er þá skal fullnaðarúrskurð á leggja.

25. gr.

Framfærslunefnd er skylt að veita hverjum þeim, sem til hennar leitar, allar upplýsingar og leiðbeiningar um framfærslumál, eftir því sem í hennar valdi stendur, og sjá um, að framfærsluþurfi fái komið fram réttmætum kröfum sínum eða fengið þann framfærslustyrk, sem honum ber, óskertan.

Hún skal einnig sjá um, að þeir, sem fara þurfa til dvalar í sjúkrahús eða aðra stofnun, fái ábyrgð fyrir dvöl sinni þar frá sveitarfélagi sínu, eða sjúkrasamlagi, nema því sé áður ráðstafað á annan hátt.

26. gr.

Skylt er framfærslunefnd að stuðla að því eftir megni, að fólk þurfi ekki að leita framfærslustyrks, svo sem með því að hvetja það til að greiða tryggingariðgjöld sín á réttum tíma, brýna fyrir því reglusemi, hjálpa því til að komast í atvinnu, benda hreppsnefnd, bæjarstjórn, atvinnubótanefnd eða vinnumiðlunarskrifstofu á, hvar svo bágar séu kringumstæður, að nauðsyn sé fyrir vinnu, koma börnum til sumardvalar á góð sveitaheimili og eiga frumkvæði að öðru því, er í einstökum tilfellum og almennt gæti orðið til þess að forða því frá að þiggja framfærslustyrk.

27. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur setur, að fengnum tillögum framfærslunefndar þar, nánari reglur um tilhögun á framkvæmdum framfærslumála í kaupstaðnum.

28. gr.

Í hreppum, sem eigi kjósa framfærslunefnd, annast hreppsnefnd framkvæmd framfærslumála og gegnir þar skyldum framfærslunefndar samkvæmt lögum þessum, svo sem við á þar.

IV. KAFLI

Um tilhögun styrkveitinga.

29. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé hvors tveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar styrkþega.

30. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu styrkþega.

31. gr.

Framfærsluþurfum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé veittur þeim í matvælum, fatnaði og öðrum nauðsynjum, eða greiddur þeim í peningum, allt eftir því, sem framfærslunefnd eða hreppsnefnd telur bezt henta. Húsnæði, sem framfærsluþurfa er útvegað og fyrir er greitt af opinberu fé, eða sveitarstjórn leggur til, skal vera svo útbúið, að dómi héraðslæknis, að heilsu þeirra, er þar eiga að búa, stafi eigi hætta af. Þar sem almenningsmötuneyti er starfrækt, er framfærslunefnd eða hreppsnefnd heimilt að mæla svo fyrir, að framfærsluþurfar skuli fá mat sinn þar, enda sé mötuneytið að dómi heilbrigðisnefndar að öllu svo útbúið, að sómasamlegt sé, og að matur skuli sendur heim þeim fjölskyldum, sem að dómi framfærslunefndar og héraðslæknis eiga erfitt um að sækja mat þangað.

32. gr.

Nú þarf að ráðstafa framfærsluþurfa, og skal honum þá komið fyrir á góðu heimili, þar sem vel fer um hann, hann látinn fara í sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða honum komið fyrir á vinnuhæli eða framfærslu eða atvinnustofnun, sem er undir opinberri umsjón.

Hafi sveitarstjórn ráðstafað framfærsluþurfa eða barni til dvalar utan heimilis, á hæli eða annars staðar, og greiðir þar meðlag eða ábyrgist greiðslu þess, þá ber Tryggingastofnun ríkisins að greiða sveitarstjórn bætur framfærsluþurfans eða lífeyri barnsins frá þeim tíma, er henni barst tilkynning um ráðstöfun sveitarstjórnarinnar.

33. gr.

Nú þurfa foreldrar, er mikla ómegð hafa, að leita framfærslustyrks til viðbótar barnalífeyri þeim, er þeim ber að lögum, og skal þeim þá lagður hann á heimili þeirra, ef börnin fá þar sómasamlegt uppeldi og vel fer um þau.

Börn má ekki taka frá foreldrum án samþykkis þeirra, nema framfærslu og uppeldi barnanna sé áfátt á þann hátt, er segir í næstu málsgrein.

Ef foreldrar, sem ekki þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi eða fara illa með þau, þá skal sveitarstjórn koma börnunum burt þaðan á barnaheimili eða á heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og lögskipaða fræðslu og venjast algengri vinnu. Eigi slík börn að lögum rétt á barnalífeyri, skal hann lagður til fósturs þeim, en umframstyrkur, ef greiddur er, svo og meðgjöf, sem greidd er með slíkum börnum, ef þau eiga ekki rétt til barnalífeyris, skal talið framfærslustyrkur veittur foreldrum eða öðrum lögskyldum framfærslumönnum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

Sveitarstjórn skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum börnum, er hún annast framfærslu á.

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum án leyfis þeirra.

34. gr.

Þegar um ráðstafanir er að ræða eftir 33. gr., skulu þær eigi framkvæmdar fyrr en barnaverndarnefndir í kaupstöðum og skólanefndir í sveitum hafa haft málið til meðferðar og reynt að leysa það samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, ef það fellur undir ákvæði þeirra, og skal farið eftir tillögum þeirra að því leyti, sem við verður komið. Hið sama gildir um ráðstöfun fávita og vanþroska unglinga, sem nauðsyn krefur, að hið opinbera ráðstafi eða hafi afskipti af.

35. gr.

Sóknarprestar, kennarar og héraðslæknar skulu líta eftir því, að vel sé farið með alla framfærsluþurfa í umdæmum þeirra. Þyki einhverjum ofangreindra aðila misbrestur á því vera, og geti hann eigi með umvöndun komið lögum á það, ber þeim að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á sveitarstjórn til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

36. gr.

Sveitarstjórn skal gera sér allt far um að stuðla að því, að börn, sem eru undir hennar umsjá, séu þannig upp alin, að þau geti séð fyrir sér sjálf, þá er þau hafa náð 16 ára aldri.

V. KAFLI

Um vald sveitarstjórnar yfir styrkþegum.

37. gr.

Sá, sem þegið hefur framfærslustyrk, er endurgjalda skal, er háður valdi sveitarstjórnar að því leyti og á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

38. gr.

Fyrir áfallinni framfærsluskuld getur sveitarstjórn beiðzt lögtaks eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

39. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn framfærslustyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar, er gengur fyrir öllum öðrum kröfum.

Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn, ef hún krefst, kaup eða aflahlut framfærsluþurfa, sem hún telur ekki kunna með fé að fara. Leitað getur framfærsluþurfi úrskurðar lögreglustjóra, ef hann telur sig misrétti beittan, og má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá gagnvart sveitarstjórn ábyrgð á þeirri upphæð, er hann hefur greitt framfærsluþurfa eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

Verkfæri eða húsmunir, sem sveitarstjórn fær framfærsluþurfa í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

40. gr.

Heimilt er framfærslunefndum og hreppsnefndum að fá hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum styrkþega og vinnuskýrslum hjá vinnumiðlunarskrifstofum, er þær telja þörf á. Einnig er bönkum og sparisjóðum skylt að gefa framfærslunefndum og hreppsnefndum upplýsingar um viðskipti styrkþega og þeirra, sem framfærsluskyldir eru við þá.

Þeim upplýsingum, sem þannig eru fengnar, skal haldið leyndum, nema talið verði um að ræða misferli af hálfu styrkþega eða framfærsluskyldra.

41. gr.

Sveitarstjórn getur krafizt þess, að framfærsluþurfi, sem að hennar dómi fer ráðlauslega með efni þau, er hann hefur undir höndum, verði með úrskurði valdsmanns sviptur fjárráðum, enda setji valdsmaður honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðunum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að framfærslustyrkurinn sé endurgoldinn eða eftirgefinn, skal nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

42. gr.

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara hvert sem er innanlands í viðunanlega vist, eða til atvinnurekstrar við viðunanleg skilyrði, eða vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um, án sveitarstyrks, að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra framfærslusveitar, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til. Úrskurði lögreglustjóra má skjóta til ráðherra.

Á sama hátt getur framfærslusveit styrkþega látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefur orðið að borga með barni hans skilgetnu eða óskilgetnu, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu í vinnuhæli ríkisins, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 600 króna komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til ríkissjóðs, enda greiði hann kostnað allan af fangelsisvistinni.

43. gr.

Nú óhlýðnast framfærsluþurfi skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglustjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

44. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefur vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærslusveit þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt, að viðlögðu fangelsi samkvæmt 54. gr.

45. gr.

Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af ríkissjóði.

VI. KAFLI

Um viðskipti sveitarstjórna og endurgreiðslu framfærslustyrks.

46. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá veittur honum af heimilissveit hans.

47. gr.

Nú er manni veittur framfærslustyrkur utan þeirrar sveitar, er hann á framfærslurétt í, og skal framfærslusveit hans þá endurgreiða styrkinn að ⅔ hlutum, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í þessum lögum. Þó skulu greiðslur eftir yfirvaldsúrskurði endurgreiðast að fullu.

Ríkissjóður ábyrgist þessar endurgreiðslur.

48. gr.

Verði maður styrkþurfi utan heimilissveitar sinnar sökum slysa, veikinda, atvinnuleysis eða af öðrum orsökum, er dvalarsveitinni skylt að veita þá aðstoð, sem nauðsynleg er, til þess að styrkþurfinn fái þá læknishjálp og hjúkrun, sem þarf, eða hann komist heim til sín, en endurgreiða skal heimilissveitin dvalarsveit þann kostnað að fullu, og ábyrgist ríkissjóður greiðsluna.

49. gr.

Kröfur um endurgreiðslu á framfærslustyrk, sem eitt sveitarfélag á á hendur öðru, skal gera innan 6 vikna frá styrkveitingu, ella fellur endurkröfurétturinn niður.

Skylt er sveitarstjórn að svara slíkri kröfu innan 6 mánaða frá því að henni barst tilkynning um styrkveitingu, ella fellur niður réttur hennar til mótmæla gegn réttmæti skuldarinnar.

50. gr.

Sá, sem þegið hefur framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er endurkræfur eftir þessum lögum eða öðrum. Því aðeins er þó sveitarstjórn heimilt að gera fjárnám í eignum eða tekjum styrkþega, að afkomu hans framvegis sé með því eigi stefnt í þá hættu, að hann þurfi aftur á framfærslustyrk að halda.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en

því foreldrinu, sem er á lífi, ef annað er dáið, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

Nú nægir eigi lögákveðinn barnalífeyrir til þess að greiða kostnað við uppeldi og framfærslu barns, og skal þá telja þann styrk, sem umfram þarf að veita, veittan móður barnsins, sé hún á lífi.

51. gr.

Nú hefur einhver, sem samkvæmt dómi eða samningi er skyldur til framfærslugreiðslu lögum samkvæmt, vanrækt að gera skyldu sína í þessu efni, og framfærslustjórn hefur þess vegna orðið að greiða þeim, sem réttinn hefur, framfærslustyrk, og telst þá sá styrkur ekki framfærslustyrkur til framfærsluþurfa, ef styrkurinn fer ekki fram úr hinni umsömdu eða úrskurðuðu upphæð, heldur framfærslustyrkur til þess, sem vanrækt hefur greiðslur.

52. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana, báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þá skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau þá voru í, og ekkert á ekkju, ef hún hefur einn eða fleiri skylduómaga.

Nú hefur dvalarsveit barnsmóður eða framfærslumanns barns orðið að endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins lögákveðinn barnalífeyri, og skal þá framfærslusveit sú, er barnsfaðir á, er lífeyririnn féll í gjalddaga, skyld að endurgreiða dvalarsveitinni meðlagið að fullu, og skal telja það framfærslustyrk veittan barnsföður.

Hafi dvalarsveit barnsmóður eigi fengið barnalífeyri endurgreiddan fyrir þá sök, að ókunnugt hafi verið um dvalarstað barnsföður, eða hann hefur komizt undan lagaaðförum, er þeirri sveit heimilt, er hann kemur síðar fram, að ganga að þeim framfærslusveitum, er hann kann að hafa átt meðan ekki náðist til hans.

53. gr.

Skylt er barnsföður að endurgreiða framfærslusveit sinni lífeyri með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, sé hann þess umkominn að dómi sveitarstjórnar. Innheimtumaður, sem annast innheimtu á endurgreiðslukröfum vegna barnalífeyris, getur leitað aðstoðar lögreglunnar til þess að ná til skuldarans.

Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn samkvæmt kröfu hennar kaup eða aflahlut manna þeirra, er um ræðir í 1. málsgr., til lúkningar úrskurðuðum meðlögum.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á meðlagsskuldinni, allt að þeirri upphæð, er hann hefur greitt barnsföður, eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

54. gr.

Þegar dvalarsveit hefur greitt barnalífeyri, sem innheimta ber hjá öðru sveitarfélagi, skal sveitarstjórn dvalarsveitar, innan sex vikna frá móttöku kvittunar Tryggingarstofnunar ríkisins fyrir greiðslunum, senda til sveitarstjórnar framfærslusveitar kröfu um endurgreiðslu, og skal þá greiða skuldina innan sex mánaða frá móttöku kröfunnar. Kvittun Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja kröfu sveitarstjórnar dvalarsveitarinnar.

Nú vanrækir sveitarstjórn framfærslusveitar að sinna kröfunni, og getur sveitarstjórn dvalarsveitar þá krafizt greiðslu úr ríkissjóði samkv. 47. gr. þessara laga.

55. gr.

Nú hrekkur barnalífeyrir, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir samkv. almannatryggingalögunum ekki til framfærslu munaðarlauss barns innan 16 ára aldurs, og

skal þá framfærslusveit þess greiða það, sem til vantar, að barnið fái sómasamlega framfærslu, og telst það styrkur veittur munaðarlausu barni.

56. gr.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefja styrkþega endurgreiðslu á styrk, veittum af sveitarfé, til að greiða:

1. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kennsluáhöld handa börnum á skólaskyldualdri.
2. Greftrunarkostnað styrkþega, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.
3. Fæðingarhjálp, sem barnsföður er ekki skylt að endurgreiða.
4. Greiðslur til munaðarlausra barna samkv. lögum þessum.
5. Útgjöld vegna útbúnaðar og sendingar barns, sem komið er til dvalar af barnaverndarnefnd eða framfærslunefnd utan heimilissveitar sinnar.
6. Framfærslustyrk veittan mönnum 60 ára eða eldri.
7. ⅓ hluti af kostnaði við langvinna sjúkdóma, samkv. l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Allur sá styrkur, sem hér um ræðir, skal þó í bókum sveitarinnar talinn framfærslustyrkur veittur á því ári, sem hann er greiddur úr sveitarsjóði.

57. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn framfærslustyrk.

58. gr.

Nú hefur styrkþega verið ráðstafað af framfærslunefnd eða hreppsnefnd í annað framfærsluhérað, og vinnur hann sér þá eigi sveit í hinu nýja héraði fyrr en í fyrsta lagi að 6 árum liðnum. Ber þeirri sveit, er ráðstafaði honum til dvalar, að kosta framfærslu hans fyrstu 4 árin, ef með þarf, hvort sem hann þarf árlegan styrk eða ekki, og eftirleiðis þangað til hann hefur komizt af tvö ár óslitið án framfærslustyrks.

59. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks áður en 2 ár eru liðin frá því að hann fluttist til þess framfærsluhéraðs, er hann á heima í, án þess um ráðstöfun samkv. 68. gr. sé að ræða, og skal þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd láta valdsmann, ef ástæða er til, rannsaka eftirfarandi atriði:

1. Hvar framfærsluþurfi átti áður heimilissveit.
2. Hvort hann þáði þar framfærslustyrk, og hve mikinn.
3. Hvenær hann síðast þáði framfærslustyrk þar.
4. Hvort sveitarstjórn fyrrv. heimilissveitar hans eða einstakir sveitarstjórnarmenn, eða aðrir áhrifamenn, hafi hvatt styrkþega til að flytja búferlum, lagt fram fé í því skyni eða á annan hátt beint eða óbeint stutt að för hans, svo sem með gjöfum eða samskotum, svo af því megi ætla, að þær ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að losa fyrrverandi heimilissveit við verandi eða væntanleg þyngsli vegna styrkþegans eða fjölskyldu hans.
5. Önnur atriði, er sveitarstjórn eða framfærslunefnd telur nauðsynlegt að upplýsa í þessu sambandi.

60. gr.

Sannist það við rannsókn þessa, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar styrkþegans, eða einstakir áhrifamenn í sveitarfélaginu, hafi komið því til leiðar, að styrkþegi flutti búferlum í aðra sveit og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 68. gr., skal þeirri sveit, er hann flutti úr, skylt að endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hann eða fjölskylda hans þarf að þiggja í framfærslustyrk meðan hann dvelur þar.

Sama gildir, ef það sannast, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar hafi lagt fram fé, beint eða óbeint, til þess að styrkþegi gæti komizt hjá því að biðja um framfærsluhjálp fyrstu tvö árin.

61. gr.

Nú verður sveitarstjórn uppvís að því að hafa stuðlað að flutningi manns til annars sveitarfélags, og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 68. gr., og skal þá ríkissjóður endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hún leggur út hans vegna, og innheimta síðan upphæðina hjá fyrrverandi heimilissveit mannsins.

VII. KAFLI

Um jöfnun framfærslukostnaðar.

62. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og eigi síðar en 1. júní næsta ár, senda bæjarstjórnir og hreppsnefndir til ráðuneytisins skýrslu yfir framfærslukostnað í kaupstaðnum eða hreppnum umliðið ár og í því formi, sem ráðuneytið ákveður.

Skýrslunni skal fylgja vottorð, staðfest af bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra, um, hve margir karlar og konur á aldrinum 18—60 ára eiga heimili í kaupstaðnum eða hreppnum.

63. gr.

Sýslumenn skulu fyrir 15. júlímánaðar ár hvert senda ráðuneytinu skýrslu um samanlagðar skattskyldar tekjur allra íbúa hvers einstaks hrepps sýslunnar samkvæmt skattskrá fyrir umliðið ár, svo og um skuldlausar eignir samkvæmt sömu skattskrá og loks um skattmat allra fasteigna í hverjum hreppi, sem skatt ber að greiða af síðastliðið ár. Á sama hátt ber bæjarfógetum í kaupstöðum og skattstjóranum í Reykjavík að senda ráðuneytinu tilsvarandi skýrslur úr umdæmum þeirra.

64. gr.

Framfærsluhéruðum landsins skal skipta í tvo flokka. Eru í öðrum flokknum allir kaupstaðirnir og kauptún þau, sem hafa yfir 500 íbúa og eru sérstök sveitarfélög, en í hinum flokknum eru öll önnur sveitarfélög.

65. gr.

Eftir skýrslum þeim, sem um getur í 73. gr., reiknar ráðuneytið út, hver er meðaltalsframfærslukostnaður í hvorum jöfnunarflokknum fyrir sig. Skal það gert á þann hátt að miða að ⅓ hluta við tölu þeirra karla og kvenna, sem eru á aldrinum 18—60 ára, að ⅓ hluta við skattskyldar tekjur, að ⅙ hluta við skuldlausar eignir og ⅙ hluta við fasteignamat.

66. gr.

Nú fer samanlagður framfærslukostnaður sveitarfélags fram úr meðaltali framfærslukostnaðar í þeim jöfnunarflokki, sem sveitarfélagið tilheyrir, reiknað á sama hátt og segir í næstu grein á undan, og fá sveitarfélögin þá endurgreiðslu úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, þannig, að hvert sveitarfélag greiðir meðaltalsframfærslukostnað í sínum flokki að frádregnum 10% og fær endurgreidda ⅔ hluta þess, sem umfram er. Minni upphæð en 100 krónur greiðast þó aldrei neinu bæjar- eða sveitarfélagi.

Hrökkvi tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga ekki til þess að endurgreiða fátækrajöfnunarfé, greiðir ríkissjóður það, sem á vantar, þar til full endurgreiðsla er fengin samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.

67. gr.

Nú eru skýrslur þær, er um getur í 62. og 63. gr., eigi komnar til ráðuneytisins á þeim tíma, sem þar er tiltekinn, og skal þá með símskeyti eða á annan full-

tryggan hátt tilkynna hreppsnefndum, bæjarstjórnum og embættismönnum þeim, sem þar eru tilgreindir, að skýrslur þeirra skuli afhendast fyrir nánar tiltekinn dag.

Nú verður misbrestur á því, að skýrslur komi þrátt fyrir tilkynningu samkvæmt 1. málsgr., og skal þá við útreikning nota tilsvarandi skýrslu síðastliðins árs, en hreppar þeir og kaupstaðir, sem vanrækslu hafa sýnt, missa rétt til endurgreiðslu fyrir það ár, þótt þeir ættu tilkall til hennar samkvæmt útreikningi.

68. gr.

Ráðuneytið skal hafa lokið skiptingu framfærslufjár milli bæjar- og sveitarfélaga í fyrsta flokki eigi síðar en 1. ágúst og í öðrum flokki eigi síðar en 1. október.

69. gr.

Ráðuneytið hefur úrskurðarvald um sérstaka reikninga yfir veittan framfærslustyrk og um reikninga sveitarfélaga yfir framfærslukostnað í heild sinni.

Sannist það á einhverja sveitarstjórn, að hún vísvitandi gefi rangar skýrslur eða upplýsingar í þeim tilgangi að öðlast endurgreiðslu frá ríkissjóði, missir viðkomandi sveitarfélag rétt til allrar endurgreiðslu frá ríkissjóði það ár, auk þeirrar hegningar, sem sveitarstjórnin kann að baka sér með slíku athæfi samkvæmt ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

70. gr.

Nú hafa sveitarstjórnir gert samninga sín á milli um framfærslu styrkþega, áður en lög þessi koma til framkvæmda, og skulu þeir samningar þá haldast, ef þeir brjóta eigi í bág við ákvæði þessara laga eða almannatryggingalaga.

Um styrkþurfa, sem ráðstafað hefur verið utan sveitar af sveitarstjórn, áður en lög þessi öðlast gildi, skal fara sem segir í 58. gr. þessara laga.

71. gr.

Úrskurðir yfirvalds, uppkveðnir fyrir gildistöku þessara laga, um meðlög með skilgetnum eða óskilgetnum börnum, svo og staðfestir samningar um sama efni, halda gildi sínu með þeim breytingum, að meðlagsfúlgan fer eftir lögum um almannatryggingar og verður jafnhá barnalífeyri eins og hann er ákveðinn í þeim lögum á hverjum tíma, og að meðlagsgreiðslan fer fram mánaðarlega.

72. gr.

Nú hefur framfærsluþurfi misst rétt til bóta eða lífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar, vegna vanskila á iðgjaldi, og getur sveitarstjórn þá keypt honum full réttindi samkvæmt þeim lögum með því að greiða iðgjald hans fyrir næst liðið ár.

73. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim, séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafið er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðila varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

74. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947 og eru frá sama tíma úr gildi felld framfærslulög nr. 52 12. febrúar 1940, svo og önnur ákvæði eldri laga, er brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Í janúarmánuði 1947 skulu sveitarstjórnir greiða þeim ellilauna- og örorkubótaþegum, er á árinu 1946 fengu ellistyrk og örorkubætur, ½ hluta þeirrar heildarupphæðar, sem þeir fengu þá, að frádregnu sjúkrasamlagsgjaldi.
   Undanskildir eru þó þeir, sem 1946 fengu upphæðina greidda í einu lagi. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögunum helming upphæðarinnar.
2. Við ákvörðun örorkulífeyris samkv. 3. bráðabirgðaákvæði laga um almannatryggingar skal þess gætt, að þeir öryrkjar, er þar greinir og fengið hafa örorkubætur árið 1946, missi einskis í við, að lögin um almannatryggingar koma til framkvæmda, enda greiði ríkissjóður það, sem til kann að vanta, að fjárveitingin úr tryggingarsjóði hrökkvi.
3. Mæður óskilgetinna barna, er ekki hafa fengið meðlagsúrskurði á hendur barnsfeðrum sínum erlendum, fyrir gildistöku þessara laga, en hafa til þessa fengið greidd meðlög af sveitarfé í dvalarsveit sinni, skulu eftirleiðis fá greiddan barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, enda fylgi kröfu þeirra til Tryggingarstofnunarinnar vottorð sveitarstjórnar um meðlagsgreiðslur úr sveitarsjóði þeim til handa. Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir svo og þær upphæðir, sem sveitarsjóðir hafa lagt út til mæðra slíkra barna fyrir gildistöku þessara laga.
   Greiðslur þessar falla þó niður, ef móðir slíks óskilgetins barns, sem hér um ræðir, tapar barnsfaðernismáli því, er hún hefur höfðað.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um frv. og einstök atriði þess. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Í lögum um almannatryggingar frá 7. maí 1946, er svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

„Á árinu 1946 skal ríkisstjórnin láta fram fara endurskoðun á framfærslulögum nr. 52 1940, lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, nr. 46 1921, lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, nr. 78 1936, svo og lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 6 1935, sbr. l. nr. 20 1942, og öðrum þeim lögum, sem þörf er á að samræma ákvæðum þessara laga, og leggja árangur endurskoðunarinnar fyrir Alþingi."

Með bréfi, dags. 11. sept. s. l., skipaði félagsmálaráðherra, Finnur Jónsson, nefnd til að framkvæma endurskoðun þá, sem að ofan greinir.

Í nefndinni áttu sæti: Auður Auðuns lögfræðingur, lögfræðilegur ráðunautur Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, Ingólfur Jónsson fyrrv. bæjarstj., Jónas Thoroddsen fyrrv. bæjarfógeti, Ólafur Sveinbjörnsson, skrifstofustjóri framfærslumála í Reykjavík og Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hóf störf sín 16. september s. l. og hefur starfað óslitið síðan að endurskoðun ýmissa greina þeirrar löggjafar, sem snerta almannatryggingalögin sérstaklega.

Til þess að flýta starfinu skipti nefndin með sér verkum við undirbúningsvinnuna, en hélt svo sameiginlega fundi á milli, til að ræða einstök atriði, og loks frv. í heild.

Nefndinni varð það þegar ljóst, að ekki mundi unnt á svo skömmum tíma, sem henni var ætlaður, að ljúka endurskoðun allra þeirra laga, sem nauðsynlega verður að breyta, þegar almannatryggingalögin koma til fullra framkvæmda. Ákvað hún því að taka nú aðallega fyrir framfærslulögin og lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, en fresta öðrum breytingum af ástæðum, er síðar verður að vikið. Hefur nefndin því rækilega endurskoðað framfærslulögin og lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna og sendir þau nú frá sér í frumvarpsformi.

Lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, skattalagaákvæðið, sem breyta þarf fyrir árslok 1947, svo að ýmis önnur lög, sem meira og minna þarf að breyta, þýðir ekki að endurskoða fyrr en á árinu 1947, því breytingar á þeim geta ekki tekið gildi fyrr en III. kafli almannatryggingalaganna — heilsugæzlan — kemur til framkvæmda. Gerir nefndin því ráð fyrir að endurskoðuninni verði haldið áfram á árinu 1947, annaðhvort af þessari sömu nefnd eða annarri, sem sérstaklega yrði skipuð til þeirra starfa. Það mun og koma í ljós á fyrri hluta ársins 1947, hvort einhverra sérstakra ákvæða er vant í framfærslulögin eða lögin um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og mætti þá einnig úr því bæta þá.

Endurskoðun beggja þeirra lagaflokka, sem nú hefur farið fram, hefur því aðallega verið í því fólgin, að samræma þessa löggjöf tryggingalöggjöfinni og brúa ýmis bil, sem þar voru á milli.

Hvað framfærslulögin snertir er aðeins um eina verulega breytingu að ræða frá því sem nú er, og hún felst í því að felld eru niður ákvæði 6. gr. núg. framfærslul. og þau ákvæði önnur, er af þeirri grein leiða, en 6. gr. núg. framfærslulaga er svo hljóðandi:

„Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega foreldrar ekki verða framfærsluþurfar meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri. Sama skylda hvílir á kjörforeldrum og kjörbörnum."

Meðan almannatryggingar voru litlar eða engar var þetta mjög þýðingarmikið ákvæði, en ættarframfærslan þokar smátt og smátt fyrir opinberri framfærslu, og nú, þegar mjög fullkomnar tryggingar taka til starfa, virðist rétt að fella þessi ákvæði með öllu niður úr framfærslulögunum. Reynslan hefur auk þess verið sú, að t. d. foreldraframfærsla hefur oftast komið mjög misjafnlega niður á börnum sömu foreldra af ýmsum ástæðum og úrskurðir og tillög í því efni, jafnvel oftar valdið deilum og sundurþykki, hafi ekki sú ræktarsemi til foreldranna verið fyrir hendi, sem ein er þess megnug að bera slíkar byrðar sem þessar, án árekstra og umkvartana. Til þessarar framfærslu af hálfu barna gegnvart foreldrum kemur ekki fyrr en börnin eru uppkomin orðin, og þá venjulegast vegna elli eða sjúkdóms foreldranna. Nú er til þess ætlazt, að ellitryggingin og sjúkratryggingin beri þann kostnað, svo þar með er þessum byrðum raunverulega létt af börnunum. Sama er að segja um þá skyldu foreldra, að framfæra börn sín eldri en 16 ára. Slík framfærsla hlýtur að stafa af einhvers konar sjúkdómi barnsins, en tryggingarlögin gera ráð fyrir, að sjúkratryggingarnar taki við öllu slíku. Hér eftir eins og hingað til mun það auðvitað verða svo, að börn, sem einhverjar ræktartilfinningar hafa gagnvart foreldrum sínum, munu annast þau og veita þeim það, sem þau þarfnast og börnin geta af mörkum lagt, þótt þessi ákvæði falli úr lögum og hið sama munu foreldrar gera gagnvart uppkomnum börnum sínum, sem sjúk eru, svo langt sem efni þeirra og vilji ná.

Aðrar breytingar á framfærslulögunum þykir ekki þurfa að nefna hér sérstaklega, enda er þeirra getið í athugasemdunum við einstakar greinar.

Um frumvarpið um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna þykir rétt að taka þetta fram sérstaklega:

Með lögum um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, var II. kafli l. nr. 46/1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, fellur úr gildi og efni hans tekið upp í þau lög, og í framfærslulögin, barnaverndarlögin og lögin um almannatryggingar hafa verið tekið ýmis ákvæði um framfærslu óskilgetinna barna og réttindi þeirra og mæðra þeirra, sem óþarft virðist að taka upp í þetta frv. Sumar þær breytingar, sem gerðar hafa verið á eldri löggjöf síðan l. 46/1921 gengu í gildi, gera nokkur ákvæði þeirra óþörf, og í þessu frv. er lagt til, að VI. kafli þeirra, um skilgerð barna o. fl., verði alveg felldur niður, eins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum um einstakar greinar frv.

Til þessa hefur verið tekið fullt tillit við endurskoðun laganna, og eru þau því miklum mun styttri nú en þau áður voru.

Erfiðasta viðfangsefnið var að sjálfsögðu að finna með hverjum hætti mætti tryggja meðlagsgreiðslur til hinna mörgu barna, sem hér hafa fæðzt meðan erlent setulið dvaldi í landinu. Nefndin varð öll sammála um, að rétt væri að taka í lög þau ákvæði í þessu efni, er tryggðu barnsmæðrum erlendra setuliðsmanna eða hermanna svipaðan rétt og öðrum íslenzkum konum, er börn eiga utan hjónabands og feðra þau á þann hátt, sem íslenzk löggjöf heimtar.

Barnsmæðrum þeim, sem hér eiga hlut að máli, má skipta í þrjá flokka:

Í fyrsta lagi þær, sem hafa fullkomna faðernisjátningu frá barnsföður.

Í öðru lagi þær, sem hafa ýmis konar gögn í höndum eða fært geta sterkar líkur fyrir því, að sá sé faðir barns þeirra, sem þær segja vera, en fullgild játning liggur ekki fyrir.

Í þriðja lagi þær, sem engar líkur né gögn geta fram fært, annað en það, að vita nöfn eða númer á barnsfeðrum sínum, ef sú vitneskja þá er fyrir hendi.

Nefndin taldi rétt, að þær þessara kvenna, sem í fyrsta flokknum teljast, yrðu settar á sama bekk og þær ógiftar mæður, sem börn eiga með Íslendingum. Hvað hina tvo snertir telur nefndin rétt, að sú leið verði farin, að þeim verði veittur réttur til höfðunar barnsfaðernismáls, og verði ekki náð til barnsföður, að þá verði móðurinni leyft að vinna eið að framburði sínum og yfirvaldsúrskurður síðan felldur um meðlagsgreiðslu. Rétt þykir, að ríkissjóður endurgreiði sveitarfélögunum eða Tryggingastofnuninni slík meðlög eins og nú tíðkast um meðlög með börnum erlendra manna, enda hefur enginn aðili annar tök á að innheimta þessi meðlög.

Að öllu þessu er nánar vikið í athugasemdum við einstakar greinar þess frv.

Fleira þykir ekki ástæða til að ræða sérstaklega í þessari greinargerð, en aðeins skal á það bent, að nauðsynlegt er, að þessi frv. fáist afgreidd frá Alþingi hið fyrsta. — Skal þá vikið að hinum einstöku greinum framfærslulagafrumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar:

Um I. kafla.

Kafli þessi svarar til I. kafla núgildandi framfærslulaga, og er um framfærsluskyldu.

Um 1.—4. gr.

Greinar þessar eru samhljóða fjórum fyrstu greinum núgildandi framfærslulaga.

Um 5. gr.

Greinin svarar til 5. gr. núg. framfærslulaga, nema hvað fellt er niður það ákvæði, að hægt sé að krefjast framfærslu af sönnum foreldrum barns, ef kjörforeldri þrýtur. Virðist það eðlilegast, þegar foreldrarnir hafa af frjálsum vilja afsalað sér öllum rétti til barnsins.

Um 6. gr.

Þessi grein kemur í staðinn fyrir 6., 7., 8., 9. og 10. gr. núgildandi framfærslulaga, sem nefndin leggur til að fella niður. Í þessum greinum eru ákvæðin um það, að börn skuli framfæra foreldri sín og foreldrar börn sín, eldri en 16 ára, ef þau eru til þess fær, og þar eru einnig ýmis nánari ákvæði um, hvernig þeirri framfærslu skuli hagað. Þessi ákvæði hafa orðið æ þýðingarminni eftir því sem tryggingar allar urðu fullkomnari, og nú, þegar mjög svo fullkomið tryggingakerfi tekur til starfa, er rétt, að öll þessi ákvæði falli niður. Meginhugsun almannatrygginga er það, að létta byrðunum af einstaklingnum og leggja þær með einhverjum hætti á heildina. Hin nýju almannatryggingalög gera ráð fyrir, að gamalmenni njóti fulls ellilífeyris og allur sjúkrakostnaður verði borinn uppi af tryggingunum. Virðist þar með niður fallin þörf sú, sem verið hefur fyrir þessi ákvæði. Hins vegar er nauðsynlegt að kveða á um það hér, að greiðslur samkvæmt samningum eða yfirvaldsúrskurðum vegna framfærslu, megi taka lögtaki, ef þörf krefur, og eins að upphæð sú, sem hið opinbera verður um krafið, svari til þess sem í almannatryggingalögum er ákveðið um svipuð efni. Um það fjalla ákvæði þessarar greinar.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. núg. framfærslulaga.

Um II. kafla.

Kaflinn svarar til II. kafla núg. framfærslulaga og er um framfærslurétt.

Um 8.—11. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 12.—15. gr. í núg. framfærslulögum, að tilvitnunum í fyrri greinar einum undanteknum.

Um 12. gr.

Þessi grein svarar til 16. gr. í núgildandi framfærslulögum og er hér, auk þess að fella niður nokkur óþörf ákvæði, sú meginbreyting, að ekki er hægt að taka barn úr fóstri, ef það hefur verið í þrjú ár samfleytt hjá fósturforeldrum, enda fari þar vel um það og fósturforeldrarnir vilji halda því. Þykir réttara að hafa þetta ákveðið, því oft hafa spunnizt leiðinda deilur milli foreldra og fósturforeldra út af slíku fóstri, og er því bezt, að foreldrum sé ljóst, að réttur þeirra er tapaður eftir þriggja ára tíma og eins hitt, að fósturforeldrar geta ekki haldið barni, sé þess krafizt af þeim innan þriggja ára. Að sjálfsögðu tekur þetta ákvæði eingöngu til barna, sem komið er í fóstur eftir að lögin öðlast gildi, en á ekki við um þau börn, sem ráðstafað er samkvæmt núgildandi 16. gr. framfærslulaganna, fyrr en að þrem árum liðnum frá gildistöku þessara laga.

Um 13. gr.

Grein þessi er samhljóða 17. gr. núg. framfærslulaga að öðru leyti en því, að inn í síðasta málslið er skotið orðunum „umfram barnalífeyri“ og skýrir þetta sig sjálft við lestur greinarinnar.

Um 14. gr.

Greinin svarar til 18. gr. núg. framfærslulaga og eru felld úr henni öll ákvæði, sem þar eru um danska ríkisborgara, og þeir framvegis settir á sama bekk og aðrir erlendir menn. Gert er ráð fyrir, að samið verði sérstaklega milli ríkisstjórna Íslands og Danmerkur um framfærslu þeirra danskra ríkisborgara, er hér dvöldu fyrir sambandsslitin, og íslenzkra ríkisborgara, er í Danmörku dvöldu þá, og því sé óþarft að taka upp í framfærslulögin sérstök ákvæði um þessi efni.

Um 15.—18. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 19.—22. gr. núg. framfærslulaga.

Um III. kafla.

Þessi kafli svarar til IV. kafla núgildandi framfærslulaga og fjallar um stjórn framfærslumála. III. kafli í núg. framfærslulögum, en hann var um styrk með börnum ekkna, var felldur úr gild með almannatryggingalögunum.

Um 19.—28. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 27.—36. gr. núgildandi framfærslulaga að undanteknum smávægilegum orðabreytingum í 26. gr. frv.

Um IV. kafla.

Þessi kafli svarar til V. kafla í núg. framfærslulögum og er um tilhögun styrkveitinga.

Um 29.—31. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 37.—39. gr. núg. framfærslulaga.

Um 32. gr.

Greinin svarar til 40. gr. núg. framfærslulaga með þeirri viðbót, að skylt sé Tryggingastofnun ríkisins að greiða til sveitarstjórnar bætur framfærsluþurfa eða barnalífeyri, hafi sveitarstjórn orðið að gera þær ráðstafanir, sem í upphafi greinarinnar segir, enda er þá viðkomandi að fullu framfærður af sveitarstjórn. Sýnist þetta heppilegasta fyrirkomulagið.

Um 33. gr.

Þessi grein svarar til 41. og 42. greinar í núg. framfærslulögum. Er hér svo ákveðið, að ekki megi taka börn af barnmörgu heimili, þótt það vegna ómegðar þurfi að leita viðbótarstyrks. Barnalífeyrir sá, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir með hverju barni í fjölskyldu umfram 3 þau fyrstu, bendir til þeirrar meginreglu, að barnmörgum heimilum **skuli ekki sundrað**, og þess vegna væri það í algerri mótsetningu við anda tryggingalaganna, að láta núgildandi ákvæði halda sér. Sé hinsvegar barnmörgu heimili áfátt þannig, að það veiti börnunum ekki sómasamlegt uppeldi eða þar fer illa um þau, veitir 3. mgr. heimild til að taka börnin burtu og ráðstafa þeim og skýrir greinin sig sjálf að því leyti. Þá hefur og þótt rétt að fella niður ákvæðið um, að skilja megi hjón samvistum án leyfis þeirra, „um stundarsakir vegna atvinnusóknar", þar sem það mun næsta þýðingarlítið og fremur óviðfelldið að hafa það í lögum, því hver maður ætti að hafa þá sjálfsbjargarhvöt að fara að heiman óneyddur í atvinnuleit, ef atvinnu er ekki að fá í heimilissveit.

Um 34.—36. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 43.—45. gr. núg. framfærslulaga.

Um V. kafla.

Þessi kafli svarar til VI. kafla í núg. framfærslulögum og er um vald sveitarstjórnar yfir styrkþegum.

Um 37. og 38. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 46. og 47. gr. núg. framfærslulaga.

Um 39. gr.

Greinin svarar til 48. gr. núg. framfærslulaga og er eina breytingin sú, að niður er felldur 1. málsl. 2. mgr. eða þessi setning: „Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur framfærsluþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til". Hvorttveggja er, að þetta ákvæði er mjög lítið notað og að undir slíkum kringumstæðum er miklu réttara að svipta viðkomandi mann lögræði, sé hann þess ekki umkominn að fara með mál sín sjálfur. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 40. gr.

Greinin er samhljóða 49. gr. núg. framfærslulaga.

Um 41. gr.

Grein þessi svarar til 50. gr. núg. framfærslulaga. Samkvæmt 1. mgr. þeirrar greinar núgildandi framfærslulaga er til þess ætlazt, að ráðherra geti, eftir beiðni sveitarstjórnar, svipt framfærsluþurfa, sem fer ráðlauslega með efni þau, er hann hefur undir höndum, fjárráðum. Hér er lagt til, að þetta verði gert með valdsmanns úrskurði, enda miklu líklegra að valdsmaðurinn sé því kunnugri en ráðherra, hvort þessa sé þörf. Þess má geta, að ekki er kunnugt um, að ráðherra hafi nokkru sinni notað þessa heimild allan þann tíma, sem hún hefur í lögum verið.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 42. gr.

Þessi grein er samhljóða 51. gr. núg. framfærslulaga að öðru leyti en því, að fjárhæð þeirri, sem ætlað er að afplána með 20 daga fangelsi er breytt í 600 kr. í stað 200 kr., sem nú er í lögum. Virðist þetta sanngjarnt með tilliti til hinnar miklu hækkunar, sem orðið hefur á öllum meðlagsgreiðslum frá því er núg. lög voru sett. Að öðru leyti eru skýringar óþarfar.

Um 43.—45. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 52.—54. gr. núg. framfærslulaga.

Um VI. kafla.

Kafli þessi svarar til VII. kafla núg. laga og er um viðskipti sveitarstjórna og endurgreiðslu framfærslustyrks.

Um 46.—51. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 55.—60. gr. núg. framfærslulaga, með nauðsynlegum orðabreytingum í 50. gr. frv.

Um 52. gr.

Greinin svarar til 61. gr. núg. framfærslulaga með þeirri breytingu einni, að 2. mgr. er endursamin, svo ákvæði hennar taki til Tryggingastofnunar ríkisins að því leyti sem hún nú kemur inn í viðskipti sveitarfélaganna.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 53. gr.

Greinin svarar til 62. gr. núg. framfærslulaga með þeirri breytingu einni í 1. mgr., að inn er skotið því ákvæði, að innheimtumaður — þ. e. sveitarstjórn — geti leitað aðstoðar lögreglunnar til þess að ná til skuldarans. Eru þessi ákvæði í 117. gr. almennra tryggingalaga, enda næsta sjálfsögð, þegar menn neita að hlýða kalli um að koma til viðtals út af skuldum sínum, eins og mjög hefur viljað við brenna. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 54. gr.

Þessi grein er ný og sett í stað 63. gr. núg. framfærslulaga. Í þessari grein er mælt fyrir um það, hvernig fara skal með kröfur milli sveitarfélaga út af barnalífeyri, ef Tryggingastofnunin krefur dvalarsveit barnsmóður en ekki framfærslusveit barnsföður um endurgreiðsluna.

64. og 65. gr. núgildandi framfærslulaga falla niður. 64. gr. verður óþörf, er tryggingalögin koma til framkvæmda, því þau hafa að geyma ákvæði um efni hennar, en 65. gr. þykir rétt að fella niður vegna þess að ákvæði hennar verða í ósamræmi við þær reglur, sem almennt koma til með að gilda um konur, er svipað stendur á um, þegar tryggingalögin koma til framkvæmda.

Það þykir rétt að taka það fram, að ríkissjóður beri ábyrgð á þessum greiðslum, þótt það sé í raun réttri tekið fram í 47. gr. frv. og sé nú í lögum.

Um 55. gr.

Ný grein. Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 56. gr.

Greinin svarar til 66. gr. núg. framfærslulaga með þeim tveim breytingum, er máli skipta, að niður fellur 5. liður í greininni eins og hún er í núg. lögum, þar sem hann er óþarfur orðinn, en upp er tekinn nýr liður (7. liður í frv.greininni), og er hann ákveðinn í breytingu, sem gerð var með l. 92/1943 á lögunum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Er þetta því frekar leiðrétting á greininni en ný breyting.

Um 57. gr.

Greinin svarar til 67. gr. núg. framfærslulaga, en þar er ákveðið, að ár þurfi að líða til þess að gefa megi upp styrkinn. Þykir rétt, að það sé heimilt hvenær sem sveitarstjórn sýnist.

Um 58.—61. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 68.—71. gr. núg. framfærslulaga.

Um VII. kafla.

Kaflinn svarar til VIII. kafla núg. framfærslulaga og er um jöfnun framfærslukostnaðar.

Um 62.—69. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 72.—79. gr. núg. framfærslulaga.

Um VIII. kafla.

Kaflinn svarar til IX. kafla í núg. framfærslulögum, en þó þykir réttara að nefna hann hér „ýmis ákvæði" frekar en „niðurlagsákvæði", eins og hann heitir í núg. framfærslulögum.

Um 70. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 80. gr. núg. framfærslulaga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 71. gr.

Ný grein. Rétt þykir að taka af öll tvímæli um það, að yfirvaldsúrskurðir um meðlagsgreiðslur með skilgetnum og óskilgetnum börnum, sem upp eru kveðnir áður en Tryggingarstofnun ríkisins tekur að sér greiðslur til barnsmæðra eða annarra framfærenda, skuli halda fullu gildi eftir sem áður, að öðru leyti en því, að meðalmeðlagsupphæðin verði jafnhá lögmæltum barnalífeyri. Er grein þessi sett til að taka af öll tvímæli í því efni.

Um 72. gr.

Ný grein.

Varlegast er að gera ráð fyrir því, að ýmsa vanskilamenn við Tryggingastofnun ríkisins geti borið á fjörur sveitarstjórnanna sem sjúklinga, gamalmenni eða af öðrum ástæðum, en sveitarstjórnirnar hafa ekki átt þess kost að koma í veg fyrir vanskil þeirra, svo sem ef maður flytzt milli umdæma o. fl., og er þá rétt að heimila sveitarstjórn að kaupa þeim réttindi með ákveðnum, vægari skilyrðum en almannatryggingalögin almennt gera ráð fyrir. Ákvæði greinarinnar hníga að þessu.

Um 73. gr.

Greinin er samhljóða 81. gr. núg. framfærslulaga.

Um 74. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 1. bráðabirgðaákvæði.

Ellilaun og örorkubætur eru samkv. gildandi lögum greidd mánaðarlega fyrir fram, en samkv. 67. gr. laga um almannatryggingar greiðist elli- og örorkulífeyrir mánaðarlega eftir á. Af þessu leiðir, að þetta fólk fær enga greiðslu í janúarmánuði 1947, ef ekkert er að gert, þar sem sveitarsjóðir hafa greitt fyrir dezembermánuð í byrjun þess mánaðar, en Tryggingarstofnunin innir janúargreiðsluna af höndum í byrjun febrúar. — Mjög fátt af þessu fólki getur beðið svo lengi eftir greiðslu, og er þetta ákvæði því nauðsynlegt til að firra það vandræðum.

Eðlilegt virðist, að þessi greiðsla skiptist að jöfnu milli sveitarsjóðs og ríkissjóðs eins og áður var um ellilaun og örorkubætur.

Um 2. bráðabirgðaákvæði.

Þegar l. nr. 26/1936 um alþýðutryggingar voru sett, var aldurstakmarkið fyrir rétti til ellilauna hækkað úr 60 í 67 ár. Þetta olli svo mikilli óánægju hjá þeim gamalmennum, 60—67 ára, er fengið höfðu ellistyrk samkv. eldri lögum, en misstu hann aftur, að óhjákvæmilegt reyndist að veita þeim hann á ný með bráðabirgðalögum.

Við framkvæmd almannatryggingalaganna er hætt við, að vart verði samskonar óánægju hjá þeim öryrkjum, er misst hafa 50—75% orku sinnar, og er ætlaður styrkur samkv. 3. bráðabirgðaákvæði þeirra laga, ef úthlutun til þeirra lækkar frá því sem nú er. — Ákvæði þetta er sett til þess að útiloka, að svo geti orðið, en jafnframt gert ráð fyrir, að ríkissjóður beri þann halla, sem tryggingarsjóðurinn kann að verða fyrir af þessum sökum.

Um 3. bráðabirgðaákvæði.

Í frv. til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna er lagt til, að mæðrum óskilgetinna barna setuliðsmanna sé veittur réttur til meðlagsheimtu af opinberu fé, ef þær hafa í höndum sönnunargögn fyrir faðerni barna sinna, eða hafa látið höfða barnsfaðernismál á venjulegan hátt og unnið eið að framburði sínum, sbr. 13. og 14. gr. þess frv.

Nokkrar sveitarstjórnir hafa tekið þetta upp nú þegar og fengið loforð eða vilyrði um endurgreiðslu úr ríkissjóði. — Munu þær barnsmæður vera 110—130 á öllu landinu, sem fengið hafa þannig greiðslu af opinberu fé, og hefur málshöfðun alltaf verið skilyrði fyrir greiðslunni, ef faðernisjátning hefur ekki legið fyrir. — Ákvæði þetta er sett til þess, að þessar greiðslur geti haldið áfram óhindrað, eins og aðrar barnsmeðlagagreiðslur, er Tryggingastofnunin tekur við, enda munu flestar af þessum mæðrum vera mjög illa staddar fjárhagslega og ekki þola, að neitt hlé verði á greiðslunum.

Frekari greinargerðar eða athugasemda en nú hafa gerðar verið, telur nefndin ekki við þurfa.

Reykjavík, 13. des. 1946.

Jónas Guðmundsson. Auður Auðuns. Jónas Thoroddsen.
Ólafur Sveinbjörnsson. Ingólfur Jónsson.

Nd. 365. Frumvarp til laga

um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Þau börn teljast óskilgetin, sem hvorki fæðast í hjónabandi foreldra sinna né svo skömmu eftir hjúskaparslit þeirra, að þau geti verið getin í hjónabandinu.

2. gr.

Nú giftast karl og kona, sem átt hafa saman óskilgetið barn, og skal þá barn þeirra talið skilgetið.

3. gr.

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni þess fyrir presti eða valdsmanni, eða bréflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins.

Nú er sambúð karls og konu óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 2 árum eftir hana, og jafngildir hún þá faðernisjátningu.

4. gr.

Gangist karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, ekki við faðerni þess, má höfða mál til sönnunar faðerninu. Um réttarfar í slíkum málum fer að réttarfarslögum.

5. gr.

Móðir er skyld að framfæra og ala upp óskilgetið barn sitt sem skilgetið væri, enda er afstaða óskilgetins barns gagnvart móður þess söm sem afstaða skilgetins barns gagnvart foreldri.

6. gr.

Nú hefur karlmaður gengizt við faðerni óskilgetins barns, verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall eða eiður fallið á hann, og er honum þá, jafnt móður þess, skylt að kosta framfærslu barnsins og uppeldi.

7. gr.

Heimilt er barnsmóður, eða öðrum framfæranda óskilgetins barns, þar á meðal sveitarstjórn, að semja fyrirfram jafnvel fyrir barnsburð um greiðslu meðlags og kostnaðar vegna barnsburðarins. Slíkur samningur er því aðeins gildur, að valdsmaður staðfesti hann. Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, og fara skal með slíkt fé, ef fyrirfram er greitt, sem fé ófjárráða.

8. gr.

Valdsmanni í heimilissveit barnsföður, eða þess, sem dæmdur er meðlagsskyldur, er heimilt að úrskurða hann til meðlagsgreiðslu. Við ákvörðun meðlagsupphæðar skal hafa hliðsjón af högum beggja foreldra og miða meðlagsgreiðsluna við hag þess foreldris, sem betur er stætt. Nú má ætla, að barnið sé ávöxtur af samförum án vilja móður þess eða að óvilja hennar, enda hafi faðirinn við réttarrannsókn orðið sannur að sliku tilræði við móðurina, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barnsins að öllu leyti. Í meðlagsúrskurði skal tilgreina aldur barnsföður (meðlagsskylds), fæðingarstað og framfærslusveit.

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma.

9. gr.

Nú sýkist barn á ómagaaldri eða andast, og er valdsmanni þá heimilt, ef móðir þess krefst, að úrskurða föður þess eða þann, sem dæmdur er meðlagsskyldur, til þess að leggja fram fé til hjúkrunar, lækningar og greftrunar barnsins. Sama rétt hefur sá, er tekur að sér framfærslu barnsins að móðurinni látinni eða af öðrum ástæðum, þar á meðal sveitarstjórn.

10. gr.

Meðlag með óskilgetnu barni skal greiða mánaðarlega fyrirfram. Þó er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða meðlag óskilgetins barns fyrirfram fyrir allt að sex mánuði í senn.

11. gr.

Nú deyr faðir óskilgetins barns (meðlagsskyldur) og skal þá greiða af fé dánarbúsins sem eindagaða skuld meðlag með barninu til 16 ára aldurs, en þó aldrei lægri upphæð en barnalífeyri skv. lögum um almannatryggingar og ekki hærri upphæð en barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri. Skiptaráðanda er jafnan skylt að lýsa slíkri kröfu í dánarbú, viti hann, að hinn látni hafi látið eftir sig óskilgetið barn. Nú situr ekkja barnsföður í óskiptu búi, og skal hún þá greiða meðlag það, er á barnsföður hvíldi, nema valdsmaður ákveði annað með rökstuddum úrskurði. Nú er slík greiðsla af hendi innt í einu lagi eftir lát barnsföður (meðlagsskylds) og fer þá um

hana sem segir í niðurlagi 7. gr. Deyi óskilgetið barn, áður en eytt er fé það, sem greitt hefur verið með því úr dánarbúi föður þess (meðlagsskylds), kemur það, sem óeytt er, til skipta milli erfingja hans.

12. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða móður óskilgetins barns, sem á framfærslurétt hér á landi, meðlag með barni hennar og annan kostnað vegna barnsins samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó ekki meira en barnalífeyri samkv. lögum um almannatryggingar og ekki lægri upphæð, þótt úrskurður eða samningur ákveði annað.

Kröfu barnsmóður til Tryggingastofnunarinnar skal fylgja meðlagsúrskurður, löglega birtur, og lífsvottorð barnsins. Tryggingastofnuninni er þó ekki skylt að greiða meðlag, sem eindagað er meira en 12 mánuðum áður en krafa barnsmóður kom fram, og skylt er Tryggingastofnuninni að gera dvalarsveit móður eða framfærslusveit föður barnsins (meðlagsskylds) kunnugt um greiðsluna innan 6 vikna frá greiðslu, ella fellur endurkröfuréttur Tryggingastofnunarinnar niður. Eigi barnsfaðir (meðlagsskyldur) framfærslurétt erlendis, skal ríkissjóður endurgreiða Tryggingastofnuninni úrskurðarupphæðirnar.

13. gr.

Nú hefur móðir óskilgetins barns fært sönnur á faðerni þess samkv. 3. gr. að dómi valdsmanns, þar sem hún á heima, en meðlagsúrskurður verður þó ekki út gefinn, og skal þá valdsmaður úrskurða henni meðlag og kostnað samkv. 12. og 16. gr. á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

14. gr.

Móðir óskilgetins barns getur snúið sér til valdsmanns um höfðun barnsfaðernismáls gegn þeim karlmanni, er hún lýsir föður barnsins. Verði hann ekki sóttur í slíku máli hér á landi, skal málið þó rannsakað með sama hætti og þá er varnaraðili er látinn eða farinn af landi burt, og skal valdsmanni heimilt með rökstuddum úrskurði að leyfa barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eiði, ef við rannsókn málsins hafa komið fram þær líkur fyrir faðerninu, er hann telur til þess nægja. Úrskurði valdsmanns má skjóta til hæstaréttar.

Þegar slíkur eiður hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins eins og segir í 13. gr. Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

15. gr

Sama rétt og móðir óskilgetins barns hefur samkvæmt framansögðu, hafa og þeir, er annast framfærslu barnsins að móðurinni látinni eða af öðrum lögmætum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess.

16. gr.

Nú elur kona óskilgetið barn, og á hún þá rétt til greiðslu af tryggingafé samkv. 34. gr. laga nr. 50 1946, um almannatryggingar, hvort sem hún hefur greitt tryggingaiðgjald eða ekki, en rétt er valdsmanni að úrskurða barnsföður (meðlagsskyldan) til að greiða tryggingaiðgjöld hennar um eins árs bil og framlag til hennar, er nemi því, sem á kann að vanta, að hún fái hámarksgreiðslu samkv. nefndri lagagrein.

Nú sýkist kona vegna meðgöngunnar eða barnsfaranna, og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður (meðlagsskyldan) til að greiða henni mánaðarlegan styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en í 6 mánuði eftir barnsburð, að því leyti, sem sá kostnaður verður ekki greiddur af tryggingarfé.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður, sem um getur í 2. mgr. 8. gr., skal valdsmaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað, er af meðgöngunni og barnsförunum leiðir.

17. gr.

Allur kostnaður og meðlag, er valdsmaður úrskurðar barnsmóður til handa, er gjaldkræfur á hendur Tryggingastofnun ríkisins næstu 12 mánuði eftir að úrskurður var út gefinn eða dómur gekk í barnsfaðernismáli, enda verði barnsmóður ekki um kennt, að málið var ekki fyrr dæmt eða úrskurðað.

18. gr.

Móðir óskilgetins barns hefur ein foreldraráð yfir barni sínu. Giftist hún öðrum en föður barnsins, hafa hjónin bæði foreldraráð yfir barninu, enda fylgi það móður sinni. Ef móðirin andast, ræður stjúpinn barninu.

19. gr.

Nú andast ógift kona frá óskilgetnu ósjálfráða barni sínu, fer alfarin af landi burt eða telst óhæf, að dómi barnaverndarnefndar til þess að ala barnið upp, og skal þá faðir þess fá foreldraráðin, enda hafi barnið erfðarétt eftir hann og hann greitt meðlag þess skv. úrskurði eða samningi. Hafi barnsfaðirinn ekki greitt meðlag, skal barnaverndarnefnd ákveða, hver eða hverjir skuli fara með foreldraráðin.

20. gr.

Barnaverndarnefnd er jafnan heimilt að úrskurða, að óskilgetið barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldri, ef þar fer vel um það, enda þótt sá, er foreldraráð hefur yfir barninu, kalli eftir því.

21. gr.

Óskilgetið barn erfir móður og móðurfrændur sem skilgetið væri, svo og föður sinn og föðurfrændur, hafi hann gengizt við faðerni þess eða verið dæmdur faðir þess.

Móðir og móðurfrændur erfa óskilgetið barn sem skilgetið væri, svo og faðir og föðurfrændur, hafi barnið átt erfðarétt eftir þá.

22. gr.

Afstaða óskilgetins barns fer að íslenzkum lögum, hafi móðir þess íslenzkan ríkisborgararétt. Svo er og, ef ekki verður upplýst um ríkisborgararétt hennar eða barnsins og það dvelur hér á landi.

23. gr.

Nú er óskilgetið barn fætt fyrir 1. nóv. 1922, og fer þá um barnið samkv. lögum frá þeim tíma. Ákvæði laganna um framfærsluskyldu föður gagnvart barninu og skyldu hans gagnvart móður þess, svo og erfðaákvæði 21. gr. gilda eigi um aðra en þá, sem fæddir eru eftir 1. nóv. 1922.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, lög nr. 39 28. jan. 1935, lög nr. 61 27. júní 1941 og lög nr. 55 14. apríl 1943, öll um breyting á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1947.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um frv. og einstök atriði þess. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Frumvarp þetta er samið af sömu nefnd og starfaði að endurskoðun framfærslulaganna og er í greinargerð þess frumvarps vikið að helztu atriðunum í þessu frumvarpi, er breytingu taka, og vísast þar um til þeirrar greinargerðar. Þykir því nægilegt, að frumvarpi þessu fylgi athugasemdir við einstakar greinar þess, og fara þær hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar frumvarpsgreinar:

Um 1. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 1. gr. laga nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Um 2. gr.

2. gr. laga nr. 46/1921 er felld niður, þar sem hún virðist algerlega óþörf, en í 2. gr. þessa frv. er það nýmæli, að öll börn, er giftir foreldrar hafa saman átt fyrir giftingu, skuli talin skilgetin. Í 37. gr. l. 46/1921, eru þessi börn talin skilgerð, og er allur VI. kafli þeirra, 37.—40. gr., um skilgerðina.

Í vitund almennings eru öll börn, er giftir foreldrar hafa saman átt, skilgetin, og virðist sjálfsagt, að það sé staðfest með lögum. Núgildandi ákvæði um skilgerð eru til þess aðallega að tryggja óskilgetnu barni erfðarétt, en til þess eru aðrar auðveldari leiðir. Samkv. þessu er hér lagt til, að allur VI. kafli l. 46/1921 sé felldur úr gildi.

Um 3. gr.

1. mgr. er að efni til samhlj. 4. gr. l. 46/1921.

Í 2. mgr. er tekin faðernissönnun sú, er um getur í 36. gr. l. 46/1921, með þeirri breytingu, að sambúðartímabilið eftir fæðingu barnsins er stytt úr 3 árum í tvö, til samræmis við 25. og 37. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Að efni til samhlj. 17. gr. l. 46/1921.

Um 6. gr.

Samhlj. 1. mgr. 18. gr. l. 46/1921. Síðari hluti greinarinnar er felldur niður, þar sem hann hefur reynzt þýðingarlaus. 19. gr. laganna er og felld niður, þar sem sams konar ákvæði er í lögum um meðferð einkamála.

Um 7. gr.

Að efni til samhlj. 20. gr. l. 46/1921. Þó er gerður fyrirvari um, að óheimilt sé að semja um lægri meðlagsgreiðslu með óskilgetnu barni en sem nemur barnalífeyri samkv. lögum um almannatryggingar.

Um 8. gr.

Kemur í stað 21. gr. l. 46/1921, með smávægilegum breytingum.

Í niðurlagi 1. mgr. kemur fyrir orðið (meðlagsskylds), en í frumvarpi þessu er eins og í l. 46/1921 gerður greinarmunur á þeim, sem talinn er faðir óskilgetins barns, og hinum, sem ekki verður talinn faðir barns, en er hinsvegar með dómi skyldaður til að greiða meðlag með því, og er við slíkan átt með orðinu „meðlagsskyldur“, og hefur hann í ýmsum greinum minni skyldur gagnvart barnsmóður og barninu en barnsfaðir, þ. e. sá, sem talinn er faðir barns, eins og víða kemur fram í frumvarpinu.

Um 9. gr.

Að efni til samhlj. 22. gr. l. 46/1921.

Um 10. gr.

Kemur í stað 24. gr. l. 46/1921. Er hér lagt til, að gerð verði sú breyting, að meðlög óskilgetinna barna skuli greiða mánaðarlega fyrir fram, í stað missirislega fyrir fram áður.

Verðlagsuppbót á meðlagsupphæðir er greidd mánaðarlega eftir á, samkv. gildandi lögum, og þær meðlagsgreiðslur, sem upp hafa verið teknar eftir gildistöku l. 46/1921, eru undantekningarlaust um mánaðarlegar greiðslur, t. d. meðlagsgreiðslur með börnum ekkna. Eru þannig meðlög óskilgetinna barna nú greidd að ⅓ fyrir 6 mánuði fyrirfram, en að ⅔ mánaðarlega eftir á, og veldur það nokkrum ruglingi og er stundum lítt skiljanlegt þeim, er meðlögin taka. Virðist því eðlilegt, að þessu sé breytt og öll meðlög verði greidd mánaðarlega eftirleiðis, enda mun það koma að beztum notum þeim mæðrum, er hafa meðlaganna mesta þörf. Rétt þykir þó að heimila missirislegar greiðslur þegar sérstaklega stendur á, t. d. í strjálbýli.

Um 11. gr.

Að efni til er grein þessi samhlj. 25. gr. l. 46/1921.

Um 12. gr.

Í 27. gr. laganna um almannatryggingar er mæðrum óskilgetinna barna heimilað að krefjast greiðslu á úrskurðarfé hjá Tryggingarstofnun ríkisins, og í 26. gr. l. 46/1921 er þeim veitt sama heimild á hendur bæjar- eða sveitarsjóði í dvalarsveit sinni. Auðsætt er, að afgreiðsla meðlaganna verður að vera hjá einum og sama aðila alls staðar á landinu, og þá að sjálfsögðu Tryggingarstofnuninni, sem yfirleitt á að annast greiðslu á öllum barnalífeyri. Því er hér lagt til, að skylda bæjar- og sveitarfélaga til greiðslu meðlaga samkv. úrskurðum verði felld niður.

Samkv. 27. gr. laga um almannatryggingar á Tryggingarstofnunin endurkröfurétt á meðlagsupphæðum, sem greiddar eru samkv. úrskurðum, á dvalarsveit móður eða framfærslusveit föður barnsins. Þykir rétt að taka hér upp fyrningarákvæði 58. gr. framfærslulaga, nr. 52/1940, á kröfum milli sveitarfélaga, og láta þau einnig gilda um viðskipti Tryggingastofnunarinnar við sveitarfélögin.

Að öðru leyti svarar greinin til 26. gr. l. 46/1921.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli, sem lagt er til að sett verði, aðallega vegna barna þeirra, sem hermenn úr setuliði bandamanna hér eru feður að. — Þessi grein fjallar um rétt þeirra mæðra, sem fært hafa lögfulla sönnun á faðerni barna sinna, en hafa ekki getað fengið útgefinn meðlagsúrskurð, vegna þess að íslenzk stjórnarvöld áttu ekki lögsögu yfir feðrunum eða þeir eru farnir af landi burt og ekki næst til þeirra. — Þessum mæðrum er ekki unnt að ná rétti sínum eftir núgildandi lögum, þar sem meðlagsúrskurður er óhjákvæmilegt skilyrði fyrir greiðslum af opinberu fé. Hinsvegar virðist óréttmætt, að þær verði verr settar en aðrar, og er því hér lagt til, að þeim verði veittur sami réttur og öðrum mæðrum óskilgetinna barna. Rétt er, að ríkissjóður endurgreiði þessi meðlög, eins og þegar um aðra útlendinga er að ræða, enda er það í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Um 14. gr.

Grein þessi er einnig nýmæli og er samin aðallega vegna barna þeirra, er hermenn úr setuliði bandamanna hafa hér átt, en ekki gengizt formlega við faðerni að. Menn þessir verða ekki sóttir í barnsfaðernismáli fyrir íslenzkum dómstólum. Ekki þótti fært að heimila, að úr faðerni slíkra barna yrði skorið hér með dómi, m. a. vegna þess, að samningar kynnu síðar að verða upp teknir við hlutaðeigandi ríki um meðferð þessara mála. Nú er högum flestra mæðra þeirra barna, er hér um ræðir, þannig varið, að þær mega illa án meðlaganna vera. Þótti sú leið einföldust, sem hér er lagt til að farin verði, þ. e. að veita þeim að undangenginni rannsókn á máli þeirra heim-

ild til að staðfesta framburð sinn með eiði, ef málstaður þeirra þykir líklegur, og rétt til meðlaga og kostnaðar er slíkur eiður hefur verið unninn. Það verður vitaskuld að vera valdsmannsins að meta það í hverju einstöku falli, hvort honum sýnast þær líkur fram komnar fyrir faðerninu við rannsókn málsins, er hann telur unnt að byggja heimild til eiðvinningar á, en ekki er þó rétt að gera strangar kröfur í þessum efnum þegar af þeirri ástæðu, að menn þeir, sem um er að ræða, eru útlendingar, margir hverjir lítt kunnugir hérlendu fólki, og því erfiðara um öflun upplýsinga og gagna, er að haldi mættu koma við rannsókn málsins, en ella væri.

Um 15. gr.

Að efni til samhljóða 27. gr. l. 46/1921.

Um 16. gr.

1. mgr. kemur í stað 29.—31. gr. l. 46/1921. Hér er gert ráð fyrir því, að barnsfaðir sleppi að öllu eða miklu leyti við að greiða kostnað vegna meðgöngunnar og barnsfaranna gagnstætt því sem nú er. Virðist því sanngjarnt að hann greiði tryggingaiðgjald konunnar um eins árs bil. Síðari liður þessarar málsgreinar lýtur að því, að bætur samkv. 34. gr. laga um almannatryggingar eru nokkuð misjafnar eftir því, hvort konan stundar atvinnu utan heimilis eða ekki. Konur, sem ekki stunda atvinnu utan heimilis, fá bætur, sem að upphæð eru verulega lægri en barnsfarakostnaður sá og styrkur, sem nú er venjulega úrskurðaður án tillits til atvinnu konunnar. Þótti því rétt að setja hér heimild til að úrskurða barnsföður til að greiða það, sem á vantar fyllstu bætur samkv. nefndri lagagrein.

2. mgr. er að efni til í aðalatriðum samhljóða 2. mgr. 30. gr. l. 46/1921. Þó er það ekki gert að skilyrði, að liðnir séu 6 mánuðir af meðgöngutímanum til þess að gera megi kröfu um styrk samkv. þessari málsgr., en verði hinsvegar að höfða mál til sönnunar faðernis barns (fósturs), leiðir það af ákvæðum réttarfarslaga, að mál verður ekki höfðað innan þess tíma, og úrskurður um slíkan styrk ekki út gefinn fyrr en dómur hefur gengið í því máli. Þá er gert ráð fyrir því, að framfærsla og hjúkrun konunnar á umræddu tímabili — þ. e. frá því hún varð barnshafandi þar til 6 mánuðum eftir barnsburð — geti að einhverju eða öllu leyti verið kostuð af tryggingafé.

3. mgr. er að efni til samhljóða 2. mgr. 29. gr. l. 46/1921, og er ekki gert ráð fyrir því, að til frádráttar komi bætur til móðurinnar samkv. 34. gr. laga um almannatryggingar.

Um 17. gr.

Er að efni til í aðalatriðum samhljóða ákvæðum í 26. og 31. gr. l. 46/1921, nema hvað Tryggingastofnunin kemur í stað dvalarsveitar barnsmóður.

Um 18. gr.

Er að efni til samhljóða 32. gr. l. 46/1921.

Um 19. gr.

Kemur í stað 1. mgr. 33. gr. l. 46/1921 með þeim breytingum, að barnaverndarnefnd kemur í stað valdsmanns, enda lög um barnavernd síðar til komin en l. 46/1921, og að feður annarra óskilgetinna barna en eiðs- og eiðfallsbarna fái í þeim tilfellum, er hér um ræðir, foreldraráð yfir barninu, ef þeir hafa greitt úrskurðað eða umsamið meðlag.

Um 20. gr.

Grein þessi er samin með hliðsjón af 2. mgr. 33. gr. l. 46/1921 og 16. gr. l. 52/1940.

Í stað 34. gr. l. 46/1921 koma ákvæði barnaverndarlaga.

Um 21. gr.

Er að efni til samhljóða 36. gr. l. 46/1921.

Um 22. gr.

Fyrri hluti greinarinnar er að efni til samhljóða 41. gr. l. 46/1921. Síðari hlutinn er í samræmi við ákvæði laga um ríkisborgararétt. Hinsvegar eru 42. og 43. gr. l. 46/1921 niður felldar.

Um 23. gr.

Er í samræmi við ákvæði 44. gr. l. 46/1921.

Um 24. og 25. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Frekari greinargerðar eða athugasemda, en nú hafa gerðar verið, telur nefndin ekki við þurfa.

Reykjavík, 13. des. 1946.

Jónas Guðmundsson. Auður Auðuns. Jónas Thoroddsen.
Ólafur Sveinbjörnsson. Ingólfur Jónsson.

Nd. 366. Breytingartillaga

við frv. til vegalaga.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Við 2. gr. c.:

Aftan við 21. lið bætist: og frá Hörgárbrú á Helguhyl um Hörgárdal, vestan Hörgár, að vegamótum hjá Möðruvöllum.

Ed. 367. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 84 frá 22. nóvember 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Í stað 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna og afla fjár til aukninga skal bæjarstjórninni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í lögsagnarumdæminu (sbr. 4. gr.), skv. reglugerð, er bæjarstjórn semur, en ráðherra sveitarstjórnarmála staðfestir. Vatnsskatturinn má nema allt að 1½% af fasteignamatsverði húsa.

Sérstakt aukagjald má leggja á hús, þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, og skal það aukagjald ákveðið með reglugerð skv. 1. mgr.

Bæjarstjórninni er og heimilt að selja vatnið skv. gjaldskrá, er ráðherra staðfestir, enda skal vatnið þá selt skv. vatnsmæli. Er heimilt að setja slíka gjaldskrá um einstök hús eða hús nánar tilgreind, eftir því til hvers þau eru notuð, eða hús á nánar skilgreindu svæði.

Einnig er heimilt að krefja endurgjald fyrir vatnið sumpart sem vatnsskatt og sumpart skv. mæli, eftir reglum, sem ráðherra staðfestir.

Bæjarstjórn setur og reglur um gjaldskrár, er ráðherra staðfestir, um sölu vatns til hvers konar annarra nota en í húsum, svo sem til skipa, bæði innlendra og erlendra, hvers konar bifreiða- og flugvélastöðva, þ. á m. einkum þvottastöðva.

Í reglugerðum og gjaldskrám skv. þessari grein skal setja gjalddaga endurgjaldsins fyrir vatnið, hvernig sem það verður ákveðið, en staðfesting ráðherra veitir gjöldunum lögtaksrétt sem öðrum fasteignagjöldum til kaupstaðarins.

2. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Bæjarstjórninni er og heimilt, eftir reglum, er ráðherra staðfestir, að loka fyrir vatnsæðar hjá þeim, sem greiða ekki vatnsskatt eða annað endurgjald fyrir vatnið, svo sem það verður ákveðið skv. 3. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu (1. gr.) er ætlað að rýmka heimild bæjarstjórnar Reykjavíkur til innheimtu á vatnsskatti frá því, sem segir í gildandi lögum, sbr. og reglugerð nr. 109/1936, um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

Tekjur vatnsveitunnar af vatnsskatti og vatnssölu til skipa má áætla allt að kr. 600 þús. árið 1947, tekjurnar fara lækkandi, þrátt fyrir fjölgun húsa, vegna þess að tekjur af sölu vatns til skipa lækka svo ört frá því, er þær voru á stríðsárunum.

Bein rekstrargjöld verða hátt á 500 þús. kr., en auk þess verður að áætla mjög verulega fjárhæð, allt að kr. 900 þús., til aukninga á bæjarkerfi vatnsveitunnar.

Eins og nú standa sakir, fer því mjög fjarri, að tekjur vatnsveitunnar hrökkvi fyrir rekstrarkostnaði og þenslu bæjarkerfisins vegna nýbygginga. Það má segja, að tekjurnar hrökkvi aðeins fyrir rekstrarkostnaði og hæfilegri fyrningu af óhjákvæmilegri aukningu bæjarkerfisins.

Nú standa svo sakir, að unnið er að lagningu nýrrar aðalvatnsæðar frá Gvendarbrunnum til bæjarins, sem ætlað er að flytji um það bil 290 sekltr., þannig að neyzluvatnsmagn bæjarins því nær tvöfaldist, ef áætlanir um það efni fá staðizt.

Kostnaður þessarar nýju aðalæðar verður yfir 4 millj. kr., e. t. v. töluvert á 5. millj. kr., og er óvarlegt að áætla aukinn rekstrarkostnað vatnsveitunnar vegna þessarar aukningar undir 400 þús. kr. á ári (aðall. vexti), jafnvel þó að miðað sé við afskriftir lána á allt að 20 árum.

Það er því augljóst mál, að eins og nú standa sakir, hrökkva tekjur vatnsveitunnar hvergi nærri fyrir gjöldum, og sú mundi enn raunin á, jafnvel þó að vatnsskatturinn yrði hækkaður í núgildandi hámark, sem telja verður 5‰ af fasteignamatsverði húsa.

Samkv. frv. er að vísu gert ráð fyrir, að hámark skattsins geti orðið nokkru hærra en nú kann að þurfa til þess að standast rekstrarkostnað og hæfilegar afskriftir, en það fer þó allt eftir því, á hve löngum tíma ætlað er að borga stofnkostnaðarlán vegna nýju aðalæðarinnar.

Hámarkið er hér sett í samræmi við lög nr. 129/1941, um breytingu á vatnalögunum.

Auk þess sem með frv. er stefnt að því að heimila bæjarstjórninni, með samþykki ráðherra, að afla vatnsveitu Reykjavíkur hæfilegra tekna til þess að fá staðizt allan kostnað við að flytja vatnið til bæjarins og um bæinn, þá er og gert ráð fyrir því, að bæjarstjórn fái heimild til þess, með samþykki ráðherra, að haga álagningu og innheimtu vatnsskatts með mismunandi hætti, eftir því sem hentugt kann að þykja á hverjum tíma og einnig eftir staðháttum. Geta þau ákvæði komið að góðum notum, einkum þegar svo ber undir, að skortur er á nægu vatni.

Með 2. gr. frv. er bæjarstjórn veitt heimild til ráðstafana gagnvart viðskiptamönnum, sem greiða ekki tilskilið endurgjald fyrir vatnið, sams konar þeim, er gilda gagnvart þeim, sem greiða ekki andvirði rafmagns, vatns frá hitaveitunni o. s. frv.

Frv. þetta er flutt eftir ósk bæjarráðs Reykjavíkur.

Ed. 368. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. Heimspekideild Háskólans hefur óskað þessarar breytingar á háskólalögunum og háskólaráð og háskólarektor beitt sér fyrir því, að breytingin næði fram að ganga.

Alþingi, 5. febrúar 1947.

Bernh. Stefánsson, form.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr., frsm.	Ásmundur Sigurðsson.
	Eiríkur Einarsson.	

Ed. 369. Breytingartillögur

við frv. til laga um menntun kennara.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 11. gr. Greinin falli niður.
2. Við 15. gr.
   a. 1. og 2. málsl. falli niður.
   b. Orðin „enn fremur“ í 3. málsl. falli niður.
3. Við 20. gr. Greinin falli niður.
4. Við 21. gr. 1. málsl. falli niður.
5. Við 22. gr. 1. málsl. falli niður.
6. Við 30. gr. Greinin falli niður.
7. Við 31. gr. Orðin „og skólanefndar“ falli niður.
8. Við 38. gr. Greinin orðist svo:
   Húsmæðrakennaraskóli skal starfa í Reykjavík frá 15. september til 15. maí ár hvert, en annan tíma árs í sveitum, þar sem skilyrði eru fyrir húsmæðrakennslu og bú er rekið í sambandi við húsmæðraskóla.
9. Við 39. gr. Greinin falli niður.
10. Við 46. gr. Greinin falli niður.
11. Við 47. gr. Orðið „skólanefnd“ falli niður.
12. Við 50. gr. Greinin falli niður.

Ed. 370. Nefndarálit

um frumvarp til laga um tilraunastöð Háskólans í meinafræði.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og er samþykk meginefni þess, en telur þó rétt að gera á því tvær breytingar.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að fyrsti aðstoðarmaður við stofnun þessa fái sömu laun og forstöðumaður hennar. Þetta virðist koma algerlega í bága við ríkjandi venju og öll ákvæði launalaganna um laun forstöðumanna stofnana og undirmanna þeirra. Þetta ákvæði frv. er byggt á því, að maður sá, sem ráðgert er, að taki við stöðu fyrsta aðstoðarmanns, fái nú sömu laun og forstöðumanni stofnunarinnar eru ætluð samkv. frv. Nefndin getur þó ekki fallizt á, að rétt sé að miða almenn lagaávæði þannig við einstakan mann. Væri réttara að veita manni þessum persónulega launauppbót, t. d. í fjárlögum, heldur en lögtaka skipan, sem kemur í bága við almennar reglur í þessu efni.

Nefndinni þykir og óviðeigandi að hafa ákvæði um vegagerð í þessu frv. Slíkt á heima í vegalögum. Liggur nú fyrir Alþingi frv. til breytinga á vegalögum, og virðist sjálfsagt að koma þessu ákvæði inn í það. En jafnvel þó að það frv. næði ekki fram að ganga, væri eðlilegt að veita fé í fjárlögum til vegarins.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. 1. málsliður orðist svo:
   Forstöðumaður tekur laun eftir 5. flokki launalaga, en aðrir sérfræðingar samkvæmt 6. flokki.
2. Við 6. gr. Greinin falli niður.

Einn nefndarm. LJ var fjarverandi, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 5. febr. 1947.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr.	Eiríkur Einarsson, með fyrirvara.
	Ásmundur Sigurðsson.	

Ed. 371. Frumvarp til laga

um styrk til vatnsveitna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkissjóður veitir styrk til vatnsveitna, er sveitarfélög láta gera, samkvæmt þeim reglum, er í lögum þessum segir.

2. gr.

Nú vill sveitarfélag koma upp vatnsveitu og fá styrk úr ríkissjóði til hennar, og skal sveitarstjórn þá, áður en framkvæmd verksins er hafin, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna. Jafnframt skal senda ráðherra frumdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um framkvæmd verksins, sem nauðsynleg þykja til að tryggja almenningshagsmuni.

3. gr.

Þegar ráðherra hefur veitt samþykki til vatnsveitugerðar, getur sveitarstjórn hafið framkvæmdir, sem skulu gerðar undir yfirumsjón vegamálastjóra eða annars manns, sem ráðherra samþykkir.

4. gr.

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu hluta af kostnaði við stofnæðar, þar með taldir vatnsgeymar, dælur og jarðboranir. Styrkurinn nemi þó ekki meiru en helming kostnaðar þessa.

5. gr.

Ráðherra ákveður styrk til einstakra vatnsveitna, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Við styrkúthlutunina skal taka tillit til íbúafjölda á vatnsveitusvæðinu, fasteignamats eigna á staðnum og kostnaðar aðveitunnar. Styrkur til bæjarkerfis vatnsveitu til dreifingar vatnsins skal ekki veittur.

6. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til stofnæðar vatnsveitunnar (sbr. 4. gr.).

7. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal sveitarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum, er vatnsins njóta. Vatnsskatt skal miða við fasteignamatsverð húseigna, og einnig má ákveða lágmark vatnsskattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna.

Sérstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kauptúnsins eða kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal og í gjaldskrá.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

Vatnsskatt skal ákveða í reglugerð. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi 22. gr. laga nr. 15 20. júní 1923 og lög nr. 129 9. des. 1941.

Sþ. 372. Breytingartillögur

við till. til þál. um uppsögn samnings frá 24. júní 1901, varðandi landhelgi Íslands.

Flm.: Jóhann Hafstein.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að stækkun landhelgi Íslands.
2. Fyrirsögn till. verði:
   Tillaga til þingsályktunar um stækkun landhelgi Íslands.

Nd. **373. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1946, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

Flm.: Áki Jakobsson.

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi: og frystum eða söltuðum hrognum að fengnum tillögum Landssambands ísl. útvegsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lögin um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl. voru samþykkt í þinginu rétt fyrir jólin, var það gert í því skyni, að raunveruleg hækkun, er næmi um 30%, fengist á allan afla bátaútvegsins. Frumvarpið að lögunum var hins vegar mjög fljótfærnislega samið, vegna þess að meiri hl. fjárhagsnefndar Nd. vildi ekki flytja frv., er ég lagði fyrir hana um þetta efni, sem samið var eftir ýtarlegan undirbúning og í samráði við ýmsa forustumenn í sjávarútvegsmálunum. Ofan á þetta bættist, að málinu þurfti að hraða mjög mikið í gegnum þingið, svo að ekki gafst tóm til rækilegrar yfirvegunar. Ýmis ákvæði frv. voru óskýr, og voru sum þeirra lagfærð með yfirlýsingum í þinginu. Eitt af því, sem ekki var sérstaklega fram tekið, að ríkisstjórninni væri heimilt að taka ábyrgð á, var söltuð eða fryst hrogn. Mér er kunnugt um það, að margir þingmanna töldu, að í hinni almennu heimild, sem felst í 4. gr. laganna, væri ríkisstjórninni heimilað að ábyrgjast ákveðið útflutningsverð á hrognum, og tel ég, að orðalagið heimili það, en nú hefur það komið í ljós, að fyrrv. fjármálaráðherra, Pétur Magnússon, hefur lýst yfir því, að hann telji ekki heimild fyrir ábyrgð á útflutningsverði hrogna. Atvinnumálaráðuneytið leitaði heimildar fjármálaráðuneytisins með bréfi, dags. 27. jan. 1947, að veitt yrði ábyrgð á söltuðum hrognum sem hér segir: fyrir söltuð hrogn pr. tunnu kr. 210.00, fyrir metin og pökkuð hrogn kr. 235.00 og fyrir sykursöltuð hrogn kr. 195.00, með það fyrir augum, að hægt væri að auglýsa lágmarksverð á hrogn ekki lægra en í fyrra, kr. 0.50 pr. kg. Ábyrgðarverð þetta var byggt á tillögum Sambands ísl. útvegsmanna. Með bréfi, dags. 1. febrúar s. l., neitaði fjármálaráðuneytið að samþykkja þessa ábyrgð og tók fram, að því væri ekki kunnugt um, að nein lagaheimild væri fyrir því, að ríkissjóður tæki á sig slíka ábyrgð. Þessi bréf eru birt hér á eftir sem fskj. I. og II.

Útvegsmenn væntu þess, að ríkissjóður ábyrgðist útflutningsverð á hrognum, og töldu eins og fleiri, að það fælist í lögunum, sem sett voru um fiskábyrgðina. Eftir úrskurð fjármálaráðuneytisins er vart um annað að ræða en þingið kveði á um þetta atriði með breytingu við lögin, og er frv. þetta flutt í því skyni.

Eins og nú er, er hrognum fleygt í sumum verstöðvum, en annars staðar eru þau tekin til söltunar, án þess að fiskimönnum sé greitt ákveðið verð fyrir hrognin. Heildarhrognaframleiðslan getur orðið 15—20 þús. tunnur, svo að mikið er í húfi, að þau séu verkuð, en ekki fleygt, auk þess sem það hefði í för með sér allmikla tekjurýrnun fyrir útveginn og drægi úr áhrifum þeirra ráðstafana, sem felast í lögunum um ríkisábyrgð fyrir bátaútveginn.

Fylgiskjal I.

ATVINNUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 27. jan. 1947.

Hér með skal fjármálaráðuneytinu tjáð, að samkvæmt upplýsingum, er ráðuneytinu hafa borizt, er hrognum nú fleygt í nokkrum verstöðvum. Til þess að koma í veg fyrir þetta ber nauðsyn til að auglýsa lágmarksverð á hrognunum, sem ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs, sbr. 7. gr. laga nr. 97/1946.

Út af þessu sendist fjármálaráðuneytinu hér með afrit af bréfi Landssambands ísl. útvegsmanna, dags. 24. þ. m., en í því er áætlun yfir kostnað við söltun á salthrognum og kryddhrognum, og óskar ráðuneytið samþykkis þess á því, að ríkissjóður ábyrgist útflutningsverð á söltuðum hrognum ópökkuðum kr. 210.00, metin og pökkuð fyrir franskan og spanskan markað gr. 235.00 og sykursöltuð kr. 195.00. Miðist verð þetta við, að innihald tunnu sé eins og um getur í bréfi L. Í. Ú. Skilyrði þessa ábyrgðarverðs er, að fersku hrognin verði keypt fyrir ekki lægra verð en kr. 0.50 pr. kg. Fáist hærra verð fyrir útflutt hrogn en sem nemur ábyrgðarverðinu, skal uppbæta ferskhrognaverðið eftir nánari fyrirmælum ríkisstjórnarinnar.

Þegar ábyrgðin hefur verið veitt, mun þetta ráðuneyti auglýsa lágmarksverð á hrognum og setja nánari fyrirmæli til að tryggja góða verkun hrognanna.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

Til fjármálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 1. febr. 1947.

Í tilefni af erindi atvinnumálaráðuneytisins, dags. 27. þ. m., um að ríkisjóður ábyrgist útflutningsverð á söltuðum hrognum, vill þetta ráðuneyti taka fram, að því er ekki kunnugt um, að nein lagaheimild sé til fyrir því, að ríkissjóður taki á sig slíka ábyrgð.

Pétur Magnússon.

Sigtr. Klemensson.

Til atvinnumálaráðuneytisins.

Nd. 374. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

a. Í stað 1. mgr. 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um íbúðarhúsnæði, nema honum sé, að dómi húsaleigunefndar, þess þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig, skyldmenni í beinni línu, kjörbörn, fósturbörn eða systkini, enda hafi hann og eignazt hús það, sem íbúðin er í, fyrir 1. jan. 1947. Þó skal leigusala einnig heimilt að segja upp íbúðarhúsnæði í húsi, sem hann eignast eftir þann tíma, ef honum, að dómi húsaleigunefndar, er þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan

sig, enda sé leigusali innanhéraðsmaður. Leigusala er og heimilt að segja upp leigumála um íbúðarhúsnæði í húsi sem stendur í vegi fyrir byggingaframkvæmdum, er hafa, að dómi húsaleigunefndar, í för með sér verulega aukningu á húsnæði.

b. Í stað 3. mgr. sömu lagagreinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Eftir 14. maí 1947 er leigusala heimilt að segja upp húsnæði, sem notað er til atvinnurekstrar.

c. Í lok sömu lagagreinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Lög þessi taka ekki til leigu á einstökum herbergjum, sem leigutaki eða húseigandi leigir einhleypum út frá íbúð sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Húsaleigulögin fela í sér óvenjulega mikla réttarskerðingu fyrir húseigendur, og óvinsældir þeirra fara vaxandi. Lögin voru sett sem styrjaldarráðstöfun. Þess vegna hafa húseigendur sætt sig við þau, en hins vegar vænzt þess, að þau yrðu felld úr gildi, er styrjöldinni lyki.

Nú er senn liðið ár frá styrjaldarlokum, og húsabyggingar aukast hröðum skrefum. Í Reykjavík einni munu nú vera í smíðum um 1000 íbúðir. Auk þess er í ráði að flytja inn allmikið af tilbúnum sænskum timburhúsum. Ættu þessar framkvæmdir að draga að miklum mun úr húsnæðisvandræðum og nauðsyn húsaleigulaganna.

Alþingi samþykkti nýlega að fela ríkisstjórninni að láta tafarlaust fara fram rannsókn á áhrifum húsaleigulaganna og endurskoðun á þeim. Umræður um þingsályktun þessa leiddu ótvírætt í ljós, að Alþingi lítur svo á, að við húsaleigulögin óbreytt verði ekki unað. En sökum þess, að nefnd rannsókn hlýtur að taka nokkurn tíma, líta flutningsmenn þessa frv. svo á, að réttmætt sé að bæta nú þegar nokkuð úr því misrétti, sem sumir húseigendur eiga við að búa.“

Sþ. 375. Tillaga til þingsályktunar

um Menntaskólann í Reykjavík.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að Menntaskólinn í Reykjavík hafi áfram aðsetur þar, sem hann er nú, og að veitt verði nægilegt fé í fjárlögum til þess að endurbæta hið gamla skólahús, þannig að það fullnægi nútíma kröfum til skólahúsa, og til þess að byggja nýtt leikfimishús og rektorsbústað við skólann. Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að tryggja skólanum nægilegt landrými milli skólalóðar og Þingholtsstrætis.

Greinargerð.

Undanfarið hafa orðið allmiklar umræður um það, hvar réttast sé og hagkvæmast, að Menntaskólinn í Reykjavík hafi aðsetur sitt í framtíðinni. Hefur mönnum að vonum orðið sérstaklega tíðrætt um þetta í tilefni af aldarafmæli því,

sem skólinn átti á síðastliðnu sumri á þeim stað, þar sem hann er nú. Hafa um nokkurt skeið verið á döfinni ráðagerðir um að flytja skólann burt frá þessum stað og í eitthvert af úthverfum bæjarins, byggja honum þar nýtt hús að þá væntanlega rífa hið aldna og virðulega heimkynni hans við Lækjargötu. Þessar fyrirætlanir hafa hrint af stað hreyfingu meðal eldri og yngri nemenda skólans og annarra velunnara hans, og vilja þeir, að skólinn verði ekki fluttur frá þeim stað, þar sem hann hefur verið um hundrað ára skeið og hugfólginn nemendum hans og raunar öllum, sem hafa skilið þýðingu þessarar menntastofnunar fyrir íslenzkt þjóðlíf a liðinni öld.

Þótt við Íslendingar séum gömul þjóð og tölum forna tungu og eigum glæstar bókmenntir frá fyrri öldum, er hér á landi tiltölulega fátt sýnilegra minja, er tengi saman fortíð þjóðarinnar og nútíð hennar. En slíkt verður jafnan til þess að efla þjóðarvitund og þjóðrækni og þess vegna ber brýna nauðsyn til þess að varðveita allar slíkar minjar og efla slík tengsl við fortíðina. Ef Menntaskólinn væri fluttur frá þeim stað, þar hann hefur verið að festa rætur í hundrað ár og gamalli og sögufrægri byggingu tortímt, þá væri hér stefnt í öfuga átt, enda má minnast þess, að við menntaskólahúsið eru ekki aðeins tengdar minningar sem skólahús, þar sem flestir forvígismenn þjóðarinnar á heilli öld hafa stundið nám, heldur einnig sem samkomustað Alþingis á því skeiði, er það háði einn örlagaríkasta þáttinn í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar undir forystu Jóns Sigurðssonar.

Menntaskólinn á því að fá að vera kyrr á þeim stað, þar sem hann hefur verið, og það á að varðveita hið aldna hús hans sökum virðuleika þess og sögufrægðar. Af þessum sökum er hér lagt til, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því og jafnframt fyrir fjárveitingu til þess að halda húsinu sem bezt við og endurbæta það þannig, að það verði sem fullkomnast skólahús. Jafnframt er svo lagt til, að hafizt verði handa um byggingu leikfimishúss og rektorsíbúðar. En til þess að tryggja framtíðarvist skólans á þessum stað og sjá fyrir nægilegu landrými fyrir nýbyggingar og skólagarð, er jafnframt lagt til, að ríkisstjórnin tryggi skólanum nægilegt landrými að baki þeirrar lóðar, sem hann nú hefur til umráða og er allt of lítil.

Ýmsir hafa á það bent, að menntaskólahúsið sé of lítið fyrir skólann, eins og hann er orðinn nú, og er það vafalaust rétt. Tveir af kennurum skólans hafa stungið upp á því, að stofnaður yrði annar menntaskóli í Reykjavík, og er sú tillaga vel athugandi. Einnig kæmi til greina að hafa skólann einn eftir sem áður, en byggja nýtt hús fyrir t. d. stærðfræðideild hans, er honum hefðu verið fengnar til umráða lóðir til viðbótar að baki hússins, þar sem það er nú. Þessi atriði eru látin liggja milli hluta í tillögu þessari, en lögð megináherzla á hitt, að menntaskóli verði áfram á þeim stað, sem verið hefur skólasetur í hundrað ár, og að hinu aldna skólahúsi við Lækjargötu verið ekki tortímt eða það flutt til, heldur varðveitt og sýndur sem fyllstur sómi.

Nd. 376. Frumvarp til laga

um skipun innflutningsmála.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórnin ákveður, að fengnum tillögum stofnunar þeirrar, sem úthlutar innflutningsleyfum, hverjum skuli heimilt að flytja vörur til landsins til þess að verzla með þær eða nota þær í þágu atvinnurekstrar. Hún löggildir þá, er hún vill veita slíka heimild, sem innflytjendur og tilkynnir stofnun þeirri, sem úthlutar innflutningsleyfum, hverja hún hafi löggilt.

2. gr.

Eftirtalda aðila og þá eina má löggilda sem innflytjendur samkvæmt 1. gr.:

1. Ríkisfyrirtæki og opinberar stofnanir, svo og sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir þeirra.
2. Samvinnufyrirtæki og samvinnusambönd.
3. Innkaupafélög framleiðenda.
4. Innkaupafélög smásöluverzlana.
5. Framleiðendur.
6. Smásöluverzlanir (einkafyrirtæki og samvinnufélög).
7. Heildverzlanir og umboðsverzlanir.

Aðilar þeir, sem nefndir eru undir tölulið 4 og 7, svo og samvinnusambönd, skulu hafa aðsetur í kaupstað.

3. gr.

Innkaupafélög framleiðenda og framleiðendur má aðeins löggilda til þess að flytja inn vörur til eigin þarfa. Smásöluverzlanir má löggilda til þess eins að flytja inn vörur til smásölu í verzluninni sjálfri og því aðeins, að þær hafi í hyggju að flytja inn allverulegt vörumagn og færi sönnur á, að þær eigi kost á hagkvæmum kaupum. Ekki má löggilda fleiri en tvö samvinnusambönd og tvö innkaupafélög smásöluverzlana í sömu verzlunargrein í sama kaupstað og ekki fleiri en þrjár heildverzlanir og þrjár umboðsverzlanir í sömu verzlunargrein í sama kaupstað. Heimilt er að löggilda aðila til innflutnings í fleiri en einni verzlunargrein.

4. gr.

Innkaupafélög framleiðenda og smásöluverzlana, heildverzlanir og umboðsverzlanir skulu, áður en þær hljóta löggildingu, fá staðfestingu ríkisstjórnarinnar á samþykktum sínum. Í þeim skulu m. a. settar reglur um launagreiðslur og kveðið á um tillag í sameignarsjóði. Þegar innkaupafélög framleiðenda og smásöluverzlana hafa lagt í sjóði samkvæmt samþykktum sínum, skulu þau úthluta tekjuafgangi sínum til þeirra, sem taka þátt í rekstri fyrirtækisins, í hlutfalli við viðskipti þeirra við fyrirtækið.

5. gr.

Stofnun sú, sem úthlutar innflutningsleyfum samkvæmt lögum um það efni, skiptir innflutningsleyfum í hverjum vöruflokki milli þeirra aðila, sem löggiltir hafa verið sem innflytjendur, ef þeir eru fleiri en einn. Skulu þá samtök framleiðenda, samvinnufélaga og smákaupmanna yfirleitt eiga rétt á innflutningi til þess að fullnægja vöruþörf þeirra neytenda eða notenda, sem að samtökunum standa eða taldir eru skipta við þá aðila, sem að samtökunum standa, nema annar löggiltur aðili sýni fram á, að hann eigi kost á hagkvæmari kaupum eða sé reiðubúinn að dreifa vörunni gegn lægri álagningu, en þá skal sá aðili sitja fyrir innflutningsleyfum.

6. gr.

Aðilar þeir, sem ríkisstjórnin löggildir til innflutnings, skulu senda henni efnahags- og rekstrarreikning sinn ekki síðar en 4 mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningarnir skulu vera endurskoðaðir af endurskoðanda, er ríkisstjórnin tilnefnir, og skal honum heimilt að fylgjast með öllum rekstri fyrirtækisins, hann skal eiga aðgang að öllum bókum þess og skjölum og eiga rétt á sérhverjum þeim upplýsingum, sem hann telur nauðsynlegar til þess að geta gegnt starfi sínu.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur afturkallað löggildingu til innflutnings með 6 mánaða fyrirvara.

8. gr.

Fyrirtæki þau, er starfa að innflutningsverzlun, er lög þessi öðlast gildi og hljóta ekki löggildingu, mega starfa áfram í 6 mánuði.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 000 kr. Ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað, má og með dómi svipta sökunaut fyrirvaralaust löggildingu til innflutnings og rétti til verzlunar. Upptaka eignar samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

10. gr.

Með mál út af brotum samkvæmt 9. gr. skal fara að hætti opinberra mála.

11. gr.

Ríkisstjórnin setur í reglugerð nánari fyrirmæli um efni þau, er í lögum þessum greinir, þ. á m. það, hvað teljast skuli verzlunargrein.

Greinargerð.

Skipun þeirri, sem nú er á innflutningsverzlun þjóðarinnar, er mjög ábótavant. Höfuðgalli hennar er sá, að hún er þjóðfélaginu allt of dýr, en jafnframt er hún með þeim hætti, að mjög erfitt er að hafa öruggt eftirlit með, að verðlags- og gjaldeyrislög séu haldin, og þá um leið skattalög.

Það hefur meginþýðingu fyrir þjóðartekjur sérhverrar þjóðar, að sem flestir starfi að undirstöðuatvinnuvegum hennar og sem mestu fjármagni sé beint að þeim, þannig að megináherzla sé lögð á þau störf, sem auka þjóðartekjurnar mest, en jafnframt, að reynt sé að komast af með sem minnstan mannafla og sem minnst fjármagn í öðrum atvinnugreinum. Undirstöðuatvinnuvegi Íslendinga hefur nú um nokkurt skeið skort mjög vinnuafl, en hins vegar hefur tala þeirra manna, sem fást við verzlun og ýmis störf í þágu stjórnarkerfis hins opinbera og bæjar- og sveitarfélaga, aukist mjög verulega. Samkvæmt síðasta manntali, en það var gert 1940, var tala þeirra framfærenda á öllu landinu, sem störfuðu að verzlun, 4001 og hefur hún vafalaust hækkað mjög síðan. Tala þeirra framfærenda, er störfuðu að sjávarútvegi, var hins vegar 7413, og sést af þessum samanburði, að óeðlilegur fjöldi manna fæst við verzlunarstörf. Það er þjóðfélaginu í heild of dýrt að binda allan þennan mannafla við vöruútvegun og vörudreifingu innanlands, sérstaklega þegar þess er gætt, að undirstöðuatvinnuvegina beinlínis skortir vinnuafl. Hinn óeðlilega mikli fjöldi verzlunarfyrirtækja bendir og til þess, að verzlunin bindi of mikinn mannafla, en tala skráðra heild- og umboðsverzlana í Reykjavík var um áramótin 1945—46 172, og tala smásöluverzlana, að mjólkurbúðum og fiskbúðum frátöldum, 577. Því miður eru ekki til neinar upplýsingar um, hversu mikið fjármagn muni bundið í verzluninni, en athugun, sem skipulagsnefnd atvinnumála gerði á verzluninni 1934, sýndi, að þá var bundið í henni mjög mikið og óþarflega mikið fjármagn, og hefur það þó vafalaust aukizt síðan.

Ef meta á það frá þjóðhagslegu sjónarmiði, hvort verzlunin sé þjóðfélaginu óeðlilega dýr eða ekki, skiptir það því mestu máli, hvort hún bindur óeðlilega mikið vinnuafl og fjármagn, en samkvæmt framansögðu verður ekki komizt hjá að álykta, að svo sé. Jafnframt skiptir máli í þessu sambandi hvort skipulag verzlunarinnar er með þeim hætti, að meira fari í súginn en nauðsynlegt er, en það verður að telja að eigi sér stað nú sökum þess, hve mikill fjöldi fyrirtækja fæst við þessi störf. En auk þessa skiptir mjög miklu máli, hversu mikið þjóðarheildin þarf að greiða þeim aðilum, sem við verzlunarstörf fást, fyrir störf þeirra, þ. e. a. s. hversu mikinn hluta þjóðarteknanna þeir bera úr býtum. Jafnvel þótt hæfilegur fjöldi manna og hæfilega

mikið fjármagn starfaði að þessari atvinnugrein, gæti verið, að tekjur þeirra fyrir þessi störf væru óeðlilega miklar miðað við laun annarra starfsstétta. Allir viðurkenna, að verzlunarstörf séu nauðsynleg í sérhverju menningarþjóðfélagi og að störf verzlunarstéttarinnar séu mjög þýðingarmikil. Um hitt ættu menn einnig að geta verið sammála, að þessi stétt má ekki taka meir fyrir þjónustu sína en hæfilegt getur talizt, þ. e. a. s. tekjur hennar mega ekki vera hærri en annarra stétta, sem gegna álíka þýðingarmiklum og vandasömum störfum. En það er alkunna, að verzlunarrekstur, og þá sérstaklega heildsala, hefur verið einn arðbærasti atvinnuvegur, sem hér hefur verið stundaður, og má fullyrða, að tekjur fjölmargra í þeirri stétt hafi farið langt fram úr því, sem telja má eðlilega greiðslu fyrir þá þjónustu, sem stéttin innir af hendi. Sökum skorts á opinberum töluskýrslum um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu er erfitt að færa tölulegar sannanir fyrir þessari staðhæfingu, en skattgreiðslur heildsalastéttarinnar bera þó vott um mjög miklar tekjur, og munu þó flestir telja, að mjög fjarri sé því, að öll kurl komi til grafar í skattaskýrslum. Hins vegar er hægt að færa óyggjandi tölusannanir á það, að heildardreifingarkostnaður innfluttrar vöru, og þá sérstaklega heildsölukostnaðurinn, er óeðlilega hár. Verðlagseftirlitið gerði fyrir nokkru allýtarlega rannsókn á dreifingarkostnaðinum 1945 á grundvelli gagna þeirra, sem það fær í hendur frá innflytjendum, en þeim er skylt að senda verðlagseftirlitinu afrit af verðreikningi (kalkulation) sérhverrar vörusendingar sem flutt er til landsins. Var samin skýrsla um skiptingu verðs helztu flokka innfluttrar vöru á þessu ári frá fob-verði til söluverðs. Að vísu sýnir skýrslan ekki, hversu mikill hluti söluverðsins er greiddur kostnaður heildsala og smásala og hversu mikið er ágóði þeirra, enda er það í sjálfu sér ekki aðalatriði málsins, þótt fróðlegt væri að fá þær upplýsingar, heldur hitt, hvort heildarkostnaðurinn við að koma innfluttum vörum úr skipi og til neytenda er óeðlilega hár eða ekki. Er skýrsla þessi prentuð hér með sem fylgiskjal ásamt skýringum þeim, sem verðlagseftirlitið hefur látið fylgja henni.

Skýrsla þessi sannar ótvírætt það, sem haldið hefur verið fram hér að framan, að skipulag innflutningsverzlunarinnar er allt of dýrt. Neytendur verða sem heild að greiða óþarflega mikið fyrir innfluttar vörur sökum þess, að kostnaður við að koma þeim úr skipi og til neytenda er óþarflega mikill, en það jafngildir hins vegar því, að óeðlilega mikill mannfjöldi og fjármagn fáist við þessa starfsemi, auk þess sem tekjur eigenda innflutningsfyrirtækjanna eru vafalaust óeðlilega háar. Skal nú rætt nokkru nánar um niðurstöður þessarar skýrslu.

Fob-verð innfluttrar matvöru nam á þessu ári 21,2 millj. kr., verð hennar á höfn hér að viðbættum tolli nam 30,9 millj. kr., en tilsvarandi útsöluverð hins vegar 55,1 millj. kr. Þess er að vísu að geta, að ekki er verzlað með alla kornvöruna í smásölu, heldur fer talsverður hluti hennar til brauðgerðarhúsa og kexverksmiðja. Sé gert ráð fyrir því, að aðeins ¾ hlutar kornvörunnar fari um hendur smásala, verður kostnaður verzlunarinnar við dreifingu á þessari matvöru 20,4 millj. kr. á þessu eina ári eða um 850 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Þessar tölur leiða í ljós, að það kostar næstum því jafnmikið að koma erlendum matvörum úr skipi hér og til neytenda og að framleiða þær erlendis og koma þeim í skip, og má öllum vera ljóst, að meira en lítið er bogið við það fyrirkomulag, sem svo er dýrt.

Um vefnaðarvöruna er það að segja, að kaupverð hennar erlendis (fob-verð) var 39,0 millj. kr., en verð hennar á höfn hér að viðbættum tolli (cif-verð + tollur) 58,2 millj. kr. Tilsvarandi útsöluverð er hins vegar hvorki meira né minna en 94,4 millj. kr. Dálítið af þeirri vefnaðarvöru, sem heildsalar flytja inn, mun notað til fatnaðargerðar og því ekki verzlað með hana í smásölu. Sé gert ráð fyrir, að það sé 5% af vörunni, verður kostnaður verzlunarinnar við að koma þessu magni af innfluttri vefnaðarvöru og fatnaði úr skipi og til neytenda 34,7 millj. kr. eða 1400—1500 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu.

Hér verður það sama uppi á teningnum og þegar rætt var um matvöruna. Það

kostar litlu minna að koma vefnaðarvöru og fatnaði úr skipi og til neytenda en framleiða hana erlendis og koma henni í skip. Um það getur varla orðið ágreiningur, að óeðlilegt sé, að neytendur verði að greiða 35 millj. kr. í dreifingarkostnað á vörum, sem kosta 39 millj. kr. erlendis.

Sé litið á timbur og aðrar byggingarvörur, sést, að kaupverð þeirra erlendis hefur numið 12,5 millj. kr., verð þeirra í höfn hér, að viðbættum tolli, 21,2 millj. kr., en söluverð 29,8 millj. kr. Dreifingarkostnaðurinn á byggingarvörum hefur m. ö. o. numið 8,6 millj. kr.

Fleiri einstök dæmi skulu ekki nefnd, en á það þó bent að síðustu, að kaupverð allrar þeirrar vöru, sem skýrslan fjallar um, nam 135,5 millj. kr., en verð hennar í höfn, að viðbættum tolli, 201 millj. kr. Söluverð hennar nam hins vegar 327 millj. kr. og heildardreifingarkostnaðurinn hefur því numið hvorki meira né minna en 126 millj. kr. Hér er þess að vísu að geta, sem áður var bent á, að í skýrslunni er reiknað með, að smásöluálagning hafi fallið á ýmsar vörur, sem heildsalar hafa selt til iðnaðar, en ekki mun það raska heildarniðurstöðunni í verulegum atriðum, auk þess sem á það má benda, að auðvitað er lögð smásöluálagning á hina fullunnu iðnaðarvöru.

Ef borinn er saman heildsölukostnaðurinn og smásölukostnaðurinn, sést, að hinn fyrrnefndi er sérstaklega hár. Kostnaður heildsölufyrirtækja við að koma matvörum úr skipi og til smásala hefur samkvæmt skýrslunni numið 9,3 millj. kr. Kostnaður heildsala við dreifingu á vefnaðarvöru nam 10,8 millj. kr. og er þess þá enn fremur að geta, að talsverður hluti vefnaðarvörunnar er fluttur inn af smásölum og er þá kostnaðurinn við það talinn til smásöluálagningar í skýrslunni. Heildsölukostnaðurinn við að koma vörum þeim, sem skýrslan fjallar um, úr skipi og til smásala, hefur numið 49,9 millj. kr., en kostnaður við smásöludreifinguna hefur aftur á móti numið 76,5 millj. kr. Heildsölukostnaðurinn er í raun og veru nokkru meiri en þetta og smásölukostnaðurinn minni, þar eð kostnaður smásöluverzlana, sem flytja sjálfar inn, er talinn smásöluálagning, en aftur á móti er ekki verzlað með allar þær vörur í smásölu sem smásöluálagning er reiknuð af, svo að það kemur til lækkunar smásölukostnaðarins, eins og hann er tilgreindur.

Niðurstaða þess, sem nú hefur verið sagt, hlýtur að teljast sú, að með núverandi skipulagi á innflutningsverzluninni kosti vörudreifingin innanlands allt of mikið og þá sérstaklega sá hluti hennar, sem heildverzlunin annast. Af þessum sökum ber því brýna nauðsyn til þess að endurskipuleggja verzlunarhættina þannig, að verzlunarkostnaðurinn verði minni.

En núverandi skipun verzlunarmálanna er ekki einungis ábótavant að þessu leyti. Meðan innflutningsverzlunin er í höndum jafnmargra aðila og raun ber vitni, má heita óframkvæmanlegt að beita gagnvart henni haldgóðu verðlagseftirliti. Yfirleitt er ógerningur að hafa eftirlit með því, hvort verð það, sem erlendir seljendur tilgreina á reikningum þeim, sem innflytjendur leggja fyrir verðlagseftirlitið og byggja verðreikning sinn á, er rétt eða ekki. Innflytjendurnir kunna og að hafa umboðslaun frá viðskiptavinum sínum erlendis og fá afslætti, sem að réttu lagi ættu að koma til frádráttar vöruverðinu, en þeir skýra ekki frá og ógjörningur er að komast að raun um. Sé verð tilgreint hærra á vörureikningi en það er í raun og veru eða fái innflytjendur umboðslaun eða afslátt, sem þeir skýra ekki frá, er ekki einungis um verðlagsbrot að ræða, heldur er þá gjaldeyri einnig haldið erlendis og gjaldeyrislöggjöfin brotin. Ef ekkert kemur fram um þetta í bókum innflytjendanna, er ógerningur fyrir skattayfirvöld að komast að raun um, hvort tekjum þessum sé ekki skotið undan skatti.

Meðan skipun innflutningsverzlunarinnar helst óbreytt og hún er í höndum jafnmargra aðila og nú á sér stað, er því óhætt að staðhæfa, að mjög erfitt sé að hafa eftirlit með því, hvort verðlags-, gjaldeyris- og skattalöggjöf sé hlýtt. Öðru máli væri að gegna, ef tiltölulega fá, en stór fyrirtæki önnuðust innflutninginn, hvert í sinni grein.

Þá væri allt eftirlit með þeim mun auðveldara, þótt auðvitað fengist ekki nein trygging fyrir því, að lög yrðu ekki sniðgengin.

Þá, sem eru sammála um, að gera þurfi gagngerðar breytingar á skipulagi innflutningsverzlunarinnar, greinir nokkuð á um, til hvaða ráðstafana skuli grípa. Það hefur frá upphafi verið stefnumál Alþýðuflokksins, að innflutningsverzlunina skuli þjóðnýta, og er það skoðun flutningsmanns þessa frv., að í því sé fólgin framtíðarlausn þessara mála. Þegar heimsstyrjöldin síðari skall á, hefði það haft stórkostlega þýðingu fyrir þjóðarbúskapinn, ef hið opinbera hefði tekið innflutningsverzlunina í sínar hendur. Hefði þá verið hægt að skipuleggja innkaupin og flutningana á hagkvæman hátt og lækka dreifingarkostnaðinn, en auður sá, sem hefur á þessum árum fallið í skaut einstakra kaupsýslumanna, hefði runnið í ríkissjóð, og hefði hvort tveggja orðið almenningi til hagsbóta og til mikils gagns í baráttunni gegn dýrtíðinni. En eins og nú háttar málum, er þó vafasamt, að framkvæmanlegt sé að koma á fót opinberri innkaupastofnun, er tæki að sér öll vörukaup til landsins, auk þess sem jafnan er hæpið að stofna til mjög stórfelldrar þjóðnýtingar meðan hætta er á, að stjórn hins þjóðnýtta atvinnureksturs yrði að meira eða minna leyti í höndum manna, sem eru þjóðnýtingu fjandsamlegir. En þótt ekki sé gripið til fullkominnar þjóðnýtingar, má skipuleggja innflutningsverzlunina þannig með löggjöf, að hún verði miklu ódýrari en nú á sér stað, jafnframt því, að auðveldara verði fyrir hið opinbera að tryggja, að lög þau, sem innflutningsverzlunin á að hlíta, séu haldin. Er það tilgangur þessa frv. og er það í samræmi við þá stefnu Alþýðuflokksins að skipuleggja þjóðarbúskapinn og koma á áætlunarbúskap.

Meginatriði frv. er það, að ríkisstjórnin skuli löggilda innflytjendur í hverri vörugrein og að innflytjendum skuli stórfækkað, þannig að innflutningur í hverri grein sé í höndum fárra en stórra fyrirtækja, sem eigi í samkeppni innbyrðis. Gert er ráð fyrir, að ríkið stundi innflutningsverzlun í sumum greinum, og hafi þá ýmist einkasölu, eins og það hefur nú á nokkrum vörutegundum, eða keppi við aðra innflytjendur. Sveitarfélög eiga og að geta komið til greina sem innflytjendur. Framleiðendur og innkaupafélög þeirra eiga að geta flutt inn nauðsynjar sínar, og er efling innkaupasamlaga framleiðenda þýðingarmikið hagsmunamál þeirra, en að öðru leyti er gert ráð fyrir, að innflutningsverzlunin í hverri grein sé í höndum innkaupafélaga samvinnufélaga og smákaupmanna — þó ekki fleiri en tveggja af hvorri tegund í hverri grein — og ekki fleiri en 3 heildverzlana og 3 umboðsverzlana í hverri grein í kaupstöðunum, en auk þess er gert ráð fyrir því, að smásöluverzlanir, hvort sem um er að ræða einkafyrirtæki eða samvinnufélög, geti flutt inn sjálfar þær vörur, er þær verzla með í smásölu, ef þær fullnægja vissum skilyrðum og ekki er um að ræða einkasölu í greininni.

Samvinnufélögin eiga innkaupafélag til þess að annast innflutningsverzlunina fyrir sig, Samband íslenzkra samvinnufélaga. Hins vegar hafa smákaupmenn reynzt framtakslitlir um myndun sameignarfyrirtækja til innkaupa, þótt nokkur breyting hafi orðið í þá átt upp á síðkastið. Samþykkt þessa frv. hlyti á hinn bóginn að ýta mjög undir stofnun slíkra innkaupasamlaga, þar eð þau gætu fengið löggildingu sem innflytjendur. Þá er og gert ráð fyrir því, að í hverri verzlunargrein geti verið starfandi allt að þrjár heildverzlanir í kaupstöðunum. Væri þá eðlilegast, að helztu heildsölufyrirtækin í hverri grein, þ. e. a. s. þau, sem hefðu beztu og verðmætustu verzlunarsambönd erlendis, sameinuðust um stofnun tveggja eða þriggja stórra heildverzlana, sem fengju síðan löggildingu. Þess skal þó getið, að ríkisstjórnin á að hafa í hendi sér, hvort hún löggildir einn, tvo eða þrjá aðila í hverri grein. Í sumum greinum kann að verða nóg að löggilda eina heildsölu, í öðrum greinum tvær eða þrjár, og er eðlilegast, að ríkisstjórnin meti það. Enn fremur er heimilað að löggilda allt að 3 umboðsverzlanir í hverri grein í hverjum kaupstað. En ástæðulaust væri þó að löggilda margar slíkar verzlanir í hinum smærri kaupstöðum.

Gert er ráð fyrir því, að stofnun sú, sem úthlutar innflutningsleyfum samkvæmt almennum lögum um það efni, skipti innflutningsleyfum milli þeirra aðila, sem löggiltir verða sem innflytjendur, ef þeir eru fleiri en einn.

Í frv. eru þó ákvæði um nokkrar meginreglur, sem fylgja skal við leyfisúthlutunina. Samtök framleiðenda, samvinnufélaga og smákaupmanna eiga yfirleitt að hafa rétt til þess innflutnings, sem þau eru talin hafa eðlilega þörf fyrir til þess að fullnægja þörfum þeirra aðila, sem að samtökunum standa eða taldir eru skipta við þá. Geti annar aðili hins vegar sýnt fram á, að hann eigi kost á hagkvæmari kaupum eða sé reiðubúinn til þess að dreifa vörunni gegn lægri álagningu, skal hann þó sitja fyrir innflutningnum.

Gert er enn fremur ráð fyrir því, að innkaupafélög framleiðenda og smásöluverzlana og heildverzlanir setji sér starfsreglur og fái staðfestingu ríkisstjórnarinnar á þeim, áður en þau hljóta löggildingu. Í starfsreglunum skal m. a. setja reglur um launagreiðslur og kveða á um tillag í sameignarsjóði. Þá er og innkaupafélögum framleiðenda og smásöluverzlana gert skylt að úthluta tekjuafgangi til þeirra, er þátt taka í rekstri fyrirtækisins, í hlutfalli við viðskipti þeirra við það. Þar eð hið opinbera fær aðilum þeim, er það löggildir til innflutnings, þýðingarmikil sérréttindi í hendur, virðist sjálfsagt, að ríkisvaldið hafi sem nánast eftirlit með starfi þeirra. Þykir því rétt að skylda þessa aðila til þess að senda ríkisstjórninni reikninga sína og að hún tilnefni endurskoðanda til þess að fylgjast með rekstrinum og reikningsskilunum.

Höfuðeinkenni þess skipulags á innflutningsverzluninni, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er það, að innflutningurinn yrði yfirleitt í höndum fárra, en stórra fyrirtækja, sem ættu í samkeppni innbyrðis, en væru undir nánu eftirliti hins opinbera. Í sumum greinum er eðlilegast og hagkvæmast, að ríkið eitt annist innflutninginn, svo sem á þeim vörum, sem nú er einkasala á, og enn fremur t. d. olíum og benzíni, kolum og salti. Í öðrum greinum væri, eins og nú háttar, æskilegt, að ríkisverzlun annars vegar og Samband ísl. samvinnufélaga hins vegar önnuðust innflutninginn í samkeppni, og á það við um t. d. byggingarvörur og jafnvel matvörur. Í ýmsum öðrum greinum, sérstaklega þeim, þar sem um mikla fjölbreytni í vöruúrvali er að ræða, svo sem vefnaðarvöruverzlun, hefur það ýmsa kosti, að innflutningurinn sé í höndum nokkurra aðila, sem keppi innbyrðis.

Höfuðkostir þessa fyrirkomulags, sem hér er gert ráð fyrir, eru þeir, að heildsölukostnaðurinn á að geta stórminnkað við það, að innflytjendum er fækkað og innflutningurinn fenginn í hendur fáum stórfyrirtækjum, sem ættu að geta starfað mjög hagkvæmt, en auðvelt er að hafa nauðsynlegt eftirlit með. Heildsöluálagningu ætti því að vera hægt að lækka stórkostlega, þar eð álagningarþörf slíkra stórfyrirtækja yrði miklu minni en þess fjölda af fyrirtækjum, sem nú starfar að innflutningsverzluninni. Í raun og veru gæti starfsemi slíkra stórinnflytjenda svipað fremur til umboðssölu en eiginlegrar heildsölu, og umboðslaun þá komið í stað álagningar, en að sjálfsögðu geta aðilar þeir, sem löggildingu fá til innflutnings, einnig stundað umboðsverzlun samkvæmt löggildingu sinni, enda heimila almenn heildsöluleyfi einnig að stunda umboðsverzlun. Ýmis annar kostnaður, sem reiknaður er sérstaklega í verðreikningi, en ekki greiddur af álagningu svo sem heimflutningur, bankakostnaður og geymsluhúsleiga, ætti og að geta lækkað mjög verulega. Jafnframt varðveitir þetta fyrirkomulag kosti þess, að samkeppni sé milli þeirra, sem innflutninginn annast í flestum greinum.

Fylgiskjal.

Skýrsla verðlagseftirlitsins um dreifingarkostnað innfluttrar vöru.

Vöruflokkar:	Fob-verð	Flutnings gjald	Vátrygging	Cif-verð	Tollar	Annar kostnaður	Kostnaðarverð	Heildsöluálagning	Heildsöluverð	Smásöluálagning	Smásöluverð
Matvörur	21 210 719	4 755 125	535 253	26 501 097	4 440 740	4 626 938	35 578 775	4 715 191	40 293 966	14 801 266	55 095 232
Efnavörur	2 085 005	492 669	79 601	2 657 275	1 043 050	202 138	3 902 463	621 207	4 523 670	1 734 183	6 257 853
Ritföng og pappírsvörur	2 045 897	357 253	72 003	2 475 153	684 673	179 702	3 339 528	684 817	4 059 239	1 869 651	5 928 890
Leðurvörur	1 297 259	121 996	57 258	1 476 513	518 129	56 703	2 051 345	276 756	2 328 101	951 871	3 279 972
Vefnaðarvörur	38 952 964	2 978 164	1 291 359	43 222 487	14 943 062	3 380 389	61 545 938	7 421 937	69 205 408	25 149 123	94 360 024
Skófatnaður	6 426 703	1 085 457	221 293	7 733 453	2 746 837	490 273	10 970 563	785 742	11 765 147	4 338 760	16 105 610
Útgerðarvörur	2 557 716	211 660	62 691	2 832 067	122 421	169 565	3 124 053	278 960	3 403 014	956 255	4 359 269
Búsáhöld og verkfæri	8 680 817	1 376 809	279 983	10 337 609	2 228 235	919 087	13 484 931	2 116 518	15 657 410	6 936 816	22 598 132
Saumavélar, olíuvélar	900 998	280 070	31 822	1 212 890	107 572	133 043	1 453 505	196 337	1 649 842	471 453	2 121 295
Rafmagnsvörur	9 196 526	1 361 187	301 519	10 859 232	1 475 087	722 181	13 056 500	2 327 699	15 416 015	6 335 441	21 751 456
Hjúkrunarvörur	388 630	52 263	12 536	453 429	45 563	39 009	538 001	71 588	609 589	262 709	872 298
Ýmsar vörur	8 975 159	819 719	293 468	10 088 346	3 946 925	851 351	14 886 622	3 495 792	18 411 280	9 126 511	27 537 791
Umbúða- og prentpappír	809 722	276 077	28 791	1 114 590	109 452	88 487	1 312 529	181 905	1 518 919	»	1 518 919
Leðurv., o. fl. til skósmíða	1 165 108	93 085	28 971	1 287 164	145 039	108 762	1 540 965	616 386	2 157 351	»	2 157 351
Timbur	6 325 117	4 093 492	257 075	10 675 684	1 007 206	1 270 239	12 953 129	3 332 229	16 285 358	»	16 285 358
Aðrar byggingarvörur	6 200 665	2 245 762	205 503	8 651 930	918 304	829 490	10 399 724	2 998 439	13 398 163	132 631	13 530 794
Bifreiðahlutar	5 143 972	670 880	155 321	5 969 993	835 453	612 780	7 418 226	1 342 635	8 760 861	1 411 755	10 172 616
Vélar	8 596 604	1 542 966	251 560	10 391 130	993 394	622 685	12 007 209	1 688 112	13 719 740	1 532 974	15 252 714
Ýmsar v. með einni álagn.	3 113 511	549 118	99 928	3 762 557	703 132	453 025	4 918 714	933 664	5 825 378	471 987	6 324 365
Vélar o. fl., selt án álagn.	1 453 036	194 589	29 002	1 676 627	148 590	90 686	1 915 903	»	1 915 903	»	1 915 903
Samtals	135 525 948	23 558 341	4 294 937	163 379 226	37 162 864	15 856 533	216 398 623	34 085 914	250 931 354	76 483 386	327 425 842

Skýringar verðlagseftirlitsins við skýrsluna.

Skýrslan er samin eftir verðútreikningum (kalkulationum) þeim, sem skrifstofa verðlagsstjóra afgreiddi á árinu 1945. Verðreikningarnir voru flokkaðir eftir álagningarákvæðum Verðlagseftirlitsins og einstakir liðir þeirra, fob-verð, flutningsgjald, vátrygging, tollar, annar kostnaður, kostnaðarverð og umboðslaun lagðir saman. Umboðslaun koma ekki fram í sérstökum dálki á skýrslunni, þótt þau hafi verið tekin til greina, þar sem upphæð þeirra er tiltölulega óveruleg. Þar sem cif-verð eitt er tilgreint á verðreikningunum, hefur því verið skipt niður í fob-verð, flutningsgjald og vátryggingu eftir sömu hlutföllum og gilda fyrir vöruflokkinn í heild. Síðan var reiknað út, hve miklu heildsöluálagning, heildsöluverð, smásöluálagning og smásöluverð nemur, ef gert er ráð fyrir, að allt magnið, sem flutt er inn, sé selt eins og venjulegt er, e. t. v. bæði í heildsölu og smásölu. Þessu skilyrði er auðvitað ekki fullnægt í öllum heildarflokkum. T. d. er mikill hluti matvörunnar (kornvaran) ekki seldur í smásölu. Þar sem það sést á verðreikningunum, að álagningin hefur verið lægri en heimilað er, hefur verið reiknað með raunverulegri álagningu, en annars gert ráð fyrir, að hin leyfða álagning hafi verið notuð. Þegar vörur hafa verið fluttar inn af smásöluverzlunum, hefur öll álagningin verið talin smásöluálagning. Stundum getur verið álitamál, hvort telja eigi álagningu heildsöluеða smásöluálagningu. Álagningin á byggingarvörum hefur verið talin heildsöluálagning og sömuleiðis álagning á allar vörur, sem notaðar eru í iðnaði. Álagning á vélar, hreyfla, hjólbarða og vökvasturtur hefur verið talin heildsöluálagning, en álagning á varahluti smásöluálagning. Skýrslan nær ekki yfir vörur, sem fyrirtæki hafa flutt inn til eigin notkunar eða framleiðslu, og heldur ekki yfir kol, olíu, salt, sement, tóbak, áfengi, jarðávexti og grænmeti. Vörur, sem fluttar eru inn á höfn utan Reykjavíkur, koma heldur ekki til greina í skýrslunni.

Sþ. 377. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 233 [Ullarkaup].

Frá fjárveitinganefnd.

Fyrir orðin „31. janúar“ kemur: 28. febrúar.

Nd. 378. Frumvarp til laga

um eftirlit með verzlun með fóðurvörur.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI

Um verzlun með fóðurblöndur.

1. gr.

Tilraunaráð búfjárræktar, sem skipað er samkvæmt lögum nr. 64 frá 7. maí 1940, hefur á hendi eftirlit með verzlun með fóðurvörur samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Landbúnaðardeild Atvinnudeildar háskólans skal annast allar efnarannsóknir í sambandi við eftirlitið, og starfsmenn hennar skulu taka sýnishorn hjá fram-

leiðendum og innflytjendum í Reykjavík og á öðrum þeim stöðum, sem því verður við komið, eftir fyrirmælum tilraunaráðs, en ef hentugra þykir, getur tilraunaráð samið við aðra aðila að vera trúnaðarmenn sína um töku sýnishorna.

3. gr.

Eftir 1. janúar 1947 má enginn framleiða til sölu né flytja inn fóðurblöndur, nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra, sem veitt er að fengnum tillögum tilraunaráðs búfjárræktar.

4. gr.

Hver sá, sem fær leyfi til að framleiða til sölu eða flytja inn fóðurblöndur, er skyldugur að láta fylgja vörunni, efst í hverjum poka, seðil, þar sem gefin eru upp eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili framleiðanda.
2. Vikan, sem varan er framleidd í.
3. Nöfn þeirra fóðurtegunda, sem notaðar eru í fóðurblönduna.
4. Upplýsingar um, hvaða búfé blandan er ætluð.
5. Meðalmagn af meltanlegri eggjahvítu í hverri fóðureiningu af fóðurblöndunni.
6. Mve mörg kg þarf af fóðurblöndunni í hverja fóðureiningu.
7. Sé framleitt vítamínfóður, skal gefa upp tegundir vítamína og magn af hverju fyrir sig.

Upplýsingar þessar ber að skoða sem skuldbindingu frá framleiðanda til tryggingar því, að um ákveðin fóðurgæði og samsetningu sé að ræða.

5. gr.

Framleiðendur og innflytjendur fóðurblandna skulu ársfjórðungslega greiða ákveðið eftirlitsgjald af hverri smálest, sem þeir selja og flytja inn af fóðurblöndunni. Ákveður landbúnaðarráðherra gjaldið fyrirfram fyrir hvert ár. Heimilt er framleiðendum að leggja gjald þetta á vöruna.

6. gr.

Af gjöldum þeim, sem um ræðir í 5. og 10. gr., skal stofna sjóð, er nefnist eftirlitssjóður fóðurvara. Skal úr sjóði þessum greiða kostnað við eftirlit það, sem lög þessi fjalla um.

Tilraunaráð búfjárræktar annast rekstur sjóðsins, innheimtir gjöld til hans og greiðir kostnað við eftirlitið, svo sem töku sýnishorna og efnagreiningar. Gjöld af innfluttum fóðurblöndum skulu innheimt með öðrum innflutningsgjöldum, eftir fyrirmælum tilraunaráðs.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun til tilraunaráðs fyrir störf þess vegna eftirlitsins. Hann skipar einnig endurskoðendur eftirlitssjóðs. Nægi tekjur eftirlitssjóðs á einhverjum tíma ekki til þess að greiða kostnað við eftirlitið, greiðist það, sem á vantar, úr ríkissjóði. Tekjuafgangur rennur árlega í ríkissjóð.

7. gr.

Í fóðurblöndur má aðeins nota þær fóðurtegundir eða fóðurefni, sem eru hollar fyrir búfé til þrifa og afurðamyndunar að dómi tilraunaráðs. Eigi má nota fóðurtegundir, sem hafa minna fóðurgildi en sem svarar 55 fe. í 100 kg.

8. gr.

Við efnarannsókn á fóðurblöndum má hið reiknaða fóðurgildi ekki vera minna en 97% af tilgreindu fóðurgildi samkvæmt fylgiseðlinum, en magn eggjahvítu má ekki víkja meira en 12% frá tilgreindu meðaltali.

Sýni efnarannsóknir þrisvar í röð lægri fóðurgildistölu eða of mikið frávik frá eggjahvítumeðaltali en framleiðandi eða innflytjandi hefur tilgreint, skal tilraunaráð skylda hlutaðeigandi aðila til að breyta framleiðslunni til samræmis við hið tilgreinda meðaltal, en sé þess eigi kostur, skal fóðurgildstölum þeim, sem tilgreindar eru á fylgiseðlinum, breytt til samræmis við efnagreiningar þær, sem um er að ræða.

9. gr.

Sýnishorn til efnarannsókna skulu tekin eigi sjaldnar en 3 sinnum á ári af hverri tegund fóðurblöndu. Sýnishornin skulu tekin á framleiðslustað úr lokuðum pokum, sem tilbúnir eru til afgreiðslu, og án þess að framleiðandinn fái fyrirfram vitneskju um það. Einnig er heimilt, ef ástæða þykir til, að taka sýnishorn hjá verzlunum, sem verzla með fóðurblöndur, og bændum, en aðeins úr lokuðum pokum og aldrei úr færri pokum en 3 af sömu tegund. Á framleiðslustað skal taka sýnishorn úr tíunda hverjum poka, og aldrei skal taka færri sýnishorn en til 5 efnarannsókna. Eftirlitsmanni skal frjálst að taka sýnishorn úr þeim pokum, sem honum þóknast af hverri tegund. Sýnishornin skulu tekin með þar til gerðum bor. Öllum sýnishornunum af hverri tegund skal síðan blandað vel saman og gerð af þeim tvöföld efnagreining.

10. gr.

Framleiðendum og innflytjendum skulu ávallt að lokinni efnagreiningu sendar skýrslur um niðurstöðurnar ásamt athugasemdum tilraunaráðs, ef einhverjar eru. Í fyrsta sinn, sem einhver fóðurblanda víkur óleyfilega frá tilteknu fóðurgildi, skal hlutaðeigandi aðila tilkynnt skriflega, hverju er áfátt og hverjar skaðabætur honum beri að greiða, ef eigi verður úr bætt. Í annað sinn eða síðar, sem efnarannsókn sýnir minna fóðurgildi en tilgreint er, skal hlutaðeigandi aðila skylt að greiða til eftirlitssjóðs verðmismun þann, er fram kemur, miðað við tilgreint fóðurgildi. Komi í ljós við efnarannsókn, að frávik eggjahvítu frá tilgreindu meðaltali sé meira en leyfilegt er, skal viðkomandi aðila skylt að greiða 1% af heildsöluverði fóðurblöndunnar til eftirlitssjóðs. Skal gjaldið miðast við selt vörumagn á tímabilinu milli töku sýnishorna.

Enn fremur skal framleiðandi greiða hlutaðeigandi kaupendum skaðabætur eftir útreikningi og mati tilraunaráðs, er nema að minnsta kosti tvöföldu verðmæti þess fóðurgildis, sem vantar á, að fóðurblandan reynist eins og tilskilið er á fylgiseðlinum. Sé um of mikið magn af eggjahvítu að ræða, getur kaupandi einnig krafizt skaðabóta fyrir það, enda hafi hann að dómi tilraunaráðs orðið fyrir tjóni af þeim sökum.

Heimilt er aðilum að skjóta máli sínu til dómstólanna.

11. gr.

Tilraunaráð skal birta, eigi sjaldnar en tvisvar á ári, í búnaðarblaðinu Frey skrá yfir alla þá, sem hafa leyfi til að framleiða og flytja inn fóðurblöndur til sölu. Þar skal tekið fram um nafn og vörumerki hverrar tegundar, verð, tilgreint fóðurgildi og magn af eggjahvítu, enn fremur hvaða búfé hver fóðurblanda er ætluð. Jafnframt skal tilraunaráð birta niðurstöður af efnarannsóknum hverrar tegundar, sem sé meðaltal af þremur síðustu rannsóknunum, sem gerðar hafa verið.

II. KAFLI

Um verzlun með síldarmjöl og fiskimjöl.

12. gr.

Til fóðurs innanlands mega síldarverksmiðjur landsins aðeins selja það síldarmjöl, sem flokkað er í I. flokki til útflutnings. Ef um skort á I. fl. vöru er að ræða,

getur landbúnaðarráðherra gefið heimild til að selja lakari vöru til fóðurs, enda skal það þá selt hlutfallslega lægra verði og vera greinilega merkt sem II. fl. vara.

13. gr.

Að fengnum tillögum tilraunaráðs búfjárræktar og Búnaðarfélags Íslands getur landbúnaðarráðherra skipað svo fyrir, að tilraunaráð búfjárræktar skuli hafa trúnaðarmenn starfandi yfir síldveiðitímann við síldarverksmiðjur ríkisins, eftir því sem þurfa þykir. Verkefni þeirra skal vera það að taka sérstaklega frá það mjöl, sem ætlað er á innlendan markað. Síldarverksmiðjurnar skulu sjá um, að þessu mjöli verði komið fyrir í sérstökum geymslum og afgreitt til íslenzkra kaupenda.

14. gr.

Nú koma ákvæði 13. gr. til framkvæmda, og skulu síldarverksmiðjur ríkisins þá innheimta gjald af hverjum sekk, sem þær selja til íslenzkra kaupenda. Gjald þetta skal ákveðið af landbúnaðarráðherra fyrir hverja vertíð eftir tillögum tilraunaráðs búfjárræktar, og skulu síldarverksmiðjurnar standa skil á því til eftirlitssjóðs.

15. gr.

Trúnaðarmenn tilraunaráðs búfjárræktar í síldarverksmiðjunum skulu stimpla hvern sekk, sem þeir taka frá til innanlandssölu, með sérstöku merki.

16. gr.

Ekki má selja fiskimjöl til fóðurs á innlendum markaði, sem hefur undir 50% af hráeggjahvítu. Fiskimjöl, sem hefur 60% af hráeggjahvítu og þar yfir, er heimilt að selja í ákveðnum flokki. Landbúnaðarráðherra getur, eftir umsóknum frá framleiðendum og að fengnum tillögum tilraunaráðs búfjárræktar, leyft þeim að selja þetta mjöl allt að 10% hærra verði en annað fiskimjöl. Fiskimjöl þetta skal greinilega merkt eftir fyrirmælum tilraunaráðs, er það háð eftirliti á sama hátt og fóðurblöndur, og skulu framleiðendur þess greiða af því jafnhátt gjald til eftirlitssjóðs og greitt er af fóðurblöndum samkvæmt 5. gr.

17. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazt gildi, falla niður þau ákvæði laga nr. 28 frá 27. júní 1921, er varða verzlun með kjarnfóður, og lög nr. 41 frá 12. júní 1939.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumv. þetta er samið og sent landbúnaðarnefnd af fyrrverandi landbúnaðarráðherra. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð frá höfundum þess, þeim Pétri Gunnarssyni tilraunastjóra og Gunnari Bjarnasyni ráðunaut:

Eftir óskum frá Búnaðarfélagi Íslands og landbúnaðardeild Atvinnudeildarinnar höfum við samið meðfylgjandi uppkast að lögum.

Bændur og einstök búnaðarfélög hafa oft sent kvartanir til Búnaðarfélagsins, búnaðarþings og landbúnaðardeildarinnar vegna verzlunar með fóðurbæti. Búnaðarþing hefur í endurtekin skipti gert samþykktir í málinu og óskað eftir, að hið opinbera gerði ráðstafanir til úrbóta. Raunhæfar aðgerðir hafa þó ávallt strandað, aðallega vegna þess, hve ófullkomin lögin frá 27. júní 1921, nr. 28, eru.

Téð lög ætlast til, að stjórnarráðið sjái um, að kaupendum fóðurvara verði veitt nokkurt öryggi gagnvart vörusvikum, svo sem með því að:

1. Gefa út eyðublöð fyrir tryggingarskjöl, sem þeir, er verzla með fóðurvörur, skulu tilgreina á ýmiss konar upplýsingar um vörur, eins og um getur í 2. gr. lag-

anna. Ýmis af þeim atriðum, sem þar eru tekin fram, eru þó vafasöm, og að síðustu segir í 2. gr. 12. lið: „Vilji seljandi eigi gefa tryggingu fyrir einhverju í nefndum atriðum, verður hann að taka fram, að honum sé ekki um það kunnugt.“ Vegna þessa ákvæðis getur seljandi ávallt skotið sér undan skyldum þeim, sem lög þessi setja á hann.

2. Setja reglugerð um, að umbúðir varanna skuli bera með sér, hvert sé nafn vörunnar, nafn verksmiðju eða seljanda og „hvert efnainnihald seljandi ábyrgist í vörunni samkvæmt tryggingarskírteini, hafi það verið gefið.“

Í ákvæðum um töku sýnishorna segir, að báðir aðilar, seljandi og kaupandi, eða umboðsmenn þeirra, þurfi að vera viðstaddir, þegar sýnishorn eru tekin, annars 2 menn skipaðir af lögreglustjóra. Þó hefur rannsóknarstofa ríkisins eða aðrar löggiltar rannsóknarstofur rétt til töku sýnishorna, án þess að nokkur fyrirmæli séu um eftirlitsskyldu þeirra.

Um skaðabótaskyldu segir í 8. gr. „Nú reynist verðmæt efni áburðar og fóðurs, sem um ræðir í lögum þessum, rýrari en tilgreint hefur verið á tryggingarskírteinum að minnst geti verið, og á kaupandi þá rétt til skaðabóta hjá seljanda, skal rannsóknarstofan áætla þær og úrskurða eftir reglum, er stjórnarráðið setur,“ o. s. frv.

Eftir því, sem við höfum næst komizt, hafa flest ákvæði þessara laga aldrei komið til framkvæmda. Reglur og reglugerðir aldrei verið settar af stjórnarráðinu, skírteini og eyðublöð aldrei verið útgefin og kaupendur fóðurvara því aldrei getað fengið bætur eða neinar leiðréttingar, þótt vörurnar hafi verið mjög illa framleiddar eða sviknar.

Við viljum benda á, að auk þeirra ágalla laganna, sem við höfum útskýrt, þá er erfitt að fella það fyrirkomulag og þær stofnanir, sem viðeigandi væri, að nú fjölluðu um málið, inn í ramma laganna, sem eðlilegt er, þar sem þau eru nú orðin 25 ára gömul.

Um einstakar greinar frv. skal þetta fram tekið:

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að tilraunaráð búfjárræktar skuli hafa á hendi eftirlit með fóðurvöruverzluninni. Þar með fá bændur og seljendur ákveðinn aðila að snúa sér til í þessum efnum, og er eðlilegt og rétt, að slík nefnd, skipuð fagmönnum einum, sjái um framkvæmd þessara mála. Benda má á í þessu sambandi, að ýmsum öðrum nöfnum, svo sem tilraunaráði jarðræktar og verkfæranefnd ríkisins, hefur verið falin framkvæmd mála, sem lögum samkvæmt ekki heyra beint undir verkahring þeirra. Það væri óþarft að skipa sérstaka nefnd vegna þessara mála, því að vafalaust yrðu þar tilkvaddir þeir menn, sem eiga sæti í tilraunaráði búfjárræktar.

Um 2. gr.

S. l. haust fól landbúnaðarráðherra landbúnaðardeild Atvinnudeildar háskólans að annast eftirlit með verzlun á fóðurblöndum.

Landbúnaðardeildin framkvæmdi þetta eftirlit s. l. ár, sá um töku sýnishorna og lét gera nauðsynlegar efnagreiningar í sambandi við það.

Það er því eðlilegast, að landbúnaðardeildinni verði áfram falið að annast þetta eftirlit.

Um 3. gr.

Leyfi það, er 3. gr. ræðir um, er haft til þess, að auðveldara verði fyrir eftirlitið að fylgjast með, hverjir framleiði og selji fóðurvörur.

Um 4. gr.

Kröfur þær, sem hér eru gerðar, eru miðaðar við sams konar skilyrði og sett eru erlendis til framleiðenda við hliðstæðar stofnanir. Sumir framleiðendur fóður-

blandna hérlendis hafa einnig af sjálfsdáðum farið að einhverju eða öllu leyti inn á þessa braut.

Um 5. gr.

Gjald það, sem hér um ræðir, yrði ávallt mjög lítið, ca. ¼—½ eyrir á hvert kg, og er sjóðnum ætlað að standa alveg undir kostnaði við eftirlitið, en sá kostnaður yrði mest fólginn í ferðalögum starfsmanna við töku sýnishorna og efnagreiningum.

Það orkar ekki tvímælis, að þetta eftirlit er fyrst og fremst gert í þágu kaupendanna, því að öflugt og öruggt eftirlit skapar tryggingu fyrir góðum og ósviknum fóðurvörum, og því munu bændur og aðrir kaupendur þeirra greiða þetta gjald mjög fúslega.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Oft eru á heimsmarkaðinum seld ýmis ódýr efni sem fóðurvörur án þess að hafa verulegt fóðurgildi, og þurfa innflytjendur ávallt að gæta talsverðrar varúðar gagnvart þeim. Venjulegt kraftfóður hefur 80—120 kg í 100 fe., þó er oft gott að nota ýmsar fóðurtegundir, eins og t. d. heymjöl, í fóðurblöndur, og sáum við því ekki ástæðu til að útiloka þessar fóðurtegundir frá fóðurblöndum, enda þótt þær geti ekki kallazt kraftfóður.

Um 8. og 9. gr.

Um leyfileg frávik frá tryggðu fóðurgildi í fóðurblöndum og ákvæði um töku sýnishorna er stuðzt við hliðstæð ákvæði í erlendri löggjöf.

Um 10. gr.

Hér er skýrt frá skaðabóta- og sektarákvæðum, sem við teljum nauðsynleg til að skapa aðhald um vandað vöruval og framleiðslu.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um II. kafla (12.—18. gr.).

Vegna reynslu undanfarinna ára má telja útilokað, að framleiðendur síldarmjöls og fiskimjöls hér á landi fáist til að tryggja ákveðið lágmark eggjahvítu í þessum mjöltegundum. Slíkt krefðist sérstakra efnarannsókna, sem síldarverksmiðjurnar hafa ekki viljað gangast inn á að framkvæma. Hins vegar teljum við, að með ákvæðum þessa kafla laganna megi tryggja bændum óskenmt og gott síldar- og fiskimjöl til fóðurs.

Við samning þessa lagafrumvarps höfum við stuðzt við erlend lög um sama efni og aflað okkur upplýsinga hérlendra manna eftir föngum.

Ed. 379. Breytingartillaga

við frv. til l. um Matsveinaskóla Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 6. gr. Í stað orðsins „veitingaþjónaiðn“ komi: framreiðslumannaiðn.

Nd. 380. Frumvarp til laga

um Matsveinaskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Stofna skal og starfrækja skóla í Reykjavík, er veiti hagnýta kennslu þeim, er gerast vilja matsveinar á fiski- og flutningaskipum.

2. gr.

Nafn skólans er: Matsveinaskóli Íslands. Skal hann hafa aðsetur í sjómannaskólanum og heyra undir sama ráðuneyti og sjómannafræðslan.

3. gr.

Inntökuskilyrði eru:

1. að nemandi sé 16 ára eða eldri;
2. að hann sé ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða kvilla, sem geti orðið öðrum nemendum skaðvænn eða hættulegur;
3. að hann hafi óflekkað mannorð;
4. að hann hafi lokið miðskólaprófi samkvæmt lögum nr. 22 10. apríl 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu.

4. gr.

Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar skulu ákveðnar í reglugerð.

5. gr.

Kennslunni skal hagað þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið.

Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.

Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrifalega og háttprúða umgengni og snyrtimennsku.

6. gr.

Heimilt er að halda uppi við skólann, eftir því sem við verður komið og fé er veitt til þess í fjárlögum, bóklegri og verklegri kennslu fyrir þá, sem nema vilja að fullu matsveina- og veitingaþjónaiðn samkvæmt gildandi lögum um iðnfræðslu.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta starfrækja mötuneyti og matsölu í sambandi við skólann.

8. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og aðra kennara. Skal skólastjóri jafnframt vera bryti skólans. Ráðherra skipar einnig þriggja manna stjórn yfir mötuneyti og matsölu skólans, skólastjóra til aðstoðar. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Skal einn þeirra hafa verzlunarþekkingu.

9. gr.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið, svo og um mötuneyti og matsölu skólans.

10. gr.

Fyrstu fimm árin eftir að skólinn tekur til starfa, er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá því inntökuskilyrði, er felst í 4. lið 3. gr. þessara laga.

11. gr.

Allur kostnaður við skólahald, mötuneyti og matsölu greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 381. Breytingartillögur

við frv. til laga um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 11. gr. Aftan við 9. málsgr. bætist nýr málsliður, er hljóðar svo: Iðgjald skal greiða fyrirfram fyrir ákveðið tímabil í senn, eftir því sem ákveðið er í reglugerðum. Nú er iðgjald ekki greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga, og skal þá ekki bæta tjón, sem verður eftir þann tíma, þar til iðgjaldið er greitt.
2. Við 30. gr. 3. málsgr. Á eftir orðunum „Vátryggingarfélag hefur lögveð í skipi" bætast inn í málsgr. orðin: og lögtaksrétt.

Ed. 382. Frumvarp til laga

um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 336 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

Áður en skip er vátryggt, skal það skoðað og metið af þar til skipuðum skoðunar- og matsmönnum, en þeir skulu skipaðir af stjórn hlutaðeigandi félags.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt, áður en skipið er tekið í tryggingu.

Skoðunarmenn skulu láta álit sitt og mat í ljós skriflega á þar til gerð eyðublöð. Þóknun skoðunarmanna ákveður stjórn félagsins, og greiðist hún af eiganda skipsins.

Skoðun skipa gildir til tveggja ára í senn. Þó er stjórninni heimilt að láta skoðun og mat fara fram, hvenær sem henni þykir ástæða til. Öll áhöld, sem á skipi eru, skulu talin með í virðingarupphæð skipsins. Undantekið er þó: bækur og sjókort, einnig olíur, farvi og brennsluforði.

Nú er eigandi óánægður með skoðun og mat á skipi, og skal hann kæra mál sitt fyrir stjórn félagsins, en hún sker úr um skoðunina og matið.

Vátryggður getur krafizt yfirmats, og skal það þá framkvæmt af tveimur dómkvöddum mönnum. Ef matið breytist meira en um 10%, greiðir félagið matskostnaðinn, en vátryggður ella.

Þegar skip er tryggt í fyrsta sinn í einhverju félagi, skal auk iðgjaldsins greiða félaginu í inntökugjald allt að 1% af vátryggingarupphæð skipsins. Ef vátrygg-

ingarupphæð skips hækkar, skal því aðeins greiða viðbótarinntökugjald af hækkuninni, að hún stafi af verulegum umbótum á skipinu, en ekki verðhækkun eða þess háttar.

Vátryggja skal 1/10 hluta virðingarverðs hvers skips. Þann 1/10 hluta, sem þá verður eftir, má hvergi vátryggja.

Stjórn félagsins gefur út vátryggingarskírteini fyrir hvert skip um sig til eins árs í senn. Skírteini þessi eru undanþegin stimpilgjaldi. Iðgjald skal greiða fyrirfram fyrir ákveðið tímabil í senn, eftir því sem ákveðið er í reglugerðum. Nú er iðgjald ekki greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga, og skal þá ekki bæta tjón, sem verður eftir þann tíma, þar til iðgjaldið er greitt.

Nú þykir Samábyrgðinni einhver skoðunar- eða matsgerð eigi framkvæmd sem skyldi, og getur hún þá krafizt yfirskoðunar og yfirmats dómkvaddra manna, enda hafi yfirmat skv. 6. málsgr. þessarar gr. ekki farið fram. Hún getur og hvenær sem henni þykir ástæða til, krafizt skoðunar og endurmats á skipunum.

30. gr. hljóðar svo:

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af atvinnumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og starfandi vátryggingarfélaga fiskiskipa.

Þar, sem sérstaklega stendur á að dómi atvinnumálaráðuneytisins og Samábyrgðarinnar, skal heimilt að ákveða iðgjöldin með hliðsjón af því áhættusvæði, þar sem skipinu er ætlað að vera í förum.

Vátryggingarfélag hefur lögveð í skipi og lögtaksrétt fyrir inntökugjaldi, skoðunarkostnaði og vátryggingariðgjöldum, þó eigi fyrir lengra tímabil en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Vátryggingin gengur í gildi, þegar áskilið iðgjald og stofnsjóðsgjald er ákveðið, og eiga félögin kröfu á að fá greitt iðgjald fyrir vátryggt skip frá þeim tíma, er beðið var um vátrygginguna.

Nd. 383. Frumvarp til laga

um samkomudag reglulegs Alþingis 1947.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1947 skal koma saman fyrsta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni forsætisráðherra. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um einstök ákvæði frv. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

„Verkefnum reglulegs Alþingis 1946 er skemmra komið en svo, að því geti orðið lokið fyrir venjulegan samkomutíma reglulegs þings, 15. febrúar. Er því óhjákvæmilegt að breyta með lögum samkomudegi næsta reglulegs þings, og þykir stjórninni bezt henta að ákveða hann 1. október, nema nauðsyn beri til að kveðja þingið saman til reglulegs fundar fyrr á árinu.“

Sþ. 384. Breytingartillaga

við till. til þál. um athugun á leiðinni um Holtamannaafrétt og Sprengisand.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Inn í tillöguna bætist á eftir orðunum: „að Mýri í Bárðardal“:
   Sams konar athugun fari fram um ruðning á bílfærum sumarvegi um Vestfjarðahálendið af Þorskafjarðarheiðarvegi á akveg um Rafnseyrarheiði.
2. Niðurlag tillögunnar orðist svo: Skal leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi niðurstöður þessara athugana.
3. Aftan við fyrirsögnina bætist: og Vestfjarðahálendi.

Ed. 385. Frumvarp til laga

um olíueinkasölu.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Frá 1. júlí 1947 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn frá útlöndum nokkra tegund af steinolíu (petroleum) eða olíum eða feiti, sem unnar eru úr henni, svo sem benzíni, ljósaolíu, hráolíu (gas- og dieselolíu), brennsluolíu, smurningsolíum og smurningsfeiti, — né aðrar tegundir af olíum og feiti, sem unnar eru úr steinolíu.

2. gr.

Olíuvörur, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún olíusamlögum, kaupfélögum og öðrum verzlunarfélögum, kaupmönnum, félögum bifreiðaeigenda, fyrirtækjum, sem eru eign ríkis og bæjarfélaga, og iðnaðarfyrirtækjum, en eigi öðrum.

3. gr.

Fé það, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, er um ræðir í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkissjórninni heimilt að taka það að láni. Sama gildir um fé það, sem þarf til þess að reisa olíugeyma eða önnur mannvirki og byggingar, sem nauðsynlegar eru fyrir slíkan verzlunarrekstur.

Heimilt skal ríkisstjórninni að taka eignarnámi eða leigunámi hverja þá fasteign eða tæki, sem nú eru notuð hér á landi til verzlunarrekstrar með benzín, ljósaolíu, hráolíu og brennsluolíu.

4. gr.

Nafn verzlunarinnar skal vera: Olíueinkasala ríkisins.

5. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur olíueinkasölunnar, semur reglugerð um framkvæmd laga þessara, skipar forstöðumann einkasölunnar og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbréf.

6. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með olíubirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. júlí 1947, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Eftir 1. apríl 1947 skal stjórninni vera heimilt að banna allan innflutning á olíum, nema leyfi hennar komi til.

7. gr.

Olíueinkasalan skal leggja frá 10—40 af hundraði á olíuvörur, eftir því sem henta þykir um hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í geymi eða í hús hér á landi að meðtöldum geymslukostnaði og tolli.

8. gr.

Olíueinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll, þar sem vörurnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir. En heimilt skal þó ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að reikningar tollstjóra á hverjum stað skuli greiðast beint í ríkissjóð.

9. gr.

Ágóði sá, sem verður af rekstri olíueinkasölunnar eftir að hæfilegur hluti hans, fyrirtækinu til öryggis, hefur verið lagður í veltufjár- og varasjóði, fyrningar- og byggingarsjóði, skal geymast til næsta árs og notast það ár til lækkunar á verðlagi þeirra vara, er olíueinkasalan verzlar með, að svo miklu leyti sem eigi reynist unnt að verja ágóðanum til verðuppbótar á því sama ári, sem ágóðinn varð til. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil og ákveður árlega um framlög í sjóði.

10. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð olíuvaranna í smásölu.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 100 til 100000 kr., ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Auk þess skulu allar olíuvörur, sem fluttar eru inn í heimildarleysi, gerðar upptækar og afhendast einkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

12. gr.

Með brot út af málum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Síðan olíuverzlun ríkisstjórnarinnar var lögð niður 1927, hefur olíuverzlun á Íslandi að heita má eingöngu verið í höndum þriggja olíufélaga, nefnilega hlutafélagsins Shell, hlutafélagsins Olíuverzlun Íslands og Hins íslenzka steinolíuhlutafélags. Auk þess hefur við erlenda hlutafélag B. P. á Íslandi átt hér nálega allar þær eignir, sem þurft hefur til verzlunarreksturs Olíuverzlunar Íslands h/f með olíu. Önnur félög eða einstaklingar, sem rekið hafa olíuverzlun hér á landi á síðustu 20 árum, verða ekki talin skipta verulegu máli. Þó hefur starfsemi olíusamlaga verið nokkur hinn síðari hluta framannefnds tímabils. Hlutafélögin Shell og Olíuverzlun Íslands hafa haft langmestan hluta af verzluninni allan þennan tíma, og mun ekki fjarri lagi að áætla, að þau hafi haft um það bil ⅔ hluta hennar hvort um sig.

Shell h/f er a. m. k. að hálfu eign erlendra manna og félaga, og svo mikill vafi þótti leika á, að hinn helmingurinn væri íslenzk eign, að ríkisstjórnin fyrirskipaði rannsókn á því, hvort svo væri eða ekki, árið 1928, enda þótt útkoman yrði sú, að ekki þótti sannað fyrir dómstólunum, að sá hluti hlutafjárins, sem gefinn var upp sem íslenzk eign, væri það ekki. Ekki mun þó leika nokkur vafi á því, að Shell h/f á Íslandi vinnur í svo nánu samræmi við brezka olíufélagið Shell, að nákvæmlega jafngildir fullum eignarrétti hins erlenda félags á öllum hlutabréfum Shell h/f á Íslandi.

Um hlutafélagið B. P. á Íslandi er það að segja, að þar leikur enginn vafi á um eignarrétt hlutafjárins, vegna þess að það félag er skráð hér á landi sem erlent félag og má því eigi hafa neinn rekstur með höndum hér á landi, enda mun ekki heldur vera talið, að það hafi hann. Hins vegar á þetta erlenda félag, sem og er heimilt

lögum samkvæmt, allar eða nær allar þær fasteignir hér á landi, sem Olíuverzlun Íslands h/f þarf á að halda til að starfrækja umboð það, sem það félag hefur fyrir brezka Anglo Iranian olíufélagið, en það félag eða meðlimir þess munu eiga allflest hlutabréfin í B. P. á Íslandi. Olíuverzlun Íslands h/f gæti eigi rekið olíuverzlun sína án þeirra olíugeyma og annarra fasteigna, sem hlutafélagið B. P. á Íslandi á, og þess vegna ræður Anglo Iran olíufélagið í London að sjálfsögðu alveg yfir verzlunarrekstri Olíuverzlunar Íslands h/f, a. m. k. í meginatriðum. Verzlunarrekstur þessara tveggja hlutafélaga, Shell og Olíuverzlunar Íslands, hlýtur því að vera háður því, sem hin erlendu olíufélög, Shell og Anglo Iranian, mæla fyrir um. Má því segja, að meira en 4/5 hlutar olíuverzlunar á Íslandi sé raunverulega í höndum erlendra félaga.

Þriðja félagið, Hið íslenzka steinolíuhlutafélag, var einnig fram til síðustu áramóta háð erlendu félagi um allan rekstur sinn. Það hefur starfað hér á landi síðan fyrir heimsstyrjöld hina fyrri, og var það ekkert leyndarmál, að það væri raunverulega eign D. D. P. A., hins danska félags Standard olíufélagsins. Nú um síðustu áramót urðu hlutabréf félagsins raunverulega íslenzk eign og það félag því alveg losað undan áhrifum erlendra olíufélaga. Félag það, Olíufélagið h/f, sem Samband íslenzkra samvinnufélaga, sambandskaupfélög, olíusamlög og nokkrir aðrir aðilar stofnuðu á síðasta ári, á nú mestan hluta hlutafjárins í Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi og ræður því algerlega rekstri þess. Olíufélagið h/f hefur að vísu fengið söluumboð á Íslandi fyrir Standard Oil félagið, en er því óháð á allan hátt. Ber að fagna þessari breytingu sem þýðingarmiklu spori í rétta átt, því að það verður að teljast vera í litlu samræmi við hið nýfengna sjálfstæði Íslands, ef erlend verzlunarfélög eiga að hafa jafnþýðingarmiklar greinar íslenzkrar verzlunar sem olíuverzlunin er að mestu í sínum höndum með eins konar einokunaraðstöðu. Síðan Olíufélagið h/f var stofnað, og að líkindum af ótta við samkeppni við það, hafa hin erlendu olíufélög, Shell og B. P. (Anglo Iranian), í desembermánuði síðastliðnum fyrirskipað, að félög þeirra á Íslandi skuli vinna saman sem eitt félag væri, hvað alla geymslu og flutninga á olíu snertir. Verður því raunverulega að skoða þessi tvö félög nú sem einn og sama aðila, hvað verzluninni á Íslandi við kemur.

Ríkisstjórnin átti með sérstökum ráðstöfunum allverulegan þátt í því á árunum 1943 og 1944 að útvega hagkvæmara verð á olíu en verið hefði, ef olíufélögin hefðu ein mátt ráða. Í lok ársins 1944 var þessum afskiptum ríkisstjórnarinnar hætt með þeim afleiðingum, að verðið hækkaði allmjög. Má segja, að olíufélögin B. P. og Shell hafi, síðan ríkisstjórnin veitti þeim að ýmsu leyti bætta aðstöðu á árinu 1945, stefnt að því að verða alveg einráð um olíuverzlunina hér á landi. Sem dæmi um það, hvert álit þessi félög hafa á styrkleik aðstöðu sinnar, má nefna það, að þau hafa nú nýlega gefið út eins konar opinbera tilkynningu um olíuverðlagið, og hefur hún verið birt athugasemdalaust í þremur dagblöðunum í Reykjavík og án þess, að sú tilkynning hafi verið gagnrýnd opinberlega. Hefur einkaaðstaða olíufélaganna um verzlunina skapað allt of hátt verð á sumum tegundum olíunnar. Sem dæmi um það, hvert ófremdarástand ríkir um verð á einni tegund olíu, smurningsolíunni, skal nefna eftirfarandi:

Hið íslenzka steinolíuhlutafélag selur nú bifreiðasmurningsolíur í tunnum á kr. 1.90 kílóið og smurningsolíu á bátavélar á kr. 1.24 kílóið. Hin félögin selja smurningsolíur, sem að dómi fagmanna eru sízt betri, til bifreiða fyrir kr. 3.00 kílóið og til bátavéla fyrir kr. 1.84 kílóið. Mun þetta verð meðal annars hafa skapazt vegna þeirrar aðstöðu, sem olíufélögin höfðu um sölu á annarri olíu. Voru notendur því oft og einatt neyddir til að kaupa hinar dýru smurningsolíur, til þess að geta fengið aðra olíu.

Það er ekki unnt að flytja olíu til Íslands með nægilega ódýru móti nema í allstórum tankskipum, og verður því að hafa allstóra olíugeyma hér á landi til að taka við olíunni og geyma hana. Shell og B. P. félögin eiga olíugeyma á Íslandi sem hér segir:

Reykjavík:	Shell (í Skerjafirði)	10 500 tonn
	B. P. (Klöpp)	2 230 —
Akranes:	Shell	300 —
	B. P.	210 —
Borgarnes:	Shell	100 —
	B. P.	200 —
Grundarfjörður:	B. P.	50 —
Patreksfjörður:	Shell	50 —
Þingeyri:	Shell	50 —
Flateyri:	Shell	100 —
Bolungavík:	Shell	100 —
Ísafjörður:	Shell og B. P.	390 —
Súðavík:	Shell	50 —
Langeyri:	Shell	50 —
Ingólfsfjörður:	Shell	100 —
Djúpavík:	B. P.	200 —
Drangsnes:	Shell	50 —
Hólmavík:	B. P.	100 —
Skagaströnd:	B. P.	400 —
Sauðárkrókur:	B. P.	250 —
Siglufjörður:	Shell	320 —
	B. P.	330 —
Ólafsfjörður:	Shell	330 —
Akureyri:	Shell	675 —
	B. P.	200 —
Húsavík:	B. P.	250 —
Þórshöfn:	B. P.	50 —
Vopnafjörður:	B. P.	50 —
Seyðisfjörður:	Shell	90 —
Norðfjörður:	Shell	90 —
Eskifjörður:	Shell	200 —
Fáskrúðsfjörður:	Shell	90 —
Hornafjörður:	B. P.	150 —
Vestmannaeyjar:	Shell	390 —
Sandgerði:	B. P.	50 —

Aðrir aðilar, sem eiga olíugeyma hér á landi, eru:

Reykjavík:	Hið íslenzka steinolíuhlutafélag (Viðey)	1 300 —
	Nafta h/f (Vatnagarðar)	600 —
	Flugvöllurinn í Reykjavík	3 500 —
Ólafsvík:	Olíusamlagið	200 —
Stykkishólmur:	Olíusamlagið	100 —
Hrísey:	Olíusamlagið	120 —
Dalvík:	Olíusamlagið	330 —
Norðfjörður:	Olíusamlagið	1 000 —
Vestmannaeyjar:	Olíusamlagið	800 —
Keflavík:	Olíusamlagið	500 —

Þá eru enn fremur olíugeymar á flugvellinum í Keflavík 8 500 tonn og í Hvalfirði 41 000 tonn fyrir benzín og hráolíu og 49 000 tonn fyrir brennsluolíu.

Til þess að fá olíuna nægilega ódýra, þarf að flytja hana í allstórum tankskipum frá Mexíkóflóa eða Venezuela beint til Íslands, og verða olíuflutningaskipin á venjulegum tímum að vera minnst 10—12000 tonn að stærð, til þess að ódýr flutningsgjöld fáist, en þó er enn ódýrari flutningur í skipum 16000 tonna og þar yfir.

Það er því auðsætt, að enginn getur keppt við hin sameinuðu olíufélög B. P. og Shell á Íslandi, nema með því að eiga að minnsta kosti jafnstór olíugeymslukerfi og þau. Mun félag það, sem samvinnufélögin og olíusamlögin hafa myndað, Olíufélagið h/f, ætla sér að byggja allstóra olíugeymslustöð við Faxaflóa og einnig geyma úti um land, þar sem olíusamlög eiga ekki geyma fyrir. Þá munu olíufélögin B. P. og Shell hafa ætlað sér að byggja allstóra nýja stöð við Reykjavík, vegna þess að eigi er hægt að sigla nægilega stórum olíugeymaskipum um Skerjafjörð, þar sem Shell-stöðin er. Þangað komast nú eigi með góðu móti stærri skip en ca. 5000 tonna, séu þau fullhlaðin. Þá hefur einnig verið á döfinni, að aðrir aðilar, svo sem togaraeigendur, byggðu olíugeymslustöð. Má gera ráð fyrir, að allar þessar olíugeymabyggingar kosti mikið fé. Hefur það jafnvel verið áætlað, að þær mundu kosta allt að 25 milljónum króna í viðbót við það fé, sem þegar hefur verið varið til byggingar olíugeymslustöðva hér á landi. Nú er það svo, að íslenzkum stjórnarvöldum mundi veitast erfitt að meina hinum erlendu olíufélögum að bæta við olíugeymabyggingar sínar hér á landi, þar sem þau mundu vafalaust leggja erlendan gjaldeyri fram sjálf til slíkra bygginga. Þá er og enginn vafi á, að olíusamlögum, samvinnufélögum og Olíufélaginu h/f, sem er innflutnings- og sölufélag þeirra á olíu, yrði auðvitað veittur nægur gjaldeyrir til þess að reisa sínar olíugeymslustöðvar. Væri eigi um annað að ræða, ef á annað borð ætti að gera þessum alíslenzku samtökum olíuneytendanna fært að keppa með jafnri aðstöðu við hin erlendu olíufélög hér á landi. Þá mundi eigi heldur vera unnt að meina togaraútgerðarmönnum að byggja olíugeyma fyrir sína brennsluolíu. Það er þess vegna sýnilegt, ef eigi verður tekin einkasala á olíu, að gífurleg fjárfesting hlýtur að eiga sér stað á næstu 2—3 árum á þessu sviði. Allt það fé, sem lagt er í slíkar byggingar, hlýtur að lokum að leggjast á olíuna og þannig raunverulega greiðast af notendunum.

Nú er það hins vegar svo, að enda þótt olíustöðin í Hvalfirði, sem þegar er orðin eign íslenzka ríkisins, sé eigi vel til þess fallin, að eitt olíufélag reki hana, vegna stærðar hennar og ýmissa örðugleika í því sambandi, þá mundi t. d. Olíueinkasala ríkisins vel geta notað hana í nokkur ár með sæmilegum árangri, þangað til hentugri heildargeymslustöð yrði byggð. Ætti því eigi að þurfa að eiga sér stað önnur veruleg fjárfesting fyrst um sinn, ef einkasala verður sett á stofn, en að byggðir yrðu nokkrir smáir geymar úti á landi, því að gera verður ráð fyrir, að samningar tækjust um að kaupa olíugeyma þá, sem þegar hafa verið reistir hér á landi.

Olíunotkun hér á landi hefur vaxið gífurlega á síðustu árum. Síðan í byrjun stríðsins hefur sala á olíu, benzíni, ljósaolíu, hráolíu og brennsluolíu verið um það bil sem hér segir:

1940	23 200	tonn
1941	28 400	—
1942	33 600	—
1943	31 200	—
1944	35 900	—
1945	40 000	—
1946	52 000	—

og fer enn ört vaxandi af mörgum ástæðum, og eigi hvað minnst þeirri ástæðu, að mjög víða er nú farið að nota olíu í stað kola til hitunar húsa. Að auki er svo sala á smurningsolíum, sem mun vera orðin allt að 2000 tonn á ári. Það virðist því vera augljóst, að til þess að komið verði góðu skipulagi á olíuverzlun landsmanna, án þess að allt of mikil fjárfesting fari fram, verði nauðsynlegt að setja á stofn einkasölu á olíu. Þá hefur einkasala ríkisins á olíu einnig þann höfuðkost, að hún dregur verzlunina algerlega úr höndum hinna erlendu olíufélaga hér á landi, en tryggir jafnframt, með því að flytja olíuna inn í miklu stærri skipum en nú er gert, enn ódýrari innkaup hennar en nú er unnt að verða aðnjótandi.

Þá ber einnig á það að líta, að dreifing olíunnar út um landið verður miklum mun ódýrari með einkasölufyrirkomulaginu. Verður þannig með því fyrirkomulagi mögulegt að lækka stórum hinn óhæfilega háa kostnað við að koma olíunni á ýmsa staði úti um land og því lækka verð hennar þar að miklum mun. Mundi allt sölukerfið á landinu í heild þá verða miklu einfaldara og ódýrara, eins og sést bezt á því, að á fjölda smástaða úti um land verða starfræktar 2—3 benzíndælur með samkeppnisfyrirkomulaginu, en aðeins ein með hinu. Sama má segja um rekstur olíugeymanna úti um land. Þar verður aðeins einn aðili, sem hefur reksturinn á hverjum stað, í stað tveggja eða þriggja með samkeppnisfyrirkomulaginu.

Ed. 386. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 7. maí 1946, um beitumál.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er flutt af sjávarútvegsnefnd neðri deildar, eftir ósk atvinnumálaráðherra, en beitunefnd hafði farið fram á það við ráðuneytið, að settar yrðu reglur um beituskurð.

Landssamband útgerðarmanna hefur tjáð sig eindregið fylgjandi efni frumvarpsins, og sömuleiðis þeir einstakir útvegsmenn og sjómenn, sem beitunefnd telur sig hafa átt tal við um málið.

Sjávarútvegsnefnd þessarar deildar telur rétt að verða við óskum ofangreindra aðila í þessu efni og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna, Pétur Magnússon, tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. febr. 1947.

Gísli Jónsson, form.	B. Kristjánsson, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson. frsm.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 387. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 7. febr. 1947.

Jón Pálmason, form.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr.	Jón Sigurðsson, frsm.

Ásg. Ásgeirsson. Sigurður Guðnason.

Nd. 388. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 93 28. desember 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „1. marz“ í síðari mgr. 1. gr. laganna komi: 1. apríl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sökum þess, að þingstörfin hafa tafizt mjög við tilraunir þær til stjórnarmyndunar, sem farið hafa fram undanfarna mánuði, er fyrirsjáanlegt, að fjárlög verði ekki afgreidd frá Alþingi innan þess tíma, sem tiltekinn er í lögunum. Fyrir því ber nauðsyn til að framlengja heimild þá til bráðabirgðagreiðslna úr ríkissjóði, er veitt var með greindum lögum, og er frv. borið fram í þeim tilgangi. — Frv. er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra.

Nd. 389. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60/1945, um laun starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Starfsmenn raforkustjóra hafa að árslaunum:

1.	Raforkumálastjóri	kr. 13000.00
2.	Rafmagnsveitustjóri	— 11100.00
3.	Rafmagnseftirlitsstjóri	— 10200.00
4.	Yfirverkfræðingur áætlanadeildar	— 10200.00
5.	Yfirverkfræðingur við jarðboranir	— 10200.00
6.	Verkfræðingar	kr. 7200.00—9600.00
7.	Aðalbókari, bormeistari	— 6600.00—9000.00
8.	Gjaldkeri, eftirlitsm. einkarafveitna, birgðavörður rafmagnsveitna	— 6000.00—8400.00
9.	Bókarar (1. fl.), teiknarar, eftirlitsm. við lágspennuveitur	— 6000.00—7800.00
10.	Bókari (2. fl.)	— 5400.00—7200.00
11.	Ritari (1. fl.)	— 4800.00—6000.00
12.	Ritari (2. fl.)	— 4200.00—5400.00
13.	Ritari (3. fl.)	— 3300.00—4800.00

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra, og fylgir því svolátandi greinargerð:

Vegna hinna miklu framkvæmda í raforkumálum landsins, sem nú stendur yfir eða eru í undirbúningi, hafa störf rafmagnseftirlits ríkisins aukizt stórkostlega síðan

launalög, nr. 60 1945, voru sett. Eftir gildistöku hinna nýju raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946, hefur forstöðumaður rafmagnseftirlitsins verið skipaður raforkumálastjóri (sbr. 4. gr.) og stofnuninni skipt í sjálfstæðar deildir. Auk aðalskrifstofunnar heyra beint undir raforkumálastjóra áætlanadeild og jarðboranir. Jafnframt hafa verið stofnuð embætti rafmagnsveitustjóra (5. gr. l. 12/1946) og rafmagnseftirlitsstjóra (43. gr. l. 12/1946), ásamt tilheyrandi skrifstofum, allt undir yfirstjórn raforkumálastjóra. Þykir óhjákvæmilegt að breyta launalögunum til samræmis við þessi nýju viðhorf, og er frv. þetta í því tilefni fram komið.

Sþ. 390. Tillaga til þingsályktunar

um tiltekna undanþágu frá lögboðinni kvöð um skyldulán.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að haga væntanlegri löggjöf um skyldulán til almannaþarfa á þann veg, að lausir aurar í eigu hjóna eða annarra einstaklinga, sem stunda skólanám eða hafa fyrir vandamönnum að sjá, verði hagað á þann veg, að þessir aðilar þurfi ekki að lána ríkinu af fjárhæðum, sem eru 30 þús. kr. eða minni.

Greinargerð.

Langvarandi umtöl á undangengnum mánuðum um eignakönnun og skyldulán hafa skapað óró og ugg í landinu og að líkindum mest hjá þeim, sem eiga tiltölulega litla lausa fjármuni. Hafa umræður um skyldulán orðið til þess í bili, að kalla má ókleift að fá nokkur lán á frjálsum markaði. Telja má víst, að um nokkurn fjárflótta til útlanda hafi verið að ræða, og það helzt frá þeim, sem mest áttu. Tillaga þessi stefnir að því að freista að fá ákveðna efnahagslínu milli þeirra, sem telja má færa um að inna af hendi skyldulán, og hinna, sem ekki eru aflögufærir. Má fullyrða, að nú eru í landinu margir menn, sveitafólk, sjómenn og verkamenn, sem hafa á undangengnum árum sparað saman lágar fjárhæðir í því skyni að bæta með þessum fjármunum kjör sín og vandamanna sinna. Ef þetta fólk býst við vaxandi öryggisleysi um þessa fjármuni, má búast við, að kæruleysi um fjármál fari vaxandi og að menn, sem annars eru hófsamir um óþarfaeyðslu, telji rétt að ráðstafa sínum litlu eignum gálauslega, fremur en að láta taka þær með valdboði. Skyldulánin eiga við þar, sem um er að ræða verulega fjármuni.

Sþ. 391. Tillaga til þingsályktunar

um nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf og reglugerðir um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Nefndin skal skipuð þannig: Ráðherra skipar einn mann án tilnefningar, en tvo samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Félags íslenzkra iðnrekenda, sem tilnefna sinn manninn hvort.

Nefndin skal hefja störf sín svo fljótt sem verða má og ljúka þeim fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Lög um eftirlit með verksmiðjum og vélum eru síðan 7. maí 1928 og reglugerð um sama var gefin út 1929 og svo breyting á þeirri reglugerð 1941.

Það ætti ekki að vera þörf margra orða um nauðsyn þess, að fram verði látin fara endurskoðun á lögum þessum. Þau hafa nú staðið óbreytt í nálega 20 ár, en á þessu tímabili hafa orðið svo gagngerðar breytingar í atvinnuháttum og vinnutækni, að nauðsyn ber til að samhæfa löggjöfina breyttum viðhorfum. Það, sem sérstaklega er þó ábótavant í lögum þessum, er, að þar skorti með öllu ákvæði, sem tryggja, að lögskipaðir skoðunarmenn framkvæmi störf sín vel og samvizkusamlega, og viðurlög gegn vanrækslu eru þar engin.

Segja má, að til þessa sé í raun og veru aðeins ein leið, sem treysta megi, að komið geti að haldi, og hún er sú, að verkafólkið, sem á vinnustöðunum og í verksmiðjunum vinnur, hafi sína fulltrúa í sjálfu eftirlitinu. Til þess að ákvæði reglugerðar, útgefinnar 30. júní 1941, sem mælir svo fyrir, að þar, sem 10 menn eða fleiri vinna, hafi þeir rétt til að velja sér fulltrúa gagnvart eftirlitinu, komi að fullu haldi, þurfa slíkir fulltrúar að hafa fulla vissu fyrir því, að ábendingar þeirra séu teknar til greina hjá þeim mönnum, sem með eftirlitið fara af hendi þess opinbera.

Það er á allra vitorði, sem unnið hafa í verksmiðjum eða á vinnustöðum, þar sem vélar eru notaðar, síðan löggjöf þessi var sett, að vanræksla eftirlitsins hefur verið svo mjög úr hófi fram, að ekki verður lengur við unað. Því samþykkti síðasta þing allsherjarsamtaka verkalýðsins í þessu landi, 19. þing Alþýðusambands Íslands, sem haldið var í nóvember s. l., einróma eftirfarandi tillögu:

„Þingið telur brýna nauðsyn bera til, að aukið verði stórlega öryggi verkafólks á sjó og landi með fullkominni löggjöf. Í því sambandi vill þingið benda á eftirfarandi:

Nákvæm endurskoðun fari fram á lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum, og verði Alþýðusambandinu gefinn kostur á að eiga fulltrúa við þá endurskoðun, svo að tryggt sé, að sjónarmið sambandsins komi fram.

Til bráðabirgða og þar til nauðsynleg breyting á lögum um eftirlit á vélum og verksmiðjum nær fram að ganga, þá verði þær ráðstafanir gerðar af hinum opinberu aðilum, að starfandi eftirlitsmenn með öryggi og öryggisreglur verði látnir sinna þeim störfum af meiri skyldurækni en verið hefur til þessa, og auknir verði starfskraftar við eftirlitið."

Nd. 392. Breytingartillaga

við frv. til vegalaga.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 2. gr. D. Á eftir 23. lið kemur nýr liður, svo hljóðandi:

Norðurlandsvegur: Frá Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að Þorvaldsstöðum.

Nd. 393. Breytingartillaga

við frv. til vegalaga.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 2. gr. C. 10. liður orðist svo:

Skagastrandarvegur: Frá Blönduósi um Skagaströnd að Víkum á Skaga.

Nd. 394. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 14. júní 1929, um tannlækna.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1929 voru sett lög um tannlækna. Í 4. gr. þeirra l. er sett bann við því, að öðrum en tannlæknum eða þeim, er tannlækningaleyfi hafa, sé heimilt að setja gerfitennur eða tanngarða í menn. Ákvæði þetta átti þó ekki að ná til lækna, er sannað gætu, að þeir hefðu aflað sér nægilegrar þekkingar í þeirri grein.

Með lögum nr. 34/1932 er þetta ákvæði rýmkað þannig, að dómsmálaráðuneytinu sé heimilt að veita mönnum, er lokið hafa **tannsmíðanámi**, leyfi til þess að setja gerfitennur eða tanngarða í menn í samráði við héraðslækna í þeim héruðum, sem séu tannlæknalaus.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, fer í þá átt að heimila tannsmiðum að setja gerfitennur og tanngarða í menn, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórn, að þeir hafi til þess nægilega þekkingu.

Utan Reykjavíkur og Akureyrar munu nú starfandi við tannsmíðar þrjár konur, er fengið hafa leyfi dómsmálaráðuneytisins til tannsmíða.

Minni hl. n. telur, að þar til almenn löggjöf verði sett um réttindi og skyldur tannsmiða almennt, sé eðlilegt og sjálfsagt, að þeir, sem þegar hafa fengið leyfi til að starfa sjálfstætt sem **tannsmiðir**, fái að halda því leyfi áfram, en ekki sé hægt að svipta þá fyrirvaralaust slíku leyfi, þótt tannlæknar kunni að setjast að, þar sem tannsmiður vinnur fyrir, enda væri önnur regla mjög ósanngjörn og í beinni andstöðu við reglur þær, sem í svipuðum tilfellum gilda.

Minni hl. n. vill því, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Síðari málsliður 1. gr. orðist þannig:

Þetta nær þó ekki til þeirra tannsmiða, er þegar hafa fengið leyfi til að starfa sjálfstætt, enda haldi þeir þá þessu leyfi fyrst um sinn, þar til ákvæði verða sett í lögum um réttindi þeirra og skyldur.

Alþingi, 12. febr. 1947.

Sigurður E. Hlíðar, form. Garðar Þorsteinsson, frsm.

Ed. 395. Lög

um samkomudag reglulegs Alþingis 1947.

(Afgreidd frá Ed. 12. febr.)

Samhljóða þskj. 383.

Nd. 396. Breytingartillaga

við frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Als, Emil, námsmaður, Reykjavík, fæddur 6. jan. 1928 í Danmörku.
2. Ásgeir Ingimundarson, veggfóðrari í Reykjavík, fæddur 6. sept. 1881 á Íslandi.

3. Baldur Arent Nielsen-Edvin, listmálari í Reykjavík, fæddur 23. jan. 1918 í Danmörku.
4. Bendtsen, Bendt Dahlbom, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 14. des. 1906 í Danmörku.
5. Björn Malmfred Björnsson, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 16. febr. 1913 í Noregi.
6. Dofri, Steinn Jónasson, ættfræðingur, fæddur 11. apríl 1875 á Íslandi.
7. Hinz, Hans Joachim Gunnar Theodór Magnús, vélvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 10. maí 1927 á Íslandi.
8. Jack, Robert John, settur sóknarprestur í Heydalaprestakalli, fæddur 5. ágúst 1913 í Skotlandi.
9. Jedlichovà, Laufey Einarsdóttir, ekkja í Reykjavík, fædd 9. febr. 1906 á Íslandi.
10. Jóhann Páll Björnsson, laxveiðimaður, Reykjavík, fæddur 29. marz 1878 á Íslandi.
11. Jóhann Stefán Thorarensen, fyrrv. bóndi, Akureyri, fæddur 7. ágúst 1872 á Akureyri.
12. Jörgensen, Bent Bjarno, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 25. ágúst 1927 í Danmörku.
13. Katrín Ólafsdóttir Mixa, frú, Reykjavík, fædd 3. marz 1916 á Íslandi.
14. Lárus Sigurjónsson, skáld í Reykjavík, fæddur 14. ágúst 1874 á Íslandi.
15. Syre, Gabriel, verkamaður á Ísafirði, fæddur 16. júlí 1914 á Íslandi.
16. Vestmann, Ingibjörg Einarsdóttir, iðnmær í Reykjavík, fædd 25. des. 1919 í Kanada.

Ed. 397. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og lögum nr. 94 14. maí 1940, um breytingar á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað 1. gr. l. nr. 94 1940 komi ný grein, svo hljóðandi:

4. gr. l. nr. 38 1937 orðist svo:

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkvæmt lögum þessum.

Ríkisráðunautur í loðdýrarækt hefur í umboði landbúnaðarráðherra og í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands yfirumsjón með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu vera trúnaðarmenn ráðunautar í málum varðandi loðdýraræktina, hver í sínu umdæmi, og framkvæma eða láta framkvæma í sínu umboði eftirlit með loðdýraræktinni eftir því, sem ráðunauturinn leggur fyrir, og ganga ríkt eftir, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Nú þykir ráðunaut áfátt vera um eftirlit trúnaðarmanna sinna, og getur þá ráðherra skipað aðra trúnaðarmenn að fengnum tillögum ráðunautar.

Hafi trúnaðarmaður sjálfur loðdýr undir höndum, þá skal ráðunauturinn hafa eftirlit með búi hans, eða skipa til þess annan mann, ef honum þykir ástæða til.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. l. nr. 94 1940 orðist svo:

Leyfi til loðdýraræktar skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðherra gefur út í samráði við Loðdýraræktarfélag Íslands.

3. gr.

4. gr. l. nr. 94 1940 orðist þannig:

7. gr. laganna orðist svo:

Öll loðdýr skulu geymd í fulltryggum loðdýragirðingum og búrum. Skal ávallt setja dýrhelda ytri girðingu um minka- og refabúr. Girðingu þessa skal setja svo langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim. Nánari ákvæði um gerð búra og girðinga setur landbúnaðarráðherra með reglugerð.

Þegar loðdýr eru flutt, skal ávallt flytja þau í öruggu búri. Ef loðdýrin eru geymd í aðhaldi, er skylt að flytja þau í örugga vörzlu (sbr. 5. gr.) eða lóga þeim, hvenær sem hætta þykir á, að dómi trúnaðarmanns, að þau kunni að sleppa úr haldi, svo sem vegna ísalaga milli lands og eyja.

Vanræki sá, er leyfi hefur fengið til loðdýraræktar, að hafa vörzlu loðdýra nægilega trygga og lögum samkvæma, þrátt fyrir áminningar trúnaðarmanns eða ráðunautar, getur hreppsnefnd eða bæjarstjórn, að fengnu samþykki ráðunautar, afturkallað fyrirvaralaust hið áður veitta leyfi og krafizt þess, að dýrunum verði strax lógað, nema eigandi komi þeim í örugga vörzlu á öðru loðdýrabúi.

Loðdýraeigandi, sem uppvís verður að illri og ómannúðlegri meðferð á loðdýrum sínum, skal missa leyfi sitt til loðdýraræktar á sama hátt og segir í 3. mgr.

4. gr.

5. gr. l. nr. 94 1940 orðist svo:

Á eftir 7. gr. l. nr. 38 1937 komi ný grein, svo hljóðandi:

Hver sá félagi eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi til loðdýraræktar og tekið hefur dýr í vörzlu, svo og þeir loðdýraeigendur, sem koma dýrum sínum í fóður hjá öðrum, en hafa ekki sjálfir leyfi til loðdýraræktar, skulu, án sérstakrar inntökubeiðni eða inntökuskírteinis, verða meðlimir í loðdýraræktarfélagi Íslands eða öðru félagi loðdýraeigenda, er komi í þess stað, með þeim skyldum og réttindum, er lög félagsins ákveða, enda hafi landbúnaðarráðherra staðfest lög þess.

Gjöldum loðdýraeigenda, sem ákveðin eru í félagslögum, fylgi lögtaksréttur.

5. gr.

Í stað 7. gr. l. nr. 94 1940 komi ný gr., svo hljóðandi:

11. gr. laga nr. 38 1937 orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt, er hafi umsjón með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Ráðherra gefur út erindisbréf handa ráðunaut, og skal þar m. a. svo ákveðið, að ráðunauturinn skuli einnig vera í þjónustu Loðdýraræktarfélags Íslands og hlíta fyrirmælum þess um þau störf, er um ræðir í 6. gr., og vera félaginu að öðru leyti til aðstoðar og ráðuneytis um þau félagsstörf eða málefni, er stjórn félagsins óskar eftir og samrýmzt geta störfum hans í umboði ráðherra.

Laun ráðunautar, skrifstofufé og ferðakostnaður greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

12. gr. laga nr. 38 1937 orðist svo:

Loðdýraræktarráðunauturinn hefur með höndum án endurgjalds frá loðdýraeigendum almenna fræðslu og leiðbeiningarstarfsemi í loðdýrarækt, bæði munnlega og í rituðu máli.

Hann skal ferðast á milli loðdýrabúa í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands til eftirlits og leiðbeininga, og skal hann þá einnig framkvæma merkingar loðdýra, eftir því sem við verður komið og óskað er.

Hann skal mæta á fundum Loðdýraræktarfélags Íslands og félagsdeilda þess, þegar óskað er og ástæður leyfa.

Ráðunauturinn skal vera dómari á loðdýrasýningum, eða skipa annan færan mann í sinn stað, ef hann er hindraður í að mæta. Hann skal og hafa yfirumsjón

og eftirlit með því, að merking loðdýra sé lögmæt og framkvæmd árlega. Heimilt er í reglugerð að ákveða merkingargjald fyrir þau dýr, er ráðunautur merkir sjálfur, og greiðist gjaldið í ríkissjóð. Ráðunauturinn skal færa ættbók yfir öll fyrstu verðlauna dýr. Heimilt er ráðunaut að taka með í ættbókina veruleg úrvalsdýr, þó að þau hafi ekki verið á sýningu.

Ráðunauturinn hefur yfirumsjón með eyðingu villiminka og annarra loðdýra, er sloppið hafa úr haldi, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

7. gr.

Á eftir 9. gr. laga nr. 94 1940 komi ný grein, svo hljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fengnum tillögum yfirdýralæknis að láta flytja inn loðdýr og reka loðdýrabú á kostnað ríkisins, til þess að ala upp fyrsta flokks loðdýr, sem síðan megi selja loðdýraeigendum til undaneldis og kynbóta. Einnig er ráðherra heimilt að veita Loðdýraræktarfélagi Íslands leyfi til að flytja inn úrvalsloðdýr til kynbóta hér á landi, ef það óskar þess fyrir hönd loðdýraeigenda.

Ráðunautur ríkisins í loðdýrarækt hefur umsjón með þeim innflutningi, sem hér um ræðir, í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands, að því leyti sem innflutningur lifandi dýra er ekki háður ákvæðum annarra laga.

8. gr.

II. kafli l. nr. 38 13. júní 1937, 17.—22. gr. að báðum meðtöldum, falli niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 94 1940 inn í lög nr. 38 1937 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni stjórnar Loðdýraræktarfélags Íslands. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess. Nánar í framsögu.

Nd. 398. Frumvarp til laga

um breyt. á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur sett raforkuráði ákveðinn frest til afgreiðslu mála, sem því eru send til umsagnar. Hann getur í reglugerð, að fengnum tillögum raforkuráðs og umsögn raforkumálastjóra, sett nánari ákvæði um starfshætti og verksvið þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til að leiðrétta prentvillu, sem slæddist inn í frumvarp til raforkulaga við meðferð þess á síðasta reglulegu Alþingi. Við endurprentun frum-

varpsins eftir 2. umr. í síðari deild, Ed., féll niður 55. gr. þess, en efni 56. gr. var prentað í hennar stað, án þess að eftir því væri tekið við síðari meðferð frumvarpsins. Þessi villa hélzt því í frumvarpinu við lokaafgreiðslu þess frá þinginu og er nú í lögunum.

Nd. 399. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta alllengi til meðferðar og rætt það á mörgum fundum. Nefndin sendi frv. til umsagnar landlæknis, Tannlæknafélagi Íslands og Tannsmiðafélagi Íslands, og bárust nefndinni svör frá öllum þessum aðilum, og birtir meiri hl. umsögn landlæknis sem fylgiskjal með nál. þessu. Svo fór að lokum, að nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vilja tveir nefndarmanna, G. Þ. og S. E. H., samþykkja frv. með einhverri breytingu, og munu þeir skila sérstöku nál. Við aðrir nefndarmenn, sem stöndum að þessu nál, teljum hins vegar ekki rétt að samþ. einungis um stundarsakir breyt. á tannlækningalöggjöfinni, þar sem nú er í undirbúningi ný löggjöf um tannlæknanám, og telur eðlilegt og sjálfsagt, að þá verði einnig sett ný löggjöf um réttindi og skyldur tannsmiða. Fyrir því leggur meiri hl. til, að frv. verði afgreitt með svofelldri rökstuddri

DAGSKRÁ:

Deildin telur að svo stöddu ekki ráðlegt að breyta ákvæðum gildandi laga um tannlækningar, nr. 7 14. júní 1929 og nr. 34 23. júní 1932, að því er snertir atvinnuréttindi tannsmiða. Hins vegar telur deildin nauðsynlegt, að námi tannsmiða sé skipað með lögum, og álítur æskilegt, að það verði gert í sambandi við væntanlega endurskoðun á lögum um tannlæknakennslu við Háskóla Íslands. Enn fremur telur deildin rétt, að sett verði sérstök lög um réttindi og skyldur tannsmiða, og beinir því til heilbrigðisstjórnarinnar að undirbúa slíka löggjöf. Með tilliti til þessa sér deildin ekki ástæðu til að afgreiða frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 150, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. febr. 1947.

Helgi Jónasson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason. Katrín Thoroddsen.

Fylgiskjal.

LANDLÆKNIRINN
Reykjavík, 14. desember 1946.

Til svars bréfi heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 4. þ. m., þar sem leitað er umsagnar minnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar, vil ég taka þetta fram:

Með frumvarpi þessu er farið fram á þá breyting á tannlækningalöggjöfinni, að venjulegir tannsmiðir fái sömu réttindi sem fulllærðir tannlæknar, að því er tekur til þess að setja gervitennur og tanngarða í menn, þ. e. að þeir megi stunda iðn sína skilyrðislaust sem sjálfstæðan atvinnurekstur og hafa bein viðskipti við sjúklinga. Þar sem tannlækningamálum er vel skipað, er þessu ekki svo frjálslega hagað, heldur er sú regla höfð og þykir tryggja bezt almenna hagsmuni, að afstaða tannsmiða til tannlækna sé gerð hliðstæð afstöðu nuddara til lærðra lækna, þ. e. að tann-

læknar athugi sjúklingana, leggi dóm á, hvað þeim hentar, og að svo miklu leyti sem sjúklingarnir þurfa á tannsmíði að halda, er tannlæknarnir leysa ekki af hendi sjálfir, hafi þeir forsögn um smíðið og beri ábyrgð á því úr höndum tannsmiða, er þeir hafa í þjónustu sinni eða skipta við. Svo mun þetta vera um öll Norðurlönd, þó að sums staðar kunni að ganga miður vel að halda reglunum uppi, einkum þar sem mikill skortur er tannlækna. Legg ég hér með sem fylgiskjal gögn um, hversu þessu horfir við í Svíþjóð, en Svíþjóð er einmitt forustu land Norðurlanda um skipan tannlækninga, og eru almannatannlækningar Svía (folktannvården) viðfrægar og viðurkenndar.

Höfuðstefna hinnar íslenzku tannlækningalöggjafar hefur verið sú að halda tannlæknisþjónustu hér á landi í þessu menningarhorfi, að svo miklu leyti sem kostur á að ná til tannlækna hefur leyft. Undantekningin, sem gerð var með lögum nr. 34 23. júní 1932, er heimilað var að löggilda tannsmiði til að starfa sjálfstætt í héruðum, sem eru tannlæknislaus, var neyðarráðstöfun, sem eingöngu réttlættist af tannlæknaskortinum. Er löggjafanum skylt að gera sér ljóst, að tannsmiðir geta að minnstu leyti komið í tannlækna stað. Höfuðverkefni tannlækna er að viðhalda og bjarga tönnum fólks, svo að það þurfi sem sjaldnast og helzt aldrei á gervitönnum að halda. Gervitennur svara til gervilima, sem að vísu eru góðra gjalda verðir, þegar af eru limirnir, en aldrei má meta þá svo mikils, að vanrækt sé að halda limunum óskertum. Séu tannsmiðir að nauðsynjalausu látnir koma í tannlækna stað, er með því stutt að öfugri þróun í þessum efnum, því að það horfir til þess, að fólk bíði þess og hraði því jafnvel að láta tennur sínar til þess að geta notað sér þjónustu tannsmiðsins.

Vanhirða á tönnum og tannáta og önnur tannsýki er einn svartasti blettur á heilbrigðismenningu vor Íslendinga. Hann verður ekki afmáður, nema tannlæknum fjölgi mikillega frá því, sem nú er. Tannlæknar hér á landi eru enn ekki fleiri en svo, að liðlega svarar einum fyrir hvern tug almennra lækna, og utan Reykjavíkur og nokkurra allra stærstu kaupstaðanna er landið algerlega tannlæknislaust. Ef vel væri, þyrftu tannlæknar að vera drjúgum fleiri en almennir læknar, svo sem er í Svíþjóð, og sitja allt að því jafn dreift, nema hentara þætti, að umferðatannlæknar björguðu strjálbýlinu að meira eða minna leyti. En þó að markið yrði sett miklu lægra en þetta, t. d. að þrír tannlæknar yrðu fyrir hverja fjóra almenna lækna, svipað því, sem er í Noregi, er illa þykir staddur að þessu leyti, á það auðsjáanlega langt í land, að slíku marki verði náð. Af einhverjum ástæðum þykir íslenzku námsfólki lítið keppikefli að leggja stund á tannlæknanám. Til þess að reyna að örva aðsókn að slíku námi var fyrir nokkrum árum stofnað til innlendrar tannlæknakennslu hér í háskólanum, en aðsóknin hefur verið sáralítil og virðist nú lokið í bili. Er sennilega þörf á að breyta tilhögun námsins og gera það með nokkru meiri tilkostnaði auðsóttara en tök voru á, er til þessarar kennslu var stofnað af vanefnum á hallæristímum. Með því kynni eitthvað að vinnast, en því miður er þó ekki unnt að búast við nándar nærri viðhlítandi viðkomu tannlækna í bráð, og er vissulega óráðlegt að stofna til nokkurra þeirra breytinga á atvinnuréttindum og atvinnuskilyrðum tannlækna, er geri miður eftirsóknarvert en nú er að leggja stund á tannlæknanám. Veit ég þar fátt, er óvinsælla yrði ef þeim, er tækju til álita að gerast tannlæknar, en ættu þeir að horfa til þess, eftir 4—6 ára háskólanám að loknu stúdentsprófi, þ. e. eftir allt að 12 ára erfiðan og kostnaðarsaman námsferil, að þeim yrði gert að eiga að meiri eða minni keppinautum um atvinnu sína handiðnaðarmenn, er lært hefðu iðn sína með litlum eða engum tilkostnaði á 2—3 árum. Og ekkert er vissara en það, að slík tilhögun mundi um ófyrirsjáanlega framtíð með öllu girða fyrir það, að hinir minni kaupstaðir og þorp, að ekki sé talað um sveitirnar, fengju að nokkrum staðaldri notið þjónustu lærðra tannlækna.

Með tilvísun til þess, er að framan segir, hlýt ég að vara mjög eindregið við því að stofna til þeirrar breytingar á tannlækningalöggjöfinni, er felst í umræddu

frumvarpi. Tel ég eins langt gengið og frekast verður réttlætt með þeim ákvæðum tannlækningalaganna, sem nú gilda, að tannsmiðir fái að starfa sjálfstætt að iðn sinni aðeins á þeim stöðum, þar sem ekki er nokkur kostur tannlækna, og víki tannsmiðirnir, jafnskjótt sem úr því rætist, enda ber að stefna að því, að birgja landið svo að tannlæknum og skipa þeim þannig niður, að tannsmiðir í tannlækna stað verði óþarfir og hverfi sem slíkir með öllu úr sögunni. Tannsmiðir þeir, sem leyfi hafa fengið til sjálfstæðra tannsmíða samkvæmt núgildandi tannlækningalögum, hafa engar réttmætar kvartanir fram að bera út af þessari skipan. Lögin hafa frá upphafi verið algerlega tvímælalaus að þessu leyti, og auk þess hefur skilmerkilega verið tekið fram í hverju leyfisbréfi þessara tannsmiða, hverjum skilyrðum leyfið væri bundið. Þeir hafa því ekki verið gabbaðir út í neitt. Þá má geta þess, sem skiptir verulegu máli í þessu sambandi, að hér er nú skortur tannsmiða til aðstoðar tannlæknum, svo að sumir þeirra hafa orðið að sækja sér slíkt aðstoðarfólk út úr landinu.

Hinu vil ég ekki neita, að tannsmiðir kunni að hafa ástæðu til að kvarta undan því, að þeir séu sem stétt óþarflega háðir tannlæknum sem atvinnuveitendum, og þá einkum fyrir það, að hver tannlæknir á þess nú kost að ala sér upp tannsmiði og haga kennslunni og skammta sér nemendur að miklu leyti eftir geðþótta sínum. Teldi ég ástæðu til, að löggjafinn gengi til móts við tannsmiði með því að skipa námi þeirra með lögum og fela þá kennsluna tannlæknaskóla læknadeildar háskólans. Eftir það teldi ég tannsmiðum vorkunnarlaust að gæta sanngjarnra hagsmuna stéttar sinnar gagnvart tannlæknastéttinni og jafnframt skylt að una því hlutskipti sínu, að störfum þeirra sé skipað á þann hátt í kerfi tannlækninganna, sem samsvarar takmarkaðri kunnáttu þeirra og bezt samrýmist hagsmunum almennings.

Vilm. Jónsson.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Nd. 400. Frumvarp til laga

um veitingu prestakalla.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Forseti Íslands skipar presta íslenzku þjóðkirkjunnar og veitir þeim lausn frá störfum.

2. gr.

Þegar prestakall losnar, skal kirkjumálaráðherra auglýsa það með hæfilegum umsóknarfresti. Að honum loknum skulu biskupi Íslands sendar umsóknirnar til umsagnar, og skal hann láta í ljós rökstutt álit sitt á því, hverjum skuli veitt embættið.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin l. nr. 32 frá 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla, svo og önnur lagaákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, mæla gildandi lög um veitingu prestakalla svo fyrir, að umsóknum um laus prestaköll skuli skotið undir almennt kjör hlutaðeigandi safnaða og skulu embættin veitt samkv. úrslitum kosningar, ef lögmæt er. Engin önnur embætti ríkisins eru veitt með þessum hætti, og er ekki kunnugt, að nokkrum hafi til hugar komið að taka upp kosningar á öðrum embættismönnum eða opinberum starfsmönnum. En á hinn bóginn hefur þetta fyrirkomulag á veitingu prestakalla sætt mikilli gagnrýni, og raddir verið uppi, bæði presta og annarra, um að afnema prestskosningar og hverfa að annarri skipan þessara mála.

Það er ofætlun að vænta þess, að þorri atkvæðisbærra safnaðarmanna geti að jafnaði lagt rökstuddan úrskurð á embættishæfni þeirra, sem þeir eiga um að dæma á kjördegi. Sú venja hefur eðlilega skapazt, að þeir, sem um prestsembætti sækja, dveljist nokkuð á meðal væntanlegra kjósenda, enda hlýtur kosningafyrirkomulagið að gera ráð fyrir verulegum kynnum kjósenda af umsækjendum. Að öðrum kosti er það hefndargjöf ein að fela almenningi málið til úrskurðar. En samkeppni um hylli kjósenda er ekki holl eða heppileg fyrir stéttina og árangur slíkrar samkeppni gefur engan veginn örugga vísbendingu um starfshæfni eða mannkosti. Á það er og að líta, að þeir, sem í embættum eru, geta ekki átt langdvalir í öðrum söknum án þess að afrækja störf sín. Kandidatar eiga í þessu efni hægara um vik, en embættismönnum er gert því erfiðara fyrir sem þeir eru samvizkusamari og eru umfangsmeiri störfum bundnir. Með þessu skapazt ómaklegur aðstöðumunur, enda hefur raunin orðið sú, að söknarprestum reynist óeðlilega örðugt að skipta um verkahring. Nú er hverri stofnun nauðsyn að geta flutt starfsmenn til. Það er eitt af skilyrðunum fyrir því, að þeir njóti sín og æskileg not verði að kröftum þeirra. Menn endast betur í embættum, ef þeir eiga greiða aðstöðu til þess að skipta um verksvið og njóta reynslu sinnar í nýju umhverfi og hverfa þá síður frá þjónustu á starfsaldri. Eins og nú er, er það meiri erfiðleikum bundið en eðlilegt er fyrir þá, sem prestsembættum gegna, að færa sig til og skipta um verkahring. Menn hika að vonum við að leggja út í harðvítuga kosningahríð, dvelja á fjarlægum stöðum við ærinn tilkostnað og jafnvel stofna mannorði sínu í hættu fyrir tvísýna von um, að orðstír þeirra, reynsla eða hæfileikar hljóti náð fyrir augum þess meiri hluta, sem úrskurðinn fellir á kjördegi. Prestsstarfið er svo fjölþætt, að stundarkynning og framkvæmd fárra helgiathafna nægir ekki til þess að gefa almenningi haldgóðan grundvöll fyrir úrskurði atkvæða. Auk þess er það á almannavitorði, að í prestskosningum gætir tíðum annarra sjónarmiða í afstöðunni til umsækjenda en þeirra, sem til greina skyldu koma við val á söknarpresti. Menn skiptast í flokka eftir stjórnmálaskoðunum eða einhverjum dægurmálum héraðsins, svo ekki sé annað til tekið (svo sem útlit umsækjenda, hjúskaparstétt þeirra, efnahagur, búmennska o. þ. u. l.). Slík óviðkomandi hitamál verða ósjaldan til ýfinga í sambandi við prestskosningar og flokkadrátta innan hlutaðeigandi safnaða, til stórtjóns fyrir safnaðarlífið og skaða fyrir umsækjendur, ekki sízt fyrir framtíðarstarf og aðstöðu þess manns, sem embættið hlýtur. Má hiklaust fullyrða, að þetta fyrirkomulag sé bæði prestastéttinni og kirkjunni sem stofnun til tjóns og tryggi enganveginn heldur í reyndinni ábyrgu safnaðarfólki þá íhlutun um ráðstöfun þessara embætta, sem gildandi lög gera ráð fyrir og verið hefur tilgangurinn með setningu þeirra.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér nauðsynlega leiðréttingu þessara mála og gerir ráð fyrir, að embætti söknarpresta verði veitt, eins og önnur embætti ríkisins, án undangenginnar kosningar. Er þó gert ráð fyrir því, að jafnan sé leitað umsagnar biskups um umsækjendur, áður en prestsembætti er veitt, og er það í samræmi við hefð, er skapazt hefur.

Ed. 401. Frumvarp til laga

um tilraunastöð háskólans í meinafræði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Að Keldum í Mosfellssveit skal starfrækja tilraunastöð, er vinni að rannsóknum á búfjársjúkdómum og öðrum skyldum verkefnum, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Stofnun þessi nefnist Tilraunastöð háskólans í meinafræði, og skal hún lúta læknadeild háskólans.

2. gr.

Forstöðumaður Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði skal skipaður af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknadeildar háskólans og yfirdýralæknis Íslands.

3. gr.

Við stofnunina starfi 3 sérfræðingar auk forstöðumanns. Skal einn þeirra vera efnafræðingur. Skulu þeir skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknadeildar, forstöðumanns tilraunastöðvarinnar og yfirdýralæknis. Forstöðumaður á sæti og atkvæðisrétt á fundum læknadeildar.

4. gr.

Forstöðumaður tekur laun eftir 5. flokki launalaga, en aðrir sérfræðingar samkvæmt 6. flokki. Laun annarra starfsmanna ákveðast af forstöðumanni, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins.

5. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans og tilraunaráðs búfjárræktar, reglugerð um starfsemi og starfssvið tilraunastöðvarinnar.

6. gr.

Ákvæði laga nr. 64 7. maí 1940 gilda ekki um stofnun þessa.
Lög nr. 86 10. okt. 1946 eru úr gildi numin.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 402. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Birni Kristjánssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Á eftir C. 35. í 1. gr. l. nr. 37/1943 komi tveir nýir töluliðir:

a. *Eldjárnsstaðavegur:* Af Langanesvegi neðan við Ytra-Lón, um Ytra-Lón, Efra-Lón að Eldjárnsstöðum.
b. *Eiðisvegur:* Af Langanesvegi sunnan við Heiði, að Eiði.

Ed. 403. Lög

um breyting á lögum nr. 45 7. maí 1946, um beitumál.

(Afgreidd frá Ed. 14. febr.)

Samhljóða þskj. 329.

Nd. 404. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 396 (Ríkisborgararéttur).

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í brtt. bætist í stafrófsröð:

a. Abraham, Robert Louis Eugen, söngstjóri í Reykjavík, fæddur 17. maí 1912 í Þýzkalandi.
b. Friedlaender, Heinz Karl, vélamaður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.
c. Goldstein, Peter Lothar, námsmaður í Reykjavík, fæddur 7. nóv. 1927 í Þýzkalandi.
d. Herlufsen, Harry Otto August, rakari á Ísafirði, fæddur 18. ágúst 1913 í Danmörku.
e. Huseby, Kristian Mathias, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 18. maí 1899 í Noregi.
f. Klahn, Albert Gerhard Ferdinand, hljómsveitarstjóri í Reykjavík, fæddur 10. ágúst 1885 í Þýzkalandi.
g. Lindemann, Albert Volker, forstöðumaður í Varmahlíð í Skagafirði, fæddur 17. ágúst 1899 í Þýzkalandi.
h. Olsen, Ole, verkamaður í Njarðvíkum, fæddur 8. nóv. 1899 í Færeyjum.
i. Petersen, Aage Laurits, fulltrúi í Reykjavík, fæddur 14. des. 1879 í Danmörku.
j. Schrader, Harry Wilhelm, kennari í Reykjavík, fæddur 28. febr. 1913 í Þýzkalandi.
k. Sonnenfeld, Kurt Gustav, tannlæknir á Siglufirði, fæddur 3. ágúst 1909 í Þýzkalandi.

Nd. 405. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (SkG) áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögu.

Alþingi, 14. febr. 1947.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Hallgr. Benediktsson.
Skúli Guðmundsson. Einar Olgeirsson.

Ed. 406. Nefndarálit

um frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og sett í það undirnefnd. Talað hefur verið við framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, og hefur hann mælt með samþykkt frumvarpsins, en óskað eftir nokkrum breytingum á því. Breytingartillögur hans ásamt nokkrum fleiri hefur nefndin tekið upp og flytur þær á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. febr. 1947.

Þorst. Þorsteinsson, form. Ásmundur Sigurðsson, fundaskr., með fyrirvara. Páll Zóphóníasson, frsm.

Eiríkur Einarsson, með fyrirvara. Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 407. Breytingartillögur

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 8. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Girðingar á aðalvarnarlínum skulu lagðar og viðhaldið á kostnað ríkissjóðs. Í girðingar í aukavarnarlínur leggur ríkissjóður efni, en hlutaðeigendur í héraði annast á sinn kostnað flutning efnisins frá hafnarstað og uppsetningu girðinganna, en viðhald þeirra kostar ríkissjóður.
2. Við 9. gr.
   a. Í stað „fjárskiptafélögum“ í upphafi greinarinnar komi: ríkissjóði.
   b. Síðasta málsgr. orðist svo:
      Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlínum hvíli sem mest á herðum fjáreigenda, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.
3. Við 13. gr.
   a. Á eftir orðunum „fái fullt niðurlagsverð“ komi: (haustverð).
   b. Á eftir orðunum „Landbúnaðarráðherra er heimilt“ í 2. málsgr. komi: að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.
4. Við 20. gr. Eftir 1. málslið komi nýr málsliður, er orðist svo: Sama skylda hvílir á eigendum nautgripa, ef grunsamleg veiki kemur upp í gripum þeirra.
5. Við 22. gr. Byrjun greinarinnar orðist svo:
   Þar sem sauðfé eða nautgripir er sýkt eða grunað af garnaveiki og eigendur óska o. s. frv.
6. Við 23. gr.
   a. Í stað „fé“ í fyrri málsgrein komi: búfé.
   b. Í stað „fé“ í fyrsta málsl. síðari málsgr. komi: búfjé.
   c. Í stað 2. málsl. síðari málsgr. komi: Bætur fyrir sauðfé skulu miðaðar við niðurlagsverð á haustdegi, en tekið tillit til fóðurkostnaðar, sem fallið hefur á það frá síðustu haustnóttum, ef því er slátrað að vetrar- eða vorlagi. Nautgripi skal bæta eftir gangverði í þeirri sveit.
7. Við 24. gr. Í stað „fjárskipti að aðrar“ í 5. tölul. komi: fjárskipti og aðrar.

8. Við 25. gr. Á eftir 1. málsgr. komi: Ef hluti úr hrepp er innan fjárskiptasvæðis, mæta þaðan fulltrúar í hlutfalli við tölu fjáreigenda í hreppshlutunum.
9. Við 28. gr.
   a. Önnur málsgr. orðist svo:
      Hreppsnefnd skal þá skylt að boða fjáreigendur til fundar í hreppnum samkvæmt kjörskrá, er hún hefur samið, með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til stofnunar fjárskiptafélags liggi fyrir til atkvæðagreiðslu. Leiðrétting á kjörskrá má hlutaðeigandi kjörstjórn gera til kjördags.
   b. Fjórða málsgr. orðist svo:
      Afrit af kjörskrá skal fylgja fundarboðinu.
   c. Fimmta málsgr. orðist svo:
      Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.
   d. Á eftir orðunum „önnur kjörgögn“ í sjöttu málsgr. komi: þar með kjörskrá.
10. Við 31. gr. Á eftir orðunum „rannsaka heilbrigði fjár“ í 2. tölul. komi: ef ástæða þykir til.
11. Við 33. gr. Aftan við greinina bætist: Heimilt er þó, ef ástæða þykir til, að ákveða fast söluverð á lömbunum miðað við fyrra árs verð og markaðshorfur á sauðfjárafurðum yfirstandandi árs.
12. Við 35. gr. Í stað „almenn fjárböðun“ komi: útrýmingarböðun.
13. Við 36. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
    Veturinn eftir fjárskipti er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt í samráði við stjórn fjárskiptafélags að ráða hæfan mann eða menn til að rannsaka sauðfé og leita á heimilum, ef ástæða þykir til, svo að ugglaust sé, að hvergi sé leynt sýktu eða grunuðu fé.
14. Við 37. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:
    Framlag ríkisins vegna fjárskipta miðast við fjártölu eiganda við næstsíðustu áramót á undan, samkvæmt skattaframtali, þannig að við fjárskipti á árinu 1947 miðist bætur við fjártölu á skattaframtali 1946 og svo áfram.
15. Við 38. gr. Síðasti málsl. 2. málsgr. orðist svo: Framlag ríkisins skal greitt ári eftir, að fjárskipti fóru fram, en vera skal það til tryggingar á greiðslu á andvirði keyptra líflamba.
16. Við 39. gr.
    a. Á eftir orðunum „vegna vanhalda“ bætist: og fjársóttum.
    b. Í stað „3 ár eftir gildistöku laga þessara“ komi: 2 ár.

Nd. 408. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef hreppstjóri annast innheimtur, útborganir eða önnur störf vegna framkvæmda á lögum um almannatryggingar, ber honum hlutfallslega af þeirri þóknun, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir fyrir þau störf.

Nd.

409. Frumvarp til laga

um æskulýðshöll í Reykjavík.

Flm.: Jóhann Hafstein.

1. gr.

Ríkissjóður og Reykjavíkurborg reisa í félagi æskulýðshöll í Reykjavík. Leggur Reykjavík til hæfilega lóð undir höllina ókeypis, en að öðru leyti taka báðir aðilar jafnan þátt í kostnaði af byggingu og rekstri hallarinnar. Ef bæjarbókasafn Reykjavíkur verður í höllinni, þá skal Reykjavík ein bera allan kostnað þar af, enda skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna, hversu mikill aukinn kostnaður af byggingu hallarinnar hafi orðið vegna bókasafnsins og hversu mikinn þátt Reykjavíkurborg skuli aukreitis taka í viðhaldi hallarinnar vegna bókasafnsins. Veita skal þó móttöku framlögum til æskulýðshallarinnar frá félögum æskumanna í Reykjavík og öðrum, er málið vilja styðja.

2. gr.

Þriggja manna nefnd skal standa fyrir byggingu æskulýðshallar. Nefnir hvor aðili sinn nefndarmann, en þriðja nefndarmanninn tilnefnir fulltrúaráð æskulýðsfélaga í Reykjavík, er skipað sé einum fulltrúa frá hverju félagi, er lagt hefur fram fé til hallarinnar samkvæmt 1. gr. Varamenn í nefndina skulu jafnmargir vera og nefndir með sama hætti. Samþykki kennslumálaráðherra og bæjarráðs þarf til ákvörðunar á lóð undir höllina, uppdrátta að henni og til ákvörðunar um það, hverjum bygging hennar verði falin og með hvaða kjörum, svo og til ákvörðunar um allar aðrar meiri háttar ráðstafanir í sambandi við bygginguna.

3. gr.

Með sama hætti sem í 2. gr. segir skal nefna þriggja manna nefnd, er standa skal fyrir rekstri æskulýðshallar. Nefndin ræður forstjóra og starfsmenn æskulýðshallar og leysir þá frá starfi. Þó getur ráðherra og borgarstjóri leyst forstjóra og dyravörð, ef hann verður sérstakur ráðinn, frá starfi, ef einhver nefndarmanna leggur það til.

4. gr.

Nánari fyrirmæli um allt, er rekstur æskulýðshallar varðar, skal setja í reglugerð, er bæjarráð og ráðherra setja.

5. gr.

Heimilt er aðilum þeim, er í 1. gr. getur, að starfrækja tómstundaheimili í þágu æskulýðs í Reykjavík, þar til æskulýðshöllin er tekin til starfrækslu. Um rekstur tómstundaheimilis fer eftir þeim reglum, sem að framan segir, eftir því sem við getur átt. Þó getur ráðherra og bæjarráð samið við æskulýðsfélagsskap, sem óháður er öllum stjórnmálasamtökum, um að taka að sér rekstur slíks heimilis, og þarf þá ekki að skipa sérstaka forstöðunefnd.

6. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum ríkisins og í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu hefur verið flutt á tveim síðustu þingum af Bjarna Benediktssyni og náði afgreiðslu í efri deild, en varð aldrei útrætt í neðri deild. Vísast hér til fyrri greinargerðar um málið, en rétt þykir að flytja málið enn á ný, og má

í því sambandi minna á afstöðu bæjarstjórnar Reykjavíkur, sem er annar aðili þessa máls, og fram kemur í eftirfarandi tillögu, sem flutt var af borgarstjóra og samþykkt einróma við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Reykjavíkur fyrir árið 1946:

„Bæjarstjórn ályktar að skora á Alþingi að samþykkja frumvarp það um æskulýðshöll, sem liggur fyrir þinginu, og að veita fé af sinni hálfu í fjárlögum næsta árs til að hefja framkvæmdir, enda er bæjarstjórnin reiðubúin til að veita fé úr bæjarsjóði til byggingar æskulýðshallar jafnskjótt og Alþingi veitir sinn stuðning."

Nd. 410. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 396 (Ríkisborgararéttur).

Frá Steingrími Steinþórssyni og Jóni Sigurðssyni.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:

Lindemann, Albert Volker, forstjóri í Varmahlíð í Skagafirði, fæddur 17. ágúst 1899 í Altona í Þýzkalandi.

Nd. 411. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

2. gr. laganna hljóði þannig:

Kveða skal á um tilhögun kennslu og prófa í reglugerð og miðað við það, að náminu verði lokið á 4—5 árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. er flutt að beiðni fyrrverandi menntamálaráðherra og háskólarektors. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Frá háskólanum fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Í lögum um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans, nr. 44 27. júní 1941, 2. gr., er svo ákveðið, að stúdentar, sem leggja vilja stund á tannlæknanám og ljúka tannlæknaprófi, skuli hafa lokið miðhlutaprófi í læknisfræði. Var ákvæði þetta við það miðað, að tannlæknum væri nauðsynleg nokkur þekking í námsgreinum þeim, sem kenndar eru til fyrrihlutaprófs í læknisfræði, og var talið, að spara mætti nokkurt fé með því að láta tannlæknanema njóta kennslu í námsgreinum þessum með læknanemunum.

Þessi námstilhögun virðist þó ekki muni gefast vel. Miðhlutaprófi ljúka læknanemar nú að jafnaði eftir 5 ára nám og eiga þá eftir 2 ára nám til fullnaðarprófs. Að miðhlutaprófi loknu er því eðlilegt, að allur þorri stúdenta kjósi heldur að halda læknanáminu áfram en að bæta við sig tveggja ára sérnámi, sem aðeins veitir þeim rétt til tannlækninga. Með þessu fyrirkomulagi tekur allt tannlæknanámið 7 ára tíma, og er það mun lengri tími en slíkt nám tekur víðast hvar annars staðar.

Verði þessari tilhögun eigi breytt, er hætt við, að aðsóknin að tannlæknakennslunni verði lítil eða jafnvel engin. Af þeim sökum hefur læknadeild lagt til, að lögunum verði breytt á þá leið, sem í frumvarpinu greinir, og hefur háskólaráð fallizt á þá tillögu deildarinnar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að öll nánari ákvæði um kennslu og próf í tannlækningum verði sett í reglugerð, þó svo, að kennslunni verði svo hagað, að náminu verði lokið á 4—5 árum. Á þeim tíma mundu stúdentar geta aflað sér nægilegrar þekkingar til að verða fullfærir í starfi sínu. Þess er eigi þörf að krefjast jafnmikillar þekkingar af þeim og læknanemum í námsgreinum þeim, er kenndar eru til miðhlutaprófs. Tannlæknanemunum mundi nægja 2—3 ára nám í þeim greinum, og að sjálfsögðu yrði þá að miða kennsluna við þeirra hæfi og þeir gætu ekki notið kennslu í þeim með læknanemunum. Yrði því að sjá þeim fyrir sérstakri kennslu í þessum greinum og ráða stundakennara til hennar. Mundi það hafa nokkurn aukakostnað í för með sér, á að gizka 15—20 þús. krónur, miðað við núverandi vísitölu.

Eins og að framan er getið, er viðbúið að kennsla í tannlækningum hér á landi falli niður, verði þess framvegis krafizt, að tannlæknanemar ljúki miðhlutaprófi í læknisfræði. Löggjafinn hefur með setningu laganna nr. 44 frá 1941 viðurkennt nytsemi þess, að slíkri kennslu sé haldið uppi, enda er sú nytsemi auðsæ, og nægir þar að benda á, hversu mikinn erlendan gjaldeyri það sparar þjóðinni, ef allir tannlæknar hennar geta fengið menntun sína innanlands. En til þess að það geti orðið, þarf að breyta núgildandi lögum um tannlæknakennslu í það horf, sem í frumvarpinu felst.

Sþ. 412. Tillaga til þingsályktunar

um tíu heimila samvinnubyggð.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar á næsta ári framkvæma undirbúning tíu heimila samvinnubyggðar á stað, þar sem stjórn Sósialistaflokksins telur heppileg skilyrði til þess landnáms. Skipulag þessarar byggðar skal vera eftir fullkomnustu rússneskum fyrirmyndum. Nýbýlismenn þessarar nýlendu, svo og forstjóri hennar, skulu af nýbýlastjórn valdir eftir meðmælum frá Sósialistaflokknum.

Greinargerð.

Um allmörg undanfarin ár hafa talsmenn Sósialistaflokksins haldið fram í ræðu og riti, að búskapur á einstökum dreifðum býlum, líkt og hér hefur tíðkazt frá landnámstíð, væri fjarstæða ein. Hafa þeir bent á samyrkjubúskap Rússa sem hina sjálfsögðu fyrirmynd. Hafa talsmenn þessarar stefnu talið álitlegast að leggja í eyði megnið af byggðum og dölum landsins, en fullrækta aftur á móti graslendi eins og í Mosfellssveit og Kræklingahlíð, í nánd við kaupstaði og kauptún, hafa mjög náinn félagsskap um ræktun alla og framleiðslu og nota í félagi alls konar vinnusparandi vélar. Þessar orðræður og ráðagerðir hafa orðið til þess, að Alþingi hefur fyrir allmörgum árum sett lög um samvinnubyggðir, auk þess sem fjölmargir ungir menn láta sig dreyma um, að hér sé um hagnýta úrbót að ræða, og hika við að hefja búskap með fyrirkomulagi, sem margir telja jafnúrelt og það er fornt. Hins vegar hefur engin tilraun verið gerð í þessu efni, og má ekki lengur sitja við svo búið. Ef sambýli að rússneskum sið henta bezt hér á landi, er sjálfsagt að fá sem fyrst vissu sína í því efni. Engu minni nauðsyn er að vita vissu sína um það, ef þetta skipulag á ekki við íslenzka staðháttu. Hér mun vera um tvenns konar skipu-

lag að ræða. Að allt heimilisfólkið, 10 fjölskyldur, búi í einu húsi og hafi sameiginlegt borðhald og allir vinni að framleiðslunni undir stjórn ráðsmanns, sem útnefndur er af ríkisvaldinu, eða að hver fjölskylda hafi sitt sérstaka heimili og húshald, en hlýði sameiginlegum stjórnskipuðum verkstjóra um öll dagleg störf. Til þess að ekki verði um deilt, er ætlazt til, að forráðamenn Sósíalistaflokksins stýri þessari tilraun á eigin ábyrgð, velji staðinn, standi fyrir ræktuninni, húsagerðinni, velji landnemana alla, kaupi bústofn og vélar og leggi til ráðsmann með 10 ára starfssamningi. Er ætlazt til, að honum sé tryggt það húsbóndavald í nýbyggð þessari, sem telja má fullkomlega sambærilegt við sams konar embætti í Rússlandi.

Nd. 413. Breytingartillaga

við frv. til vegalaga.

Frá Jóni Sigurðssyni og Steingrími Steinþórssyni.

Við 2. gr. C. 12. Liðurinn orðist svo:
Skagavegur: Af Gönguskarðsvegi hjá Skíðastöðum út Laxárdal um Skefilsstaði að Selárbrú.

Nd. 414. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er lagt til, að lántökuheimild ríkisstjórnarinnar vegna bygginga síldarverksmiðjanna á Siglufirði og Skagaströnd verði aukin úr 27 millj. í 38. millj. króna. Eins og frá er skýrt í greinargerð, er frumvarpið flutt eftir ósk fyrrverandi atvinnumálaráðherra. En sami ráðherra hefur tvisvar áður fengið samþykktar á Alþingi lántökuheimildir vegna þessara verksmiðjubygginga. Í fyrra sinnið á þinginu 1944. Var þá samþykkt frumvarp, er ráðherrann flutti um heimild til 20 millj. kr. lántöku vegna byggingannna, í stað 10 millj., sem heimilaðar voru í lögunum upphaflega. Í annað sinn var flutt frv. á þinginu um hækkun á lántökuheimildinni, eftir beiðni ráðherrans, í s. l. aprílmánuði. Það frv. var einnig samþykkt og lántökuheimildin þar með aukin um 7 millj. króna, úr 20 í 27 milljónir. Í greinargerð, sem fylgdi því frumvarpi frá ráðherranum, voru þinginu m. a. veittar þessar upplýsingar (sbr. Alþt. 1945, A. 997):

„Framkvæmdir eru nú það vel á veg komnar, að nokkurn veginn má sjá, hver byggingarkostnaðurinn verður. Má ætla, að til þess að unnt verði að ljúka byggingarframkvæmdum bæði í Höfðakaupstað og Siglufirði þurfi að hækka lántökuheimild ríkisstjórnarinnar úr 20 milljónum króna, eins og hún er í núgildandi lögum, upp í 27 milljónir króna."

Nú er komið á daginn, að þessar upplýsingar, sem atvinnumálaráðherra gaf Alþingi í s. l. aprílmánuði, hafa verið mjög fjarri því að vera réttar. Samkvæmt bráðabirgðareikningsyfirliti, sem fylgir því frv., er hér liggur fyrir, hefur kostnaðurinn ekki verið nálægt 27 millj., heldur um 38 milljónir króna, og er þó mjög vafasamt, að hér séu öll kurl komin til grafar.

Í stað þess að fela stjórn síldarverksmiðja ríkisins yfirstjórn verksmiðjubygginganna, skipaði fyrrv. atvinnumálaráðherra sérstaka nefnd manna til þess að

stýra þessum framkvæmdum, og fékk fjárhagsnefnd byggingarnefndina á sinn fund 30. f. m. til viðtals um framkvæmdirnar.

Samkvæmt reikningsyfirlitinu hefur kostnaðurinn við byggingarnefndina, sem þar nefnist „skrifstofu- og nefndarkostnaður, laun umsjónarmanna, ferðakostnaður, teikningar o. fl.“, orðið samtals ca. 450 þúsundir króna. Nefndin kvaðst hafa haft einn eftirlitsmann á hvorum stað, Siglufirði og Skagaströnd, þar að auki einn byggingarmeistara til að líta eftir framkvæmdum Almenna byggingarfélagsins og mann á Skagaströnd um tíma til að líta eftir vélum. Þá kvaðst nefndin enn fremur hafa 1 mann í skrifstofu í Reykjavík.

Eins og fram kemur í grg. frv., hefur byggingarnefndin fengið tvö fyrirtæki í Reykjavík, Almenna byggingarfélagið h/f og Vélsmiðjuna Héðinn h/f, til þess að taka að sér framkvæmdirnar að miklu leyti. Munu þeir umsjónarmenn byggingarnefndar, sem áður er getið, hafa haft eftirlit með verkum þessara verktaka, en Almenna byggingarfélagið hafði líka sína eftirlitsmenn og skrifstofuhald. Samkvæmt reikningsyfirlitinu hefur Almenna byggingarfélagið fengið 800 þúsundir króna í „umsjónarlaun“, og er þar innifalið skrifstofukostnaður á báðum stöðunum, Siglufirði og Skagaströnd, og laun eins yfirverkstjóra á hvorum stað. En auk þessara umsjónarlauna mun félagið hafa haft ágóða af efnissölu til framkvæmdanna, en ekki sést af yfirlitinu, hvað sá hagnaður er mikill. Þá hefur þetta félag, að sögn byggingarnefndar, sent henni reikning yfir teikningar, að upphæð yfir 100 þús. kr., sem það vill fá greiddar auk áðurnefndrar fjárhæðar.

Hinn aðalverktakinn, Vélsmiðjan Héðinn h/f, hefur haft viðskipti við verksmiðjurnar, sem nema samkvæmt reikningsyfirlitinu 13—14 milljónum króna.

Af bráðabirgðayfirlitinu verður ekki séð með vissu, hvað vinnulaun við verksmiðjubyggingarnar nema miklu, vegna þess að sundurliðun vantar á einstökum kostnaðarliðum. Fjárhagsnefnd hefur óskað upplýsinga frá byggingarnefndinni um það, hvað mikið af vinnulaununum sé greitt fyrir eftirvinnu, nætur- og helgidagavinnu. Þessar upplýsingar hafa enn ekki borizt fjárhagsnefndinni, en vitað er, að mjög mikið var unnið við verksmiðjubyggingarnar utan dagvinnutíma, og hefur það áreiðanlega hækkað byggingarkostnaðinn mjög verulega. Verður ekki séð, að sú tilhögun við framkvæmdirnar sé réttlætanleg, þegar þess er gætt, að þessar nýju verksmiðjur komu þrátt fyrir það ekki að notum á síldarvertíðinni 1946. Verksmiðjurnar tóku aðeins nokkur þúsund mál af síld til vinnslu, til þess að unnt væri að reyna vélarnar, og hafði sú síldarmóttaka svo að segja enga þýðingu fyrir veiðiflotann.

Eins og áður segir, vantar mikið á, að enn liggi fyrir fullkomnar upplýsingar um þessar verksmiðjubyggingar og kostnaðinn við þær, og gæti verið full ástæða til fyrir Alþingi að taka málið allt til sérstakrar rannsóknar. En það er þegar ljóst, samkvæmt því, sem að framan segir, að fyrrverandi atvinnumálaráðherra hefur gefið Alþingi mjög villandi upplýsingar um kostnað við verksmiðjubyggingarnar í s. l. aprílmánuði og að framkvæmdum hefur verið hagað þannig, að mikið fé hefur þar eyðzt að óþörfu.

Meiri hluti fjárhagsnefndar hefur ekki talið ástæðu til að gefa út nefndarálit um þetta frv., en undirritaður taldi rétt að láta framanritaðar athugasemdir koma fram í nál. Úr því sem komið er, mun ekki verða hjá því komizt að auka enn við lántökuheimild ríkisstjórnarinnar vegna þessara verksmiðjubygginga. En sú óþarfa eyðsla, sem þar hefur átt sér stað, ætti að verða víti til varnaðar í framtíðinni. Væntanlega verður innan skamms hægt að koma upp þeim síldarverksmiðjum, sem eftir er að byggja samkvæmt lögunum frá 1942, og er mikils um vert fyrir sjávarútveginn, að meiri hagsýni verði beitt við þær framkvæmdir en nýju verksmiðjubyggingarnar á Siglufirði og Skagaströnd.

Alþingi, 15. febr. 1947.

Skúli Guðmundsson.

Ed. 415. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 28. des. 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 17. febr. 1947.

Pétur Magnússon, form., frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson.
Ásmundur Sigurðsson. Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 416. Breytingartillögur

við frv. til l. um Matsveinaskóla Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin verði þannig:
   Stofna skal og halda í Reykjavík skóla, er nefnist Matsveina- og veitingaþjónaskóli. Aðsetur skólans er í sjómannaskólahúsinu. Skólinn skal veita hagnýta fræðslu þeim, sem gerast vilja matsveinar eða veitingaþjónar á skipum eða í gisti- og veitingahúsum.
2. Við 2. gr. Greinin fellur niður. (Greinatalan breytist samkvæmt því).
3. Við 5. gr. (sem verður 4. gr.). Greinina skal orða svo:
   Kennslu skal haga þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar og framreiðslumenn á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið. Námstími fyrir fullgilda matsveina og veitingaþjóna skal vera þrjú ár. En heimilt er nemendum að verja nokkrum hluta námstímans í nám hjá meisturum í iðninni í veitingahúsi eða á farþegaskipi, og skal kveða nánar á um það í reglugerð. Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.
   Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrifalega og háttprúða umgengni og snyrtimennsku.
4. Við 6. og 7. gr. Greinarnar falla niður. (Greinatalan breytist samkvæmt því.)
5. Við 8. gr. (sem verður 5. gr.). Greinina skal orða svo:
   Ráðherra skipar skólastjóra og aðra kennara, og skal skólastjóri jafnframt vera bryti skólans. Ráðherra skipar einnig þriggja manna skólanefnd, skólaskólastjóra til aðstoðar. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn.
6. Við 11. gr. (sem verður 8. gr.). Orðin „mötuneyti og matsölu“ falli burt.
7. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til l. um matsveina- og veitingaþjónaskóla.

Nd. 417. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með því, að það verði samþykkt.

Nefndin sendi frv. til skólastjóra stýrimannaskólans og vélstjóraskólans. Í bréfi sínu til sjávarútvegsnefndar um mál þetta segir skólastjóri stýrimannaskólans, að hann telji nægjanlegt, að skipstjórnarmenn ferjanna hafi þá sjófræðilegu þekkingu, sem áskilið er í frv., þar sem eigi sé um að ræða aðrar siglingar en um Hvalfjörð og milli hans og Reykjavíkur eða Akraness til eftirlits við og við.

Skólastjóri vélstjóraskólans telur, að vélamenn á ferjunum þurfi að hafa gengið undir hið meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands.

Alþingi, 14. febr. 1947.

Sig. Kristjánsson, form. Áki Jakobsson, fundaskr. Pétur Ottesen, frsm.
Skúli Guðmundsson, Finnur Jónsson.

Sþ. 418. Nefndarálit

um till. til þál. um að gera Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu laxgenga ofan við rafstöðina hjá Brúum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér þetta mál og telur, að ekki sé vert að ákveða nú þegar þessa framkvæmd, sem tillagan fjallar um, fyrr en athugun hefur farið fram á því, hversu áin er fallin til fiskiræktar o. fl. Nefndin bar þetta mál undir veiðimálastjóra, og er álit hans prentað hér með.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþ. með svo hljóðandi

BREYTINGU:

1. Tillögugreinina skal orða svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka hrygningarskilyrði fyrir lax í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ofan við Brúagljúfur. Ef þau reynast álitleg, að láta þá fram fara athugun á því, á hvern hátt auðveldast er að gera fiskiveg í Brúagljúfri, og semja kostnaðaráætlun um það, enda sé við þessar athuganir höfð í huga framhaldsvirkjun árinnar.
2. Fyrirsögn till. verði:
   Tillaga til þingsályktunar um athugun á hrygningarstöðum í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ofan við Brúagljúfur o. fl.

Alþingi, 15. febrúar 1947.

Ingólfur Jónsson, form. Jörundur Brynjólfsson, fundaskr., frsm. Bernh. Stefánsson.
Sigfús Sigurhjartarson. Sigurður Bjarnason. Jón Sigurðsson.
Finnur Jónsson.

Fylgiskjal.

Til allsherjarnefndar sameinaðs þings, Reykjavík.

VEIÐIMÁLASTJÓRI, REYKJAVÍK 30. janúar 1947.

Í bréfi heiðraðrar allsherjarnefndar sameinaðs þings, dags. 14. þ. m., er óskað eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um að gera Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu laxgenga ofan við rafstöðina hjá Brúum. Hjálagt sendist yður umbeðin umsögn.

Með sérstakri virðingu,

Þór Guðjónsson.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að gera Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu laxgenga ofan við rafstöðina hjá Brúum.

Eitt af aðalviðfangsefnum fiskiræktarstarfseminnar hér á landi í framtíðinni verður óhjákvæmilega að ryðja hindrunum úr fallvötnum og opna þannig ný vatnasvæði fyrir sjógengnum laxfiskum til aukins arðs fyrir landsmenn af veiðihlunnindum. Þingsályktunartillaga sú, sem hér er til umsagnar, miðar í þessa átt, þar sem það er gert að uppástungu að opna efri hluta Laxár í Þingeyjarsýslu fyrir laxgöngum, og er það fagnaðarefni, að mál þetta hefur komið fram.

Bygging fiskvegar í Brúagljúfri fram hjá Laxárvirkjuninni verður mikið mannvirki og kostnaðarsamt, og er því nauðsynlegt, að málið verði vandlega undirbúið áður en hafizt verður handa um framkvæmdir. Gera þarf alltímafrekar athuganir og rannsóknir frá verkfræði- og fiskifræðilegum sjónarmiðum. Af verkfræðilegum störfum þarf að gera áætlanir um byggingu fiskvegarins og kostnað við að reisa hann, og er nauðsynlegt, að það verði gert um leið og samdar verða áætlanir um framtíðar virkjanir í Brúagljúfri, en verkfræðingar eru að vinna að slíkum áætlunum um þessar mundir. Í sambandi við virkjunaráætlanir og áætlanir um fiskstiga í Laxá er m. a. vandamálið, hvort nota megi vatn frá virkjuninni í væntanlegan fiskveg, en verkfræðingar þurfa að taka ákvörðun um þetta undirstöðuatriði, áður en gengið verður frá endanlegum virkjunaráætlunum. Raforkumálastjóri sagði í viðtali nýlega, að vænta megi góðrar samvinnu um undirbúning fiskvegarmálsins af hálfu verkfræðinga.

Frá fiskifræðilegu sjónarmiði er Laxá ofan við Brúagljúfrið að mestu órannsökuð. Er því raunverulega ekki vitað með vissu, hvernig lífsskilyrði er að finna fyrir lax í þeim hluta árinnar. Það verður þó ekki dregið í efa, að uppeldisskilyrði eru góð í Laxá, en það liggja ekki nægilegar upplýsingar fyrir um, hvernig háttar til um hrygningarskilyrði fyrir lax. Úr þessu þýðingarmikla atriði verður að skera með rannsóknum. Önnur atriði varðandi þetta mál þarf einnig að taka til athugunar, eins og t. d., hvernig bezt verður komið upp góðum laxastofni í efri hluta Laxár og hvað hægt verður að gera til að losna við hættuna, sem laxaseiðunum stafar af urriðanum á hinum nýju uppeldisstöðvum.

Í umræddri þingsályktunartillögu er lagt til, að ákveðinn brezkur fiskifræðingur verði fenginn hingað til lands til að segja fyrir um fiskvegargerðina í Brúagljúfri. Um þetta er út af fyrir sig ekki nema gott eitt að segja. Það kemur þó til álita, hvort fé það, sem greitt mundi nefndum fiskifræðingi fyrir störf hans, mundi ekki geta komið að meira gagni fyrir fiskvegagerð á Íslandi í framtíðinni, ef íslenzkum aðilum væri gefinn kostur á að kynna sér fiskvegagerð á Bretlandseyjum og á Norðurlöndum. Það er ætlunin að leggja áherzlu á að byggja hér á landi í framtíðinni fiskvegi, sem verði sambærilegir beztu fiskvegum erlendis. Nú þegar er hafinn undirbúningur þessa máls, og hefur verkfræðingur hér í bæ tekið að sér að sjá um verkfræðilega hlið þess.

Reykjavík, 30. janúar 1947.

Þór Guðjónsson.

Ed.

419. Frumvarp til laga

um matsveina- og veitingaþjónaskóla.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal og halda í Reykjavík skóla, er nefnist Matsveina- og veitingaþjónaskóli. Aðsetur skólans er í sjómannaskólahúsinu. Skólinn skal veita hagnýta fræðslu þeim, sem gerast vilja matsveinar eða veitingaþjónar á skipum eða í gisti- og veitingahúsum.

2. gr.

Inntökuskilyrði eru:

1. að nemandi sé 16 ára eða eldri;
2. að hann sé ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða kvilla, sem geti orðið öðrum nemendum skaðvænn eða hættulegur;
3. að hann hafi óflekkað mannorð;
4. að hann hafi lokið miðskólaprófi samkvæmt lögum nr. 22 10. apríl 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu.

3. gr.

Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar skulu ákveðnar í reglugerð.

4. gr.

Kennslu skal haga þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar og framreiðslumenn á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið. Námstími fyrir fullgilda matsveina og veitingaþjóna skal vera þrjú ár. En heimilt er nemendum að verja nokkrum hluta námstímans í nám hjá meisturum í iðninni í veitingahúsi eða á farþegaskipi, og skal kveða nánar á um það í reglugerð. Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.

Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrifalega og háttprúða umgengni og snyrtimennsku.

5. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og aðra kennara, og skal skólastjóri jafnframt vera bryti skólans. Ráðherra skipar einnig þriggja manna skólanefnd, skólastjóra til aðstoðar. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn.

6. gr.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið.

7. gr.

Fyrstu fimm árin eftir að skólinn tekur til starfa, er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá því inntökuskilyrði, er felst í 4. lið 2. gr. þessara laga.

8. gr.

Allur kostnaður við skólahald greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 420. Nefndarálit

um frv. til laga um iðnskóla í sveit.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. vill afgreiða það með rökstuddri dagskrá, en ég tel, að málið eigi að samþykkja og gera að lögum, þó með nokkrum breytingum.

Það skal að vísu viðurkennt, að milliþinganefnd í skólamálum, sem skipuð var eftir þingsályktun frá 1941 og frá hafa komið mörg lagafrumvörp, hefur ekki enn gert tillögur um iðnfræðsluna, og því gat komið til mála að fresta öllum breytingum á lögum og nýmæli í lögum um iðnfræðslu, þar til tillögur hennar lágu fyrir. Ég lagði þetta þá líka til, er frumvarp um breyting á lögum um iðnfræðslu lá fyrir deildinni, en þá þótti meiri hluta deildarinnar ekki ástæða til að bíða eftir tillögum hennar, og enn minni ástæðu tel ég til að bíða eftir tillögum hennar í þessu máli.

Það vita allir, sem til þekkja í sveitum landsins, að þar þarf að endurbyggja fjölda íbúðarhúsa á næstu árum. Auk þess er atvinnurekstur bænda víða að breytast úr sauðfjárbúum í kúabú, og af því leiðir, að mjög víða er aðkallandi að breyta skipun útihúsa í samræmi við breytta búskaparhætti. Af þessu hvoru tveggja leiðir, að það er mikil þörf manna, er geti staðið fyrir slíkum byggingum, en eins og kunnugt er, eru fáir iðnlærðir menn í sveit, er staðið geta fyrir slíkum byggingum. Úr þessu þarf að bæta, og það verður ekki gert á annan heppilegri hátt en þann að stofna iðnskóla í sveit, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ég legg því til, að frumvarpið verði samþykkt, en tel hins vegar, að gera þurfi á því smábreytingar, sem ég tel þó ekki ástæðu til að leggja fram fyrr en sýnt verður, hvort dagskrá meiri hlutans verður samþykkt eða felld.

Alþingi, 18. febr. 1947.

Páll Zóphóníasson.

Nd. 421. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 1. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 500 kr. Í hreppi með 101—150 íbúa 560 kr. Í hreppi með 151—200 íbúa 620 kr. og svo framvegis, þannig að launin hækki um 60 kr. fyrir hverja 50 íbúa.

Sþ. 422. Tillaga til þingsályktunar

um þjóðleikhús og breytta meðferð á skemmtanaskatti.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að flytja á næsta reglulegu Alþingi frumvarp til laga um heimild til að leigja Leikfélagi Reykjavíkur þjóðleikhúsið, til fimm ára í senn, með tilteknum skilyrðum og að veita menntamálaráði heimild

til að ráðstafa skemmtanaskattinum, eftir að lokið hefur verið við byggingu þjóðleikhússins og nauðsynlegum skipulagsbreytingum við það hús, á þann veg að styðja byggingar samkomuhúsa með leiksviði, þar sem þörf er mest, í sveitum, kauptúnum og kaupstöðum, og megi styrkur úr þessum sjóði nema allt að ⅗ hlutum af byggingarkostnaði og dreifast þannig, að stuðningur fáist með þessum hætti til samkomuhúsa um allt landið.

Greinargerð.

Gera má ráð fyrir, að innan skamms verði lokið við byggingu þjóðleikhússins í Reykjavík. Verður það veglegasta samkomuhús, sem enn hefur verið reist hér á landi. Rúmar það um 800 gesti, en auk þess er þar mikill fjöldi annarra herbergja og minni sala til æfinga, miklar geymslur fyrir leiktjöld, búninga, bókasafn um leiklist o. s. frv. En þó að lokið sé aðalbyggingunni, þarf vegna hússins að ganga frá umhverfi þess, gera torg hinum megin við Hverfisgötu að Laugavegi og helzt að kaupa til niðurrifs hús Jóns heitins Magnússonar, sem þrengir of mjög að leikhúsinu. Þegar þessu er lokið, má afhenda leikhúsbygginguna því fólki, sem býr í höfuðstaðnum, til skipulegra afnota.

Tvær mismunandi skoðanir hafa komið fram um notkun skemmtanaskattsins, eftir að leikhúsbyggingunni í Reykjavík er lokið. Sumir málsvarar Leikfélags Reykjavíkur halda því fram, að skemmtanaskatturinn eigi framvegis að ganga óskiptur til rekstrar leikhússins, m. a. til að taka nú þegar um 20 leikara og allmarga aðra starfsmenn á föst laun. Mun fyrrverandi ráðherra, Brynjólfur Bjarnason, hafa hallazt að þessu fyrirkomulagi, eins og síðar verður vikið að. Hins vegar hafa tveir þingmenn í neðri deild, Sigurður Bjarnason og Ingólfur Jónsson, flutt frv. á þessu þingi, þar sem gert er ráð fyrir að verja nokkrum hluta skemmtanaskattsins til rekstrar leikhússins, en meiri hluta af tekjum sjóðsins til að byggja samkomuhús utan Reykjavíkur. Þar sem gerð verður tilraun á þessu þingi til að ráðstafa skemmtanaskattinum til langframa, þykir rétt að leggja fram gögn í málinu. Kemur þá fyrst til greina, hversu stofnað var til leikhúsbyggingar í Reykjavík og hvort þær aðgerðir benda í ákveðna átt um meðferð skemmtanaskattsins framvegis.

Indriði Einarsson skrifstofustjóri gerðist brautryðjandi um, að byggt yrði fullkomið leikhús í Reykjavík. Var hann sjálfur leikritaskáld, og í ætt hans hefur farið saman áhugi fyrir leikmennt og áberandi hæfileikar til leikstarfa. Ritaði Indriði Einarsson oft og mörgum sinnum hvatningargreinar um málið og óskaði einlæglega, að forráðamenn landsins og höfuðstaðarins sýndu stórhug í því að leysa þennan vanda. En hann kom hvarvetna að luktum dyrum. Menn vildu gjarnan sjá sjónleiki, en ekki leggja fram fé eða vinnu til leikhúsgerðar. Aðeins einu sinni vottaði fyrir almenningsáhuga um leikhúsmál Reykjavíkur. Gerðust nokkrir menn í bænum, þar á meðal dr. Guðmundur Finnbogason, til að mynda félag um lóðakaup handa leikhúsi. Mun Oddfellowhúsið síðar hafa verið reist á þessari lóð, þegar sýnilegt var, að einskis stuðnings var að vænta frá leiðtogum Reykjavíkurbæjar og landsstjórninni við leikhúsgerð.

Meðan þessu fór fram, dafnaði leikmennt svo að segja hvarvetna á Íslandi. Í Reykjavík, öðrum kaupstöðum og í mörgum sveitum gengu sjálfboðaliðar fram fyrir skjöldu og höfðu leiksýningar ár eftir ár. Komu víða fram ágætir leikarar, og eru nöfn þeirra, einkum úr Reykjavík, góðfræg um land allt. Má úr þeim hópi nefna Árna Eiríksson, Kristján Þorgrímsson, Gunnþórunni Halldórsdóttur, Friðfinn Guðjónsson, Guðrúnu Indriðadóttur, Stefaníu Guðmundsdóttur, Soffíu Guðlaugsdóttur, Jens Waage, Indriða son hans, Harald Björnsson og Gest Pálsson. Allir þessir leikarar gegndu borgaralegum störfum, forstöðu heimila, prentiðn eða verzlunar- og bankastörfum. Sjálfboðaliðarnir í leikmennt landsins hafa unnið merkilegt verk. Er starfsemi leikfólksins svo vinsæl og metin, að naumast er nokkurs staðar á landinu byggt samkomuhús, svo að þar sé ekki leikpallur. Í sumum byggðum, t. d. í

Eyjafirði, hefur sveitafólkið stundað leikmennt heima fyrir jafnlengi og í sjálfum höfuðstaðnum. Reynslan sýnir, að íslenzka þjóðin ann leiklist og að hvar sem er á landinu og í öllum stéttum koma fram konur og karlar, sem hafa hæfileika til að taka þátt í leikmennt og eru fús til að leggja á sig í því efni mikla tómstundavinnu. Ýmis félög, sem reist hafa sér samkomuhús, hafa eftir föngum stutt að leiksýningum með því að haga félagsbyggingum sínum nokkuð eftir þörfum leiklistarinnar. En eins og vænta mátti, eru slíkar byggingar oftast gerðar af vanefnum. Það er reynt að sýna sjónleiki í fremur ófullkomnum samkomuhúsum í öllum kaupstöðum og flestum byggðum landsins. Með leikhúsbyggingunni í Reykjavík verður séð fyrir þörf höfuðstaðarins. Þá er komið að því vandamáli, hvort þar á að nema staðar, hvort Reykjavík á að fá fyrir sína leikstarfsemi glæsilegasta hús, sem enn hefur verið reist á Íslandi, byggt af framlögum alþjóðar, en síðan eigi að láta þann hluta þjóðarinnar, sem býr utan Reykjavíkur, hafa um alla framtíð til leiksýninga félagshúsnæði, eins og íslenzk leikmennt hefur átt við að búa fram að þessum tíma. Forráðamenn þjóðarinnar verða nú að láta ganga dóm á Alþingi um það, hvort þeir telji betur henta þjóðinni að taka á föst laun nokkrar tylftir manna í Reykjavík eða verja skemmtanaskattinum til að létta undir með heppilegum byggingum fyrir leikmennt og aðra listræna starfsemi hvarvetna í landinu, þar sem íslenzkt fólk býr og starfar.

Aðstaðan í þessu máli er sú, að þjóðin sýnir mikinn áhuga fyrir leikmennt og hefur góða hæfileika til að iðka þá listgrein. Aftur á móti hefur gætt lítillar framtakssemi um að skapa leiklistinni viðunanleg lífsskilyrði. Indriði Einarsson flutti þjóðleikhúsboðskap sinn fyrir daufum eyrum. Þeir áhugamenn í Reykjavík, sem keyptu lóð undir leikhús í Reykjavík, höfðu mikla fjárhagsörðugleika af þessari framkvæmd og urðu síðar að gefast upp og selja lóðina til annarra þarfa. Leiksýningar hér á landi fá helzt húsnæði í samkomuhúsum iðnfélaga, templara eða ungmennafélaga. Hvergi hefur leikmenntaráhuginn verið á því stigi, að áhugamenn leiklistar hafi byggt sitt eigið hús til að iðka þessa list.

Leikhúsmálið komst inn á nýjar brautir veturinn 1922—1923 fyrir samtöl og samtök okkar Páls Steingrímssonar, síðar ritstjóra Vísis. Hann var áhugasamur um leikmennt, kvæntur einni kunnustu leikkonu landsins, frú Guðrúnu Indriðadóttur, og tengdasonur Indriða Einarssonar. Á heimili þeirra frú Guðrúnar Indriðadóttur og Páls Steingrímssonar var vakandi áhugi fyrir leikmennt og ekki sízt um að útvega leikfólkinu í Reykjavík þak yfir höfuðið við hjáverka- og áhugastarf þess. Það varð samráð okkar Páls Steingrímssonar að freista að leysa þennan vanda með því að fá Alþingi til að ákveða, að skemmtanaskatturinn skyldi lagður í sjóð til að byggja leikhús í Reykjavík. Í samtölum okkar Páls Steingrímssonar var aldrei vikið að rekstri þessa húss. Hin hörmulega aðbúð leikenda og áhorfenda í Iðnó hvatti okkur til aðgerða, en við leiddum aldrei hugann að því, að setja þyrfti allt leikfélagið á föst laun. Ég hef persónulega álitið það fjarstæðu og tel engar líkur til, að íslenzka þjóðin geti leyft sér þá eyðslu fyrst um sinn að hafa allt áhugalið sitt á föstum launum. Lundúnabúar hafa öldum saman búið við það harðræði að láta leikmenntina í höfuðstað Bretaveldis standa á eigin fótum.

Samtöl okkar Páls Steingrímssonar leiddu til ósamningsbundins samstarfs um að fá skemmtanaskattinn til leikhúsbyggingar. Þar unnu saman tveir aðilar: Indriði Einarsson og fjölskylda hans og pólitískir vinir eins og Jakob Möller og Ólafur Thors. Hins vegar nokkrir samvinnumenn á þingi og utan þings. Liðsstyrkurinn var ekki mikill og undarlega samsettur: Fáeinir áhugamenn í Reykjavík og fulltrúar sveitanna á Alþingi. Af ástæðum, sem ekki skipta hér máli, þótti á þessum tíma ekki heppilegt að fjölyrða um samstarf okkar Páls Steingrímssonar. Tveir vinir okkar fluttu málið í neðri deild Alþingis 1923. Alþingi ákvað að leggja skemmtanaskattinn til leikhúsbyggingar í Reykjavík og að láta ókeypis lóð á Arnarhólstúni undir húsið. Þriggja manna nefnd, stjórnskipuð og ólaunuð, skyldi, undir eftirliti ríkisstjórnarinnar, varðveita byggingarsjóðinn og standa fyrir leikhúsbygging-

unni. Sigurður Eggerz skipaði í nefndina Indriða Einarsson, Einar H. Kvaran og Jakob Möller, sem verið hafði fyrsti flutningsmaður frumvarpsins um þjóðleikhús og skemmtanaskatt. Indriði var formaður nefndarinnar og hafði brennandi áhuga fyrir framgangi leikhúsmálsins. Hin skyndilega breyting á viðhorfi Alþingis 1923 var honum jafnan gleðilegt undrunarefni. Árið eftir var reynt af áhugaliði kyrrstöðumanna í Reykjavík að ná nokkru af tekjum leikhúsbyggingarinnar til annarlegra þarfa. Var flutt frumvarp á Alþingi í því skyni. En áframhaldið varð eins og byrjunin. Fylgismenn Indriða Einarssonar og áhugamenn úr liði samvinnumanna tóku höndum saman og gátu hrundið árásinni. Leikhúsnefndin fékk því til leiðar komið, að Jón Magnússon bað Guðjón Samúelsson húsameistara að hefja viðbúnað um teikningu að leikhúsi í Reykjavík, og varð hann við þeirri ósk. Sú ráðstöfun varð hið mesta happ fyrir leikhúsmálið. Með langri og þrautseigri vinnu hefur Guðjóni Samúelssyni tekizt að gera leikhúsið á Arnarhóli að fegurstu byggingu á Íslandi og jafnfullkomið að allri gerð eins og það er svipmikið. Má það kallast furðulegt, að fyrsta leikhús Íslendinga skuli bera af öllum sams konar byggingum í Danmörku, þar sem Danir eru ekki einungis langtum fjölmennari og ríkari þjóð en Íslendingar, heldur byggja einnig í leikhúsagerð á margra alda þjóðmenningu. Indriði Einarsson gætti vel sjóðsins og taldi, ef svo má segja, dagana, þar til unnt yrði að hefja leikhúsbygginguna. En lítið bar á áhuga hjá öðrum leiklistarunnendum í landinu.

Skömmu eftir að ég tók við forstöðu menntamála í ráðuneyti Tryggva Þórhallssonar haustið 1927, varð það að samkomulagi með okkur Indriða Einarssyni og Guðjóni Samúelssyni húsameistara, að þeir skyldu fara til Norðurlanda með teikningarnar að leikhúsinu, sem gerðar höfðu verið, og bera þær saman við beztu fyrirmyndir í grannlöndunum í því skyni að hafa úr hverjum stað það, sem bezt var. Fóru þeir félagar utan á kostnað leikhússjóðs og komu víða við. Húsameistari breytti lítið eða ekki ytra útliti hússins frá því, sem hann hafði áður gert ráð fyrir, en tók hins vegar tillit til reynslu annarra um fjölmargt, er laut að innra skipulagi. Við Indriði Einarsson vorum sammála um að gera leikhúsið jafnfullkomið og kostur var á. Um reksturinn munum við hafa haft ólíkar skoðanir. Hann gerði ráð fyrir leikhúsinu sem ríkisstofnun. Ég vildi, að leikhúsið yrði samvinnufyrirtæki leiklistarmanna, að ríkið léti leikendur í Reykjavík fá húsið til afnota og skyldu þeir á eigin ábyrgð fara með rekstur þess. Fór þá eftir stjórn leikfélagsins á þessum málum og fjárhag höfuðstaðarbúa, hvenær til þess kæmi, að þar yrði fjölmenn og fastráðin leikarasveit. Skoðanamunur okkar Indriða Einarssonar hafði enga þýðingu meðan stóð á byggingu leikhússins, en snerti skipulagið á rekstri leikhússins, þegar það var fullbyggt.

Þegar fór að draga nær afmælisári Alþingis 1930, var sýnilegt, að kreppa var í aðsigi og að fjárvant mundi verða á næstu árum í sambandi við ýmsar framkvæmdir. Stóð leikhúsbyggingunni mikil hætta af þessu. Vildu margir taka leikhússjóðinn til ýmiss konar annarlegra framkvæmda, svo sem að byggja útvarpshús eða til sjúkrahúsframkvæmda. Samhliða þessu byrjuðu háværar deilur um stað handa leikhúsinu. Þær deilur gátu auðveldlega leitt til þess, að byggingarframkvæmdum yrði frestað, og þá var jafnframt nokkurn veginn víst, að leikhúsið tapaði sjóði sínum og fjárvonum. Lagði ég þá fyrir byggingarnefndina að hefja framkvæmdir þegar í stað. Nefndin varð að velja þann stað, sem hún gat beztan fengið, og nota heimild Alþingis frá 1923 um lóð á Arnarhólstúni, ef ekki var völ annarra betri kosta. Guðjón Samúelsson var mjög óánægður með þennan stað, þar sem leikhúsið stendur nú. Leitaði hann með byggingarnefnd eftir hentugri stað fyrir leikhúsið. En hvar sem þeir félagar leituðu, komu þeir að lokuðum dyrum. Forráðamönnum bæjarins kom ekki til hugar að bjóða góða lóð ókeypis eða til sölu, af því að engin almenn velvild var á fyrirtækinu. Ekki varð heldur vart við, að forkólfar leiklistarinnar reyndu að hafa bætandi áhrif á bæjaryfirvöldin í þessu máli. Komst nefndin loks að þeirri niðurstöðu, að ekki væri annars kostur

en að byggja við Hverfisgötu ofan við Landsbókasafnið. Lét einn nefndarmanna í ljós þá skoðun, að vegna nálægðar við miðbæinn mætti telja vænlegt um aðsókn að þessum stað vegna leiksýninga og kvikmynda. Var nú hafizt handa og lokið við hinn geysimikla grunn og kjallara. Eyddust í þann hluta verksins um 200 þús. kr. Var okkur Indriða Einarssyni hughægra, þegar því verki var lokið, því að kjallarinn er, vegna leikhússþarfa, með svo óvenjulegu sniði, að hann má kallast óhæfur til allra annarra nota. Næsta vor var svo hafizt handa um hina eiginlegu leikhúsbyggingu og húsið gert fokhelt en þá var þrotið fé byggingarsjóðs. Á hinn bóginn var einsætt, að leikhúsmálinu var bjargað. Hvað sem liði mótblæstri og kreppu, mundi höfuðstaðurinn um síðir fá virðulega og hentuga leikhúsbyggingu fyrir sjóð þann, sem stofnaður var 1923.

Vorið 1932 urðu stjórnarskipti. Fáum dögum eftir að ég fór úr menntamálastjórninni, hafði hinn nýi stjórnarmeirihluti breytt lögunum um skemmtanaskatt og leikhússjóð, og skyldi féð nú renna í ríkissjóð til almennra þarfa. Engin mótmæli heyrðust frá andlegu forustufólki í höfuðstaðnum, hvorki leikfólki né öðrum. Aðeins einn kunnur höfuðstaðarbúi, Jón Þorláksson, bað leikhúsinu takmarkaðra griða. Lagði hann til, að ríkið tæki ekki leikhússjóðinn til sinna þarfa, fyrr en búið væri að húða bygginguna utan. Var hnigið að þessu ráði. Jón Þorláksson var of verkhygginn maður til að vilja láta þetta stórhýsi grotna niður af því, að regnið streymdi gegnum veggina. Þessi tillaga Jón Þorlákssonar varð áhrifarík að öðru leyti. Guðjón Samúelsson gerði þá þýðingarmiklu uppgötvun í sambandi við, að leikhúsið var steint að utan, að unnt væri að skapa mikinn breytileik og fegurð á steinhúsveggjum með því að nota mismunandi og litsterkar íslenzkar bergtegundir við húðun utanhúss. Hefur þessi uppgötvun gerbreytt útliti íslenzkra steinbygginga meira en nokkur önnur nýjung í byggingarfræðum.

Eftir að hinn nýi meiri hluti Alþingis, sem átti meginfylgi sitt í þéttbýli landsins, hafði svipt leikhúsbygginguna öllum tekjum, kom að vonum alllangt kyrrstöðutímabil í sögu þessarar byggingar. Húsið stóð tómt og óviðgert, þar til brezkur her settist að í Reykjavík vorið 1940. Var setuliðið mjög húsvana og þótti, sem vonlegt var, mikill fengur að geta með góðri samvizku tekið þetta stóra hús bæði til íbúðar fyrir hermenn og einkum fyrir birgðaskemmu. Liðu svo mörg ár. Ég hitti oft að máli sendiherra Breta, Mr. Howard Smith, og fór þess á leit, að hann mælti með því, að setuliðið sleppti leikhúsinu, því að bæjarbúum væri hin mesta þörf á húsinu, alveg sérstaklega vegna hinnar fjölmennu æsku í bænum, sem vantaði heppilegan samkomustað. Hann tók málaleitun þessari með mikilli hæversku, eins og hans var vandi, en benti góðlátlega á, að Íslendingar hefðu sýnilega ekki mikla þörf fyrir húsið, þar sem þeir hefðu látið það standa tómt og óviðgert frá 1932 til 1940. Aftur á móti taldi hann bandamenn hafa mikla þörf fyrir húsið í þágu hins vestræna frelsis. Erfitt var að mæla móti þessum rökum. Hið mikla sinnuleysi allra, sem helzt hefðu átt að standa með leikhúsbyggingunni, hafði raunverulega gert byggingarnefndina áhrifalausa í allri sókn, eins og málum var nú komið. Meðan stóð á hernáminu, tókst okkur Þorsteini Þorsteinssyni sýslumanni að fá vilyrði Alþingis fyrir litlu fjárframlagi til að hefja bráðabirgðaviðgerð á kjallara leikhússins í því skyni að geta um stund geymt þar verðmætustu eignir forngripasafnsins. Þó varð ekki úr þeim framkvæmdum. Jakob Möller var um þessar mundir fjármálaráðherra og jafnframt formaður í þjóðleikhúsnefndinni. Beitti hann áhrifum sínum í þá átt að fá Alþingi til að samþykkja, að leikhússjóður færi aftur að fá sínar lögmæltu tekjur af skemmtanaskatti. Tók nú að nýju að safnast fé í sjóðinn. Leikhúsnefndin gerði auk þess kröfu til að fá endurborgað, sem skuld ríkissjóðs, allt það fé, sem leikhússjóði hefði borið frá 1932—1940. Fór svo, að Alþingi ákvað að láta skemmtanaskattinn renna í leikhússjóð, þar til húsið væri fullgert. Bretar borguðu síðan, eftir mati, leigu fyrir leikhúsið eftir sömu reglum og þeir höfðu greitt fyrir afnot af geymsluhúsum í Reykjavík. Þegar leið nær stríðslokum, tókst Vilhjálmi Þór sem utanríkisráðherra að fá Bretastjórn til að láta lið sitt rýma

leikhúsið. Hafði þá safnazt allmikið fé í leikhússjóðinn, enda þurfti nú mikils með. Tók Guðjón Samúelsson húsameistari þar aftur til óspilltra mála, sem fyrr var frá horfið. Var húsið nú allt húðað innan, komið fyrir hita- og ljósalögnum, vatnsleiðslum og öðrum nauðsynlegum aðgerðum til að fullgera bygginguna. Stóð nú ekki á fé, heldur á vinnuafli og ýmiss konar aðfluttu efni. Mikið af því efni, sem helzt þurfti með, var torfengið nema í Ameríku og Svíþjóð. En gagnvart þeim löndum gætti gjaldeyriserfiðleika, og hefur oft staðið á nauðsynlegu efni, svo að mánuðum og jafnvel missirum skipti. Um síðustu áramót hafði fjármálaráðherra og viðskiptaráð leyst svo úr þeim vanda, að nú sýnist einsætt, að unnt verði að ljúka leikhúsbyggingunni innan skamms, ef ekki koma óvæntar hindranir.

Vorið 1946 hófst óvæntur þáttur í sögu leikhússins. Brynjólfur Bjarnason kennslumálaráðherra skipaði nefnd til að undirbúa rekstur þess og krafðist að fá 60 þús. kr. úr leikhússjóði fyrir þessa nýju nefnd. Þjóðleikhúsnefndin hafði starfað kauplaust og haldið fundi sína í skrifstofum hinna ýmsu nefndarmanna. Nú var tekinn upp annar háttur. Þessar framkvæmdir Brynjólfs Bjarnasonar studdust ekki við fyrirmæli í lögum. Þjóðleikhúsnefndin taldi vafasamt, hvort löglegt væri að taka fé úr byggingarsjóði til að standa straum af tilkostnaði þessarar nýju nefndar. En að lokum afhenti hún ráðherra þetta fé, en lagði skriflega á herðar ríkisstjórninni alla ábyrgð í sambandi við þessa fjáreyðslu. Litlu síðar valdi rekstrarnefndin sér herbergi í leikhúsinu fyrir skrifstofu og bjó það vel að húsgögnum. Um sama leyti kvaddi Brynjólfur Bjarnason þul útvarpsins, Þorstein Ö. Stephensen til starfa fyrir þessa nefnd og hélt honum þó á launum hjá útvarpinu til áramóta, án vinnuskyldu. Fór Þorsteinn Stephensen síðan til útlanda og heimsótti ýmis leikhús. Mun hann og félagar hans í rekstrarnefndinni hafa unnið að undirbúningi löggjafar um þjóðleikhús í Reykjavík, þar sem gert er ráð fyrir, að skemmtanaskatturinn af öllu landinu renni til að standa straum af kostnaði við fjölmennan hóp fastra leikara og hljómsveitar við leikhúsið í Reykjavík. Hefjast nú að líkindum átök um meðferð skemmtanaskattsins. Nefnd sú, sem Þorsteinn Ö. Stephensen starfar fyrir, mun að líkindum sækja fast á að skattskylda landið allt til að hafa sem fjölmennast fast starfslið við leikhús höfuðstaðarins. Hins vegar koma fulltrúar annarra kaupstaða og byggðanna og krefjast, að skemmtanaskattinum verði framvegis varið til að styðja heppilegar samkomuhúsbyggingar hvarvetna um landið í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum og að þær byggingar verði notaðar jöfnum höndum við leiksýningar, söngskemmtanir, kvikmyndasýningar og allan almennan mannfagnað. Ef skemmtanaskatturinn verður allur látinn ganga til að launa leikendur í Reykjavík, má gera ráð fyrir, að aðrir kaupstaðir og byggðir landsins verði á ókomnum árum að bjargast við samkomuhús á borð við Iðnaðarmannahúsið í Reykjavík. Aðeins á einum stað á landinu væri þá um að ræða verulega gott hús fyrir leiklist og söng, og í þessu eina húsi væri fjölmenn sveit á föstum launum frá félögum um allt land við að skemmta áhorfendum. Alls staðar annars staðar væri um að ræða ófullkominn húsakost, og í þeim húsum yrði það listræna fólk, sem þar á heima, að búa við sömu erfiðu kringumstæðurnar og allir leik- og söngflokkar hér á landi hafa orðið að búa við fram að þessu. Engin skynsamleg rök mæla með því, að Akureyri eigi að greiða árlega mörg þús. kr. í skatt af sínum skemmtunum og aðrir bæir og byggðir hlutfallslega jafnmikið fé til þess eins að tryggja föst árslaun handa nokkrum tugum manna við leikhús í Reykjavík, byggingu, sem búið er að reisa með aldarfjórðungs samstarfi og fórnum fólks úr öllum byggðum landsins.

Forsvarsmenn embættisleikaranna í Reykjavík gæta þess ekki, að íslenzka þjóðfélagið er of mannfátt til að taka beinlínis til fyrirmyndar alla eyðslu í stærri löndum. Danir eru nálega fjörutíu sinnum fleiri en Íslendingar, og þrátt fyrir það hefur áratugum saman verið háð hörð barátta í Danmörku um það, hvort ríkið gæti lagt á þjóðina tekjuhalla þjóðleikhússins. Má af því geta sér til, hversu þung byrði það mundi verða fyrir ríkissjóðinn íslenzka að bæta á sig ótilteknum út-

gjöldum við ríkisstarfrækt leikhús. Starfshættir byggingarnefndar leikhússins og rekstrarnefndarinnar gefa ljósa hugmynd um, hve skammt frá fórnfýsi fyrri daga er yfir í stríðsgróðafjáreyðslu, þegar ríkið á að borga reikninginn. Íslenzk leiklist hefur fram að þessu verið borin fram til sigurs af sjálfboðaliðum, og sú sókn hefur náð til allrar þjóðarinnar. Börn í barnaskólum, unglingar milli fermingar og tvítugs, fullorðið fólk í öllum stéttum þjóðfélagsins hefur meiri eða minni hæfileika til að taka þátt í leikmennt. Um alla sýnilega framtíð verður íslenzk leiklist að treysta á sjálfboðaliða, sem iðka list sína í hjáverkum með borgaralegum störfum. Engar líkur eru til, að Ísland muni eignast leikendur, sem verði fremri Gunnþórunni Halldórsdóttur, Stefaníu Guðmundsdóttur, Guðrúnu Indriðadóttur, Soffíu Guðlaugsdóttur, Öldu Möller, Sigrúnu Magnúsdóttur, Jens Waage, Friðfinni Guðjónssyni, Haraldi Björnssyni, Indriða Waage eða Gesti Pálssyni, þó að nokkrar tylftir atvinnuleikara væru gerðar að embættismönnum. Og þó að þjóðin hefði slíkan embættisleikaraflokk í Reykjavík, væri ekki um annað að ræða utan höfuðstaðarins en áhugalið, sem sinnti leikstörfum í hjáverkum við ytri kjör, sem bentu á algerða vanrækslu frá hendi þjóðfélagsins. Ef gerður væri sá munur á leiklist og leikþörf höfuðstaðarbúa og annarra manna í landinu, eins og Þorsteinn Ö. Stephensen ætlast til með tillögum sínum, væri með ótrúlegri skammsýni verið að sýna því fólki, sem byggir landið utan Reykjavíkur, að því beri að hrista sem fyrst af fótum sér ryk smákaupstaða og dreifbýlis, leggja landið í auðn og flykkjast inn í höfuðborg, sem innan skamms mun eiga í miklum erfiðleikum með að framfæra allt sitt heimafólk.

Ekki verður heldur séð af þessu sögulega yfirliti, að höfuðstaðarbúar hafi sýnt áhuga fremur öðrum landsmönnum við að skapa íslenzkri leiklist bætt skilyrði. Í Reykjavík hafa að vísu komið fram á sjónarsviðið margir mjög álitlegir leikarar, sem hafa með tómstundavinnu sinni gert Reykjavík gagn og sæmd. Margir af þessum leikurum eru fæddir og upp aldir utan höfuðstaðarins og eru innflytjendur í hann. En þar að auki er hvarvetna á landinu efniviður í jafngóða leikara og í Reykjavík, og hafa margir þeirra komizt langt í list sinni við lífsskilyrði, sem eru miklu erfiðari en leikendur í Reykjavík eiga við að búa.

Sú stefna að skattleggja fyrst alla þjóðina til að koma upp góðu leikhúsi í Reykjavík og síðan til að halda þar á föstum launum fjölmennu liði embættisleikara, verður ekki studd með því, að höfuðstaðurinn hafi sýnt eindregnari áhuga fyrir því en annað fólk, að stofnsett verði myndarlegt leikhús í höfuðstaðnum. Indriði Einarsson stóð mjög fáliðaður í baráttu sinni, þar til hann fékk árið 1923 liðsstyrk úr hópi „utanbæjarmanna“ á þingi. Þjóðleikhúsnefndin og menntamálaráðuneytið fengu nálega engan stuðning frá því fólki, sem talið er standa í fararbroddi andlegra mennta í höfuðstaðnum, þegar hættan var mest. Áður en kreppan mikla skall á 1930, var að því komið, að sjóður leikhússins yrði tekinn til annarra þarfa. Og þegar hin mikla árás var gerð á leikhússjóðinn 1932, sást, að Indriði Einarsson gat ekki haldið velli með stefnu sína, þegar hann var sviptur þeim liðsstyrk, sem bandamenn hans úr dreifbýlinu höfðu veitt honum, þar til þeir voru um stund ofurliði bornir af yfirséttarvaldi Reykjavíkur. Þegar leið að leikslokum, eftir að friður fór að nálgast í seinni heimsstyrjöldinni, voru það enn sem fyrr menn úr bandalaginu frá 1923, sem björguðu málinu. Kjarni málsins er, að áhugamenn úr Reykjavík og dreifbýlinu hafa með aldarfjórðungsvinnu getað tryggt Reykjavík gott leikhús og sönghöll með því að skattleggja kaupstaði, kauptún og sveitir um aldarfjórðungsskeið í þessu skyni. Nú er röðin komin að hinum kaupstöðunum og byggðunum. Öll skynsamleg rök hníga að því, að nú eigi að láta skemmtanaskattinn starfa til að koma upp nýjum góðum leikhúsum út um allt land og hvika ekki frá þeirri stefnu, fyrr en reist hafa verið góð og myndarleg samkomuhús um allt land.

Nú munu margir segja, að leikfélagið í Reykjavík geti ekki risið undir rekstri hins nýja leikhúss. Þetta er ósennilegt. Í hálfa öld hefur leikfélagið orðið að leigja

lítið og dýrt hús vegna starfsemi sinnar. Þar hefur vantað flest ytri þægindi, sem létta undir störf leikarans. Þar hefur skort geymslu og verkstæði við undirbúning leiksýninga. Iðnó hefur auk þess verið notað til margháttaðra annarra skemmtana og fundarhalda. Leikfélag Reykjavíkur hefur hvergi haft höfði sínu að að halla, og sömu erfiðleikar hafa orðið á vegi allra annarra leikfélaga á landinu. Hér er lagt til, að ríkisstjórnin láni Leikfélagi Reykjavíkur hið nýja stórhúsi til nokkurra ára í senn með tilteknum samningi. Mér finnst, að húsið eigi að vera leigulaust, en viðhald hvíli á leikfélaginu og tilteknar kvaðir, svo sem að tónlistarskólinn geti starfað þar við sanngjörn skilyrði, þar til hann fær sitt eigið húsnæði. Sanngjarnt yrði einnig, að ekki þyrfti að greiða almennan skatt af húsinu fremur en af skólum og sjúkrahúsum. Leikfélagið ætti að geta haft stórfelldar tekjur af húsinu. Þar verða um 800 sæti. Ef gert er ráð fyrir, að leiksýningar verði þrisvar í viku nema um hásumarið, getur leikstarfsemin orðið miklu arðsamari en áður. Þá verður leitað til leikhússins með salarkynni fyrir samsöngva og hvers konar tónmennt. Er þar þörf úrbóta, því að um mörg undanfarin ár hafa hljómleikar í höfuðstaðnum aðallega verið haldnir eftir háttatíma, og sýnir það mikinn áhuga höfuðstaðarbúa, að þeir hafa sinnt þessum samkomum, þó að gestirnir hafi búið við svo hörmuleg skilyrði. Þá kæmu að sjálfsögðu til greina kvikmyndasýningar, og geta þær verið haldnar við hin beztu skilyrði, þau kvöld, sem ekki er um að ræða leiksýningar eða tónmennt. Þar sem þessar kvikmyndasýningar mundu verða hliðsettar öðrum opinberum kvikmyndarekstri, er enginn vafi á, að hér er um mikla tekjuvon að ræða. Á sumrin verður leikhúsið vafalaust notað til að halda þar alþjóðamót, ef til þeirra er efnt á Íslandi, og má segja, að húsakynni leikhússins verði jafngóð og unnt er að bjóða í mörgum stórborgum. Auk þess eru í leikhúsinu margir minni salir og einstök herbergi, sem má leigja til tekjuauka fyrir leikfélagið í Reykjavík sem leigutaka hússins. Meðal annars verður í kjallara leikhússins aðstaða til að hafa veitingasölu bæði til þæginda og tekjuöflunar fyrir þá, sem starfrækja leikhúsið.

Eins og sjá má af þessu yfirliti, getur leikhúsið veitt Leikfélagi Reykjavíkur miklar tekjur. Auk þess fer vel á, að Reykjavíkurbær veiti leikfélaginu nokkurn árlegan styrk, eins og hingað til, ef þess þarf með. Mælir öll sannsýni með því, að höfuðborgin sýni í verki samúð með starfi leikfélagsins, þar sem þjóðin öll hefur sameinað krafta sína til að reisa leikhúsið. Þá gæti að sjálfsögðu komið til mála, að ríkið styrkti Leikfélag Reykjavíkur í hlutfalli við þann stuðning, sem veittur yrði af almannafé til hinna minni leikhúsa um land allt.

Þegar litið er á þá aðstöðu, sem Leikfélag Reykjavíkur fær með afnotarétti af leikhúsbyggingunni og þær margháttuðu tekjur, sem húsið mun veita félaginu, er sennilegt, að félagið geti, ef því sýnist, haft nokkra starfsmenn á föstum launum þegar í stað. Eftir því sem leikhúsið er betur starfrækt, verða tekjur félagsins meiri, enda getur það þá lagt í meiri kostnað. En fyrir leikfélagið, Reykjavíkurbæ og þjóðina alla verður bezt að láta leikstarfsemi í borg og byggð vera sem allra mest í höndum áhuga- en ekki atvinnumanna. Þjóðin hefur nú þegar allt of margmennt starfsmannaskipulag, og er enginn vafi á, að innan skamms verður af fjárhagslegum ástæðum að gerbreyta því í sparsemdarátt. Fer þá vel á að hafa ekki siglt leiklistarskútunni á sker með ógætilegri eyðslu, heldur gætt í þessum efnum hófsemi og sanngirni, svo að engin stétt og enginn landshluti verði fyrir borð borinn um réttmæta hagsmuni.

Skipulag og meðferð leikhúsa í Reykjavík og meðferð skammtanaskattsins verður áður langt um líður ákveðin af Alþingi. Búast má við, að til séu í höfuðstaðnum þeir menn, sem beita vilji ofurkappi til að skapa borg sinni forréttindaaðstöðu. Mikill hluti þingmanna er nú búsettur í Reykjavík, en mikill meiri hluti þeirra á þó umbjóðendur í öðrum kaupstöðum, kauptúnum og byggðum. Mun því vafalaust verða veitt eftirtekt af öllum landslýð, hversu mikil sanngirni og rétt-

lætiskennd verður sýnd við hina endanlegu lausn málsins. Reykjavík fær sitt mikla og góða leikhús fyrir drengilega samvinnu dugandi manna í höfuðstaðnum og af landsbyggðinni. Hlutur Reykjavíkur er nú leystur, svo sem bezt má verða. En hinir kaupstaðirnir og dreifbýlið bíða eftir sínum leikhúsum. Þar vonast menn eftir, ekki einungis stuðningi frá áhugamönnum í höfuðstaðnum, heldur og eins konar vinsamlegu endurgjaldi til annarra kaupastaða, kauptúna og sveita fyrir þann stuðning, sem Indriði Einarsson og Jakob Möller fengu frá „utanbæjarmönnum", þegar þeir þurftu bandamanna við til að hrinda áleiðis vinfáu áhugamáli þeirra til menningarauka í Reykjavík.

Ed. 423. Nefndarálit

um frv. til laga um iðnskóla í sveitum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt mál þetta á nokkrum fundum. Sendi hún frv. til umsagnar til iðnaðarsambandanna og lætur hér með fylgja sem fylgiskjöl svör þeirra.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Minni hl. (PZ) vildi leggja til, að frv. yrði samþykkt með litlum breytingum, og gefur hann því út minnihlutanefndarálit. Meiri hl. gat ekki fallizt á þessa afgreiðslu málsins, m. a. af eftirfarandi ástæðum.

1. Meðan iðnfræðslunni er almennt hagað þannig, að verklega kennslan er látin hvíla á iðnmeisturunum, en ekki á sérstökum iðnskólum, þykir meiri hl. nefndarinnar ekki ástæða til, að annar háttur sé hafður á um iðnfræðslu fyrir sveitir landsins.
2. Meiri hl. getur ekki fallizt á, að það sé rétt að stuðla að því, að sveitunum sé valin önnur og lakari iðnaðarmannastétt en öðrum landshlutum, og henni síðan falið að standa fyrir byggingu vandaðra mannvirkja, sem standa eiga um tugi ára eða jafnvel aldir.
3. Sá fjöldi, sem árlega kæmi frá slíkum skóla, mundi ekki staðnæmast í sveitum eingöngu, heldur flytjast til um allt land, til bæja og kauptúna og verða þar réttlausir sem fullgildir iðnaðarmenn og valda þannig ýmsum erfiðleikum í iðnaðarmannastéttunum.
4. Í l. nr. 51 19. maí 1930, um bændaskóla, er heimild fyrir því að taka upp kennslu við þá skóla í mörgum þeim greinum, sem ætlazt er til, að kenndar séu samkv. frv.
5. Samkv. l. nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám, er gert ráð fyrir, að komið verði upp verknámsdeildum við héraðsskólana, og er ætlazt til, að þar verði einnig kennt nokkuð af þeim greinum, sem gert er ráð fyrir að kenna samkv. þessu frv.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að frv. verði afgr. með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að nú þegar er heimild í lögum til þess að taka upp verklega kennslu í ýmsum skólum landsins á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í þessu frv., og að það er á valdi ríkisstjórnarinnar, hvenær hún lætur þau ákvæði koma til framkvæmda, en sérskóli sá, sem frv. ræðir um, mundi hins vegar hafa stórkostleg útgjöld í för með sér, án þess þó að ná þeim árangri, sem gildandi iðnlög ætlast til

að náð verði, sér deildin ekki ástæðu til frekari aðgerða í málinu og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. febr. 1947.

Gísli Jónson, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari. Steingr. Aðalsteinsson.

Eiríkur Einarsson.

Fylgiskjal I.

LANDSSAMBAND IÐNAÐARMANNA

Reykjavík, 7. des. 1946.

Bréf háttvirtrar iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis, dags. 29. f. m., viðvíkjandi frumvarpi til laga um iðnskóla í sveitum, hefur oss borizt, og viljum vér í því sambandi taka eftirfarandi fram:

Eins og greinilega kemur fram í innganginum í bréfi Landssambandsins frá 7. febr. 1946, annarri málsgrein, þá telur stjórn Landssambands iðnaðarmanna það vera grundvallarhugmynd umræddS frumvarps að bæta úr skorti kunnáttumanna til iðnaðarstarfa í sveitum.

Stjórn Landssambandsins mótmælir eindregið þeim skilningi, sem kemur fram í bréfi háttvirtrar nefndar, að grundvallarhugmynd frumvarpsins sé sú, að nemendum séu kenndar fleiri iðngreinar til fulls á 18 mánuðum í stað 4 ára náms, og ef það er túlkun flutningsmanns á grundvallarhugmynd frumvarpsins, þá vill stjórn Landssambandsins mótmæla frumvarpinu í heild.

Meðmæli Landssambandsstjórnarinnar með frumvarpinu frá 7. febr. 1946 byggist á því, að í stað manna, sem ekkert hafa lært og enga æfingu fengið í iðnaðarstörfum, en taka þó að sér iðnaðarstörf í sveitum og þorpum landsins, oft samkvæmt beiðni opinberra aðila, komi menn, er dálitla tilsögn hafa fengið. Iðnaðarmenn geta þessir menn ekki kallazt og fá engin iðnréttindi, nema þeir gerist nemendur hjá meistara og læri á venjulegan hátt.

Viðvíkjandi spurningu nefndarinnar í síðustu málsgrein bréfs hennar skal það tekið fram, að stjórn Landssambandsins telur þá menn, er útskrifast kynnu úr umræddum skólum, ekki kunnáttumenn. Hún telur ekki æskilegt né öruggt að láta þá taka að sér iðnaðarstörf. Hún telur og hefur alltaf talið æskilegast og öruggast, að iðnlögin nái til alls landsins og að það séu fullærðir iðnaðarmenn, sem falin eru iðnaðarstörf í sveitunum, engu síður en í kaupstöðum og kauptúnum. En eins og nú er, eru engar kröfur gerðar til þeirra, sem taka mega að sér iðnaðarstörf í sveitum, hversu stór og veigamikil sem þau eru, og það telur stjórn Landssambandsins mjög óheppilegt ástand.

Stjórn Landssambandsins er ljóst, að skólar þeir, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru óhæfilega stórir og hljóta að kosta ríkissjóð stórfé, sem hægt væri að spara sér að mestu, með miklu einfaldari ráðstöfunum.

Nemendur frá skólum þeim, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, gætu aldrei fengið að taka að sér iðnaðarverk í kaupstöðum (nema þeir lærðu meira og fengju próf samkvæmt iðnaðarnámslögunum), af því þeir hefðu ekki iðnréttindi, þótt löggjafinn teldi þá nógu góða fyrir sveitirnar.

Virðingarfyllst.

F. h. Landssambands iðnaðarmanna.

Helgi H. Eiríksson. Sveinbjörn Jónsson. Einar Gíslason. Guðm. H. Guðmundsson.

Til iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

IÐNNEMASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 4. janúar 1947.

Til Alþingis Íslendinga, Reykjavík.

Háttvirta Alþingi.

Við sendum yður hér með mótmælatillögu, vegna frumvarps Hermanns Jónassonar um iðnskóla í sveitum, sem samþykkt var á fundi, sem haldinn var að tilhlutun sambandsstjórnar I. N. S. Í.

Með tillögunni sendum við greinargerð, og vonumst við til, að tillagan og greinargerðin séu það skýrar, að háttvirt Alþingi verði ekki í neinum vafa um afstöðu iðnnemasamtakanna til þessa máls.

Virðingarfyllst.

F. h. stjórnar Iðnnemasambands Íslands.

Sigurður Guðgeirsson, form. Árni Þ. Víkingur, ritari.

Frá stjórn Iðnnemasambands Íslands.

IÐNNEMASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 4. janúar 1947.

Fundur haldinn að Hverfisgötu 21 í Reykjavík þriðjudaginn 3. des. 1946 að tilhlutan stjórnar I. N. S. Í. með stjórnum byggingariðnaðarnemafélaganna og stjórn Félags húsgagna- og bólstraranema í Reykjavík, hefur tekið til meðferðar frumvarp það til laga um iðnskóla í sveitum, sem flutt er af Hermanni Jónassyni í Ed. Alþingis, og komizt að raun um, að það brjóti algerlega í bága við núgildandi löggjöf um iðnnám og sé auk þess ósamrýmanlegt núverandi fyrirkomulagi um iðnnám.

Frumvarpið virðist okkur þannig úr garði gert, að það stuðli aðeins að því, að ríkisvaldið taki að sér „framleiðslu á fúskurum“ í stórum stíl, en bæti í engu þá vöntun, sem sveitum landsins er að fullgildum iðnaðarmönnum í áður nefndum iðngreinum.

Fundurinn skorar því á háttvirt Alþingi að fella frumvarp þetta eins og það nú liggur fyrir.

Greinargerð.

Í sambandi við frumvarp þetta óskum við að taka eftirfarandi fram, hvað við kemur afstöðu iðnnemasamtakanna til þess. Okkur er ljóst, að ástandið í byggingarmálum sveitanna er svo slæmt, að skjótra aðgerða er þörf. Og vera má að iðnkennsla á skóla, bæði verkleg og bókleg, sé eitt hentugasta og tiltækilegasta úrræðið, en kennslufyrirkomulag allt þyrfti að vera sem fullkomnast og í fullu samræmi við iðnnámslöggjöf landsins, en ósamræmið milli þessa frumvarps og iðnnámslöggjafarinnar teljum við mjög mikið og að slíkur skóli sem þessi geti aldrei fætt af sér fullgilda iðnaðarmenn.

Jafnframt viljum við vekja athygli á því, að enginn sérfróður maður hefur verið kvaddur til aðstoðar við samningu þessa frumvarps, enda ber frumvarpið þess glögg merki.

Skynsamlegasta afgreiðsla málsins á því stigi, sem það nú er, er að okkar áliti sú, að Alþingi skipi nefnd sérfróðra manna um iðnað til að gera ákveðnar tillögur um úrlausn þessara mála.

Að endingu viljum við leyfa okkur að gera eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 3. gr. Samkvæmt núgildandi löggjöf um iðnnám er námstími nemanda ákveðinn 4 ár, en samkvæmt þessari grein frumvarpsins er gert ráð fyrir, að námstíminn sé 2 ár, en þó sé heimilt að stytta hann, og er þessum mönnum ætlað að vera jafnfærir í sinni iðn og öðrum iðnaðarmönnum (en það þurfa þeir að vera til þess, að frumvarpið nái tilgangi sínum, því það er vitað mál, að byggingar í sveitum þurfa engu síður að vera vandaðar en aðrar byggingar), og er þeim þó ætlað meira verksvið en öðrum iðnaðarmönnum (samkv. 7. gr.). Þetta atriði teljum við, að geti ekki staðizt.

Við 4. gr. Í þessa grein vantar algerlega ákvæði um það, á hvern hátt skuli prófa, að nemandi uppfylli skilyrði það, er um getur í annarri málsgrein, um verklega kunnáttu og hæfileika.

Við 5. gr. Viljum við láta okkur nægja að benda á þá annmarka, sem getið er um í athugasemd frá Landssambandi iðnaðarmanna.

Við 6. gr. Látum við okkur nægja að benda á þá skyssu, að ekki skuli vera gert ráð fyrir kennslu í reikningi.

Við 7. gr. Samkvæmt þessari grein er húsasmiðum ætlað að nema auk húsasmíðinnar múrsmíði, raflagnir, pípulagningar, málun og veggfóðrun, á tveim árum eða skemmri tíma (samkv. 3. gr.) og þó að vera eins færir í hverri grein og þeir, sem læra í kaupstöðum. En þeirra nám er 4 ár og læra þeir aðeins einhverja eina grein af þessum sex. Hvernig iðnaðarmaður, sem hefur sexfalt meira verksvið en aðrir iðnaðarmenn og er ætlaður helmingi skemmri tími til að læra þessi sex fög en öðrum iðnaðarmönnum er ætlað að læra eitt, geti orðið þeim jafnfær, það fáum við ekki skilið. Og viljum við sérstaklega benda á, að raflagnir í sveitum, sérstaklega í útihúsum, fjárhúsum, fjósum, o. s. frv., eru taldar mun hættulegri en flestar aðrar raflagnir.

Við 13. gr. Að okkar áliti er forstöðumanni skólans gefið of mikið vald, þar sem hann getur svipt nemanda skólaleyfi án þess að honum sé gefinn kostur á að koma fyrir sig vörn.

Við 15. gr. Samkvæmt þessari grein skal skólinn lúta yfirstjórn landbúnaðarráðherra; teljum við það vægast sagt ákaflega hæpna ráðstöfun. Að okkar áliti eiga allir iðnskólar, sem reknir eru af ríkinu, að vera undir sömu stjórn, þ. e. a. s. lúta stjórn iðnaðarmálaráðherra.

Virðingarfyllst.
F. h. Iðnnemasambands Íslands.

Sigurður Guðgeirsson, form. — Árni Þ. Víkingur, ritari.

Fylgiskjal III.

SVEINASAMBAND BYGGINGAMANNA

Reykjavík, 15. desember 1946.

Samkvæmt ósk háttvirtrar iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis höfum vér tekið frumvarp til laga um iðnskóla í sveitum til athugunar og viljum í því sambandi taka eftirfarandi fram:

Enginn mun með sanngirni geta neitað því, að tæknikunnáttu þjóðarinnar sé á margan hátt ábótavant og að aukinnar tæknimenntunar sé þörf, þó að mikið hafi á unnizt í því efni á síðustu árum. Aukinn skilningur virðist nú einnig vera að glæðast á notagildi verklegrar kennslu í skólum landsins — og er það vel —, þar sem tæknimenntun og verkkunnátta er undirstaða allrar efnalegrar velmegunar.

Með frumvarpi þessu, í því formi sem það er, getum vér þó ekki mælt. Liggja til þess eftirtaldar ástæður:

I.

Verði horfið að því ráði, að ríkið reisi og reki skóla til kennslu í hinum nauðsynlegustu iðngreinum — hvort sem það er í sveit eða við sjó, sem vér getum talið

heppilegt, verður ekki minna krafizt en að tryggt sé, að slík stofnun veiti nemendum sínum svo fullkomna kennslu, að þeir standi ekki öðrum iðnaðarmönnum að baki um kunnáttu og verkleikni. Enda sanni þeir kunnáttu sína með sams konar prófi og sveinar í sömu iðn og hljóti að prófinu loknu sömu réttindi og þeir, sem hjá meisturum hafa lært.

II.

Ekki getum vér fallizt á, að minni vandi sé að byggja í sveitum né að þar skuli gera minni kröfur til bygginga og byggingarmanna, þó að löggjafinn virðist — illu heilli — hafa verið á annarri skoðun og frumvarpið geri ráð fyrir, að þar skuli minna til vandað um kunnáttu. Í greinargerðinni er því slegið föstu, og mun rétt vera, að fjárveiting flestra bænda sé eins mikil eða meiri í byggingum en í ræktun og bústofni til samans. Mætti því ætla, að það væri verra að byggja óhæft og heilsuspillandi hús á jörð sinni, eins og dæmi munu mörg til vera, heldur en fella allan bústofninn úr hor einu sinni, sem fá eða engin dæmi munu finnast til.

III.

Menn þeir, sem numið hafa í þessum skóla, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og grautað hafa í öllum þeim iðngreinum, sem að húsbyggingum lúta, í tvö ár, munu tæpast geta litið á sig sem jafnoka þeirra, sem numið hafa í bæjunum eina iðngrein í fjögur ár. En minnimáttarkenndin er aldrei góður félagi, en litu þeir aftur á móti á sig sem fullgilda og öðrum jafnsnjalla, mundi þeim eðlilega finnast brotinn á sér réttur, þar sem þeir að námi loknu öðlast raunverulega engin réttindi fram yfir aðra, alveg ólærða í sveitunum — hvað þá annars staðar. Þessir menn hefðu því fulla ástæðu til þess að vera óánægðir með aðstöðu sína. Einhverjir þeirra mundu svo að sjálfsögðu — fyrir atburðanna rás fyrr eða síðar lenda í kaupstöðunum og bætast þar við gervimannahópinn. — Mundu þeir verða það verri viðureignar fyrir iðnaðarmenn en þeir, sem fyrir eru, að þeir kynnu þá eitthvað fyrir sér í öllum fögum og gætu því komið fram eins og nokkurs konar hamskiptingar, eftir því sem bezt hentaði. — Þeir, sem skólann sæktu og ætluðu að gera handverk að aðalatvinnu, mundu af eðlilegum ástæðum frekast setjast að í smáþorpum og öðru þéttbýli sveitanna. En þorp, sem hefur í ár 250 íbúa, getur hæglega, á þeim breytingatímum, sem nú og framundan munu vera, haft langt yfir 300 íbúa eftir 1 eða fá ár, þangað getur líka flutzt kaupstaðarlærður smiður eða múrari. Þá yrði sveitasmiðurinn að víkja, lögum samkvæmt, og væri þá orðinn nokkurs konar útlagi úr sínu eigin þorpi. Geta allir séð, hvaða firra og leiðindi slíkt væri.

IV.

Þá virðist stærð skólans, þ. e. a. s. fjöldi námssveina á hverju skólaári, muni vera það mikill, að torveldað gæti æskilegan árangur námsins. Verður að hafa það í huga, að verklegt nám er plássfrekara og krefst persónulegri kennslu en bóklegt, þar sem allt er að mestu rígskorðað við ákveðnar kennslubækur — og kennslan er oft ekki annað en yfirheyrsla.

V.

Þá mun það vera í rómantískara lagi að taka kennslu í iðnsögu og söng, þó að góðar námsgreinar séu, fram yfir kennslu í reikningi og bókfærslu.

Þrátt fyrir það, sem fram hefur verið tekið og frumvarpinu að vorum dómi réttilega til foráttu fundið, teljum vér sjálfa hugmyndina um iðnskóla í sveitum góða og af nauðsyn fram komna. En til þess, að árangur svari kostnaði um kunnáttu og verktækni nemendanna og tryggt sé, að þeir verði í engu lakari iðnaðarmenn en þeir, sem lært hafa eftir iðnlögum kaupstaðanna, teljum vér námstímann of stuttan, of mörg fög séu kennd einum og sama manni og að árlegur nýnemafjöldi sé of mikill. Hæfilegt mætti teljast, að þessi „prufu“skóli gæti tekið 25 nýsveina á ári, 15 húsasmiðsefni og 10 múraranema. Búsáhaldadeildinni mætti alveg sleppa og

vinna það upp með aukinni smíðakennslu við héraðs- og bændaskólana. Þaðan ættu engir að koma svo, að þeir væru ekki búhagir. Búsáhöld og húsgögn hljóta alltaf að verða — eða geta verið — ódýrari frá stórum og fullkomnum verkstæðum eða verksmiðjum í kaupstöðunum en einstakra manna smíði, þar sem öll skilyrði vantar til fjöldaframleiðslu. — Nema skólanum sé ætlað að vera verksmiðja á þessu sviði fyrir sveitirnar?

Skólavistin taki minnst 3 ár fyrir þá, sem ekki hafa aðra undirstöðu en þá, sem talin er í frumvarpinu inntökuskilyrði í skólann. En frjálst sé að ganga undir próf, sem veiti rétt til inngöngu í 2. og 3. ársdeild skólans. Hafa þá svokallaðir gervismiðir, að minnsta kosti fyrstu árin,, gott tækifæri til að sýna getu sína og vilja til að verða fullgildir iðnaðarmenn.

Námskjör yrðu þau sömu 2 fyrstu árin, sem í frumvarpinu segir, en 3. árið að einhverju verulegu leyti betri, enda sé þeim þá, sem til þess eru taldir hæfir, leyft að standa að mestu einir fyrir húsasmíði í sveitum og smáþorpum landsins, undir eftirliti skólans og á hans ábyrgð, og sé slík verkstjórn einn þáttur í prófi þeirra.

Einhverjir munu sjálfsagt finna það tillögum þessum til foráttu, að menn þessir, sem öðluðust sjálfsögð réttindi við nám sitt, mundu ekki setjast að í sveitum og þorpum, og að sjálfsagt sé því að reyna að halda þeim þar upp á lífstíð, með þvingunarlögum, ef þeir eigi að fá að stunda iðn sína. Og getur það vel verið, að einhverjir þeirra mundu leita burtu úr sveitinni. En þess ber að gæta, að sveitirnar fengju strax nokkurn vinnukraft á þessu sviði frá skólanum, auk þess sem verktækni ýmiss konar mundi breiðast þaðan út. Þá má telja það óvíst, að í kaupstaðina verði nokkur sérstök uppgrip að sækja á þessu sviði eftir nokkur ár, ef önnur eins fjölgun heldur áfram í þessum fögum og nú er. Væri fróðlegt fyrir þingmenn að kynna sér, hvað nú eru teknir margir nýnemar, t. d. í húsasmíði hér í Reykjavík ár hvert. Mundi þá eflaust koma í ljós, að eftir nokkur ár verður þörfinni á því sviði fullnægt og jafnvægi komið á um framboð og eftirspurn. Það er nú einu sinni svo, að þjálfun iðnaðarmanna tekur meira en eitt misseri eða svo, og engin undur, þó að hin mikla breyting frá atvinnuleysi á þessu sviði til stórkostlegri byggingaframkvæmda en nokkurn tíma hafa átt sér stað á landinu, ylli ýmsum óþægindum í bili, mun svo að hafa verið á fleiri sviðum, að menn munu ekki hafa varað sig á stríðinu og afleiðingum þess, þó að minna sé um margt af því talað og ekki beinlínis kennt illvilja og innilokunarstefnu, eins og oft heyrist gert um vöntun á iðnaðarmönnum. Hverjir mundu hafa staðizt við það fyrir stríð, þegar ekkert var að gera oft og tíðum fyrir þá iðnaðarmenn, sem fyrir voru, að kenna öllum þeim fjölda, sem þurft hefur í hinar ýmsu iðngreinar síðustu árin, þó að kjör iðnnema hafi alltaf verið frekar bágborin.

Að síðustu skal það tekið fram, að vér teljum nýbreytni þessa merkilegt mál og að mikið sé undir því komið, að vel til takist og að vel sé til alls vandað, ef að þessu ráði verður horfið.

Virðingarfyllst.

F. h. Sveinasambands byggingamanna.

Steingr. Sigurðsson
(forseti).

Til iðnaðarnefndar Alþingis.

Fylgiskjal IV.

Frá Iðnaðarritinu.

Kristján S. Sigurðsson, trésm.meistari á Akureyri, skrifar Iðnarritinu eftirfarandi til birtingar. En þar sem nokkuð er þangað til ritið getur komið út, leyfir ritstj. sér að senda háttvirtri iðnaðarnefnd pistil Kristjáns til athugunar.

Ég var í gærkvöldi að lesa greinargerð Hermanns Jónassonar með frumvarpi

hans um iðnskóla í sveit. En frumvarpið finnst mér vera svo vanhugsað, að full ástæða sé til, að Landssamband iðnaðarmanna taki það rækilega til athugunar.

Það er lítið samræmi í því, að maður, sem ætlar að verða húsasmíðameistari, sé skyldaður til þess með lögum að vera við fast nám í 4 ár og vinna svo með öðrum í 3 ár, áður en hann má standa fyrir húsbyggingum. En eftir frumv. Hermanns á maður að vera aðeins 2 ár í skóla til þess að verða fullfær húsasmíðameistari, málari, rafvirki og pípulagningamaður. Þetta finnst mér í senn ranglæti og heimska. Það er hægt að unga út fjölda af mönnum á fáum árum í tveggja ára skóla, sem þykjast vera fullfærir smiðir. Að vísu stendur í frumvarpinu, að þeir fái aðeins rétt til að byggja hús í sveitum. En hvaða trygging er fyrir því, að þeir flytji ekki í bæina og verði teknir þar sem fullgildir smiðir. Ég get ekki heldur séð, að það sé minni vandi að byggja hús í sveit en í kaupstað. Það er áreiðanlega mesta tjón bænda, sem hafa komið sér upp húsum, að hafa notazt við menn, sem ekki kunna að byggja. Veit ég mörg dæmi þess, og skal ég nefna eitt þeirra.

Tvö hús voru byggð í sömu sveit og bæði eftir sama uppdrætti. Annað húsið byggði maður, sem álitið var, að væri góður smiður. Hitt byggði maður, sem álitið var, að væri góður smiður, þó hann hefði aldrei lært að smíða. Þegar húsin voru fullgerð og reikningarnir gerðir upp, kom í ljós, að vinnulaun við húsið hjá þeim ólærða voru helmingi hærri en við húsið, sem smiðurinn byggði. Hafði „fúskarinn" þó tekið nokkru lægra kaup en smiðurinn. Hann hafði einnig eytt meira efni. Hvernig þessi hús hafa reynzt, veit ég ekki. Hitt er alkunnugt, að fjöldi húsa, sem viðvaningar hafa byggt, eru ekki hús nema að nafninu til. Þau eru köld, full af raka og fúna fljótt. Þessi mistök eru þó ekki ævinlega því að kenna, að ekki hafi verið hægt að fá lærða menn til að byggja húsin í sveitunum. Miklu oftar fyrir það, að bændur hafa ekki viljað greiða það kaup, sem smiðurinn þarf að fá. Þetta þekki ég af eigin reynslu.

Að mínu áliti verða það lélegir byggingamenn, sem koma frá tveggja ára iðnskóla í sveit, og það er hreint óforsvaranlegt að fá 20 ára reynslulausum unglingum það ábyrgðarstarf að byggja upp sveitirnar okkar, hvort sem húsin eru smá eða stór og úr hvaða efni sem þau eru byggð.

Ed. 424. Lög

um breyting á lögum nr. 93 28. desember 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947.

(Afgreidd frá Ed. 19. febr.)

Samhljóða þskj. 388.

Nd. 425. Lög

um tilraunastöð háskólans í meinafræði.

(Afgreidd frá Nd. 19. febr.)

Samhljóða þskj. 401.

Nd. 426. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Frá því er útvarpsumræður um þingmál frá Alþingi hófust, hefur það verið venja, að við þá umræðu máls hafa ekki frekari umræður átt sér stað, að undantekinni 1. umr. fjárlaga, en um þá umr. gilda sérstök ákvæði. Um þingsályktanir er langvenjulegast ein eða tvær umræður, hvort sem till. er flutt í deild eða sameinuðu þingi, en eins og kunnugt er, eru þrjár umr. um frumv. í hvorri deild, um fjárlög og fjáraukalög er rætt í sameinuðu þingi, og eru viðhafðar þrjár umr. Það eru þess vegna fleiri tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri við umr. um frumv. en þingsályktanir.

Flutningsmaður þessa frumv. telur ákvæði þingskapa um útvarpsumræðu og þá venju, er tíðkazt hefur um framkvæmd þeirra undir vissum kringumstæðum, ekki viðhlítandi. Vitnar hann í því sambandi til aðstöðu sinnar við umræður um samning við Bandaríkin um Keflavíkurflugvöllinn. Þó að flutningsm. þessa frumv. nefni þetta dæmi um umr., sem fram fóru um samning um Keflavíkurflugvöllinn, þar sem hann hafði sérstöðu, þá má nefna nokkur fleiri dæmi þess, úr þingsögu síðustu ára, þar sem minni hluti í flokki hefur ekki átt þess kost að koma skoðun sinni við útvarpsumræður á framfæri. Nefndin er þeirrar skoðunar, að þetta geti haft óþægindi í för með sér fyrir einstaka þingmenn í einstökum málum, en telur hæpið, að ákvæði þessa frumv., þó að lögum yrðu, séu heppileg. Það verða að vera nokkur takmörk fyrir því, að menn eigi rétt á að tala við útvarpsumræðu, aðeins af því að þeir telji sig hafa sérstöðu til málsins. Í fyrsta lagi má gera mikinn mun á því, hvort þingm. á þess kost að koma skoðun sinni á framfæri við meðferð málsins í þinginu eða ekki. Í öðru lagi má gera nokkurn mun á því, hvort margar umræður fara fram um málið í þinginu eða aðeins ein eða tvær. Þá virðist einnig mega gera einhvern mun á því, hvers eðlis málið er, t. d. stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar, er við völdum tekur og flokkur t. d. stendur ekki óskiptur að, umræðu um vantraust á ríkisstjórn og tillögur um utanríkismál o. fl. Það kemur þess vegna sitthvað til athugunar, þegar breyta skal ákvæðum þingskapanna um þetta efni, og er nauðsynlegt, að málið sé gaumgæfilega athugað.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að það beri að vanda sem bezt til þessarar endurskoðunar á þingsköpunum og telur æskilegast, að ríkisstjórnin láti slíka athugun fara fram fyrir næsta Alþingi.

Hermann Guðmundsson óskar þess getið, að hann telur afgreiðslu þess máls (flugvallarmálsins), sem flm. frv. vitnar í, hafi verið óviðunandi og að rétt sé, þó að útvarpsumræðum um eitthvert mál sé lokið, þá geti almennar umræður um það haldið áfram á Alþingi.

Nefndin leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin láti fara fram fyrir næsta Alþingi nákvæma athugun á ákvæðum þingskapa um útvarp, þykir deildinni ekki ástæða til að samþykkja frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. febr. 1947.

Garðar Þorsteinsson, form.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.	Finnur Jónsson, fundaskr.
Hermann Guðmundsson, með fyrirv.	Jóhann Hafstein.	

Ed. 427. Framhaldsnefndarálit

um frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. umr. var látin sú ósk í ljós, að nefndin aflaði upplýsinga um, hver aukin útgjöld fyrir ríkissjóð það hefði í för með sér að láta ríkissjóð kosta viðhald á aukavarðlínum, og hver aukin útgjöld fyrir ríkissjóð væru samfara samþykkt tillagna nefndarinnar, miðað við frumvarpið eins og það kom frá neðri deild.

Nefndin bað framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar að segja álit sitt um þetta, og hefur hann gert það með bréfi, dags. 18. febr., og hljóðar það svo:

„Reykjavík, 18. febr. 1947.

Samkvæmt ósk hr. Páls Zóphóníassonar alþingismanns f. h. landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis, hef ég athugað, hversu mikilli útgjaldaaukningu breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til laga „um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra“ eru líklegar til að valda ríkissjóði, ef samþykktar verða.

Ekki er sýnilegt, að neinar af þessum breytingartillögum hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, miðað við frumvarpið eins og það var afgreitt eftir 3. umræðu í Nd., nema nr. 1 við 8. gr. frumvarpsins. Þar er gert ráð fyrir, að ríkissjóður kosti viðhald á aukavarðlínum.

Árið 1946 varð viðhaldskostnaður á aukavarðlínum um kr. 50000.00. Þar í er talið viðhald á Ytri-Rangárgirðingu, sem ekki er aðalvarðlína samkvæmt lögum, en er þó raunverulega aðallína, eins og nú er komið. Hins vegar er ekki talinn með viðhaldskostnaður á Eyjafjarðarlínum, jafnvel þó að þær séu ekki lögum samkvæmt aðalvarnarlína. En þar sem sú lína afmarkar nú fjárskiptasvæði, er engin leið til annars en að ríkið kosti viðhald hennar, meðan svo standa sakir, enda er á hana litið sem aðalvarnarlínu.

Viðhaldskostnaður allra varnarlína varð á árinu 1946 um kr. 250000.00 og lét því nærri, að viðhaldskostnaður á aukavarðlínum yrði um ⅕ af þeim kostnaði, eða um kr. 50000.00, eins og áður er sagt.

Ekki er hægt að segja um, hversu mikill viðhaldskostnaður á varnarlínum verður á næstu árum, eða hvaða hlutföll verða milli aðalvarnarlína og aukavarnarlína, en ofansagt gefur bendingar í þessa átt.

Í 6. lið er lagt til, að 23. gr. frumvarpsins verði breytt á þá leið, að bæta skuli nautgripi, ef þeim er slátrað eftir garnaveikirannsóknir. Þetta er eðlilegt ákvæði, en ekki líklegt, eins og nú horfir, til að hafa mikil útgjöld í för með sér, og engin aukin útgjöld, því ef nauðsynlegt telst að farga nautgripum, verður ekki komizt hjá að bæta þá eitthvað, hvort sem það stendur í lögum eða ekki. Yrði það gert með samþykki ráðherra eins og s. l. ár, ef lögin gerðu ekki ráð fyrir slíku. (Sjá 6. gr. reglugerðar um varnir gegn útbreiðslu garnaveiki í nautgripum og af völdum þeirra frá 12. maí 1946.)

Allar breytingartillögur landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis við umrætt frumvarp virðast mér vera til bóta, og leyfi mér að mæla með því, að þær verði samþykktar.

Virðingarfyllst

Sæm. Friðriksson.“

Enn var óskað upplýsinga um, hver mundi verða mismunur á kostnaði við varnirnar og fjárskiptin, miðað við núgildandi lög og frumvarpið eins og það kom frá neðri deild, að viðbættum breytingartillögum nefndarinnar.

Þar munar það mestu, að eftir núgildandi lögum er gert ráð fyrir, að sá, er fjárskipti hefur, fái 66 lömb fyrir hverjar 100 ær, sem hann átti við næstu áramót fyrir fjárskiptin, en nú er ætlazt til, að hann fái aðeins 50 lömb og miðað við fjártölu næst næstu áramót fyrir fjárskiptin. Um hve mikinn sparnað er hér að ræða, fer eftir fjárverðinu og á hve stóru svæði fjárskiptin eru gerð árlega, og verður ekki sagt um, hve mikinn árlegan sparnað er um að ræða.

Þá smáfalla úr varðlínur, eftir því sem fjárskiptum miðar áfram, og má ætla, að eftir frumvarpinu nú kunni þeim að miða örara en eftir núgildandi lögum.

Nefndin hefur ekki enn tekið afstöðu um VII. kafla laganna, en þar sem hann verður væntanlega borinn upp sér, sést afstaða deildarinnar til hans, en hann hefur í för með sér útgjöld, ef samþykktur verður, og er ekki gert ráð fyrir tilsvarandi í núgildandi lögum.

Alþingi, 19. febr. 1947.

Þorst. Þorsteinsson, form. Ásmundur Sigurðsson, fundaskr. Páll Zóphóníasson, frsm.

Eiríkur Einarsson, með fyrirvara. Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. 428. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 394 (Tannlækningar).

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Breytingartillagan orðist þannig:

1. gr. orðist þannig:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær þó ekki til lækna, ef þeir sanna heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein, og ekki til þeirra tannsmiða, er þegar hafa fengið leyfi til að starfa sjálfstætt, enda haldi þeir þá þessu leyfi fyrst um sinn, þar til ákvæði verða sett í lögum um réttindi þeirra og skyldur.

Nd. 429. Nefndarálit

um frv. til l. um bæjarstjórn á Sauðárkróki.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. febr. 1947.

Sigurður E. Hlíðar, form. Helgi Jónasson, frsm. Katrín Thóroddsen, fundaskrifari.

Garðar Þorsteinsson. Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 430. Breytingartillaga

við frv. til l. um menntun kennara.

Frá menntamálanefnd.

39. gr. orðist svo:

Þegar hús verður reist yfir skólann, skal þar vera heimavist fyrir þá nemendur, er búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla, svo og aðra nemendur, er heimili eiga utan Reykjavíkur.

Nd. 431. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 121 12. des. 1945, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „og ekki hærra en 10 af þúsundi“ í 1. gr. l. 121/1945 komi: og ekki hærra en 12 af þúsundi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram í samráði við vegamálastjóra, og lætur hann fylgja því svo hljóðandi greinargerð:

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um hámarksframlag úr ríkissjóði til sýsluvegasjóða, þannig að það mætti miðast við 10‰ af fasteignaskatti í stað 6‰, er áður var.

Nú þykir hafa komið í ljós, vegna hækkunar á vegagerðarkostnaði jafnframt auknum þörfum vegasjóðanna til meiri tekna, að brýn þörf er að setja hámark þetta hærra, og er hlutfallstalan hér ákveðin 12‰.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar í bréfi vegamálastjóra til nefndarinnar, dags. 14. des. 1946, sem prentað er sem fylgiskjal með vegalagafrv. því, er nefndin flytur á þskj. 330.

Enn fremur vísast til greinargerðar á þskj. 22, 22. mál 1945, er fylgdi frv. því, er þá varð að lögum, um hækkun úr 6‰ í 10‰.

Sþ. 432. Nefndarálit

um till. til þál. um bætt starfsskilyrði á Alþingi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna ásamt brtt. á þskj. 120 og er sammála um, að nauðsyn beri til þess, að bætt verði hið fyrsta starfsskilyrði þeirra, er vinna störf sín í húsakynnum Alþingis, og þá fyrst og fremst þingmanna. Enn fremur blaðamanna, sem búa þar nú við mjög erfið vinnuskilyrði. Þá ræddi nefndin nokkuð um húsnæðismál þeirra þingmanna, sem heima eiga utan Reykjavíkur. Varð það að ráði

að bæta inn í aðaltillöguna áskorun til ríkisstjórnarinnar um að hagnýta þær heimildir, sem hún hefur í lögum til þess að byggja þingmannabústað í Reykjavík.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með þeim viðauka, er felst í brtt. á þskj. 120.

Alþingi, 19. febr. 1947.

Ingólfur Jónsson, form.	Sigurður Bjarnason, frsm.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.
Finnur Jónsson.	Jón Sigurðsson.	Sigfús Sigurhjartarson.
	Bernh. Stefánsson.	

Sþ. 433. Breytingartillaga

við till. til þál. um að gera Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu laxgenga ofan við rafstöðina hjá Brúum.

Frá Gísla Jónssyni.

Aftan við tillgr. á þskj. 418 bætist:

Kostnaðurinn greiðist sameiginlega af þeim aðilum, sem veiðirétt eiga í ánni, enda verði athugunin framkvæmd í samráði við þá.

Sþ. 434. Þingsályktun

um athugun á hrygningarstöðum í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ofan við Brúagljúfur o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 20. febr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka hrygningarskilyrði fyrir lax í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ofan við Brúagljúfur. Ef þau reynast álitleg, að láta þá fram fara athugun á því, á hvern hátt auðveldast er að gera fiskiveg í Brúagljúfri, og semja kostnaðaráætlun um það, enda sé við þessar athuganir höfð í huga framhaldsvirkjun árinnar.

Ed. 435. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. febr. 1947.

Eiríkur Einarsson, form., frsm.	Steingr. Aðalsteinsson, fundaskrifari.	Hannibal Valdimarsson, með fyrirvara.
Þorst. Þorsteinsson.	Björn Kristjánsson.	

Nd. **436. Breytingartillögur**

við frv. til l. um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 4. gr. Greinin falli niður.
2. Við 5. gr. Í stað 2. málsgr. koma tvær málsgr., svo hljóðandi:
   Upphæð lánanna má vera allt að 30% kostnaðarverðs til þeirra framkvæmda, sem styrkur er veittur til samkvæmt jarðræktarlögum, og allt að 60% kostnaðarverðs til annarra framkvæmda, enda sé það kostnaðarverð að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.
   Um lánveitingar, er stjórn sjóðsins telur vafa leika á, hvort veita skuli, skal hún leita álits Búnaðarfélags Íslands eða nýbýlastjórnar ríkisins, eftir því sem við á.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Þegar stjórn Ræktunarsjóðs hefur ákveðið að veita lán samkvæmt 5. gr., er henni heimilt að veita bráðabirgðalán, meðan á framkvæmdum stendur, gegn veði í framkvæmdinni og öðrum tryggingum, ef þurfa þykir, svo sem handveði, persónulegum ábyrgðum eða öðru, er hún tekur gilt sem tryggingu fyrir bráðabirgðaláninu.
   Þessi lán mega nema allt að 80% af hinu áætlaða láni, og skulu þau greidd að fullu um leið og stofnlánið er tekið.
4. Við 7. gr. Síðari málsl. („Allur kostnaður ... lántakanda") fellur niður.
5. Við 8. gr. Orðin „hreppsfélags eða" í 2. mgr. og „hrepps eða" í 3. mgr. falli niður.
6. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Seðladeild Landsbanka Íslands skal skylt að lána Ræktunarsjóði upphæð í íslenzkum krónum, sem samsvari því, er sjóðurinn lánar til kaupa á því, sem hefur haft í för með sér notkun erlends gjaldeyris, að byggingarefni undanskildu, með 1½% vöxtum. Seðladeild Landsbankans veitir lánin í opnum reikningi, en við hver árslok skal sameina lánveitingar liðins árs í eitt lán. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Ræktunarsjóðs gagnvart seðladeild Landsbankans. Ræktunarsjóður skal endurgreiða seðladeild Landsbankans lán þessi með jöfnum afborgunum á 10 árum. Þó má skuld sjóðsins við seðladeildina aldrei vera hærri en 10 millj. kr.
   Stjórn Ræktunarsjóðs og stjórn seðladeildarinnar ákveða með samkomulagi, hve mikill hluti lánanna gengur til kaupa á hinu erlenda efni. Ef ágreiningur yrði um ákvörðun þessa, skal leitað úrskurðar landbúnaðarráðherra.
7. Við 10. gr. Fyrir orðin „fyrir B-lánum" í fyrri málsgr. kemur: lánveitinga.
8. Við 13. gr.
   a. 2. tölul. orðist svo:
      Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef Ræktunarsjóði hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskipti.
   b. 4. tölul. orðist svo:
      Ef lögð er niður landbúnaðarframleiðsla eða störf fyrir landbúnaðinn á eignum þeim, er veðsettar eru Ræktunarsjóði.
9. Við 20. gr. Greinin falli niður.

Nd.

437. Nefndarálit

um frv. til vegalaga.

Frá samgöngumálanefnd.

Við flutning vegalagafrumvarpsins þótti nægja hin glögga greinargerð vegamálastjóra. Hefur síðan eigi þurft að gefa út nefndarálit um málið, en nú hefur talizt óhjákvæmilegt að bera fram af hálfu nefndarinnar, vegna framkominna óska þingmanna og í samráði við vegamálastjóra, eigi allfáar breytingar- og viðaukatillögur (við 2. gr.). Skýringar á þeim hefur vegamálastjóri gefið fullnægjandi í bréfi til nefndarinnar, dags. 17. þ. m., og er það prentað sem fylgiskjal hér á eftir. Brtt. eru á sérstöku þskj.

Alþingi, 20. febr. 1947.

Gísli Sveinsson, form.	Sigurður Bjarnason, frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskrifari.
Barði Guðmundsson.	Arnfinnur Jónsson	

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 17. febrúar 1947.

Vegalagafrumvarpið á þskj. 330.

Viðaukatillögur.

Það hefur komið í ljós í viðræðum við háttvirtar samgöngumálanefndir Alþingis og einstaka þingmenn, að svo þykir sem ég hafi farið nokkuð skammt í tillögum mínum um upptöku nýrra þjóðvega í vegalagafrv. því, er nú liggur fyrir Alþingi. Samkvæmt ósk samvinnunefndar hef ég á ný kynnt mér framkomnar breytingartillögur, svo og aðrar, sem ekki hafa komið fram í þingskjölum.

Hef ég því tekið saman viðbótartillögur þær, er hér fara á eftir og eru um 186,8 km nýrra vega. Yrði þá samtals lengd nýrra þjóðvega rúmlega 700 km. Þykir mér að vísu langt farið á þeirri braut að bæta við þjóðvegakerfið, og verður jafnan mjög álitamál, hverja vegakafla skuli taka og hverjum sleppa, þegar farið er svo langt inn á þá braut sem hér er gert, að taka með smávegakafla innansveitar. Þá er og hætt við, að örðugra verði að forðast þá dreifingu fjárveitinganna til nýbygginga, sem óhjákvæmilega gerir vinnuna í framkvæmdinni dýrari en ella.

Einstakar tillögur eru sem hér greinir:

Kjósarsýsla (sbr. þskj. 370).

Keldnavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Grafarholti í Mosfellssveit að tilraunastöð háskólans á Keldum.

Vegur þessi er 0,7 km. Hann var lagður í fyrra haust, og greiddi stofnunin allan kostnað. Í nál. menntamálanefndar Ed. (þskj. 370) um frv. til laga um tilraunastöð háskólans í meinafræði, bendir nefndin á, að ákvæði um vegagerð þessa eigi frekar heima í vegalögum en í lögum um tilraunastöðina. Þykir það rétt, og því er vegspotta þessum bætt hér inn.

Borgarfjarðarsýsla (þskj. 353).

Melasveitarvegur: Af Hafnarfjallsvegi hjá Skorholti um Melasveit á þjóðveginn sunnan við Höfn.

Vegur þessi er akfær, um 13 km að lengd.

Andakílsfossavegur nær samkv. frv. á Skorradalsveg nálægt Grund. Í tillögunni er lagt til að bæta við kaflanum norðan Skorradalsvatns allt inn að Fitjum, en ég mæli með að taka mikinn hluta þessarar leiðar, eða inn að Háafelli, sem er um 14 km og að mestu leyti akfær.

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

Kolviðarnesvegur: Af Stykkishólmsvegi vestan við Gerðuberg í Eyjahreppi að Kolviðarneslaug.

Vegur þessi er um 3,5 km, og er rösklega hálf leiðin akfær. Við Kolviðarneslaug hefur verið byggð sundlaug og gert ráð fyrir, að þar verði skólasetur héraðsins.

Búðavegur: Af Útnesvegi utan við Hraunhafnará til Búða.

Vegur þessi er um 2,4 km að lengd og komið nokkuð áleiðis að gera þar akfæran veg. Að Búðum er nú að rísa myndarlegt gistihús, og má vænta, að þangað verði þegar alfaraleið.

Helgafellssveitarvegur: Af Stykkishólmsvegi nálægt Gríshól um Kóngsbakka og Hraunháls á Eyrarsveitarveg í Berserkjahrauni.

Vegur þessi er um 10,5 km að lengd og að miklu leyti akfær. Má vænta þess, að hann verði aðalvegur út í Eyrarsveit, þegar hann er fullgerður og brú komin yfir Hraunsfjörð á Mjósundum.

Dalasýsla.

Staðarhólsvegur: Af Skarðsstrandarvegi við Kirkjuhvol í Saurbæ um Staðarhól að Þverfelli.

Í tillögunni á þskj. 59 er lagt til, að þjóðvegarkafli þessi verði ákveðinn að innsta bænum, Hvammsdal, en hér er sleppt tveim innstu bæjarleiðunum. Vegarkaflinn er um 4 km og ekki akfær.

Barðastrandarsýsla.

Gautsdalsvegur: Af Vesturlandsvegi sunnan Geiradalsár nálægt Bakka að Gautsdal.

Vegarlengd er um 3 km og er að mestu vegleysa.

Reykhólasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi við Kinnarstaðaskála að Hofsstöðum.

Vegarlengd er um 2 km og er sumarakfært. Hjá Hofsstöðum er lendingarstaður Breiðafjarðarbátsins, og eru því þaðan nokkrir flutningar, fólk og vörur inn í sveitina og í sambandi við langleiðir.

Gufudalsvegur nær nú að Gufudal og er enn ekki akfær. Talið er réttmætt, að framhald hans að Klettshálsi verði tekinn í þjóðvegatölu. Orðist þá þessi stafliður í frv. þannig: Af Vesturlandsvegi í Þorskafjörð um Gufudal um Skálanes og Kollafjörð að Kletti austan undir Klettsháls.

Vegarlengd frá Gufudal að Kletti er 25 km og hvergi akfært, en þessi leið er póstleið og aðalsamgönguleið um héraðið.

Örlygshafnarvegur er í frv. ákveðinn að Örlygshöfn, en rétt þykir að verða við áskorunum úr héraði um, að vegur þessi verði tekinn í þjóðvegatölu allt að Látrum. Orðast þá liðurinn þannig:

Örlygshafnarvegur: Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri um Sauðlauksdal og Gjögur í Örlygshöfn og Hafnarfjall að Látrum.

Vegarlengd, sem bætist við, er um 18 km, og er naumast hægt að telja neinn hluta leiðarinnar akfæran. Hafa þó næstliðin ár verið gerðar nokkrar umbætur, sumpart með styrk af fjallvegafé.

Vestur-Ísafjarðarsýsla.

Suðureyrarvegur nær nú að Suðureyri. Lagt er til, að kaflinn þaðan fyrir Spilli að Stað verði tekinn í þjóðvegatölu. Vegur þessi er um 3 km og liggur inn að aðalræktunarlandi kauptúnsins.

Núpsvegur nær nú að Núpi. Lagt er til, að vegspottinn þaðan, um 2,5 km, að Alviðruvör verði tekinn í þjóðvegatölu, ásamt um 9,5 km löngum kafla frá Gemlufelli inn með Dýrafirði að norðan til Lambadals.

Ketilseyrarvegur: Frá Þingeyri um Hvamm til Ketilseyrar.

Vegarlend er um 6 km.

Strandasýsla.

Selstrandarvegur (viðbót 6,5 km).

Vestur-Húnavatnssýsla.

Miðfjarðarvegur (viðbót 6 km).

Austur-Húnavatnssýsla (þskj. 393).

Skagastrandarvegur nær nú til Kálfshamarsvíkur. Í till. á þskj. 393 er lagt til, að tekinn verði í þjóðvegatölu vegurinn allt að Víkum. Ég mæli eftir atvikum með, að bætt verði við um hálfri þessari leið, eða út að Höfnum, sem er um 8,5 km.

Skagafjarðarsýsla (þskj. 354).

Flókadalsvegur eystri: Af Siglufjarðarvegi austan við Haganes um Barð að Stóru-Reykjum í Flókadal.

Vegarlengd er um 5 km og mun vera að mestu vegleysa.

Á sama þskj. er tillaga um að taka í tölu þjóðvega Reykjastrandarveg, sem ég hef ekki tekið með í mínar tillögur.

Eyjafjarðarsýsla.

Hörgárdalsvegur. Á þskj. 366 er tillaga um þennan veg, en hann er þegar kominn í frv. á þskj. 330 undir liðnum C. 22 Hörgárdalsvegur ytri.

Eyjafjarðarbraut nær nú að Jórunnarstöðum. Lagt er til, að bætt verði við 4 km kafla þaðan inn að Torfafelli. Liggur leið þessi síðan upp í Vatnahjallaveg.

Norður-Þingeyjarsýsla.

Ytri-Lónsvegur: Af Langanesvegi utan við Sauðanesós nálægt Ytra-Lóni að Eldjárnsstöðum.

Vegarlengd er um 4,5 km og að mestu vegleysa.

Suður-Múlasýsla.

Norðurdalsvegur: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að Þorvaldsstöðum.

Tillaga um þennan veg er á þskj. 392. Vegarlengd er um 12 km og að talsverðu leyti akfær.

Rangárvallasýsla (þskj. 358).

Vallavegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.

Í till. á þskj. 358 er lagt til, að þjóðvegarkafli þessi verði ákveðinn um Velli að Árgilsstöðum, sem er tæpum km lengra. Að Velli er 5,5 km og akfært.

Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsbraut austan við Markarfljótsbrú inn að Stóru-Mörk.

Vegur þessi er um 2,5 km og venjulega akfær.

Árnessýsla.

Bræðratunguvegur: Af Biskupstungnabraut austan við Tungufljótsbrú að Bræðratungu.

Rætt hefur verið um að brúa Tungufljót skammt norðan við Bræðratungu og koma hverfinu þannig í vegasamband. Er til kom, reyndist brú þessi mjög kostnaðarsöm, og er nú horfið frá því ráði og áformað að gera veg þann, sem hér er lagt til að taka í tölu þjóðvega. Vegarlengd er um 8,0 km, en að miklu leyti vegleysa.

Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Gaulverjabæjar um Hamarsbæi og Skógsnes á Villingaholtsveg nálægt Sýrlæk.

Á þskj. 362 er tillaga um Vorsabæjarveg, sem að allmiklu leyti fellur saman við veg þann, sem hér er nefndur Hamarsvegur og er um 8,2 km að lengd og bílfær um hálf leiðin.

Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að Kaldaðarnesi.

Vegur þessi er akfær, 5,0 km að lengd. Í Kaldaðarnesi er nú hæli, sem ríkissjóður rekur, og er þangað aðalumferð um veginn.

Nýir þjóðvegakaflar samkv. viðbótartillögum vegamálastjóra:

Kjósarsýsla (áður 32,0 km):	
Keldnavegur	0,7 km
Borgarfjarðarsýsla (áður 21,2 km):	
Melasveitarvegur	13,0 —
Andakílsfossavegur (viðbót)	14,0 —
Snæfellsnessýsla (áður engir):	
Kolviðarnesvegur	3,5 —
Búðavegur	2,4 —
Helgafellssveitarvegur	10,5 —
Dalasýsla (áður 11,0 km):	
Staðarhólsvegur	4,0 —
Barðastrandarsýsla (áður 40,0 km):	
Geiradalsvegur innri	3,0 —
Reykhólasveitarvegur (viðbót)	2,0 —
Gufudalsvegur (viðbót)	25,0 —
Örlygshafnarvegur	18,0 —
Vestur-Ísafjarðarsýsla (áður 4,0 km):	
Suðureyrarvegur (viðbót)	3,0 —
Núpsvegur, viðbót 2,5+9,5 km	12,0 —
Ketilseyrarvegur	6,0 —
Strandasýsla (áður 9,0 km):	
Selstrandarvegur (viðbót)	6,5 —
Vestur-Húnavatnssýsla:	
Miðfjarðarvegur (viðbót)	6,0 —
Austur-Húnavatnssýsla (áður 15,0 km):	
Skagastrandarvegur (viðbót)	8,5 —
Skagafjarðarsýsla (áður 33,0 km):	
Flókadalsvegur innri	5,0 —
Eyjafjarðarsýsla (áður 15,0 km):	
Eyjafjarðarbraut	4,0 —
Norður-Þingeyjarsýsla (áður engir):	
Ytri-Lónsvegur	4,5 —
Suður-Múlasýsla (áður 23,0 km):	
Norðurdalsvegur	12,0 —
Rangárvallasýsla (áður 43 km):	
Vallavegur	5,5 —
Þórsmerkurvegur	2,5 —
Árnessýsla (áður 22 km):	
Bræðratunguvegur	8,0 —
Hamarsvegur	8,2 —
Kaldaðarnesvegur	5,0 —
Samtals	192,8 km
Í fyrri tillögum á þskj. 330	529,2 —
Fallið úr af vangá:	
Austur-Skaftafellssýsla:	
Hornsvegur	5,5 —
Samtals	727,5 km

Geir G. Zoëga.

Til samgöngumálanefndar Nd. Alþingis.

Nd.

438. Breytingartillögur

við frv. til vegalaga.

Frá samgöngumálanefnd.

Við 2. gr.

1. Greinin hefjist þannig:
   Þjóðvegir eru þessir:
2. Á eftir „Rangárvelli“ í A. 1. komi: Hvolhrepp.
3. Á eftir A. 12. komi nýr liður:
   Bræðratunguvegur: Af Biskupstungnabraut austan við Tungufljótsbrú að Bræðratungu.
4. Á eftir A. 24. komi nýr liður:
   Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Gaulverjabæjar um Hamarsbæi og Skógsnes á Villingaholtsveg nálægt Sýrlæk.
5. Á eftir A. 25. komi nýr liður:
   Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að Kaldaðarnesi.
6. Á eftir A. 33. komi nýir liðir:
   a. *Vallarvegur:* Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.
   b. *Merkurvegur:* Af Suðurlandsbraut austan við Markarfljótsbrú inn að Stóru-Mörk.
7. Á eftir B. 1. komi nýr liður:
   Keldnavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Grafarholti í Mosfellssveit að Keldum.
8. Við B. 6. Liðurinn orðist svo:
   Andakílsfossavegur: Af Vesturlandsvegi nálægt Ausu, hjá Andakílsfossum og Grund að Háafelli í Skorradal,
9. Við B. 7. (Leirársveitarvegur): Í stað „Leirá, síðan“ komi: Leirárbrú um Leirá.
10. Á eftir B. 9. komi nýr liður:
    Melasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti um Melasveit á Vesturlandsveg sunnan við Höfn.
11. Á eftir B. 23. komi nýr liður:
    Kolviðarnesvegur: Af Stykkishólmsvegi vestan við Gerðuberg í Eyjahreppi að Kolviðarneslaug.
12. Á eftir B. 25. komi nýr liður:
    Búðavegur: Af Útnesvegi utan við Hraunhafnará til Búða.
13. Á eftir B. 27. komi nýr liður:
    Helgafellssveitarvegur: Af Stykkishólmsvegi nálægt Grishól í Helgafellssveit um Kóngsbakka og Hraunháls á Eyrarsveitarveg í Berserkjahrauni.
14. Á eftir B. 33. komi nýr liður:
    Staðarhólsvegur: Af Skarðsstrandarvegi, við Kirkjuhvol í Saurbæ um Staðarhól að Þverfelli.
15. Á eftir B. 34. komi nýr liður:
    Gautsdalsvegur: Af Vesturlandsvegi sunnan Geiradalsár, nálægt Bakka að Gautsdal.
16. Við B. 35. (Reykhólasveitarvegur). Við liðinn bætist: og af Vesturlandsvegi hjá Kinnarstöðum að Hofsstöðum.
17. Við B. 36. Liðurinn orðist svo:
    Gufudalsvegur: Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði um Gufudal, Skálanes og Kollafjörð að Kletti austan undir Klettshálsi.
18. Við B. 41. (Selstrandarvegur). Í stað „að Bæ“ komi: um Bæ til Kaldrananess.
19. Við B. 49. Liðurinn orðist svo:
    Suðureyrarvegur: Af Ísafjarðarvegi á Breiðdalsheiði um Botnsheiði út með Súgandafirði um Suðureyri að Stað.

20. Við B. 52. Liðurinn orðist svo:
Núpsvegur: Frá Alviðruvör um Núp og Gemlufall að Lambadal.
21. Á eftir B. 54. komi nýr liður:
Ketilseyrarvegur: Frá Þingeyri um Hvamm til Ketilseyrar.
22. Við B. 61. Liðurinn orðist svo:
Örlygshafnarvegur: Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri um Sauðlauksdal, Gjögur í Örlygshöfn og Hafnarfjall að Látrum.
23. Við C. 3. Fyrir „Haugi" komi: Núpi.
24. Við C. 10. Liðurinn orðist svo:
Skagastrandarvegur: Frá Blönduósi um Skagaströnd og Kálfshamarsvík til Hafna.
25. Á eftir C. 19. komi nýr liður:
Flókadalsvegur eystri: Af Siglufjarðarvegi austan við Haganes, um Barð að Stóru-Reykjum í Flókadal.
26. Við C. 28. (Eyjafjarðarbraut). Í stað „að Jórunnarstöðum" komi: um Jórunnarstaði að Torfufelli.
27. Á eftir C. 42. komi nýr liður:
Ytri-Lónsvegur: Af Langanesvegi utan við Sauðanesós, nálægt Ytra-Lóni að Eldjárnsstöðum.
28. Á eftir D. 23. komi nýr liður:
Norðurdalsvegur: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að Þorvaldsstöðum.

Nd. 439. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abraham, Robert Louis Eugen, söngstjóri í Reykjavík, fæddur 17. maí 1912 í Þýzkalandi.
2. Als, Emil, námsmaður, Reykjavík, fæddur 6. jan. 1928 í Danmörku.
3. Ásgeir Ingimundarson, veggfóðrari í Reykjavík, fæddur 6. sept. 1881 á Íslandi.
4. Baldur Arent Nielsen-Edvin, listmálari í Reykjavík, fæddur 23. jan. 1918 í Danmörku.
5. Beckmann, Ernst Wilhelm, myndskurðarmaður, f. 5. febr. 1909 í Þýzkalandi.
6. Bendtsen, Bendt Dahlbom, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 14. des. 1906 í Danmörku.
7. Björn Malmfred Björnson, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 16. febr. 1913 í Noregi.
8. Dofri, Steinn Jónasson, ættfræðingur, fæddur 11. apríl 1875 á Íslandi.
9. Hinz, Hans Joachim Gunnar Theodór Magnús, vélvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 10. maí 1927 á Íslandi.
10. Jack, Robert John, settur sóknarprestur í Heydalaprestakalli, fæddur 5. ágúst 1913 í Skotlandi.
11. Jedlichovà, Laufey Einarsdóttir, ekkja í Reykjavík, fædd 9. febr. 1906 á Íslandi.
12. Jóhann Páll Björnsson, laxveiðimaður, Reykjavík, fæddur 29. marz 1878 á Íslandi.
13. Jóhann Stefán Thorarensen, fyrrv. bóndi, Akureyri, fæddur 7. ágúst 1872 á Akureyri.
14. Jörgensen, Bent Bjarno, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 25. ágúst 1927 í Danmörku.

15. Katrín Ólafsdóttir Mixa, frú, Reykjavík, fædd 3. marz 1916 á Íslandi.
16. Klahn, Albert Gerhard Ferdinand,, hljómsveitarstjóri í Reykjavík, fæddur 10. ágúst 1885 í Þýzkalandi.
17. Lárus Sigurjónsson, skáld í Reykjavík, fæddur 14. ágúst 1874 á Íslandi.
18. Lindemann, Albert Volker, forstöðumaður í Varmahlíð í Skagafirði, fæddur 17. ágúst 1899 í Þýzkalandi.
19. Olsen, Ole, verkamaður í Njarðvíkum, fæddur 8. nóv. 1899 í Færeyjum.
20. Petersen, Aage Laurits, fulltrúi í Reykjavík, fæddur 14. des. 1879 í Danmörku.
21. Syre, Gabriel, verkamaður á Ísafirði, fæddur 16. júlí 1914 á Íslandi.
22. Vestmann, Ingibjörg Einarsdóttir, iðnmær í Reykjavík, fædd 25. des. 1919 í Kanada.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 440. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, og útrýmingu þeirra.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Sjúkdómar, er lög þessi ná til, og markmið framkvæmda.

1. gr.

Ákvæði laga þessara ná til eftirtaldra sjúkdóma:

1. Mæðiveiki.
2. Þurramæði (þingeysk mæðiveiki).
3. Garnaveiki (paratuberculosis) í búfé.

Þessir sjúkdómar nefnast einu nafni fjársóttir í lögum þessum.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

2. gr.

Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma þeirra, sem taldir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra með fjárskiptum innanlands, svo og með kynbótum og tæknifrjóvgun frá erlendum sauðfjárkynjum, er inn kunna að verða flutt í þeim tilgangi.

II. KAFLI
Um framkvæmdastjórn.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

5. gr.

Verkefni sauðfjársjúkdómanefndar er:

1. Að koma upp varnarlínum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og viðhaldi.
2. Að hafa stjórn annarra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum.
3. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
4. Að hafa umsjón með kynbótum sauðfjár, er framkvæmdar eru með innflutningi erlendra fjárkynja og tæknifrjóvgun.
5. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er lög þessi fjalla um.

III. KAFLI
Um varnarlínur og varnir.

6. gr.

Varnarlínur teljast:

1. Ófærar ár, vötn og jöklar eða fjöll, sem engar líkur eru til, að sauðfé fari yfir.
2. Tvöfaldar gaddavírsgirðingar.
3. Einfaldar gaddavírsgirðingar.

Varðmenn skal hafa á varnarlínum til öryggis þar, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur þess þörf.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjar af þeim varnarlínum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlínur skulu settar upp á milli fjárskiptasvæða, eftir því sem samkomulag verður um milli framkvæmdastjórna viðkomandi fjárskiptafélaga og sauðfjársjúkdómanefndar, og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra ákveður skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

7. gr.

Girðingastæði skulu valin, þar sem bezt skilyrði eru til varnar frá náttúrunnar hendi. Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að löndum sínum, ef nauðsyn krefur. Þegar svo stendur á, skal leitast við að bæta það með tilsvarandi löndum í skiptum, ef unnt er.

Verði ekki samkomulag um landaskipti, eða bætur fyrir misst land, skal ákveða bætur með gerðardómi, þar sem aðilar tilnefna sinn manninn hver og landbúnaðarráðherra tilnefnir oddamann. Bætur þær, sem þeir ákveða, greiðast af þeim, er landið fá, og miðast við notagildi landsins. Nægi það eigi, greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslusjóður það, sem til vantar, að hálfu hvor.

8. gr.

Girðingar á aðalvarnarlínum skulu lagðar og viðhaldið á kostnað ríkissjóðs. Í girðingar í aukavarnarlínur leggur ríkissjóður efni, en hlutaðeigendur í héraði annast á sinn kostnað flutning efnisins frá hafnarstað og uppsetningu girðinganna, en viðhald þeirra kostar ríkissjóður.

Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur, sker landbúnaðarráðherra úr, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

Varzla meðfram varnargirðingum skal ákveðin af sauðfjársjúkdómanefnd, en framkvæmd af aðliggjandi fjárskiptafélögum á kostnað ríkissjóðs.

Reikninga um kostnað ríkissjóðs samkvæmt þessari grein úrskurðar sauðfjársjúkdómanefnd.

9. gr.

Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlínum framvegis, þar til sauðfjársjúkdómanefnd, með samþykki landbúnaðarráðherra, ákveður að leggja þær niður.

Bændur eða upprekstrarfélög, sem lönd eiga að girðingum, sem lagðar eru niður, skulu hafa forkaupsrétt að þeim eftir mati dómkvaddra manna.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlínum hvíli sem mest á herðum fjáreigenda, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

10. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varnarlínur þær, sem um ræðir í 6.—9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar hefur yfirumsjón og eftirlit með störfum varðmanna.

11. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum, varða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

12. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

13. gr.

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur, nema með leyfi sauðfjársjúkdómanefndar. Sleppi kindur yfir varnarlínur, skal þeim tafarlaust slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem þráfaldlega sækja á að komast yfir varnarlínu. Þær kindur, sem slátrað er af þessum sökum, skal bæta þannig, að eigandi fái fullt niðurlagsverð (haustverð) fyrir. Greiðast þær bætur úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem verð afurðanna hrekkur ekki til.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að láta bann það, er um ræðir í þessari grein, ná einnig til annars búpenings, eftir því sem ástæða er til.

14. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétt og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna.

Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við varnarlínur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé slátrað.

15. gr.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd og sveitarstjórnum eða stjórnum upprekstrarfélaga, með samþykki sauðfjársjúkdómanefndar, að fyrirskipa breytingu á upprekstri, fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til að hindra útbreiðslu fjársótta eða til að tryggja vörzlu og árangur fjárskipta. Slíkar breytingar teljast eigi brot á fjallskilareglugerðum.

16. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu

tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar eða þeim slátrað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum, við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varðlínur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er, ef kindunum er slátrað.

17. gr.

Fáist vissa fyrir, að einhver fjársótt hafi borizt yfir varnarlínu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé.

18. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

19. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til.

20. gr.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Sama skylda hvílir á eigendum nautgripa, ef grunsamleg veiki kemur upp í gripum þeirra. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhverja fjársótt geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

21. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki, má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé ósýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum, með fé frá ósýktum heimilum.

22. gr.

Þar sem sauðfé eða nautgripir er sýkt eða grunað af garnaveiki og eigendur óska að fá það rannsakað eða sauðfjársjúkdómanefnd telur það nauðsynlegt, skal rannsóknin gerð svo fljótt sem unnt er. Lyf, tæki, kennslu og leiðbeiningar skal þá leggja til á kostnað ríkissjóðs, en fjáreigendur kosta framkvæmd verksins.

Sveitarstjórnir skulu hafa umsjón með slíkum rannsóknum í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd.

23. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, fyrirskipað að slátra því búfé, er að lokinni rannsókn þeirri, er um ræðir í 22. gr., reynist sjúkt eða grunað.

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður bætur fyrir búfé, sem er slátrað, vegna þess að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. Bætur fyrir sauðfé skulu miðaðar við niðurlagsverð á haustdegi, en tekið tillit til fóðurkostnaðar, sem fallið hefur á það

frá síðustu haustnóttum, ef því er slátrað að vetrar- eða vorlagi. Nautgripi skal bæta eftir gangverði í þeirri sveit. Bætur þessar greiðast úr ríkissjóði. Hið sama gildir um fé, sem slátrað er samkv. ákvæðum 17. gr.

IV. KAFLI
Um fjárskiptafélög.

24. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd gerir tillögur um hagfellda skiptingu þeirra landshluta, þar sem sauðfé er sýkt af fjársóttum, í fjárskiptasvæði.

Við skiptingu þessa skal tekið tillit til:

1. Öruggra varnarlína, sem fyrir hendi eru, og skilyrða til að setja upp nýjar varnarlínur á sem öruggastan hátt.
2. Takmarka upprekstrarlanda og aðstöðu með tilliti til fénaðarferðar og fjallskila.
3. Aðstöðu til, að sauðfjárslátrun, og fjárrekstrum í sambandi við hana, verði þannig fyrir komið, að eigi stafi sýkingarhætta af og hagkvæmt sé.
4. Möguleika til að útvega nýjan fjárstofn í stað þess sýkta, jafnóðum og fjárskipti fara fram, samanber V. kafla þessara laga.
5. Annarra aðstæðna, er fram kunna að koma og að dómi sauðfjársjúkdómanefndar geta valdið nokkru um, hvort fullum árangri verður náð við fjárskipti og aðrar aðgerðir til útrýmingar fjársóttum þeim, sem um er að ræða.

25. gr.

Nú vilja fjáreigendur á ákveðnu fjárskiptasvæði hefjast handa um fjárskipti, og skulu þeir þá, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, snúa sér til sýslumanns eða sýslumanna á svæðinu. Skal þá sýslumaður, eða sýslumenn, skrifa öllum hreppsnefndum á viðkomandi svæði áskorun um, að þær hver í sínum hreppi, boði fjáreigendur á fund, til að ræða málið og kjósa, með hlutbundnum kosningum, þrjá fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fundi fyrir fjárskiptasvæðið. Ef hluti úr hrepp er innan fjárskiptasvæðis, mæta þaðan fulltrúar í hlutfalli við tölu fjáreigenda í hreppshlutunum.

Á sama hátt getur sauðfjársjúkdómanefnd haft frumkvæði um málið.

Sýslumaður, eða sýslumenn, boða fulltrúafund eigi síðar en mánuði eftir að hreppsnefndum á svæðinu hefur verið skrifað. Á fundinn skal einnig boða framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar og hlutaðeigandi dýralækni.

Fulltrúafundur er lögmætur, ef mættir eru ⅔ hlutar fulltrúa frá þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á fjárskiptasvæðinu. Nú fallast ⅔ mættra fulltrúa á að gera samþykkt um stofnun fjárskiptafélags og fjárskipti, og skal þá fundurinn semja frumvarp til slíkrar samþykktar. Skylt er sauðfjársjúkdómanefnd að láta í té fyrirmyndir að slíkum samþykktum.

26. gr.

Í frumvarpi til samþykktar skal tekið fram:

1. Stærð og takmörk fjárskiptasvæðis, er félagssamtökin ná yfir.
2. Hvenær fjárskipti skuli fara fram.
3. Um skipun fulltrúaráðs og kosningu stjórnar fyrir fjárskiptafélagið, er skipuð sé minnst 3 mönnum.
4. Um verksvið félagsstjórnar, völd og skyldur.
5. Um kvaðir og skyldur, er félagsmenn takast á hendur í sambandi við fjárskipti, vörzlur og aðrar sóttvarnarráðstafanir.
6. Önnur ákvæði varðandi félagssvæðið og aðstöðu þess til annarra héraða og fjárskiptasvæða.

27. gr.

Nú samþykkir fundurinn frumvarp með ⅔ atkvæða mættra fulltrúa, og skal hann þá kjósa kjörstjórn, er hafi á hendi undirbúning atkvæðagreiðslu á félagssvæðinu og talningu atkvæða. Kjörstjórnin velur sér sjálf formann, hún ákveður, hvenær atkvæðagreiðslu skuli lokið, og fyrir hvaða tíma atkvæðaseðlar og fundargerðir skuli komið til kjörstjórnar, og hvenær talning atkvæða skuli fara fram.

28. gr.

Nú hefur frumvarp til félagssamþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með ⅔ atkvæða allra mættra fulltrúa, og skal þá kjörstjórn sú, er kosin hefur verið samkvæmt ákvæðum 27. gr., senda það öllum hreppsnefndum í þeim hreppum, eða hreppshlutum, er félagssvæðið nær yfir.

Hreppsnefnd skal þá skylt að boða fjáreigendur til fundar í hreppnum samkvæmt kjörskrá, er hún hefur samið, með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til stofnunar fjárskiptafélags liggi fyrir til atkvæðagreiðslu. Leiðrétting á kjörskrá má hlutaðeigandi kjörstjórn gera til kjördags.

Atkvæðisrétt um félagsstofnun og fjárskipti hafa fjáreigendur 18 ára eða eldri, þegar atkvæðagreiðsla fer fram, ef þeir hafa átt 15 kindur eða fleiri samkvæmt síðasta skattaframtali.

Afrit af kjörskrá skal fylgja fundarboðinu.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar oddviti atkvæðaseðla og önnur kjörgögn, þar með kjörskrá, og sendir formanni kjörstjórnar fjárskiptasvæðisins.

29. gr.

Kjörstjórn skal koma saman þann dag, er ákveðið hefur verið samkvæmt 27. gr., til að rannsaka fundargerðir kjörfunda og telja atkvæði. Formaður kjörstjórnar stjórnar talningunni og lætur rita kjörfundargerð, er beri með sér, úr hvaða hreppum, eða hreppshlutum, kjörstjórninni hafa borizt fundargerðir og tölu atkvæðaseðla.

Tvö samrit skal rita af fundargerðinni, og skal öll kjörstjórn undirrita.

Nú hefur atkvæðagreiðsla fallið þannig, að félagssamþykktin hefur hlotið ⅔ greiddra atkvæða, og sé það að minnsta kosti ⅗ fjáreigenda samkvæmt kjörskrá, og telst þá félagsstofnunin samþykkt.

Samþykktina skal þá senda sauðfjársjúkdómanefnd í tvíriti, ásamt samriti fundargerðarinnar. Leitar nefndin síðan staðfestingar landbúnaðarráðherra á samþykktinni.

V. KAFLI

Um fjárskipti.

30. gr.

Þegar fjárskiptafélag hefur verið stofnað með staðfestri samþykkt, sbr. 29. gr., skal félagsstjórnin snúa sér til sauðfjársjúkdómanefndar, er ákveður með samþykki ráðherra, hvenær fjárskiptin fara fram.

31. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur ásamt stjórn fjárskiptafélags umsjón með útrýmingu sjúkdóma og fjárskiptum, sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum, og framkvæmdum, sem standa í sambandi við þau.

Sauðfjársjúkdómanefnd ber einkum:

1. Að tryggja það áður en fjárskipti fara fram, að fjárskiptasvæðið sé tryggt með öruggum varnarlínum gegn samgöngum sauðfjár frá sýktum héruðum.
2. Að láta rannsaka heilbrigði fjár, ef ástæða þykir til, í þeim héruðum, sem ætlað er að kaupa lifandi lömb úr.

3. Að ákveða í samráði við félagsstjórn, hvenær slátrun skuli hefjast og hvenær henni sé lokið.
4. Að hlutast til um, að öll lönd á fjárskiptasvæðinu séu smöluð sauðlaus, og getur nefndin ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrr fram en venjulega, og að fram fari almennar fjárleitir á afréttum og heimalöndum eftir að slátrun er lokið, og ekki ver mannaðar en í fyrstu göngum. Fjallskilum þessum skal jafna niður eins og öðrum fjallskilum.
5. Að ákveða hvaðan lifflömb séu tekin og tilkynna það viðkomandi sýslumönnum með nægum fyrirvara, áður en slátrun hefst, en þeir skulu aftur tilkynna það fjáreigendum, og skal þá engum gimbrarlömbum slátrað á svæðinu, þar til kaup hafa farið fram.
6. Að sjá um kaup, flutning og merkingu líflamba, í samvinnu við stjórn viðkomandi fjárskiptafélags.

32. gr.

Fjáreigendur, er hafa heilbrigt sauðfé, eru skyldir til að selja öll þau gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, og hrútlömb eftir þörfum, til þeirra fjáreigenda, er hafa fjárskipti samkvæmt lögum þessum. Sauðfjársjúkdómanefnd getur ákveðið, með samþykki landbúnaðarráðherra, að fjáreigendur, sem lausir hafa verið við fjársóttir, séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb þriðja hvert ár, á meðan fjárskiptum til útrýmingar sjúkdómunum er ekki lokið.

33. gr.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal ákveða verð líflamba eftir lifandi þunga, miðað við afurðaverð hvers árs. Skulu fjáreigendur þeir, er um ræðir í 32. gr., skyldir til að selja lömbin fyrir það verð, en jafnan sé tryggt, að það sé eigi lægra en fæst fyrir lömbin til slátrunar. Heimilt er þó, ef ástæða þykir til, að ákveða fast söluverð á lömbunum miðað við fyrra árs verð og markaðshorfur á sauðfjárafurðum yfirstandandi árs.

34. gr.

Þegar fjárskipti fara fram í héraði, skal verðlagsnefnd landbúnaðarafurða sjá um, að frystihús á svæðinu sitji fyrir um sölu, svo fjárförgun þurfi eigi að tefjast vegna rúmleysis í frystihúsum.

35. gr.

Líflömb, sem keypt hafa verið, skal hver fjáreigandi hafa í strangri gæzlu fyrsta misserið eftir að þau hafa verið flutt. Sé þess gætt, að eigi leynist í þeim aðrir sjúkdómar, t. d. fjárkláði. Ef fjárkláða hefur orðið vart í þeim héruðum, sem líflömb eru flutt úr, eða ef hans verður vart í líflömbum, sem flutt hafa verið, skal sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipa og hafa eftirlit með, að útrýmingarböðun fari fram á fjárskiptasvæði því, sem um er að ræða, á sem tryggilegastan hátt.

Fari svo, að sýkt eða grunuð kind komi saman við líflömb á fjárskiptasvæði, skal eigandi lambanna eða sá, er kindarinnar verður fyrst var, tafarlaust gera hreppstjóra aðvart. Ber honum að tilkynna það samstundis framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvort slátra skuli fénu eða ráðstafa á annan hátt.

Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi eða óþægindi af þessum sökum.

36. gr.

Veturinn eftir fjárskipti er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt í samráði við stjórn fjárskiptafélags að ráða hæfan mann eða menn til að rannsaka sauðfé og leita á heimilum, ef ástæða þykir til, svo að ugglaust sé, að hvergi sé leynt sýktu eða grunuðu fé.

Komi það í ljós, að fé hafi verið haldið á laun, skal það og allt fé, er saman við það hefur getað komið, tekið og slátrað eða ráðstafað á annan hátt, allt á kostnað þess, er leyndi.

Sá, sem leynir fé, skal sæta ábyrgð samkvæmt 175. gr. hegningarlaganna. Verði brot hans til þess, að drepa þurfi fé annarra manna, skal hann skyldur að bæta það tjón og óþægindi, er af hlýzt.

VI. KAFLI
Um fjárframlög ríkisins til fjárskipta.

37. gr.

Framlag ríkisins vegna fjárskipta miðast við fjártölu eiganda við næstsíðustu áramót á undan samkvæmt skattaframtali, þannig að við fjárskipti á árinu 1947 miðist bætur við fjártölu á skattaframtali 1946 og svo áfram.

Réttur dánarbúa vegna fjárskipta yfirfærist á erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjárrækt á svæðinu.

Réttur manna, sem reisa bú eða eru að byrja fjáreign eftir gildistöku laga þessara án þess að vera erfingjar í dánarbúi á fjárskiptasvæði, byggist á næsta skattaframtali á undan fjárskiptum.

Þeir, sem eru hættir búskap og kaupa ekki lömb eða eru fluttir burtu af fjárskiptasvæðinu, þegar fjárskipti fara fram, fá ekki bætur.

Geitfé skal bæta eftir sömu reglu og sauðfé.

38. gr.

Framlag ríkisins greiðist á þann hátt, að fyrir hverja bótaskylda kind fái fjáreigandi hálft lambsverð samkvæmt verði líflamba það haust, sem fjárskipti verða. Kostnað við flutning líffjár inn á fjárskiptasvæðin greiðir ríkissjóður og einnig aðstoð sauðfjársjúkdómanefndar vegna kaupanna. Þetta gildir þó eigi annað fé en það, sem fengið er til að bæta í skarðið fyrir bótaskylt fé.

Kostnað við umsjón fjárskiptafélaga vegna líffjárkaupa greiði fjáreigendur sjálfir. Fjáreigendur skulu fá líflömb fyrir 70% af bótaskyldri fjártölu, og sé ef unnt er útvegað ⅞ af þeim haustið, sem fjárskipti verða, en það, sem til vantar, næsta haust á eftir. Sé ekki hægt að útvega lömbin svo fljótt, ber að greiða afurðatjónsbætur fyrir þau, er til vantar, á fyrsta ári, á sama hátt og fyrir er mælt í 40. gr. Framlag ríkisins skal greitt ári eftir, að fjárskipti fóru fram, en vera skal það til tryggingar greiðslu á andvirði keyptra líflamba.

Stjórnum fjárskiptafélaga er heimilt að ráðstafa líffé til fjáreigenda að nokkru með hliðsjón af tekjumöguleikum þeirra, ef mjög fátt líffé er fáanlegt.

39. gr.

Veita skal fjáreigendum uppeldisstyrk vegna vanhalda af fjársóttum, þar sem svo hagar til á sýktu svæði, að fjáreigendur geta ekki samkvæmt áætlun nefndarinnar búizt við fjárskiptum næstu 2 ár, og hafa ekki viðunandi aðstöðu til mjólkursölu.

40. gr.

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum, vegna afurðatjóns, hálft lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind það ár, sem svæðið er sauðlaust. Að öðru leyti skal framlag greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

41. gr.

Ef sauðfjársjúkdómanefnd telur nauðsynlegt að útrýma sjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, þar sem fjárskiptafélag fæst ekki stofnað samkvæmt lögum þessum, þá getur hún látið útrýminguna fara fram með samþykki landbúnaðarráðherra. Bætur skal þá greiða fjáreigendum samkvæmt mati eftir gildandi lögum um eignarnám, en skylt er matsmönnum að taka til greina sýkingu fjár á svæðinu eða yfirvofandi sýkingarhættu.

VII. KAFLI
Um sóttvarnarstöð og einangrun.

42. gr.

Koma skal upp í eyju í nágrenni Reykjavíkur öruggri sóttvarnarstöð, þar sem hafa megi í haldi undir fullu eftirliti, dýr hverju nafni sem nefnast, sem til landsins kunna að flytjast. Skal stöðin rekin á kostnað ríkisins í umsjá og undir stjórn yfirdýralæknis, samkvæmt reglum, er landbúnaðarráðherra setur.

43. gr.

Fáist eigi með frjálsu samkomulagi keyptar eða leigðar eyjar, er að dómi yfirdýralæknis og samkvæmt úrskurði landbúnaðarráðherra henti sem stöðvar fyrir starfsemi þá, sem um ræðir í 42. gr., má samkvæmt gildandi lögum um eignarnám taka eina eða fleiri af eyjunum Engey og Viðey við Reykjavík og Þerney á Kollafirði eignarnámi eða leigunámi, allt eftir því, er landbúnaðarráðherra ákveður, til þess að komið verði á fót sóttvarnastöð, sbr. 42. gr.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði.

44. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum eftir því sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp, svo og fénaðarhöld yfirleitt.

Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.

45. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu fjársóttanna og til að útrýma þeim. Nær það einnig til garnaveiki í nautgripum.

46. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara, allt eftir því sem þurfa þykir og ástæður eru til á hverjum tíma. Sauðfjársjúkdómanefnd hefur einnig heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til, um einstök framkvæmdaratriði, er að kalla í hvert sinn, ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.

47. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 8. sept. 1931, lög nr. 45 19. júní 1933, lög nr. 9 25. jan. 1934, reglugerð nr. 36 24. apríl 1934, reglur nr. 6 20. jan. 1936, lög nr. 16 28. maí 1941, lög nr. 75 27. júní 1941, lög nr. 88 9. júlí 1941 og reglugerð nr. 4 2. jan. 1942, svo og öll ákvæði, reglur og fyrirmæli, er út hafa verið gefin og sett af sauðfjársjúkdómanefnd eða öðrum aðilum í umboði hennar, á grundvelli téðra laga og reglugerða.

49. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 441. Breytingartillaga

við frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:
Jörgensen, Alfred Christian, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 25. apríl 1901 í Danmörku.

Nd. 442. Breytingartillaga

við frv. til laga um veitingu prestakalla.

Frá Gísla Sveinssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni og Sigurði Bjarnasyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Enn fremur skal leitað álits hlutaðeigandi héraðsprófasts, svo og sóknarnefnda prestakallsins í sameiningu um hinar fram komnu umsóknir, áður en embættið er veitt.

Ed. 443. Breytingartillögur

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, og útrýmingu þeirra.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 42. gr. Orðin „í eyju í nágrenni Reykjavíkur“ í meginmálsgr. falli niður.
2. Við 43. gr. Greinin falli niður.

Ed. 444. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggvisstaði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leitað umsagnar kirkjumálaráðuneytisins um það. Birtist umsögnin hér á eftir sem fylgiskjal með nefndarálitinu.
Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggvisstaði í Dalvíkurhreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra matsmanna. Skylt skal hreppnum að selja ríkinu jörðina aftur eða hluta úr henni, ef ríkið þarf á því að halda fyrir ríkisstofnanir eða ríkisfyrirtæki, og skal endurkaupverðið þá ekki vera hærra en matsverðið við söluna. Enn fremur er Dalvíkurhreppi skylt að kaupa af ábúanda Böggvisstaða hús hans og önnur mannvirki á jörðinni við ábúendaskipti eftir mati úttektarmanna, ef öðruvísi semst ekki.

Land býlisins Árgerðis fylgir með í sölunni með því skilyrði, að hreppsnefnd Dalvíkurhrepps leigi það núverandi héraðslækni Dalvíkurhéraðs til erfðaleiguábúðar, samkvæmt lögum nr. 8 1. febrúar 1936, fyrir sama eftirgjald og hann greiðir nú.

Námaréttindi skulu undanskilin sölunni.

Alþingi, 24. febr. 1947.

Þorst. Þorsteinsson, form. Ásmundur Sigurðsson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.

Páll Zóphóníasson, með fyrirvara. Eiríkur Einarsson.

Fylgiskjal.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 19. febr. 1947.

Út af bréfi háttvirtrar landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis, dags. 3. þ. m., þar sem leitað er umsagnar um framvarp til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggvisstaði, skal eftirfarandi tekið fram:

Ráðuneytið er fyrir sitt leyti meðmælt því, að ríkisstjórnin fái heimild í lögum fyrir sölu Böggvisstaða til Dalvíkurhrepps, en ráðuneytið lítur svo á, að breyta þurfi frumvarpinu og setja neðantalin ákvæði í lögin:

1. Að jarðeignin verði seld eftir mati dómkvaddra, óvilhallra manna.
2. Að ef ríkið þarfnast lóða eða landspildna úr Böggvisstaðalandi fyrir ríkisstofnanir eða ríkisfyrirtæki, þá sé Dalvíkurhreppi skylt að selja ríkinu landið fyrir ekki hærra verð en ríkið hefur selt það hreppnum.
3. Að Dalvíkurhreppi sé skylt að kaupa af ábúanda Böggvisstaða hús hans og önnur mannvirki á jörðinni við ábúendaskipti eftir mati, ef öðruvísi semst ekki.

Það hefur verið gert í seinni tíð, þegar hreppsfélögum hafa verið seldar jarðir í ábúð, að leggja þessa kvöð á hreppsfélögin, sbr. síðast við sölu Hamra til Akureyrarkaupstaðar.

F. h. r.
Friðg. Bjarnarson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

Nd. 445. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 18 1. febr. 1936, um fávitahæli.

Flm.: Arnfinnur Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Ríkið lætur reisa og starfrækja:

a. Skólaheimili, eitt eða fleiri, fyrir unga vanvita og hálfvita og börn og unglinga, sem að dómi sálfræðinga eru sérstaklega vanþroska, en kenna má þó ofurlítið til munns og handa.
b. Hjúkrunarhæli fyrir örvita eða þá fávita, unga og gamla, sem ekkert geta lært og ekkert unnið til gagns.

c. Vinnuhæli, eitt eða fleiri, fyrir fullorðna fávita, sem vinnufærir eru að einhverju leyti, en verða þó að teljast ófærir til að vinna alveg fyrir sér eða stunda vinnu á almennum heimilum.

2. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Barnaverndarráð Íslands hefur eftirlit með öllum þessum heimilum, en heilbrigðisstjórnin skipar lækni, sérfróðan um mein fávita, ef kostur er, til eftirlits og leiðbeiningar um heilsugæzlu sjúklinganna.

3. gr.

7. gr. laganna falli niður, og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því.

4. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna falli niður.

Greinargerð.

Árið 1935 flutti Guðrún heit. Lárusdóttir frumvarp til laga um fávitahæli í Ed. Alþingis. Gat hún þess í þingræðu, að málið væri ekki nýr gestur í deildinni, enda mun það hafa mætt takmörkuðum skilningi í fyrstu. Lögin náðu samþykki þingsins, en þó með þeim hætti, að augljóst var, að þau mundu ekki um sinn koma til framkvæmda. Frúin sætti sig þó vel við þessa afgreiðslu. Mun henni hafa þótt mestu skipta, að Alþingi viðurkenndi þörfina fyrir þau hæli og uppeldisheimili, sem lögin fjalla um, og treyst því, að ekki mundi líða á löngu áður en stjórnarvöld landsins hæfust handa um að koma þeim á fót.

Við fráfall frúarinnar virðast þessi lög hafa fallið í gleymsku. Eru nú liðin full 11 ár síðan þau voru staðfest, og hefur þó ekkert verið aðhafzt til þess að hrinda fyrirmælum þeirra í framkvæmd.

Breytingar þær, sem hér er lagt til, að gerðar verði á lögunum, miða fyrst og fremst að því að taka af öll tvímæli um, að þau skuli koma til framkvæmda. Er ríkinu gert að skyldu að reisa og starfrækja þau hæli, sem um getur í lögunum. Af samþykkt þeirra mundi að sjálfsögðu leiða það, að strax á þessa árs fjárlögum yrði að veita fé til framkvæmdanna, enda ekki að neinu hrapað, þótt svo verði gert, ellefu árum eftir að lögin voru sett.

Nánar í framsögu.

Ed. 446. Breytingartillögur

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 2. gr. Aftan af greininni falli: „svo og með kynbótum og tæknifrjóvgun“ o. s. frv. til enda greinarinnar.
2. Við VII. kafla (42. og 43. gr.). Kaflinn falli niður, og breytist greinatala og kaflaskipting samkvæmt því.
3. Við 48. gr. Greinina skal orða svo:

   Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 75 27. júní 1941 og lög nr. 88 9. júlí 1941 svo og önnur ákvæði, er fara í bága við þessi lög.

   Til vara: Úr greininni falli: „lög nr. 45 19. júní 1933“ og „reglur nr. 6 20. jan. 1936“.

Nd. 447. Nefndarálit

um frv. til l. um skipulag og hýsingu prestssetra.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Reisa skal prestsseturshús samkvæmt fyrirmælum þessara laga svo fljótt sem auðið er og eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum, þar til lokið er að byggja upp sómasamlega öll prestssetur landsins. Húsameistari ríkisins áætlar byggingarkostnað prestsseturshúsa.

Alþingi, 24. febr. 1947.

Sigfús Sigurhjartarson, form. Gunnar Thoroddsen, fundaskr. Páll Þorsteinsson, frsm.
Sigurður Bjarnason. Barði Guðmundsson.

Sþ. 448. Tillaga til þingsályktunar

um sérstakan sumartíma.

Flm.: Sigurður Guðnason, Hermann Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að ákveða með reglugerð, að klukkunni skuli flýtt um eina klukkustund frá íslenzkum meðaltíma fyrsta sunnudag maímánaðar í stað fyrsta sunnudag marzmánaðar, svo sem áður hefur verið.

Ástæður.

Á undanförnum árum hafa ríkisstjórnir þær, sem setið hafa að völdum, notað ákvæði laga nr. 8 16. febr. 1917 og fært klukkuna fram um eina klukkustund 1. marz, og fært hana aftur um eina klukkustund 1. nóv. Þessi háttur — og þá sérstaklega hvað snertir það að flýta klukkunni 1. marz — hefur komið sér mjög illa fyrir verkamenn og aðra starfandi menn við sjávarsíðuna, er vinna reglulegan vinnudag, þar sem það hefur þýtt, að menn hafa orðið að mæta til verks á morgnana í svartnætti skammdegisins lengur en ella væri.

Sþ. 449. Nefndarálit

um styrk til flóabáta.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefndin hefur eins og áður unnið að flóabátamálunum og gerir nú í samráði við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins tillögur um styrki til þessara samgangna 1947, og verður heildartillagið í þessu skyni tekið upp í fjárlagafrumvarpið,

sem nú liggur fyrir Alþingi. Skýrsla forstjórans er samkvæmt venju prentuð sem fylgiskjal með þessu nál. Sömu skilyrði og áður gilda um greiðslu þessara styrkja.

Um ýmsa þætti flóabátasamgangnanna skal að öðru leyti tekið fram það, sem hér fer á eftir.

Faxaflóasamgöngur. — H/f Skallagrímur í Borgarnesi hefur haldið uppi þessum samgöngum 1946 með m/s Laxfossi m. m. Sama skip hefur og farið ferðir til Vestmannaeyja, eins og ráð var fyrir gert. Vegna þess m. a. telur félagið sig hafa orðið að fá til ferðanna annan bát á Faxaflóa, og stafi aðallega af því halli á rekstrinum, sem nefndin hafði síðast talið ríkisstjórninni heimilt að greiða (120 þús. kr.). En nú er ætlazt til, að þessar ferðir (á Faxaflóa, þ. e. samgöngurnar við Akranes og Borgarnes) verði reknar styrklaust, því að gert er ráð fyrir, að Vestmannaeyjum verði séð fyrir ferðum með öðrum hætti. En það skal þó tekið fram, að ef ríkisstjórn eða forstjóra Skipaútgerðarinnar þykir nauðsyn til bera að fá Laxfoss til sérstakra ferða þangað og af því leiði halla, telur nefndin óhjákvæmilegt að bæta það úr ríkissjóði á sínum tíma.

Breiðafjarðarsamgöngur. — Ætlazt er til, að ferðir haldist með líkum hætti og s. l. ár um Breiðafjörð sunnan og norðan. Stykkishólmsbátur er hækkaður í styrk um 3000 kr. og fær auk þess 7000 kr. uppbót vegna rekstrarhalla. Flateyjarbátur hækkar um samtals 4000 kr. og fær greiddan síðari hluta endurbyggingarstyrks, samkv. ákvörðun á f. á., 50000 kr. Af hinum smærri farkostum þar hækkar Langeyjarnesbátur um 1500 kr. og fær uppbót vegna halla (sökum óhjákvæmilegrar aðgerðar) 1000 kr. Aðrir standa í stað að þessu sinni.

Ísafjarðarsamgöngur. — Djúpbáturinn (m/s Fagranes) annast þessar ferðir eins og undanfarin missiri. En eigi hefur orðið komizt hjá að hækka styrkinn til þessara ferða nokkuð, vegna sívaxandi tilkostnaðar, og nemur hækkunin á rekstrarstyrk 10000 kr. og 15000 kr. hallastyrkur. Síðari greiðsla af uppbótarstyrk (vegna vélakaupa), sem samþykktur var á síðasta þingi, kemur nú til útborgunar 50000 kr.

Norðurlandssamgöngur. — Þess er vænzt, að takast muni að halda uppi þessum samgöngum með viðunanlegum hætti, þótt við ýmsa erfiðleika sé að etja. Húnaflóa- og Strandabátur fer að vísu í styrk aðeins upp um 5000 kr. og fær uppbót vegna halla 8000 kr. (var á s. l. ári í 55000 kr. ásamt hallastyrk 22000 kr), en eins og kemur fram í skýrslu forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, þarfnast viðkomandi bátur nýrrar vélar, og er lagt til, að ríkisstjórnin með aðstoð forstjórans sjái útgerðinni fyrir fullnægjandi láni til þess (áætlað 60 þús. kr.), því að nefndin telur ekki lengur fært að ákvarða slík útgjöld sem styrkveiting, þegar um farkosti er að ræða, sem óvissir geta talizt til þessara ferða í framtíðinni. — Hinum sameiginlega Norðurlandsbát er, af knýjandi nauðsyn, ætlaður hækkaður rekstrarstyrkur um 30000 kr. og vegna rekstrarhalla á s. l. ári 15000 kr. Flateyjarbátur á Skjálfanda hækkar úr 10000 í 11000 kr.

Austfjarðasamgöngur. — Þær hafa verið og eru að miklu leyti á vegum Skipaútgerðarinnar. Styrkur til fjarðabátanna hækkar samtals um nokkur þús. kr. og innansýslubátar í A.-Skaftafellssýslu um nokkur hundruð kr.

Suðurlandsskip hækkar tæplega eftir visitöluhækkun (upp í 70 þús. kr.). Sama má og segja um heildarhækkunina, sem ætlazt er til, að verði á þessum fjárlagalið, að hún er, þrátt fyrir allt, minni en vísitalan gæti gefið tilefni til, og má það gott heita.

Að lokum telur nefndin, að fela verði Skipaútgerð ríkisins, eins og jafnan áður, að annast um þessi mál í framkvæmd, enda má að sjálfsögðu vænta batnandi hags

í þessum samgöngum, er hin nýju og fullkomnu strandferðaskip koma til sögunnar á þessu ári.

Samkvæmt tillögum þeim, sem hér liggja fyrir, áætlar nefndin fjárlagastyrkinn 1947 til flóabátaferðanna **kr. 916200.00**, er skiptist þannig:

Djúpbátur (210 000+50 000+15 000)		kr. 275 000
Húnaflóa- og Strandabátur (60 000+8 000)		— 68 000
Skagafjarðar—Fljótabátur til Siglufjarðar júní—okt.	kr. 23 000	
Norðurlandsbátur júní—okt.	— 43 000	
Sameiginl. bátur f. Skagafj. og Eyjafj. (114 000+15 000)	— 129 000	
		— 195 000
Hríseyjarbátur		— 3 000
Flateyjarbátur (á Skjálfanda)		— 11 000
Hornafjarðar—Austfjarðabátur		— 30 000
Fjarðabátar:		
a. Loðmundarfjarðarbátur		— 3 000
b. Norðfjarðarbátur		— 18 000
c. Mjóafjarðarbátur		— 10 000
d. Eskifjarðarbátur		— 16 000
e. Berufjarðarbátur		— 4 000
Suðurlandsskip		— 70 000
Mýrabátur (á Faxaflóa)		— 2 500
Til Breiðafjarðarsamgangna:		
1. Flateyjarbátur, venjul. ferðir (20 000+50 000)		— 70 000
2. Sami, vikul. ferðir: Flatey—Brjánsl.—Kinnarst.—Flatey		— 24 000
3. Patreksfjarðarbátur		— 2 000
4. Stykkishólmsbátur (31 000+7 000)		— 38 000
5. Langeyjarnesbátur (3 500+1 000)		— 4 500
6. Skógarstrandarbátur		— 3 500
Til bátaferða innan A.-Skaft. (þar af 2 500 til Öræfa)		— 5 500
Til ferða milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja		— 60 000
Rangársandsbátur		— 2 000
Til Selvogsferða		— 1 200

Alþingi, 24. febr. 1947.

Gísli Sveinsson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Eiríkur Einarsson, form. Ed.-nefndar.	Páll Þorsteinsson, fundaskr. Nd.-nefndar.
Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr. Ed.-nefndar.	Barði Guðmundsson.	Sigurður Bjarnason.
Arnfinnur Jónsson.	B. Kristjánsson.	Þorst. Þorsteinsson.
	Hannibal Valdimarsson.	

Fylgiskjal.

Háttvirt samvinnunefnd samgöngumála Alþingis hefur óskað eftir, að ég gerði yfirlit yfir rekstur flóabátanna á s. l. ári og gerði jafnframt tillögur um styrki til þeirra á þessu ári. Vil ég með eftirfarandi leyfa mér að verða við þessum óskum, eftir því sem efni standa til.

Djúpbáturinn. — H/f Djúpbáturinn, Ísafirði, hefur eins og að undanförnu annazt flóabátaferðir um Djúpið og nágrenni með m/b Fagranesi. Báturinn hefur siglt eftir fastri áætlun, og fer hann venjulega tvisvar í viku um Djúpið og eina ferð í viku til Jökulfjarða og Aðalvíkur. Þá hafa einnig verið farnar fjórar ferðir

til Þaralátursfjarðar og Reykjafjarðar á Ströndum. Enn fremur hefur verið farin ein ferð á viku til Flateyrar og ein ferð hálfsmánaðarlega til Þingeyrar og þá með viðkomu á milliliggjandi stöðum í báðum leiðum. Vestfjarðaferðirnar hafa þó ekki verið farnar þann tíma, sem vegurinn til Þingeyrar var fær bílum. Sett var ný vél í m/b Fagranes á árinu, og tók það og ýmsar aðrar aðgerðir á skipinu þrjá mánuði. Varð þá að leigja annan bát á meðan. Mun þessi viðgerð ásamt hinni nýju vél hafa kostað um 270 þús. kr. Upp í vélarkaupin hefur verið veittur styrkur, 105 þús. kr., sem greiddur var með 55 þús. kr. á s. l. ári og á að greiða með 50 þús. kr. á þessu ári. Tap mun hafa orðið á rekstrinum á s. l. ári, er nemur 20—25 þús. kr.

Húnaflóa- og Strandabátur. — Hr. Sigurður Pétursson tók að sér ferðirnar með bát sínum Hörpu. Farin var ein áætlunarferð á viku milli Ingólfsfjarðar og Hvammstanga með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum í báðum leiðum. Auk þess voru farnar aukaferðir, er þurfa þótti. Halli mun hafa orðið á ferðum þessa báts um 15 þús. kr. Stafar þetta sumpart af hinni vaxandi dýrtíð og sumpart af því, að flutningar hafa verið óvenjulega litlir, og enn fremur bilaði vél bátsins, svo að leigja varð annan bát um tíma. Sigurður Pétursson hefur sótt um 60 þús. kr. styrk til að kaupa nýja vél í bátinn. Tel ég vafasamt, að hægt sé að veita einstaklingi þannig styrk án skuldbindingar um, að báturinn verði framvegis í ferðum þessum. Tel ég, að betur fari á því að veita umræddar 60 þús. kr. sem lán með veðrétti í bát og vél. Það versta við þennan bát er, að hann er ekki vel fallinn til að vera í flóabátaferðum og verður líklega aldrei, nema þá með mjög miklum tilkostnaði. Væri æskilegt, að síldarverksmiðjunum á Djúpuvík og Ingólfsfirði, sem hafa mestra hagsmuna að gæta í því, að samgöngurnar séu í lagi, tækju að sér að sjá fyrir þessum ferðum, og þyrftu þá helzt að eiga bát, sem væri t. d. á Djúpuvík og hægt væri að grípa til, þegar á lægi, líka að vetrinum. Rekstur slíks báts yrði væntanlega mun ódýrari hjá verksmiðjunum, sem hefðu ýmis konar not fyrir hann og skipshöfnina á milli þess sem báturinn færi hinar föstu póstferðir.

Skagafjarðar- og Flóabátur til Siglufjarðar. — Hr. Steindór Jónsson sá um bátsferðir milli Siglufjarðar og Skagafjarðar með bát sínum Drang. Voru farnar tvær ferðir á viku frá Akureyri til Sauðárkróks með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum á Eyjafirði og Skagafirði. 1. júlí hófust svo hinar venjulegu sumarferðir milli Siglufjarðar og Skagafjarðar, og sá hr. Skafti Stefánsson um þær eins og að undanförnu með bát sínum Mjölni. Var ferðunum þá hagað eins og áður, að farnar voru tvær ferðir í viku til Sauðárkróks og þrjár aukaferðir í viku til Haganesvíkur. 1. nóvember var sumarferðunum hætt, en Steindór Jónsson tók aftur við ferðunum með m/b Drang, og var þeim hagað eins og vetrarferðunum fyrri part ársins.

Norðurlandsbátur. — Hr. Steindór Jónsson sá um þessar ferðir með m/b Drang. Fram til 1. júní var ferðunum hagað eins og undanfarna vetur, þ. e. tvær ferðir í viku milli Akureyrar og Sauðárkróks með viðkomu á milliliggjandi höfnum í báðum leiðum. Einnig var farið til Grímseyjar, þegar ástæður leyfðu og þörf var fyrir ferðir þangað. 1. júní var Sauðárkróksferðunum hætt, þegar Skafti Stefánsson tók við þeim, eins og áður segir. Var þá ferðunum fjölgað milli Eyjafjarðar og hafna vestan Langaness. 1. nóvember tók svo Steindór Jónsson aftur við vetrarferðunum milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar, og var þeim hagað eins og í byrjun ársins. — Steindór Jónsson hefur um árabil rekið flóabátaferðir fyrir Norðurlandi, fyrst með bát sínum Ester, en sá bátur var orðinn gamall og illa fær í þær ferðir. Réðst hann þess vegna í að kaupa skipið Eldey árið 1945 og lét setja í það 200 hestafla mótorvél og einnig farþegarúm, sem getur tekið 20 manns í hvílur og setsal fyrir 20—30 manns. Fékk skipið svo nafnið Drangur. Tap varð á rekstri m/b Drangs, og stafar það sumpart af hinni miklu aukningu á dýrtíð, en sumpart af minnkandi flutningum, m. a. vegna þess, hvað snjólétt var fyrri part vetrar, svo að bílar gátu gengið alla leið til Akureyrar fram að nýári.

Hríseyjarbátur. — Bátur þessi gengur milli Hríseyjar og lands, aðallega í sambandi við bílferðir frá Akureyri. Einnig fer báturinn í aukaferðir til Ólafsfjarðar, Dalvíkur og Grenivíkur. Um 1000 manns mun hafa verið flutt með bátnum á árinu. Auk 3000 kr. rekstrarstyrks voru veittar 4000 kr. til viðbótar 6000 kr. frá árinu 1945 í endurbyggingarstyrk til þessa báts. Var þetta fé, samtals 10000 kr., notað til að kaupa bát og vél. Lagði hreppurinn annað eins á móti.

Flateyjarbátur á Skjálfanda. — Ferðum þessa báts hefur verið hagað líkt og undanfarið, þ. e. hálfs mánaðar ferðir milli Húsavíkur og Flateyjar með viðkomu á Flateyjardal. Erfiðlega gengur nú að fá bát til þessara ferða, og verður víst að hækka styrkinn lítils háttar, til þess að það takist.

Hornafjarðar—Austfjarðabátur. — Skipaútgerð ríkisins hefur eins og að undanförnu séð fyrir þessum ferðum. Var m/b Birkir leigður í þær frá 11. febrúar til 11. júní. Var ferðunum hagað þannig, að farið var milli Hornafjarðar og Vopnafjarðar með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum í báðum leiðum. Einnig var farið nokkrum sinnum til Reykjavíkur til þess að sækja útgerðarvörur og þá aðallega benzín.

Loðmundarfjarðarbátur. — Sex lesta vélbátur, Gulltoppur, eigandi Þórir Daníelsson, Seyðisfirði, var fenginn til að halda uppi ferðum milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar. Var farin ein ferð á viku með viðkomu á venjulegum stöðum á Seyðisfirði og Loðmundarfirði.

Norðfjarðarbátur. — Bátur þessi hefur haldið uppi eins og að undanförnu ferðum milli Viðfjarðar og Neskaupstaðar í sambandi við bílferðir til og frá Norðurlandi. Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur séð um ferðir þessar. Halli var á rekstri ferðanna, og hefur bæjarstjóri Neskaupstaðar farið fram á, að styrkurinn verði hækkaður til muna.

Mjóafjarðarbátur. — Bátur þessi heldur uppi ferðum milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar, og einnig hefur hann farið nokkrum sinnum til Seyðisfjarðar. Hreppsnefnd Mjóafjarðar sá um þessar ferðir. Í bréfi dags. 5. jan. þ. á. hefur hreppsnefndin farið fram á, að styrkurinn verði hækkaður upp í 15000 kr. Undanfarið hafa verið gerðar tilraunir til að sameina Mjóafjarðar- og Norðfjarðarferðirnar, þannig að sami báturinn annist hvort tveggja, en það hefur enn ekki tekizt, af því að Mjófirðingar hafa ekki talið sig hafa fullt gagn af ferðunum, nema báturinn, sem annist þær, ætti heima í Mjóafirði.

Eskifjarðarbátur. — Ferðir þessa báts eru milli Búðareyrar, Eskifjarðar og Hafraness í sambandi við bílferðir til og frá Búðareyri. Garðar Jónsson hafði þessar ferðir á hendi s. l. ár með bát sínum Heklu. Voru farnar 32 ferðir á tímabilinu 10. júní til 26. sept. og fluttir 405 farþegar.

Berufjarðarbátur. — Ferðir þessa báts voru yfir Berufjörð og voru í sambandi við bílferðir. Annaðist þær vélbáturinn Nanna frá Djúpavogi og flutti 60 farþega. Talið er, að styrkurinn þurfi að hækka lítillega, til þess að hægt sé að halda þessum ferðum áfram.

Mýrabátur á Faxaflóa. — Enginn sérstakur bátur hefur verið í þessum ferðum, heldur hafa tveir bændur séð fyrir þeim með opnum vélbátum sínum og farið ferðir, þegar þurfa þótti, og er styrknum skipt milli þeirra.

Flateyjarbátur á Breiðafirði. — H/f Norðri í Flatey hefur eins og undanfarið annazt flóabátaferðir þessar um norðanverðan Breiðafjörð með m/b Konráði. Var siglt eftir fyrirfram gerðri áætlun og auk þess farið vikulega ferðir milli Flateyjar, Brjánslækjar og Kinnarstaða. Hefur hr. Gísli Jónsson alþm. sótt fyrir hönd félagsins um, að styrkurinn verði hækkaður úr 40 þús. kr. upp í 48 þús. kr.

Patreksfjarðarbátur. — Hreppsnefnd Patreksfjarðar sér um ferðir þessar. Eru daglega farnir ferðir frá Vatneyri yfir fjörðinn, önnur ferðin til Hvalskers, en hin til Örlygshafnar. Eru ferðir þessar aðallega farnar vegna mjólkurflutninga.

Stykkishólmsbátur. — Kaupfélag Stykkishólms hefur séð um ferðir þessa báts, sem eru um sunnanverðan Breiðafjörð, og hefur m/b Baldur eins og að undanförnu verið í þeim. Var siglt eftir fyrirfram gerðri áætlun og auk þess farnar póstferðir milli Stykkishólms, Flateyjar og Brjánslækjar.

Langeyjarnesbátur. — Bátur þessi hefur eins og að undanförnu haldið uppi ferðum milli Langeyjarness og Stykkishólms. Hafa venjulega verið farnar hálfs mánaðar ferðir og auk þess aukaferðir, þegar þótt hefur þurfa. Hefur verið farið fram á, að styrkurinn yrði hækkaður litið eitt til þessara ferða.

Skógarstrandarbátur. — Bátur þessi hefur eins og að undanförnu haldið uppi hálfs mánaðar ferðum milli Skógarstrandar og Stykkishólms og þess á milli farið aukaferðir, þegar þurfa þótti.

Stokkseyri—Vestmannaeyjar. — Ferðir þær, sem þessum bát eru ætlaðar, eru aðallega vegna fólksflutninga milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar. Var mótorbáturinn Gísli J. Johnsen hafður í þessum ferðum s. l. ár. Mun báturinn hafa farið 65 ferðir milli Vestmannaeyja og lands á tímabilinu 1. maí til 1. nóvember og flutt um 3000 farþega. Nú er kominn flugvöllur í Vestmannaeyjum, eins og kunnugt er, og dregur það mikið úr þörfinni fyrir þessar bátaferðir, en þó tel ég, að ekki sé hægt að leggja þær niður að svo stöddu.

Rangársandsbátur. — Enginn sérstakur bátur hefur verið í þessum ferðum, heldur hefur styrkurinn verið notaður til að létta undir flutninga hjá bændum milli Vestmannaeyja og Rangársands, og hefur sýslumaður Rangárvallasýslu séð um úthlutun styrksins.

Reykjavík—Akranes—Borgarnes-ferðir. H.f. Skallagrímur í Borgarnesi hefur eins og að undanförnu annazt þessar ferðir með skipi sínu Laxfossi og m/b Víði, sem félagið hefur tekið á leigu í þessu skyni. Félagið tók einnig að sér að halda uppi vikulegum ferðum með Laxfossi til Vestmannaeyja, og hefur verið að þeim mikil samgöngubót fyrir eyjarnar. Síðan flugvöllurinn kom í Vestmannaeyjum og var tekinn í notkun, hafa fólksflutningar með Laxfossi verið mjög litlir. Einnig hafa vöruflutningar minnkað mikið, og er það vegna þess, að nú fjölgar skipakomum til Vestmannaeyja, og einnig hefur m/s. Helgi haft vikulegar ferðir milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Hefur eigandi m/s. Helga, hr. Helgi Benediktsson, staðfest með bréfi 12. þ. m. til Skipaútgerðar ríkisins, að hann ætli að halda þessum vikulegu ferðum áfram þetta ár án þess að ætlast til styrks fyrir þær. Þá hefur afgreiðsla m.s. Laxfoss tilkynnt mér, að Laxfoss muni hætta Vestmannaeyjaferðum í maí n. k., en þá ætti annað nýja strandferðaskipið að vera komið, og vegna þess ætti skipaviðkomum í Vestmannaeyjum að fjölga. Vestmannaeyjar ættu því ekki að vera svo illa settar með skipaviðkomur, þó að Laxfoss hætti ferðum þangað.

Þegar Laxfoss hættir Vestmannaeyjaferðum, mun h/f. Skallagrímur sleppa Víði, en Laxfoss annast ferðirnar einn milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness. Er það skoðun mín, að Laxfoss geti annað þessum ferðum og ekki þurfi að styrkja þær frá ríkinu, a. m. k. ekki til neinna muna.

Eins og að undanförnu hefur Skipaútgerð ríkisins reynt að sjá fyrir flutningum meðfram ströndum landsins. Auk strandferðaskipanna hafa ýmsir bátar og skip verið leigð til að vera í strandferðum um lengri eða skemmri tíma. Einnig hafa skip og bátar verið fengnir til að fara einstakar ferðir fyrir eigin reikning.

Skýrsla yfir flutt vörumagn og farþega á s. l. ári er ekki tilbúin. Mun flutningsmagnið vera eitthvað minna en 1945, en þá var það 48 þús. tonn og 17 þús. farþegar, og skip á vegum Skipaútgerðarinnar höfðu samtals 2330 strandferðaviðkomur.

Skipakostur sá, sem Skipaútgerð ríkisins hefur orðið að notast við til strandferða á síðustu árum, hefur verið mjög óhentugur, en nú er útlit fyrir, að úr því rakni, því að þrjú skip eru væntanleg til strandferða á þessu ári. Minni skipin, sem eru byggð í Bretlandi, eru væntanleg, fyrra skipið í apríl, en það síðara í maí eða byrjun júní, en strandferðaskipið, sem byggt er í Danmörku, er ekki væntanlegt fyrr en síðast á þessu ári.

Virðingarfyllst.

Pálmi Loftsson.

Ed. 450. Lög

um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Afgreidd frá Ed. 25. febr.)

Samhljóða þskj. 192.

Nd. 451. Frumvarp til laga

um Ræktunarsjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ræktunarsjóður Íslands og er í lögum þessum kallaður Ræktunarsjóður. Hlutverk hans er að styðja landbúnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands eins og hann er nú.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands.
3. Sá hluti höfuðstóls Viðlagasjóðs, sem er eign Ræktunarsjóðs Íslands.
4. Varasjóður Loðdýralánadeildar Búnaðarbanka Íslands.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Tekjur af þjóðjörðum og andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar kunna að verða.
3. Árlegt framlag úr ríkissjóði 0.5 millj. kr. á ári í 10 ár, í fyrsta sinn árið 1947.

4. gr.

Ræktunarsjóður veitir stofnlán til jarðræktar, peningshúsa og geymsluhúsa og annarra mannvirkja við landbúnað, þar með talin jarðyrkja, vermirækt og loðdýrarækt, enn fremur til mannvirkja í þágu landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslustöðva, kjötfrystihúsa, ullarverksmiðja, skinnaverksmiðja, þvottahúsa, viðgerðarstöðva, landbúnaðarverkfæra, rafstöðva fyrir sveitir og sveitahluta og einstaka sveitabæi, svo og til bústofnsauka og til kaupa á vélum, sem notaðar eru við landbúnað.

Upphæð lánanna má vera allt að 30% kostnaðarverðs til þeirra framkvæmda, sem styrkur er veittur til samkvæmt jarðræktarlögum, og allt að 60% kostnaðar-

verðs til annarra framkvæmda, enda sé það kostnaðarverð að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

Um lánveitingar, er stjórn sjóðsins telur vafa leika á, hvort veita skuli, skal hún leita álits Búnaðarfélags Íslands eða nýbýlastjórnar ríkisins, eftir því sem við á.

Við ákvörðun lánanna skal stjórn sjóðsins taka tillit til þess, hvað mikil önnur veðlán hvíla á eigninni.

Lán þessi skulu ekki veitt fyrr en að fullloknum framkvæmdum eða kaupum þeim, sem þau eru veitt til.

5. gr.

Þegar stjórn Ræktunarsjóðs hefur ákveðið að veita lán samkvæmt 5. gr., er henni heimilt að veita bráðabirgðalán, meðan á framkvæmdum stendur, gegn veði í framkvæmdinni og öðrum tryggingum, ef þurfa þykir, svo sem handveði, persónulegum ábyrgðum eða öðru, er hún tekur gilt sem tryggingu fyrir bráðabirgðaláninu.

Þessi lán mega nema allt að 80% af hinu áætlaða láni, og skulu þau greidd að fullu um leið og stofnlánið er tekið.

6. gr.

Vextir af öllum stofnlánum Ræktunarsjóðs skulu vera 2½%, en af bráðabirgðalánum 5%.

7. gr.

Lánin má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi á veðskuldir til annarra en Byggingarsjóðs eða annarra opinberra sjóða undan veðrétti þeim, er Ræktunarsjóður fær. Ef umbætur þær, sem lánið er veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættrar.
2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánið er veitt til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem rafstöðvar eða verksmiðjur.
3. Gegn veði í þeim vélum og verkfærum, sem keypt eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóv. 1887.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir tölulið 1., skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til ræktunar eða byggingar peningshúsa og geymsluhúsa á sveitabýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja og véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkv. tölulið 2.—4., styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð sýslufélags.

Ábyrgð sýslufélags kemur því aðeins til greina, að um verksmiðjur eða vinnustöðvar sé að ræða, sem félag stendur að, enda komi þá til heimild æðri stjórnarvalda.

Hús, vélar og fénaður er því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr Ræktunarsjóði, að vátryggð séu í vátryggingastofnun, er sjóðurinn tekur gilda.

8. gr.

Seðladeild Landsbanka Íslands skal skylt að lána Ræktunarsjóði upphæð í íslenzkum krónum, sem samsvari því, er sjóðurinn lánar til kaupa á því, sem hefur haft í för með sér notkun erlends gjaldeyris, að byggingarefni undanskildu, með 1½% vöxtum. Seðladeild Landsbankans veitir lánin í opnum reikningi, en við hver árslok skal sameina lánveitingar liðins árs í eitt lán. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Ræktunarsjóðs gagnvart seðladeild Landsbankans. Ræktunarsjóður skal

endurgreiða seðladeild Landsbankans lán þessi með jöfnum afborgunum á 10 árum. Þó má skuld sjóðsins við seðladeildina aldrei vera hærri en 10 millj. kr.

Stjórn Ræktunarsjóðs og stjórn seðladeildarinnar ákveða með samkomulagi, hve mikill hluti lánanna gengur til kaupa á hinu erlenda efni. Ef ágreiningur yrði um ákvörðun þessa, skal leitað úrskurðar landbúnaðarráðherra.

9. gr.

Ræktunarsjóði er heimilt, ef stofnfé hrekkur ekki til lánveitinga, að gefa út handhafavaxtabréf allt að fjórföldum stofnsjóði sínum.

Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

10. gr.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef stjórn Ræktunarsjóðs krefst þess, sýna skilríki frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands eða öðrum þeim, er stjórn sjóðsins tekur gildan, fyrir því, að veði því, sem lánað hefur verið út á, hafi vel verið við haldið og að það hafi ekki rýrnað. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

11. gr.

Lánstíminn skal vera 5—25 ár, eftir því til hvers lánað er. Ef lánið er til túnræktar eða nýrra bygginga, má lánstíminn vera allt að 25 árum, svo og til þeirra framkvæmda við vermirækt, sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnsaukningar og annars þess, sem ekki á trygga langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar greint í reglugerð, hve langur lánstíminn má vera til hvers konar lána.

Lán til túnræktar mega vera afborgunarlaus þrjú fyrstu árin, en annars skulu öll lán sjóðsins greidd jöfnum afborgunum, nema lántakandi vilji greiða þau fyrr og fljótar en venja er.

12. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Ræktunarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef Ræktunarsjóði hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskipti.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
4. Ef lögð er niður landbúnaðarframleiðsla eða störf fyrir landbúnaðinn á eignum þeim, er veðsettar eru Ræktunarsjóði.

13. gr.

Þegar lán eru komin á gjalddaga, hefur Ræktunarsjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð eða fara með það á annan hátt eins og venja er um veð fyrir lánum, sem í gjalddaga eru komin.

14. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Ræktunarsjóði og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

15. gr.

Ræktunarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

16. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Ræktunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 115 frá 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

17. gr.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda brjóti þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 105 frá 3. maí 1935, um Ræktunarsjóð Íslands, og II. kafli laga nr. 38 frá 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

Nd. 452. Frumvarp til laga

um einkaheimild hafnarsjóðs Ísafjarðar til út- og uppskipunar.

Flm.: Finnur Jónsson.

1. gr.

Hafnarsjóði Ísafjarðar heimilast að taka einkarétt á út- og uppskipun á vörum í og úr þeim skipum, er hafna sig á Ísafirði, að undanskildum eigin afla fiskiskipa.

2. gr.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð, að fengnum tillögum hafnarnefndar Ísafjarðar, ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um gjald fyrir starf þetta og ábyrgð hafnarsjóðs gagnvart þriðja aðila.

3. gr.

Um brot gegn lögum þessum fer sem um almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1947.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni bæjarstjórnar Ísafjarðar, og fylgdi því svo hljóðandi bréf frá bæjarstjóra.

BÆJARSTJÓRINN Á ÍSAFIRÐI

Ísafirði, 29. janúar 1947.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðar 22. þ. m. var samþykkt tillaga frá hafnarnefnd um að fela alþingismönnunum Finni Jónssyni ráðherra, Sigurði Bjarnasyni og Hannibal Valdimarssyni að beita sér fyrir því á Alþingi, að hafnarsjóði Ísafjarðar verði veitt heimild í lögum til að taka að sér uppskipun og útskipun á þeim vörum, sem um höfnina fara.

Samkvæmt þessu eru það vinsamleg tilmæli mín, að þér, hæstvirtur ráðherra, gerið yðar ýtrasta til þess, að hafnarsjóði Ísafjarðar verði af Alþingi veitt framannefnd heimild.

Svo sem yður mun kunnugt, er þessi málaleitun fram komin til að auka tekjur hafnarsjóðs, en 1945 voru gjöld umfram tekjur kr. 21031.76. Að vísu var gjaldskrá

hækkuð nokkuð í maí 1946, en stórkostlegar framkvæmdir eru í undirbúningi, svo sem hafnarbakkinn í Neðsta, sem áætlað er að kosti 2,5 milljón krónur. Þá eru uppi raddir um, að hafnarsjóður eigi að byggja yfir útgerðina geymsluhús og verbúðir, og mun full þörf vera á því. Eru og slíkar byggingar styrktar, svo sem hafnarframkvæmdir, og því eðlilegast, að hafnarsjóður leysi þetta aðkallandi vandamál útvegsins. Má gera ráð fyrir, að byggja þurfi í þessu skyni fyrir um kr. 1,5—2 milljónir. Þá er enn rætt um nauðsyn þess, að slippur fyrir 7—800 tonna skip verði hér byggður fyrir Vestfirði. Mun slíkt mannvirki kosta ca. 2—3 milljónir.

Af þessu er ljóst, að hafnarsjóði er knýjandi þörf á auknum tekjustofnum til að standast síaukinn kostnað af framkvæmdum, sem ekki verður komizt hjá að leysa af hendi á næstu árum.

Virðingarfyllst

Ásberg Sigurðsson.

Ed. 453. Breytingartillaga

við rökstudda dagskrá á þskj. 423 [Iðnskóli í sveitum].

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

Niðurlag till., á eftir orðunum „koma til framkvæmda“, skal hljóða svo: beinir deildin því til ríkisstjórnarinnar að láta eins fljótt og mögulegt er hefja kennslu með líku sniði og um getur í frv. þessu við einn eða fleiri gagnfræðaskóla í sveit og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 454. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 121 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 102 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá Jóni Sigurðssyni, Pétri Ottesen og Steingrími Steinþórssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   3. málsl. 1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:
   Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegarskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignarmati og ekki hærri en 12 af þúsundi, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   9. gr. laganna orðist svo:
   Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkv. síðari málsgr. 6. gr. en svarar 2‰ af fasteignarverði lands og lóða og 1‰ af fasteignarverði húsa, og skal þá ríkissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2‰—4‰ af land- og lóðaverði og 1‰—2‰ af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði, móti framlagi, er nemur 4‰—10‰ af land- og lóðaverði og 2‰—5‰ af húsaverði, greiðist tvöfalt framlag úr ríkissjóði, en þrefalt á móti því, sem umfram er.
3. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 121 12. des. 1945.

4. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frv. til laga um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Sþ. 455. Þingsályktun

um bætt starfsskilyrði á Alþingi.

(Afgreidd frá Sþ. 26. febr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið allra fyrsta framkvæma í samráði við forseta þingsins nauðsynlegar umbætur á starfsskilyrðum þingmanna og annarra þeirra, sem í alþingishúsinu vinna, svo sem þeirra blaðamanna, er þar sinna fréttastarfsemi. Sé hvað blaðamenn áhrærir leitað álits og tillagna Blaðamannafélags Íslands um þær breytingar, sem ákveðnar kynnu að verða. Enn fremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að nota sem fyrst heimild 1. gr. laga nr. 9 13. febr. 1943 til að láta reisa hús eða kaupa hús fyrir þingmannabústað, sbr. og 2. gr. laga nr. 59 12. marz 1945, er heimilar lántöku í þessu skyni.

Sþ. 456. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta samninga um alþjóðaflug.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur tekið mál þetta til meðferðar, en afgreiðsla þess hefur tafizt vegna ráðstöfunar, sem gerð hefur verið til að færa þýðinguna á samningunum til betra máls. Nefndinni er ljóst, að samningar þessir eru þáttur í alþjóða samstarfi, er rétt verður að teljast, að Íslendingar taki sinn þátt í, og leggur því til, að till. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Aftan við tillgr. bætist: og prentuð eru í íslenzkri þýðingu sem fylgiskjöl með ályktun þessari.

Fylgiskjal I.

Samþykkt um alþjóðaflugmál.

(Convention on International Civil Aviation. — Íslenzk þýðing.)

Inngangur.

Þar sem vitað er, að þróun alþjóðaflugs getur mjög stutt að því að skapa og varðveita vináttu og skilning þjóða meðal og að misbeiting þess getur orðið hættuleg almennu öryggi, og með því enn fremur, að æskilegt er að forðast ýfingar og efla samvinnu meðal þjóða heimsins, því að undir henni er heimsfriðurinn kominn, þá hafa neðanskráðar ríkisstjórnir komið sér saman um ákveðnar meginreglur og fyrirkomulag, svo að alþjóðaflug geti þróazt á öruggan og skipulegan hátt og að millilandaloftflutningar verði upp teknir á grundvelli jafnræðisstöðu og reknir á heilbrigðum fjárhagsgrundvelli.

Þær hafa því í þessu skyni gert samþykkt þá, sem hér fer á eftir.

I. HLUTI — LOFTSIGLINGAR

I. KAFLI
Almennar meginreglur og framkvæmd samþykktarinnar.

1. gr.
Yfirráðasvæði.

Ríki þau, sem aðilar eru að samþykkt þessari, viðurkenna full og óskoruð yfirráð hvers ríkis yfir loftinu, sem uppi yfir því er.

2. gr.
Landsvæði.

Í þessari samþykkt skal land hvers ríkis teljast það land og landhelgisvæði, sem það ræður yfir, hefur forræði fyrir, verndar eða hefur umboðsstjórn yfir.

3. gr.
Kaupför og ríkisflugför.

a. Þessi samþykkt skal gilda eingöngu um flugför til kaupferða, en ekki skal hún taka til ríkisflugfara.
b. Flugvélar til herþjónustu, toll- eða löggæzlu skulu álitnar ríkisflugför.
c. Engin ríkisflugför samningsaðila skulu fljúga yfir land annars ríkis eða lenda þar, nema með leyfi í sérstökum samningum eða annarri heimild, og þá í samræmi við skilmála slíkrar heimildar.
d. Samningsaðilar skuldbinda sig til að taka fullt tillit til öryggis í flugi kaupfara, þegar þeir gefa út reglugerðir handa ríkisflugförum sínum.

4. gr.
Misbeiting kaupflugs.

Hver samningsaðili samþykkir að nota eigi kaupflug í neinu því skyni, er í bága geti komið við markmið samþykktar þessarar.

II. KAFLI
Flug yfir land samningsríkis.

5. gr.
Réttindi til flugs án áætlunar.

Hvert samningsríki samþykkir, að öllum flugförum annarra samningsríkja, sem ekki stunda áætlunarflug milli landa, en hlýða þó fyrirmælum þessarar samþykktar, skuli heimilt að fljúga inn í landið eða yfir það stanzlaust, eða nema þar staðar án viðskipta, og er þeim eigi nauðsynlegt að fá til þess leyfi áður. Þó hefur það ríki, sem yfir er flogið, rétt til að krefjast þess, að farið lendi. En vegna öryggis geymir hvert samningsríki sér rétt til að krefjast þess, að flugför, sem halda vilja áfram yfir svæði, sem ólendandi er á, eða hafa ófullkomin loftsiglingatæki, fari eftir settum leiðum, eða fái sérstakt leyfi til slíks flugs.

Þeim flugförum, sem flytja farþega, farm og póst fyrir þóknun eða ákveðið gjald, sem er þó ekki hið sama sem í áætlunarferðum (sjá þó 7. gr.), skal heimilt að taka eða skilja eftir farþega, farm eða póst. En þó skal því ríki, þar sem farþegar eru teknir eða skildir eftir, heimilt að setja þær reglur og skilmála eða reisa þær skorður, sem æskilegar kunna að þykja.

6. gr.

Áætlunarflug.

Ekki má reka áætlunarflug um samningsríki eða yfir því, nema sérstakt leyfi eða önnur heimild þess ríkis komi til, og skal því þá hagað samkvæmt ákvæðum leyfisins eða heimildarinnar.

7. gr.

Innanlandsferðir.

Hvert samningsríki hefur rétt til að neita flugvélum annars samningsríkis um leyfi til að taka gegn endurgjaldi eða leigu innan lands þess farþega, póst eða flutning, sem ætlað er annarri höfn innan landsins. Hvert samningsríki skuldbindur sig til að gerast ekki aðili að neinu samkomulagi, sem sérstaklega veiti nein slík sérréttindi nokkru öðru ríki eða flugfélagi í öðru ríki, né heldur að fá slík sérréttindi hjá neinu öðru ríki.

8. gr.

Flugmannslaus flugför.

Engum flugförum, sem hægt er að fljúga flugmannslaust, skal fljúga flugmannslausum yfir land samningsríkis án sérstakrar heimildar þess og þá í samræmi við slíka heimild. Öll samningsríki takast á hendur að tryggja flug slíkra flugmannslausra flugfara yfir svæði, sem opin eru kaupförum, og skulu þau háð eftirliti, til þess að draga úr hættu þeirri, er kaupförum kynni af þeim að stafa.

9. gr.

Bannsvæði.

a. Hvert samningsríki getur vegna hernaðar eða almenns öryggis takmarkað eða bannað algerlega flugförum annarra ríkja að fljúga yfir sérstök svæði landa sinna, enda sé enginn greinarmunur gerður í þessu efni á þeim flugförum þess ríkis, sem flogið er um og eru í áætlunarflugferðum, og á flugförum annarra samningsríkja, sem sama starf stunda. Slík bannsvæði skulu eigi vera óhæfilega stór og þannig í sveit sett, að þau komi að nauðsynjalausu í bága við loftsiglingar. Lýsingar slíkra bannsvæða á landi samningsríkis svo og þær breytingar, sem síðar kunna að verða gerðar á þeim, skulu tilkynntar eins fljótt og auðið er öðrum samningsríkjum og Alþjóðaflugmálastofnuninni.

b. Öll samningsríki geyma sér einnig rétt til þess að takmarka eða banna um stundarsakir flug yfir allt land sitt eða hluta þess, þegar óvenjulega stendur á, á hættutímum eða vegna öryggis almennings, og mega slík ákvæði þegar ganga í gildi. En slíkri takmörkun eða banni má því aðeins beita, að það nái jafnt til flugfara allra þjóða.

c. Hvert samningsríki getur, samkvæmt þeim reglum, sem settar kunna að verða, krafizt þess, að öll flugför, sem fljúga yfir lönd, er getur í stafliðunum a og b hér að framan, skuli að loknu flugi lenda eins fljótt og auðið er í einhverri tilgreindri flughöfn innan lands þess.

10. gr.

Lending í tollflughöfn.

Öllum flugförum, sem koma inn yfir landsvæði samningsríkis, skal leyft að lenda í flughöfn, sem það ríki tilgreinir í þessu skyni til tollskoðunar og annarrar skoðunar, ef reglugerðir þess ríkis mæla svo fyrir. Þetta gildir þó ekki, er flugförum er leyft samkvæmt sérstakri heimild eða ákvæðum samþykktar þessarar að fljúga yfir land samningsríkis án lendingar. Þegar flugför fara frá landi samn-

ingsríkis, skulu þau fara frá tollflughöfn, sem á sama hátt hefur verið tilgreind. Upplýsingar um allar tilgreindar tollflughafnir skulu birtar viðkomandi riki og látnar í té Alþjóðaflugmálastofnuninni, sem stofnsett verður samkvæmt II. hluta þessarar samþykktar, enda tilkynni hún þær öðrum samningsríkjum.

11. gr.

Hvernig beita skuli loftferðareglum.

Um komu flugfara, sem stunda millilandaflug, eða brottför þeirra frá landi samningsríkis, svo og um rekstur og stjórn slíkra flugfara, meðan þau eru innan landsins, skal beita lögum og reglugerðum ríkisins, jafnt um flugför allra samningsríkja, án tillits til þjóðernis (sjá þó ákvæði þessarar samþykktar). Skulu þau flugför hegða sér í samræmi við slík lög og reglur, þegar þau koma til lands þess ríkis, fara þaðan eða meðan þau dveljast þar.

12. gr.

Loftferðareglur.

Öll samningsríkin skuldbinda sig til að gera ráðstafanir til tryggingar því, að sérhvert flugfar, sem flýgur yfir eða stýrt er innan landsvæða þeirra, og sérhvert flugfar, sem ber þjóðernismerki þeirra, skuli alls staðar fara eftir þeim reglum og reglugerðum um flug og loftsiglingar, sem þar gilda. Skuldbindur hvert ríki sig til að hafa sínar reglugerðir um þessi efni sem líkastar þeim, sem eftir því sem tímar líða verða settar í samræmi við samþykkt þessa. Yfir úthöfum skulu þær reglur gilda, sem settar eru með samþykkt þessari. Hvert samningsríki tekur að sér að tryggja, að lögum verði komið yfir aðila, sem brjóta settar reglur.

13. gr.

Reglur um komu og afgreiðslu.

Lög og reglugerðir samningsríkis um landtöku farþega, áhafnar eða flutnings flugfara, svo og um brottför frá landi þess, t. d. reglugerðir um komu, afgreiðslu, landgöngu, vegabréf, tollskoðun og læknisskoðun, skulu haldin um þá farþega, áhöfn eða farm, þegar þau koma inn í landið, fara þaðan eða dveljast innan landamæra þess.

14. gr.

Varnir gegn útbreiðslu sjúkdóma.

Öll samningsríkin samþykkja að gera traustar ráðstafanir til að verjast hættu af völdum flugferða á útbreiðslu kóleru, taugaveiki (umferða-), bólusóttar, gulusóttar, svarta dauða eða annarra næmra sjúkdóma, sem samningsríkin munu framvegis tilgreina, og í því skyni skulu samningsríkin vera í nánu sambandi við stofnanir þær, sem hafa með höndum alþjóðareglugerðir um heilbrigðisráðstafanir viðvíkjandi flugförum. Slík ákvæði skulu ekki brjóta í bága við neinar gildandi alþjóðasamþykktir um þessi efni, sem samningsríkin kunna að vera aðilar að.

15. gr.

Flughafnagjöld og önnur svipuð gjöld.

Sérhver flughöfn samningsríkis, sem opin er til almennra afnota flugförum þjóðarinnar, skal einnig (sjá þó ákvæði 68. gr.) vera opin flugförum allra annarra samningsríkja með samræmdum skilmálum. Sömu samræmdu skilmálar skulu gilda um afnot flugfara allra samningsríkja af öllum loftsiglingartækjum, og er þar með

talin radio- og veðurþjónusta, sem látin er almennt í té til öryggis og flýtis loftsiglingum.

Þau gjöld, sem lögð kunna að verða á eða leyft verður að leggja á af hálfu samningsríkis fyrir að leyfa flugförum annarra samningsríkja að nota slíkar flughafnir eða loftsiglingatæki, skulu ekki vera hærri en:

a. þau, sem greidd eru af flugförum eigin þjóðernis, sem ekki starfa að áætlunarbundnu millilandaflugi, og á þetta við þau flugför erlend, sem í sama flokki teljast,
b. þau, sem greidd eru af flugförum eigin þjóðernis, sem eru í áætlunarmillilandaflugi, og á þetta við þau flugför, sem í sama flokki teljast.

Öll slík gjöld skal auglýsa og tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni. Það er tilskilið, að að fengnum tilmælum samningsríkis, sem hlut á að máli, skuli gjöld fyrir afnot flughafna og annarra þæginda háð endurskoðun flugmálaráðs, sem skal gefa um það skýrslu og gera tillögur til athugunar því ríki eða þeim ríkjum, sem í hlut eiga. Ekkert samningsríki má krefjast þóknunar, skatta eða annarra gjalda af flugförum samningsríkis eða þeim mönnum eða eignum, sem þau flytja, fyrir þau réttindi ein að mega fljúga yfir, koma inn í eða fara frá landsvæði þess.

16. gr.

Skoðun flugfara.

Réttum yfirvöldum sérhvers samningsríkis skal heimilt að leita í flugfari annars samningsríkis, þegar það kemur eða fer, og skoða skírteini og önnur skilríki, sem gert er ráð fyrir í samþykkt þessari. Skal slík skoðun fara fram án óhæfilegrar tafar.

III. KAFLI

Þjóðerni flugfara.

17. gr.

Þjóðerni flugfara.

Flugfar skal teljast til þjóðernis þess ríkis, þar sem það er skrásett.

18. gr.

Tvöföld skrásetning.

Flugfar getur ekki að lögum verið skrásett í fleiri ríkjum en einu, en skrásetningu þess má flytja frá einu ríki til annars.

19. gr.

Landslög um skrásetningu.

Skrásetning eða flutning skrásetningar flugfars í samningsríki skal gerð í samræmi við landslög og reglugerðir.

20. gr.

Merki.

Öll flugför, sem fljúga milli landa, skulu bera þjóðernismerki og skrásetningarmerki.

21. gr.

Skýrslur um skrásetningu.

Hvert samningsríki um sig skuldbindur sig til að láta öllum öðrum samningsríkjum eða Alþjóðaflugmálastofnuninni í té upplýsingar um skrásetningu,

eigendur og önnur atriði viðvíkjandi flugförum, sem skrásett eru innan ríkisins, ef óskað er. Auk þess skal hvert samningsríki láta Alþjóðaflugmálastofnuninni í té skýrslur samkvæmt þeim reglum, sem hún kann að setja um þau meginatriði, sem fáanleg eru og varða eignarheimild og yfirráð flugfara, sem skrásett eru í ríkinu og venjulega hafa á hendi millilandaflugferðir. Upplýsingar þær, sem Alþjóðaflugmálastofnunin öðlast á þennan hátt, skulu veittar öðrum samningsríkjum, ef þau óska þess.

IV. KAFLI
Ráðstafanir til að auðvelda loftsiglingar.

22. gr.
Formsatriði gerð auðveldari.

Hvert samningsríki samþykkir að gera allt, sem unnt er, til þess að flýta loftsiglingum og auðvelda þær milli landa samningsríkja og koma í veg fyrir óþarfa tafir flugfara, áhafna, farþega og flutnings, einkum vegna framkvæmdar laga um innflutning fólks, sóttkvíun, tollskoðun og afgreiðslu. Skal þetta gert með útgáfu reglugerðar eða á annan hátt.

23. gr.
Framkvæmd tollskoðunar og reglna við innflutning fólks.

Öll samningsríki skuldbinda sig til að setja reglur um tollskoðun og fólksinnflutning að því er tekur til millilandaflugs. Skulu þær vera í samræmi við það, sem ákveðið kann að verða eða mælt verður með á hverjum tíma samkvæmt samþykkt þessari. Ekkert í samþykkt þessari skal skýra á þá leið, að það komi í veg fyrir, að gerðar verði tollfrjálsar flughafnir.

24. gr.
Tollskylda.

a. Flugförum á flugi til samningsríkis, frá því eða yfir land þess skal um stundarsakir hleypt inn í landið án þess að greiða toll (sjá þó tollreglugerð þess ríkis). Eldsneyti, áburðarolíur, varahlutir, venjulegur útbúnaður og þær vistir samningsríkisflugvélar, sem í henni eru, þegar hún kemur í annað samningsríki, svo og þær vistir, sem í henni eru, þegar hún fer úr því ríki, skulu undanþegnar því að greiða toll, þóknun fyrir skoðun og þess háttar innanlands- eða héraðsgjöld og álögur. Þessi undanþága nær þó ekki til þess magns eða þeirra hluta, sem skipað er upp úr flugvélinni, nema í samræmi sé við tollreglugerð ríkisins, sem getur krafizt þess, að þær séu undir tolleftirliti.

b. Varahlutum og útbúnaði, sem fluttur er í land samningsríkis til þess að festa þá þar eða nota í flugvélar annars samningsríkis, sem starfa í millilandaflugi, skal hleypt inn í landið tolllaust, ef fylgt er reglugerðum þess ríkis, sem hlut á að máli og getur lagt svo fyrir, að þessir hlutir séu í vörzlu og undir eftirliti tollyfirvaldanna.

25. gr.
Nauðstödd flugför.

Hvert samningsríki heitir því að gera þær aðstoðarráðstafanir til handa nauðstöddum flugförum innan yfirráðasvæðis síns, sem framkvæmanlegar eru, og leyfa, undir eftirliti yfirvalda landsins, eigendum eða yfirvöldum þess ríkis, sem flugfar er skrásett í, og gera þær ráðstafanir til hjálpar, sem nauðsynlegar kunna að þykja eftir atvikum. Þegar leit er hafin að týndu flugfari, skulu öll samningsríkin vinna saman og gera þær ráðstafanir sameiginlega, sem líklegar kunna að þykja og í samræmi við þessa samþykkt.

26. gr.

Rannsókn út af slysum.

Nú verður flugfar samningsríkis fyrir slysi í landi annars samningsríkis, og leiðir af því dauða eða alvarleg meiðsli eða í ljós koma alvarlegir tæknigallar á flugfarinu eða tækjum til að auðvelda loftsiglingar, og skal þá fyrir atbeina þess ríkis, þar sem slysið varð, hafin rannsókn á atvikum þess, og að svo miklu leyti sem lög leyfa skal henni hagað í samræmi við þá málsmeðferð, sem Alþjóðaflugmálastofnunin mælir með. Heimaríki flugfars skal gefið tækifæri til að kjósa skoðunarmenn til að vera viðstaddir rannsóknina, enda skal ríki það, er fyrir rannsókn gengst, láta heimaríkinu í té skýrslu um rannsóknina og niðurstöður hennar.

27. gr.

Undanþága frá kyrrsetningu vegna einkaleyfiskröfu.

a. Öll flugför samningsríkja, sem eru í millilandaflugi, skulu undanþegin kyrrsetningu, lögbanni og öllum kröfum á hendur eigendum þeirra eða þeim, sem þau reka, svo og allri annarri íhlutun af hálfu þess samningsríkis, sem flogið er um, eða einstaklinga innan þess ríkis, fyrir þá sök, að byggingarlag, vélar, einstakir hlutar, hjálpargögn eða rekstur (operation) flugfarsins sé brot á nokkru einkaleyfi, teikningu eða líkani, sem réttilega hafi verið veitt eða skrásett í því ríki, sem flugfarið kemur til, því að samþykkt er, að ekki skuli krefjast tryggingarfjár í sambandi við undanþágu þá, er að ofan getur og varðar kyrrsetningu eða löghald flugfars af hálfu þess ríkis, er slíkt flugfar kemur til.

b. Ákvæði a-liðar þessarar greinar ná einnig til geymslu varahluta og varabúnaðar flugfara samningsríkis og þeirra réttinda að mega nota þá og setja í flugfar, þegar við það er gert innan nokkurs annars samningsríkis, að því tilskildu, að eigi má selja neina hluta eða útbúnað, sem verndaðir eru með einkaleyfi, eða dreifa þeim innanlands eða flytja út í verzlunarskyni frá því ríki, sem flugfarið kemur til.

c. Eigi skulu önnur ríki njóta verndar þeirrar, er um ræðir í þessari grein, en þau, sem eru annaðhvort: 1. aðilar að alþjóðasamþykkt um iðnréttindavernd (International Convention for the Protection of Industrial Property) ásamt viðaukum hennar, eða 2. hafa sett lög um einkaréttindi, þar sem þau viðurkenna og gilda vernd veita uppfyndingum borgara annarra ríkja, sem aðilar eru að samþykkt þessari.

28. gr.

Samræmd kerfi og tæki til að auðvelda loftsiglingar.

Eftir því sem fært þykir, heitir hvert samningsríki því:

a. að sjá fyrir flughöfnum, radioþjónustu, veðurupplýsingum og öðrum þægindum innan lands síns, til að auðvelda millilandaloftsiglingar, í samræmi við reglur þær og venjur, sem mælt kann að verða með eða settar kunna að verða framvegis samkvæmt samþykkt þessari;

b. að taka upp og beita réttum og viðeigandi samtala- og sambandskerfum, staflyklum, merkjum, kallmerkjum, ljósmerkjum og öðrum starfsvenjum og reglum, sem mælt verður með eða settar kunna að verða á hverjum tíma samkvæmt þessari samþykkt;

c. að eiga samvinnu um alþjóðaráðstafanir til að tryggja útgáfu loftsiglingakorta í samræmi við almennar reglur, sem mælt kann að verða með eða settar kunna að verða samkvæmt samþykkt þessari.

V. KAFLI
Skilyrði, sem flugför verða að fullnægja.

29. gr.
Skjöl flugfara.

Öll flugför samningsríkja, sem stunda millilandaflug, skulu hafa eftirtalin skilríki, samkvæmt skilmálum þeim, sem settir eru í samþykkt þessari:

a. Skrásetningarskjal,
b. loftfærnisskírteini,
c. rétt leyfisbréf fyrir hvern mann áhafnar,
d. loftferðadagbók,
e. radíóstöðvarskírteini, ef í því er radíótæki,
f. farþegalista, ef það flytur farþega, og skulu þar greind nöfn þeirra, höfn, þar sem þeir eru teknir, og höfn sú, er þeir ætla til,
g. farmskírteini og sundurliðaða skýrslu um farm, ef það flytur farm.

30. gr.
Radíóútbúnaður flugfara.

a. Flugför hvers samningsríkis mega því aðeins hafa radíósenditæki innanborðs á flugi um og yfir land annarra samningsríkja, að leyfisbréf til að setja upp og nota slík tæki hafi verið gefið út af hlutaðeigandi yfirvöldum heimaríkis flugfarsins. Afnot slíks senditækis innan lands þess samningsríkis, sem yfir er flogið, skulu háð reglugerðum þess ríkis.
b. Radíósenditæki mega þeir einir flugáhafnar nota, sem fengið hafa til þess sérstakt leyfisbréf, útgefið af hlutaðeigandi yfirvöldum heimaríkis flugfarsins.

31. gr.
Loftfærnisskírteini.

Sérhvert flugfar, sem er í millilandaflugi, skal hafa meðferðis loftfærnisskírteini, útgefið eða áritað af heimaríki flugfarsins.

32. gr.
Leyfisbréf áhafna.

a. Stýrimaður (pilot) hvers flugfars, sem er í millilandaflugi, svo og aðrir menn úr flugáhöfn þess skulu hafa hæfnisvottorð og leyfisbréf, útgefin eða árituð af heimaríki flugfarsins.
b. Hvert samningsríki áskilur sér rétt til að neita að taka til greina hæfnisvottorð og leyfi, sem önnur samningsríki kunna að hafa gefið borgurum þeirra til flugs um eða yfir landi þeirra.

33. gr.
Viðurkenning skírteina og leyfisbréfa.

Loftfærnisskírteini þau, hæfnisvottorð og leyfisbréf, sem út eru gefin eða árituð af samningsríki, heimaríki flugfars, skulu tekin gild af öðrum samningsríkjum, enda séu kröfur þær, sem slík skírteini og leyfisbréf fullnægja, hinar sömu eða strangari en lágmarkskröfur þær, sem settar kunna að verða á hverjum tíma í samræmi við samþykkt þessa.

34. gr.

Loftferðadagbækur.

Í hverju flugfari, sem er í millilandaflugi, skal rita loftferðadagbók, og skal í hana skrá upplýsingar um flugfarið, áhöfn þess og hverja einstaka flugferð, í því formi, sem ákveðið kann að verða síðar í samræmi við samþykkt þessa.

35. gr.

Takmarkanir á farmi.

a. Ekki má flytja hergögn eða hernaðartæki yfir eða um land samningsríkis í flugfari, sem stundar millilandaflug, nema leyfi þess ríkis komi til. Skal hvert ríki setja reglur um það, hvað skoða beri hergögn eða hernaðartæki, að því er til þessarar greinar tekur, og fyrir samræmis sakir skal taka fullt tillit til þess, sem loftferðaráð kann að mæla með á hverjum tíma.
b. Vegna allsherjar reglu og öryggis áskilur hvert samningsríki sér rétt til þess að setja reglur um flutning um eða yfir land sitt eða banna hann, ef um annan varning er að ræða en þann, sem getur í staflið a, og það tilskilið, að enginn munur sé gerður í þessu efni á flugförum eigin þjóðar, sem stunda millilandaflug, og flugförum annarra ríkja, sem stunda sama starf, og ekki má heldur leggja hömlur á flutning og afnot tækja þeirra í flugförum, sem nauðsynleg eru við stjórn flugfara eða áhöfn og farþegum til öryggis.

36. gr.

Ljósmyndatæki.

Öll samningsríki mega banna eða setja ákvæði um notkun ljósmyndatækja í flugförum yfir landi sínu.

VI. KAFLI

Alþjóðareglur og framkvæmdaratriði, sem mælt er með.

37. gr.

Samþykkt alþjóðareglna og aðferða.

Öll samningsríkin skuldbinda sig til að starfa saman að því að ná sem fyllstu samræmi í reglugerðum, reglum, aðferðum og skipulagi viðvíkjandi flugförum, áhöfnum, loftleiðum og hjálparstarfi í öllum þeim efnum, þar sem slíkt samræmi auðveldar og bætir loftsiglingar.

Í þessu skyni skal Alþjóðaflugmálastofnunin taka upp og endurbæta, eftir því sem nauðsyn krefur á hverjum tíma, alþjóðareglur, venjur og aðferðir, sem mælt verður með og tekur til:

a. merkjasambanda og hjálpartækja við loftsiglingar, og eru þar með talin merki á jörðu;
b. sérkenna flughafna og lendingarsvæða;
c. loftferðareglna og venja um loftferðastjórn;
d. leyfisbréfa áhafna til flugstjórnar og vélgæzlu;
e. loftfærni flugfara;
f. skrásetningar og einkenna flugfara;
g. öflunar og útsendingar veðurupplýsinga;
h. loftferðadagbóka;
i. loftsiglingakorta;
j. framkvæmdar tollskoðunar og landgöngu farþega;
k. flugfara í neyð og rannsóknar slysa;

svo og að því er tekur til annarra atriða um öryggi, reglubundinn rekstur og góða starfrækslu loftsiglinga, sem síðar kann að þykja rétt.

38. gr.

Vikið frá alþjóðareglum og aðferðum.

Nú þykir ríki ekki unnt að fara að öllu leyti eftir einhverjum slíkum alþjóðareglum og aðferðum, eða samræmir ekki að fullu reglur sínar og venjur einhverri alþjóðareglu eða aðferð, eftir að henni hefur verið breytt, eða því þykir nauðsynlegt að taka upp reglur eða venjur, sem í einhverju eru frábrugðnar þeim, sem settar eru að alþjóðahætti, og skal það þá þegar í stað tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni mismuninn á sinni aðferð og alþjóðavenjunni. Séu breytingar gerðar á alþjóðareglum, skal hvert það ríki, sem gerir ekki viðeigandi breytingar á sínum reglum og venjum, tilkynna ráðinu innan 60 daga eftir að sú breyting á alþjóðareglunum var gerð, hvaða ráðstafanir það ætlar sér að gera. Þegar svona stendur á, skal ráðið þegar í stað tilkynna öllum öðrum ríkjum mismuninn, sem verður milli eins eða fleiri atriða í alþjóðareglunum og tilsvarandi venjum annars ríkis. Í öllum slíkum tilvikum skal ráðið þegar í stað kunngera öllum öðrum ríkjum þann mismun, sem vera kann í einu eða fleiri atriðum á alþjóðareglum og tilsvarandi staðarvenjum þess ríkis.

39. gr.

Áritun skírteina og leyfisbréfa.

a. Nú er eitthvert flugfar eða hluti þess frábrugðið alþjóðareglum um loftfærni eða afköst og fullnægir ekki að einhverju leyti þeim reglum á þeim tíma, sem það fær skírteini, og skal þá rita á loftfærnisskírteini þess eða festa við það fullkomna upptalningu þeirra atriða, sem ábótavant er.
b. Nú hefur maður leyfisbréf og fullnægir ekki að öllu leyti þeim skilmálum, sem settir eru í alþjóðareglum um þann flokk leyfisbréfa eða skírteina, sem honum hafa verið afhent, og skal þá rita á leyfisbréfið eða festa við það fullkomna upptalningu þeirra atriða, sem ábótavant er.

40. gr.

Gildi áritaðra skírteina og leyfisbréfa.

Eigi skal flugfar eða menn, sem hafa árituð skírteini sín eða leyfisbréf svo sem að framan getur, taka þátt í millilandaflugi, nema til komi leyfi þess ríkis eða þeirra ríkja, sem um er flogið. Skrásetning eða notkun slíks flugfars eða löggilts flugfarshluta innan allra annarra ríkja en hins upprunalega heimaríkis skulu vera á valdi þess ríkis, sem flugfarið eða flugfarshlutinn eru flutt til.

41. gr.

Viðurkenning gildandi reglna um loftfærni.

Ákvæði þessa kafla skulu eigi ná til flugfara eða útbúnaðar flugfara, sem í frumgerð hafa verið lögð fyrir hlutaðeigandi yfirvöld innanlands til löggildingar innan 3 ára eftir að samþykktar voru alþjóðareglur um loftfærni fyrir slíkan útbúnað.

42. gr.

Viðurkenning gildandi reglna um hæfni áhafna.

Ákvæði þessa kafla skulu eigi ná til manna, sem fengið hafa leyfisbréf sín í fyrsta sinn, innan eins árs frá því upprunalega voru settar alþjóðareglur um hæfni slíkra áhafna; en í öllum tilvikum skulu þær gilda um allar áhafnir, sem hafa leyfisbréf, er haldast í gildi 5 ár eftir að slíkar reglur voru settar.

II. HLUTI — ALÞJÓÐAFLUGMÁLASTOFNUNIN

VII. KAFLI
Stofnunin.

43. gr.

Nafn og skipulag.

Stofnun, sem heita skal Alþjóðaflugmálastofnunin (International Civil Aviation Organization), skal mynduð með samþykkt þessari, og skiptist hún í þing og ráð og þær greinir aðrar, er nauðsynlegar kunna að þykja.

44. gr.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar og tilgangur er að stuðla að þróun millilandaflugs, grundvallaratriða þess og tækni, og að vinna að skipulagningu og þróun millilandaloftflutninga, í því skyni að

a. tryggja öryggi og skipulega þróun alþjóðaflugmála um allan heim;
b. örva dráttlist á sviði flugvélabygginga og rekstur flugfara í friðsömu skyni;
c. stuðla að þróun loftleiða, flughafna og hjálpartækja til loftsiglinga fyrir millilandaflug;
d. fullnægja þörfum þjóða heimsins fyrir örugga, reglubundna, vel starfrækta og ódýra loftflutninga;
e. koma í veg fyrir óþarfa eyðslu vegna ósanngjarnrar samkeppni;
f. tryggja, að réttindi samningsríkja verði að fullu virt og að hvert samningsríki fái sanngjarnt tækifæri til að starfrækja millilandaflug;
g. forðast hlutdrægni meðal samningsríkja;
h. efla öryggi í millilandaflugi;
i. og yfirleitt efla þróun allra greina alþjóðaflugmála.

45. gr.

Fast aðsetur.

Stofnunin skal hafa fastan aðsetursstað, sem ákveðinn verður á síðasta fundi bráðabirgðaþings bráðabirgða-Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (The Interim Assembly of the Provisional International Civil Aviation Organization), sem á stofn var sett með bráðabirgðasamkomulagi um alþjóðaflugmál (Interim Agreement in International Civil Aviation), er undirritað var í Chicago 7. desember 1944. Aðsetursstaðinn má flytja til annars staðar um stundarsakir með ákvörðun ráðsins.

46. gr.

Fyrsti fundur þingsins.

Til fyrsta fundar þingsins skal kvatt af bráðabirgðaráði ofangreindrar bráðabirgðastofnunar þegar er samþykktin hefur öðlazt gildi, og skal það koma saman á þeim stað og tíma sem bráðabirgðaráðið ákveður.

47. gr.

Lagaleg aðstaða.

Stofnunin skal innan landsvæðis hvers samningsríkis um sig njóta þeirrar lagalegu aðstöðu, sem nauðsynleg kann að verða til þess að hún geti fullnægt skyldum sínum. Skal henni veitt full lagaleg aðild alls staðar þar, sem slíkt er samrímanlegt stjórnarskrá og lögum þess ríkis, sem í hlut á.

VIII. KAFLI
Þingið.

48. gr.
Þingfundir og atkvæðagreiðslur.

a. Þingið skal koma saman á hverju ári, og skal ráðið kveðja það til fundar á hentugum tíma og stað. Aukafundi þingsins má halda hvenær sem er að boði ráðsins eða að beiðni einhverra 10 samningsríkja, sem stíla hana til aðalritara.
b. Öll samningsríki skulu hafa jafnan rétt til að eiga fulltrúa á fundum þingsins, og skal hvert samningsríki hafa þar eitt atkvæði. Fulltrúar samningsríkja mega hafa sér til aðstoðar tækniráðunauta, sem mega vera á fundum, en eigi hafa þeir atkvæðisrétt.
c. Til þess að þingið sé ályktunarhæft þarf meiri hluti samningsríkja að hafa fulltrúa viðstadda. Þar sem öðruvísi er ekki ákveðið í samþykkt þessari, ræður afl atkvæða ákvörðunum þingsins.

49. gr.
Valdsvið þingsins og skyldur.

Vald þingsins og skyldur skulu ná til:
a. að kjósa á hverjum fundi forseta og aðra embættismenn;
b. að kjósa þau samningsríki, sem fulltrúa skulu eiga í ráðinu, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla;
c. að rannsaka og gera nauðsynlegar ráðstafanir út af skýrslum ráðsins og taka ákvörðun í öllum þeim málum, sem ráðið leggur fyrir;
d. að setja sjálfu sér fundarsköp og skipa þær undirnefndir, sem því kunna að þykja nauðsynlegar eða æskilegar;
e. að samþykkja árlega fjárhagsáætlun og ákveða fjárhagsskipulag stofnunarinnar í samræmi við fyrirmæli XII. kafla;
f. að endurskoða útgjöld og samþykkja reikninga stofnunarinnar;
g. að vísa málum til ráðsins, undirnefnda eða annarra nefnda, eftir því sem þurfa þykir;
h. að veita ráðinu vald og umboð svo sem þurfa þykir til að leysa af hendi skyldur stofnunarinnar og afnema eða breyta umboðsvaldi á hverjum tíma;
i. að framkvæma þau fyrirmæli XIII. kafla, sem við eiga;
j. að ræða tillögur til breytinga á ákvæðum þessarar samþykktar og vísa þeim til samningsríkja í samræmi við ákvæði XXI. kafla, ef þær ná samþykki;
k. að ræða hvert það mál, sem upp kann að koma innan starfssviðs stofnunarinnar og er eigi sérstaklega falið ráðinu til athugunar.

IX. KAFLI
Ráðið.

50. gr.
Ráðið og kjör þess.

a. Ráðið skal vera fastanefnd og starfa á ábyrgð þingsins. Í því skulu 21 samningsríki eiga sæti, og kýs þingið þau. Fyrsta kjör skal halda á fyrsta fundi þingsins og síðan þriðja hvert ár, og skulu meðlimir ráðsins, sem á þann hátt eru kjörnir, gegna störfum til næsta kjörs.
b. Þegar kjörnir eru meðlimir í ráðið, skal þingið veita eftirtöldum meðlimaríkjum hæfilegan sætafjölda: 1. þeim ríkjum, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í loftflutningum; 2. þeim ríkjum, sem ekki teljast undir fyrsta lið, en

leggja til mest af hjálpartækjum til alþjóðaflugs; 3. þeim ríkjum, sem ekki eru talin að framan, en tryggja mundu með þátttöku sinni, að öll helztu landsvæði heimsins ættu fulltrúa í ráðinu. Losni sæti í ráðinu, skal þingið kjósa í það svo fljótt sem auðið er, og skal það samningsríki, sem á þann hátt nær kosningu til ráðsins, gegna störfum fyrirrennara síns, það sem eftir er kjörtímabilsins.

c. Enginn fulltrúi samningsríkis í ráðinu skal vera virkur þátttakandi í rekstri milliríkjaflugs eða eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta í slíkum flugrekstri.

51. gr.

Forseti ráðsins.

Ráðið skal kjósa sér forseta til þriggja ára í senn, og má endurkjósa hann. Hann skal eigi hafa atkvæðisrétt. Ráðið skal og kjósa úr sínum hópi einn eða fleiri varaforseta, og skulu þeir halda atkvæðisrétti sínum, þegar þeir gegna forsetastörfum. Forseta þarf eigi að kjósa úr hópi fulltrúa meðlima í ráðinu, en hljóti fulltrúi í ráðinu kosningu, skal sæti hans skoðast autt, og má það ríki, er hann var fulltrúi fyrir, skipa annan í sætið. Skyldur forseta skulu vera:

a. að kveðja saman fundi ráðsins, loftflutninganefndar og loftsiglinganefndar,
b. að koma fram fyrir hönd ráðsins, og
c. að framkvæma fyrir hönd ráðsins þær athafnir, sem ráðið felur honum.

52. gr.

Atkvæðagreiðsla í ráðinu.

Ákvarðanir ráðsins skulu háðar samþykki meiri hluta meðlima. Ráðið má veita völd nefnd meðlima sinna í hvaða sérstöku máli, sem vera skal. Hvert samningsríki, sem í hlut á, má þó áfrýja ákvörðun nefndar ráðsins til ráðsins sjálfs.

53. gr.

Þátttaka án atkvæðisréttar.

Öll samningsríki mega taka þátt í umræðum og störfum ráðsins, nefnda þess og undirnefnda viðvíkjandi hverju því atriði, sem snertir sérstaklega hagsmuni viðkomandi ríkis. Þó skulu þau ekki hafa atkvæðisrétt. Taki ráðið afstöðu til deilumála, skulu þeir meðlimir, sem aðilar eru að deilunni, eigi greiða atkvæði.

54. gr.

Verksvið ráðsins.

Ráðið skal:

a. leggja árlegar skýrslur fyrir þingið;
b. framkvæma fyrirmæli þingsins og inna af hendi störf þau og skyldur, sem því eru falin með samþykkt þessari;
c. ákveða starfsskipulag sitt og fundarsköp;
d. skipa loftflutninganefnd og ákveða skyldur hennar. Skal hún kjörin úr hópi fulltrúa meðlima í ráðinu og starfa á ábyrgð þess;
e. setja á stofn loftsiglinganefnd í samræmi við ákvæði X. kafla;
f. fara með fjármál stofnunarinnar í samræmi við ákvæði XII. og XV. kafla;
g. ákveða þóknun forseta ráðsins;
h. skipa aðalframkvæmdastjóra, sem nefnast skal aðalritari, og gera ráðstafanir til skipunar þess starfsliðs, sem þurfa kann, í samræmi við ákvæði XI. kafla;
i. biðja um, safna, rannsaka og birta upplýsingar um framfarir í loftsiglingum og rekstri millilandaflugferða, m. a. upplýsingar um rekstrarkostnað og styrki, sem greiddir eru flugfélögum af almannafé;

j. skýra samningsríkjum frá öllum brotum á samþykkt þessari, svo og frá því, ef eitthvert ríki framkvæmir ekki ráðleggingar eða ákvarðanir ráðsins;
k. skýra þinginu frá öllum brotum gegn samþykkt þessari, ef samningsríki hefur látið undir höfuð leggjast að gera réttar ráðstafanir innan hæfilegs tíma frá tilkynningu um brotið;
l. taka upp, í samræmi við ákvæði VI. kafla þessarar samþykktar, alþjóðareglur og starfshætti og gera þær til hagræðis að fylgiskjölum samþykktar þessarar, svo og að tilkynna öllum samningsríkjum, hvaða ráðstafanir gerðar hafa verið;
m. athuga tillögur loftsiglinganefndar um breytingar á fylgiskjölum og gera ákvarðanir í samræmi við XX. kafla;
n. athuga hvert það mál varðandi samþykkt þessa, sem samningsríki vísar til þess.

55. gr.

Heimildir ráðsins.

Ráðinu er heimilt:
a. að setja á stofn undirnefndir loftflutninga á grundvelli landsvæðaskiptingar eða öðrum grundvelli og ákveða, við hvaða hópa ríkja eða flugfélaga þeim sé heimilt að skipta til að auðvelda framkvæmd markmiða samþykktar þessarar, enda sé það álitið rétt og æskilegt með tilliti til reynslu að gera slíkar ráðstafanir;
b. að fela loftsiglinganefnd á hendur aðrar skyldur en þær, sem í samþykktinni getur, og að afnema eða takmarka slíkt umboðsvald nefndarinnar hvenær sem er;
c. að halda uppi rannsóknum á öllum atriðum varðandi loftsiglingar og loftflutninga, sem varða hag allra þjóða, skýra samningsríkjum frá niðurstöðum slíkra rannsókna og auðvelda gagnkvæmar upplýsingar samningsríkjanna um loftflutninga og loftsiglingar;
d. að athuga öll atriði varðandi skipulag og rekstur millilandaloftflutninga, þar á meðal, hvort tiltækilegt sé, að mörg ríki eigi saman eða séu í samvinnu um flugferðir á aðalleiðum, og leggja fyrir þingið áætlanir þar að lútandi;
e. að rannsaka, að beiðni hvaða samningsríkis sem er, öll atriði, sem hindra kunna þróun alþjóðaloftsiglinga og unnt er að komast hjá, og gefa þær skýrslur að lokinni rannsókn, sem þykja kunna æskilegar.

X. KAFLI
Loftsiglinganefndin.

56. gr.

Útnefning og skipun.

Loftsiglinganefnd skal skipuð tólf meðlimum, er ráðið kýs meðal fulltrúa, sem tilnefndir eru af samningsríkjum. Þessir menn skulu fullnægja þeim kröfum, er hæfilegar þykja um reynslu í vísindum og framkvæmd loftsiglinga. Ráðið skal biðja öll samningsríki um að tilnefna menn. Forseti loftsiglinganefndar skal skipaður af ráðinu.

57. gr.

Skyldur nefndarinnar.

Loftsiglinganefnd skal:
a. athuga og gera tillögur til ráðsins um samþykkt á breytingum á fylgiskjölum þessarar samþykktar;
b. skipa tekniskar undirnefndir, sem öll samningsríki mega eiga fulltrúa í, ef þau óska;

c. vera ráðinu til ráðleggingar um söfnun og dreifing til samningsríkja á öllum upplýsingum, sem hún telur nauðsynlegar og þarflegar til eflingar loftsiglingum.

XI. KAFLI
Starfslið.

58. gr.
Ráðning starfsliðs.

Ráðið skal í samræmi við þær reglur, sem þingið kann að setja, svo og þær reglur, sem settar eru í samþykkt þessari, ákveða, hvernig haga skuli ráðningu starfsfólks og uppsögn, þjálfun þess, launakjörum, uppbótum og starfsreglum, og tekur þetta til aðalritara og annars starfsliðs stofnunarinnar. Er ráðinu heimilt að ráða til slíkra starfa borgara hvers samningsríkis sem er.

59. gr.
Starfsliðið alþjóðlegt.

Eigi skal forseti, aðalritari eða annað starfslið leita leiðbeininga um framkvæmdir á skyldum sínum né taka við slíkum leiðbeiningum frá neinum aðila utan stofnunarinnar. Öll samningsríki skuldbinda sig til að virða skyldur starfsliðsins gagnvart öllum þjóðum og til þess að gera enga tilraun til að hafa áhrif á fólk af sínu þjóðerni hvað snertir framkvæmdir þeirra á skyldustörfum.

60. gr.
Friðhelgi og forréttindi starfsmanna.

Öll samningsríkin skulu, að svo miklu leyti sem hægt er í samræmi við stjórnarskrárvenjur þeirra, veita forseta ráðsins, aðalritara og öðru starfsliði stofnunarinnar þá friðhelgi og þau forréttindi, sem veitt eru tilsvarandi starfsliði annarra alþjóðastofnana.

Verði gert alþjóðasamkomulag um friðhelgi og forréttindi alþjóðaembættismanna, skulu friðhelgi og forréttindi þau, sem veitt eru forseta ráðsins, aðalritara og öðru starfsliði stofnunarinnar, vera í samræmi við slíkt alþjóðasamkomulag.

XII. KAFLI
Fjármál.

61. gr.
Fjárhagsáætlun og skipting útgjalda.

Ráðið skal leggja fyrir þingið árlega fjárhagsáætlun og árleg reikningsskil og áætlun um allar tekjur og gjöld. Þingið skal samþykkja fjárhagsáætlanir með þeim breytingum, sem því þykir hlýða að gera, og skal það skipta útgjöldum stofnunarinnar meðal meðlimaríkja á þeim grundvelli, sem það kann að ákveða á hverjum tíma, að undanskildum álögum á þau ríki, sem takast þær á hendur í samræmi við XV. kafla.

62. gr.
Svipting atkvæðisréttar.

Þingið getur svipt hvert það samningsríki atkvæðisrétti í þingi og ráði, sem eigi fullnægir innan hæfilegs tíma fjárhagslegum skyldum sínum við stofnunina.

63. gr.
Útgjöld sendinefnda og annarra fulltrúa.

Hvert samningsríki um sig skal bera kostnað af eigin nefnd sinni til þingsins, svo og þóknun, ferðakostnað og annan kostnað allra þeirra, sem það felur að

starfa í ráðinu, og enn fremur vegna þeirra, sem það tilnefnir eða sendir sem fulltrúa í allar auka- eða undirnefndir stofnunarinnar.

XIII. KAFLI
Aðrir alþjóðasamningar.

64. gr.
Öryggisráðstafanir.

Með tilliti til flugmála innan starfssviðs stofnunarinnar, sem beint geta haft áhrif á heimsöryggi, getur stofnunin með samþykki þingsins gert samninga við hvaða almenna stofnun, sem á fót kann að verða komið af þjóðum heimsins í því skyni að varðveita friðinn.

65. gr.
Samningar við aðrar alþjóðanefndir.

Ráðinu er heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að leita samkomulags við aðrar alþjóðanefndir um að halda uppi sameiginlegri starfsemi eða gera sameiginlegar ráðstafanir viðvíkjandi starfsliði, og með samþykki þingsins má það gerast aðili að öllum slíkum samningum, sem auðvelda megi störf stofnunarinnar.

66. gr.
Starfsemi viðvíkjandi öðrum samningum.

a. Stofnunin skal einnig halda uppi þeirri starfsemi, sem henni ber í samræmi við alþjóðasamning um viðkomu flugvéla (International Air Services Transit Agreement) og alþjóðaloftflutningasamning (International Air Transport Agreement), er gerðir voru í Chicago 7. desember 1944 í samræmi við ákvæði þau og skilmála, sem þar eru sett.
b. Þeir meðlimir þingsins og ráðsins, sem ekki hafa samþykkt þá samninga, sem um getur í a-lið, skulu eigi hafa rétt til atkvæðis um nein þau mál, sem vísað er til þingsins eða ráðsins samkvæmt ákvæðum viðkomandi samninga.

III. HLUTI — ALÞJÓÐALOFTFLUTNINGAR

XIV. KAFLI
Upplýsingar og skýrslur.

67. gr.
Skýrslur sendar ráðinu.

Öll samningsríkin skuldbinda sig samkvæmt þeim fyrirmælum, er þau setja, til að láta milliríkjaflugfélög sín senda ráðinu ferðaskýrslur, kostnaðarskýrslur og fjárhagsyfirlit, þar sem m. a. séu sýndar allar tekjur og uppruni þeirra.

XV. KAFLI
Flughafnir og önnur hjálpartæki til loftsiglinga.

68. gr.
Ákvörðun leiða og flughafna.

Öll samningsríki mega, að tilskildum ákvæðum þessarar samþykktar, ákvarða þær leiðir, sem í milliríkjaflugi verður að fara innan landsvæðis þeirra, svo og þær flughafnir, sem nota má í slíku flugi.

69. gr.

Endurbætur á hjálpartækjum til loftsiglinga.

Álíti ráðið, að flughafnir eða önnur hjálpartæki til loftsiglinga, þ. á m. radíó- og veðurstofur samningsríkis, séu ekki nægilega fullkomin fyrir öruggan, reglubundinn, vel starfræktan og ódýran rekstur milliríkjaflugs, sem rekið er eða áætlað að verði upp tekið, skal ráðið eiga viðræður við það ríki, sem beinlínis á í hlut, og önnur ríki, sem hlut kunna að eiga að máli, í því skyni að finna ráð til umbóta í þessu efni, og má ráðið setja fram ráðleggingar þessu viðvíkjandi. Eigi skal samningsríki teljast sekt um brot gegn samþykkt þessari, þó að það fari ekki eftir slíkum ráðleggingum.

70. gr.

Kostnaður af loftsiglingatækjum.

Samningsríki má gera samninga við ráðið um framkvæmd þeirra ráðlegginga, sem um getur í 69. gr. Má ríkið taka á sig allan kostnað, sem af slíku samkomulagi leiðir, en vilji ríkið það ekki, má ráðið að beiðni ríkisins leggja fram allan kostnað eða hluta af honum

71. gr.

Hjálpartæki lögð til og haldið við af ráðinu.

Að beiðni samningsríkis má ráðið ganga að því að leggja til flughafnir, eina eða allar, ásamt starfsliði, viðhaldi og yfirstjórn, svo og önnur hjálpargögn til loftsiglinga, þ. á m. radíó- og veðurstofur, ef slíks er þörf, innan lands viðkomandi ríkis til þess að tryggja öruggan, reglubundinn, vel starfræktan og ódýran rekstur milliríkjaflugs af hálfu annarra samningsríkja, enda má það ákveða réttlát og sanngjörn gjöld fyrir afnot þeirra hjálpartækja, sem í té eru látin.

72. gr.

Útvegun og afnot lands.

Þar sem lands þarf undir hjálpartæki, sem kostuð eru að nokkru eða öllu leyti af ráðinu að beiðni samningsríkis, skal það ríki annaðhvort leggja landið til sjálft og halda eignarrétti yfir því, ef það æskir þess, eða stuðla að því, að ráðið fái landið til afnota með réttlátum og sanngjörnum skilmálum og í samræmi við lög þess ríkis, sem í hlut á.

73. gr.

Útgjöld og niðurjöfnun gjalda.

Innan takmarka þeirra, sem þingið setur í samræmi við XII. kafla, getur ráðið notað það fé, sem því er fengið til ráðstöfunar úr almennum sjóði stofnunarinnar, til venjulegra útgjalda í samræmi við tilgang þessa kafla. Skal ráðið jafna niður því fé, sem það þarfnast, í samræmi við þennan kafla, á þau samningsríki, sem það samþykkja og eru heimaríki þeirra flugfélaga, sem nota hjálpartækin, enda fari slík niðurjöfnun fram í ákveðnum hlutföllum og á hæfilegu tímabili. Einnig má ráðið jafna niður á þau ríki, sem það samþykkja, öllu rekstrarfé, sem þurfa þykir.

74. gr.

Teknisk aðstoð og notkun tekna.

Þegar ráðið leggur fram fé eða leggur til flughafnir eða önnur tæki að nokkru eða öllu leyti að beiðni samningsríkis, má í samningum, með samþykki þess ríkis, gera ráð fyrir tekniskri aðstoð um eftirlit og rekstur flughafna og annarra tækja,

svo og fyrir greiðslum af tekjum af rekstri flughafna og annarra tækja, á rekstrarútgjöldum flughafna og annarra tækja og á vöxtum og afskriftum.

75. gr.

Tekið við tækjum af ráðinu.

Samningsríki má hvenær sem er fullnægja þeim skuldbindingum, sem það hefur tekið á sig samkvæmt 70. gr., og taka við flughöfnum og öðrum tækjum, sem ráðið hefur lagt til á landsvæði þess, samkvæmt ákvæðum 71. og 72. gr., með því að greiða ráðinu upphæð, sem að áliti ráðsins er eftir atvikum sanngjörn. Álíti ríkið, að upphæð sú, sem ráðið ákveður, sé ósanngjörn, má það áfrýja ákvörðun ráðsins til þingsins, sem getur staðfest hana eða breytt henni.

76. gr.

Endurgreiðsla fjár.

Fé það, sem ráðið hefur fengið að endurgreiðslu í samræmi við 75. gr., og það fé, sem því áskotnast af greiðslu vaxta og afskrifta samkvæmt 74. gr., skal endurgreiða þeim ríkjum, sem upprunalega lögðu það fram eftir niðurjöfnun, ef slík niðurjöfnun var gerð í samræmi við 73. gr., og skal endurgreiðsla vera í réttu hlutfalli við þær upphæðir, sem þeim var að ákvörðun ráðsins gert að greiða.

XVI. KAFLI

Sameiginleg flugfélög og samvinna um rekstur.

77. gr.

Sameiginlegur rekstur leyfður.

Ekkert í samþykkt þessari skal hindra það, að tvö samningsríki eða fleiri geri með sér félag um sameiginlegan rekstur eða myndi með sér milliríkjaflugfélög, né að þau sameini flugstörf sín, á hvaða leiðum eða svæðum, sem vera skal, en hlíta skulu slík sameiginleg rekstrarfélög eða milliríkjaflugfélög og önnur slík flugsamlög öllum ákvæðum samþykktar þessarar, þ. á m. ákvæðum um að láta skrá samninga hjá ráðinu. Skal ráðið kveða á um, á hvern hátt beita skuli ákvæðum samþykktar þessarar um heimilisfang flugfara, að því er tekur til flugfara, sem flogið er af slíkum milliríkjaflugfélögum.

78. gr.

Störf ráðsins.

Ráðinu er heimilt að stinga upp á því við samningsríki, sem í hlut eiga, að þau myndi félagsskap í því skyni að reka flug á hvaða leiðum eða svæðum sem vera skal.

79. gr.

Þátttaka í rekstrarfélagsskap.

Ríki má taka þátt í rekstrarfélagsskap eða sameiginlegum ráðstöfunum, hvort heldur er fyrir milligöngu ríkisstjórnar eða flugfélags eða flugfélaga, sem ríkisstjórn þess tilnefnir. Það er á valdi viðkomandi ríkis, hvort slík flugfélög eru ríkiseign að öllu eða nokkru leyti eða einkaeign.

IV. HLUTI — LOKAÁKVÆÐI

XVII. KAFLI
Aðrir loftferðasamningar og samþykktir.

80. gr.

Parísar- og Havanasamþykktirnar.

Þegar er þessi samþykkt gengur í gildi heitir hvert samningsríki að segja upp samþykkt þeirri um loftflutninga, sem gerð var í París 13. október 1919, og samþykkt um kaupflug, sem gerð var í Havana 20. febrúar 1928, séu þau aðilar þeirra samþykkta. Milli samningsríkja kemur þessi samþykkt í stað þeirra tveggja, sem að framan getur.

81. gr.

Skrásetning samninga, sem fyrir eru.

Alla samninga, sem í gildi eru við gildistöku samþykktar þessarar og gerðir eru milli samningsríkis og einhvers annars ríkis eða milli flugfélags samningsríkis og annars ríkis eða flugfélags annars ríkis, skal þegar í stað skrásetja hjá ráðinu.

82. gr.

Afnám ósamrímanlegra samninga.

Samningsríkin fallast á, að með samþykkt þessari skuli úr gildi falla allar skuldbindingar og vilyrði þeirra á milli, sem ósamrímanleg eru ákvæðum hennar. Fallast þau einnig á að láta ekki í té slíkar skuldbindingar eða vilyrði. Samningsríki, sem áður en það gerðist aðili að stofnuninni, hefur tekið á sig skuldbindingar gagnvart ríki, sem ekki er samningsríki, eða gagnvart þegni samningsríkis eða annars ríkis, sem ósamrímanlegar eru ákvæðum samþykktar þessarar, skulu þegar í stað gera ráðstafanir til að tryggja sér lausn frá þeim. Hafi flugfélag samningsríkis tekið á sig slíkar skuldbindingar, ber heimaríki þess að beita öllum áhrifum sínum til að tryggja, að þeim skuldbindingum ljúki þegar í stað, og skal að minnsta kosti sjá svo til, að þeim ljúki svo fljótt sem slíkar ráðstafanir má löglega gera, eftir gildistöku samþykktar þessarar.

83. gr.

Skrásetning nýrra samninga.

Að svo miklu leyti sem ákvæði næstu greinar á undan leyfa, mega öll samningsríki gera samninga, sem samrímanlegir eru samþykkt þessari. Skal þegar í stað skrá slíka samninga hjá ráðinu, sem birtir þá svo fljótt sem auðið er.

XVIII. KAFLI
Ágreiningur og brot.

84. gr.

Lausn ágreiningsmála.

Verði ekki jafnaður með samkomnulagi sá ágreiningur, sem rísa kann milli tveggja ríkja eða fleiri út af túlkun eða framkvæmd samþykktar þessarar og fylgiskjala hennar, skal ráðið, að beiðni hvaða ríkis sem er og aðili er að ágreiningnum, kveða upp úrskurð. Enginn meðlimur ráðsins skal greiða atkvæði í ályktun þess út af deilumáli, sem hann er aðili að. Öll samningsríki mega, samkvæmt ákvæðum 85. greinar, áfrýja úrskurði ráðsins til gerðardóms *ad hoc*, sem ákveðinn verður

í samráði við aðra aðila að þrætunni, eða til milliríkjadómstólsins. Skal tilkynna ráðinu slíka áfrýjun innan 60 daga, frá því að tilkynning var fengin um úrskurð ráðsins.

85. gr.

Framkvæmd gerðar.

Nú hefur eitthvert samningsríki, sem aðili er að þrætu, sem ráðið hefur fellt úrskurð um og verið áfrýjað, ekki samþykkt ákvæði milliríkjadómstólsins, en þau samningsríki, sem hlut eiga að máli, geta ekki komið sér saman um val gerðardóms, og skal þá hvert samningsríki um sig tilnefna einn gerðardómara, en þeir tilnefna oddamann. Vanræki annað hvort samningsríkið að tilnefna gerðardómara innan þriggja mánaða frá því er úrskurði var áfrýjað, skal forseti ráðsins tilnefna gerðardómara af hálfu þess ríkis og velja hann úr hópi þeirra manna, sem hæfir eru og völ er á, en ráðið skal halda skrá um slíka menn. Geti gerðardómarar ekki komið sér saman um oddamann innan 30 daga, skal forseti ráðsins skipa oddamann úr hópi þeirra manna, er að framan getur. Skulu þá gerðardómarar og oddamaður í sameiningu teljast gerðardómstóll. Allir gerðardómstólar, sem settir eru samkvæmt þessari grein og hinni næstu á undan, skulu setja sér réttarfarsákvæði og fella dóma, og ræður afl atkvæða. En ráðið má því aðeins skera úr ágreiningi um réttarfarsákvæði, að um drátt sé að ræða, sem ráðið telur of mikinn.

86. gr.

Áfrýjun.

Allir úrskurðir ráðsins varðandi það, hvort millilandaflugfélag sé rekið í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar, halda gildi sínu, nema ráðið breyti þeim eða þeim sé hrundið við áfrýjun. Í öllum öðrum greinum skal framkvæmd úrskurðar ráðsins frestað, ef áfrýjað er, þar til yfirúrskurður er fallinn. Skulu úrskurðir alþjóðadómstólsins og gerðardóms vera endanlegir og bindandi.

87. gr.

Viðurlög við brotum flugfélags.

Öll samningsríkin skuldbinda sig til að banna því flugfélagi samningsríkis rekstur flugferða yfir landi sínu, sem ráðið hefur úrskurðað, að hlíti ekki lokaúrskurði, sem felldur er í samræmi við ákvæði næstu greinar á undan.

88. gr.

Viðurlög við brotum ríkis.

Þingið skal svipta það samningsríki atkvæðisrétti innan þings og ráðs, sem brýtur ákvæði þessa kafla.

XIX. KAFLI

Styrjaldir.

89. gr.

Styrjaldir og hættuástand.

Verði styrjöld, skulu ákvæði samþykktar þessarar ekki hindra athafnafrelsi nokkurs samningsríkis, sem í hlut á, hvort sem um styrjaldarríki eða hlutlaus er að ræða. Sama skal og gilda um samningsríki, sem lýsir yfir innanlands hættuástandi og tilkynnir það ráðinu.

XX. KAFLI
Fylgiskjöl.

90. gr.
Samþykktir og breytingar á fylgiskjölum.

a. Til að samþykkja í ráðinu fylgiskjöl þau, sem tilfærð eru í 54. gr., staflið i., þarf tvo þriðju hluta atkvæða í ráðinu á fundi, sem til þess er kvaddur saman, og skal ráðið að því búnu leggja þau fyrir öll samningsríkin. Öll slík fylgiskjöl svo og breytingar á þeim skulu ganga í gildi innan þriggja mánaða, frá því er þau voru lögð fyrir samningsríkin, eða í lok þess tímabils, þótt lengra sé en að framan getur, ef ráðið kann að ákveða, nema meiri hluti samningsríkja hafi áður tjáð ráðinu, að þau fallist eigi á samþykkt þeirra.

b. Ráðið skal þegar tilkynna öllum samningsríkjum, hvenær fylgiskjal eða breyting á því kemur til framkvæmda.

XXI. KAFLI
Staðfestingar, samþykki, breytingar og uppsögn.

91. gr.
Staðfesting samþykktarinnar.

a. Þessi samþykkt skal háð staðfestingu þeirra ríkja, sem undir hana skrifa. Skal geyma staðfestingarskjölin í þjóðskjalasafni Bandaríkja Ameríku, sem tilkynna skulu hverju ríki, sem undirskrifar og aðhyllist samþykktina, hvenær slík skjöl voru afhent til geymslu.

b. Þegar er samþykkt þessi hefur verið staðfest af 26 ríkjum eða þau hafa gerzt aðilar að henni, skal hún ganga í gildi þeirra í milli á 30. degi eftir að 26. staðfestingarskjalið var afhent til geymslu. Skal hún ganga í gildi hjá hverju því ríki, sem síðar staðfestir hana, á 30. degi frá því er staðfestingarskjal þess var afhent til geymslu.

c. Stjórn Bandaríkja Ameríku skal bera skylda til að tilkynna stjórn hvers ríkis, sem undirskrifað hefur eða gerzt aðili að samþykkt þessari, hvenær hún tekur gildi.

92. gr.
Aðild að samþykktinni.

a. Heimilt skal meðlimum hinna sameinuðu þjóða, ríkjum, sem starfa með þeim, og ríkjum, sem hlutlaus voru í núverandi heimsstyrjöld, að gerast aðilar að samþykktinni.

b. Aðild ríkis að samþykktinni skal tilkynnt með erindi, stíluðu til stjórnar Bandaríkja Ameríku, og verður ríkið þá aðili á 30. degi frá því er stjórn Bandaríkjanna tók við erindinu, en hún skal tilkynna það öllum samningsríkjum.

93. gr.
Þátttaka annarra ríkja.

Önnur ríki en þau, sem um getur í 91. og 92. gr. a., mega, að fengnu samþykki hverrar þeirrar alþjóðastofnunar, sem á stofn kann að verða sett meðal þjóða heims til að varðveita frið, taka þátt í samþykkt þessari, enda komi til samþykki ⅘ hluta atkvæða í þinginu, og með þeim skilyrðum, sem þingið kann að setja. Þó þarf, er svo stendur á, samþykki allra ríkja, sem það ríki, er um þátttöku sækir, kann að hafa ráðizt inn í eða ráðizt á í núverandi ófriði.

94. gr.

Breytingar á samþykktinni.

a. Allar breytingartillögur á samþykkt þessari verða að fá ⅔ atkvæða í þinginu til að öðlast gildi og ganga í gildi um ríki þau, sem aðhyllzt hafa slíkar breytingar, þegar svo mörg ríki hafa staðfest þær, sem þingið ákveður. Skal sú tala ríkja eigi nema minna en ⅔ samningsríkja.
b. Ef þingið álítur, að breyting sé þess eðlis, að hún réttlæti það, má þingið í ályktun sinni um meðmæli með breytingu áskilja, að hvert það ríki, sem hefur ekki staðfest breytinguna innan tiltekins tíma eftir að hún kom til framkvæmda, skuli hætta að vera meðlimur stofnunarinnar og aðili að samþykktinni.

95. gr.

Uppsögn samþykktarinnar.

a. Hvert samningsríki um sig má segja upp samþykkt þessari þrem árum eftir að hún öðlaðist gildi, með erindi stíluðu til stjórnar Bandaríkja Ameríku, og skal hún tjá öllum samningsríkjum uppsögnina.
b. Uppsögn skal taka gildi einu ári eftir að tekið var við henni og eigi snerta annað ríki en það, sem hana stílaði.

XXII. KAFLI
Orðaskýringar.

96. gr.

Hvað samþykkt þessa snertir, þýða eftirtalin orð og orðtök það, sem hér segir:
a. „Flugrekstur" merkir alla skipulagsbundna flugþjónustu með flugförum til opinbers flutnings á farþegum, pósti eða flutningi.
b. „Millilandaflugrekstur" merkir flugþjónustu um loft yfir landi fleiri en eins ríkis.
c. „Flugfélag" merkir loftflutningafyrirtæki, sem býður fram eða rekur millilandaflug.
d. „Viðkoma án viðskipta" (non-traffic stop) merkir lendingu til annars en að taka eða skilja eftir farþega, flutning eða póst.

Undirskrift samþykktarinnar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir stjórnarerindrekar, sem hafa til þess fullt umboð, undirritað samþykkt þessa fyrir hönd ríkisstjórna sinna á þeim dögum, er getur aftan við undirskrift þeirra.

Gert í Chicago 7. dag desembermánaðar 1944 á enskri tungu. Gera skal texta á ensku, frönsku og spönsku, og skal hver þeirra jafngildur. Skulu þeir liggja frammi til undirskriftar í Washington, D. C. Skulu báðir textarnir geymdir í þjóðskjalasafni Bandaríkja Ameríku, en staðfest eftirrit send frá stjórn Bandaríkjanna til stjórna allra ríkja, sem undirskrifa kunna eða aðhyllast samþykkt þessa.

(Undirskriftir fulltrúa 39 ríkja.)

Fylgiskjal II.

Alþjóðasamningur um viðkomuréttindi flugfara.

(International Air Services Transit Agreement. — Íslenzk þýðing.)

Ríki þau, sem undirrita og samþykkja þennan alþjóðasamning um viðkomuréttindi flugfara og eru meðlimir Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, lýsa hér með yfir því, sem hér fer á eftir:

I. GREIN

1. liður.

Öll samningsríkin veita hvert öðru eftirtalin flugréttindi í áætlunarbundnu millilandaflugi:

1. Réttindi til að fljúga yfir land þeirra án þess að lenda.
2. Réttindi til viðkomu án viðskipta.

Réttindi þau, sem veitt eru í þessum lið, skulu eigi taka til flughafna, sem notaðar eru til hernaðarþarfa og þar sem útilokuð eru afnot áætlunarbundins millilandaflugrekstrar. Í styrjaldar- eða hernámslöndum, svo og á ófriðartímum meðfram flutningaleiðum þeim, er að slíkum löndum liggja, skulu réttindi þau, er að ofan getur, háð samþykki réttra hernaðaryfirvalda.

2. liður.

Framkvæmd ofangreindra réttinda skal vera í samræmi við ákvæði bráðabirgðasamkomulags um alþjóðaflugmál og við samþykkt um alþjóðaflugmál, þegar hún gengur í gildi, en hvort tveggja var samið í Chicago 7. desember 1944.

3. liður.

Samningsríki, sem veitir flugfélagi annars samningsríkis réttindi til flugviðkomu án viðskipta, getur áskilið sér, að viðkomandi flugfélag láti í té hæfilegan kaupflugrekstur á þeim stöðum, þar sem slík viðkoma á sér stað.

Slíkir skilmálar skulu þó eigi settir fram með neinni hlutdrægni í garð þeirra flugfélaga, sem reka flug á sömu leið. Skal í þeim ekki tekið tillit til stærðar flugfara og þau notuð á þá leið, að eigi komi í bága við eðlilegan rekstur millilandaflugs þess, sem um ræðir, né réttindi eða skyldur samningsríkis.

4. liður.

Öll samningsríkin mega, ef ekki kemur í bága við ákvæði samnings þessa:

1. ákvarða þá leið, sem fara skal innan landsvæða þeirra í öllum millilandaflugferðum, svo og flughafnir þær, sem í slíkum flugferðum má nota;
2. leggja á eða leyfa, að lögð verði á slíkar flugferðir réttlát og sanngjörn gjöld fyrir afnot flughafna og annarra hjálpartækja, enda séu slík gjöld eigi hærri en þau, sem eigin flugfélög þess ríkis mundu verða að gjalda fyrir sömu þægindi eða svipuð störf. Það er tilskilið, að með kæru viðkomandi samningsríkis megi áfrýja gjöldum fyrir flughafnir og önnur hjálpartæki til ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem stofnsett er í samræmi við ofangreinda samþykkt, og skal það gefa skýrslu og ráðleggingar um það efni til þess ríkis eða ríkja, sem hlut eiga að máli.

5. liður.

Öll samningsríkin áskilja sér rétt til að endurkalla eða afnema leyfi til loftflutninga til handa loftflutningafyrirtæki annars ríkis, þar sem því þykir eigi nógu glöggt, að meiri hluti eignarréttar og virk framkvæmdastjórn sé í höndum þegna samningsríkis, eða þegar slíkt loftflutningafyrirtæki lætur undir höfuð leggjast að fylgja lögum þess ríkis, er það rekur flutninga um, eða fullnægja skyldum sínum í samræmi við samning þennan.

II. GREIN

1. liður.

Samningsríki, sem álítur, að athafnir annars samningsríkis í samræmi við samning þennan baki því óréttlæti eða erfiðleika, má fara þess á leit við ráðið,

að það athugi málið. Skal ráðið þá rannsaka málið og kveðja viðkomandi ríki til viðræðna við sig. Leiði slíkar viðræður eigi til úrlausnar á málinu, má ráðið gefa skýrslu og ráðleggingar til viðkomandi samningsríkja. Geri samningsríki það, sem í hlut á, ekki hæfilegar ráðstafanir til úrbóta að svo búnu, getur ráðið lagt til við þing ofangreindrar stofnunar, að það samningsríki verði svipt réttindum sínum og forréttindum samkvæmt þessum samningi, þar til slíkar ráðstafanir hafa verið gerðar. Má þingið með ⅔ hlutum atkvæða svipta slíkt samningsríki réttindum um þann tíma, sem það telur hæfilegan, eða unz ráðið hefur sannfært sig um, að ráðstafanir til úrbóta hafi verið gerðar af nefndu ríki.

2. liður.

Verði ágreiningur milli tveggja eða fleiri samningsríkja út af túlkun eða framkvæmd samnings þessa ekki jafnaður með samningum, skal beita ákvæðum XVIII. kafla ofangreindrar samþykktar, á þann hátt er þar greinir, um ágreining, er rísa kann út af túlkun eða framkvæmd samþykktarinnar.

III. GREIN

Þessi samningur skal gilda jafnlengi og ofangreind samþykkt. Þó má samningsríki, sem aðili er að þessum samningi, segja honum upp með eins árs fyrirvara með uppsögn, er stíla skal til stjórnar Bandaríkja Ameríku, og skal hún þegar tilkynna þá uppsögn öllum öðrum samningsríkjum.

IV. GREIN

Þangað til ofangreind samþykkt gengur í gildi, skal alls staðar þar, sem til hennar er vísað, annars staðar en í II. grein, 2. lið og V. grein, skoða svo sem vísað sé til bráðabirgðasamkomulags um alþjóðaflugmál, sem gert var í Chicago 7. desember 1944. Svo skulu og tilvísanir til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, þings hennar og ráðs skoðast sem tilvísanir til Bráðabirgða-alþjóðaflugmálastofnunarinnar, bráðabirgðaþingsins og bráðabirgðaráðsins, eftir því sem við á.

V. GREIN

Í samningi þessum skal orðið „land“ skýrt svo sem gert er í 2. grein ofangreindrar samþykktar.

VI. GREIN

Undirskriftir og samþykkt samningsins.

Undirritaðir fulltrúar á alþjóðaflugmálaráðstefnunni, sem saman kom í Chicago 1. nóvember 1944, hafa undirritað samning þennan að því tilskildu, að stjórn Bandaríkja Ameríku verði sem allra fyrst send tilkynning frá öllum ríkisstjórnum, sem látið hafa undirskrifa samninginn af sinni hálfu, þess efnis, hvort undirskrift af þeirra hálfu skuli skoðast sem samþykkt viðkomandi ríkisstjórnar á samningnum og skuldbinding til að halda hann.

Öll ríki, sem meðlimir eru í Alþjóðaflugmálastofnuninni, mega samþykkja þennan samning og taka á sig þær skuldbindingar, sem í honum felast, með því að tilkynna samþykki sitt stjórn Bandaríkjanna, og skal slíkt samþykki ganga í gildi á þeim degi, er sú stjórn tekur við slíkri tilkynningu.

Samningur þessi öðlast gildi meðal samningsríkja jafnóðum og þau samþykkja hann hvert um sig. Að því loknu skal hann öðlast gildi gagnvart hverju öðru ríki, sem tilkynnir stjórn Bandaríkjanna samþykki sitt þar að lútandi, á þeim degi, er sú stjórn tekur við slíkri tilkynningu. Skal stjórn Bandaríkjanna tilkynna öllum undirskriftar- og samningsríkjum dagsetningu allra samþykkta

á samningnum og um dag þann, er hann gengur í gildi gagnvart hverju ríki, sem aðhyllist hann.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þennan samning, hver af hálfu sinnar ríkisstjórnar, á þeim dögum, er greindir eru við undirskrift hvers um sig.

Gert í Chicago sjöunda dag desembermánaðar 1944 á enskri tungu. Gera skal texta á ensku, frönsku og spönsku, og skal hver þeirra jafngildur. Skulu þeir liggja frammi til undirskriftar í Washington, D. C. Skulu báðir textarnir geymdir í skjalasafni stjórnar Bandaríkja Ameríku, en staðfest eftirrit send frá stjórn Bandaríkjanna til stjórna allra þeirra ríkja, sem undirskrifa kunna eða aðhyllast samning þennan.

(Undirskriftir fulltrúa 33 ríkja.)

Alþingi, 26. febr. 1947.

Ingólfur Jónsson, form.	Finnur Jónsson, frsm.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.
Sigurður Bjarnason.	Jón Sigurðsson.	Bernh. Stefánsson.
	Sigfús Sigurhjartarson.	

Nd. 457. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

Frá Iðnaðarnefnd.

1. Á undan 1. gr. frv. kemur ný grein, sem verður 1. gr., svo látandi (og breytist greinatalan samkv. því):
   Í stað orðanna „til fjögurra ára“ í 50. gr. laganna kemur: til fjögurra almanaksára.
2. Á eftir 2. gr. frv. (sem verður 3. gr.) kemur svo látandi:

Bráðabirgðaákvæði.

Umboð raforkuráðs þess, er kosið var 29. apríl 1946, fellur niður 31. desember 1949.

Nd. 458. Frumvarp til laga

um að tryggja manneldisgildi hveitis.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum manneldisráðs að skipa fyrir með reglugerð um ráðstafanir til að tryggja sem bezt manneldisgildi hveitis, sem selt er á íslenzkum markaði. Má í því skyni krefjast sérstakrar tilhögunar við mölun hveitisins, svo og að það skuli blandað viðeigandi næringar- og hollustuefnum, annars hvors eða hvors tveggja í senn.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum skulu varða allt að 10000 kr. sekt, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. ósk hæstv. heilbrigðismálaráðh., og fylgdi því svofelld greinargerð:

Í hveitikorni og öðrum korntegundum er allmikið af B-vítamínum, og kveður einna mest að B_1-vítamíni (Thiamin). Þau eru þó ekki jafnt dreifð um allt kornið. Í fræhvítunni, sem er mestur hluti kornsins, er t. d. lítið af þeim.

Langmestur hluti hveitimjöls, sem á markaði hefur verið til skamms tíma a. m. k., er úr fræhvítunni einni eða því sem næst, þar eð hinir hlutar kornsins hafa að mestu verið sáldaðir frá við mölunina (70—75% „extraction"), og er það því mun snauðara af þessum vítamínum og fleiri aukaefnum en heilhveitimjöl.

Þar sem brauðneyzla er mikil og eingöngu um hveitibrauð að ræða, sem víða er, munar allverulega um þessa vítamínskerðingu, ef allt brauðið er gert úr fínmöluðu og sálduðu hveiti, og er þá hætt við, að misbrestur verði á öflun nægilegs B_1-vítamíns annars staðar frá. Mátti einkum búast við, að þetta gæti orðið afdrifaríkt á styrjaldarárunum í þeim löndum, þar sem skortur var ýmissa mikilvægra fæðutegunda, svo að enn meira en áður fór fyrir hveitibrauðinu í fæði almennings.

Til úrbóta koma aðallega tvær leiðir til greina. Önnur sú að sálda minna frá hveitinu eða jafnvel ekkert, hin að bæta B_1-vítamíni og fleiri efnum í hveitimjölið. Bretar tóku fyrri kostinn og bönnuðu að sálda hveitið meira en svo, að 85% væru eftir (85% „extraction"). Hveitimjölið, er þannig fékkst, var aðeins lítið eitt blakkara en hið venjulega hvíta hveiti. Mátti það heita eins vel fallið til bökunar, og vítamínmagn þess var næstum því eins mikið og heilhveitis. Þetta hveitimjöl virtist halda að mestu þeim kostum heilhveitis, sem mestu varða, án þess þó að það væri svo gróft, að ekki þyldu það allir, og áhrif þess til torveldunar hagnýtingu kalks voru mun minni en heilhveitis (en vegna þessara eiginleika heilhveitis m. a. þótti ekki fært að fyrirskipa notkun þess eingöngu.).

Ameríkumenn tóku hinn kostinn, að bæta B_1-vítamíni og fleiri efnum í hveitið.

Nokkuð eru skiptar skoðanir um það, hvor þessara leiða sé heppilegri. Hefur hvor þeirra nokkuð sér til ágætis, og skal ekki farið nánar út í það hér.

Hér á landi eru ástæður talsvert aðrar í þessum efnum. Fyrst er það, að brauðið hefur ekki verið eins mikill hluti fæðis landsmanna og almennings í áður greindum löndum. En auk þess hefur hvergi nærri allt brauðið verið gert úr hveiti. Talsverður hluti brauðsins hefur verið rúgbrauð, en rúgmjölið, þótt sáldað sé, heldur B_1-vítamíninu að mestu leyti. Af þessum ástæðum m. a. virðist — svo sem manneldisrannsóknir hafa og bent til — ekki mjög hætt við B_1-vítamínskorti í fæði manna almennt, þótt þar séu að vísu undantekningar. Á seinni árum virðist þó hafa stefnt æ meira að því, að hveitibrauðsneyzla ykist á kostnað rúgbrauðs, og má búast við, að svo verði enn meir, er skömmtun kornvöru verður af létt. Þykir því rétt, að heimilaðar verði ráðstafanir til þess að auka næringargildi hveitibrauðsins frá því, er verið hefur, svo að það verði a. m. k. jafngilt rúgbrauði.

Nd. 459. Breytingartillaga

við frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá Arnfinni Jónssyni.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
Göhlsdorf, Elisabeth, tungumálakennari í Reykjavík, fædd 3. ágúst 1890 í Þýzkalandi.

Ed. 460. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggvisstaði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggvisstaði í Dalvíkurhreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra matsmanna. Skylt skal hreppnum að selja ríkinu jörðina aftur eða hluta úr henni, ef ríkið þarf á því að halda fyrir ríkisstofnanir eða ríkisfyrirtæki, og skal endurkaupverðið þá ekki vera hærra en matsverðið við söluna. Enn fremur er Dalvíkurhreppi skylt að kaupa af ábúanda Böggvisstaða hús hans og önnur mannvirki á jörðinni við ábúendaskipti eftir mati úttektarmanna, ef öðruvísi semst ekki.

Land býlisins Árgerðis fylgir með í sölunni með því skilyrði, að hreppsnefnd Dalvíkurhrepps leigi það núverandi héraðslækni Dalvíkurhéraðs til erfðaleiguábúðar, samkvæmt lögum nr. 8 1. febrúar 1936, fyrir sama eftirgjald og hann greiðir nú.

Námaréttindi skulu undanskilin sölunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 461. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

Frá Jóhanni Hafstein.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur eða tanngarða í menn. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein. Heimilt er og ráðherra, með samþykki landlæknis, að veita mönnum, er lokið hafa tannsmíðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn í samráði við héraðslækna í þeim héruðum, sem eru tannlæknislaus. Nú sezt tannlæknir að á stað, þar sem tannsmiður starfar samkvæmt hér um ræddu leyfi, og fellur þá þetta leyfi úr gildi, en tannsmiðurinn skal eiga rétt á að ganga fyrir öðrum um atvinnu við tannsmíðar hjá þeim tannlækni.

Nd. 462. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., og lögum nr. 6 12. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

Á 1. gr. tollskrárinnar eru gerðar þessar breytingar: Nr. 37—45 í 73. kafla orðist svo:

Búsáhöld og hlutar til þeirra:	Toll-eining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
37 — eldavélar og bökunarofnar	1 kg	2	2
38 — hitunar- og suðutæki, ót. a.	—	2	2
39 — straujárn og strauvélar	—	2	2
40 — þvottavélar	—	2	2
40a— hrærivélar	—	2	2
41 — kvarnir	—	2	2
42 — eldhúsvélar ót. a.	—	2	2
43 — kæliskápar	—	2	2
44 — bónvélar, ryksugur og loftræsar	—	2	2
45 — önnur	—	2	2

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á aðalfundi Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis („Kron"), sem haldinn var síðastliðið vor, var samþykkt eftirfarandi tillaga: „Aðalfundur „Kron" skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um, að tollar á vélum til heimilisnotkunar verði eigi hærri en á landbúnaðarvélum."

Það er enginn efi á því, að þessi tillaga flytur ekki aðeins óskir þeirra sex þúsunda, sem mynda „Kron", heldur og óskir meginþorra húsmæðra í landinu.

Samkvæmt núgildandi lögum eru tollar háir á búsáhöldum og heimilisvélum, og verulegs misræmis gætir í tollum á hinum ýmsu tækjum. Hæstur er tollurinn — eða 7 aura vörumagnstollur á kg og 30% verðtollur — á straujárn, kvarnir, eldhúsvélar ót. a., bónvélar, ryksugur, loftræsa og önnur tæki. Síðan koma þvottavélar, hrærivélar og kæliskápar með 7 aura vörumagnstoll á kg og 10% verðtoll, loks koma eldavélar, bökunarofnar, hitunar- og suðutæki ót. a. með 2 aura vörumagnstoll á kg og 10% verðtoll. Engin ljós rök virðast fyrir þeim mismun á tollum innan þessara vöruflokka, sem hér hefur verið greindur. Allt eru þetta tæki og vélar, sem nauðsynlegar eru nútíma heimili. Það er kunnari staðreynd en frá þurfi að segja, að flestar húsmæður í kaupstöðum verða nú einar að annast heimilisstörfin, og verður ekki talið sennilegt, að á þessu verði breyting í fyrirsjáanlegri framtíð. Það er einnig víst og áreiðanlegt, að þessi störf eru undir flestum kringumstæðum erfiðari og tímafrekari en svo, að ætlandi sé einni konu, án þess að ofboðið sé heilsu hennar og kröftum. Hér er um alvarlegt þjóðfélagsvandamál að ræða. Íslenzkar húsmæður eru sú stétt þjóðfélagsins, sem býr við erfiðust kjör, og þau svo erfið, að þeim og þjóðfélaginu stafar hætta af. Til að bæta úr þessu virðast ýmsar leiðir; sú er ein, og sennilega sú áhrifamesta, að stuðla að því, að véltækni verði notuð í þágu heimilanna svo sem framast er unnt. Að þessu getur löggjafinn stuðlað með því að greiða fyrir innflutningi heimilisvéla og með því að stilla tollálagningu á þær sem mest í hóf. Hér er lagt til í samræmi tillögu aðalfundar „Kron", að tollur á

búsáhöldum og heimilisvélum verði hinn sami og nú er á landbúnaðarvélum. Þetta virðist í alla staði sanngjarnt. Löggjafinn hefur réttilega viðurkennt nauðsyn þess að greiða fyrir, að bændur geti tekið tæknina í þjónustu landbúnaðarins, meðal annars með því að ákveða mjög lága tolla á landbúnaðarvélar. Á sama hátt ber nú Alþingi að viðurkenna nauðsyn þess, að heimilin taki tæknina í sína þjónustu við innanhússtörfin, með því meðal annars að færa heimilisvélarnar í lágan tollaflokk.

Sþ. 463. Tillaga til þingsályktunar

um innflutning heimilisvéla.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi verði veitt fyrir heimilisvélum, svo sem þvottavélum, hrærivélum, ryksugum, kæliskápum, bónvélum, strauvélum o. fl., svo fullnægt verði eftirspurn.

Greinargerð.

Jafnhliða þessari þingsályktunartillögu flyt ég frumvarp til laga á þingskjali 462 um lækkun tolla á búsáhöldum og heimilisvélum. Í greinargerð fyrir því frumvarpi er gerð nokkur grein fyrir nauðsyn þess að greiða fyrir, að íslenzk heimili geti tekið véltæknina í sína þjónustu við innanhússtörfin. Þau rök skulu ekki tekin upp hér, en vísað til þeirrar greinargerðar. Á síðustu árum hefur eftirspurn eftir ýmiss konar heimilisvélum verið gífurlega mikil. Sem dæmi má nefna, að hjá Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis liggja nú pantanir um 534 þvottavélar, 538 kæliskápa, 615 hrærivélar og 147 strauvélar. Þrátt fyrir margar ítrekaðar beiðnir frá félagsins hálfu um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir þessum tækjum hafa þau ekki fengizt. Þetta er aðeins eitt dæmi, en líku máli mun gegna um aðra innflytjendur, og ekki sízt þá, sem eru í þjónustu notendanna, sem sé samvinnufélögin.

Það er hörmulegt til þess að vita, að innflutningsyfirvöldin hafa tregðazt við að veita innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir þessum bráðnauðsynlegu tækjum, á sama tíma sem flutt hafa verið til landsins kynstrin öll af alls konar óþarfa varningi, skaðlegum og óskaðlegum, og má þar til nefna áfengi, tóbak og alls konar fáránlegt glingur, öllum til óþurftar, nema ef telja skyldi braskara og okrara.

Hinn mjög takmarkaði innflutningur á heimilisvélum hefur og leitt til, að þær hafa verið seldar á svörtum markaði fyrir okurverð. Það er ekki óalgengt að sjá auglýstar „sem nýjar“ heimilisvélar til sölu hjá þessum og þessum borgara. Kunnugir vita, að margar af þessum auglýsingum eru svo til komnar, að heildsalar, sem hafa flutt þessar vörur inn, hafa fengið kunningja sína til að selja þær með þessum hætti. Þannig geta þessir heildsalar í senn hirt heildsalaálagningu, smásöluálagningu og okurálagningu hins svarta markaðs.

Benda má á það í þessu sambandi, að rafveitum fjölgar nú óðum í landinu. Þar með skapast skilyrði fyrir notkun heimilisvéla, sem knúðar eru rafmagni, á fjölda heimila, sem áður áttu hennar ekki kost. Einnig þetta styður að því, að rétt sé og nauðsynlegt að auka innflutning þessara tækja.

Sþ. 464. Nefndarálit

um till. til þál. um sérstakan sumartíma.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ræddi tillöguna á fundi í dag og varð sammála um að mæla með samþykkt hennar með þeirri breytingu, að fyrir fyrsta sunnudag maímánaðar komi fyrsti dagur aprílmánaðar.

Tveir nefndarmanna voru ekki á fundi (JS og FJ).

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Fyrir „fyrsta sunnudag maímánaðar“ komi: fyrsta dag aprílmánaðar.

Alþingi, 27. febr. 1947.

Ingólfur Jónsson, form., frsm.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.	Sigfús Sigurhjartarson, með fyrirvara.
Sigurður Bjarnason.	Bernh. Stefánsson.	

Ed. 465. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Í B-kafla 2. gr. laganna kemur á eftir 45. lið:

Leirhöfn á Melrakkasléttu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Leirhöfn á Melrakkasléttu er frá náttúrunnar hendi einhver stærsta og bezta smáskipahöfn landsins og hefur að margra dómi mjög mikil skilyrði til þess að geta orðið góð hafskipahöfn. Vestan hafnarinnar liggur breiður og langur skerjagarður norður frá svonefndum Leirhafnartanga, og skýlir hann höfninni fyrir hafsjóum. Eru sum skerin svo há, að ekki flæðir yfir þau, þótt hásjávað sé, en önnur koma upp úr um fjörur.

Þvert yfir hafnarmynnið, sem snýr móti norðri, eru grynningar, sem loka innsiglingarleiðinni fyrir öllum stærri skipum. En þegar komið er inn fyrir þessar grynningar, er nægilegt dýpi fyrir stór skip, haldbotn góður og tiltölulega auðvelt að gera hafskipabryggjur.

Við Öxarfjarðarflóa er Kópasker eina höfnin, sem stór skip koma til, en hún er fyrir opnu hafi og því oft ófær. Veldur það miklu öryggisleysi um samgöngur á sjó og erfiðleikum og kostnaði við skipaafgreiðslu. Hafa héraðsbúar því meir og meir fest vonir um bættar samgöngur á sjó við það, að takast megi að dýpka innsiglinguna í Leirhöfn, því að þá væri fengin örugg höfn, sem allir íbúar í vesturhluta Norður-Þingeyjarsýslu mundu njóta góðs af. Hvort þær vonir rætast, er að sjálfsögðu undir því komið, hvernig botninn í hafnarmynninu reynist, en það hefur, því miður, ekki verið rannsakað.

Leirhöfn var löggilt árið 1926 og mæld og kortlögð af verkfræðingum vitamálastjórnarinnar á næstu árum. Voru þá og gerð þar innsiglingarmerki. Hafa smærri skip síldveiðiflotans oft leitað þar skjóls í óveðrum.

Af framangreindum ástæðum virðist auðsætt, að Leirhöfn eigi að taka upp í hafnarlögin, enda var það af vangá, að hún féll niður, þegar þau lög voru til meðferðar í Alþingi á s. l. ári.

Ed. 466. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. febr. 1947.

Brynjólfur Bjarnason, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson.
Hannibal Valdimarsson. Hermann Jónasson.

Sþ. 467. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta samninga um alþjóðaflug.

(Afgreidd frá Sþ. 28. febr.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðaflugmál (Convention on International Civil Aviation) og alþjóðasamning um viðkomuréttindi flugfara (International Air Services Transit Agreement), sem undirrituð voru fyrir Íslands hönd hinn 7. desember 1944 og 4. apríl 1945 og prentuð eru í íslenzkri þýðingu sem fylgiskjöl með ályktun þessari.

Fylgiskjöl (I.—II.), sjá þskj. 456.

Sþ. 468. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 464 [Sumartími].

Frá Hermanni Guðmundssyni.

Í stað „fyrsta dag aprílmánaðar“ komi: fyrsta sunnudag í aprílmánuði.

Sþ. 469. Þingsályktun

um sérstakan sumartíma.

(Afgreidd frá Sþ. 28. febr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að ákveða með reglugerð, að klukkunni skuli flýtt um eina klukkustund frá íslenzkum meðaltíma fyrsta sunnudag í aprílmánuði í stað fyrsta sunnudag marzmánaðar, svo sem áður hefur verið.

Ed. 470. Frumvarp til laga

um breyt. á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðanna „til fjögurra ára“ í 50. gr. laganna kemur: til fjögurra almanaksára.

2. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur sett raforkuráði ákveðinn frest til afgreiðslu mála, sem því eru send til umsagnar. Hann getur í reglugerð, að fengnum tillögum raforkuráðs og umsögn raforkumálastjóra, sett nánari ákvæði um starfshætti og verksvið þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Umboð raforkuráðs þess, er kosið var 29. apríl 1946, fellur niður 31. desember 1949.

Nd. 471. Frumvarp til laga

um skipulag og hýsingu prestssetra.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 286 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Reisa skal prestsseturshús samkvæmt fyrirmælum þessara laga svo fljótt sem auðið er og eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum, þar til lokið er að byggja upp sómasamlega öll prestssetur landsins. Húsameistari ríkisins áætlar byggingarkostnað prestsseturshúsa.

Ed. 472. Breytingartillaga

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Hvarvetna þar, sem orðið „tæknifrjóvgun“ kemur fyrir í frv., komi: tæknisæðing.

Nd. 473. Frumvarp til laga

um menntun kennara.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 152 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

Í kennslustofnun í uppeldisvísindum í háskólanum skal kenna eftirtaldar greinar:

a. lífeðlisfræði, almenna og hagnýta sálarfræði, sálarfræði barna og unglinga, heilbrigðra, geðveiklaðra, vangefinna og siðferðilega vangæfra;
b. vísindalega og hagnýta uppeldisfræði, sögu uppeldisfræðinnar, sögu uppeldisins, einkum hér á landi, og uppeldislega siðfræði og félagsfræði;
c. almenna kennslufræði og kennsluæfingar í einstökum greinum.

Þeir nemendur, sem búa sig undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins, menntaskóla eða sérskóla, skulu leggja stund á almenna sálarfræði barna og unglinga og kennslufræði, einkum í þeim greinum, sem þeir öðlast réttindi til að kenna.

Kennsla fer fram í fyrirlestrum, tilraunum og æfingum. Sérstaka áherzlu ber að leggja á sjálfstæða vinnu nemenda.

Að öðru leyti fer um nám og próf eftir reglugerð, sem sett er samkvæmt 2. gr. háskólalaganna 23. júní 1936.

30. gr. hljóðar svo:

Þriggja manna skólanefnd hefur umsjón með skólanum. Í skólanefnd eiga sæti: Íþróttafulltrúi ríkisins, skólastjóri gagnfræðaskólans á Laugarvatni og einn maður, er fræðslumálastjórn skipar til fjögurra ára í senn.

39. gr. hljóðar svo:

Þegar hús verður reist yfir skólann, skal þar vera heimavist fyrir þá nemendur, er búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla, svo og aðra nemendur, er heimili eiga utan Reykjavíkur.

Ed. 474. Nefndarálit

um frv. til laga um vernd barna og ungmenna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á nokkrum fundum og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Upphaflega er frumv. samið af stjórnskipaðri nefnd, sem í voru þeir Gissur Bergsteinsson hæstaréttardómari, Vilmundur Jónsson landlæknir og dr. Símon Jóh. Ágústsson uppeldisfræðingur. — Síðan hefur frumv. sætt endurskoðun barnaverndarnefndar og þingnefnda hvað eftir annað, og er það nú flutt í fjórða sinn.

Nefndin átti tal við herra Gissur Bergsteinsson hæstaréttardómara og ræddi sérstaklega við hann um hina lögfræðilegu hlið málsins.

Einn nefndarmanna, Gísli Jónsson, áskilur sér rétt til að flytja brtt. við frv., eða fylgja öðrum, er fram kynnu að koma við það.

Alþingi, 28. febrúar 1947.

Brynjólfur Bjarnason, form. — Lárus Jóhannesson, fundaskr. — Hannibal Valdimarsson, frsm.

Gísli Jónsson, með fyrirvara. — Hermann Jónasson.

Ed. 475. Breytingartillögur

við frv. til laga um vernd barna og ungmenna.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 12. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Það er borgaraleg skylda að gegna störfum í barnaverndarráði.
2. Við 16. gr. Á eftir orðunum „er heimilt“ í 1. málsl. komi: ef tilefni gefst til að dómi barnaverndarráðs.
3. Við 23. gr. Í stað orðsins „samþykkir“ í niðurlagi greinarinnar komi: og nánustu ættingjar samþykkja.
4. Við 24. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: að svo miklu leyti sem almannatryggingunum ber ekki að greiða hann.
5. Við 33. gr. Orðin „svo og þeim börnum, ... annars foreldris eða hvorugs“ í 2. málsl. falli niður.
6. Við 35. gr. Orðið „beggja“ í niðurlagi 2. málsl. 2. mgr. falli niður.
7. Við 36. gr. Á eftir orðunum „Ríkisstjórnin skal í þessu skyni“ í upphafi 2. mgr. komi: eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.
8. Við 37. gr. Á eftir orðunum „Ríkisstjórninni er skylt“ í upphafi gr. komi: eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.
9. Við 38. gr. Á eftir orðunum „sbr. þó“ í síðustu mgr. komi: 24. og.
10. Við 46. gr. Síðari málsl. 2. mgr. falli niður.
11. Við 52. gr. Fyrri málsl. orðist svo:
    Barnaverndarráð heimtir skýrslur frá barnaverndarnefndum og gefur út útdrátt úr þeim ásamt skýrslu um störf sín ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Ed. 476. Breytingartillögur

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 45. gr. Greinina skal orða svo:
   Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu fjársóttanna, reyna að finna læknisráð við þeim og útrýma þeim.
   Einnig er honum heimilt að láta útbreiða minna næma fjárstofna, innlenda og erlenda, með sæðingu á þeim svæðum, sem fjárskipti eiga ekki að fara fram á næstu tvö árin.
2. *Varatillaga* við 1. brtt. á þskj. 446.
   a. Orðið „innanlands“ falli burt.
   b. Í stað „tæknifrjóvgun“ komi: sæðingu.

Nd. 477. Frumvarp til laga

um brunatryggingar á Akureyri.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar skal heimilt að semja við eitt eða fleiri brunabótafélög um tryggingu gegn eldsvoða á öllum húsum á Akureyri, enda staðfesti atvinnumálaráðherra slíkan samning.

Tekjur þær, sem verða af starfseminni samkvæmt slíkum samningi, skulu skattfrjálsar til bæjarsjóðs og ríkissjóðs.

2. gr.

Hafi bæjarstjórn gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna, tryggð sjá félögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningurinn tiltekur. Bæjarstjórnin skal hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álítur hæfilega.

3. gr.

Öll iðgjöld og virðingargjöld hvíla á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrétti fyrir öðrum skuldbindingum, sem hvíla á eignunum, og séu iðgjöldin ekki greidd í réttum gjalddaga, má heimta þau eftir þeim reglum, sem gilda um lögtak á sköttum til ríkissjóðs.

4. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að sjá um, að bærinn hafi vel skipað slökkvilið og nauðsynleg slökkvitól, sem haldið sé vel við.

Allir karlmenn í bænum, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, bæði við æfingar og við að slökkva eld, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, sem bæjarstjórnin semur, en atvinnumálaráðherra staðfestir, og má í þeirri samþykkt ákveða sektir allt að 1000 krónum, fyrir brot á ákvæðum hennar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Akureyrar.

5. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð samkvæmt 4. gr. skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hefur það vakið megna óánægju manna á Akureyri, hve brunatryggingar þar í bæ væru dýrar. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli stjórnarvalda bæjarins um lækkun iðgjalda, hefur Brunabótafélag Íslands alltaf daufheyrzt við þeim tilmælum og borið því við, að slökkvilið og slökkvitæki væru ekki í því lagi, að gerlegt væri að lækka iðgjöld.

Nú á síðustu árum hefur verið úr þessu bætt, bæði hefur brunalið verið aukið og æft og nýtízku slökkvitæki keypt. Má því segja, að hvort tveggja sé nú í bezta lagi. En iðgjöldin fást samt ekki lækkuð. Hefur bæjarstjórn Akureyrar því samþykkt á síðastliðnu hausti að fara fram á það að fá undanþágu frá brunabótalögunum, en í þess stað að fá heimild að semja við eitt eða fleiri brunabótafélög um tryggingu gegn eldsvoða á Akureyri, á sína vísu eins og Reykjavík fékk heimild til með lögum nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík. Er þetta frv. að mestu leyti sniðið eftir þeim lögum.

Ed. 478. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna: „Gefst ráðherra þá tækifæri að svara fyrirspurnum“ komi: Skal ráðherra þá svara fyrirspurnum þeim, sem á fyrirspurnalistanum eru.

Alþingi, 3. marz 1947.

Pétur Magnússon, form. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm. Ásmundur Sigurðsson, fundaskr.
Hermann Jónasson. Lárus Jóhannesson.

Ed. 479. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins, og á l. nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 3. marz 1947.

Pétur Magnússon, form. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm. Ásmundur Sigurðsson, fundaskr.
Hermann Jónasson. Lárus Jóhannesson.

Ed. 480. Frumvarp til vegalaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 330 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland.

1. *Suðurlandsvegur:* Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa, Holt, Rangárvelli, Hvolhrepp, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur. Um Höfðabrekkuheiði, Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Öræfi, Breiðamerkursand, Suðursveit, um Flatey á Mýrum til Melatanga, um Höfn í Hornafirði, Nes, Almannaskarð og um væntanlega brú á Jökulsá í Lóni innan við Stafafell, að Lónsheiði.
2. *Reykjanesbraut:* Frá Reykjavík um Hafnarfjörð og Keflavík til Sandgerðis.
3. *Grindavíkurvegur:* Af Reykjanesbraut á Vogastapa um Grindavík að Reykjanesvita.

4. *Hafnavegur:* Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum að Kirkjuvogi í Höfnum.
5. *Garðskagavegur:* Af Reykjanesbraut nálægt Útskálum að Garðskagavita.
6. *Álftanesvegur:* Af Hafnarfjarðarvegi til Bessastaða.
7. *Vífilsstaðavegur:* Af Hafnarfjarðarvegi til Vífilsstaða.
8. *Útvarpsstöðvarvegur:* Af Suðurlandsvegi skammt innan við Reykjavík að Útvarpsstöð á Vatnsendahæð.
9. *Elliðavatnsvegur:* Af Suðurlandsbraut hjá Rauðavatni um Vatnsenda og Vífilsstaði til Hafnarfjarðar.
10. *Krísuvíkur-* og *Selvogsvegur:* Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð um Krísuvík, Selvog og Ölfus að Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði.
11. *Þorlákshafnarvegur:* Af Selvogsvegi nálægt Hlíðarenda til Þorlákshafnar.
12. *Biskupstungnabraut:* Af Suðurlandsvegi undir Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur, hjá Vatnsleysu til Geysis.
13. *Bræðratunguvegur:* Af Biskupstungnabraut austan við Tungufljótsbrú að Bræðratungu.
14. *Sogsvegur:* Af Biskupstungnabraut skammt fyrir austan Sogsbrú, hjá Ljósafossi og austan við Þingvallavatn til Þingvalla.
15. *Kiðjabergsvegur:* Af Suðurlandsvegi fyrir vestan Hraungerði, um væntanlega brú á Hvítá hjá Kiðjabergi, á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
16. *Þingvallabraut:* Af Vesturlandsvegi nálægt Köldukvísl til Þingvalla.
17. *Grafningsvegur:* Af Þingvallabraut nálægt Heiðabæ, sunnan Þingvallavatns og hjá Úlfljótsvatni að Sogsvegi nálægt Ljósafossi.
18. *Laugardalsvegur:* Af Sogsvegi nálægt Þingvallavatni, um Laugardal hjá Laugarvatni að Biskupstungnabraut hjá Múla.
19. *Laugarvatnsvegur:* Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni að Laugardalsvegi hjá Laugarvatni.
20. *Skeiða- og Hreppavegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa upp Skeið og Hrunamannahrepp að Gullfossvegi vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
21. *Gullfossvegur:* Af Biskupstungnabraut hjá Tungufljóti til Gullfoss.
22. *Gnúpverjavegur:* Af Skeiðavegi sunnan Laxár, hjá Ásum og norðan Miðfells upp Þjórsárdal að Ásólfsstöðum.
23. *Skálholtsvegur:* Af Skeiðavegi nálægt Reykjum, yfir Hvítá hjá Iðu, um Skálholt að Biskupstungnabraut austan Brúarár.
24. *Villingaholtsvegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt suður með Þjórsá um Parta og Fljótshóla, að Gaulverjabæjarvegi.
25. *Gaulverjabæjar- og Stokkseyrarvegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri að Eyrarbakkavegi.
26. *Hamarsvegur:* Af Gaulverjabæjarvegi norðan Gaulverjabæjar um Hamarsbæi og Skógsnes á Villingaholtsveg nálægt Sýrlæk.
27. *Eyrarbakkavegur:* Frá Selfossi að Eyrarbakka.
28. *Kaldaðarnesvegur:* Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að Kaldaðarnesi.
29. *Ásvegur:* Af Suðurlandsvegi móts við vegamót Landvegar um Ás að Sandhólaferju.
30. *Landvegur:* Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Land hjá Múla að Galtalæk.
31. *Hagabraut:* Af Landvegi fyrir ofan Lýtingsstaði um Haga, Stúfholt, Skammbeinsstaði að Landvegi neðan við Köldukinn.
32. *Þykkvabæjarvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan Ægissíðu að Hábæ í Þykkvabæ.
33. *Árbæjarvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá, um Árbæ á Landveg nálægt Lækjarbotnum.
34. *Bakkabæjavegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Þverárbrú, sunnan Þverár yfir væntanlega brú á Hólsá hjá Ártúni á Þykkvabæjarveg.
35. *Landeyjavegur syðri:* Af Suðurlandsvegi hjá Hemlu, hjá Akurey, Bergþórshvoli, Lágafelli og Miðey að Suðurlandsvegi nálægt Ossabæ.
36. *Fljótshlíðarvegur:* Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð að Múlakoti.

37. *Vallavegur:* Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol og Velli.
38. *Merkurvegur:* Af Suðurlandsbraut austan við Markarfljótsbrú inn að Stóru-Mörk.
39. *Dyrhólavegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal um Loftsali að Dyrhólaey.
40. *Reynishverfisvegur:* Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Reyniskirkju í Mýrdal.
41. *Álftaversvegur:* Af Suðurlandsvegi við Skálmárbrú á Mýrdalssandi að Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri.
42. *Búlandsvegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Búlandi.
43. *Meðallands- og Landbrotsvegur:* Af Suðurlandsvegi í Skaftártungu um Ásabrú, Leiðvöll og Langholt í Meðallandi. Um Eldvatnsbrú hjá Fljótum og upp Landbrot austanvert á Suðurlandsveg við Skaftárbrú.
44. *Kirkjubæjarklaustursvegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri á Síðu.
45. *Inn-Nesja- og Mýravegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Hólum í Hornafirði vestur yfir Fljót innra, nálægt Hoffelli, út Mýrar að Suðurlandsvegi hjá Flatey. Yfir Hornafjarðarfljót ytra, undan Bjarnanesi.
46. *Hornsvegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Almannaskarði að Horni.

B. Um Vesturland.

1. *Vesturlandsvegur:* Af Suðurlandsvegi innan við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, um Leirársveit, Hafnarskóg og Andakíl. Yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufá. Um Norðurárdal, Bjarnadal, Miðdali, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Kollabúðarheiði, Þorskafjarðarheiði og Langadal til Arngerðareyrar.
2. *Keldnavegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Grafarholti í Mosfellssveit að Keldum.
3. *Reykjavegur:* Af Vesturlandsvegi við Varmárbrú um Álafoss, um Reykjahverfi, hjá Miðdal og á Suðurlandsveg hjá Geithálsi.
4. *Kjósarskarðsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Skorá um Möðruvelli og Fellsenda á Þingvallaveg hjá Syðri-Stíflisdal.
5. *Reynivallavegur:* Af Vesturlandsvegi norðan Laxárbrúar um Revnivelli að vegamótum Kjósarskarðsvegar hjá Möðruvöllum.
6. *Dragháls- og Skorradalsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd um Ferstikluháls, Svínadal, vestan Skorradalsvatns, um Hesthál yfir Andakíl að Vesturlandsvegi hjá Hvítárvöllum.
7. *Andakílsfossavegur:* Af Vesturlandsvegi nálægt Ausu, hjá Andakílsfossum og Grund að Háafelli í Skorradal.
8. *Leirársveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú um Leirá yfir Laxárbrú hjá Hóli og á Vesturlandsveg skammt frá Miðfelli.
9. *Akranesvegur:* Frá Akranesi að Vesturlandsvegi hjá Lambhaga.
10. *Akrafjallsvegur:* Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl, fyrir Akrafjall, hjá Klafastöðum og Innra-Hólmi á þjóðveginn ofan við Akraneskaupstað.
11. *Melasveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti um Melasveit á Vesturlandsveg sunnan við Höfn.
12. *Hvalfjarðarferjuvegir:* Af Vesturlandsvegi hjá Eyri í Kjós að ferjulendingu sunnan Hvalfjarðar og af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum að ferjulendingu norðan Hvalfjarðar.
13. *Lundarreykjadalsvegur:* Af Skorradalsvegi á Götuási inn Lundarreykjadal á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.
14. *Bæjarsveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi nálægt Hesti, um Bæjarsveit, um Reykjadalsárbrú hjá Kleppjárnsreykjum að Reykholtsdalsvegi.

15. *Borgarnesbraut:* Frá Borgarnesi að Vesturlandsvegi norðan Gufár.
16. *Borgarfjarðarbraut:* Af Vesturlandsvegi hjá Haugum um Stafholtstungur yfir Hvítárbrú á Kláffossi, um Reykholtsdal og Hálsasveit að Lambá.
17. *Varmalandsvegur:* Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Varmalandsskóla.
18. *Stafholtsvegur:* Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Stafholti.
19. *Þverárhlíðarvegur:* Af Borgarfjarðarbraut um Hjarðarholt og Arnbjargarlæk á Kleifaveg hjá Norðtungu.
20. *Kleifavegur:* Af Borgarfjarðarbraut hjá Kláffossbrú um Kleifar að Norðtungu.
21. *Hvítársíðuvegur:* Af Kleifavegi inn Hvítársíðu um væntanlega brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum og á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
22. *Álftaneshreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi vestan Langár um Álftaneshrepp sunnanverðan, sunnan Hólsvatns að Vogalæk.
23. *Hraunhreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa, um Hrafnkelsstaði og Laxárholt að Vogi.
24. *Hnappadalsvegur:* Af Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bílduhóli á Skógarströnd.
25. *Stykkishólmsvegur:* Af Borgarnesbraut fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
26. *Kolviðarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi vestan við Gerðuberg í Eyjahreppi að Kolviðarneslaug.
27. *Ólafsvíkurvegur:* Af Stykkishólmsvegi austan við Straumfjarðará um Staðarsveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
28. *Útnesvegur:* Af Ólafsvíkurvegi, sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík að Sandi.
29. *Búðavegur:* Af Útnesvegi utan við Hraunhafnará til Búða.
30. *Hellissandsvegur:* Frá Ólafsvík um Ennisdal til Hellissands.
31. *Eyrarsveitar- og Fróðárhreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Eyrarsveit til Grafarness. Utan í Búlandshöfða og um Fróðársveit á Ólafsvíkurveg.
32. *Helgafellssveitarvegur:* Af Stykkishólmsvegi nálægt Gríshól í Helgafellssveit um Kóngsbakka og Hraunháls á Eyrarsveitarveg í Berserkjahrauni.
33. *Skógarstrandarvegur:* Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Skógarströnd, yfir Hörðudal og á Vesturlandsveg í Miðdölum.
34. *Haukadalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan við Haukadalsárbrú um Haukadal inn á móts við Leikskála.
35. *Laxárdalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan Laxár í Dölum, um Laxárdal og Laxárdalsheiði að Strandavegi utan Borðeyrar.
36. *Laugavegur:* Af þjóðveginum í Hvammssveit að Laugum.
37. *Klofnings- og Skarðsstrandarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Ásgarði um Staðarfell og Skarðsstöð á Vesturlandsveg í Saurbæ.
38. *Salthólmavíkurvegur:* Af Skarðsstrandarvegi hjá Tjaldanesi í Saurbæ til verzlunarstaðarins í Salthólmavík.
39. *Staðarhólsvegur:* Af Skarðsstrandarvegi, við Kirkjuhvol í Saurbæ um Staðarhól að Þverfelli.
40. *Króksfjarðarnesvegur:* Af Vesturlandsvegi í Geiradal að verzlunarstaðnum í Króksfjarðarnesi.
41. *Gautsdalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan Geiradalsár, nálægt Bakka að Gautsdal.
42. *Reykhólasveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, um Reykhóla að Stað og af Vesturlandsvegi hjá Kinnarstöðum að Hofsstöðum.
43. *Gufudalsvegur:* Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði um Gufudal, Skálanes og Kollafjörð að Kletti austan undir Klettshálsi.
44. *Steinadalsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Brekku í Gilsfirði, um Steinadalsheiði og á Strandaveg í Kollafirði.

45. *Strandavegur:* Af Norðurlandsvegi vestan Hrútafjarðarár um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikuháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð og til Hólmavíkur. Um Staðardal og að Vesturlandsvegi á Kollabúðarheiði.
46. *Kaldrananesvegur:* Af Bjarnarfjarðarvegi til Kaldrananess.
47. *Reykjarfjarðarvegur:* Af Strandavegi í Staðardal, um Bjarnarfjörð, Bala, Kaldbak og Veiðileysu, um Kúvíkur í Reykjarfirði að Árnesi.
48. *Selstrandarvegur:* Af Reykjarfjarðarvegi norðan Selár út Selströnd um Drangsnes um Bæ til Kaldrananess.
49. *Ármúlavegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Langadalsárbrú innan við Arngerðareyri út Langadalsströnd að Ármúla.
50. *Snæfjallastrandarvegur:* Frá Ármúla um Snæfjallaströnd að Bæjum.
51. *Ögurvegur:* Frá Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp um Múla, um Eyrarfjall og Mjóafjörð í Ögur.
52. *Aðalvíkurvegur:* Frá Heklu við Hesteyri um Hesteyrardal og Stakkadalsheiði til Látra í Aðalvík.
53. *Hnífsdals- og Bolungavíkurvegur:* Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.
54. *Ísafjarðarvegur:* Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði, inn fyrir Önundarfjörð, um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.
55. *Súðavíkurvegur:* Af Ísafjarðarvegi nálægt Seljalandsá í Skutulsfirði um Arnardal til Súðavíkur.
56. *Suðureyrarvegur:* Af Ísafjarðarvegi á Breiðadalsheiði um Botnsheiði út með Súgandafirði um Suðureyri að Stað.
57. *Flateyrarvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
58. *Hjarðardalsvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði um Hjarðardal og yfir Dalsá hjá Kirkjubóli í Valþjófsdal.
59. *Núpsvegur:* Frá Alviðruvör um Núp og Gemlufall að Lambadal.
60. *Þingeyrarvegur:* Frá Þingeyri um Brekkudal og Rafnseyrarheiði að væntanlegum ferjustað við Arnarfjörð nálægt Rafnseyri.
61. *Haukadalsvegur:* Frá Þingeyri til Haukadals.
62. *Ketilseyrarvegur:* Frá Þingeyri um Hvamm til Ketilseyrar.
63. *Bíldudals- og Patreksfjarðarvegur:* Frá Bíldudal um Hálfdán, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð.
64. *Dalahreppsvegur:* Frá Bíldudal að Bakka í Dalahreppi.
65. *Suðurfjarðavegur:* Frá Bíldudal um Suðurfirði að Fossi.
66. *Tálknafjarðarvegur:* Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar að Sveinseyri.
67. *Barðastrandarvegur:* Frá Geirseyri um Kleifaheiði, hjá Haga að Brjánslæk.
68. *Rauðasandsvegur:* Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker og Saurbæ að Lambavatni á Rauðasandi.
69. *Örlygshafnarvegur:* Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri um Sauðlauksdal, Gjögur í Örlygshöfn og Hafnarfjall að Látrum.

C. Um Norðurland.

1. *Norðurlandsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði og Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, Miðfjörð, Víðidal og Vatnsdalsá hjá Hnausum til Blönduóss. Um Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Um Vaðlaheiði, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði og Aðalreykjadal til Húsavíkur. Um Reykjaheiði og Kelduhverfi að Austurlandsvegi, austan við Jökulsárbrú í Axarfirði.
2. *Reykjaskólavegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Reykjum í Hrútafirði að Reykjaskóla.
3. *Miðfjarðarvegur:* Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi yfir Núpsá á væntanlegri brú nálægt Núpi.

4. *Hvammstangabraut:* Frá Hvammstanga að Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi.
5. *Vatnsnesvegur:* Frá Hvammstanga út Vatnsnes að Hindisvík.
6. *Vesturhópsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Vatnshorni um Vesturhóp út að Hindisvík.
7. *Vatnsdalsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá.
8. *Reykjabraut:* Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá um Reyki á Svínvetningabraut hjá Tindum.
9. *Svínvetningabraut:* Frá Blönduósi, hjá Svínavatni, um væntanlega brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
10. *Skagastrandarvegur:* Frá Blönduósi um Skagaströnd og Kálfshamarsvík til Hafna.
11. *Þverárfjalls- og Gönguskarðavegur:* Af Skagastrandarvegi utan við Laxá um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal ytri, Laxárdalsheiði og Gönguskörð til Sauðárkróks.
12. *Skagavegur:* Af Gönguskarðsvegi hjá Skíðastöðum út Laxárdal að Skefilsstöðum.
13. *Sauðárkróksbraut:* Frá Sauðárkróki að Norðurlandsvegi hjá Varmahlíð.
14. *Skagafjarðarvegur:* Af Norðurlandsvegi skammt innan við Varmahlíð um Mælifell, um Tungusveit og Kjálka, á Norðurlandsveg nálægt Egilsá í Norðurárdal.
15. *Út-Blönduhlíðarvegur:* Af Hofsósvegi austan Héraðsvatna um Viðvíkursveit og Blönduhlíð á Norðurlandsveg austan við Héraðsvatnabrú á Grundarstokki.
16. *Hofsósvegur:* Frá Sauðárkróki um Hegranes, Viðvíkursveit og Óslandshlíð til Hofsóss.
17. *Hegranesvegur:* Af Hofsósvegi hjá Garði að Ríp.
18. *Hólavegur:* Af Hofsósvegi að Hólum í Hjaltadal.
19. *Siglufjarðarvegur:* Frá Hofsósi um Sléttuhlíð, Fljót og Siglufjarðarskarð til Siglufjarðar.
20. *Flókadalsvegur eystri:* Af Siglufjarðarvegi austan við Haganes, um Barð að Stóru-Reykjum í Flókadal.
21. *Ólafsfjarðarvegur:* Af Siglufjarðarvegi norðan Fljótaár um Stíflu og Lágheiði til Ólafsfjarðar.
22. *Hörgárdalsvegur innri:* Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá á Þelamörk yfir Hörgárbrú nálægt Þúfnavöllum.
23. *Hörgárdalsvegur ytri:* Af Hörgárdalsvegi innri nálægt Hörgárbrú hjá Skuggahvammi að Dalvíkurvegi hjá Möðruvöllum.
24. *Dalvíkurvegur:* Af Norðurlandsvegi á Moldhaugahálsi um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, hjá Árgerði til Dalvíkur.
25. *Árskógssandsvegur:* Af Dalvíkurvegi utan við Þorvaldsdalsá að Árskógssandi.
26. *Svarfaðardalsvegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Urðum.
27. *Hrísavegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Hrísum um brýr á Skíðadalsá og Svarfaðardalsá að Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum.
28. *Hjalteyrarvegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Skriðulandi í Arnarneshreppi til Hjalteyrar.
29. *Eyjafjarðarbraut:* Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar um Jórunnarstaði að Torfufelli, ásamt brautinni að Kristneshæli.
30. *Laugalandsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, hjá Laugalandsskóla, um Eyjafjarðarárbrú á Stíflu og á Eyjafjarðarbraut skammt utan við Saurbæ.
31. *Svalbarðsstrandarvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Veigastöðum innst á Vaðlaheiði, um Svalbarðsströnd og Höfðahverfi á Fnjóskadalsveg austan við brú á Fnjóská hjá Laufási.

32. *Fnjóskadalsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Hálsi út Fnjóskadal austanverðan um Höfðahverfi til Grenivíkur.
33. *Kinnarvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði um Köldukinn, yfir Skjálfandafljótsbrú, norður fyrir Garðsnúp á Norðurlandsveg hjá Garði í Aðaldal.
34. *Reykjahverfisvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Laxamýri í Aðaldal, um Hveravelli í Reykjahverfi og Hvammsheiði, hjá Grenjaðarstað, á Norðurlandsveg hjá Syðra-Fjalli í Aðaldal.
35. *Laxárdalsvegur:* Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárbrúm vestan Laxár að Þverá í Laxárdal.
36. *Bárðardalsvegur vestri:* Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts yfir væntanlega brú hjá Stóruvöllum.
37. *Bárðardalsvegur eystri:* Af Norðurlandsvegi hjá Fosshól, austan Skjálfandafljóts að Sandvík í Bárðardal.
38. *Mývatnssveitar- og Mývatnsöræfavegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Breiðumýri um Mývatnsheiði, Mývatnssveit, Námaskarð og Mývatnsöræfi, um brú á Jökulsá og á Austurlandsveg hjá Grímsstöðum á Fjöllum.
39. *Laugaskólavegur:* Af Mývatnssveitarvegi sunnan við Breiðumýri að Laugaskóla.
40. *Tjörnesvegur:* Frá Húsavík kringum Tjörnes að Norðurlandsvegi hjá Lóni í Kelduhverfi.
41. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur:* Af Norðurlandsvegi austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Kópaskerskauptún, yfir Melrakkasléttu, um Raufarhöfn á Axarfjarðarheiðarveg nálægt Svalbarði í Þistilfirði.
42. *Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegur:* Af Kópaskersvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga og Svalbarð í Þistilfirði til Þórshafnar.
43. *Langanesvegur:* Frá Þórshöfn um Langanes að Skálum.
44. *Ytri-Lónsvegur:* Af Langanesvegi utan við Sauðanesós, nálægt Ytra-Lóni að Eldjárnsstöðum.

D. Um Austurland.

1. *Austurlandsvegur:* Af Norðurlandsvegi austan við Jökulsá í Axarfirði, um Hólsfjöll hjá Grímsstöðum, hjá Möðrudal um Möðrudalsöræfi, Jökuldalsheiði, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalsheiði, um Breiðdal hjá Eydölum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpavogs. Um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði að Suðurlandsvegi í Lóni.
2. *Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur:* Frá Þórshöfn norðan Brekknaheiðar, um Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð á Austurlandsveg vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.
3. *Hafnarvegur:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi við Bakkaá í Skeggjastaðahreppi að Hafnarkauptúni.
4. *Vopnafjarðarvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Möðrudal um Langadal, yfir Möðrudalsheiði, um Hofsárdal til Vopnafjarðar.
5. *Vesturdalsvegur:* Af Strandavegi nálægt Vesturá um Vesturárdal á Vopnafjarðarveg fyrir innan Hof.
6. *Jökuldalsvegur:* Frá Austurlandsvegi við Gilsá í Jökuldal um Hákonarstaði og Brú að Aðalbóli.
7. *Hróarstunguvegur nyrðri:* Af Austurlandsvegi austan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum austan Jökulsár, um væntanlega brú á Lagarfljót á Steinboga, á Úthéraðsveg nálægt Hóli.
8. *Hróarstunguvegur eystri:* Af Austurlandsvegi hjá Rangá, um Kirkjubæ, yfir væntanlega brú á Lagarfljót hjá Fossi og á Úthéraðsveg hjá Bóndastöðum.

9. *Upphéraðsvegur:* Af Austurlandsvegi vestan Lagarfljótsbrúar, um Fell og á Fljótsdalsveg vestan við Jökulsá í Fljótsdal skammt fyrir innan Valþjófsstað
10. *Fjarðarheiðarvegur:* Af Fagradalsbraut hjá Egilsstöðum um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
11. *Seyðisfjarðarvegur:* Frá Seyðisfirði að Þórarinsstöðum.
12. *Úthéraðsvegur:* Af Fjarðarheiðarvegi austan við Eyvindarárbrú um Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá að Óshöfn. Um Njarðvík og Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar.
13. *Fagradalsbraut:* Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal að Búðareyri við Reyðarfjörð.
14. *Eskifjarðarvegur:* Frá Búðareyri við Reyðarfjörð til Eskifjarðarkauptúns.
15. *Norðfjarðarvegur:* Frá Eskifjarðarkauptúni um Oddsskarð til Neskaupstaðar.
16. *Viðfjarðarvegur:* Frá Eskifjarðarkauptúni um Vaðlavíkurheiði til Viðfjarðar.
17. *Skóga- og Fljótsdalsvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum um Skóga, Hallormsstað, Víðivelli, yfir væntanlegar brýr á Kelduá og Jökulsá, á Upphéraðsveg skammt fyrir innan Valþjófsstað.
18. *Skriðdalsvegur:* Af Skógavegi vestan Grímsár inn Skriðdal um væntanlegar brýr á Geitdalsá og Múlaá, á Austurlandsveg.
19. *Þórdalsheiðarvegur:* Af Austurlandsvegi í Skriðdal um Þórdalsheiði og Fagradalsbraut í Reyðarfirði.
20. *Mjóafjarðarvegur:* Af Fagradalsbraut sunnan við Köldukvísl um Eyvindardal, Slenjudal og Mjóafjarðarheiði að Firði í Mjóafirði.
21. *Fáskrúðsfjarðarvegur:* Af Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Staðarskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
22. *Vattarnesvegur:* Af Fáskrúðsfjarðarvegi fyrir austan Kolmúla að Vattarnesi.
23. *Breiðdalsvíkurvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Eydölum í Breiðdal til Breiðdalsvíkur.
24. *Norðurdalsvegur:* Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að Þorvaldsstöðum.
25. *Stöðvarfjarðarvegur:* Frá Búðum um Hafnarnes og Stöðvarfjörð á Breiðdalsvíkurveg hjá Þverhamri.

Nd. 481. Nefndarálit

um frv. til laga um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Það tókst ekki að fá fullt samkomulag í nefndinni um afgreiðslu þessa máls. Það, sem ágreiningnum olli og varð þess valdandi, að nefndin klofnaði, eru ákvæðin um það, að félagið sé undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða bæjarfélaga. Minni hl. leggur áherzlu á það, að þessi hlunnindi til handa félaginu séu ekki skert, en meiri hl. leggur hins vegar til, að þessi undanþága gildi aðeins um tvö ár, en að þeim tíma liðnum verði félagið skattskylt til ríkis og bæjar. Um aðrar breytingar á frv., sem fram koma í nefndaráliti meiri hl., var samkomulag í nefndinni.

Frv. um þetta efni var borið fram á síðasta þingi. Var það samþykkt í efri deild, en dagaði þá uppi í sjútvn. neðri deildar. Á þessu þingi var mál þetta enn borið fram í efri deild og hefur fyrir alllöngu hlotið samþykki þeirrar deildar. Hefur sjútvn. neðri deildar haft málið síðan til meðferðar og rætt það ýtarlega á fundum sínum.

Þegar lögunum um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna og lögum um

stríðsslysatryggingu sjómanna frá árinu 1940 var steypt saman í eina heild á þinginu 1943 og jafnframt felldar inn í meginmál laganna breytingar þær, sem á þeim höfðu verið gerðar í millibilinu, var svo ákveðið, að þegar lokið væri hinu upprunalega hlutverki félagsins, skyldi nota sjóði þess sem fjárhagsgrundvöll almennra endurtrygginga í landinu, einkum sjótrygginga.

Eins og frv. það, sem hér um ræðir, ber með sér, hefur sjóðseign Stríðstryggingafélags íslenzkra skipshafna vaxið mjög ört á þessum árum, enda hefur félagið notið skattfrelsis frá byrjun. Framlagt áhættufé félagsins er samkv. frv. kr. 4964000, en áhættufjárábyrgðir kr. 1036000, samtals kr. 6000000.

Það orkar ekki tvímælis, að með stofnun þessa félags er stigið merkilegt og þýðingarmikið spor á þróunarbraut íslenzkra trygginga. Þó að tryggingastarfseminni hér á landi hafi þokað vel og farsællega áfram á undanförnum árum, þá eru þau mál samt enn ekki lengra komin áleiðis en það, að hér hefur ekkert endurtryggingarfélag verið starfandi annað en Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, fyrr en félag það, er hér um ræðir, sveigði starfsemi sína nokkuð inn á þá braut á s. l. ári. Afleiðingin af því, hversu ástatt hefur verið í þessum efnum hér hjá oss, er sú, að vátryggingarfélögin hafa orðið að kaupa endurtryggingar erlendis og sæta þeim kostum, sem hin erlendu félög hafa sett. Þannig hefur því einnig verið varið með samábyrgðina að verulegu leyti.

Það verður ekki séð, að hagsmunir Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og hagsmunir þessa nýja endurtryggingarfélags þurfi að rekast neitt á. Samábyrgðin hefur ákveðið afmarkað starfssvið og einkarétt á því, sem sé að endurtryggja fyrir bátaútgerðarfélögin. Hins vegar getur samábyrgðinni orðið mikill styrkur að hinu nýja félagi, vegna þess að hún þarf, eins og fyrr greinir, að endurtryggja mikið af þeim áhættum, sem hún fær frá bátatryggingarfélögunum. Hún tekur nú mest 35 þús. kr. á hverju skipi í eigin áhættu, en gert er ráð fyrir, að það hækki í 100 þús. kr. Bátaábyrgðarfélögin taka 40 þús. kr., og þó að það kunni að verða hækkað eitthvað á næstunni hjá þeim félögum, sem hafa beztan fjárhag, er sýnilegt, að mikið vantar á, að þau og Samábyrgðin geti borið alla áhættuna á vélbátaflotanum, þar sem vátryggingarverð sumra bátanna er komið upp í allt að 700 þús. kr. Hið nýja endurtryggingarfélag er svo fjársterkt, að það mundi geta tekið í eigin áhættu mjög stóran hlut af því, sem Samábyrgðin þyrfti að endurtryggja, jafnvel að því er okkur er tjáð, allt upp í 300 þús. kr. á beztu skipunum. Með lögfestingu þessa frv. á þeim grundvelli, sem minni hl. leggur til, er lagður grundvöllur að því, að langmestur hluti af bátatryggingunum geti í tiltölulega skjótri svipan komizt inn í landið, og gætu þau innlend félög, sem annast tryggingarnar, þá jafnframt ráðið iðgjaldinu, sem tekið væri, en eins og að er vikið hér að framan, hefur þetta verið mjög háð vilja og ákvörðun hinna erlendu tryggjenda.

Væri hið nýja endurtryggingarfélag svipt þeirri undanþágu frá skattgreiðslu til ríkis og bæjar, sem því er ætlað í frv. og fyrirrennari þess, stríðstrygging íslenzkra skipshafna, hefur búið við frá öndverðu, er mikil hætta á, að viðhorf félagsins yrði allt öðruvísi bæði gagnvart þessum tryggingum og öðrum. Það mundi þá, hætt við, reyna að afmarka starfsemi sína þannig, að skattar og útsvör yrðu sem minnst og greiða þó þann arð, sem leyfilegt er. Þessu marki mundi auðveldast að ná með því að velja úr þær tryggingar, sem hafa hæst iðgjöld í hlutfalli við áhættu. Hins vegar er nokkur hætta á því, að félagið gengi þá á snið við að taka þær tryggingar, þar sem ætla mætti, að iðgjöldin gerðu ekki meira en rétt að eins hrökkva fyrir bótum og kostnaði, sökum þess að þær yrðu aðeins til þess að hækka veltu félagsins og þar með opinber gjöld á því, t. d. veltuútsvar. Þannig mundi skattskylda félagsins verða þrándur í götu þess, að unnt væri að nota félagið til þess að fá lækkun iðgjalda á ýmsum sviðum, þar sem þess er þörf. Sem dæmi um þetta má nefna, að eftir því, sem okkur er tjáð, var á síðastliðnu sumri leitað eftir tilboðum í vátryggingu nýju togaranna í Englandi. Tilboð þau, sem fengust þar, þóttu nokkuð há. Stríðstryggingarfélagið hafði samstarf við eitt af þeim innlendu vátryggingarfélögum, sem hér

áttu hlut að máli. Og með því að Stríðstryggingin tók 10%, en félagið sjálft 5% af vátryggingu togaranna í eigin áhættu, tókst að fá endurtryggjendur í London til að lækka iðgjöldin um ¾% af vátryggingarverði skipanna. Þetta hefði Stríðstryggingin hætt við, ekki treyst sér til að gera, ef hún hefði verið skattskyld. Orsök þess er sú, að þegar iðgjöldin eru ekki hærri en það, sem þarf, þegar til lengdar lætur, til þess að bæta tjónin og greiða skrifstofukostnað, verður sum árin tap á tryggingunum, en önnur hagnaður. En ef talsverður hluti af hagnaðinum á að fara í skatta og útsvör þau árin, sem hann er, verður það, sem eftir er, ekki nægjanlegt til þess að vinna upp töpin og því síður að nokkuð verði afgangs til sjóðsmyndunar. Öllum opinberum gjöldum, sem lögð væru á félagið, yrði það að koma af sér yfir á tryggingartaka með háum iðgjöldum. Þannig yrði skattskyldan til þess að snúa hlutverki félagsins við, svo að það yrði frekar til þess að viðhalda háum vátryggingargjöldum á íslenzkum atvinnuvegum í stað þess að lækka þau. Harðast kæmi þetta vitanlega niður á sjávarútveginum. Auk þess mundi skattskyldan draga úr því, að félagið yrði fært um að vinna að því, að allar vátryggingar kæmust á innlendar hendur að svo miklu leyti sem hentugt er.

Auk sjótrygginganna getur félagið starfað að vátryggingum á hvaða sviði sem er. T. d. endurtryggir stríðstryggingarfélagið nú fyrir Brunabótafélag Íslands og Tryggingastofnun ríkisins. Undir endurtryggingar fyrir Tryggingastofnunina falla slysatryggingar á farþegum og flugmönnum á öllum íslenzkum flugvélum. Iðgjöld fyrir þær lækkaði stríðstryggingin, samkvæmt upplýsingum, sem við höfum fengið, stórlega um síðustu áramót. En hvarvetna annars staðar er nú frekar um hækkun en lækkun að ræða á iðgjöldum fyrir flugtryggingar. Þessi lækkun hefði sennilega ekki verið unnt að framkvæma án þátttöku Stríðstryggingarinnar. Og það er ljósast, að þessi lækkun hefði ekki heldur verið gerð, að minnsta kosti ekki í svona stórum stíl, ef félagið hefði verið skattskylt.

Minni hl. hefur rætt þetta mál nokkuð ýtarlega til þess að sýna, hver áhrif það hefur á aðstöðu félagsins til þess að inna af hendi það tvöfalda hlutverk að lækka iðgjöldin og koma tryggingunum á innlendar hendur, ef svo færi, að það yrði svipt skattfrelsinu. Það virðist ekki heldur, út af fyrir sig, vera rétt eða sanngjarnt að veita einu bæjarfélagi í landinu rétt til þess að skattleggja félagið, þar sem það brýtur svo mjög í bága við hagsmuni alþjóðar, eins og lýst er hér að framan, þó að það vitanlega kæmi harðast niður á sjávarútveginum.

Þess skal að lokum getið, að ÁkJ áskilur sér rétt til að bera fram brtt. við 10. gr.

Alþingi, 3. marz 1947.

Pétur Ottesen,	Áki Jakobsson,
frsm.	fundaskr.

Nd. 482. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 461 [Tannlækningar].

Frá meiri hluta heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Síðasti málsliður till. orðist svo:

Nú sezt tannlæknir að á stað, þar sem tannsmiður starfar samkvæmt hér um ræddu leyfi, og fellur þá þetta leyfi úr gildi, en tannsmiðurinn skal eiga rétt á að ganga fyrir öðrum um atvinnu við tannsmíðar fyrir þann tannlækni. Veiti hann tannsmiðnum ekki kost á þeim kjörum, sem heilbrigðisstjórnin telur hæfileg, fellur leyfið ekki úr gildi.

Nd. 483. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Á eftir orðunum „Óheimilt er Grímsneshreppi að selja jörðina“ komi: öðrum en ríkissjóði og þá fyrir kostnaðarverð.

Alþingi, 5. marz 1947.

Jón Pálmason, form. | Jón Sigurðsson, frsm. | Steingr. Steinþórsson, fundaskrifari.
Ásg. Ásgeirsson. | Sigurður Guðnason.

Nd. 484. Nefndarálit

um frv. til laga um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin ræddi frumvarpið á nokkrum fundum. Einnig hefur verið rætt um það við forstjóra stríðsslysatryggingarfélagsins, hr. Guðmund Guðmundsson. — En svo fór, að nefndarmenn urðu ekki að öllu leyti sammála um afgreiðslu málsins. PO og ÁkJ munu skila sérstöku minnihlutaáliti, en meiri hl. (FJ, SkG og SK) leggur til, að frumvarpið verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 8. gr. 2. tölul. 2. málsgr. verði þannig:
   Skírteini veitir atkvæðisrétt við kosningar í stjórn félagsins, sbr. 9. gr., samkvæmt reglum, er ráðherra setur um þá kosningu, en ekki annan rétt til afskipta af málum þess.
2. Við 10. gr. Í stað „6%“ í 2. tölul. komi: 5%.
3. Við 13. gr. Í stað orðanna: „aðalendurskoðanda ríkisins“ komi: ráðherra.
4. Við 14. gr. Fyrri málsgr. orðist þannig:
   Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélaga, fyrstu tvö starfsárin eftir gildistöku þessara laga.
5. Við 21. gr. Orðin „Skal því fé ... að öðru leyti“ í fyrri málsgr. falli burt.

Alþingi, 3. marz 1947.

Sigurður Kristjánsson, form. | Finnur Jónsson, frsm. | Skúli Guðmundsson.

Nd. 485. Nefndarálit

um tekjuskattsviðauka árið 1947.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 5. marz 1947.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Skúli Guðmundsson.
Hallgr. Benediktsson. Einar Olgeirsson.

Nd. 486. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Aftan við 3. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Þó má veita lán til hraðfrystihúsa og beitugeymsluhúsa, sem lokið hefur verið smíði á eftir 1. janúar 1943.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögunum um stofnlánadeild sjávarútvegsins er svo fyrir mælt, að eigi sé heimilt að veita lán úr stofnlánadeild til annarra framkvæmda en þeirra, er stofnað var til eftir 1. janúar 1944. Með frumvarpi þessu er lagt til, að eigendur þeirra hraðfrystihúsa og beitugeymsluhúsa, sem lokið hefur verið við að byggja eftir 1. janúar 1943, skuli eiga sama rétt til lána úr stofnlánadeild sem mannvirki þau, er um ræðir í 3. gr. nefndra laga.

Frumvarp þetta er fram komið vegna tilmæla eigenda nokkurra hraðfrystihúsa, er telja sig hafa borið skarðan hlut frá borði, er lögin um stofnlánadeild voru sett, og hafa fært fyrir því rétt rök.

Nánar í framsögu.

Ed. 487. Frumvarp til laga

um vernd barna og ungmenna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 162 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

Barnaverndarnefnd eða þeim barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa nefndarinnar, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, er heimilt, ef tilefni gefst til að dómi barnaverndarráðs, að fara á heimili og hæli til

rannsóknar á högum barns og ungmennis, taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar, er um kann að bera. Svo getur hún og krafizt vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar máli.

23. gr. hljóðar svo:

Ef barn verður munaðarlaust, skal barnaverndarnefnd aðstoða þá, er láta sig hag þess varða, eða hreppsnefnd eða framfærslunefnd við að koma því í fóstur á gott heimili, enda er óheimilt að vita slík börn á öðrum heimilum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, og nánustu ættingjar samþykkja.

24. gr. hljóðar svo:

Ef fjárhagur foreldra barns eða forráðamanna er svo bágborinn, að það nýtur ekki sómasamlegrar aðbúðar og uppeldis, skal barnaverndarnefnd hlutast til um, að ráðin verði bót á því. Ef barn líður skort vegna örbirgðar, skal barnaverndarnefnd þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til bráðabirgða, og greiðist kostnaður úr bæjar-(sveitar-)sjóði, að svo miklu leyti sem almannatryggingunum ber ekki að greiða hann.

Ekki má taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanna.

35. gr. hljóðar svo:

Áður en ráðherra veitir heimild til stofnunar eða rekstrar barnahælis eða annarrar uppeldisstofnunar, skal hann leita umsagnar barnaverndarráðs. Ekki má fela forstöðu slíks hælis eða stofnunar öðrum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, telur þar til hæfa, eða barnaverndarráð, ef hæli er ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum hvaðanæva af landinu.

Barnaverndarnefnd ber að hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Skal hún jafnan fylgjast með, hvað verður um börn, sem tekin eru af slíkum hælum, og samþykkja þá staði, sem þau fara til, ef ekki er um að ræða heimili foreldra. Skal hún gæta þess vandlega, að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur hæli eða stofnanir en þær, sem hlotið hafa löggildingu lögum samkvæmt.

Ef meðferð barns á barnahæli eða uppeldisstofnun er óhæfileg eða rekstri slíks hælis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skal barnaverndarnefnd með leiðbeiningum og áminningum leitast við að bæta úr því, sem áfátt er. En komi það ekki að haldi, skal hún leggja málið fyrir barnaverndarráð. Ef barnaverndarráð fær eigi úr bætt, getur það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt hæli eða stofnun rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar. Bera má mál þessi undir dómstóla, en ekki frestar það framkvæmd úrskurðar barnaverndarráðs eða ráðherra.

36. gr. hljóðar svo:

Áður en ráðstafað er samkvæmt lögum þessum barni eða ungmenni, sem er líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, sbr. 5. tölul. 1. gr., skal barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð, ef unnt er, láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til, hvernig með skuli fara.

Ríkisstjórn skal í þessu skyni, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, setja á stofn og reka athugunarstöð eða stöðvar að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Þar, sem athugunarstöð er sett, skal leita umsagnar viðkomandi barnaverndarnefndar um stað, stærð og fyrirkomulag. Á athugunarstöð skulu barnaverndarnefndir hvaðanæva af landinu eiga kost á að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum, og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa um stuttan tíma, unz athugun þeirra er lokið og þeim ráðstafað til frambúðar.

Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu þessarar stöðvar í samráði við barnaverndarráð.

37. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórninni er skylt, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu hæli þessi vera a. m. k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum. Ráðherra setur reglur um vist barna og ungmenna á hælum þessum, fræðslu, uppeldi og aga þar.

Um greiðslur fyrir börn og ungmenni á hælum þessum og öðrum hælum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 35. gr. getur, fer skv. lögum nr. 78 1936. Þegar leitað er samninga um vist á slíkum hælum, skal það gert í samráði við barnaverndarráð.

38. gr. hljóðar svo:

Rétt er barnaverndarnefnd að leita í samráði við oddvita eða framfærslunefnd samninga um meðlag með barni eða ungmenni, sem ráðstafað er samkvæmt lögum þessum gegn meðlagi. Ágreiningi má skjóta til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar (bæjarráðs), er skal tafarlaust leggja úrskurð á málið. Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar til æðra stjórnvalds.

Þá er barni eða ungmenni er ráðstafað svo sem nú var sagt, skal framfæranda skylt, eftir því sem hann er megnugur, að bera kostnað af því. Nú telur framfærandi sér kostnað um megn, og skal valdsmaður sá, sem í hlut á, kveða upp úrskurð um meðlagsskyldu, er hann hefur rannsakað efni og ástæður aðila. Má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Að öðru greiðist kostnaður úr sveitarsjóði, sbr. þó 24. og 37. gr. þessara laga.

46. gr. hljóðar svo:

Hver, sem verður þess vís, að foreldrar, forráðamenn, kennari, meistari eða aðrir þeir, sem forsjá barns eða ungmennis er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin, skal skyldur að tilkynna það barnaverndarnefnd, þar sem barnið er.

Vanræksla í þessu efni varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik, sem telja má, að barnaverndarnefnd eigi að láta sig skipta.

Nd. 488. Lög

um menntun kennara.

(Afgreidd frá Nd. 5. marz.)

Samhljóða þskj. 473 (sbr. 152).

Sþ. 489. Tillaga til þingsályktunar

um skýrslusöfnun um mál íslenzkra þegna, sem ásakaðir hafa verið um samvinnu við Þjóðverja í síðustu styrjöld gegn hagsmunum Dana og Norðmanna.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkissjórnina að láta nú þegar safna fullkomnum skýrslum um mál þeirra íslenzkra þegna, sem ásakaðir hafa verið um samvinnu við Þjóðverja í síðustu styrjöld, gegn hagsmunum Danmerkur og Noregs, og hlotið fyrir þær ásakanir alls konar óþægindi og álitshnekki, frelsisskerðingar, fangelsanir, misþyrmingar og líflát án dóms og laga, og gefa síðan Alþingi svo fljótt sem verða má heildaryfirlit yfir þessi mál.

Greinargerð.

Jafnskjótt og Þjóðverjar höfðu verið hraktir úr Danmörku og Noregi og lönd þessi friðlýst, risu þar upp nýjar og óvæntar hörmungar. Þúsundum saman voru menn ákærðir fyrir samvinnu við Þjóðverja gegn hagsmunum þessara þjóða og fangelsaðir um lengri eða skemmri tíma. Sumir þessara manna urðu að þola misþyrmingar og líflát án dóms og laga. Íslendingar búsettir í þessum löndum fóru ekki allskostar varhluta af þessum árásum. Misstu að minnsta kosti tveir af þeim lífið, en aðrir sættu fangelsisvist um lengri eða skemmri tíma, og munu nokkrir þeirra ekki enn hafa fengið frelsi, þótt nærri tvö ár séu liðin. Almennt munu þó ekki hafa sannazt á þá sakir. Og bættir hafa þeir ekki verið nema að mjög litlu leyti og flestir ekkert. Munu flestir telja sig hafa verið misrétti beitta, og bera þeir og vandamenn þeirra þungan hug til þessara þjóða fyrir verknaðinn. Það er því bæði nauðsynlegt og skylt að fá mál þessi öll upplýst og semja síðan um þau á þann hátt, sem öllum aðilum er sæmd að. Allt annað hlýtur að torvelda þá samvinnu á milli þjóðanna, sem nauðsynleg er talin til þess að flýta fyrir endurreisn menningarinnar í Evrópu, eftir það áfall, sem hún hefur fengið á styrjaldarárunum, og til þess að skapa þá virðingu og það traust, sem æskilegt er, að ríki á milli þessara þjóða.

Hin almenna söfnun, sem fór fram hér á landi til þessara þjóða beggja í ófriðarlok, sýndi það, að íslenzka þjóðin átti nægilega vináttu, drenglyndi og manndóm til þess að láta ekki hin sorglegu atvik, sem þá voru nýafstaðin, hamla sér frá því að gera skyldu sína til þess að bjarga sveltandi og klæðlausum þegnum þeirra, og er það vel. En hún hefur þá og sjálfsagt einnig manndóm til þess að láta ekki taka líf, frelsi og æru sinna eigin þegna án þess að krefjast fullkominna upplýsinga um málsmeðferð, málsbætur og málsúrslit að hætti siðaðra þjóða. Þess vegna er þál. þessi fram borin. Er þess vænzt, að þingmenn samþykki hana einum rómi.

Nd. 490. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær þó ekki til lækna, ef þeir sanna heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari

grein, og ekki til þeirra tannsmiða, er þegar hafa fengið leyfi til að starfa sjálfstætt, enda haldi þeir þá þessu leyfi fyrst um sinn, þar til ákvæði verða sett í lögum um réttindi þeirra og skyldur.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 34 23. júní 1932.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 491. Breytingartillaga

við frv. til l. um skipulag og hýsingu prestssetra.

Frá menntamálanefnd.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Í fjárlögum skal árlega veitt fé til allt að fjögurra prestsseturshúsa, þar til lokið er að byggja upp sómasamlega öll prestssetur landsins. Áætlar húsameistari ríkisins byggingarkostnaðinn hverju sinni.

Ed. 492. Lög

um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Afgreidd frá Ed. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 289.

Ed. 493. Breytingartillaga

við frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 33. gr. 2. málsl. orðist svo: Skylt er nefndinni að hafa eftirlit með slíkum börnum, og má hún setja þeim eftirlitsmann, sem sé trúnaðarmaður hennar.

Nd. 494. Frumvarp til laga

um vernd barna og ungmenna.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 162 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:
Barnaverndarnefnd eða þeim barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa nefndarinnar, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, er heimilt, ef tilefni gefst til að dómi barnaverndarráðs, að fara á heimili og hæli til

rannsóknar á högum barns og ungmennis, taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar, er um kann að bera. Svo getur hún og krafizt vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar máli.

23. gr. hljóðar svo:

Ef barn verður munaðarlaust, skal barnaverndarnefnd aðstoða þá, er láta sig hag þess varða, eða hreppsnefnd eða framfærslunefnd við að koma því í fóstur á gott heimili, enda er óheimilt að vita slík börn á öðrum heimilum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, og nánustu ættingjar samþykkja.

24. gr. hljóðar svo:

Ef fjárhagur foreldra barns eða forráðamanna er svo bágborinn, að það nýtur ekki sómasamlegrar aðbúðar og uppeldis, skal barnaverndarnefnd hlutast til um, að ráðin verði bót á því. Ef barn líður skort vegna örbirgðar, skal barnaverndarnefnd þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til bráðabirgða, og greiðist kostnaður úr bæjar-(sveitar-)sjóði, að svo miklu leyti sem almannatryggingunum ber ekki að greiða hann.

Ekki má taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanna.

33. gr. hljóðar svo:

Rétt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með högum þeirra vegna umkomuleysis eða annmarka. Skylt er nefndinni að hafa eftirlit með slíkum börnum, og má hún setja þeim eftirlitsmann, sem sé trúnaðarmaður hennar.

35. gr. hljóðar svo:

Áður en ráðherra veitir heimild til stofnunar eða rekstrar barnahælis eða annarrar uppeldisstofnunar, skal hann leita umsagnar barnaverndarráðs. Ekki má fela forstöðu slíks hælis eða stofnunar öðrum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, telur þar til hæfa, eða barnaverndarráð, ef hæli er ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum hvaðanæva af landinu.

Barnaverndarnefnd ber að hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Skal hún jafnan fylgjast með, hvað verður um börn, sem tekin eru af slíkum hælum, og samþykkja þá staði, sem þau fara til, ef ekki er um að ræða heimili foreldra. Skal hún gæta þess vandlega, að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur hæli eða stofnanir en þær, sem hlotið hafa löggildingu lögum samkvæmt.

Ef meðferð barns á barnahæli eða uppeldisstofnun er óhæfileg eða rekstri slíks hælis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skal barnaverndarnefnd með leiðbeiningum og áminningum leitast við að bæta úr því, sem áfátt er. En komi það ekki að haldi, skal hún leggja málið fyrir barnaverndarráð. Ef barnaverndarráð fær eigi úr bætt, getur það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt hæli eða stofnun rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar. Bera má mál þessi undir dómstóla, en ekki frestar það framkvæmd úrskurðar barnaverndarráðs eða ráðherra.

36. gr. hljóðar svo:

Áður en ráðstafað er samkvæmt lögum þessum barni eða ungmenni, sem er líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, sbr. 5. tölul. 1. gr., skal barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð, ef unnt er, láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til, hvernig með skuli fara.

Ríkisstjórn skal í þessu skyni, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, setja á stofn og reka athugunarstöð eða stöðvar að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Þar, sem athugunarstöð er sett, skal leita umsagnar viðkomandi barnaverndar-

nefndar um stað, stærð og fyrirkomulag. Á athugunarstöð skulu barnaverndarnefndir hvaðanæva af landinu eiga kost á að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum, og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa um stuttan tíma, unz athugun þeirra er lokið og þeim ráðstafað til frambúðar.

Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu þessarar stöðvar í samráði við barnaverndarráð.

37. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórninni er skylt, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu hæli þessi vera a. m. k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum. Ráðherra setur reglur um vist barna og ungmenna á hælum þessum, fræðslu, uppeldi og aga þar.

Um greiðslur fyrir börn og ungmenni á hælum þessum og öðrum hælum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 35. gr. getur, fer samkv. lögum nr. 78 1936. Þegar leitað er samninga um vist á slíkum hælum, skal það gert í samráði við barnaverndarráð.

38. gr. hljóðar svo:

Rétt er barnaverndarnefnd að leita í samráði við oddvita eða framfærslunefnd samninga um meðlag með barni eða ungmenni, sem ráðstafað er samkvæmt lögum þessum gegn meðlagi. Ágreiningi má skjóta til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar (bæjarráðs), er skal tafarlaust leggja úrskurð á málið. Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar til æðra stjórnvalds.

Þá er barni eða ungmenni er ráðstafað svo sem nú var sagt, skal framfæranda skylt, eftir því sem hann er megnugur, að bera kostnað af því. Nú telur framfærandi sér kostnað um megn, og skal valdsmaður sá, sem í hlut á, kveða upp úrskurð um meðlagsskyldu, er hann hefur rannsakað efni og ástæður aðila. Má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Að öðru greiðist kostnaður úr sveitarsjóði, sbr. þó 24. og 37. gr. þessara laga.

46. gr. hljóðar svo:

Hver, sem verður þess vís, að foreldrar, forráðamenn, kennari, meistari eða aðrir þeir, sem forsjá barns eða ungmennis er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin, skal skyldur að tilkynna það barnaverndarnefnd, þar sem barnið er.

Vanræksla í þessu efni varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik, sem telja má, að barnaverndarnefnd eigi að láta sig skipta.

Ed. 495. Lög

um breyting á lögum nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, og á lögum nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Afgreidd frá Ed. 7. marz.)

Samhljóða þskj. 116.

Nd. 496. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur.

Óheimilt er Grímsneshreppi að selja jörðina öðrum en ríkissjóði og þá fyrir kostnaðarverð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 497. Breytingartillaga

við frv. til l. um skipulag og hýsingu prestssetra.

Frá Eiríki Einarssyni.

Á eftir 5. gr. komi ný gr., er verður 6. gr. og hljóði svo:

Áður en hafizt er handa til húsagerðar á prestssetri samkv. lögum þessum, skal leitað rökstuddrar umsagnar sóknarnefnda í prestakallinu um, hvort hið fyrra prestssetur eða annar ákveðinn staður í prestakallinu henti bezt sem frambúðarprestssetur.

Ed. 498. Breytingartillaga

við frv. til l. um skipulag og hýsingu prestssetra.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 9. gr. 2. máls. falli niður.

Ed. 499. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1945, um laun starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Fyrir „starfsmenn raforkustjóra“ í 1. gr. komi: starfsmenn raforkumála.

Einn nefndarmanna, Ásm. Sigurðsson, var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 6. marz 1947.

Pétur Magnússon, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. Þorst. Þorsteinsson.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Sþ. 500. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð vegna togarakaupa fyrir Stykkishólm.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, allt að einni milljón króna, sem tekið verður af Stykkishólmshreppi eða hlutafélagi búsettu þar, með þátttöku hreppsfélagsins, vegna kaupa á togara, enda verði vextir af láni þessu eigi hærri en 4% — fjórir af hundraði.

Greinargerð.

Í Stykkishólmi hefur verið stofnað hlutafélag um rekstur togaraútgerðar, og er Stykkishólmshreppur aðalhluthafi. Félaginu hefur boðizt til kaups togarinn Viðey fyrir 1200000.00 kr. Er togari þessi einn af hinum stærri íslenzkra togara. Greiðsluskilmálar eru þeir, að greiddar séu 200 þús. kr. á ári, en kaupendur munu þegar geta lagt fram sjálfir 200 þús., og er það hlutfallslega hærra framlag en ætlazt er til samkvæmt lögum og þál., að sveitarfélög, er kaupa nýja togara, leggi fram.

Það er álit hreppsnefndar Stykkishólms og bæjarbúa, að brýn nauðsyn sé til að auka atvinnulíf kauptúnsins, svo að hægt sé að standa straum af kostnaði við miklar og fjárfrekar framkvæmdir, sem hreppsfélagið hefur ráðizt í, en það eru einkum vatnsveita, rafmagnsveita, hafnarmannvirki og íþróttahús.

Ed. 501. Nefndarálit

um frv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til umræðu og gagngerðar athugunar á 16 fundum og leitað umsagnar skipaskoðunarstjóra um einstök atriði frv. Þá voru boðaðir á fund hjá nefndinni í tvö skipti þeir Ólafur Sveinsson skipaskoðunarstjóri og Bárður Tómasson skipaverkfræðingur, formaður milliþinganefndarinnar, er samdi og undirbjó frumvarpið fyrir ríkisstjórnina samkvæmt ályktun Alþingis 18. febr. 1944. Var leitað álits og skýringar þessara tveggja sérfróðu manna um einstakar greinar frv., sem umdeildar voru innan nefndarinnar. Þann 10. febr. tók Pétur Magnússon sæti í nefndinni í stað Bjarna Benediktssonar.

Frumvarpið er flutt af ríkisstjórninni eins og Nd. hafði gengið frá því á fyrra þingi ársins 1946. En deildin hafði þá gert nokkrar breytingar á frv. Taldi meiri hl. nefndarinnar ekki rétt að gera breytingar á þeim, þótt sumar þeirra orkuðu nokkurs tvímælis, og þar með að koma í veginn fyrir ágreining á milli deilda um málið.

Nefndin er efnislega sammála um málið, að rétt sé og skylt, að það verði lögfest á yfirstandandi Alþingi. Nokkrar minni háttar breytingar eru nefndarmenn sammála um að gera á frv. Hins vegar voru til umræðu í nefndinni ýmsar breytingartillögur, sem ekki náðist samkomulag um. Mun formaður nefndarinnar, Gísli Jónsson, sem skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara, flytja á sérstöku þingskjali nokkrar af þeim tillögum, sem ræddar voru innan nefndarinnar og meiri hl. gat ekki fallizt á.

Eins og að framan greinir leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „eftirlitsmanni eftirlitsins“ í a-lið komi: skipaeftirlitinu.
2. Við 7. gr.
   a. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Eigi má hann hafa þau störf á hendi, er telja má ósamrýmanleg stöðu hans, svo sem eftirlit með skipum, eða vélum fyrir einstaklinga, félög eða opinberar stofnanir.
   b. 3. málsgr. falli niður.
3. Við 8. gr. 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo: Skal einn þeirra vera skipaverkfræðingur eða sérfræðingur um smíði tréskipa, annar vélfræðingur, er hafi að minnsta kosti þriggja ára siglingatíma á skipi með 600 ha. vél eða stærri, þriðji með þekkingu á öryggisútbúnaði skipa, og skal hann hafa að minnsta kosti tveggja ára siglingatíma á skipi yfir 300 rúmlesta, og fjórði siglingafræðingur (skipstjóri), er hafi siglt minnst í tvö ár í millilandasiglingum.
4. Við 30. gr. Í stað orðanna „eigi leitt neitt það í ljós, er geri skipið óhaffært“ í niðurlagi 2. málsgr., komi: leitt það í ljós, að skipið sé haffært.
5. Við 33. gr. Síðasti málsl. í tölulið 3. A. falli niður.
6. Við 35. gr. Í stað orðanna „ofan þilfars“ í 1. málsgr. komi: í annarri hliðinni á efsta þilfari.
7. Við 37. gr.
   a. Í stað orðsins „daglegt“ í 4. tölul. A. komi: öruggt.
   b. B. 3. málsgr. orðist svo: Þegar ræðir um nýsmíði á skipum erlendis, skal skylt að hafa eftirlit með smíðinni, en fullnaðarskoðun skipaeftirlitsins fer fram, þegar skipið kemur til landsins. Eftirlit þetta má skipaskoðunarstjóri fela viðurkenndu flokkunarfélagi eða viðurkenndum skoðunarmönnum.
8. Í stað „30. gr.“ í 2. málsgr. komi: 28. gr.
9. Við 51. gr. 3. málsl. 1. málsgr. orðist svo: Sérstaklega skal hraða máli svo sem unnt er, þegar úrskurða skal um farbann.

Alþingi, 8. marz 1947.

Gísli Jónsson, form., með fyrirvara.	B. Kristjánsson, fundaskr.	Sigurjón Á. Ólafsson, frsm.
Pétur Magnússon.	Steingr. Aðalsteinsson.	

Ed. 502. Breytingartillögur

við frv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 2. gr. Á eftir greininni komi ný grein, er verði 3. gr., og orðist svo:
   Lög þessi raska ekki ákvæðum alþjóðasamninga eða samningum við önnur ríki, er íslenzka ríkið hefur gerzt aðili að á löglegan hátt.
2. Við 7. gr. 2. málsl. 5. mgr. falli niður.
3. Við 9. gr.
   a. Í stað „5 eftirlitssvæði“ í 1. málsl. komi: 4 eftirlitssvæði.
   b. Á eftir orðinu „Breiðafjarðareyjar“ undir tölulið 1 komi: og Vestmannaeyjar.
   c. Töluliður 5 falli niður.
4. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Skipaskoðunarstjóri skipar yfirskoðunarmann á hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd skipaeftirlitsins þar undir yfirstjórn skipaskoðunar-

stjóra. Fulltrúar, skipaðir samkv. 8. gr., annast framkvæmdir eftirlitsins á 1. eftirlitssvæði.

Yfirskoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðisins, sem skipaskoðunarstjóri ákveður, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa nægilega reynslu og þekkingu á siglingum, skipum og vélum til þess að vera yfirskoðunarmenn að dómi skipaskoðunarstjóra. Skipaskoðunarstjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur.

5. Við 12. gr.
   a. Á eftir tölulið I. 3. komi: Vestmannaeyjar.
   b. Liðurinn V. falli niður.
6. Við 13. gr.
   a. Í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. komi einn málsl., er orðist svo:
      Skipaskoðunarstjóri skipar skoðunarmenn yfirskoðunarmönnum til aðstoðar, eftir því sem þörf er á.
   b. Í stað orðsins „eftirlitsmaður“ í 2. mgr. komi: yfirskoðunarmaður.
7. Við 15. gr. Í stað orðsins „eftirlitsmaður“ í 2. mgr. komi: skipaskoðunarstjóri.
8. Við 16. gr.
   a. 2. málsl. 7. málsgr. orðist svo: Hafi það eigi verið gert, ber honum tafarlaust að skýra skipaskoðunarstjóra frá, og ákveður hann þá, hvort frestur skuli framlengdur eða nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til þess að stöðva skipið, sé það í förum.
   b. 8. málsgr. falli niður.
9. Við 23. gr. Stafliður c) falli niður.
10. Við 25. gr.
    a. 4. mgr. falli niður.
    b. Í stað orðanna „í d-lið 23. gr.“ í 5. mgr. komi: í c-lið 23. gr.
11. Við 26. gr. Í stað orðsins „d-lið“ komi: c-lið.
12. Við 27. gr. Í stað orðanna „og stýrisbúnað“ í 1. málsl. komi: stýrisbúnað og skrúfuöxla.
13. Við 28. gr. Við b-lið greinarinnar bætist: nema kæran hafi reynzt ástæðulaus og bakað útgerðarmanni tjón. Skal þá eftirlitið gefa upp þann aðila, sem kært hefur, nema það óski heldur að greiða bæturnar.
14. Við 37. gr. D. (Innflutningur skipa).
    a. Við 1. málsgr. bætist: enda séu þau eigi eldri en 12 ára.
       Ef alveg sérstaklega stendur á, má þó veita undanþágu, ef skipaskoðunarstjóri mælir með því og telur, að fengnum upplýsingum, að skipið sé nægilega traust.
    b. 2.—4. málsgr. falli niður.
15. Við 38. gr.
    a. 2. málsgr. falli niður.
    b. Orðin „enda er honum heimilt“ í 4. málsgr. og til enda greinarinnar falli niður.
16. Við 51. gr. Á eftir greininni koma tveir nýir kaflar (IX. og X. kafli), svo hljóðandi:
    a. IX. kafli. **Um eftirlit með verksmiðjum og vélum.**
       1. (52. gr.) Eftirlit með vélum og verksmiðjum er undir yfirumsjón ráðherra. Skipaskoðunarstjóri annast framkvæmd þessara mála.
       2. (53. gr.) Ákvæði III. kafla, 7.—21. gr., um skiptingu landsins í skoðunarsvæði, skipun fulltrúa og skoðunarmanna, skyldur þeirra og réttindi, skulu einnig gilda fyrir véla- og verksmiðjueftirlitið, að svo miklu leyti sem það á við, enda sé viðkomandi aðilum falið sameiginlegt eftirlit og sameiginleg skoðun fyrir bæði eftirlitin, eftir því sem frekast verður við komið.

3. (54. gr.) Eftirlitsskyld eru: verksmiðjur, verkstæði og vinnustöðvar, þar sem þrír menn hið fæsta vinna saman að jafnaði, svo og eimkatlar og vélar alls konar, með þeim takmörkunum, sem lög þessi leyfa.
4. (55. gr.) Sérhver, sem ætlar að reisa eða reka verksmiðju, verkstæði eða vinnustöð samkv. 54. gr. eða breyta eldra fyrirtæki, skal senda skipaskoðunarstjóra uppdrátt af skipulagi iðnversins, með sundurliðaðri greinargerð og upplýsingum um allt fyrirkomulag, svo sem vélar, húsakost o. fl. Skal skipaskoðunarstjóri síðan samþykkja skipulagið, ef það í hvívetna uppfyllir ákvæði þessara laga og þeirra reglugerða, sem gefnar eru út í sambandi við þau, en krefjast annars nauðsynlegra endurbóta, og má ekki leyfa iðjuveri starfrækslu, fyrr en slíkar endurbætur hafa verið gerðar og skipulagið viðurkennt.

   Fallist aðili ekki á kröfur eða úrskurð skoðunarstjóra um skipulag eða eftirlitsskyldu iðjuvers, getur hann krafizt málsmeðferðar og úrskurðar samkv. ákvæðum 32. gr.
5. (56. gr.) Skoðunarstjóra ber skylda til að láta skrásetja öll skoðunarskyld iðjuver og gæta þess, að skoðun á þeim sé látin fara fram eins og lög þessi mæla fyrir um.

b. X. kafli. **Skoðun iðjuvera.**

1. (57. gr.) Iðjuver skal skoða sem hér segir:
   1. Áður en það er tekið til notkunar í fyrsta skipti.
   2. Ef gerðar eru á því verulegar breytingar, viðbætur eða endurbætur.
   3. Að minnsta kosti einu sinni á ári, eftir skoðun samkv. lið 1 og 2.
   4. Hvenær sem skoðunarstjóri telur, að sérstakar ástæður liggi fyrir, eða ef kært hefur verið um ásigkomulag eða beðið um skoðun af viðkomandi aðilum.

   Eimkatla iðjuvera skal skoða að minnsta kosti einu sinni á ári, ef þeir eru í notkun. Hafi ketill staðið ónotaður meira en 1 ár, má ekki taka hann í notkun, nema að undangenginni skoðun.

   Vélar iðjuvera, hverju nafni sem nefnast, skal skoða að minnsta kosti annað hvert ár.
2. (58. gr.) Að lokinni skoðun gefur skoðunarstjóri út skoðunarvottorð á sérstök eyðublöð, er sýni, að skoðun hafi farið fram. Skal þess getið á vottorðinu, hversu áfátt kann að vera og hvenær bætt skuli úr. Hafi eigi verið bætt úr ágöllum samkvæmt kröfu skoðunarstjóra fyrir hinn tilsetta tíma, ber að loka iðjuverinu, þar til úr er bætt, nema nýtt framlengingarleyfi komi til.
3. (59. gr.) Ráðherra setur reglugerð um tilhögun og fyrirkomulag í iðjuverum og annað, er snertir eftirlit með vélum og verksmiðjum.

17. Við 52. gr. Í stað 52. til og með 59. gr., komi ein grein, er orðist svo:

Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra, gjöld fyrir skoðanir framkvæmdar samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir úrskurði og annað, sem lögin kveða á um. Skulu gjöldin miðuð við það, ef unnt er, að eftirlitið hafi af þeim nægar tekjur á hverjum tíma.

18. Við 60. gr. Greinin orðist svo:

Gjöld samkvæmt 52. gr. greiða eigendur skips eða iðjuvers, eftir því sem við á, og renna þau í ríkissjóð, sbr. þó 55. gr.

Gjöldin skulu innheimt af skoðunarmönnum og greiðast gegn afhendingu skírteina. Er heimilt að leggja farbann á skip og rekstrarbann á iðjuver, eftir því sem við á, ef gjald er eigi greitt, enda þá ekki heimilt að afhenda aðila skoðunarskírteini.

19. Við 62. gr. Greinin orðist svo:
Skipaskoðunarstjóri og sérfróðir fulltrúar hans, sem skipaðir eru fastir starfsmenn við eftirlitið og hafa það að aðalstarfi, skulu launaðir samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins, og taka þeir laun sín úr ríkissjóði.
20. Við 63. gr. Upphaf gr. orðist svo:
Skoðunarmenn taka hundraðshluta af skoðunargjöldum, er þeir innheimta samkvæmt 52. og 53. gr., samkvæmt reglum ... o. s. frv.
21. Við 70. gr. Greinin falli niður.
22. Við 73. gr. Á eftir orðunum „um breyting á þeim lögum", komi: lög nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, ásamt lögum nr. 102 3. maí 1935, og lög nr. 72 7. maí 1940, um breyting á þeim lögum, ...
23. Við 74. gr. Á eftir orðunum „nr. 78 11. júní 1938", komi: lögum nr. 24 7. maí 1928, lögum nr. 102 3. maí 1935 og lögum nr. 72 7. maí 1940, ...
24. Á eftir 75. gr. komi ný grein: **Ákvæði til bráðabirgða**, er orðist svo:
Núverandi starfsmönnum við véla- og verksmiðjueftirlitið skal gefinn kostur á að starfa við skipaeftirlitið, eftir að lög þessi öðlast gildi, enda missi þeir í engu í launakjörum.
25. Greina- og kaflatala breytist samkv. atkvgr.
26. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frumvarp til laga um eftirlit með skipum, vélum og verksmiðjum.

Nd. 503. Lög

um tekjuskattsviðauka árið 1947.

(Afgreidd frá Nd. 10. marz.)

Samhljóða þskj. 36.

Ed. 504. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

Þrír nefndarmanna (GÍG, PZ og ÞÞ) eru sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en þeir ÁS og EE hafa óbundnar hendur um afstöðu sína til málsins.

Alþingi, 10. febrúar 1947.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Ásmundur Sigurðsson, fundaskr. Páll Zóphóníasson.
Guðm. Í. Guðmundsson. Eiríkur Einarsson.

Ed.

505. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild til að selja spildu úr landi Englands í Lundarreykjadalshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á efni þessa frv. má líta frá fleiri sjónarmiðum, og eru þessi helzt:

Bóndann á Gilstreymi vantar hentugt land til ræktunar. Á jörð hans, sem er fremsta jörðin í vestanverðum Lundarreykjadal, er upprætað það land, sem auðræktanlegt er. Breyttir búskaparhættir gera ekki kleift að nota fjallaslægjur, sem búskapur á jörðinni byggðist á áður fyrr. Þó að túnið hafi verið stækkað, svo að af því fáist nú um 200 hestar, verður vart framfleytt nógu stóru búi á töðunni einni, til þess að það gefi af sér nægar tekjur fyrir bóndann að lifa af. Brýn þörf er því á því fyrir hann að fá bætt við jörðina ræktanlegu landi. Þetta má gera með því að taka sneið sunnan af landi Englands og leggja undir Gilstreymi, og þetta ætlast frumvarpið til, að sé gert og með því skapaðir möguleikar fyrir Gilstreymisbóndann til að auka ræktunina og stækka búið. Þegar búið er að bæta „Þorbjarnarbletti" við Gilstreymisland og rækta hann, tvöfaldast töðufallið og bústærðin, sem framfleyta má á henni. Það er því augljóst mál, að frá sjónarmiði bóndans á að selja honum blettinn. Sama mundu ýmsir segja, sem hugsa einhliða um aukna ræktun.

En svo eru aðrir, sem telja, að framdalajarðir eins og Gilstreymi eigi að leggjast í auðn. Þær liggi „út úr", „þangað eigi ekki að leggja síma og vegi", það sé þjóðfélaginu of dýrt að halda við byggð þar o. s. frv.

Þó þetta sjónarmið eigi rétt á sér annars staðar, telur nefndin ekki, að það gildi um Gilstreymi.

Enn er sjónarmið ábúanda Englands. Þessi blettur liggur fram undir merkjum milli Gilstreymis og Englands og heim undir tún á Gilstreymi. Frá Englandi á hann eru eins margir kílómetrar og hundruð metra frá Gilstreymi. Englandsbóndi hefur hans því lítil not, nema til beitar, og frá Englandi verður hann ekki ræktaður, eins og búskap þar er nú háttað. Hins vegar má telja víst, að fasteignamat Englands yrði að minnka, ef Þorbjarnarbletturinn væri seldur undan og leiga af jörðinni sömuleiðis, en fást ætti hvort tveggja upp borið með vöxtum af söluverði blettsins og hækkuðu mati á Gilstreymi.

En það koma fleiri sjónarmið til greina. Í landi Englands er þriðja stærsta hitasvæði Borgarfjarðar, er gefur um 16 sek.lítra af 90° heitu vatni. Enn er þetta vatn ekki notað til annars en hita upp sundlaug, sem við laugina hefur verið byggð. Aðalhitauppspretturnar eru ca. 1000 metrum neðan við Þorbjarnarblett, en annars eru volgrur víða í landinu, eins og líka í Gilstreymislandi, þar sem vottar fyrir jarðhita (11°). Það er erfitt að gera sér grein fyrir því nú, hvernig þetta jarðhitasvæði verður notað í framtíðinni. Þar getur margt komið til greina. En hvernig svo sem það verður, þá má gera ráð fyrir því, að samfara því að hitaorkan verði notuð þarna, komi í kringum hitasvæðið og á því meiri eða minni byggð, og að þeir menn, er þar setjast þá að, muni þá þurfa jarðarafnot. Og þá gæti komið að því, að aftur þyrfti að kaupa Þorbjarnarblett, ef hann væri seldur nú. Vegna þessa getur nefndin ekki mælt með því, að frumvarpið verði gert að lögum og Þorbjarnarblettur seldur.

Hins vegar telur nefndin, að bagalaust sé, eins og nú er ástatt, að leyfa Gilstreymisbóndanum að rækta blettinn og nytja fyrir lítið eða ekkert endurgjald, en hann verði að láta hann af hendi aftur við ríkissjóð, þegar ríkissjóður óskar þess vegna byggðar, er upp kann að koma í sambandi við notkun heita vatnsins í Englandslandi. Þegar að því kemur, ætti að endurgreiða honum ræktunarkostnaðinn.

Að þessu öllu athuguðu telur nefndin rétt að afgreiða málið með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin leyfi bóndanum á Gilstreymi í Lundarreykjadal að rækta og hafa til afnota Þorbjarnarblett úr Englandslandi í Lundarreykjadal, þar til heitavatnssvæðið í Englandslandi verður notað og landsnot í fram-Lundarreykjadal skipulögð í sambandi við það, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. marz 1947.

Þorst. Þorsteinsson, form. Ásmundur Sigurðsson, fundaskr. Páll Zóphóníasson, frsm.

Guðm. Í. Guðmundsson. Eiríkur Einarsson.

Ed. 506. Breytingartillögur

við frv. til l. um matsveina- og veitingaþjónaskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað greinarinnar komi tvær nýjar greinar, er orðist svo, og breytist greinatalan samkvæmt því:
   a. Stofna skal og starfrækja skóla í Reykjavík, er veiti hagnýta kennslu þeim, er gerast vilja matsveinar á fiski- og flutningaskipum.
   b. Nafn skólans er: Matsveinaskóli Íslands. Skal hann hafa aðsetur í sjómannaskólanum og heyra undir sama ráðuneyti og sjómannafræðslan.
2. Við 4. gr., sem verður 5. gr. Greinin orðist svo:
   Kennslunni skal hagað þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið.
   Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.
   Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrifalega og háttprúða umgengni og snyrtimennsku.
3. Við 4. gr., sem verður 5. gr. Á eftir greininni komi tvær nýjar greinar, er orðist svo, og breytist greinatalan samkvæmt því:
   a. Heimilt er að halda uppi við skólann, eftir því sem við verður komið og fé er veitt til þess í fjárlögum, bóklegri og verklegri kennslu fyrir þá, sem nema vilja að fullu matsveina- og framreiðslumannaiðn samkvæmt gildandi lögum um iðnfræðslu.
   b. Ríkisstjórninni er heimilt að láta starfrækja mötuneyti og matsölu í sambandi við skólann.
4. Við 5. gr., sem verður 8. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra skipar skólastjóra og aðra kennara. Skal skólastjóri jafnframt vera bryti skólans. Ráðherra skipar einnig þriggja manna stjórn yfir mötuneyti og matsölu skólans, skólastjóra til aðstoðar. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Skal einn þeirra hafa verzlunarþekkingu.
5. Við 6. gr., sem verður 9. gr. Greinin orðist svo:
   Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið, svo og um mötuneyti og matsölu skólans.
6. Við 7. gr., sem verður 10. gr. Í stað orðanna „4. lið 2. gr.“ í niðurlagi greinarinnar kemur: 4. lið 3. gr.

7. Við 8. gr., sem verður 11. gr. Greinin orðist svo:
   Allur kostnaður við skólahald, mötuneyti og matsölu greiðist úr ríkissjóði.
8. Við fyrirsögn frumvarpsins. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
   Frumvarp til laga um Matsveinaskóla Íslands.

Ed. 507. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að koma upp verbúðum fyrir viðlegubáta.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Vill minni hl. (StgrA og BK) samþykkja frv. með litlum breytingum, en á þetta getur meiri hl. ekki fallizt.

Samkv. 1. gr. laga nr. 29 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, ber ríkissjóði að greiða 40—50% af kostnaði við að koma upp verbúðum í viðleguhöfnum, og auk þess heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs það, sem þá vantar á fullt kostnaðarverð verbúðanna. Væri nú horfið að því ráði að láta ríkissjóð koma upp verbúðum á einstökum höfnum og þar með af létt hinni lagalegu kvöð, sem á höfnunum hvílir nú, mundi það leiða til aukinna krafna á hendur ríkissjóði frá flestum höfnum og stærri verstöðvum á landinu, og líkur til, að verbúðamálið yrði með þeim hætti seinna leyst en á þann hátt, sem gert er nú ráð fyrir í gildandi lögum. Enda sjáanlegt, að ef ríkissjóður er þess nú megnugur að leggja fram nægilegt fé til þess að koma upp verbúðum að fullu á sinn kostnað á þeim stöðum, sem þeirra er mest þörf, þá er og ekkert því til fyrirstöðu, að hann leggi fram sinn hluta til þessara sömu verbúða samkv. gildandi lögum og ábyrgist síðan það, sem á vantar. Reynslan hefur og sýnt, að framkvæmdir hinna ýmsu hafnarsjóða hafa að jafnaði verið örari en svo, að ríkissjóður hafi þurft að gera sérstakar ráðstafanir til þess að örva þær, hefur borið meira á hinu, að ríkissjóður hafi ekki á hverjum tíma haft nægilegt fé til framlags framkvæmdanna að sínum hluta.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ríkissjóður veitir nú samkvæmt gildandi lögum sams konar styrk til að koma upp verbúðum á viðleguhöfnum og veittur er til annarra hafnarmannvirkja, bæði hvað snertir framlög og ábyrgðir, en hins vegar mjög vafasamt, að rétt sé að raska þessum hlutföllum, sér deildin ekki ástæðu til frekari aðgerða og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. marz 1947.

Gísli Jónsson, form., frsm. Pétur Magnússon. Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 508. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. marz 1947.

Gísli Jónsson, form. Björn Kristjánsson, fundaskr., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson.
Pétur Magnússon. Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 509. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 frá 1935, um vinnumiðlun.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv., og hefur meiri hl. hennar fallizt á, að sú breyting, sem í því felst á lögunum um vinnumiðlun, sé sanngjörn og eðlileg. Samkvæmt þessu leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. marz 1947.

Sigurður E. Hlíðar, form. Garðar Þorsteinsson, frsm. Katrín Thoroddsen.

Nd. 510. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 69 7. sept. 1943, um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Í stað „150“ í 2. mgr. 1. gr. laganna komi: 250.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra. Nánar í framsögu.

Ed. 511. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að koma upp verbúðum fyrir viðlegubáta.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hl. (GJ, PM og SÁÓ) vill vísa því frá með rökstuddri dagskrá, en undirritaðir vilja, að frumvarpið verði samþykkt með lítils háttar breytingu.

Fyrir nefndinni lágu umsagnir um frv. frá Fiskifélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, og mæla þessir aðilar allir með því, að frv. verði samþykkt. Einnig barst nefndinni bréf hafnarstjórans í Reykjavík, en í því er engin afstaða tekin til frumvarpsins, heldur aðeins gefnar upplýsingar um verbúðir við Reykjavíkurhöfn.

Í umsögn Fiskifélagsins kemur fram, að víða sé þörf aðgerða í þessum efnum, og það ekki aðeins fyrir aðkomubáta á vertíðum, heldur einnig fyrir heimabáta í verstöðvunum, því að víða sé aðbúnaður þeirra óviðunandi.

Við teljum því rétt, að sérstakar ráðstafanir séu gerðar til þess að bæta úr þessu ástandi, svo sem frumvarpið mælir fyrir um, en teljum ástæðulaust að binda þær við Faxaflóa einan, svo sem upphaflega var í frumvarpinu, eða við vetrarvertíð einvörðungu, svo sem gert var í neðri deild, heldur viljum við, að heimildin sé almenn, svo að nota megi hana hvar sem þörf krefur og ástæða verður talin til. Einnig viljum við, að tekin sé aftur upp í frumvarpið heimild um leigunám á húsplássi, sem felld var niður við meðferð málsins í neðri deild. Breytingar þessar eru í samræmi við umsögn Fiskifélags Íslands.

Samkvæmt framansögðu leggur minni hl. til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt, ef nauðsyn krefur, að láta reisa verbúðir fyrir fiskibáta í þeim verstöðvum, þar sem viðhlítandi hafnarskilyrði eru fyrir hendi. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að taka leigunámi húspláss í þessu skyni og útbúa það til notkunar.

Alþingi, 11. marz 1947.

Steingr. Aðalsteinsson, frsm. — B. Kristjánsson, fundaskr.

Ed. 512. Frumvarp til laga

um fyrningarsjóð ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Allar fasteignir ríkissjóðs skal telja til eignar á ríkisreikningi með fasteignamatsverði. Þeim ríkisstofnunum, sem ekki hafa sameiginlegan fjárhag við ríkissjóð, er þó heimilt að telja fasteignir sínar til eignar með kostnaðarverði.

2. gr.

Árlega ber að fyrna fasteignir ríkissjóðs þannig, að af húsverði þeirra afskrifast af steinhúsum 1% og af timburhúsum 2%.

3. gr.

Af fyrningum þessum skal mynda sérstakan sjóð, „Fyrningarsjóð ríkisins“, sem nota skal til endurbyggingar hinna afskrifuðu fasteigna.

4. gr.

Sjóður þessi skal vera í vörzlum fjármálaráðuneytisins, sem sér um ávöxtun hans, og fráskilinn ríkissjóði.

5. gr.

Nú hrekkur ekki fyrningarfé fasteignar fyrir endurbyggingu hennar, eða reisa þarf nýja byggingu, og er þá fjármálaráðherra heimilt að lána af sameiginlegu fé sjóðsins til þeirra framkvæmda, eftir því sem fé er fyrir hendi og þörf krefur. Slík lán skulu veitt til 40 ára með vöxtum, sem fjármálaráðherra ákveður í hvert skipti.

6. gr.

Í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, skal setja nánari reglur um bókhald fyrir sjóðinn og framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við samning ríkisreiknings fyrir árið 1945.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra, en frumvarpið er samið af skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, aðalendurskoðanda ríkissjóðs og ríkisbókara. Samhlj. frv. var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Frv. fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Undanfarið hefur þeirri venju verið fylgt við afskrift fasteigna ríkissjóðs, að færa fyrningarupphæðina til gjalda á rekstrarreikningi viðkomandi stofnunar og lækka fasteignina í verði um sömu upphæð.

Með þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir, að fyrningarupphæðin færist áfram á rekstrarreikning, en verði greidd í sérstakan sjóð, er hafi það hlutverk að endurbyggja fasteignina.

Mundi það meðal annars hafa þessa kosti:

1. Á ríkisreikningi kemur fram verð allra fasteigna ríkissjóðs, eins og það er skv. fasteignamati á hverjum tíma. Mundi þannig koma fram bezt samræmi á milli hinna einstöku ríkiseigna.
2. Með því að leggja fyrningarupphæðina í sérstakan sjóð eru notendur eignarinnar smátt og smátt látnir greiða andvirði byggingarinnar, þannig að þegar um endurbyggingu verður að ræða, á að vera nægilegt eða a. m. k. allmikið fé fyrir hendi, sem þannig hefur safnazt saman og er í raun og veru ekki annað en lítil húsaleiga þeirrar stofnunar, sem byggingarinnar hefur notið.
3. Í frv. er gert ráð fyrir, að lána megi af sjóðnum til nýrra bygginga, annarra en þeirra, sem áður hafa greitt í hann. Þegar sjóðurinn er orðinn stór, gæti þetta verið mjög hagkvæmt og virðist að öllu leyti eðlilegra heldur en að taka lán hjá óskildum aðila eða leggja fram peninga af rekstrarfé ríkissjóðs.

Sþ. 513. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á viðbótarláni til raforkustöðvar Vestmannaeyja.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Brynjólfur Bjarnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 1½ milljón króna viðbótarlán til raforkustöðvar Vestmannaeyja, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði af verkinu.

Ástæður.

Alþingi veitti á sínum tíma ábyrgðarheimild allt að 3 millj. króna til þess verks, er hér um ræðir, er áætlað var samkvæmt áliti rafmagnseftirlits ríkisins, að mundi kosta sem svaraði þeirri upphæð. Nú er verkinu að vísu langt komið, en það hefur komið í ljós, að tilkostnaður er mjög miklu meiri en upphaflega var áætlað. Fyrir því er hér farið fram á viðbótarábyrgð.

Nánar í framsögu.

Nd. 514. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 frá 1935, um vinnumiðlun.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Núgildandi lög um vinnumiðlun mæla svo fyrir, að í sérhverjum kaupstað skuli vera vinnumiðlunarskrifstofa, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða atvinnumálaráðherra ákveða. Í stjórn skrifstofunnar skulu vera fimm menn. Tveir skulu kosnir af bæjarstjórn, einn af verklýðsfélagi eða fulltrúaráði verklýðsfélaga á staðnum, einn af félagi atvinnurekenda, og einn tilnefndur af atvinnumálaráðherra, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Kostnaður vegna skrifstofunnar skal að ⅔ hlutum greiðast úr bæjarsjóði, en að ⅓ hluta úr ríkissjóði. Kostnaður af símtölum, símskeytum og póstsendingum greiðist þó allur úr ríkissjóði.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er sú breyting gerð á gildandi lagaákvæðum, að hlutaðeigandi bæjarstjórn skuli kjósa 3 menn af 5 í stjórnina, en atvinnumálaráðherra skuli engan mann tilnefna. Minni hl. n. getur ekki fallizt á, að ríkisvaldið sé svipt algerlega áhrifum á stjórn vinnumiðlunarskrifstofanna. Þær eru ekki bæjarstofnanir einvörðungu. Samkvæmt 2. gr. gildandi laga er hlutverk þeirra m. a. „að úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjum og ríki til atvinnubóta, svo og annarri vinnu, er ríki, bæir eða opinberar stofnanir fela skrifstofunni að úthluta“, og enn fremur „að halda uppi innbyrðis sambandi á milli vinnumiðlunar í kaupstöðum og milli kaupstaða og sveita, eftir því sem við verður komið“. Með tilliti til þessa verður að teljast eðlilegt, að ríkisvaldið hafi einhver áhrif á stjórn þessara stofnana, og verða áhrif þess sízt talin of mikil, meðan það tilnefnir einn mann af fimm í stjórnina, ekki hvað sízt, þegar það greiðir meira en ⅓ af kostnaðinum við rekstur stofnunarinnar, en samkvæmt frv. er ætlazt til, að ríkisvaldið haldi áfram að taka þátt í kostnaðinum, þótt það eigi engan mann að tilnefna í stjórnina.

Af þessum sökum er minni hlutinn andvígur frv. og leggur til, að það verði fellt.

Alþingi, 11. marz 1947.

Gylfi Þ. Gíslason, frsm. Helgi Jónasson.

Ed. 515. Lög

um breyting á lögum nr. 69 7. sept. 1943, um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Afgreidd frá Ed. 11. marz.)

Samhljóða þskj. 510.

Nd. 516. Frumvarp til laga

um lögræði.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

I. KAFLI
Um lögræðisskilyrði.

1. gr.

Lögræði er tvenns konar, sjálfræði og fjárræði. Maður sjálfráða og fjárráða er fullráða.

Undanþága frá lögræðisskilyrðum verður ekki veitt.

2. gr.

Maður er sjálfráða 16 ára gamall, nema sviptur sé sjálfræði.

3. gr.

Maður er fjárráða 21 árs gamall, nema sviptur sé fjárræði.

4. gr.

Nú gengur maður, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, í hjónaband, og er hann þá fullráða upp frá því, nema sviptur sé lögræði.

II. KAFLI
Um sviptingu lögræðis og brottnám lögræðissviptingar.

5. gr.

Svipta má mann lögræði, sjálfræði einu saman, fjárræði einu sér eða hvoru tveggja:

1. Ef hann er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna andlegs vanþroska, ellisljóleika, geðveiki eða annarrar sturlunar.
2. Ef hann stofnar efnahag sínum eða vandamanna sinna í hættu með óhæfilegri eyðslusemi, annarri ráðlausri breytni eða hirðuleysi um eignir, sem eru í umráðum hans.
3. Ef hann sökum ofdrykkju, notkunar deyfilyfja eða annarra lasta er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé, verður öðrum til byrðar, vanrækir framfærsluskyldur eða raskar þráfaldlega opinberum hagsmunum.
4. Ef nauðsyn ber til að vista hann án samþykkis hans í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli sökum fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni.
5. Ef hann vegna líkamlegs vanþroska, heilsubrests eða annarra vanheilinda á óhægt með að ráða persónulegum högum sínum eða fé og æskir sjálfur lögræðissviptingar af þeim sökum.

6. gr.

Veita skal lögræðissviptum manni á ný sjálfræði, fjárræði eða hvort tveggja, eftir því sem við á, ef ástæður lögræðissviptingar eru ekki lengur fyrir hendi.

7. gr.

Kröfu um lögræðissviptingu geta gert:

1. Aðili sjálfur, sem lögræðissviptingu á að þola.
2. Eiginmaður aðilja eða eiginkona, ættingjar hans í beinan legg og systkin.
3. Lögráðamaður aðilja.
4. Sá, sem skyldur er að lögum til að framfæra aðilja, sveitarstjórn þó því aðeins, að hann sé orðinn sveitarstyrksþurfi, svo og sá, sem framfærslurétt hefur á hendur honum að lögum.
5. Sá, sem næstur er erfingi aðilja að lögum eða samkvæmt erfðaskrá, sem ekki er afturtæk.
6. Dómsmálaráðuneytið:
   a. Þegar gæzla almannahags gerir þess þörf.
   b. Þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðilja sjálfs, vandamanna hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðilja, er það hefur fengið á annan hátt.

8. gr.

Kröfu um lögræðissviptingu skal bera upp við héraðsdómara (í Reykjavík borgardómara), þar sem maður sá, er krafan varðar, á heima eða dvelst. Nú er hvorki kunnugt um heimili hans né dvalarstað, og skal þá með mál farið, þar sem viðkomandi átti síðast heimili eða dvaldist.

9. gr.

Krafa um lögræðissviptingu skal vera skrifleg. Hún skal greina, hvort krafizt er sviptingar sjálfræðis, fjárræðis eða hvors tveggja.

Kröfunni skulu fylgja skrifleg gögn, eftir því sem við á og við verður komið, um aðild krefjanda, sbr. 2.—5. tölulið 7. gr., um ástæður fyrir kröfugerð og annað, er máli skiptir.

10. gr.

Dómari skal þinga í málinu þegar í stað. Hann skipar þeim aðilja talsmann, sem krafa um lögræðissviptingu er á hendur gerð, og rannsakar málavexti að hætti opinberra mála. Krefjandi getur þó afturkallað kröfu sína um sviptingu lögræðis á hverju stigi máls sem er.

Nú hefur maður sjálfur gert kröfu um að verða sviptur lögræði, og rannsakar dómari og metur samt sem áður, hvort grundvöllur lögræðissviptingar sé fyrir hendi.

Málið skal rekið með tilhlýðilegum hraða, og úrskurður upp kveðinn án óþarfs dráttar.

Nú fellst dómari á kröfu um lögræðissviptingu, og skal þá skýrt greint í úrskurði, hvort aðili sé sviptur sjálfræði, fjárræði eða hvoru tveggja.

11. gr.

Nú er maður með dómsúrskurði sviptur lögræði, og skal þá dómari kynna aðilja sjálfum úrskurðinn, nema það sé tilgangslaust vegna andlegra vanheilinda hans, en þá skal úrskurð birta einhverjum venzlamanni hans, er getur í 2. tölulið 7. gr., ef til næst.

Dómari skal geta lögræðissviptingar á skrá, er hann heldur um lögræðissvipta menn í lögsagnarumdæmi sínu. Hann skal og þegar senda dómsmálaráðuneytinu eftirrit af úrskurðinum, en það heldur spjaldskrá um lögræðissvipta menn hér á landi.

Ef um fjárræðissviptingu er að tefla, skal dómari einnig annast um, að niðurstaða úrskurðarins sé þegar birt í Lögbirtingablaði. Ef sá, sem sviptur er fjárræði, á fasteign eða hér skrásett skip, eða hann rekur atvinnu, sem geta ber eða getið er á verzlanaskrá, þá skal skrá athugasemd um úrskurðinn á varnarþingi fasteignar eða skips og í verzlanaskrá. Dómari sendir eftirrit af úrskurðinum þeim stjórnvöldum, sem um hann þurfa að vita.

12. gr.

Nú telur sá, sem í öndverðu krafðist lögræðissviptingar, eða einhver þeirra aðilja, sem í 1.—3. og 6. tölulið 7. gr. getur, að ástæður til lögræðissviptingar séu ekki lengur fyrir hendi, og getur hann þá borið fram tilmæli við héraðsdómara, þar sem hinn lögræðissvipti maður dvelst, um að lögræðissviptingin sé úr gildi felld. Tilmælin skulu vera skrifleg og studd gögnum um breyttar ástæður hins lögræðissvipta aðilja. Ef lögræðissvipting hefur verið reist á ástæðum, er greinir í 1. eða 4. tölulið 5. gr., skal tilmælunum að jafnaði ekki sinnt, nema þeim fylgi meðmæli embættislæknis.

Dómari heldur þing í málinu. Hann aflar, eftir því sem ástæður renna til, skýrslna þeirra manna, sem málið varðar, svo sem þess aðilja, er tilmælin ber fram, hins lögræðissvipta manns sjálfs og lögráðamanns hans svo og þess aðilja, sem í öndverðu krafðist lögræðissviptingar, ef til hans næst. Eftir að dómari hefur rannsakað málið, kveður hann upp úrskurð annaðhvort á þann veg, að tilmælin verði ekki tekin til greina, eða að lögræðissvipting sé úr gildi felld.

Nú hefur maður bæði verið sviptur sjálfræði og fjárræði, og má þá eftir atvikum fella lögræðissviptingu niður, að því er aðra greinina varðar.

Þegar lögræðissvipting er úr gildi felld að öllu leyti eða nokkru, annast dómari um, að afskráning og aflýsing lögræðissviptingar fari fram.

13. gr.

Áfrýjun dómsathafna, er í þessum kafla getur, fer eftir reglum um áfrýjun opinberra mála.

Eigi frestar áfrýjun framkvæmd úrskurðar.

Dómsmálaráðuneytið hefur jafnan heimild til áfrýjunar. Svo skal og skjóta máli til hæstaréttar, ef sá æskir þess, sem lögræðissviptingu á að þola eða þolir. Nú er hann ekki fær til að taka ákvörðun um áfrýjun vegna andlegra annmarka, og getur þá hver sá, sem getið er í 2. og 3. tölulið 7. gr., krafizt áfrýjunar í hans stað. Loks skal áfrýja máli, ef sá æskir þess, er kröfu gerði í héraði um lögræðissviptingu eða brottnám lögræðissviptingar.

14. gr.

Hæstiréttur skipar sækjanda og verjanda fyrir dóminum úr flokki hæstaréttarlögmanna. Í hæstarétti má færa fram ný gögn og nýjar varnir.

Eftirrit af dómi hæstaréttar skal þegar senda dómsmálaráðuneytinu og viðkomandi héraðsdómara. Nú er héraðsúrskurði breytt í hæstarétti, og gerir þá héraðsdómari þegar þær ráðstafanir, sem við eiga, sbr. 11. gr. og síðustu mgr. 12. gr.

15. gr.

Í málum til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar skal engin réttargjöld greiða.

Eigi skal greiða gjald fyrir birtingu úrskurðar né skráningu hans eða afskráningu. Þóknun skipaðs talsmanns í héraði og kostnað af áfrýjun, þar á meðal laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, skal greiða úr ríkissjóði.

Ef krafa um áfrýjun hefur verið bersýnilega tilefnislaus, getur hæstiréttur þó gert þeim, er áfrýjunar krafðist, að endurgreiða ríkissjóði áfrýjunarkostnaðinn.

III. KAFLI

Um löggerninga ólögráða manna o. fl.

16. gr.

Sjálfráða maður ræður einn öðru en fé sínu, nema lög mæli sérstaklega fyrir á annan veg.

17. gr.

Fjárráða maður ræður einn fé sínu, nema öðruvísi sé sérstaklega um mælt í lögum.

18. gr.

Ófjárráða maður ræður sjálfur sjálfsaflafé sínu, sem hann hefur þegar unnið fyrir. Maður, sem sviptur hefur verið fjárræði, ræður þó aðeins því sjálfsaflafé, sem hann hefur unnið sér inn, eftir að úrskurður gekk um lögræðissviptinguna.

Ófjárráða maður ræður sjálfur gjafafé sínu, þar með taldar dánargjafir, nema gefandi hafi mælt fyrir á annan veg eða lög kveði sérstaklega öðruvísi á. Ef maður hefur verið sviptur fjárræði, ræður hann þó aðeins því gjafafé, sem hann hefur fengið, eftir að úrskurður gekk um sviptingu lögræðis.

Ef um tiltölulega mikið sjálfsaflafé eða gjafafé er að tefla, eða fari hinn ófjárráða maður ráðlauslega með fé, getur yfirlögráðandi, án tillits til fyrirmæla gefanda, ef því er að skipta, tekið eða heimilað lögráðamanni að taka fé að nokkru eða öllu leyti til varðveizlu, og ræður hinn ófjárráða maður þá ekki því fé, meðan sú ráðstöfun helzt.

Forráð ófjárráða manns yfir sjálfsaflafé og gjafafé taka einnig til arðs af því fé svo og verðmætis, er í stað þess kemur. Ekki heimila þau ófjárráða manni að stofna til skuldar né veðsetja fjármuni.

19. gr.

Löggerningar ólögráða manns, sem hann hafði ekki heimild til að gera, binda hann ekki.

Nú hefur maður verið sviptur lögræði, og binda hann þá ekki löggerningar, sem fara í bág við lögræðissviptingu og hann gerir eftir skrásetningu úrskurðar, enda hafi úrskurðurinn, ef um fjárræðissviptingu er að tefla, verið birtur í Lögbirtingablaði innan 2 vikna, ef hann er kveðinn upp í Reykjavík eða Hafnarfirði, en ella 6 vikna frá skrásetningu hans. Gildir skulu eldri löggerningar, nema sá maður, sem löggerningnum er beint til, hafi vitað um lögræðissviptinguna eða mátt vera um hana kunnugt.

20. gr.

Nú hefur ólögráða maður sjálfur gert samning, sem hann skorti heimild til að gera, og getur þá hinn aðili samningsins riftað honum, nema samningurinn hafi annaðhvort verið staðfestur af lögráðamanni eða honum hafi verið fullnægt, svo skuldbindandi sé fyrir hinn ólögráða mann.

Nú veit maður, að hann semur við ólögráða mann, og hefur ekki ástæðu til að ætla, að samþykki lögráðamanns sé fyrir hendi, og getur hann þá ekki riftað samningnum, fyrr en liðinn er tilskilinn frestur til að afla staðfestingar lögráðamanns, ef um slíkan frest hefur verið samið, en ella hæfilegur tími til þeirrar málaleitunar.

Ef maður hefur gert vinnusamning við ósjálfráða mann, og svo er ástatt, sem segir í upphafi undanfarandi málsgreinar, þá getur hann ekki riftað samningnum, meðan hinn ósjálfráða maður efnir hann af sinni hálfu.

Ákvörðun um riftun samnings má jafnt tilkynna hinum ólögráða manni sjálfum sem lögráðamanni hans.

21. gr.

Nú veldur lögræðisskortur ógildingu samnings, og skal þá hvor aðilja skila aftur þeim verðmætum, sem hann hefur veitt viðtöku. Ef ekki er unnt að skila hlut aftur, skal aðili greiða verð hans, eftir því sem hér segir:

1. Samningsaðili hins ólögráða manns skal greiða fullt verð hlutarins. Honum ber þó eigi að bæta hlut, sem hann átti að skila aftur samkvæmt samningi aðilja, ef rýrnun eða eyðilegging hlutarins stafar af eiginleikum hans, sem fyrir hendi voru, þegar hann var afhentur. Hafi aðili fengið hlutinn eða verðmætið að gjöf eða til geymslu frá hinum ólögráða manni, má færa niður bætur úr hendi hans, eftir því sem sanngjarnt þykir.
2. Hinn ólögráða maður skal greiða fégjald, að því leyti sem verðmætin hafa orðið honum að notum.

Nú hefur hinn ólögráða maður haft svik í frammi eða á annan hátt brotið af sér við gerð samnings eða afhendingu umsaminna verðmæta, eða hann hefur á saknæman hátt valdið því, að hlutur hefur farið forgörðum, er honum bar samkvæmt samningnum eða vegna riftunar samningsins að skila aftur, og skal hann þá bæta samningsaðilja sínum tjón hans. Dómstólar geta þó fært bótafjárhæð niður með hæfilegu tilliti til þess, hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags hins ólögráða manns og annarra atvika.

Nú sannast í opinberu máli, að hinn ólögráða maður hefur gerzt sekur um refsivert athæfi í sambandi við gerð samnings eða framkvæmd, og skal hann þá bæta tjón eftir almennum reglum.

IV. KAFLI
Um foreldravald og lögráðendur.

22. gr.

Foreldrar barns, sem er ósjálfráða fyrir æsku sakir, og þeir, sem barni koma í foreldris stað, ráða persónulegum högum þess. Nefnast þau lögráð foreldravald.

Foreldrar ráða bæði saman skilgetnum börnum sínum, svo og kjörforeldri kjörbörnum sínum. Nú er annað foreldra látið, og ræður þá hitt börnunum eitt, nema gengið hafi í hjónaband af nýju; þá ráða hjónin börnunum bæði saman. Ef bæði foreldri eru látin, en stjúpforeldri á lífi, þá ræður það börnunum, enda séu þau á framfæri þess. Nú eru foreldri skilin að fullu eða að borði og sæng, og fer þá um forræði fyrir börnunum eftir því, sem kveðið er á í skilnaðarbréfi eða dómi.

Óskilgetnu barni ræður móðir. Nú giftist hún, og fara þá bæði hjónin með foreldravald, enda fylgi barnið móður sinni. Ef móðir barnsins andast, ræður stjúpinn barninu, sé það á framfæri hans.

Nú andast ógift kona frá óskilgetnu, ósjálfráða barni sínu, eða hún má ekki hafa foreldravald yfir því, og á þá faðir barnsins rétt til að fá umráð þess, ef það hefur erfðarétt eftir hann og hann framfærir það.

23. gr.

Foreldrar geta falið öðrum að fara með foreldravald yfir barni að nokkru eða öllu leyti. Þeir geta þó, hvenær sem er, heimt umráð barnsins aftur, nema almannavald telji barninu hentara, að ráðstöfunin haldist. Ákvæði þessi taka ekki til ættleiðingar.

Ef sá, sem fer með foreldravald, misbeitir því eða vanrækir skyldur, sem foreldravaldi fylgja, eða hann er hneigður til drykkjuskapar eða annarra lasta, þá getur dómsmálaráðuneytið tekið af honum forráð barns og falið þau öðrum. Ef annað hjónanna er slíkum annmarka háð, má fela hinu hjónanna einu að fara með forráð barnsins. Svo getur og almannavaldið svipt mann foreldravaldi, eftir því sem lög leyfa.

24. gr.

Þeir menn, sem fara með foreldravald yfir barni, samkvæmt því er segir í 22. gr., skulu og hafa á hendi fjárhald þess, meðan það er ófjárráða fyrir æsku sakir.

25. gr.

Nú er maður með dómsúrskurði sviptur lögræði (sjálfræði, fjárræði eða hvoru tveggja), og skal þá yfirlögráðandi skipa honum lögráðamann.

Svo skal og yfirlögráðandi skipa þeim manni lögráðamann, sem ófjárráða er fyrir æsku sakir, ef lögborins lögráðamanns nýtur eigi eða hann æskir lausnar frá starfi af ástæðum, sem yfirlögráðandi metur gildar, svo og er fjármálum barns þykir ekki nægilega borgið í höndum hans.

26. gr.

Skipa má ólögráða manni sérstakan lögráðamann til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann, er þess gerist þörf. Skal það jafnan gert, er fastur lögráðamaður hefur eiginna hagsmuna að gæta við þann erindrekstur.

27. gr.

Skipaður lögráðamaður skal vera fullráða og fjár síns ráðandi, ráðvandur og ráðdeildarsamur og að öðru leyti vel til starfans fallinn.

Nú hefur foreldri ákveðið, hver vera skuli að því látnu lögráðamaður barns, er það hefur foreldravald yfir, og skal þá skipa hann lögráðamann, nema annað þyki hentara vegna hagsmuna barnsins.

28. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar, í Reykjavík borgarfógeti, eru yfirlögráðendur, hver í sínu lögsagnarumdæmi, en dómsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, er lögráð varða.

Lögráðamönnum er skylt að hegða sér eftir fyrirmælum yfirlögráðenda og dómsmálaráðuneytisins.

29. gr.

Lögráðamaður ósjálfráða manns ræður persónulegum högum hans, þar á meðal vistráðum og vinnusamningum, nema öðruvísi sé mælt í lögum.

Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ósjálfráða mann, svo sem sjálfráða hefði hann gert.

30. gr.

Ekki verður ósjálfráða maður ráðinn til að gegna starfi í skipi eða loftfari, nema hann samþykki það sjálfur.

31. gr.

Fyrirskipun eða samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess, að maður, eldri en 16 ára, verði án samþykkis síns vistaður í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli sökum fávitaskapar, geðveiki, ofnautnar áfengis eða deyfilyfja eða vegna fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni, enda hafi viðkomandi áður verið sviptur sjálfræði.

Ekki má dvöl ofangreindra manna í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli haldast lengur en nauðsyn krefur. Skulu lögráðamenn þeirra hafa eftirlit með því.

Dómsmálaráðherra setur í samráði við landlækni nánari fyrirmæli í reglugerð um tilhögun þessara mála. Hann getur og skipað nefnd manna sér til aðstoðar við framkvæmd þeirra.

Nú telur einhver sá, sem greinir í 2. og 3. tölulið 7. gr., að sjálfræðissviptum manni sé haldið ófyrirsynju í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli, og getur hann þá borið málið undir dómstóla.

32. gr.

Lögráðamaður ófjárráða manns ræður fyrir fé hans, nema lög mæli um á annan veg.

Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ófjárráða mann, svo sem fjárráða hefði hann gert.

33. gr.

Lögráðamaður skal varðveita og ávaxta með trúmennsku og hagsýni það fé skjólstæðings síns, sem er í umráðum hans. Hann skal bæta skjólstæðing sínum tjón af lögráðamannsstörfum sínum, ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi.

34. gr.

Lögráðamaður hefur ekki ráðstöfunarrétt á því fé skjólstæðings síns, sem yfirlögráðandi hefur tekið í sínar vörzlur.

35. gr.

Ekki er unnt að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann.

36. gr.

Lögráðamaður skal leita samþykkis yfirlögráðanda til allra ráðstafana varðandi fjárhaldið, sem eru mikils háttar eða óvenjulegar, svo sem kaupa og sölu á lausafé, ef um tiltölulega mikið verðmæti er að tefla, leigu á fasteign um óvenjulega langan tíma eða með öðrum óvenjulegum kjörum og til ráðningar forstjóra fyrir atvinnufyrirtæki ófjárráða manns. Samþykki yfirlögráðanda þarf og til þess, að gengið sé á eignir ófjárráða manns til greiðslu kostnaðar af framfærslu hans, námi eða öðru.

37. gr.

Samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess að binda ófjárráða mann við kaup eða sölu fasteignar eða skips, til lagningar veðbanda eða annarra eignarhafta á fasteign eða skip svo og til kaupa eða sölu á atvinnufyrirtæki.

Fasteign, skip eða atvinnufyrirtæki ófjárráða manns skal eigi láta af hendi, nema honum sé auðsýnilegur hagur að því.

38. gr.

Reiðufé ófjárráða manna má ávaxta í lánsstofnunum, enda sé ríkisábyrgð fyrir innstæðufénu eða lánsstofnunin hafi heimild að lögum til að geyma og ávaxta fé ófjárráða manna.

Lána má fé ófjárráða manna gegn fyrsta veðrétti í fasteign, en ekki má lánsfjárhæðin fara fram úr $^2/_3$ hlutum af fasteignamati eignarinnar.

39. gr.

Í veðskuldabréfum fyrir láni af fé ófjárráða manna skal meðal annars taka fram, að lánið sé allt þegar afturkræft, ef vanskil verða á greiðslu vaxta eða afborgana, og má þá bjóða veðið upp án dóms eða sáttar og aðfarar. Uppboðið skal birta með venjulegum hætti, og skal það gert fjórum vikum fyrir uppboð. Með jafnlöngum fresti skal birta auglýsinguna eftir reglum um stefnubirtingar skuldunaut sjálfum eða tilgreindum umboðsmanni hans, séu þeir innan lögsagnarumdæmisins, en ella skal auglýsingin birt á fasteigninni sjálfri.

40. gr.

Lögráðamaður skal gera yfirlögráðanda grein fyrir fjárhaldinu og ráðstöfunum sínum, hvenær sem hann krefst þess, svo og er fjárhaldi slítur. Ef fé hins ólögráða manns í umráðum lögráðamanns nemur meiru en 5000 krónum, skal lögráðamaður gera yfirlögráðanda skriflega grein fjárhaldsins á ári hverju.

Ef starf lögráðamanns ófjárráða manns er sérstaklega umfangsmikið, getur yfirlögráðandi með samþykki dómsmálaráðuneytisins ákveðið honum þóknun fyrir fjárhaldið af árlegum tekjum skjólstæðings hans.

Dómsmálaráðuneytið getur sett nánari fyrirmæli um störf lögráðamanna og eftirlit yfirlögráðenda með þeim.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun um fjárforráð ómyndugra á Íslandi 18. febr. 1847, lög nr. 60 14. nóv. 1917, um lögræði, 32. og 33. gr. laga nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og 20., 21. og 22. gr. laga nr. 57 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

42. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu þeirra. Ákvæði 1. mgr. 31. gr. taka eigi til manna, sem ráðstafað hefur verið í sjúkrahús eða hæli fyrir gildistöku laganna.

Greinargerð.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 4. okt. 1946 var Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara falið að endurskoða lög nr. 60 14. nóv. 1917, um lögræði, m. a. með sérstöku tilliti til sjúklinga, sem þeita þarf meiri eða minni frelsisskerðingu. Hefur hann samið frumvarp þetta og látið því fylgja eftirfarandi greinargerð:

Lögræðislögin nr. 60 frá 14. nóv. 1917 voru á sínum tíma að mörgu leyti til bóta. Má þar einkum nefna lækkun lögræðisaldurs, þ. e. að menn urðu fjárráða 21 árs gamlir í stað þess, að áður fengu menn ekki fullt forræði fjár síns, fyrr en þeir höfðu náð 25 ára aldri. Þá var og vald til sviptingar lögræðis lagt til dómstóla, en áður hafði það verið í höndum framkvæmdarvaldsins. Í sumum greinum er lögræðislögunum hins vegar að ýmsu leyti ábótavant. Sum fyrirmæli þeirra, einkum réttarfarsákvæðin, eru ærið óglögg, og lögin skortir ákvæði um ýmis mikilvæg atriði, sem sett hafa verið í lögræðislög annarra landa, svo sem um áhrif ólögræðis á gildi löggerninga. Þá eru engin ákvæði í lögunum til tryggingar þeim mönnum, sem af hálfu aðstandenda eða almannavalds eru settir til langdvalar í sjúkrahús eða á heilsuhæli. Er það stundum gert gegn vilja viðkomandi manns, eða án þess að um vilja hans verði vitað. Þar sem réttur fulltíða manna til að fara frjálsir ferða sinna og ráða dvalarstað sínum er eitt hinna mikilvægustu mannréttinda, er brýn þörf á lagaákvæðum, sem miða að því að girða fyrir mistök, þegar menn eru sviptir frelsi sínu og sjálfræði af þessum sökum. Þá eru og ákvæði tilskipunar um fjárforræði ómyndugra frá 18. febr. 1847 orðin meira eða minna úrelt. Af ofangreindum ástæðum hefur þótt rétt að endurskoða lögræðislögin í heild og auka í þau því efni, sem þeim er nú helzt áfátt um.

Um I. kafla.

Í 1.—3. gr. er engin efnisbreyting frá eldra rétti. Hins vegar er nýmæli í 4. gr.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. laga nr. 60 1917. Lögræði er, sem áður, samheiti á tveimur mismunandi greinum gjörhæfis, sjálfræði og fjárræði.

Um 2. gr.

Ekki þykir ástæða til að breyta sjálfræðisaldrinum. Fræðsluskyldualdur barna getur haldizt til 16 ára aldurs, sbr. 8. gr. laga nr. 22 frá 1946, og virðist heppilegt, að þau séu undir foreldravaldi, þar til skólaskyldu lýkur.

Um 3. gr.

Fjárræðisaldur er einnig látinn haldast hinn sami og áður. Þó er mikið álitamál, hvort ekki beri að lækka fjárræðisaldur og láta aldursmarkið vera 20 ár. Vegna almennrar skólagöngu og breyttra þjóðfélagshátta munu menn ná fyrr fullum þroska nú en þegar lögræðislögin voru sett fyrir 30 árum. Er þetta til athugunar fyrir þingnefnd þá, er um frumvarpið kann að fjalla.

Um 4. gr.

Samkvæmt lögræðislögunum frá 1917 verða ekkjur og fráskildar konur fjárráða, þó að yngri séu en 21 árs. Hér er lagt til, að það nýmæli verði upp tekið, að hver sá maður, karl eða kona, sem í hjónaband gengur, verði fullráða. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 39/1921 er hjónavígslualdur karla bundinn við 21 árs aldur, en kvenna við 18 ára aldur. Getur nýmæli þessarar greinar því ekki haft nein teljandi áhrif, þó að skilyrðin um hjónavígslualdur séu að vísu undanþæg. Það verður að teljast óeðlilegt, að hjón séu undir forráðum foreldra sinna eða annarra. Sams konar ákvæði og hér er í 4. gr. hefur lengi verið í svissneskum lögum og þótt gefast þar vel. Ef maður gengur í hjónaband, sem sviptur hefur verið lögræði, öðlast hann

ekki lögræði á ný við giftinguna. Ekki verður maður, sem lögráður hefur orðið vegna ákvæða 4. gr., ólögráða af nýju, þó að hjónaband slitni vegna dauða annars hjóna eða skilnaðar, áður en lögræðisaldri er náð.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru aðallega réttarfarsákvæði varðandi mál til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um heimild til lögræðissviptingar og ástæður þær, sem henni geta valdið. Þar sem greinar lögræðis eru tvær, sjálfræði, þ. e. hæfi manns til að ráða öðru en fé, sbr. 16. gr., og fjárræði, þ. e. hæfi til að ráða fé sínu, sbr. 17. gr., þá er heimilað að svipta mann sérstaklega hvorri grein um sig eða báðum saman, eftir því sem við á hverju sinni. Hins vegar eru ástæður til lögræðissviptingar taldar sameiginlega fyrir báðar greinar í 1.—5. tölulið, enda fer það ekki aðallega eftir því, hver ástæðan er, heldur eftir högum mannsins, hvort rétt telst, að sviptingin taki til sjálfræðis, fjárræðis eða hvors tveggja. Ef t. d. er um mann að ræða, sem á eignir, en er ekki fær um að ráða þeim vegna eyðslusemi eða ellisljóleika, þá getur verið nægilegt að svipta hann fjárræði einu saman. Sama er, ef eignalaus maður á t. d. arfsvon, og hættulegt þykir, að hann stofni til skulda, sem hann yrði að greiða síðar, er honum áskotnast fé, enda hafi hann sýnt með lántökum eða á annan veg, að hann sé ekki fær um að ráða fé sínu. Ástæða sú, sem greind er í 5. tölulið, mundi og oftast leiða til fjárræðissviptingar einnar. Þegar maður er eingöngu sviptur fjárræði, verður hagur hans í þessu efni hinn sami og sjálfráða æskumanna á 16—21 árs aldursskeiði. Í ýmsum tilfellum mundi aftur á móti sjálfræðissvipting ein nægja. Ef t. d. þarf að setja mann á hæli vegna geðveiki, fávitaskapar, ofnautnar áfengis eða deyfilyfja eða vegna fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni um einangrun manna, sem sýkingarhætta stafar af, þá er sjálfræðissvipting nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að viðkomandi verði án samþykkis síns settur á hælið, sbr. 31. gr. og 1., 3. og 4. tölulið 5. gr. Ef hlutaðeigandi maður er eignalaus, eins og tíðast er um slíka menn, og ekki er sérstök hætta samfara því, að hann taki á sig skuldbindingar, þá er fjárræðissvipting að jafnaði óþörf. Sjálfræðissvipting ein er þá einnig að því leyti heppilegri, að ekki þarf þá að birta lögræðissviptingu í Lögbirtingablaðinu, sbr. 11. gr., en mörgum manni, sem lögræði er sviptur, er slík birting viðkvæmt mál. Algerrar lögræðissviptingar, þ. e. bæði sjálfræðis og fjárræðis, er þá helzt þörf, er fjárhagsástæður manns gera fjárræðissviptingu nauðsynlega og jafnframt er þörf á því, að aðrir fari með ráð fyrir persónulegum högum hans, vegna þess að hann er ekki fær um það sjálfur.

Í 1. tölulið eru ástæður til lögræðissviptingar andlegir annmarkar, þ. e. vanþroski, hrörnun eða veiklun. Þessir annmarkar verða að vera á því stigi, að viðkomandi sé ófær að ráða persónulegum högum sínum eða fé. Að sjálfsögðu er hér nauðsynlegt að krefjast læknisvottorðs, helzt sérfræðings, ef kostur er á.

Í 2. tölulið er áherzla lögð á það, að maður stofni efnahag sínum eða vandamanna sinna í hættu. Þessi hegðun verður að vera á því stigi, að af henni megi draga þá ályktun, að maðurinn sé ekki fær um að hafa sjálfur forræði fjár síns. Höfuðeinkenni þessarar ástæðu er því raunverulega hið sama og í 1. og 3. tölulið. Með vandamönnum er átt við þá menn úr fjölskyldu viðkomanda, er beðið geta tjón vegna ráðstafana hans. Ef hættan varðar vandamennina eina, má þó vera, að aðrar leiðir verði valdar til að koma í veg fyrir hana, sbr. 39. gr. laga nr. 20/1923 (slit á fjárfélagi hjóna), 72. gr. sömu laga (krafa um búskipti, þegar eftirlifandi maki situr í óskiptu búi) og 2. mgr. 25. gr. þessara laga (þegar fjármálum barns þykir ekki nægilega borgið í höndum lögborins lögráðamanns). Þá er því nánar lýst, hvernig hegðun manns þurfi að vera, til þess að lögræðissviptingar verði kraf-

izt samkvæmt þessum tölulið. Orðið „eyðslusemi“ tekur einkum til óhóflegrar og ónytsamlegrar notkunar fjár til eiginna þarfa og til gjafa. Verður að meta það með tilliti til efnahags manns og annarra ástæðna. Með „annarri ráðlausri breytni“ er sérstaklega átt við beina eyðileggingu verðmæta. Með orðunum „hirðuleysi um eignir“ er aðallega haft í huga, að maður valdi því með sinnuleysi um eiginn hag, að eignir hans ganga úr sér og nýtast eigi. Ekki er skilyrði, að tjón hafi þegar orðið af hegðun mannsins. Það nægir, að hann hafi stofnað efnahag sínum eða vandamanna sinna í hættu.

Í 3. tölulið eru ástæður lögræðissviptingar ofdrykkja, ofnautn deyfilyfja (kókaíns, morfíns o. s. frv.) eða aðrir áþekkir lestir. Svo mjög verður að þessu að kveða, að maðurinn sé ófær til að ráða sér eða fé sínu, verði öðrum til byrðar, ættingjum eða sveitarstjórn, vanræki framfærsluskyldur, sem á honum hvíla að lögum, eða raski þráfaldlega opinberum hagsmunum, t. d. með ölvun á almannafæri, betli o. s. frv. Eins og áður er vikið að, mundu ástæður þessa töluliðs oft leiða til sjálfræðissviptingar einnar, þegar nauðsyn ber til að setja mann á hæli til lækningar og hann hefur ekki veitt samþykki sitt til þess.

Í 4. tölulið ræðir um menn, sem setja þarf á hæli eða í sjúkrahús vegna fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni, enda sé samþykki viðkomandi manns til þess ekki fyrir hendi. Ef um er að tefla geðveiki, fávitaskap eða ofnautn áfengis eða deyfilyfja, þá er heimild til sjálfræðissviptingar í 1. og 3. tölulið, og tekur 4. töluliður ekki til þess. Hins vegar eiga ákvæði 4. töluliðs við, þegar sérstaklega er heimilað í heilbrigðislöggjöfinni að svipta menn frelsi sínu og setja þá í sjúkrahús eða á hæli vegna þarfar á lækningu eða einangrun. Slíkar heimildir eru nú í lögum nr. 57/1909, sbr. lög nr. 3/1898, um aðgreiningu holdsveikra manna frá öðrum mönnum, lögum nr. 91/1932, um varnir gegn kynsjúkdómum, og berklavarnalögum nr. 66/1939. Þó að sjálfræðissviptingar og annarra skilyrða samkvæmt 31. gr. þessara laga sé krafizt til þess, að maður verði vistaður í sjúkrahúsi eða á hæli af ofangreindum ástæðum, þá er samt allt að einu heimilt, eins og hingað til hefur verið, að taka sjúkling eða smitbera og einangra hann um stundarsakir, þegar nauðsyn ber til, sbr. 9. gr. laga nr. 66/1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Gildir það að sjálfsögðu einnig um sjúklinga, sem haldnir eru holdsveiki, kynsjúkdómi eða berklaveiki. Sama er og um geðveikissjúklinga, sem taka verður í gæzlu, vegna þess að þeir eru hættulegir sér eða öðrum. En eigi frelsissvipting af þessum ástæðum að haldast lengur en til bráðabirgða, þ. e. viðkomandi maður er **vistaður** í sjúkrahúsi eða á hæli, og það er gert án gilds samþykkis hans, þá verður að fullnægja skilyrðum þessara laga, m. a. um sjálfræðissviptingu.

Í 5. tölulið er gert ráð fyrir því, að maður sé andlega hraustur, en líkamlega vanheill, t. d. lamaður eða blindur, og eigi því óhægt með að ráða sjálfur persónulegum högum sínum eða fé. Þá þykir rétt, að hann eigi þess kost að fá sér skipaðan lögráðamann, ef hann æskir þess sjálfur.

Um 6. gr.

Sjálfsagt er, að lögræðissvipting sé felld niður, þegar ástæður þær, er lágu til grundvallar henni, eru ekki lengur fyrir hendi, svo sem þegar geðveikur maður er orðinn geðheill, drykkjumaður orðinn reglumaður o. s. frv.

Hafi ný lögræðissviptingarástæða komið til, eftir að úrskurður um lögræðissviptingu gekk, mun ekki rétt að fella niður lögræðissviptingu, enda sannist nýja ástæðan í máli til brottnáms lögræðissviptingar. Maður hefur t. d. verið sviptur lögræði vegna drykkjuskapar, og á þá ekki að fella sviptinguna niður, þó að sá annmarki sé ekki lengur fyrir hendi, ef viðkomandi er síðan orðinn geðveikur og ófær að ráða sér eða sínu.

Hafi maður verið sviptur sjálfræði og fjárræði, má veita honum aftur aðra grein lögræðis, ef ástæða þykir til, sbr. 12. gr.

Um 7. gr.

Héraðsdómari tekur það ekki upp hjá sjálfum sér að svipta mann lögræði. Krafa um lögræðissviptingu verður að koma fram frá einhverjum þeim aðilja, sem getur í 1.—6. tölulið þessarar greinar.

Um 1. lið. Rétt þykir, að viðkomandi sjálfur geti borið fram kröfu um lögræðissviptingu sína, enda sé hann svo vitheill, að hann geti átt forræði sakar. Það leiðir þó af eðli málsins, að aðili mun ekki sjálfur bera fram kröfu af ástæðum, sem getur í 4. tölulið 5. gr. Þegar viðkomandi ber sjálfur fram kröfuna, verður hann einn aðili lögræðissviptingarmálsins.

Um 2. lið. Hér eru taldir nánir vandamenn, sem vegna afstöðu sinnar til aðilja svo og eiginhagsmunagæzlu eiga að hafa rétt til að bera fram kröfu. Ef hjón eru skilin fullum lögskilnaði, fellur rétturinn niður. Með ættingjum í beinan legg er átt við ættarrakningu bæði fram og aftur. Orðið systkin tekur bæði til alsystkina og hálfsystkina.

Um 3. lið. Lögborinn lögráðamaður mundi geta borið fram kröfu um sjálfræðissviptingu sjálfráða manns, en ófjárráða fyrir æsku sakir (16—21 árs). Skipaður lögráðamaður manns á þessum aldri hefur og sama rétt, þegar lögborins lögráðamanns nýtur eigi. Þá geta og lögráðamenn eldri manna en 21 árs haft réttinn, ef skjólstæðingur þeirra hefur aðeins verið sviptur áður annarri grein lögræðis, þ. e. sjálfræðis eða fjárræðis.

Um 4. lið. Hér er að sumu leyti um sömu menn að ræða og í 2. tölulið. Auk þess koma hér kjörforeldrar og kjörbörn, sbr. 9. gr. laga nr. 52/1940 (framfærslulög). Svo hefur og sveitarstjórn heimildina, ef viðkomandi er orðinn framfærsluþurfi, en það skilyrði tekur ekki til ættingjaframfærslu. Ekki er þessum lögum ætlað að fella úr gildi ákvæði 50. gr. laga nr. 52/1940.

Um 5. lið. Þessu ákvæði er einkum ætlað að taka til útarfa, er næstir standa til arfs, vegna þess að nánari skyldmenni eru ekki til, svo og bréferfingja, þegar erfðaskrá er ekki afturtæk, annaðhvort vegna ákvæða erfðasamnings eða sökum þess, að arfleifandi er ekki lengur hæfur til að afturkalla hana, t. d. vegna ellisljóleika, geðveiki eða annars slíks.

Um 6. lið. Loks þykir rétt að veita dómsmálaráðuneytinu víðtæka heimild til að krefjast lögræðissviptingar, enda fer það með yfirstjórn allra málefna, er lögræði varða, og þarf þar að gæta bæði opinberra hagsmuna og einkahagsmuna. Samkvæmt a-lið getur ráðuneytið borið fram kröfu, þegar gæzla opinberra hagsmuna gerir þess þörf. Hér koma einkum til greina þær ástæður lögræðissviptingar, er getur í 4. tölulið 5. gr., svo og 3. tölulið sömu greinar, að því er tekur til ofdrykkjumanna, er raska þráfaldlega opinberum hagsmunum og setja þarf á hæli til lækninga. Um sjúklinga, er getur í nefndum 4. tölulið, mundi dómsmálaráðuneytið fá upplýsingar og tillögur frá landlækni, en um ofdrykkjumenn, sem setja þarf á hæli að opinberri tilhlutan, mundu skýrslur og tillögur koma frá lögreglustjórum. Samkvæmt b-lið getur ráðuneytið gert kröfu, ef það fær þá vitneskju um hag aðilja, að það telji rétt að gera gangskör að því, að hann verði sviptur lögræði. Getur það orðið vegna tilmæla frá einhverjum aðilja, sem að vísu hefði sjálfur rétt til að bera fram kröfu, en kinokaði sér við því. Lögræðissviptingarmál eru viðkvæm fyrir aðilja og geta bakað þeim, er kröfu ber fram, óvild þess, er lögræðissviptingu á að þola. Þá geta tilmælin komið frá manni, sem ekki hefur sjálfur rétt til að bera fram kröfu, en mælist til lögræðissviptingar annaðhvort af umhyggjusemi (sbr. orðið „vina") eða vegna þess, að hann hefur mikilla hagsmuna að gæta. Loks getur verið um mann að tefla, sem enga aðstandendur á hér á landi.

Um 8. gr.

Hér eru ákvæði um varnarþing í málum til lögræðissviptingar. Velja má milli heimilisvarnarþings og dvalarvarnarþings. Kemur það til af því, að aðili kann að

dveljast í sjúkrahúsi eða á hæli, en eiga lögheimili annars staðar. Með þessu á og að vera fyrir það girt, að mál tefjist vegna óvissu um lögheimili viðkomanda.

Um 9. gr.

Þeir, sem kröfu geta gert um lögræðissviptingu samkvæmt 2.—5. lið 7. gr., verða að sanna aðild sína fyrir dómara. Svo ber þeim og að láta greinargerð um málavexti fylgja kröfu sinni, og sönnunargögn fyrir málsástæðum sínum, eftir því sem kostur er á.

Um 10. gr.

Í greininni er boðið, að rekstri lögræðissviptingarmáls skuli hraðað, eftir því sem föng eru á. Þarf oft að vinda bráðan bug að því að koma í veg fyrir óheppilegar ráðstafanir viðkomandi manns. Ef sá æskir frests, sem kröfu hefur gert, kemur dráttur síður að sök, en hinn aðilinn hefur og hags að gæta við það, að mál hans dragist ekki um of.

Rannsókn máls fer að hætti rannsóknar í opinberum málum. Dómari getur því kvatt aðilja fyrir dóm og fyrirsvarsmenn þeirra svo og aðra, sem ætla má, að skýrslur geti gefið um málavexti. Dómari aflar sjálfur gagna, þar á meðal umsagnar læknis, ef með þarf.

Ef maður gerir sjálfur kröfu um lögræðissviptingu sína, er hann einn aðili málsins. Ella er krefjandi annar aðili þess.

Þó að maður æski þess sjálfur að verða sviptur lögræði eða samþykki kröfu annars manns um það, þá nægir það ekki til lögræðissviptingar. Hlutlæg skilyrði samkvæmt 5. gr. verða ávallt að vera fyrir hendi.

Hvort sem krafa um lögræðissviptingu er tekin til greina eða ekki, skal dómari kveða upp úrskurð, þar sem greind séu atriði þau, er rakin eru í 193. gr. laga nr. 85/1936.

Um 11. gr.

Nauðsynlegt er að kynna aðilja sjálfum lögræðissviptingarúrskurð, ef hann er vitheill, en sjálfsagt er að gera það með viðfelldnum hætti, eftir því sem unnt er. Birting með stefnuvottum er oftast óheppileg í svo viðkvæmum málum. Ef þýðingarlaust er að kynna aðilja sjálfum úrskurðinn, skal hann birtur einhverjum venzlamanni hans, ef til næst, sbr. um áfrýjunarheimild venzlamanna í 3. mgr. 13. gr.

Í stað eldri reglna um þinglýsingu, er hér mælt í 2. mgr., að í hverju lögsagnarumdæmi skuli haldin skrá um lögræðissvipta menn, en spjaldskrá fyrir allt landið í dómsmálaráðuneytinu. Á þann hátt er auðveldast að afla sér vitneskju á hverjum tíma um lögræðissviptingu.

Þegar maður er sviptur fjárræði, ber nauðsyn til vegna almenns réttaröryggis í viðskiptum, að úrskurður sé birtur í Lögbirtingablaði. Um þýðingu þess vísast til 2. mgr. 19. gr. Eins og sjá má af þeirri grein, er það mjög áríðandi, að dómari sjái um, að niðurstaða úrskurðar sé birt þegar í stað. Sé nokkur hætta á því, að tilkynning um fjárræðissviptingu nái ekki til Lögbirtingablaðsins í tæka tíð, sbr. 19. gr., ber dómara að sjálfsögðu að senda tilkynninguna í símskeyti. Svo ber og, eins og áður hefur verið, að geta úrskurðarins á varnarþingi fasteignar eða skips og á verzlanaskrá, ef því er að skipta.

Um 12. gr.

Hér ræðir um mál til brottnáms lögræðissviptingar. Ef tilmæli um brottnámið eru órökstudd, er dómara að jafnaði ekki skylt að sinna þeim. Svo getur hann og krafizt umsagnar embættislæknis um heilsufar hins lögræðissvipta manns, ef úrskurður hefur verið reistur á ástæðum, er getur í 1. eða 4. tölulið 5. gr. Ef viðkomandi maður er á hæli eða í sjúkrahúsi, mundi venjulegast vera krafizt vottorðs hlutaðeigandi yfirlæknis. Synjun dómara á því að taka mál fyrir má að sjálfsögðu skjóta til hæstaréttar.

Um 13. gr.

Rétt þykir, að áfrýjun úrskurða fari eftir reglum um áfrýjun opinberra mála, þar sem rannsókn máls er opinber.

Sé krafa um áfrýjun borin upp við héraðsdómara, þá skal hann án tafar annast það, sem með þarf, til að koma áfrýjun í framkvæmd, svo sem útgáfu dómsgerða, áritun fyrirkalls og birtingu þess fyrir þeim, sem aðiljar voru máls í héraði, svo og þeim, sem áfrýjunar æskir, hafi hann ekki verið aðili í héraði. Að því loknu sendir dómari dómsgerðirnar til dómsmálaráðuneytisins, sem kemur þeim áleiðis til hæstaréttar.

Ef vafi er á um það, hvort aðili er fær um að taka sjálfur ákvörðun um áfrýjun, rannsakar dómari það og fær umsögn læknis, ef með þarf.

Ákvæðið um það, að lögráðamaður og vandamenn geti áfrýjað, ef aðili er ekki fær um það, er sett vegna þarfar á því, að einhver gæti réttar hans.

Um 14. gr.

Í hæstarétti fer málflutningur fram sem í opinberum málum. Það leiðir þó af ákvæðinu í 1. mgr. 10. gr., að krefjandi getur afturkallað kröfu sína um lögræðissviptingu í hæstarétti.

Þegar dómur hefur verið upp kveðinn í hæstarétti, ber héraðsdómara að annast skrásetning, birting eða afskráningu, eftir því sem niðurstaða dómsins gefur efni til.

Um 15. gr.

Samkvæmt lögræðislögunum frá 1917 skyldi málskostnaður og þinglýsingargjöld yfirleitt greiðast af almannafé. Eru samsvarandi ákvæði í þessari grein.

Um III. kafla.

Þessi kafli fjallar um ráðstöfunarrétt þann, sem lögræði fylgir, og um áhrif ólögræðis á gildi löggerninga.

Um 16. gr.

Hér er ákvæði 2. mgr. 2. gr. lögræðislaganna frá 1917 tekið upp óbreytt að efni. Ráðstafanahæfi það, er sjálfræði fylgir, þykir rétt að skilgreina þannig, að það taki til ráðstafana á öðru en fé, nema lög geri á því sérstakar undantekningar. Greinin skýrist af ákvæðum 1. mgr. 29. gr., en þar segir, að lögráðamaður ósjálfráða manns ráði „persónulegum högum hans, þar á meðal vistráðum og vinnusamningum". Ráðstöfunarréttur getur orðið rýmri eða þrengri en hér segir, ef lög mæla svo fyrir í sérstökum tilfellum, sbr. ákvæði 18. gr. um sjálfsaflafé og gjafafé og 7. gr. laga nr. 39/1921, um giftingaraldur. Ráðstöfunarheimild á sjálfsaflafé og gjafafé er þó ekki, fremur en áður, bundin sérstaklega við sjálfræðisaldur.

Um löghæfi sjálfráða manna skiptir það mestu máli, að þeir geta sjálfir ráðið dvalarstað sínum og gert vinnusamninga á eindæmi sitt, sbr. og 2. gr. laga nr. 22 1928. Sjálfráða maður getur sjálfur sagt upp með lögmætum fyrirvara eldra vinnusamningi, sem lögráðamaður hans kann að hafa gert fyrir hans hönd. Vanefni sjálfráða maður vinnusamning, er hann bótaskyldur eftir almennum reglum. Hann getur þó ekki, svo gilt sé, gengizt undir að greiða peninga eða annað í févíti vegna vanefnda á vinnusamningi. Skuldbinding sjálfráða manns gagnvart öðrum manni um að nota ekki vinnuhæfi sitt í sérstökum samböndum mun vera gild, þar sem hún varðar annað en fé, en væntanlega munu æskumenn njóta sérstaklega ríkrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 7/1936.

Um 17. gr.

Þetta ákvæði er tekið óbreytt að efni til úr 3. mgr. 4. gr. laga nr. 60/1917. Fjárræði fylgir réttur til þess að ráðstafa fé sínu í lifanda lífi með löggerningi, bæði beinlínis og með því að stofna til skulda, er greiðast eiga af fénu. Í fjárræði

felst einnig heimild til að nota og nýta eignir sínar án löggernings, svo sem að eyða þeim, nota þær við framleiðslu o. s. frv., og mundi þurfa lögræðissviptingu til að taka slík umráð af manni, sbr. og 2. tölulið 5. gr. Hins vegar taka reglur um fjárræði ekki til dánarráðstafana. Um undantekningar frá því, að fjárráða maður ráði fé sínu eða hluta þess, sjá 24. sbr. 25. gr. laga nr. 57/1921 og 11.—13. gr. laga nr. 25/1929, sbr. og 36. gr. laga nr. 19/1924.

Um 18. gr.

Ákvæði 4. mgr. 4. gr. laga nr. 60/1917 um ráðstöfunarrétt ófjárráða manna á sjálfsaflafé og gjafafé eru látin haldast, en gerð að ýmsu leyti fyllri, og er þá stuðzt við eldri fræðikenningar að mestu. Forráðin eru ekki bundin við það, að viðkomandi hafi náð sjálfræðisaldri, og ekki heldur við það, að hann hafi unnið fyrir fénu eða fengið það, eftir að hann hafði náð tilteknum aldri. Hins vegar er skýrt kveðið á um það, að forráðin nái aðeins til fjár, sem þegar er unnið fyrir. Ávísun manns á vinnulaun, sem hann hefði enn ekki unnið til, mundi því vera ógild.

Samkvæmt síðari málslið 4. mgr. er ráðstöfunarheimild ófjárráða manns varðandi sjálfsaflafé og gjafafé ekki hin sama og fjárráða manns á fé sínu. Ófjárráða maður getur nýtt og notað féð án löggernings svo og með löggerningi, er varðar féð beinlínis, að veðsetningu undanskilinni. Hins vegar hefur hann ekki heimild til að binda það óbeinlínis með því að stofna til skuldar, er síðar ætti að greiðast af fénu.

Í 3. mgr. er lögráðendum veitt heimild til að svipta mann rétti til ráðstöfunar á sjálfsaflafé eða gjafafé. Þetta getur verið nauðsynlegt, þegar ófjárráða maður vinnur fyrir tiltölulega háum vinnulaunum, og hætta er á, að hann fari ráðlauslega með þau, svo og þegar um tiltölulega mikið gjafafé eða samansparað sjálfsaflafé er að tefla. Að jafnaði mundi þó rétt að takmarka umráðasviptinguna við það, að hinn ófjárráða maður héldi nokkru af vinnulaunum til eiginnar ráðstöfunar.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. er aðalreglan um áhrif ólögræðis, að því er varðar hinn ólögráða mann. Um áhrif þess, að því er snertir samningsaðilja hans, vísast til 20. gr. Hafi maður hvorki haft hæfi til að gera löggerning né samþykki lögráðamanns síns, er hann óbundinn af gerningnum. Ákvæðið tekur þó aðeins til löggerninga, þar sem hinn ólögráða maður tekur að einhverju leyti á sig skyldur. Ólögráða maður getur, svo gilt sé, tekið við réttindum, t. d. hlut að gjöf. Hins vegar þarf maður að vera lögráður til þess að geta gefið upp réttindi, t. d. sjálfráða maður samkvæmt vinnusamningi og fjárráða maður samkvæmt kaupsamningi, til þess að geta hafnað tilboði og afsalað sér arfi svo og til að kvitta fyrir greiðslu. Lögræði er og skilyrði fyrir því, að maður geti tekið við eða beint til annarra ákvöðum, svo sem uppsögn eða viðskiptatilkynningu.

Ef samningur sjálfráða manns, en ófjárráða, varðar bæði vinnu hans og fé, getur hann orðið bindandi fyrir hann, að því er vinnuna varðar, t. d. ef samningsaðili hans gefur upp rétt sinn samkvæmt fjárskuldbindingunni eða henni hefur þegar verið fullnægt, svo skuldbindandi sé fyrir hinn ófjárráða mann.

2. mgr. svarar til 8. gr. laga nr. 60/1917. Hér er þó sú breyting gerð, að birtingar úrskurðar á þingi er ekki krafizt, enda er slík birting nú brott fallin í Reykjavík, sbr. 3. gr. laga nr. 65/1943, og annars staðar á landinu er lýsing á manntalsþingi, sem haldið er einu sinni á ári, ekki lengur heppileg birtingaraðferð. Skráning úrskurðar hjá héraðsdómara kemur hér í stað innritunar áður, og birting í Lögbirtingablaði í stað þinglýsingar. Frestur til birtingar er miðaður við hæfilegan tíma til að koma tilkynningu um úrskurð til Lögbirtingablaðsins, sem senda má í símskeyti, ef með þarf. Sex vikna fresturinn er ákveðinn með hliðsjón af lengsta stefnufresti, sbr. 99. gr. laga nr. 85/1936.

Að því er snertir vitneskju samningsaðilja hins lögræðissvipta manns um

lögræðissviptinguna, sbr. síðasta málslið 2. mgr., þá koma ákvæði 38. gr. laga nr. 7/1936 vafalaust til greina samkvæmt lögjöfnun, sbr. og 22. gr. sömu laga.

Um 20. gr.

Þessi grein fjallar um samninga með gagnkvæmum samningsskyldum, sem ólögráða maður hefur gert án heimildar frá lögráðamanni sínum. Þó að samningurinn bindi hann ekki, eða a. m. k. ekki í öndverðu, sbr. 1. mgr. 19. gr., getur samningsaðili hans orðið bundinn eftir því, sem í grein þessari segir.

Í 1. mgr. er átt við þau tilfelli, er samningsaðili hins ólögráða manns er grandlaus um heimild hans til að gera samninginn, þ. e. hann annaðhvort vissi ekki um ólögræðið eða hafði ástæðu til að ætla, að samþykki lögráðamanns væri fyrir hendi. Þegar svo stendur á, getur samningsaðilinn þegar riftað samningnum með tilkynningu til hins ólögráða manns sjálfs eða lögráðamanns hans, sbr. 4. mgr., nema lögráðamaðurinn hafi þá þegar staðfest samninginn eða honum hafi verið fullnægt, svo bindandi sé fyrir hinn ólögráða mann. Getur þar komið til greina, að ósjálfráða maður hafi þegar unnið verk, er hann tókst á hendur, eða að ófjárráða maður hafi goldið fé, sem ekki verði aftur heimt vegna reglna um traustnám, eða fé sé goldið af sjálfsaflafé eða gjafafé, sem ófjárráða maður má ráðstafa. Ef sjálfráða maður, en ófjárráða, á að inna af höndum bæði vinnu og fjárgreiðslu, þá nægir, að fjárskuldbindingunni hafi verið fullnægt með greindum hætti. Staðfesting lögráðamanns eins nægir að sjálfsögðu ekki, þegar um gerninga er að tefla, sem samþykki yfirlögráðanda eða dómsmálaráðuneytisins þarf til, sbr. 36. og 37. gr.

Í 2. mgr. ræðir um það, er samningsaðili hins ólögráða manns veit um ólögræðið og hefur ekki ástæðu til að ætla, að heimild frá lögráðamanni sé fyrir hendi. Þá þykir rétt, að hann sé bundinn, unz hinn ólögráða maður hefur átt þess kost að leita samþykkis lögráðamanns síns. Hafi frestur til þess verið tiltekinn í samningi aðilja eða í sambandi við hann, þá ber samningsaðiljanum að bíða með riftun samningsins þann tíma. Ella verður hann að bíða hæfilegan tíma. Má þar væntanlega hafa hliðsjón af 3. gr. laga nr. 7/1936. Að sjálfsögðu hefur samningsaðili hins ólögráða manns enga skyldu til að leita staðfestingar lögráðamannsins.

Hafi maður ráðið ósjálfráða mann í vinnu, vitað hvernig á stóð og ekki haft ástæðu til að ætla, að samþykki lögráðamanns sé fyrir hendi, þá getur hann ekki riftað samningnum, meðan hinn ósjálfráða maður fullnægir samningnum af sinni hálfu, sbr. 3. mgr.

Í 4. mgr. er undantekning frá þeirri reglu, að viðskiptatilkynningar til ólögráða manns hafi ekki gildi.

Um 21. gr.

Þessi grein fjallar um skyldu aðilja til þess að skila aftur verðmætum og um bótaskyldu, þegar samningur verður ógildur vegna ólögræðis annars aðilja.

Ef hlutur sá er enn við lýði, sem annar aðili hefur fengið í hendur frá hinum, ber að skila honum aftur. Þessi skylda er gagnkvæm.

Ef ekki er unnt að skila hlut aftur, t. d. vegna þess að hann hefur eyðilagzt eða verið ráðstafað til þriðja manns og verður ekki aftur heimtur vegna reglna um traustnám, þá ber viðkomanda að greiða verð hlutarins samkvæmt því, er segir í 1. og 2. tölul. 1. mgr. Þessi greiðsluskylda er ekki reist á reglum um skaðabætur. Til verndar hinum ólögráða manni er lögð mjög rík skylda á samningsaðilja hans til að greiða verð hlutarins, hvort sem hann var grandlaus um ólögræðið eða ekki, er hann fékk hlutinn í hendur. Honum er gert skylt að greiða fégjald, jafnvel þó að hluturinn hafi farizt af hendingu. Þó er gerð undantekning, ef hlutnum átti að skila aftur samkvæmt samningi aðilja, og hann hefur farizt vegna eiginleika hans, sem voru fyrir hendi, þegar hann var afhentur. Ef aðili hefur fengið hlutinn að gjöf eða til geymslu frá hinum ólögráða manni, mundi þessi stranga greiðsluskylda oft verða ósanngjörn, og er því heimiluð niðurfærsla greiðslunnar eftir málavöxt-

um, þegar svo stendur á. Um skyldu hins ólögráða manns til að bæta verð hlutar, sem ekki verður aftur skilað, ræðir í 2. tölulið. Honum ber aðeins að greiða fégjald, að því leyti sem hluturinn eða verðmætið hefur orðið honum að notum. Hér er því um nokkurs konar auðgunarkröfu á hendur honum að tefla, sem einkum miðast við það, hvort eign hans hefur aukizt vegna þess, að hann fékk hlutinn í hendur, eða hvort honum hafa sparazt við það nauðsynleg útgjöld.

Ákvæði 2. töluliðs 1. mgr. er við það miðað, að hinn ólögráða maður hafi ekki gerzt sekur um réttarbrot í sambandi við gerð samnings eða framkvæmd. Ef hann hins vegar hefur við gerð samningsins villt á sér heimildir, skýrt rangt frá aldri sínum eða samþykki lögráðamanns, afhent hættulega muni, er tjóni geta valdið, eða á annan hátt gerzt sekur um réttarbrot, þá ber honum að greiða fébætur eftir 2. mgr. Þar er þó aldrei um efndabætur að tefla, heldur ber hinum ólögráða manni að bæta samningsaðilja sínum tjón það, er hann hefur beðið vegna samningsgerðarinnar. Hafi hinn ólögráða maður af ásetningi eða gáleysi rýrt eða eyðilagt hlutinn eða ráðstafað honum til þriðja manns, þannig að hann verði ekki af honum heimtur, og um hlut er að ræða, sem samkvæmt samningnum bar að skila aftur (lán til afnota, geymsla, leiga, handveð o. s. frv.), eða skilaskyldan er til orðin vegna riftunar samningsaðila á samningnum, sbr. 1. mgr. 20. gr., þá er honum (hinum ólögráða manni) skylt að greiða bætur, er oftast mundu ákveðnar eftir reglum um skaðabætur utan samninga. Ávallt má færa bætur niður, þegar þær eru metnar samkvæmt 2. mgr., og það allt að einu, þó að um raunverulega refsiverðan verknað hafi verið að tefla af hálfu hins ólögráða manns, eins og oft mundi vera.

Í 3. mgr. er við það átt, er refsivert brot hefur sannazt í opinberu máli. Þá nýtur hinn ólögráða maður ekki góðs af niðurfærsluheimild 2. mgr.

Um IV. kafla.

Í þenna kafla eru tekin ákvæði um lögráðendur, störf þeirra, skyldur og réttindi.

Um 22. gr.

Ákvæði greinar þessarar um foreldravald víkja ekki að neinu leyti frá eldri reglum, sbr. 3. gr. laga nr. 60/1917, 20.—22. gr. laga nr. 57/1921 og 32. og 33. gr. laga nr. 46/1921. Hér eru ákvæðin aðeins samræmd, og þykja þau eiga heima í lögum um lögráð.

Um 23. gr.

Fyrri mgr. fjallar aðallega um það, er barni er komið í fóstur. Foreldravald flyzt þá ekki í heild til fósturforeldra, en þeir verða þó að fara með það að nokkru leyti. Vegna hags barnsins, þykir rétt, að foreldrar geti hvenær sem er heimt umráð þess aftur. Með almannavaldi er bæði átt við handhafa framkvæmdarvalds, sem bærir eru að taka ákvörðun um þetta efni, og dómstóla, sbr. hæstaréttardóm 17. júní 1942.

Í annarri mgr. er almenn heimild til að svipta mann foreldravaldi, þegar þörf gerist. Sérákvæði í lögum, t. d. barnaverndarlögum, barnafræðslulögum o. s. frv., halda gildi sínu.

Um 24. gr.

Þeir, sem fara með foreldravald yfir barni, ráða persónulegum högum þess til 16 ára aldurs. Í þessari grein er mælt, að þeir séu og lögráðamenn barns, að því er fjármál þess varðar, unz það hefur náð fjárræðisaldri. M. ö. o., þessir menn eru að öllu leyti lögbornir lögráðamenn barns, unz það verður fullráða, og þarf ekki að skipa því lögráðamann, meðan þeirra nýtur. Þeir, sem fara með umráð barns um stundarsakir samkvæmt 23. gr., eru ekki lögbornir lögráðamenn.

Um 25. gr.

Með því að enginn er lögborinn til lögráða fyrir manni, sem sviptur er lögræði, þarf jafnan skipun til. Ef maður á aldrinum 16—21 árs er sviptur sjálfræði, mundi að jafnaði rétt að skipa þann mann lögráðamann, sem áður hafði foreldravald á hendi, enda fjárráð barns í hans höndum.

Í 2. mgr. ræðir aðeins um fjárráð. Um ráðstöfun foreldravalds yfir ósjálfráða barni innan 16 ára aldurs fer eftir öðrum reglum, ef lögborins handhafa foreldravalds nýtur eigi. Það er því mögulegt, að foreldri fari áfram með foreldravald, þó að fjárráð barns séu fengin í hendur skipuðum lögráðamanni samkvæmt þessari grein.

Um 26. gr.

Skipun lögráðamanns „ad hoc“ mun jafnan hafa verið talin heimil, enda þótt engin ákvæði væru um það í lögum nr. 60/1917. Þar sem oft er þörf á því, að lögráðamaður sé skipaður til þess að gegna sérstöku starfi fyrir ólögráða mann, þykir rétt, að heimild til þess sé í lögum.

Um 27. gr.

Hér er fellt niður það ákvæði 11. gr. laga nr. 60/1917, að lögráðamann skuli skipa karl eða konu, næst að frændsemi. Við val lögráðamanns verður jafnan að líta á, hvað hinum ólögráða manni er fyrir beztu. Að öðru jöfnu má ætla, að nánir frændur verði valdir til lögráðamannsstarfa, þegar þess er kostur, þar sem vænta má meiri umhyggju af þeim en vandalausum mönnum.

Um 28. gr.

Grein þessi er í samræmi við reglur þær, sem nú gilda.

Um 29. gr.

Undantekningar frá því, að lögráðamaður ósjálfráða manna ráði vistráðum þeirra og vinnusamningum, eru í 30. og 31. gr.

Um 30. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nýmæli, sem sett er til hags ósjálfráða mönnum. Til vinnusamninga þeirra, er í greininni getur, þarf samþykki bæði lögráðamanns og hins ósjálfráða manns.

Um 31. gr.

Um ástæður fyrir þessari grein vísast til þess, er segir um 5. gr. og 6. tölulið 7. gr. hér að framan. Reynt er að búa svo tryggilega sem unnt er um hag þeirra manna, sem nauðsyn ber til að setja í sjúkrahús eða á hæli til langdvalar, án þess að gilt samþykki þeirra sjálfra sé fyrir hendi. Þegar svo stendur á, getur lögráðamaður einn ekki tekið ákvörðun um málið. Samþykki dómsmálaráðuneytisins verður einnig til að koma. Þá getur dómsmálaráðuneytið tekið slíka ákvörðun af sjálfsdáðum, bæði sem yfirstjórnandi þeirra málefna, sem lögráð varða, og vegna þess, að gæzla almannahags gerir slíka ráðstöfun nauðsynlega. Ákvæði greinarinnar taka ekki til barna, sem eru háð foreldravaldi.

Að sjálfsögðu fer það yfirleitt eftir áliti og ákvörðun yfirlæknis viðkomandi sjúkrahúss eða hælis, hvenær rétt telst, að dvöl manns þar slíti, en lögráðamenn og dómsmálaráðuneytið hafa eftirlit með því, að dvölin verði ekki lengri en nauðsyn krefur. Rétt þykir, að ágreining um dvalarþörfina megi bera undir dómstóla.

Um 32. gr.

Undantekningar frá því, að lögráðamaður ráði einn fé skjólstæðings síns, eru í 34.—37. gr.

Um 33. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 34. gr.

Reiðufé ólögráða manna er mjög oft geymt hjá yfirlögráðanda, og þykir ekki rétt, að lögráðamaður hafi ráðstöfunarrétt á því fé. Hann getur því ekki gefið ávísanir á það né bundið það á annan hátt. Annað mál er það, að fullnægju kann að mega leita í fénu fyrir löglega stofnuðum skuldum hins ólögráða manns, þar á meðal þegar lögráðamaður hefur stofnað til skuldarinnar fyrir hönd skjólstæðings síns.

Um 35. gr.

Þar sem löggerningar þeir, sem greinin fjallar um, geta oft verið mjög varhugaverðir, en sjaldnast til hags hinum ólögráða manni, þykir rétt að banna þá með öllu. Greinin tekur til hvers konar ábyrgðar eða tryggingar og hvort heldur fyrir skuld þriðja manns eða öðru, svo sem því, að hann fari ekki brott af tilteknu svæði eða fremji ekki tiltekin verk.

Um 36. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við reglur um störf lögráðamanns og afstöðu hans til yfirlögráðanda, sem farið hefur verið eftir hingað til.

Um 37. gr.

Viðvíkjandi ákvæðum þessarar greinar vísast til 7. gr. tilskipunar frá 18. febrúar 1847.

Um 38. gr.

Um lánsstofnanir, sem fullnægja skilyrðum fyrri mgr., sjá lög nr. 10/1928, 51. gr., lög nr. 4/1932, lög nr. 69/1941, 25. gr., og lög nr. 115/1941, 12. gr. Um síðari mgr. sjá 8. gr. tilsk. 18. febr. 1847.

Um 39. gr.

Sjá 10. gr. tilsk. 18. febr. 1847.

Um 40. gr.

Sjá 4. og 5. gr. tilsk. 18. febr. 1847. Skylda lögráðamanns til að gera árlega skilagrein fyrir starfi sínu var þar bundin við, að hinn ólögráða maður ætti eignir til 20 hundraða á landsvísu. Hér er miðað við 5000 kr. eign, og er það að vísu minni eign en 20 hundruð árið 1847.

Nd. 517. Frumvarp til laga

um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi 1946—47).

I. KAFLI

Um fjárhagsráð og fjárfestingu.

1. gr.

Af andvirði útflutnings hvers árs skal jafnan leggja 15% á sérstakan reikning erlendis, og skal verja því fé eingöngu til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar 4 manna nefnd, er nefnist fjárhagsráð. Hlutverk þess er að samræma framkvæmdir einstaklinga og almannavaldsins, meðan hinar miklu framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi standa yfir, þannig að þær verði gerðar eftir fyrirfram saminni áætlun fjárhagsráðs, er ríkisstjórnin staðfestir.

Fjárhagsráð miði störf sín við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.
2. Að öllum vinnandi mönnum, og þó sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku.
3. Að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands gerð eins ódýr og hagkvæm og frekast er unnt.
4. Að áframhald verði á öflun nýrra og fullkominna framleiðslutækja til landsins, eftir því sem gjaldeyrisástæður og vinnuafl leyfir frekast, enda verði tryggt fé til framkvæmdanna jafnóðum.
5. Að byggðar verði verksmiðjur og iðjuver til þess að vinna sem mest og bezt úr öllum framleiðsluvörum til lands og sjávar, þannig, að þær séu seldar úr landi eins fullunnar og frekast er kostur, og við staðsetningu verksmiðjanna verði tekið tillit til hvors tveggja í senn framleiðsluskilyrða og atvinnuþarfa einstakra byggðarlaga.
6. Að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á sem hagkvæmastan hátt á arðbærum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar.
7. Að húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa.

3. gr.

Fjárhagsráð semur fyrirfram fyrir ár hvert áætlun um heildarframkvæmdir. Fyrir yfirstandandi ár semur ráðið áætlun þessa svo fljótt sem auðið er og að svo miklu leyti sem við verður komið.

Í áætlun þessari skal gerð grein fyrir kostnaði við hverja framkvæmd, svo og með hverjum hætti fjár skuli aflað, enda skal kveða á um það, í hverri röð framkvæmdir skuli verða, svo að vinnuafl og fjármagn hagnýtist þannig, að sem mest not verði að.

Enn fremur semur fjárhagsráð fyrir ár hvert heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs, magn og verðmæti. Skal áætlun þessi miðast við það, að hagnýta sem bezt markaðsmöguleika og fullnægja sem hagkvæmast innflutningsþörf landsmanna.

4. gr.

Fjárhagsráð leitar samvinnu um samning heildaráætlunar við opinberar stofnanir, félög og einstaklinga, sem framleiðslu, verzlun, iðnað eða annan atvinnurekstur hafa með höndum, er fjárfestingu þarf til. Skulu þessir aðilar senda fjárhagsráði fyrir þann tíma, er það ákveður, áætlun um stofnfjárþörf sína, lánsfjárþörf, gjaldeyrisþörf og vinnuaflsþörf.

Enn fremur skal fjárhagsráð hafa samvinnu við lánsstofnanir í landinu um samning fjárfestingaráætlunar, og ber þeim að skýra fjárhagsráði frá fjármagni því, er þær hafa yfir að ráða. Nú telur fjárhagsráð eigi nægilega séð fyrir fjárþörf fyrirtækja, er það telur nauðsyn til að stofnsetja, og skal það þá leita samvinnu við ríkisstjórn, lánsstofnanir og aðra aðila, er hlut gætu átt að máli, um fjáröflun til þessara fyrirtækja.

5. gr.

Til hvers konar fjárfestingar einstaklinga, félaga og opinberra aðilja, hvort sem er til stofnunar nýs atvinnurekstrar, til aukningar á þeim, sem fyrir er, húsbygginga eða annarra mannvirkja þarf leyfi fjárhagsráðs og gildir þetta einnig um framhald þeirra framkvæmda, sem þegar eru hafnar.

Þó skal ákveðið í reglugerð, að tilteknar minniháttar framkvæmdir séu heimilar án fjárfestingarleyfis. Nánari ákvæði um fjárfestingarleyfi séu sett í reglugerð.

6. gr.

Jafnhliða því sem fjárhagsráð semur áætlun þá um heildarframkvæmdir, er áður greinir, skal það og gera sérstaka áætlun um framkvæmdir ríkisins áður en fjárlög eru samin ár hvert, og sé við samningu þeirrar áætlunar, er ríkisstjórnin og Alþingi geti haft til hliðsjónar, stefnt að því að tryggja landsmönnum öllum næga atvinnu, en koma jafnframt í veg fyrir ofþenslu.

7. gr.

Fjárhagsráð og þeir aðilar, er það felur umboð til þess, hafa með höndum framkvæmd áætlunarinnar, veiting fjárfestingarleyfa, innflutningsleyfa, gjaldeyrisleyfa og verðlagseftirlit, sbr. II. og III. kafla laga þessara.

8. gr.

Fjárhagsráð skal beita sér fyrir samvinnu atvinnurekenda og verkamanna um bætta aðstöðu verkafólks á vinnustöðum, betri hagnýtingu vinnuafls og aukin vinnuafköst.

Fjárhagsráði er heimilt að leggja fyrir vinnumiðlunarskrifstofur landsins, að láta fara fram skrásetningu verkafólks almennt eða í einstökum starfsgreinum á þeim tíma og eftir þeim reglum, er fjárhagsráð ákveður.

9. gr.

Ríkisstjórnin í heild hefur yfirstjórn fjárhagsráðs og tekur ákvarðanir um höfuðatriði og sker úr um ágreiningsmál, sem einhver fjárhagsráðsmaður skýtur til hennar.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð ákvæði um skipan, stjórn og starfssvið hinna einstöku deilda fjárhagsráðs, að fengnum tillögum þess.

II. KAFLI

Um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

10. gr.

Fjárhagsráð starfrækir innflutnings- og gjaldeyrisdeild, er einnig hefur með höndum verðlagseftirlit.

11. gr.

Engar vörur má flytja til landsins, nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Frá þessu getur fjárhagsráð gefið undanþágu með auglýsingu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

Innflutnings- og gjaldeyrisdeild er heimilt, ef nauðsyn krefur, að ákveða vöruskömmtun, að fengnu samþykki fjárhagsráðs.

12. gr.

Hlutverk innflutnings- og gjaldeyrisdeildar er að framkvæma í umboði fjárhagsráðs og í samráði við það heildaráætlun þá, er gera ber samkvæmt 3. gr., þar í innifalið:

1. Að úthluta til innflytjenda innflutningi á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og setja þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

   Sé úthlutun leyfanna við það miðuð, að verzlunarkostnaður verði sem minnstur. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu.
2. Að ráðstafa gjaldeyri til vörukaupa erlendis fyrir þær vörur, sem eigi eru háðar innflutningsleyfi, svo og til annarra nauðsynja.

3. Að ráðstafa, ef því þykir nauðsyn bera til, farmrými í skipum, er annast eiga vöruflutninga til landsins og eru eign íslenzkra aðila eða á vegum þeirra.
4. Að fara með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit.
5. Að fara með vöruskömmtun eftir því, sem ákveðið verður.

13. gr.

Engan gjaldeyri má láta af hendi án leyfis innflutnings- og gjaldeyrisdeildar, nema séu greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vextir og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. hafa einir kauprétt á erlendum gjaldeyri.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h.f. þannig, að hinn síðarnefndi fái einn þriðja hluta gjaldeyris, ef hann óskar, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, sem hvor banki fær, getur ríkisstjórnin breytt, ef báðir bankarnir samþykkja. Enginn hefur rétt til að selja erlendan gjaldeyri nema Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. Þó er póststjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ríkisstjórnin setur.

Bannað er að flytja íslenzkan eða erlendan gjaldmiðil úr landi nema nauðsynlegan farareyri eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur.

14. gr.

Hver sá, sem innflutningsleyfi eða gjaldeyrisleyfi fær, greiði fjárhagsráði ½% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 1 krónu fyrir hvert einstakt leyfi. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af fjárhagsráði og framkvæmd þessara laga. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

III. KAFLI
Um verðlag.

15. gr.

Innflutnings- og gjaldeyrisdeild skal í umboði fjárhagsráðs og í samráði við það, hafa með höndum eftirlit með öllu verðlagi og skal miða verðlagsákvarðanir við þörf þeirra fyrirtækja, sem hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Hefur deildin, bæði af sjálfsdáðum og að fyrirlagi fjárhagsráðs eða ríkisstjórnar, vald og skyldu til að ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, sem máli skiptir um verðlag í landinu. Svo getur innflutnings- og gjaldeyrisdeild úrskurðað um aðra kostnaðarliði, sem máli skipta um verðlagningu á vörum. Þá getur og innflutnings- og gjaldeyrisdeild ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagningar, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Þá getur innflutnings- og gjaldeyrisdeild og ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun og aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

16. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum fjárhagsráðs, verðlagsstjóra, sem gerir tillögur til innflutnings- og gjaldeyrisdeildar um verðlagsákvæði og hefur á hendi framkvæmd þeirra og eftirlit með, að þeim sé hlýtt. Hann skipar trúnaðarmenn um land allt til verðlagseftirlits. Hann hefur á hendi allan daglegan rekstur í sam-

bandi við verðlagseftirlitið. Ef upp rís ágreiningur um skilning á verðlagsákvæðum, sker innflutnings- og gjaldeyrisdeild úr.

Þeir, sem með verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsynleg í starfi sínu.

17. gr.

Í innflutnings- og gjaldeyrisdeild ræður afl atkvæða, og eru úrskurðir hennar og ályktanir fullnaðarúrslit einstakra verðlagsmála. Þó má taka mál til meðferðar af nýju, ef ástæður hafa breytzt eða nýjar skýrslur komið fram, er máli skipta.

18. gr.

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis eða smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni, að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

19. gr.

Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af innflutnings- og gjaldeyrisdeild, skulu birtar af verðlagsstjóra þegar í stað, og ganga þær í gildi jafnskjótt og gilda, þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar á þann hátt, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

20. gr.

Eftir gildistöku þessara laga, má verðlag ekki hækka á neinu því, sem háð er verðlagseftirliti, samkvæmt 14. gr., nema með leyfi innflutnings- og gjaldeyrisdeildar.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

21. gr.

Fjárhagsráðsmönnum, innflutnings- og gjaldeyrisdeildarmönnum, verðlagsstjóra, og starfsmönnum þessara aðila er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem látnar eru í té samkvæmt lögum þessum, að því leyti, sem þau varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

22. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði, innflutnings- og gjaldeyrisdeild eða embættismönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 20—200 kr. dagsektum. Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

23. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem tekjur fjárhagsráðs hrökkva ekki til.

24. gr.

Fjárhagsráð hefur rétt til þess að ráða sérfræðinga og annað starfsfólk í þjónustu sína.

25. gr.

Með reglugerð setur ríkisstjórnin nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

26. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag, lög nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, lög nr. 117 31. des. 1945, um breyting á lögum nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, lög nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, lög nr. 88 30. nóv. 1946, um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, og lög nr. 2 31. jan. 1947, um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, svo og önnur lög, er kunna að koma í bág við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, falla niður umboð nýbyggingarráðs og viðskiptaráðs og starfsmanna þeirra, þó ekki fyrr en ríkisstjórnin hefur skipað svo fyrir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frv. þetta er flutt og samið í samræmi við samning þann, er gerður var um myndun núverandi ríkisstjórnar.

Hér á landi hefur á undanförnum árum farið fram mjög ör og mikil fjárfesting á ýmsum sviðum, og hefur sú reynsla, sem af því hefur fengizt, fært mönnum heim sanninn um, að nauðsynlegt sé að hafa nokkurn hemil á fjárfestingunni og skipuleggja hana, til þess að tryggja það, að vinnuafli og fjármunum landsmanna verði varið til nauðsynlegra framkvæmda og framleiðslustarfsemi, svo að hin mikla aukning framleiðslutækja, sem þegar er orðin og ráðstafanir hafa verið gerðar til, að verði, geti komið þjóðinni að fullum notum.

Slíkt verður þó naumast gert, nema hið opinbera hafi um það íhlutun, og er það í beinu framhaldi af því frumkvæði, sem ríkisstjórnin og Alþingi hafa haft um aukningu framleiðslutækja í landinu. Þessu marki verður bezt náð með því að samræma framkvæmdir einstaklinga og almannavaldsins til þess að koma á samvinnu milli þessara aðila, en hindra taumlaust kapphlaup, sem leitt gæti til ófarnaðar.

Er því í frv. lagt til, að ríkisstjórnin skipi 4 manna nefnd, er nefnist fjárhagsráð. Fleiri tillögur um skipun ráðsins komu fram innan ríkisstjórnarinnar, og verða þær nánar athugaðar við meðferð málsins á Alþingi. Er ráðinu ætlað það höfuðhlutverk að semja heildaráætlun um það, hvernig og á hvaða hátt skuli festa íslenzkt fjármagn í framkvæmdum og koma því á, að samræmdar verði framkvæmdir almannavaldsins og einstaklinga, þannig að þær verði unnar eftir fyrir fram samdri áætlun.

Á þennan hátt er ætlunin, að hagnýting vinnuafls og fjármagns verði sem hagkvæmust og þannig, að full stund verði lögð á framleiðslu útflutningsafurða til þess að afla erlends gjaldeyris og á önnur þau verkefni, er að henni lúta. Enn fremur verði haldið áfram, eftir því sem frekast er unnt, að bæta aðbúð landsmanna, svo sem með byggingum íbúðarhúsa við almenningshæfi, svo og með byggingum þeim, sem nauðsyn er á í sambandi við aukna heilsuvernd og menningarstarfsemi.

Eins og nú er háttað er engin trygging fyrir því, að fjármunirnir eða vinnuaflið sé fyrst og fremst notað í þessu skyni, en með því að hafa vald á fjárfestingunni og semja áætlun fyrir fram um framkvæmdirnar, er til þess ætlazt, að þessu marki verði náð betur en ella.

Við Íslendingar erum fáir og byggjum stórt land. Flest lífsþægindi verða okkur því hlutfallslega dýrari en í þéttbyggðari löndum. Til þess að geta haldið og aukið

við þau lífsgæði, sem við nú höfum, þeirri menningarstarfsemi, sem lög mæla fyrir um, samgöngum, símakerfi, rafveitum og öðru slíku, þarf hver landsmaður að afkasta meira verki en íbúar þéttbyggðari landa. Hver maður þarf að hafa tækifæri til að neyta allra vitsmuna sinna og orku, til þess að unnt sé að halda uppi mannsæmandi lífi í landinu. Þegar af þeim ástæðum er okkur nauðsynlegt, að öll framleiðslugeta sé hagnýtt að fullu og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna, en þeim, sem misst hafa hluta af verkhæfni sinni, vinna við sitt hæfi.

Þá er og nauðsynlegt, að áframhald verði á öflun nýrra framleiðslutækja til landsins og að byggðar verði verksmiðjur og iðjuver til þess að vinna sem mest úr framleiðsluvörum okkar til sjávar og sveita. Þá hefur og komið í ljós, að einstök byggðarlög hafa eigi nægilegt fjármagn til umráða til þess að koma upp hjá sér nægilegum atvinnutækjum til þess að hagnýta framleiðsluskilyrði og vinnuafl. Eru því í frumvarpinu ákvæði um, að tekið skuli tillit til framleiðsluskilyrða og atvinnuþarfar einstakra byggðarlaga, þegar atvinnutækjum er ákveðinn staður. Jafnframt verður að sjálfsögðu að gæta þess, að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á hinn hagkvæmasta hátt og á arðbærum grundvelli, en stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar.

Einn þáttur baráttunnar gegn dýrtíðinni er sá að koma verzlun með innfluttar vörur í hagkvæmara horf en verið hefur, þannig að verðlagsákvæði og innflutningsleyfi verði notuð til þess að hvetja menn til ódýrra innkaupa og til þess að gera dreifingu vörunnar innanlands eins hagkvæma og frekast er unnt. Eru því með frumvarpi þessu sett ákvæði hér að lútandi. Þá hefur komið í ljós, að tviskipting innflutningsleyfa er mjög erfið í framkvæmd, og enn fremur verður að teljast nauðsynlegt við samningu heildaráætlunar um framkvæmdir, vegna þess hve háðir við erum útflutningsverzlun og gjaldeyrisþörf, að þeir, sem áætlunina gera og eiga að framkvæma hana, hafi einnig yfirstjórn innflutningsmála. Er því gert ráð fyrir í frv., að fjárhagsráð taki við störfum nýbyggingarráðs og viðskiptaráðs. Auk þess sem heppilegt virðist að sameina þessi störf, ætti að sparast nokkurt fé við sameininguna. Verður eigi fjölyrt frekar um frv. í heild, en athugaðar einstakar greinar, eftir því sem ástæða þykir til.

Um 1. gr.

Þar eru tekin upp núgildandi lagaákvæði um, að jafnan skuli leggja 15% af andvirði útflutnings hvers árs á sérstakan reikning erlendis, er varið sé eingöngu til kaupa á framleiðslutækjum. Verður að telja rétt að halda þessu lagaákvæði, þar eð landsmönnum fjölgar árlega og fólksfjölgunin krefst nýrra verkefna, svo að almenn atvinna haldist í landinu.

Um 2. gr.

Í grein þessa eru tekin ýmis höfuðatriði stefnu núverandi ríkisstjórnar, og vísast um hana til hinnar almennu greinargerðar hér að framan.

Um 3. gr.

Hér eru í stórum dráttum sett ákvæði um, hversu haga skuli áætlun þeirri, sem um getur í 1. gr. Þar eð þegar er komið á þriðja mánuð þessa árs, er augljóst, að eigi verður samin áætlun fyrir allt þetta ár. Hins vegar verða menn hið allra fyrsta að gera sér grein fyrir, hversu haga skuli framkvæmdum og innflutningi með tilliti til úrslita þeirra verzlunarsamninga, sem nú standa yfir. Þó virðist nauðsynlegt og leiða af því, er áður segir, að ákveða þurfi, í hvaða röð framkvæmdir skuli unnar og með hvaða hætti fjár skuli aflað til framkvæmda, að svo miklu leyti sem það er eigi lagt fram af einstaklingum.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að fjárhagsráð leiti samvinnu um samningu áætlunarinnar við aðila þá, sem atvinnurekstur hafa með höndum, hvort heldur eru opinberar stofnanir, félög eða einstaklingar, og enn fremur við lánsstofnanir í landinu. Þar sem hér er um algert nýmæli að ræða og mjög mikilsvert fyrir framtíð þjóðarinnar, að vel takist um framkvæmdina, verður ákvæði þetta að teljast nauðsynlegt.

Um 5. gr.

Rétt þykir að fastákveða, að leyfi þurfi til fjárfestingar samkvæmt því, sem áður segir. Hins vegar mun vera nokkuð mismunandi, hver takmörk þarf að setja um það, sem laust er látið, eftir því um hvaða tegund framkvæmda er að ræða, og þykir því rétt að ákveða um það í reglugerð.

Um 6. gr.

Þar eð fjárfesting ríkisins sjálfs og framkvæmdir hafa undanfarin ár verið mjög miklar, verður eigi komizt hjá að hafa þær með í heildaráætlun, og verður að teljast rétt að haga þeim þannig að draga úr þeim, þegar atvinnulífið stendur í blóma við að framleiða útflutningsverðmæti, en auka þær verulega, þegar hið gagnstæða á sér stað, í því skyni að tryggja landsmönnum öllum atvinnu, en koma í veg fyrir ofþenslu.

Um 7. gr.

Gera verður ráð fyrir, að fjárhagsráð geti eigi sjálft annað þeim störfum, er undir það heyra, og er því með greininni gefin heimild til að fela ýmis störf öðrum eftir umboði.

Um 8. gr.

Til þess að starf fjárhagsráðs nái tilgangi sínum, þarf óefað samvinnu sem allra flestra þegna þjóðfélagsins og þá eigi sízt atvinnurekenda og verkamanna, einkum hvað viðvíkur bættri aðbúð á vinnustöðvum, hagnýtingu vinnuaflsins og auknum vinnuafköstum. En allt þetta kemur til greina, þegar við þurfum að keppa við aðrar þjóðir um sölu á afurðum okkar erlendis, jafnhliða og við viljum neyta allra krafta til þess að halda þeim lífskjörum, er við nú höfum, og bæta þau, þegar færi gefst.

Ákvæði greinarinnar um skrásetning verkafólks er nauðsynlegt til þess að hafa jafnan yfirlit um hagnýtingu vinnuaflsins.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Sjá skýringu við 7. gr.

Um 11. gr.

Innflutningur matvöru má teljast hafa verið frjáls undanfarið, og þykir því rétt að leyfa undanþágu frá höfuðreglu greinarinnar með reglugerð eða auglýsingu.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða gildandi ákvæðum, eftir því sem við getur átt. Þó er þar sú nýbreytni upp tekin, að miða skal úthlutun innflutningsleyfa við það, að verzlunarkostnaður verði sem minnstur og að reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu. Vísast til þess, er áður segir um þetta atriði.

Um 13., 14., 15. og 16. gr.

Samhljóða gildandi lögum, eftir því sem við getur átt.

Um 17. gr.

Hér er sú breyting ger, að afl atkvæða ræður úrslitum, en eigi er þess krafizt, að deildin sé fullskipuð til að vera ályktunarfær.

Um 18., 19. og 20. gr.

Samhljóða gildandi ákvæðum að mestu.

21., 22., 23., 24., 25., 26. og 27. gr.

þarfnast ekki skýringa.

Nd. 518. Frumvarp til laga

um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 153 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Sérhverjum eiganda áhættufjárins, sbr. 3. gr., ber að afhenda skírteini, er greinir:

1. Nafn eiganda og heimilisfang.
2. Upphæð eignar.
3. Númer skírteinis.

Um skírteinin gilda reglur þær, er hér greinir, og sé þeirra getið á skírteininu:

1. Eigandi er háður lögum, sem um félagið eru sett á hverjum tíma.
2. Skírteini veitir atkvæðisrétt við kosningar í stjórn félagsins, sbr. 9. gr., samkvæmt reglum, er ráðherra setur um þá kosningu, en ekki annan rétt til afskipta af málum þess.
3. Féð er óuppsegjanlegt.
4. Skírteinið verður ekki framselt né veðsett eða látið af hendi á annan hátt, nema félagsstjórn samþykki, og á hún fyrir félagsins hönd innlausnarrétt á því fyrir matsverð dómkvaddra manna.
5. Skírteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, þó aldrei yfir 6%, sbr. þó 3. lið 10. gr.
6. Skírteinum fylgir skattfrelsi samkvæmt 11. gr.

10. gr. hljóðar svo:

Tekjuafgangi félagsins skal ráðstafað þannig:

1. Í varasjóð skal fyrst leggja allt að 10%.
2. Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 5%.
3. Heimilt er stjórn félagsins að mynda arðjöfnunarsjóð og leggja í hann allt að 4% af innborguðu áhættufé á ári hverju. Sjóður þessi má þó aldrei nema meiru en 25% af innborguðu áhættufé.

   Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunarsjóði, getur stjórn félagsins ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að meðalársarður verði 6%.
4. Sá hluti tekjuafgangs, sem eftir er, skal lagður í hinn almenna endurtryggingasjóð, að því leyti sem stjórn félagsins telur eigi þörf á að yfirfæra hann til næsta árs.

13. gr. hljóðar svo:

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, öðrum tilnefndum af ráðherra, hinum af skírteiniseigendum þeim, er kosningarrétt hafa á tveim mönnum í félagsstjórn samkv. 8. gr.

21. gr. hljóðar svo:

Fyrir hvern tryggðan skipverja greiða útgerðarmenn fiskiskipa 5 rúmlesta (brúttó) og stærri kr. 1.50 í iðgjald á viku, en útgerðarmenn smærri báta kr. 0.75 á viku. Hrökkvi iðgjald þetta eigi fyrir áhættunni, greiðir ríkissjóður það, sem þá vantar á til að mæta áhættunni.

Hlunninda samkv. þessari grein njóta aðeins skip innan við 100 rúmlestir brúttó, enda hafi þau ekki siglt til útlanda á almanaksárinu.

Sþ. **519. Frumvarp til laga**

um Matsveinaskóla Íslands.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Stofna skal og starfrækja skóla í Reykjavík, er veiti hagnýta kennslu þeim, er gerast vilja matsveinar á fiski- og flutningaskipum.

2. gr.

Nafn skólans er: Matsveinaskóli Íslands. Skal hann hafa aðsetur í sjómannaskólanum og heyra undir sama ráðuneyti og sjómannafræðslan.

3. gr.

Inntökuskilyrði eru:

1. að nemandi sé 16 ára eða eldri;
2. að hann sé ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða kvilla, sem geti orðið öðrum nemendum skaðvænn eða hættulegur;
3. að hann hafi óflekkað mannorð;
4. að hann hafi lokið miðskólaprófi samkvæmt lögum nr. 22 10. apríl 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu.

4. gr.

Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar skulu ákveðnar í reglugerð.

5. gr.

Kennslunni skal hagað þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið.

Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.

Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrifalega og háttprúða umgengni og snyrtimennsku.

6. gr.

Heimilt er að halda uppi við skólann, eftir því sem við verður komið og fé er veitt til þess í fjárlögum, bóklegri og verklegri kennslu fyrir þá, sem nema vilja að fullu matsveina- og framreiðslumannaiðn samkvæmt gildandi lögum um iðnfræðslu.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta starfrækja mötuneyti og matsölu í sambandi við skólann.

8. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og aðra kennara. Skal skólastjóri jafnframt vera bryti skólans. Ráðherra skipar einnig þriggja manna stjórn yfir mötuneyti og matsölu skólans, skólastjóra til aðstoðar. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Skal einn þeirra hafa verzlunarþekkingu.

9. gr.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið, svo og um mötuneyti og matsölu skólans.

10. gr.

Fyrstu fimm árin eftir að skólinn tekur til starfa, er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá því inntökuskilyrði, er felst í 4. lið 3. gr. þessara laga

11. gr.

Allur kostnaður við skólahald, mötuneyti og matsölu greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 520. Tillaga til þingsályktunar

um skattgreiðslu samvinnufélaga og Eimskipafélags Íslands.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga, þar sem sett verði glögg ákvæði um það, að lögskráð samvinnufélög og Eimskipafélag Íslands verði undanþegin útsvarsgreiðslu og tekjuskatti. Báðir aðilar skulu þó greiða lága, lögákveðna þóknun til sveitarfélaga, þar sem þessi fyrirtæki eiga heimilisfang, hliðstætt því, sem nú á sér stað um Eimskipafélag Íslands. Enn fremur skulu samvinnufélög greiða alla skatta eins og kaupmenn af tekjum, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn.

Greinargerð.

Frá því laust eftir 1880 og þar til samvinnulögin voru samþ. 1921, stóðu víða hér á landi þrálátar deilur um skattskyldu samvinnufélaga. Urðu af þessu tilefni málaferli milli sveitarstjórna og leiðtoga kaupfélaganna. Eimskipafélaginu farnaðist öðruvísi. Þegar það var stofnsett, þótti ástæða til að tryggja því undanþágu frá útsvari og tekjuskatti. Hefur þessi undanþága síðan verið samþ. þing eftir þing. Hefur þjóðin vanizt við að líta svo á, að Eimskipafélagið ætti að vera skattfrjálst. Þó eru í því efni tvær undantekningar. Eimskipafélagið flytur á ári hverju tiltekna tölu manna ókeypis milli Íslands og útlanda, auk þess sem það greiðir takmarkaða upphæð vegna sérstakra þarfa í bæjarsjóð Reykjavíkur, þar sem félagið hefur lögheimili.

Aðstaða samvinnufélaganna í skattamálum hefur orðið öllu óhægari en Eimskipafélags Íslands. Um allmörg ár, eftir að samvinnulöggjöfin var sett 1921, var farið eftir anda og bókstaf laganna. Félögin greiddu til þarfa þeirra bæjar- eða hreppsfélaga, þar sem þau störfuðu, lágt tiltekið hundraðsgjald af fasteignamati þeirra húseigna, sem félagið notaði við starfrækslu sína. Þessi skattur fór að því leyti eftir stærð félagsins, að hann var bundinn við fasteignir þær, sem nota þurfti við verzlunarreksturinn. En sjálfur skatturinn var miðaður við það, að félagið nyti góðs af götulagningum, götuljósum og lögregluvernd, sem yfirleitt er kostað með útsvörum í verzlunarstöðum. En þegar frá leið, fóru að heyrast háværar kröfur í bæjum um, að ekki yrði hjá því komizt að leggja útsvör á verzlun félagsmanna við þeirra eigið fyrirtæki. Hafa þessar kröfur farið vaxandi, eftir því sem stærri byrðar hafa verið lagðar á bæjarfélögin. Þó keyrði fyrst um þverbak í þessu efni á árinu 1941—42. Þjóðstjórnin, sem þá sat að völdum, setti allmikla löggjöf um skattheimtu af svokölluðum stríðsgróða. Var þá litið svo á, að félagsmannaskipti í kaupfélögum gætu fallið undir stríðsgróðaákvæðið. Með þessari lagabreytingu var algerlega kippt fótum undan þeirri réttarvernd, sem samvinnufélögunum var veitt 1921. Af hálfu ríkisstjórnarinnar virðast tveir af ráðherrunum, Ólafur Thors og Eysteinn

Jónsson, aðallega hafa tekið þátt í þessu samkomulagi. Gekk það síðan umræðu- og athugasemdalítið gegnum báðar deildir Alþingis.

Aðstaða Eimskipafélags Íslands breyttist ekki við þessa skattalagabyltingu. Það hélt óskertri skattaundanþágu sinni. Um þessar mundir hafði það í þjónustu sinni leiguskip frá stjórn Bandaríkjanna. Félagið tapaði yfirleitt á sínum eigin skipum, sem voru lítil og háð íslenzkri dýrtíð. Hins vegar græddi félagið stórvægilega á erlendu skipunum, því að útgerðarkostnaður þeirra miðaðist við dýrtíð Bandaríkjanna, sem var miklu minni en á Íslandi. Varð þessi óvenjulegi og óvænti gróði ca. 25 milljónir króna. Ef skattalögin frá 1941—1942 hefðu náð til Eimskipafélagsins á þessum árum, hefði gróðinn svo að segja allur runnið í sköttum til bæjarsjóðs og ríkissjóðs.

Samvinnufélögin höfðu á þessum árum geysimikla veltu, því að þau fluttu til landsins meira en helming allrar þeirrar matvöru, sem notuð var í landinu. En þau söfnuðu tiltölulega litlum sjóðum, af því að skattstiginn var afarerfiður, einkum á stóru félögunum og Sambandinu. Varð niðurstaðan þess vegna sú, að Sambandið endurgreiddi sem allra mest tekjuafgang til kaupfélaganna, en félögin til einstaklinga, sem voru félagsmenn. Þrátt fyrir þessa útborgun varð Kaupfélag Eyfirðinga eitt árið að greiða nálega 300 þús. kr. í stríðsgróðaskatt af viðskiptum félagsmanna og sum önnur stærri félögin um 100 þús. krónur. Vegna sérstöðu sinnar gat Eimskipafélagið búið sig undir að leysa af hendi erfið verkefni þegar stríðinu lauk, án þess að taka mjög mikið fé að láni. Kaupfélögin höfðu hins vegar borgað í skatta og endurgreitt til félagsmanna fjárhæðir, sem hefðu átt að standa sem framfarasjóðir í félögunum og Sambandinu, þegar nýjar framkvæmdir gátu hafizt eftir að stríðinu lauk.

Þegar það vitnaðist, að Eimskipafélagið hefði safnað í framkvæmdasjóð ca. 25 milljónum króna, sló óhug á flesta landsmenn. Gróðinn var óvenjulegur hér á landi, og í fyrstu lá við, að menn yrðu hræddir við þessar mörgu milljónir og fengju samvizkubit af því, að til skyldi vera svo auðugt fyrirtæki á Íslandi. En þegar betur var að gáð, sættu menn sig við orðinn hlut. Gróðinn var allur af erlendum leiguskipum. Ef Eimskip hefði haft nægan heimafenginn skipastól og búið við þá dýrtíð, sem var í landinu, mundi félagið ekki hafa safnað neinum framkvæmdasjóði á stríðsárunum. Það hafði tapað nokkrum beztu skipum sínum, og vátryggingargjöldin voru svo lág, að mikið vantaði á, að fyrir það fé væri hægt að endurbyggja hin sokknu skip. Án þessa einkennilega stríðsgróða fyrir erlendu leiguskipin er ekki annað sýnilegt en að Eimskipafélagið hefði á fyrstu friðarárunum orðið að hætta siglingum milli landa, nema ef lagt hefði verið út í að búa nær eingöngu við erlend leiguskip. Mönnum hefði þá orðið ljóst, að skattakerfi landsins er í verulegu ólagi, ef fyrirtæki eins og Eimskipafélagið hefðu liðazt sundur undir skattabyrðinni til ríkis og bæja. Þegar til þess kom, að ríkið stækkaði strandskipaflota sinn með þrem nýjum skipum, þá var ekkert handbært fé í ríkissjóði, heldur varð að taka lán til þessara framkvæmda. Má þess vegna geta sér til, að sá gróði, sem varð á Ameríkuskipunum, mundi hafa orðið að eyðslueyri í ríkissjóði og bæjarsjóði Reykjavíkur og ekki orðið handbær til skipakaupa, eins og varð í höndum Eimskipafélagsins. Nú hefur félagið í smíðum fjögur mjög stór og fullkomin skip, aðallega til flutninga. Verður kælitækni í þessum skipum svo öflug, að þau geta flutt frystan fisk til fjarlægustu landa í hitabeltinu, hvað þá til nálægra landa. Jafnframt hefur Eimskipafélagið getað stutt Flugfélag Íslands með miklu fjármagni án lántöku til að kaupa margar og stórar flugvélar til mannflutninga innanlands og til útlanda. Í byrjun friðaráranna er svo ástatt með samgöngumálin, að ríkið hefur til sinna þarfa þrjú nýfengin skip, öll keypt fyrir lánsfé, af því að stríðsgróði ríkissjóðs fór allur í daglega eyðslu. Hins vegar er hinn nýi skipastóll Eimskipafélagsins og mikið af loftflota Flugfélagsins keypt án lántöku með fjármagni, sem fyrir eins konar slys í fjármálastjórninni lenti utan við skattheimtukerfið og varð hand-

bært til að tryggja nauðsynlegustu samgöngubætur nútímans, bæði með fólk og vörur milli Íslands og útlanda.

Meðan stóð á stríðinu, gat Sambandið og einstök samvinnufélög ekki hafizt handa með nauðsynlega nýsköpun í verklegum og félagslegum framkvæmdum, sambærilega við skipa- og flugvélakaup Eimskipafélagsins. En þegar friður var kominn á, biðu ótal verkefni eftir því, að samvinnufélögin gætu ráðið bót á þessum vanda, bæði fyrir félagsmenn sína, sem eru meira en helmingur landsmanna, og fyrir þjóðina alla, en þá kom það í ljós, sem löggjöfunum hefði átt að vera ljóst, þegar um skattamálin var fjallað 1941—1942, að samvinnufélögin hafa ekki fengið leyfi til að spara af tekjum sínum á stríðsárunum nema tiltölulega litlar upphæðir. Sambandið sýndi á mjög áberandi hátt vilja sinn í þessu efni, með því að leitast við að fá félagsmenn í kaupfélögunum um land allt til að leggja fram fé í framkvæmdasjóð Sambandsins. Þetta bar að vísu nokkurn árangur, en gat aldrei jafnazt við það, ef félögin hefðu fengið að leggja til hliðar af tekjum sínum á stríðsárunum. Sambandið hefur nú viðbúnað um skipakaup, algerlega íslenzka verzlun með olíu, eflingu iðjuveranna á Akureyri, svo að unnt verði að vinna úr sem mestu af íslenzkri ull og skinnum. Þá hefur Sambandið hug á að láta mala kornið, sem notað er í landinu, í íslenzkri myllu, og tryggja þannig vörugæði hinnar stærstu neyzluvöru. Menn geta sagt, að íslenzku samvinnufélögin geti tekið lán til þessara framkvæmda, en bæði er það, að lán munu ekki liggja á lausu í náinni framtíð, hvorki hér á landi né erlendis, og auk þess er vafasamt, hversu fara mun um mörg þau fyrirtæki, sem nú hefur verið stofnað til með stórfelldum lántökum, og er ekki auðvelt að spá um, hversu afkoma þeirra verður trygg, þegar byggt er á ótraustum grundvelli.

Það misstigna spor, sem stigið var í skattamálum samvinnufélaganna 1941—1942, virðist ætla að leiða til mikilla erfiðleika, enda er þess að vænta, því að löggjöfin um gróðaskatt á viðskipti félagsmanna við þeirra eigin félög er einhver háskalegasta meinloka, sem til er í allri hinni óskipulegu og óheppilegu skattalöggjöf landsins.

Til þess að geta fyllilega áttað sig á kjarna þessa máls, þarf að líta til baka um heillar aldar skeið, til upphafsmanna kaupfélagsstefnunnar í Rochdale í Englandi. Hinir nafntoguðu 28 vefarar, sem opnuðu fyrstu kaupfélagsbúð í nútímastíl laust fyrir jól 1844, gerðu nýja uppgötvun í viðskiptamálum heimsins. Þeir sýndu, að með tilteknu skipulagi mætti gera dreifingu vörunnar í þjóðfélaginu að réttlætismáli, en láta verzlun þá, sem framkvæmd var á þennan veg, hætta að vera atvinnu- og gróðaveg. Þeir ásettu sér að láta verzlun sína að ytri sýn líkjast verzlun kaupmanna, sem starfa til að ávinna sér persónulegan gróða. Þeir ákváðu að haga búðum sínum og daglegum rekstri eins og kaupmenn og fylgja verðlagi þeirra á hverjum tíma. Um áramót gerir kaupmaðurinn og kaupfélagið reikningsskil. Báðir aðilar verða að greiða öll dagleg útgjöld við verzlunarrekstrinn. Kaupmaðurinn, kaupfélagsstjórinn og allt þeirra nauðsynlega starfsfólk hefur fengið umsamin laun, eins og þau gerast á þeim stað og á þeim tíma. En þegar lokið er þessum reikningsskilum, kemur í ljós, að eftir er hjá kaupmönnum allmikil fjárhæð, sem kallast gróði og er persónuleg eign hans. Ef velta kaupfélagsins er álíka stór og viðskipti kaupmannsins, má gera ráð fyrir, að þar sé líka afgangs jafnhá upphæð og gróði kaupmannsins. Þessi fjárhæð heitir á máli samvinnufélaganna tekjuafgangur. Sú fjárhæð er ekki eign kaupfélagsstjórans, ekki eign kaupfélagsins, heldur er það ofborgað fé, sem allir félagsmenn eiga inni í kaupfélaginu frá ársviðskiptum. Segjum, að gróði kaupmannsins hafi verið 300 þús. kr. og tekjuafgangur félagsins jafnhá upphæð. Segjum, að félagsmenn hafi verið 3000. Nú skiptast þessi þrjá hundruð þúsund krónur milli félagsmanna eftir magni viðskiptanna. En til að gera dæmið einfaldara, má hugsa sér, að upphæðinni væri skipt í 3000 jafna hluti, og er þá eign hvers félagsmanns 100 kr. Má nú sjá, jafnvel við lauslegustu athugun, að ef lagður

er hækkandi gróðaskattur á báðar fjárhæðirnar, þá kemur fram augljóst ranglæti. Hver smáeign hinna 3000 félagsmanna verður tiltölulega fyrir jafnmiklum frádrætti í skatti og jafnstór upphæð í hinum mikla gróða kaupmannsins. En þar að auki er eign kaupmannsins annars eðlis en geymslufé félagsmanna í kaupfélagi. Kaupmaðurinn hefur fengið gróða sinn af skiptum við mörg þúsund menn, sem verzlað hafa í búð hans. Gróði kaupmannsins er aðfluttur frá öðrum í sambandi við skipulag verzlunarinnar. En 100 kr. hlutur félagsmannsins er ekki fenginn með skiptum við nokkurn annan mann, heldur er þessi fjárhæð ofborguð upphæð frá honum sjálfum, fé, sem hefur legið nokkrar vikur eða mánuði í eins konar geymslu í kaupfélaginu. Tekjuafgangur af félagsmannaskiptum í kaupfélagi er þess vegna gerólíkur gróða kaupmannsins, og með öllu hugsunarrangt að skatta tekjuafgang, sem myndast af skiptum félagsmanna við þeirra eigið félag, eins og gróða einstakra manna í einkafyrirtækjum. Tekjuafgangurinn er bráðabirgðageymslufé margra einstaklinga, séreign þeirra, hluti af áðurfengnum tekjum þeirra. Tekjuafgangur félagsmanna í þeirra eigin kaupfélagi er jafnfjarlægur gróða einstakra manna og austrið er langt frá vestrinu.

Víkjum nú aftur að uppruna kaupfélaganna í Rochdale fyrir rúmlega hundrað árum. Fyrir félagsmönnum vakti að leggja til hliðar af tekjum hvers félagsmanns þá upphæð, sem annars mundi hafa skapað ákveðið gróðamagn í eigu einhverra kaupmanna. Með þessu samsafnaða geymslufé ætluðu vefararnir að gerbreyta kjörum mannkynsins til betri vegar. Þeir ætluðu að skipta tekjuafganginum í tvennt, eftir samkomulagi á hverjum stað. Nokkurn hluta tekjuafgangsins ætluðu þeir að *greiða aftur til félagsmanna, svo að þeir gætu bætt lífskjör sín og sinna.* Fjárhæð hvers félagsmanns miðaðist við verzlunarmagn hans í félaginu það ár. Hér var um að ræða geymslufé, og allir vissu, hvað hverjum félagsmanni bar í hans hlut. En nokkurn hluta tekjuafgangsins ætluðu vefararnir að láta verða eftir í félaginu undir ýmsum formum, í því, sem nú mætti kalla framkvæmdasjóð. Fyrir það fé átti félagið að kaupa lönd og lóðir, skip og vagna, reisa verksmiðjur og hús handa félagsmönnum o. s. frv. Hér var um að ræða nýja og glæsilega hugsun. Hún byggðist ekki á því, að efnaminni stéttirnar gerðu blóðuga byltingu og herhlaup á hendur þeim, sem áttu séreign, sem um munaði. Samvinnuforkólfarnir í Rochdale létu þá dauðu grafa sína dauðu. Þeir réðust ekki á eignir annarra. En þeir byrjuðu nýtt skipulag, þar sem það fjármagn, sem annars myndar gróða einstakra manna af verzlun, hverfur að sumu leyti beint í sjóð sinna réttu eigenda, en rennur að öðru leyti til sameiginlegra þarfa til almennra umbóta á kjörum fólks, sem annars yrði að njóta mikillar fyrirgreiðslu af sköttum almennings.

Ég vil nefna tvö dæmi af ótal mörgum, sem sýna, svo að ekki verður á móti mælt, hina þjóðhagsbætandi starfsemi samvinnufélaganna, af því að þau gera tvennt í senn: bæta fjárhag efnaminni stéttanna með því að skila þeim árlega nokkru af fé því, sem annars myndaði verzlunargróða einstakra manna, og þá ekki síður að hrinda áleiðis almennum framkvæmdum til menningarbóta í landinu. Ég vil fyrst víkja að gistihúsmálinu. Á öllu landinu eru ekki til nema tvö gistihús, sem þola samanburð við erlend fyrirtæki af sama tagi. Það eru Hótel Borg og Hótel Kea. Hótel Borg varð til fyrir hugsjón, dirfsku og þjóðrækni eins áhugamanns, Jóhannesar Jósefssonar. Hótel Kea á Akureyri er byggt fyrir brot af tekjuafgangi félagsmanna í Kaupfélagi Eyfirðinga. Alls staðar annars staðar hefur skort fé og heppilega aðstöðu til að koma á fót viðunandi gistihúsum. Einstaklingsframtakið telur sér ekki fært að ráða fram úr þessu vandamáli. Kaupfélögin geta fremur öllum öðrum aðilum í landinu reist og starfrækt góð gistihús, ef þau fá að nota tekjuafgang af verzlun félagsmanna til annars en að greiða skatta. Eitt af yngstu og stærstu kaupfélögum landsins er félagið á Selfossi. Það hefur komið á stórverzlun við Ölfusárbrú, skipulagt samgöngur um allt Suðurland og frá Selfossi til Reykjavíkur og hefur í því skyni um 40 bifreiðar til þessara flutninga. Það hefur stofnað og starfrækt eina stóra verkstæðið á landinu, sem er miðað við þarfir sveitamanna um aðgerð á bú-

vélum. Félagið hefur auk þess komið á fót bezta ullarþvottahúsi, sem hér er til, barizt með góðum árangri fyrir hafnargerð í Þorlákshöfn, eignazt jarðhita í Laugardælum og er nú að framkvæma hitaveitu þaðan fyrir Selfosskauptún. Þessi dæmi eru nefnd af handahófi til að sýna, að kaupfélögin eru sístarfandi með frjálsri samhjálp borgaranna að því að bæta kjör fólksins og auka menningu þess. Nú er samvinnufélag við hverja höfn á Íslandi, og alls staðar eru félagsmenn að leita eftir tækifærum til að lyfta landi og þjóð með heppilegum félagsframkvæmdum. Það má segja, að það sé rík þjóð, sem telur sig hafa efni á að lama samvinnufélögin með skattalöggjöf, sem er bæði ranglát og byggð á algerðri vanþekkingu á eðli málsins.

Með tillögu þessari er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta Alþingi frv., þar sem sett verði glögg og réttlát ákvæði um aðstöðu Eimskipafélgs Íslands og lögskráðra samvinnufélaga til skatta til ríkis og bæja. Með þeirri löggjöf yrði varanlega fastákveðið, að Eimskipafélagið byggi framvegis við þann rétt, sem það hefur nú, að því tilskildu, að hluthafar fái aldrei meira en 4% af hlutafé sínu. Jafnframt yrði ákveðið, að samvinnufélög greiddu hvorki útsvör né tekjuskatt af skiptum félagsmanna við þeirra eigið félag. Aftur á móti skyldu samvinnufélögin greiða tiltölulega sömu gjöld af utanfélagsmannaverzlun og kaupmenn og auk þess skatt af fasteignum, sem félögin nota við starfrækslu sína, og væri upphæð þess skatts svipuð og ákveðið var um þetta efni í löggjöf frá 1921.

Þing og þjóð hefur viðurkennt síðan Eimskipafélag Íslands var stofnað, að starfssvið þess væri með þeim hætti, að ekki borgaði sig fyrir þjóðfélagið að leggja á það venjulega skatta. Hafa hér að framan verið leidd rök að því, að þetta væri rétt skoðun. Það er meira að segja vafasamt, hvort nokkurn tíma verður hægt að hafa stærstu fjármálafyrirtæki landsins háð almennri skattalöggjöf, heldur verði þar að koma til greina sérstök löggjöf, sem takmarkar skattinn með nánari fyrirmælum. En þegar kemur að samvinnufélögum, þá má segja, að aðstaða þeirra sé enn sterkari í þessu máli. Hvergi nema hér á landi munu venjuleg skipafélög vera undanþegin almennri skattgreiðslu, þó að það hafi þótt nauðsynlegt hér á landi. Aftur á móti er sérstaða samvinnufélaganna í skattamálum viðurkennd í öllum frjálsum löndum. Var það einnig gert hér á landi, og sérstaklega viðurkennt af Alþingi 1921. En þegar samvinnufélög og gróðafyrirtæki einstaklinga voru sett á sama bekk með samkomulagi í þjóðstjórninni 1941—1942, var skarð brotið í varnir samvinnufélaganna, og má segja, að þau séu nú að kalla réttlaus í þessum efnum. Sást það glögglega, þegar veltuskatturinn kom til sögunnar litlu síðar, að hugmyndir manna um þetta efni voru algerlega komnar á ringulreið. Ef svo verður haldið áfram stefnunni, má búast við, að samvinnufélögin hér á landi breytist aftur í það horf að dreifa matvöru til félagsmanna með litlum tilkostnaði, en geti ekki sinnt hugsjónastarfi sínu eins og stefnan var mótuð af hinum ensku upphafsmönnum hreyfingarinnar. Væri það vafasöm búmennska af þjóðfélaginu að beita samvinnufélögin hér á landi rangsleitni, sem ekki á sér stað í öðrum menntalöndum, til þess að svipta þau afli og orku við að standa með frjálsri samhjálp fyrir þjóðnýtum framförum.

Hlutur samvinnufélaganna hefur mjög verið borinn fyrir borð í skattamálum í samanburði við Eimskipafélagið. Hefur eðli málsins ekki verið skýrt nógu ljóslega fyrir þjóð og þingi. Hver sá maður, sem athugar gaumgæfilega eðli tekjuafgangsins í kaupfélagi, hlýtur að komast að þeirri niðurstöðu, að það fé er ekki skatthæft fremur en sjúkrahús, skólar eða kirkjur. Kaupfélögin eru ekki atvinnufyrirtæki í eiginlegum skilningi, heldur menningarstofnanir. Félagsmenn í samvinnufélögum verða vitaskuld að bera byrðar þjóðfélagsins eins og aðrir menn, en viðskipti félagsmanna við eigið félag eru ekki sjálfstæður atvinnurekstur, heldur gagnkvæm samhjálp og menningarstarfsemi.

Þess er vænzt, að eðlilegt þyki, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir þessu máli á þann veg, sem ráð er gert fyrir í þessari tillögu. En ef það bregzt, sem tæplega er rétt

að gera ráð fyrir, verða samvinnumenn um allt land að hefjast handa og fylgja eftir við þingfulltrúa sína, að þeir hefji baráttu fyrir réttlátri lausn þessa máls. Eimskipafélag Íslands hefur fengið rétt sinn tryggðan á þessum vettvangi, af því að fylgismenn þess hafa jafnan verið á verði um hag og afkomu félagsins. Á síðari árum er ekki hægt að segja, að gætt hafi nægilega vakandi áhuga í samvinnufélögunum fyrir því, að réttur þeirra væri tryggður. Nú er svo komið, að ekki er lengur unnt að halda að sér höndum. Samvinnumenn verða að byggja varnir sínar að nýju á þeim grundvelli, sem lagður var á Alþingi 1921. Síðan þarf að ræða og rita um málið og loks að gera hiklaust kröfu til þingmanna, sem kosnir eru í héruðum, þar sem samvinnustefnan hefur mikið gengi, að þeir beiti sér einhuga fyrir því að endurheimta rétt samvinnufélaga, sem var brotinn með skattalöggjöfinni frá 1941—1942, og hætta ekki þeirri sókn fyrr en samvinnufélögin og Eimskipafélag Íslands hafa bæði fengið rétt sinn fulltryggðan, eins og gert er ráð fyrir í þessari tillögu.

Ed. 521. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal annast byggingu verksmiðjunnar og allan rekstur hennar.

Önnur ákvæði um rekstur verksmiðjunnar svo og annað, er þurfa þykir í sambandi við byggingu hennar, skal ákveða í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt niður fallið umboð núverandi stjórnar síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin hefur óskað eftir því, að nefndin flytti frv. þetta. Samþykkti meiri hl. nefndarinnar að verða við þeirri beiðni, en minni hl. (StgrA) kvað sig mótfallinn flutningi frv. — Frv. fylgi svo hljóðandi greinargerð:

„Stjórn síldarverksmiðja ríkisins hafði áður en lög nr. 47/1946 voru sett undirbúið stofnun niðursuðuverksmiðju á Siglufirði á þann hátt að styrkja íslenzkan námsmann til þess að nema fiskiðnað í Bandaríkjunum. Að námi loknu var þessi sami maður á launum hjá síldarverksmiðjum ríkisins um nokkurra mánaða skeið til þess að kynna sér fiskniðursuðu, og síðan hefur hann í tvö sumur, árin 1945 og 1946, haft með höndum tilraunir á niðursuðu síldar hjá síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði og á þeirra kostnað. Að þessu athuguðu verður að teljast óþarft kunnáttu eða áhuga vegna að setja á laggirnar sérstaka stjórn fyrir hina fyrirhuguðu síldarniðursuðuverksmiðju. Enn fremur liggja fyrir upplýsingar um, að íslenzkar niðursuðuvörur eigi í harðri og mjög óhagstæðri samkeppni um verð við niðursuðuvörur annarra þjóða. Þarf því að gæta hinnar ýtrustu hagsýni í rekstri verksmiðjanna.

Síldarverksmiðjur ríkisins hafa opna skrifstofu á Siglufirði allt árið, þær hafa nú tvo framkvæmdastjóra, annan viðskiptalegan, hinn tæknilegan, þá hafa þær vélaverkfræðing í þjónustu sinni, og auk þess ber stjórn verksmiðjanna lögum sam-

kvæmt að hafa aðsetur á Siglufirði meðan vertíð stendur yfir. Verði haldið sérstakri stjórn, framkvæmdastjóra og skrifstofu fyrir niðursuðuverksmiðjuna, mun það kosta stórfé árlega, sem að mestu er unnt að spara með því að fela síldarverksmiðjum ríkisins stjórn niðursuðuverksmiðjunnar.

Þá er og augljóst, að hráefni er auðveldast að fá í sambandi við síldarverksmiðjur ríkisins og úrgangi auðveldast að koma frá á hinn ódýrasta hátt þannig, að verksmiðjurnar séu reknar í sameiningu, og er það í fullu samræmi við hagnýtingu og vinnslufyrirkomulag hinna nýjustu fiskiðjuvera, sem telja hagkvæmt að sameina vinnslu matvæla og vinnslu úr úrgangi þannig, að fullkomin hagnýting fáist.

Hníga því öll rök að því, að rétt sé að færa þennan rekstur undir eina stjórn, svo sem lagt er til með frumvarpi þessu.“

Ed. 522. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Síldarútvegsnefnd, sbr. lög nr. 74/1934, skal annast allar framkvæmdir samkvæmt lögum þessum og hafa á hendi stjórn tunnuverksmiðjanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt niður fallið umboð núverandi stjórnar tunnuverksmiðja ríkisins.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin hefur óskað eftir því, að nefndin flytti frv. þetta. Samþykkti meiri hl. nefndarinnar að verða við þeirri beiðni, en minni hl. (StgrA) kvað sig mótfallinn flutningi frv. — Frv. fylgi svo hljóðandi greinargerð:

„Síldarútvegsnefnd hefur um nokkurra ára skeið útvegað tunnur undir matjessíld fyrir Ameríkumarkað, er talið var, að þyrfti að vera sérstaklega vandaðar. Þá hefur nefndin meðan á styrjöldinni stóð haft með höndum bæði salt- og tunnukaup að verulegu leyti, vegna vandkvæða við að útvega þessa vöru. Hefur þó eigi verið um neinn einkainnflutning að ræða, og virðist eigi ástæða til þess að fara inn á þá leið. Hins vegar hefur síldarútvegsnefnd á hverju ári yfirlit yfir markaðshorfur, svo og ráð á mönnum með sérþekkingu á því, er að smíði síldartunna lýtur, og stendur það bezt allra að vígi með að samhæfa smíði síldartunna við markaðshorfur á hverjum tíma. Nefndin hefur opna skrifstofu á Siglufirði allt árið, þar hefur hún framkvæmdastjóra, og þar á nefndin að dvelja yfir síldartímann. Með því að fela síldarútvegsnefnd stjórn tunnuverksmiðjanna eiga að sparast stór útgjöld fyrir sérstakan forstjóra, sérstaka stjórn og mikill hluti skrifstofukostnaðar, auk þess sem vel á að vera séð fyrir kunnáttu við rekstur verksmiðjanna, svo sem áður segir. Mun full þörf á að gæta hins ýtrasta sparnaðar í þessu efni, en að því miða ákvæði þessa frumvarps.“

Sþ. 523. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun siglingalaga og sjómannalaga.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög nr. 56 30. nóv. 1914, siglingalög, og breyting á þeim lögum frá 19. maí 1930, svo og lög nr. 41 19. maí 1930, sjómannalög. Endurskoðun þessari sé lokið ekki síðar en fyrir árslok 1948.

Greinargerð.

Siglingalögin eru nú 32 ára og sjómannalögin nær því að vera 17 ára gömul. Lög þessi voru á sínum tíma sniðin eftir sams konar lögum á Norðurlöndum, er þá voru um 8 ára gömul, er lögunum var breytt hér. Á þessum tíma hafa ýmsar breytingar verið gerðar á lögunum á Norðurlöndum og þá einkum á sjómannalögunum, sem ekki hafa verið teknar upp hér. Nú er þegar mikil hreyfing uppi meðal farmanna og fiskimanna í þessum nágrannalöndum okkar að taka nú til ýtarlegrar endurskoðunar þessa löggjöf í heild. Þá má benda á, að íslenzk félagsmálalöggjöf hefur á þessum tíma tekið miklum breytingum og í ýmsum atriðum gripið inn í einstök ákvæði sjómannalaganna. Er því ástæða til að samræma þessa löggjöf og þá félagsmálalöggjöf, svo sem almannatryggingarnar, sem fjallar um skyld efni.

Þá verður því ekki neitað, að ýmis ákvæði gildandi löggjafar réttarlegs eðlis eru að verða úrelt og í ósamræmi við nútímakröfur á því sviði. Á það jafnt við um ýmis ákvæði siglingalaganna sem sjómannalaganna. Endurskoðun þessara tveggja lagabálka er því mjög aðkallandi, og má vænta þess, að Alþingi geti fallizt á þau rök, er fyrir því liggja.

Sþ. 524. Nefndarálit

um till. til þál. um innflutning heimilisvéla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með, að hún verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við tillgr. bætist: eftir því, sem við verður komið.

Alþingi, 13. marz 1947.

Ingólfur Jónsson, form.	Sigfús Sigurhjartarson, frsm.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.
Finnur Jónsson.	Jón Sigurðsson.	Bernh. Stefánsson.
	Sigurður Bjarnason.	

Sþ. 525. Breytingartillögur

við till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að frv. um meðferð opinberra mála verði lagt fyrir Alþingi.

Frá allsherjarnefnd.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara, svo fljótt sem verða má, endurskoðun á gildandi lögum og reglum um meðferð opinberra mála. Skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn í þessum efnum, ef nauðsyn krefur. Að þessari endurskoðun lokinni leggi ríkisstjórnin fyrir Alþingi frv. um meðferð opinberra mála.
2. Fyrirsögnin verði:
   Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun löggjafar um meðferð opinberra mála.

Sþ. 526. Nefndarálit

um till. til þál. um héraðabönn.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa á nokkrum fundum. Heimild til þess að láta fara fram atkvæðagreiðslu kjósenda um stofnsetningu eða lokun áfengisútsölustaða er gefin í l. nr. 26 frá 18. febr. 1943, en hefur ekki enn verið látin koma til framkvæmda. Þar eð áfengisnautn þjóðarinnar hefur farið mjög vaxandi á hinum síðari árum og margar raddir eru uppi um, að ráðstafanir þurfi að gera til þess að stemma stigu fyrir henni, m. a. með því að láta framanskráða heimild koma til framkvæmda, hefur meiri hl. n. orðið ásáttur um að leggja til, að till. verði samþykkt. Ýmsum fleiri tillögum um áfengismál hefur verið vísað til nefndarinnar, og voru nokkuð skiptar skoðanir um þær meðal nefndarmanna, en að samkomulagi varð að fresta að gera tillögur um afgreiðslu þeirra, með tilliti til þess að fá samkomulag um afgreiðslu þessarar tillögu, er flestir nefndarmenn töldu hina mikilvægustu.

Einn nefndarmanna (JS) lýsti sig mótfallinn samþykkt till., annar nm. (SB) var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Tveir nefndarmenn (JörB og BSt) skrifa undir nál. með fyrirvara, er þeir munu gera grein fyrir undir umr.

Alþingi, 13. marz 1947.

Ingólfur Jónsson, form. — Jörundur Brynjólfsson, fundaskr., með fyrirvara. — Finnur Jónsson, frsm.

Bernh. Stefánsson, með fyrirvara. — Sigfús Sigurhjartarson.

Nd. 527. Breytingartillögur

við frv. til l. um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá Finni Jónssyni.

1. Við 8. gr. Í stað „6%“ í 5. tölul. kemur: 5%.
2. Við 10. gr. Fyrir „6%“ í niðurlagi síðari mgr. 3. tölul. kemur: 5%.

Nd. 528. Breytingartillaga

við frv. til l. um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélaga, fyrstu þrjú starfsárin eftir gildistöku þessara laga.

Nd. 529. Frumvarp til laga

um skipulag og hýsingu prestssetra.

(Eftir eina umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 286 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:
Í fjárlögum skal árlega veitt fé til allt að fjögurra prestsseturshúsa, þar til lokið er að byggja upp sómasamlega öll prestssetur landsins. Áætlar húsameistari ríkisins byggingarkostnaðinn hverju sinni.

Ed. 530. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í stað 5. og 6. efnismálsliðar koma þrír málsliðir svo látandi:
Á næsta fundi sameinaðs Alþingis ber forseti það undir atkvæði umræðulaust, hvort fyrirspurn, hver um sig á listanum, skuli leyfð eða ekki. Eigi síðar en viku eftir að fyrirspurnalista er útbýtt, skal forseti síðan taka á dagskrá þingsins í upphafi fundar sérstakan lið, er nefnist fyrirspurnir. Ráðherra sá eða ráðherrar, er hlut eiga að máli, svara þá fyrirspurn þeirri eða fyrirspurnum, sem leyfðar hafa verið, og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðum.

Nd. 531. Breytingartillaga

við frv. til laga um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá Áka Jakobssyni.

1. Við 10. gr. 2. tölulið. Í stað „5%“ komi: 2½%.
2. Við 10. gr. 3. tölulið. Liðurinn fellur niður.

Nd. 532. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Aftan við I. kafla, 17. gr., laga nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, komi ný grein, svo hljóðandi:

Um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu loftfari skal farið eftir reglunum um fasteignir, að svo miklu leyti sem þeim verður við komið.

Greinargerð.

Íslendingar hafa nú eignazt álitlegan flugflota. Þessar flugvélar eru flestar allstórar og verðmætar. Liggur í hverri þeirra það mikið fjármagn, að meira svipar til skipa en annarra samgöngutækja.

Að íslenzkum rétti gilda mjög ólíkar reglur um eignarafsöl og um veðréttindi og önnur hlutaréttindi, eftir því hvort um fasteign ræðir eða lausafjármuni. Siglingalögin frá 1914 kveða svo á í 5. gr., að fasteignareglur en ekki lausafjár skuli gilda um eignarrétt og eignarhöft að skrásettum skipum. Virðist eðlilegt, að hið sama gildi um skrásett loftför. Er því flutt hér sú tillaga, að ákvæði, hliðstæðu 5. gr. siglingalaganna, verði skeytt við lögin um loftferðir.

Slík lagasetning mundi m. a. gera íslenzkum flugvélaeigendum greiðara fyrir um lántökur, þar sem sjálfsvörzluveð í lausafé veitir miklu minni tryggingu en það sjálfsvörzluveð í loftförum, sem fengist, ef frv. þetta yrði að lögum og veita mundi veðrétt sambærilegan við veð í fasteignum og skipum.

Um skráning íslenzkra loftfara eru ýtarlegar reglur í lögunum frá 1929 um loftferðir.

Sþ. 533. Tillaga til þingsályktunar

um sérstök sjúkralaun til handa Geir Sigurðssyni, fyrrverandi lögregluþjóni.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að greiða Geir Sigurðssyni, fyrrverandi lögregluþjóni, frá síðustu áramótum mánaðarlega 250 kr. með dýrtíðaruppbót, vegna heilsubilunar þeirrar, er hann hlaut sem starfsmaður lögreglunnar undir forustu ríkisvaldsins 9. nóv. 1932.

Greinargerð.

Einn af þeim lögreglumönnum, sem slösuðust mest í lögregluliðinu 9. nóv. 1932, var Geir Sigurðsson. Hann var þá á bezta aldri, 32 ára gamall. Geir er Sunnmýlingur að ætt og uppruna, vaskleikamaður til allrar áreynslu, kurteis og góðgjarn. Þegar hann kom í lögregluliðið 1929, var hann vanur allri framleiðsluvinnu bæði á sjó og landi og mjög eftirsóttur til starfa. Í lögreglunni hlaut hann hið bezta orð. Í átökunum 9. nóv. 1932 stóðu ríkisvaldið og bæjarstjórnarmeirihluti Reykjavíkur saman og báru sameiginlega ábyrgð á því, að lögreglan tæmdi fundarhúsið að áheyrendum og leitaðist við að koma bæjarfulltrúunum ómeiddum af fundinum. Þegar komið var út úr fundarhúsinu, tvístraði mannfjöldinn lögreglunni. Fékk Geir þá mikið högg aftan frá á hálsinn og höfuðið. Virtist lurk hafa verið kastað í hann og miðað til höfuðsins. Féll Geir þá, og var troðið ofan á honum, þannig að hann hlaut var-

anleg meiðsli innvortis. Góðir menn björguðu Geir meðvitundarlausum inn til læknis, og fékk hann þar fyrstu aðgerð. Eftir það lá hann lengi í sjúkrahúsi og hefur síðan verið undir umsjón margra lækna. Hann varð rólfær aftur, reyndi að starfa í lögreglunni, en hefur ekki heilsu til þess. Getur hann ekki sinnt neinni áreynsluvinnu. Bærinn borgar honum 250 kr. mánaðarlega í sjúkralaun, og er hér farið fram á, að ríkið greiði honum jafnmikið. Ef Geir hefði ekki misst heilsuna í þjónustu ríkis og bæjar, mundi hann nú hafa yfir 700 kr. í mánaðarkaup í lögreglunni. Er hér farið fram á, að hann fái þann styrk, að nokkur von sé um, að hann geti framfleytt sér og fjölskyldu sinni án þess að verða mannaþurfi.

Menn geta deilt um réttmæti þeirra aðgerða, sem orsökuðu óeirðirnar 9. nóv. 1932, en enginn getur kennt lögreglunni um, að hún eigi sök á þeim. Ríkisvaldið var samþykkt meiri hluta bæjarstjórnar um, hvað gera skyldi. Bærinn viðurkennir sína ábyrgð. Ríkisvaldið á eftir að greiða Geir Sigurðssyni bætur að sínu leyti. Hefur hann nú búið við þrálátt heilsuleysi, atvinnuleysi og fátækt í 15 ár, fyrir það að hafa hlýtt yfirboðurum sínum við skylduverk í þágu mannfélagsins.

Sþ. 534. Tillaga til þingsályktunar

um að tryggja vetrarleið eftir Aðaldal í Þingeyjarsýslu fyrir hlaupum úr Laxá.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að nota af viðhaldsfé þjóðvega 1947 nægilega fjárhæð til að tryggja vetrarleiðina um Aðaldal fyrir hlaupum úr Laxá.

Greinargerð.

Um nokkur undanfarin ár hefur Laxá í Þingeyjarsýslu stíflazt um lengri eða skemmri tíma í miklum frostum og hlaupið yfir þjóðveginn á hálfs km svæði og síðan horfið í hraunið nokkru vestar. Þegar þetta kemur fyrir, má kalla, að tekið sé fyrir alla flutninga milli Húsavíkur og uppsveita Þingeyjarsýslu austan Ljósavatnsskarðs. Nú í vetur hefur þetta flóð staðið í meira en mánuð. Póstferðir milli Húsavíkur og austursveita Þingeyjarsýslu hafa lagzt niður á þessu tímabili, hvað þá þungavöruflutningar. Stöðvun af þessu tagi er fyrir Þingeyjarsýslu svipuð og lokun Ölfusárbrúarinnar vikum eða mánuðum saman mundi vera fyrir Suðurland. Vegamálastjóri reyndi að láta sprengja rásir í klakastíflurnar með dynamit, en það bar ekki árangur. Flóðið er svo djúpt á þjóðveginum, að hann er með öllu ófær, þar til áin hverfur aftur í farveg sinn. Virðist tæplega um annað að ræða en leggja á sumri komanda vetrarveg yfir hraunið, utar en það láglendi, sem Laxá flæðir nú yfir. Kaupfélag Þingeyinga hefur mestra hagsmuna að gæta um vöruflutninga á þessum vegi. Hefur það auk þess í smíðum mjólkurbú, sem á að geta tekið til starfa í sumar. Mundi megnið af mjólkursendingum til Húsavíkur verða flutt eftir þeim vegi, sem nú er tepptur. Lét kaupfélagið gera bráðabirgðaáætlun um vetrarveg á þessum kafla, og er hún á þessa leið:

„Karl Knútsstöðum og Jón Jarlsstöðum mældu í dag breidd Laxárflóðsins á þjóðveginum telja hana ca. 600 m stop nægilegan hjáveg telja þeir þurfa vera ca. 700 m álíta ódýrari nýbyggingu hans en hækkun gamla vegarins svo dugi.“

Þar sem hér verður um töluverð útgjöld að ræða, er farið fram á, að Alþingi heimili að greiða þennan kostnað af viðhaldsfé þjóðvega.

Ed. 535. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

31. gr. laga nr. 115 1936 orðist svo:

Nú vill alþingismaður beiðast skýrslu ráðherra, óska upplýsinga eða svars um einstök atriði eða mál, og gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu Alþingi, er afhent sé forseta. Fyrirspurnir skulu vera skýrar, um afmörkuð atriði og mál, og sé við það miðað, að hægt sé að svara þeim í stuttu máli. Engar greinargerðir skulu skráðar né prentaðar með fyrirspurnum. Forseti felur skrifstofu Alþingis að safna saman þeim fyrirspurnum, er þannig kunna fram að koma, og láta prenta þær vikulega, ef borizt hefur ein fyrirspurn eða fleiri, og útbýta meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi sameinaðs Alþingis ber forseti það undir atkvæði umræðulaust, hvort fyrirspurn, hver um sig á listanum, skuli leyfð eða ekki. Eigi síðar en viku eftir að fyrirspurnalista er útbýtt, skal forseti síðan taka á dagskrá þingsins í upphafi fundar sérstakan lið, er nefnist fyrirspurnir. Ráðherra sá eða ráðherrar, er hlut eiga að máli, svara þá fyrirspurn þeirri eða fyrirspurnum, sem leyfðar hafa verið, og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðum. Þó mega þingmenn, aðrir en ráðherrar, ekki tala oftar en tvisvar um hverja fyrirspurn, og eigi lengur en 5 mínútur í senn.

Rétt er alþingismönnum einnig að nota sér heimild 54. gr. stjórnarskrárinnar um að beiðast skýrslu ráðherra í þingdeildum.

Við umræður um fyrirspurnir má engar ályktanir gera.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 536. Frumvarp til laga

um þjóðhátíðardag Íslendinga 17. júní og almennan frídag 1. maí.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

1. gr.

17. júní er þjóðhátíðardagur Íslendinga. Er bæjar- og sveitarstjórnum um land allt skylt að sjá um, að stofnað verði til hátíðarhalda þann dag. Öll vinna er bönnuð 17. júní nema óhjákvæmileg störf. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um ákvæði greinar þessarar.

2. gr.

1. maí er almennur frídagur um land allt, og er öll vinna þá óheimil nema óhjákvæmileg störf.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við 17. júní eru tengdar tvær af helgustu minningum íslenzku þjóðarinnar. Þann dag 1811 er fæddur Jón Sigurðsson, sá maður, sem mestan og beztan þátt hefur átt í endurheimt íslenzks sjálfstæðis, og í samræmi við þann sess, er þessi afmælis-

dagur frelsishetjunnar skipar í vitund þjóðarinnar, var 17. júní 1944 valinn fyrir þá stund, er íslenzkt lýðveldi var endurreist. Íslenzkir íþróttamenn og samtök þeirra höfðu um langt árabil haldið 17. júní hátíðlegan, þegar lýðveldisstofnunin fór fram 1944. Síðan hafa hátíðarhöldin þennan dag verið á hendi fleiri og verið almennari, og er svo komið, að dagurinn er orðinn þjóðhátíðardagur, og virðist því í alla staði eðlilegt, að dagurinn sé lögboðinn sem slíkur.

1. maí hefur verið hátíðlegur haldinn af verkalýðnum víðs vegar í heiminum í langan tíma. Hér á landi hefur dagsins verið minnzt síðan 1923, og er nú svo komið, að í samningum allra stéttarfélaga og vinnuveitenda er gert ráð fyrir frídegi þennan dag, svo að segja má, að dagurinn sé nú þegar almennur frídagur og því eðlilegt og í samræmi við óskir vinnandi fólks víðs vegar á landinu, að 1. maí sé lögboðinn sem almennur frídagur.

Með frumvarpi þessu, ef samþykkt verður, er ákvörðun fólksins sjálfs staðfest með lögum.

Nd. 537. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og sent það til umsagnar Tannlæknafélagi Íslands og landlækni. Fara umsagnir þessara aðila hér á eftir:

TANNLÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 14. marz 1947.

Samkvæmt ósk háttvirtrar menntamálanefndar neðri deildar Alþingis í bréfi, dags. 22. febrúar þessa árs, hefur Tannlæknafélag Íslands á félagsfundi 12. þ. m. tekið til athugunar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild Háskólans.

Það var einróma álit fundarins, að áherzlu bæri að leggja á, að hæfni íslenzkra tannlækna, sem útskrifuðust frá læknadeild Háskólans yrði ekki lakari en þeirra, sem nám stunda við erlenda tannlæknaskóla, og til þess að ná því marki væri heppilegast að haga náminu líkt og gerist á Norðurlöndum, þ. e. að tannlæknaefnin stundi verklegt og bóklegt nám allan námstímann jöfnum höndum.

Ef nægilegt fé verður veitt til kennslunnar og kennurum gert fært að afla sér sérmenntunar hver í sinni grein, eins og tíðkast við tannlæknaskóla á Norðurlöndum, álítum við námstilhögun þá, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, vera æskilega. Annars er ekki unnt að mynda sér ákveðna skoðun á þessu máli fyrr en reglugerð hefur verið samin. Væntum við að fá að láta álit okkar í ljós, þegar þar að kemur, og verða hafðir með í ráðum við samningu reglugerðarinnar.

Virðingarfyllst.

F. h. Tannlæknafélags Íslands.

Hallur L. Hallsson. Th. Brynjólfsson.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

LANDLÆKNIRINN

Reykjavík, 1. marz 1947.

Til svars bréfi háttvirtrar menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 22. f. m., þar sem beiðzt var umsagnar minnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild Háskólans, vil ég láta þess getið, að mál þetta var tekið upp af læknadeildinni í samráði við mig, og leyfi ég mér að mæla hið bezta með samþykkt þess. Ég vil þó taka fram, að vitaskuld er til þess ætlazt, að læknar og læknastúdentar, sem lokið hafa miðhlutaprófi í læknisfræði, geti eftir sem áður átt aðgang að tannlæknakennslunni, án þess að þurfa að ljúka prófum þar í hinum almennu undirbúningsgreinum tannlæknanámsins. Sakna ég, að ekki skuli að þessu vikið í greinargerðinni, og væri e. t. v. ástæða til að taka ákvæði þar að lútandi beinlínis upp í frumvarpið, og jafnvel nokkru rýmra en í núgildandi lögum, þannig að próf læknastúdenta í einstökum greinum megi, eftir því sem við getur átt, meta jafngild prófum tannlæknastúdenta í sömu greinum, enda styttist tannlæknanám lækna og læknastúdenta að sama skapi. Ákvæði um þetta mætti bæta inn í frumvarpið aftan við 1. gr. og orða það á þessa leið:

Sérstaklega skal kveða á um tilhögun tannlæknanáms lækna og læknastúdenta, sem lokið hafa prófi í fleiri eða færri greinum almennrar læknisfræði, enda skulu þeir undanþegnir prófi tannlæknastúdenta í þeim greinum, eftir því sem við getur átt.

Breytingartillögu þessa hef ég borið undir tannlæknakennara læknadeildar Háskólans og dekanus deildarinnar, og eru þeir báðir henni samþykkir.

Vilm. Jónsson.

Menntamálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Við greinina bætist:

Sérstaklega skal kveða á um tilhögun tannlæknanáms lækna og læknastúdenta, sem lokið hafa prófi í fleiri eða færri greinum almennrar læknisfræði, enda skulu þeir undanþegnir prófi tannlæknastúdenta í þeim greinum, eftir því sem við getur átt.

Tveir nefndarmanna (BG og SB) voru fjarstaddir, er málið var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 18. marz 1947.

Sigfús Sigurhjartarson, form., frsm.	Gunnar Thoroddsen, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.

Ed. 538. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar alllengi og sent félagsmálaráðuneytinu það til umsagnar.

Félagsmálaráðuneytið var í umsögn sinni efnislega fylgjandi frv. með smábreytingu, en lagði til, að beðið yrði með afgreiðslu þess eftir áliti milliþinganefndar um útsvarsmál. Milliþinganefnd þessi var skipuð 28. nóv. f. á., og sagði ráðu-

neytið, að fyrir hana hefði verið lagt að skila áliti sínu fyrir 1. febrúar þ. á. Nefndin leitaði síðan álits milliþinganefndarinnar um frv., en hún taldi sig ekki vera tilbúna að segja álit sitt um það.

Minni hl. nefndarinnar telur ekki fært að bíða lengur með afgreiðslu frv. og leggur því til, að það verði samþ. með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 1. málsgr. 8. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Sé gjaldþegn félag samkvæmt 6. gr. II. 1. tölul., skal leggja útsvar á hann þar, sem hann rekur atvinnu. Ef slíkt félag rekur atvinnu í fleiri sveitum en einni, má á hverjum stað aðeins leggja á þær eignir, sem þar eru, og þær tekjur, sem þaðan eru fengnar.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Á eftir 2. gr. komi ný gr., er verður 2. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
4. Við fyrirsögn frv. Fyrirsögn frv. verði þannig:
   Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Alþingi, 18. marz 1947.

Hermann Jónasson, form., frsm.
Ásmundur Sigurðsson, fundaskr.

Nd. 539. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 528 [Innlend endurtrygging].

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Í stað orðanna „Greinin orðist svo“ komi: Fyrri málsgr. orðist þannig.

Ed. 540. Lög

um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

(Afgreidd frá Ed. 18. marz.)

Samhljóða þskj. 201.

Ed. 541. Breytingartillaga

við frv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 7. gr. Í stað orðanna „eða sérfræðingur um smíði tréskipa eða siglingafræðingur“ í 2. málslið komi: og hafi að minnsta kosti verið í siglingum 6 mánuði á skipi yfir 300 smálestir.

Sþ.

542. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr.	4. (Verðtollur).		
			Fyrir „42 000 000“ kemur		50 000 000
2.	—	3. —	A. Sundurliðun. 1. I. (Tekjur póstsjóðs).		
			Fyrir „5 600 000“ kemur		6 400 000
3.	—	3. —	A. Sundurliðun. 2. I. (Tekjur landssímans).		
			Fyrir „13 700 000“ kemur		17 200 000
4.	—	3. —	A. Sundurliðun. 2. II. a. (Notendasímar í sveitum).		
			Fyrir „800 000“ kemur		1 000 000
5.	—	3. —	A. Sundurliðun. 3. I. (Áfengisverzlunin. Tekjur).		
			Fyrir „27 000 000“ kemur		38 915 000
6.	—	3. —	A. Sundurliðun. 4. I. (Tekjur tóbakseinkasölu).		
			Fyrir „10 000 000“ kemur		16 940 000
7.	—	10. —	III. 10. (Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum).		
			Fyrir „75 000“ kemur		250 000
8.	—	11. —	B. 7. a. (Mat á saltfiski og ísvörðum fiski).		
			Fyrir 2. og 3. lið kemur:		
			Skrifstofukostnaður		11 300
9.	—	11. —	B. 7. c. 2. (Síldarmat. Annar kostnaður).		
			Fyrir „26 000“ kemur		10 500
10.	—	11. —	B. 12. Liðurinn orðist svo:		
			Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum:		
			Gjöld		2 000 000
			÷ Tekjur		2 000 000
11.	—	11. —	B. 13. (Kostnaður við húsaleigunefndir).		
			Fyrir „150 000“ kemur		100 000
12.	—	12. —	V. (Styrkur skv. l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla).		
			Fyrir „1 970 000“ kemur		1 900 000
13.	—	12. —	IX. (Fjórðungssjúkrahús á Akureyri).		
			Fyrir „300 000“ kemur		400 000
14.	—	13. —	A. II. a. Liðurinn orðist svo:		
			Til nýrra akvega:		
			1. Kjósarvegur		10 000
			2. Akrafjallsvegur		60 000
			3. Hvalfjarðarferjuvegur		250 000
			4. Svínadalsvegur		30 000
			5. Lundarreykjadalsvegur		30 000
			6. Bæjarsveitarvegur		35 000
			7. Hálsasveitarvegur		25 000
			8. Hvítársíðuvegur		25 000
			9. Álftaneshreppsvegur		60 000
			10. Hraunhreppsvegur		25 000
			11. Hnappadalsvegur		20 000
			12. Ólafsvíkurvegur		130 000
			13. Hellissandsvegur		30 000
			14. Fróðárhrepps-	20 000	
			og Eyrarsveitarvegur	30 000	
					50 000

15.	Skógarstrandarvegur	60 000
16.	Dalasýsluvegur	100 000
17.	Klofningsvegur	40 000
18.	Skarðsstrandarvegur	60 000
19.	Reykhólavegur	60 000
20.	Gufudalsvegur	50 000
21.	Barðastrandarvegur	300 000
22.	Tálknafjarðarvegur	60 000
23.	Rauðasandsvegur	90 000
24.	Bíldudalsvegur	60 000
25.	Dalahreppsvegur	45 000
26.	Rafnseyrarheiðarvegur	150 000
27.	Botnaheiðarvegur	30 000
28.	Súðavíkurvegur	90 000
29.	Aðalvíkurvegur	20 000
30.	Þorskafjarðarheiðarvegur	50 000
31.	Ármúlavegur	30 000
32.	Bolungavíkurvegur	200 000
33.	Bitruvegur	200 000
34.	Bæjarhreppsvegur	20 000
35.	Miðfjarðarvegur	40 000
36.	Vesturhópsvegur	70 000
37.	Svínvetningabraut	60 000
38.	Skagastrandarvegur	120 000
39.	Gönguskarðsvegur	100 000
40.	Sauðárkróksbraut	20 000
41.	Út-Blönduhlíðarvegur	50 000
42.	Hofsósvegur	50 000
43.	Hólavegur	50 000
44.	Siglufjarðarskarðsvegur	250 000
45.	Ólafsfjarðarvegur	400 000
46.	Hrísavegur	20 000
47.	Hörgárdalsvegur	20 000
48.	Öxnadalsheiðarvegur	750 000
49.	Laugalandsvegur	50 000
50.	Fnjóskadalsvegur	20 000
51.	Ljósavatnsskarðsvegur	40 000
52.	Kinnarbraut í Ljósavatnshreppi	80 000
53.	Bárðardalsvegur	25 000
54.	Hvammsheiðarvegur	30 000
55.	Tjörnesvegur	20 000
56.	Kelduhverfisvegur	40 000
57.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur	80 000
58.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar	20 000
59.	Langanesvegur	20 000
60.	Brekknaheiðarvegur	60 000
61.	Bakkafjarðarvegur	30 000
62.	Vopnafjarðarvegur	40 000
63.	Hróarstunguvegur	40 000
64.	Upphéraðsvegur	15 000
65.	Jökuldalsvegur	20 000
66.	Úthéraðsvegur	60 000
67.	Borgarfjarðarvegur	20 000
68.	Fjarðarheiðarvegur	125 000

69.	Skógavegur	10 000
70.	Eskifjarðarvegur	20 000
71.	Oddsskarðsvegur	300 000
72.	Fáskrúðsfjarðarvegur	100 000
73.	Stöðvarfjarðarvegur	75 000
74.	Berunesvegur	20 000
75.	Breiðdalsvíkurvegur	20 000
76.	Geithellnavegur	40 000
77.	Lónsheiðarvegur	50 000
78.	Almannaskarðsvegur	40 000
79.	Melatangavegur	30 000
80.	Innnesjavegur	20 000
81.	Mýravegur	20 000
82.	Suðursveitarvegur	20 000
83.	Öræfavegur	20 000
84.	Síðuvegur	20 000
85.	Landbrotsvegur	20 000
86.	Meðallandsvegur	25 000
87.	Mýrdalsvegur	60 000
88.	Eyjafjallavegur	40 000
89.	Syðri-Landeyjavegur	50 000
90.	Ytri-Landeyjavegur	75 000
91.	Rangárvallavegur	25 000
92.	Þykkvabæjarvegur	35 000
93.	Hagabraut	75 000
94.	Landvegur	35 000
95.	Gnúpverjahreppsvegur	20 000
96.	Grafningsvegur	20 000
97.	Hrunamannahreppsvegur	60 000
98.	Laugardalsvegur	20 000
99.	Skálholtsvegur	110 000
100.	Partavegur	20 000
101.	Selvogsvegur	400 000
102.	(Austurlandsvegur) Mývatnsöræfavegur	50 000

15. Við 13. gr. A. III. Liðurinn orðist svo:

Brúargerðir:

1.	Reiðgil á Öxnadalsheiði	140 000
2.	Holtakill á Mýrum í A.-Skaft.	65 000
3.	Laxá í Lóni	80 000
4.	Hörðudalsá í Dölum	115 000
5.	Heinabergsvötn í Suðursveit	115 000
6.	Tunguá í Lundarreykjadal	130 000
7.	Brúará í Fljótshverfi	35 000
8.	Álftá á Mýrum	50 000
9.	Ósá hjá Bolungavík	55 000
10.	Lambadalsá á Skógarströnd	65 000
11.	Blanda hjá Löngumýri	200 000
12.	Bakkadalsá í Arnarfirði	20 000
13.	Skaftá undan Heiði	30 000
14.	Múlakvísl (endurveiting)	160 000
15.	Norðurá við Öxnadalsheiði	260 000
16.	Haukadalsá á Haukadalsvegi í Dölum	33 000
17.	Svínadalsá í Dalasýslu	75 000
18.	Kleifá í Dalasýslu	55 000

19.	Arnarbýlisá á Barðaströnd	75 000
20.	Móra á Barðaströnd	75 000
21.	Víðinesá á Hólavegi	75 000
22.	Stafá í Fljótum	55 000
23.	Jökulsá í Fljótsdal	125 000
24.	Selá í Steingrímsfirði	75 000
25.	Selá á Langadalsströnd	75 000
26.	Ýmsar smábrýr	262 000

16. Við 13. gr. A. XIV. (Verkstjóranámskeið).
Orðið „(endurveiting)“ fellur burt.

17. — 13. — C. VIII.

a. Liðurinn orðist svo:
Til hafnarmannvirkja:

1.	Akranes	330 000
2.	Akureyri	200 000
3.	Bolungavík	300 000
4.	Dalvík	100 000
5.	Eskifjörður	75 000
6.	Flateyri	75 000
7.	Hafnarfjörður	330 000
8.	Hofsós	50 000
9.	Húsavík	330 000
10.	Ísafjörður	200 000
11.	Neskaupstaður	150 000
12.	Ólafsfjörður	330 000
13.	Ólafsvík	25 000
14.	Patreksfjörður	300 000
15.	Raufarhöfn	40 000
16.	Sauðárkrókur	200 000
17.	Seyðisfjörður	100 000
18.	Siglufjörður	330 000
19.	Skagaströnd	330 000
20.	Stykkishólmur	150 000
21.	Súgandafjörður	150 000
22.	Vestmannaeyjar	330 000
23.	Þingeyri	165 000
24.	Þórshöfn	50 000
25.	Höfn í Hornafirði	130 000

b. Nýr (rómv.) liður:
Til lendingarbóta:

1.	Alviðruvör	10 000
2.	Arnarstapi	25 000
3.	Bakkafjörður	75 000
4.	Blönduós	50 000
5.	Borgarfjörður (eystra)	50 000
6.	Breiðdalsvík	65 000
7.	Búðardalur	20 000
8.	Bæir í Snæfjallahreppi	10 000
9.	Djúpivogur	50 000
10.	Drangsnes	75 000
11.	Eyrarbakki	50 000
12.	Flatey á Breiðafirði	100 000
13.	Flatey á Skjálfanda	25 000

14.	Gerðar í Garði	50 000
15.	Grafarnes í Grundarfirði	75 000
16.	Grindavík (Járngerðarst.)	150 000
17.	Grímsey	25 000
18.	Hafnarnes	50 000
19.	Hvallátur	10 000
20.	Hvalsker	10 000
21.	Hvammstangi	70 000
22.	Kaldrananes	50 000
23.	Kópasker	25 000
24.	Mjóifjörður	50 000
25.	Reykjanes við Ísafjarðardjúp	25 000
26.	Sandgerði	150 000
27.	Staðarfell	10 000
28.	Stokkseyri	50 000
29.	Stöðvarfjörður	100 000
30.	Súðavík	50 000
31.	Vatnsfjörður	20 000
32.	Vogar	200 000
33.	Vopnafjörður	100 000
34.	Þorlákshöfn	330 000
35.	Örlygshöfn	20 000
36.	Loðmundarfjörður	5 000

18. Við 14. gr. B. I. a. 3. (Námsstyrkir).
Fyrir „125000“ kemur 140 000

19. — 14. — B. VII. d. (Stýrimannaskólinn, til áhaldakaupa). Nýr stafl.:
Til útgáfu kennslubókar í siglingafræði 25 000

20. — 14. — B. X. 1. h. (Bændask. á Hólum, annar kostn.). Nýr stafl.:
Til kennsluáhalda 5 000

21. — 14. — B. X. 2. f. (Bændask. á Hvanneyri, annar kostn.). Nýr stafl.:
Til viðgerðar á fjósi staðarins 100 000

22. — 14. — B. X. 3. f. (Garðyrkjusk. á Reykjum, annar kostn.).
Fyrir „21 000“ kemur 18 000

23. — 14. — B. XIII. d. (Námsstyrkur til sveitastúlkna).
Fyrir „2 500“ kemur 5 000

24. — 14. — B. XIV. 6. (Styrkur til byggingar barnaskóla o. fl.).
Fyrir „2 000 000“ kemur 4 500 000

25. — 14. — B. XV. 1. h. (Alþýðuskólinn á Eiðum, fyrning). Nýr stafl.:
Til endurnýjunar og viðgerðar á rafstöðinni, gegn 12 þús. kr. framlagi frá ríkisútvarpinu 40 000

26. — 14. — B. XV. 3. (Stofnkostnaður gagnfræða- og héraðsskóla).
Fyrir „1 500 000“ kemur 5 000 000

27. — 14. — B. XVI. 2. (Til byggingar húsmæðraskóla).
Fyrir „800 000“ kemur 1 500 000

28. — 14. — B. XVI. 3. (Til húsmæðrakennaraskólans).
a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „9 600“ kemur 15 600
b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „18 240“ kemur 31 200

29. — 14. — B. XVII. 2. (Til íþróttasjóðs).
Fyrir „700 000“ kemur 1 000 000

30. — 14. — B. XVII. 8. Nýr tölul.:
Til undirbúnings þátttöku í Olympíuleikunum 1948 .... 50 000

31. — 14. — B. XXVII. Nýr liður:
Til Sigursveins Kristinssonar, Ólafsfirði, til tónlistarnáms 6 000

32.	Við 14. gr.	B. XXIX. 2. (Ranns. á þroska skólabarna, Annar kostn.). Fyrir „15 000“ kemur			25 000
33.	— 15. —	A. III. 7. (Til viðgerðar Hólakirkju). Fyrir „2 000“ kemur			90 000
34.	— 15. —	A. VI. 18. Nýir liðir:			
		a. Til bókasafns Ólafsfjarðar			2 500
		b. Til bókasafns á Kópaskeri			1 000
35.	— 15. —	A. VI. 30. Nýr liður:			
		Byggingarstyrkir til bókasafna:			
		a. Akranes	25 000		
		b. Flatey	10 000		
		c. Húsavík	10 000		
		d. Ísafjörður	5 000		
					50 000
36.	— 15. —	A. VII. 10. Nýr liður:			
		Til að þýða rit Jóns Dúasonar á enska tungu			25 000
37.	— 15. —	A. VII. 11. Nýir liðir:			
		a. Til Björns Guðfinnssonar, utanfararstyrkur (endurveiting)			30 000
		b. Til samningar íslenzkrar orðabókar, gegn jafnmiklu framlagi frá Sáttmálasjóði:			
		1. Grunnstyrkur	15 000		
		2. Verðlagsuppbót	28 500		
					43 500
38.	— 15. —	A. VII. 12. Nýr liður:			
		Til útgáfu á afmælisriti, Olgeirsrímum Guðmundar Bergþórssonar, til heiðurs William Craigie			20 000
39.	— 15. —	A. VII. 15. Nýr liður:			
		Styrkur til Stúdentasambands Íslands, til að halda landsmót 1947			15 000
40.	— 15. —	A. IX. (Vísindamenn og fræðimenn).			
		Liðurinn fellur niður.			
41.	— 15. —	A. X. 3. Nýr liður:			
		Til Leikfélags Akureyrar vegna sýningar á leikritinu „Skálholt“			3 000
42.	— 15. —	A. XI. 4. Nýr liður:			
		Til Lúðrasveitar Akureyrar, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að			10 000
43.	— 15. —	A. XI. 8. Nýr liður:			
		Til Páls Kr. Pálssonar, til tónlistarnáms í Stokkhólmi			6 000
44.	— 15. —	A. XVII. (Umbætur á Þingvöllum).			
		Fyrir „80 000“ kemur			100 000
45.	— 16. —	A. 1. (Búnaðarfélag Íslands).			
		Fyrir „800 000“ kemur			1 000 000
46.	— 16. —	A. 5. Tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins).			
		Fyrir „240 000“ kemur			300 000
47.	— 16. —	A. 11. (Fyrirhleðsla Þverár og Markarfljóts).			
		a. Fyrir „200 000“ kemur			300 000
		b. Nýir liðir:			
		1. Til fyrirhleðslu í Kaldaklifsá undir Eyjafjöllum			50 000
		2. Til fyrirhleðslu fyrir Hólmsá á Mýrum í A.-Skaft.			12 000
		3. Til fyrirhleðslu í Jökulsá í Lóni			150 000

48. Við 16. gr. A. 15. Liðurinn orðist svo:
a. Laun:
1. Grunnlaun 40 375
2. Verðlagsuppbót 76 713
117 088
b. Skrifstofukostnaður 29 400
c. Til skógræktarfélaga 100 000
d. Til skóggræðslu og friðunar á skóglendi o. fl. 400 000
646 488

49. — 16. — A. 17. (Búreikningaskrifstofa).
Fyrir „40 000“ kemur 20 000

50. — 16. — A. 19. Nýir liðir:
a. Til verndunar æðarvarpi og uppeldisstöð fyrir æðarfugl 25 000
b. Til búvélaverkstæða í sveitum, þó ekki yfir ¼ byggingarkostnaðar 150 000
Þar af til búvélaverkstæðis kaupfélagsins Þór á Hellu 50 þús. kr.

51. — 16. — A. 26. Nýr liður:
Til vélsmiðju í Hólmi í Landbroti 10 000

52. — 16. — C. 2. Nýr liður:
Kostnaður við iðnráð 10 000

53. — 16. — D. I. (Stjórn raforkumála).
a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „165 100“ kemur 139 300
b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „313 890“ kemur .. 264 690
c. Við ÷ Tekjur. Fyrir „710 000“ kemur 720 000

54. — 16. — D. II. (Rafmagnsveitur ríkisins).
a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „207 100“ kemur 139 300
b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „393 200“ kemur .. 265 000
c. Við 2. (Skrifstofukostnaður) Fyrir „160 000“ kemur 145 000
d. Við 8. Nýr liður:
Til nýrra raforkuframkvæmda 1 000 000
e. Við ÷ Tekjur:
1. Tekjur af vöruumsetningu o. fl.:
Fyrir „820 000“ kemur 700 000
2. Fært á nýbyggingar og viðhald:
Fyrir „500 000“ kemur 409 000

55. — 16. — D. III. (Rafmagnseftirlit ríkisins).
a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „76 500“ kemur 69 900
b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „145 290“ kemur .. 132 890
c. Við 4. (Annar kostnaður). Fyrir „95 210“ kemur ... 90 210
d. Við ÷ Tekjur:
1. (Árgjöld rafveitna). Fyrir „160 000“ kemur 170 000
2. (Aðflutningsgjöld o. a.). Fyrir „135 000“ kemur .. 140 000

56. — 17. — 4. Nýr liður:
Til styrktar- og sjúkrasjóða samkv. úthlutun félagsmálaráðuneytisins 18 000

57. — 17. — 5. a. 2. (Gamalmennahæli, byggingarstyrkur).
Liðurinn fellur niður.

58. — 17. — 6. a. (S. Í. B. S., byggingarstyrkur).
Fyrir „400 000“ kemur 600 000

59. — 17. — 8. (Kostn. við barnaverndarráð).
Fyrir „40 000“ kemur 20 000

60. Við 17. gr. 12. Liðurinn orðist svo:
Til slysavarna:
a. Til almennra slysavarna 100 000
b. Endurbyggingarstyrkur vegna v/b Sæbjörg. Lokagreiðsla 200 000
300 000

61. — 17. — 16. a. (Til U. M. F. Í.).
Fyrir „12 000“ kemur 15 000

62. — 17. — 22. (Byggingarsjóðir kaupstaða og kauptúna).
Fyrir „450 000“ kemur 1 200 000

63. — 18. — I. a. 31. (Þórður Sveinsson).
Liðurinn fellur niður.

64. — 18. — I. b. 6. Nýr liður:
Ellen Sveinsson 1 164.40

65. — 18. — I. c. 27. (Sigríður Helgadóttir).
Liðurinn fellur niður.

66. — 18. — II. a. 4. (Eggert Stefánsson).
Liðurinn fellur niður.

67. — 18. — II. a. 6. (Eiríkur Kjerúlf).
Fyrir „1 625“ kemur 2 500

68. — 18. — II. a. 12. Nýr liður:
Halldór Stefánsson læknir 1 625

69. — 18. — II. a. 18. (Jósep Björnsson).
Liðurinn fellur niður.

70. — 18. — II. a. 29. (Skúli Árnason).
Fyrir „870“ kemur 1 625

71. — 18. — II. a. 33. og 34.
Liðirnir falla niður.

72. — 18. — II. b. 8. Nýr liður:
Ellen Sveinsson 1 622.50

73. — 18. — II. b. 10. Nýr liður:
Guðrún Arinbjarnar læknisekkja 850

74. — 18. — II. c. 9. (Haraldur Þórarinsson).
Fyrir „1 300“ kemur 1 625

75. — 18. — II. c. 16 (Ófeigur Vigfússon):
Liðurinn fellur niður.

76. — 18. — II. c. 23. (Vigfús Þórðarson).
Fyrir „1 115“ kemur 2 500

77. — 18. — II. d. 38. Nýr liður:
Stefanía Hjaltested 815

78. — 18. — II. e. 7. Nýr liður:
Geirlaug Stefánsdóttir 815

79. — 18. — II. e. 9. Nýr liður:
Hildur Björnsdóttir 1 282

80. — 18. — II. e. 19. Nýr liður:
Steingrímur Arason 1 500

81. — 18. — II. f. (Póstmenn o. fl.).
Fyrir „34 450“ kemur 37 500
Viðbótarupphæðin skiptist þannig:
Hrefna Ingimarsdóttir 1 200
Katrín Sveinsdóttir 650
Ólafur H. Jensson 1 200

82. — 18. — II. l. (Páll E. Ólason).
Athugasemdin fellur niður.

83. Við 18. gr. II. o. Nýir liðir:
a. Björgvin Guðmundsson tónskáld 3 000
b. Eggert Stefánsson söngvari 3 600
84. — 18. — II. s. 4. Nýr liður:
María Guðlaugsson, ekkja Jónasar Guðlaugssonar skálds 1 200
85. — 18. — II. u. (Matsmenn).
Fyrir „19 580“ kemur 20 555
86. — 18. — II. v. 23. Nýr liður:
Guðríður Jóhannsdóttir ljósmóðir, Akranesi 490
87. — 18. — II. v. 26. Nýr liður:
Gunnlaugur Kristmundsson 3 000
88. — 18. — II. v. 38. Nýir liðir:
a. Ingibjörg Pálsdóttir ljósmóðir 490
b. Ingiríður Helgadóttir ljósmóðir 450
89. — 18. — II. v. 41. Nýr liður:
Jóna Jónsdóttir ljósmóðir, frá Kóreksstöðum 490
90. — 18. — II. v. 48. (Kristolína Kragh).
Fyrir „490“ kemur 650
91. — 18. — II. v. 56. (Ólafur Ketilsson).
Liðurinn fellur niður.
92. — 18. — II. v. 65. Nýr liður:
Steinunn Oddsdóttir 815
93. — 19. — Greinin orðist svo:
Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:
1. Til dýrtíðarráðstafana 35 000 000
2. Til óvissra útgjalda 500 000
35 500 000
94. — 20. — Út V. b. Nýr liður:
Til byggingar dýpkunarskips 1 650 000
95. — 20. — Út. V. c. (Nýir vitar).
Fyrir „350 000“ kemur 800 000
96. — 20. — Út. XVI. (Byggingar á prestssetrum).
Fyrir „450 000“ kemur 1 000 000
97. — 22. — IX. Nýir liðir:
a. Að lána Jóni Leifs tónskáldi allt að 60 þús. kr. til endurprentunar á tónverkum hans.
b. Að verja allt að 100 000 kr. til brúargerðar á Skjálfandafljóti í Bárðardal í Suður-Þingeyjarsýslu.

Sþ. 543. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1947.

Frá fjárveitinganefnd.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1947 var útbýtt í Sþ. 16. október s. l. Hélt nefndin fyrsta fund sinn þ. 23. október og kaus sér þá fyrir formann Gísla Jónsson. Hófust þegar reglulegir fundir í nefndinni. Voru haldnir tveir fundir á dag flesta daga fram til nóvemberloka, þar sem nefndin hafði í hyggju að skila nefndaráliti og tillögum svo snemma, að afgreiða mætti fjárlögin fyrir áramót. En með því, að þáverandi ríkisstjórn hafði beðizt lausnar og allt var enn í óvissu um nýja stjórnarmyndun, þótti ekki gerlegt að afgreiða frv. til 2. umr. fyrr en vitað væri, hvaða

ríkisstjórn tæki við, m. a. vegna þess, að sjáanlegt var, að óhjákvæmilegt mundi reynast að hækka allverulega gjaldaliði frv. Varð því nokkurt hlé á störfum nefndarinnar, eða þar til ný ríkisstjórn hafði tekið við völdum. Hófust þá þegar viðræður við hana um afgreiðslu frv. og þó alveg sérstaklega um þá gjaldaliði, sem óhjákvæmilegt var að hækka allverulega, svo og þá, er sýnt var, að setja þurfti inn í frv. vegna nýrra lagafyrirmæla. Tók það að vonum nokkurn tíma fyrir ríkisstjórnina að koma sér saman um afgreiðslu þeirra mála, en nefndin gat þó jafnframt haldið áfram afgreiðslu á hinum ýmsu greinum frv. Nefndin hefur þannig haldið alls 88 fundi. Bárust til hennar alls 460 erindi snertandi fjárlagaafgreiðsluna, og voru þau öll athuguð og rædd. Aflaði nefndin sér margvíslegra upplýsinga í sambandi við þessi mál öll, svo og í sambandi við ríkisreksturinn í heild.

Í nefndaráliti fjvn. frá síðasta aðalþingi, þskj. 309, var sérstaklega bent á, að það mundi létta mjög störf fjárveitinganefndar, ef fyrir lægi hverju sinni með fjárlagafrumvarpinu skrá yfir starfsmenn ríkisins og laun þeirra sundurliðuð, og jafnframt óskað eftir því, að þessi háttur yrði á hafður framvegis. Þessari sjálfsögðu ósk nefndarinnar hefur þó eigi verið mætt. Að vísu var henni afhent fullkomin sundurliðuð launaskrá yfir þá föstu starfsmenn ríkisins, sem laun taka samkvæmt hinum ýmsu greinum fjárlaganna, en bæði er það, að sumir starfsmenn taka laun eftir fleiri en einni grein, og auk þess taka þessir sömu menn laun sem aukatekjur eftir ýmsum öðrum leiðum hjá ríkissjóði, svo að ógerlegt er fyrir nefndina að fá af þessum gögnum nokkurt heildaryfirlit yfir laun starfsmanna ríkisins almennt. Að vísu aflaði nefndin sér margvíslegra upplýsinga um þessi atriði frá ýmsum stofnunum, sem staðfestu, að þrátt fyrir miklar kjarabætur, sem starfsmenn ríkisins fengu með nýju launalögunum, hefur enn haldizt mikill hluti aukatekna, og hefur ósamræmið í launagreiðslum ef til vill aldrei verið meira en nú. Er því bersýnilegt, að mjög aðkallandi er að færa greiðslurnar í það kerfi, að unnt sé fyrirhafnarlítið að sjá, hvað hver starfsmaður ríkisins hefur í samanlagðar tekjur frá ríkissjóði fyrir störf sín. Vill nefndin leggja á það áherzlu, að slíku kerfi verði nú þegar komið á, þar sem það er að hennar dómi frumskilyrði fyrir hagkvæmari skipulagningu starfrækslunnar í hinum ýmsu stofnunum ríkisins. Nefndin telur, að það sé svo aðkallandi nauðsyn, eins og hún og benti á í fyrrnefndu nefndaráliti, að færa niður rekstrarkostnað ríkisbáknsins í heild, og að umbætur í þá átt megi ekki draga, enda hefur hvað eftir annað komið fram fullur þingvilji um þetta atriði sérstaklega.

Skal nú vikið að breytingartillögum við einstakar greinar.

TEKJURNAR.

Við áætlun tekna hefur nefndin haft til hliðsjónar yfirlit yfir ríkistekjurnar árið 1946, en það ár námu þær allt að 200 millj. króna. Helztu tekjuliðirnir urðu sem hér segir: Verðtollur rúmlega 62 millj., tekju- og eignarskattur tæpar 36 millj., ágóði af áfengissölu 38,65 millj. og ágóði af tóbakseinkasölu 16,78 millj.

Enn sem komið er er engin vissa fyrir sölu afurða á þessu ári, og er því nokkuð í óvissu um tekjur ríkissjóðs. En með tilvísun til þess, að nýjum atvinnutækjum hefur verið komið upp á þ. á., og önnur, sem fyrir voru, aukin á ýmsan hátt, svo og að það, sem er af árinu, hefur afli verið með bezta móti, má gera sér vonir um, að útflutningsverðmætin verði töluvert meiri en á s. l. ári, ef sæmilega tekst um sölu afurðanna.

2. gr.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið tekið fram, svo og með hliðsjón af tekjum ríkisins á s. l. ári, leggur nefndin til, að töluliður 4 (verðtollur) verði hækkaður um 8 millj. króna. Hún telur hins vegar ekki fært að leggja til, að aðrir liðir þessarar greinar verði áætlaðir hærri en gert er í frv., að óbreyttum lögum um tekjuöflun.

3. gr.

Nefndin leggur til, að tekjuáætlun samkvæmt þessari grein verði hækkuð um 22 955 000 kr., sem sundurliðast þannig:

Brúttótekjur póstsjóðs	kr.	800 000
Brúttótekjur landssímans	—	3 500.000
Rekstrarhagnaður áfengissölunnar	—	11 915 000
Rekstrarhagnaður tóbakseinkasölu	—	6 940 000
	kr.	23 155.000
÷ Hækkun á framlagi til notendasíma í sveitum	—	200 000
	Nettó kr.	22 955 000

Af þeim upplýsingum, sem fyrir lágu um rekstrarafkomu pósts og síma, var nefndinni fullkomlega ljóst, að sá rekstrarjöfnuður, sem hér er gert ráð fyrir, næst ekki nema alveg sérstakar ráðstafanir verði gerðar, bæði um tekjuöflun og sparnað í rekstrargjöldum. En með því að sérstakri nefnd hefur verið falið að athuga þessi mál og koma fram með tillögur til úrbóta og þegar hafa verið gerðar nokkrar raunhæfar ráðstafanir til frekari tekjuöflunar, þótti fjvn. rétt að áætla rekstur þessara stofnana hallalausan, enda ber að stefna að því, að halli verði ekki á þessum rekstri.

Tillögur til hækkunar á ágóða af áfengisverzlun og tóbakseinkasölu eru gerðar með hliðsjón af afkomu þessara fyrirtækja á s. l. ári, auk þess sem útsöluverð á tóbaki og áfengi hefur nú verið hækkað allverulega.

Nefndin sá sér ekki fært að hækka áætlaðar tekjur af rekstri landssmiðjunnar, eftir þær upplýsingar, sem fyrir lágu frá stjórn hennar, sem mætti hjá nefndinni á fundi. En nefndin vill alvarlega benda á, að óhjákvæmilegt er að skipuleggja þennan rekstur ríkisins nú þegar, svo að hér verði á stór og fljót umskipti til batnaðar. Í sambandi við þetta mál vill nefndin einnig benda á, að óselt mun vera nýtt efni til bátabygginga fyrir nær 2 millj. króna, er ríkissjóður hefur fest fé í og nauðsynlegt er, að selt verði sem allra fyrst.

GJALDABÁLKURINN.

3. gr.

Nefndin leggur til, að framlag til notendasíma í sveitum verði hækkað um 200 þús. kr. Þörfin fyrir síma í sveitum og eftirspurnin er svo gífurleg, að ekki þótti annað fært en reyna að bæta úr þessu eftir megni. Eftir því sem fólkinu fækkar á bæjunum, verður nauðsynin meiri fyrir notendasímana, enda mun reynslan hafa sýnt, að engar aðrar aðgerðir af hendi ríkisvaldsins til þess að fyrirbyggja flutning fólksins úr sveitunum hafa komið að betra haldi eða kostað minna fé, miðað við tilkostnað.

Nefndin hafði til athugunar erindi frá póst- og símamálastjórninni um 500 þús. kr. framlag til stækkunar stuttbylgjustöðvar í Gufunesi. Var talið rétt að fresta fullnaðarákvörðun um þetta atriði, þar til við 3. umræðu.

10. gr.

Nefndin leggur til, að framlög vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum verði hækkuð um 175 þús. krónur. Samkvæmt upplýsingum, sem lágu fyrir, eru árstillög og sjóðstillag um 220 þús. kr., svo að óhjákvæmilegt er að hækka þennan lið.

11. gr.

Nefndin leggur til, að gjöld samkvæmt þessari grein verði lækkuð um rúmlega 374 þús. krónur. Af þeirri upphæð er um 30 þús. kr. lækkun á kostnaði við fiski- og síldarmat, sem áætlað er í ferðakostnað, en þar sem sérstaklega eru veittar 80 þús. kr. á öðrum lið til sameiginlegra ferðalaga matsmanna, þótti rétt að leggja

til, að þetta yrði fellt niður. Tillögur lágu fyrir frá fræðfisksmatsstjóra um nærri 300 þús. kr. framlag til fræðfisksmatsins, en það er nærri tvöföld sú upphæð, sem áætlað var í síðustu fjárlögum fyrir saltfisks- og fræðfisksmat sameiginlega. Gat nefndin ekki fallizt á þessar tillögur. Hún vill hins vegar benda á, að mjög nauðsynlegt er að taka allt þetta mál nú til rækilegrar athugunar og koma mati á framleiðsluvörum í miklu fastara form og helzt undir eina yfirstjórn. Mætti á þann hátt spara fé og jafnframt auka öryggið í þessum málum.

Kostnaður við húsaleigunefndir er lagt til, að verði lækkaður um 50 þús. kr., og er hann þó 20 þús. kr. hærri en á síðustu fjárlögum. Telur nefndin, að stefna beri að því, að þessi gjaldaliður falli alveg niður.

Þá gerir nefndin tillögur um breytingu á kostnaði vegna eftirlits viðskipta- og verðlagsmála, þannig að allur kostnaður af þessum málum verði greiddur af því ½% gjaldi, sem lagt er á gjaldeyris- og innflutningsleyfi, og telur, að fengnum upplýsingum, að það gjald nægi til að mæta þeim kostnaði.

Nefndin vill einnig leyfa sér að benda á, að kostnaður við rekstur borgardómara- og borgarfógetaembættanna hefur nokkuð aukizt, vegna þess að bætt hefur verið einum nýjum fulltrúa í hvort embætti. Þótt nefndin leggi ekki til, að þessi kostnaður verði lækkaður aftur, vill hún þó taka það fram, að þetta er gagnstætt því, sem fullyrt var, þegar embætti lögmanns var skipt á sínum tíma, að það ætti engan kostnað að hafa í för með sér fyrir ríkissjóð.

12. gr.

70 þús. króna lækkun á lið V. er aðeins leiðrétting, vegna þess að upphæðin er greidd af almannatryggingunum. Er þetta gert í samráði við þá stofnun.

Hækkunin, 100 þús. kr., stafar hins vegar af knýjandi nauðsyn til þess að koma nokkuð áleiðis byggingu á sjúkrahúsi á Akureyri.

13. gr.

Í fjárlagafrv. hafði framlag til nýrra vega verið lækkað um nærri 2,5 millj. kr. frá því, sem veitt var á síðustu fjárlögum. Upplýst var af vegamálastjóra, að unnið hefði verið í 22 vegum á s. l. ári fyrir 1 millj. 852 þús. kr. fram yfir fjárveitingu og í 12 vegum fyrir 94 þús. kr., eða alls fyrir um 2 millj. kr. Var sýnt, að erfitt mundi að draga svo mjög úr þessum framkvæmdum á þessu ári, enda mörgum af hinum meiri háttar vegaframkvæmdum engan veginn lokið. Ríkisstjórnin féllst því á, að tillag til nýrra vega yrði hækkað upp í 7 millj. króna. Vegamálastjóri hafði gert tillögur til nefndarinnar um 9 millj. kr. framlag til nýrra vega og sent með tillögunni sundurliðun á þeirri upphæð. Samkvæmt beiðni nefndarinnar gerði hann og tillögur um sundurliðun á 7 millj. kr. og tók jafnframt fram, að hann óskaði eftir því, að af þeirri upphæð yrði varið 775 þús. kr. til endurgreiðslu á fé, sem unnið hafði verið fyrir umfram fjárveitingu á s. l. ári. Gat nefndin ekki fallizt á þá tillögu vegamálastjóra. Hún leggur því til, að framlag til nýrra vega verði hækkað um 2 millj. 275 þús. kr. frá því, sem er í frv., og fénu skipt á þann hátt, sem lagt er til í breytingartillögunum.

Vegamálastjóri sendi nefndinni skrá yfir geymslufé til nýbygginga vega. Samkvæmt þeirri skrá eiga 26 vegir inni geymslufé, er nemur 948 þús. kr. Fé þetta mun þó ekki vera geymt á sérstökum reikningi, heldur hafa verið notað til vegagerða á öðrum stöðum, upp á væntanlegt samþykki á endurgreiðslu á þessa árs fjárlögum. Mest af þessu fé eru smáar upphæðir, og mun vegamálastjóra hafa þótt óráðlegt að hefja framkvæmdir á þeim vegum, sem litlu framlagi höfðu yfir að ráða, og því þótt réttara að láta féð ganga til að koma áleiðis færri vegum, einkum þar sem svo stóð á, að vinna mátti með vélum eða ljúka mætti vegi á árinu. Það er að sjálfsögðu ekkert við slíka tilfærslu að athuga, ef féð er aðeins fært á milli vega innan sama héraðs, enda þá oftast unnt að fá um það samkomulag, en nefndin vill leggja áherzlu

á, að framvegis verði þessi háttur ekki hafður á um tilfærslu á vegafé gegn mótmælum viðkomandi aðila.

Í fjárlagafrv. er framlag til nýrra brúa áætlað 1,5 millj. króna. Nefndin leggur til, að þessi upphæð verði hækkuð um 1 millj. og fénu skipt á þann hátt, sem lagt er til í brtt. Er það og samkvæmt tillögum vegamálastjóra. Með því að í þessari upphæð er ekkert ætlað til Þjórsárbrúar, en lofað hefur verið, að hún skuli byggð að nýju, mun nefndin athuga það mál sérstaklega fyrir 3. umræðu. Samkvæmt heildarskrá yfir geymslufé til brúargerða, er nefndin hefur fengið, nemur sú upphæð alls 690 þús. kr. Er mest af þessu fé fyrri fjárveitingar, sem ekki hafa nægt til að fullgera mannvirkin eða jafnvel til að byrja á þeim. Þá er og upplýst, að töluvert fé hafi verið notað til brúargerða á s. l. ári fram yfir fjárveitingu, og að það mundi verða tekið á aukafjárlög 1946.

Nefndin leggur til, að framlag til ræktunarvega verði hækkað um 2 þús. kr. og því skipt samkvæmt brtt.

Upphæðin til flóabáta leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að hækkuð verði um rúmlega 400 þús. krónur frá því, sem er í fjárlagafrv. Fjárveitinganefnd hefur óskað eftir að ræða þetta mál nánar við samvinnunefndina og frestar því endanlegri ákvörðun um þetta atriði til 3. umr.

Í áætlun forstjóra skipaútgerðarinnar til fjárveitinganefndar um rekstrarkostnað strandferða er tekinn upp útgjaldaliður að upphæð rúmlega 250 þús. kr. til að mæta tapi á upp- og útskipun á vörum. Þótt nefndin leggi ekki til, að heildarupphæðin til strandferða verði lækkuð, þá vill hún þó benda á, að stefna verður að því, að upp- og útskipun á vörum verði rekin hallalaust, og væntir hún þess, að nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til þess, að svo megi verða.

Í fjárlagafrv. er 4 millj. króna til hafnar- og lendingarbóta. Nefndinni er ljóst, að það er engan veginn hægt að komast af með þessa upphæð. Á ýmsum stöðum á landinu eru hafnarframkvæmdirnar svo aðkallandi, vegna stækkunar fiskiflotans, að þeim verður tæplega frestað, auk þess sem víða hefur þegar verið unnið fyrir svo mikið fé, að ógreiddur hluti ríkissjóðs mun nema allt að þeirri upphæð, sem áætluð er á fjárlagafrv. Nefndin leggur því til, að þessi upphæð verði hækkuð um 3 millj. króna og fénu skipt eins og lagt er til í brtt. Hefur nefndin haft samráð um þetta við ríkisstjórnina og vitamálastjóra. Með því að fé það, sem fyrir hendi verður til útlána úr hafnarbótasjóði, verði notað þar, sem þörfin er mest, telur nefndin, að komast megi á þessu ári yfir mestu örðugleikana, þótt henni sé vel ljóst, að mun meira fé hefði verið æskilegt að ætla til þessara framkvæmda.

Í fjárlagafrv. eru áætlaðar 800 þús. kr. til hafnarbótasjóðs. Endurgreiðsla til sjóðsins skv. lögum er á þessu ári 1.5 millj. kr. Nefndin leggur því til, að þessi upphæð verði hækkuð um 700 þús. krónur.

Í fjárlagafrv. eru rúmar 4 millj. kr. til rekstrar flugmála. Er þetta 3,3 millj. kr. meira en í fjárlögum s. l. ár. Nefndin hefur ekki gert tillögur um lækkun á þessum liðum, enda upplýsti flugmálastjóri, að kostnaðurinn mundi verða mun hærri á þessu ári en áætlað er, og mæltist mjög til frekari hækkunar. Af gögnum þeim og upplýsingum, sem nefndinni voru látin í té, er engan veginn útilokað, að unnt sé að afla flugvöllum nokkurra frekari tekna, t. d. af benzíni, sem selt er til flugvéla, eða jafnvel að hækka lendingargjöldin. Þá þykir og sjálfsagt að endurbæta svo rekstur gistihússins, að þar verði af nokkur gróði, en ekki tap. Vill nefndin mjög mælast til þess, að mál þessi verði tekin til rækilegrar athugunar.

14. gr.

B. Kennslumál.

Nefndin leggur til, í samráði við ríkisstjórnina, að töluverðar breytingar séu gerðar á þessum kafla greinarinnar. Stafa þær breytingar að langmestu leyti af hinni nýju fræðslulöggjöf. En með henni eru lagðar þungar kvaðir á ríkissjóð í sambandi

við byggingu nýrra skólahúsa. Nokkrar aðrar minni háttar breytingar er lagt til, að gerðar séu vegna annarra aðkallandi þarfa.

Með tilvísun til þessa er lagt til, að eftirfarandi nýjum liðum sé bætt inn í frumvarpið: 25 þús. kr. til útgáfu nýrra kennslubóka í siglingafræði, — 5 þús. kr. til kaupa á skólaáhöldum fyrir bændaskólann á Hólum, — 100 þús. kr. til viðgerðar á fjósi á Hvanneyri, sem talið er, að ekki sé unnt að fresta lengur, — 40 þús. kr. til viðgerðar á rafmagnsstöðinni á Eiðum, gegn 12 þús. króna framlagi frá ríkisútvarpinu, og hefur verið samið um það við þá stofnun, — 50 þús. kr. til undirbúnings þátttöku í Olympíuleikunum 1948, — og 6 þús. kr. til Sigursveins Kristinssonar. Er það sama upphæð og í síðustu fjárlögum. Þá leggur nefndin til, að eftirfarandi liðir verði hækkaðir frá því, sem áætlað er í frumvarpinu: Námsstyrkir til sveitastúlkna, er nema við Kvennaskólann í Reykjavík, 2500 kr., — til byggingar barnaskóla 2.5 millj. kr., — til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla 3.5 millj. kr., — til byggingar húsmæðraskóla 700 þús. kr., — til húsmæðrakennaraskólans, leiðrétting á rekstrargjöldum, 18960 kr., — til íþróttasjóðs 300 þús. kr., — til háskólastúdenta (námsstyrkir) 15 þús. kr., — og til rannsókna á þroskastigi barna 10 þús. kr. Þá er enn fremur lagt til, að „annar kostnaður“ við garðyrkjuskólann á Reykjum verði lækkaður um 3000 kr., sem áætlað er af skólastjóra til risnu í skólanum.

15. gr.

Þá leggur nefndin til, að eftirfarandi liðir verði hækkaðir í þessari grein: Til viðgerðar á Hólakirkju 88 þús. kr., sem ætlazt er til að koma nýju koparþaki á kirkjuna, og 20 þús. kr. til umbóta á Þingvöllum. Enn fremur leggur nefndin til, að eftirfarandi nýir liðir verði teknir inn í frumvarpið: Til tveggja bókasafna (rekstrarstyrkir) 3500 kr., — til fjögurra bókasafna (byggingarstyrkir) 50 þús. kr., — til að þýða rit Jóns Dúasonar 25 þús. kr., — til Björns Guðfinnssonar (endurveiting) 30 þús. kr., — til samningar íslenzkrar orðabókar, gegn jafnmiklu framlagi úr sáttmálasjóði, 43500 kr., — til útgáfu á Olgeirsrímum, til heiðurs W. Craigie, 20 þús. kr., — til Stúdentasambands Íslands 15 þús. kr., — til Leikfélags Akureyrar, vegna sýningar á „Skálholti“, 3000 kr., — til Lúðrasveitar Akureyrar, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að, 10 þús. kr., — og til Páls Kr. Pálssonar, til tónlistarnáms, 6 þús. kr.

Þá leggur nefndin til, að 87 þús. kr. liður til vísinda- og fræðimanna falli niður.

Þótt nefndin geri ekki tillögur um lækkun útgjalda í sambandi við B-kafla þessarar greinar (Atvinnudeild háskólans), vill hún þó benda á þá gífurlegu hækkun, sem hér hefur á orðið, miðað við fjárlög s. l. árs. Kostnaðurinn við hinar ýmsu deildir háskólans hefur hækkað sem hér segir: Við iðnaðardeild um tæp 120 þús. kr., — við landbúnaðardeild tæp 300 þús. kr., — við rannsóknarstofu háskólans um 55 þús. kr., — og sameiginlegur kostnaður 30 þús. kr., eða alls nærri 500 þúsund krónur. Við fiskideildina eina er kostnaðurinn nokkru lægri en áður, sem stafar af því, að einn starfsmaður deildarinnar var ráðinn að náttúrugripasafninu. Nefndin átti ýtarlegar viðræður við rannsóknaráð og deildarstjórana um þessi mál, sem flestir höfðu aðeins fram að færa nýjar útgjaldakröfur og sumar í allstórum stíl og töldu stofnunina algerlega óstarfhæfa á ýmsum sviðum, nema þeim kröfum yrði mætt. Nefndin vill ekki á þessu stigi leggja neinn dóm á þessi mál, en aðeins benda á, að full nauðsyn er að láta taka málið upp í heild til nákvæmrar yfirvegunar.

Þá vill nefndin einnig benda á þá miklu hækkun, sem orðið hefur á rekstri veðurstofunnar, en kostnaður við rekstur hennar hefur hækkað um nærri hálfa milljón króna, eða næstum því tvöfalt frá síðustu fjárlögum. Gildir sama hér og um aðra liði, að forstjórinn taldi framlagið enn mjög of lágt. Er það mjög til athugunar, hvort ekki væri unnt að fá erlenda aðila, svo sem flugfélög, til þess að taka nokkru meiri þátt í kostnaðinum við veðurathuganir, þar sem nauðsynlegt er að hafa þær sem ábyggilegastar vegna flugferða, enda mun kostnaðaraukinn standa í beinu sambandi við aukna þjónustu í þeirra þágu.

16. gr.

Nefndin leggur til, að eftirfarandi breytingar verði gerðar til hækkunar á eftirfarandi greinum í A-kafla: Framlag til Búnaðarfélags Íslands 200 þús. kr., — til tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins 60 þús. kr., vegna tilraunastöðvarinnar á Reykhólum, — og til fyrirhleðslu við Markarfljót 100 þús. kr. Enn fremur, að teknir verði upp í þennan kafla eftirfarandi nýir liðir: Fyrirhleðslur til 3 staða, samkvæmt brtt. 212 þús. kr., — til verndunar æðarvarpi og uppeldisstöð fyrir æðarfugl 25 þús. kr., — til búvélaverkstæða í sveitum 150 þús. kr., — og til vélsmiðju í Hólmi 10 þús. kr. Þá hefur nefndin og lagt til, að liður til búreikningaskrifstofu yrði lækkaður um 20 þús. kr., og héldist þá sama upphæð á þessum lið og er í fjárl. s. l. árs.

Nefndin leggur enn fremur til, að liður til skógræktar verði lækkaður um 225 þús. kr. frá því, sem áætlað er í frv. Er þá varið til skógræktarinnar á þessari grein nærri 180 þús. kr. meira en á síðasta ári. Beiðni barst nefndinni frá skógræktarstjóra um að taka upp í fjárlögin sérstakan lið til eftirlits með skóglöndum, en með því að gert er ráð fyrir þessu í heildaráætluninni, sá nefndin ekki ástæðu til að sundurliða þetta sérstaklega. Mál þetta var rætt við skógræktarstjóra, sem þá taldi sig geta vel fellt sig við þessa lækkun. Síðar kom þó fram erindi frá honum um hækkun á framlaginu, einkum vegna girðinga um einkalönd og til áhaldakaupa, en nefndin gat ekki fallizt á að verða við þeirri beiðni.

Fyrir nefndinni lágu margar beiðnir um framlög til mjólkurstöðva. Frestaði nefndin, í samráði við ríkisstjórnina, að taka endanlega ákvörðun um þau atriði, þar til við 3. umræðu.

Nefndin vill benda á, að kostnaður vegna veiðimála hefur hækkað um nærri 80 þús. kr. frá fjárl. s. l. árs, eða meira en fjórfaldazt. Ræddi nefndin þetta atriði við veiðimálastjóra, sem ekki taldi unnt að draga úr kostnaðinum. Fór nefndin fram á það, að hann gerði tillögur um sanngjarnt gjald til ríkissjóðs af veiðiám, til þess framvegis að mæta þessum útgjöldum. Þykir eðlilegt, að slíkar tekjur komi á móti, þar sem víðast hvar er verið að gera eignir einstaklinga beinlínis verðmætari með þessum aðgerðum.

Þá barst nefndinni erindi frá forstjóra sauðfjársjúkdómanefndar um nokkra hækkun á útgjöldum til varnar sauðfjársjúkdómum. En með því að nýtt frv. liggur nú fyrir Alþingi um breytingu á gildandi lögum um sauðfjársjúkdómavarnir og búizt er við því, að það nái fram að ganga, en hins vegar ekki vitað, hvaða áhrif það frumvarp, ef að lögum verður, kann að hafa á heildarútgjöld til þessara mála, þótti nefndinni ekki ástæða til að breyta þessum lið.

Þá hefur einnig verið bent á, að jarðabótastyrkurinn, 2.5 millj. kr., mundi of lágt reiknaður í frv. En með því að hér er aðeins um áætlunarupphæð að ræða og alveg óvíst, hver upphæðin verður endanlega, en styrkurinn hins vegar ákveðinn samkv. lögum, þykir ekki ástæða til breytinga á þessu stigi.

Fyrir nefndinni lá erindi frá nýbýlastjórn um 300 þús. kr. hækkun á framlagi samkv. 7. lið c. (byggingarstyrkir samkvæmt núgildandi lögum). En nefndin ákvað að taka ekki endanlega ákvörðun um það atriði fyrr en við 3. umræðu.

Lagt er til, að bætt sé inn nýjum lið í C-kafla (iðnaðarmál), 10 þús. kr. til iðnráðs. Er þetta samkvæmt gildandi lögum og því nánast leiðrétting.

Þá leggur nefndin til, að gerðar séu eftirfarandi breytingar á D-kafla (raforkumál), og hefur hún rætt þær bæði við raforkumálastjóra og ríkisstjórnina: Launagreiðslur undir lið I. er lagt til, að lækkaðar verði um 75 þús. kr. og tekjur hækkaðar um 10 þús. kr. Við lið II. er lagt til, að gerðar séu nokkrar breytingar, en þær hafa ekki áhrif á útkomu gjaldanna. Þá er einnig lagt til, að laun og annar kostnaður samkv. lið III. verði lækkað um 23 þús. kr., en tekjur hækkaðar um 15 þús. kr. Þá leggur nefndin til, að tekinn sé inn nýr liður í þessa grein, til nýrra raforkuframkvæmda, 1 millj. króna. Nefndin hefur ekki talið rétt að sundurliða þessa upphæð, þar sem

gera má ráð fyrir, að raforkuráð geri ákveðnar tillögur um, hvaða framkvæmdir eigi að ganga fyrir á þessu ári, auk þess sem nefndin mun ræða við ríkisstjórnina nánar fyrir 3. umr., hvaða heimildir muni þurfa að taka í 22. gr. til frekari framkvæmda.

17. gr.

Nefndin leggur til, að framlag til Sambands ísl. berklasjúklinga (byggingarstyrkur) verði hækkað um 200 þús. kr. Hún lítur svo á, að hér sé um svo merkilegt starf að ræða, að sjálfsagt sé fyrir ríkissjóð að leggja því verulegt lið, enda vafalaust, að sú upphæð sparast öll með fækkandi berklasjúklingum á hælum landsins. Þá er lagt til, að framlag U.M.F.Í. verði hækkað um 3000 kr. og framlag til byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna um 750 þús. kr. Er sú hækkun vegna breyttra laga um aðstoð ríkissjóðs til þessara framkvæmda. Nefndin sá sér hins vegar ekki fært að leggja til, að nýr liður, 900 þús. kr., yrði tekinn upp samkv. III. kafla laganna, með því að engin gögn lágu fyrir um þetta, annað en ábending frá félagsmálaráðuneytinu. Nefndin leggur til, að nýr liður að upphæð 18000 kr. verði tekinn upp til styrktar- og sjúkrasjóða, líkt og í fyrra árs fjárlögum. Þar sem almannatryggingarnar væntanlega taka að sér þetta hlutverk í framtíðinni, er ætlazt til, að þessi greiðsla verði aðeins á þessu ári.

Þá leggur nefndin til, að tekinn sé upp nýr liður í þessa grein, endurbyggingarstyrkur vegna v.b. „Sæbjargar", og verði það lokagreiðsla. Ríkisstjórninni var heimilað með þingsályktun á síðasta ári að greiða 400 þús. kr. til endurbyggingar á „Sæbjörgu", en með því að sú upphæð hefur reynzt mikils til of lág, þykir nauðsynlegt að hækka framlagið, ef skipið á að verða starfhæft.

Þá leggur nefndin til, að byggingarstyrkur til elliheimilisins Grundar falli niður. Telur nefndin, að með lögum um almannatryggingar sé séð fyrir þessum málum og því ekki nauðsynlegt að taka þennan lið inn í fjárlögin. Þá leggur nefndin til, að kostnaður við barnaverndarráð verði lækkaður um 20 þús. kr., og er þó eftir sama upphæð og var í fjárlögum s. l. árs.

18. gr.

Nefndin leggur til, að nokkrar breytingar séu gerðar á þessari grein, sem að mestu leyti eru til leiðréttingar, og verður gerð nánari grein fyrir því í framsögu.

19. gr.

Í samráði við ríkisstjórnina er lagt til, að tekinn verði í þessa grein nýr liður, að upphæð 35 millj. króna, til dýrtíðarráðstafana og niðurgreiðslu á vörum, sem ganga inn í vísitöluna. Er gert ráð fyrir, að af þeirri upphæð muni þurfa 10 millj. kr. til að greiða mismun á verðlagsvísitölu 290, eins og alls staðar er reiknað með í fjárlagafrumvarpinu, og þeirri meðalverðlagsvísitölu, sem kann að verða á árinu, en 25 millj. kr. verði varið til niðurgreiðslu.

20. gr.

Nefndin leggur til, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á þessari grein: að framlag til nýrra vita verði hækkað um 450 þús. kr. Er það til þess að greiða og koma fyrir ljóstækjum, sem löngu hafa verið pöntuð, en eru nú fyrst komin til landsins. Að hækkað verði framlag til bygginga á prestssetrum um 550 þús. kr. Hefur verið gefið loforð um það að byggja á þessu ári a. m. k. tvö prestsseturshús í Reykjavík, og auk þess var samþykkt með sérstakri þál. á síðasta aðalþingi að flytja prestssetrið frá Stað að Reykhólum. Og að síðustu liggur nú frv. fyrir þinginu, sem er í þann veginn að verða að lögum, en þar er svo fyrir mælt, að byggja skuli allt að 4 prestsseturshús á ári, þar til öll prestssetrin hafa verið hýst sæmilega.

Nefndin leggur til, að tekinn verði upp í þessa grein nýr liður, að upphæð 1 millj. 650 þús. kr., til dýpkunarskips. Er skip þetta í smíðum og væntanlegt til landsins á þessu ári. Þörfin fyrir slíkt skip við framkvæmdir hafnarmála er svo knýjandi, að ekki má dragast lengur að fá slíkt skip, þar sem það hvort tveggja í senn

kemur til að flýta fyrir framkvæmdunum og gera þær mun ódýrari en ella. Hitt er svo annað mál, hvort ekki ætti að heimila lántöku til slíkra framkvæmda, líkt og til smíði strandferðaskipanna, því að sjálfsögðu ætti þetta fyrirtæki að hafa nægar tekjur á móti gjöldum, þegar skipið getur tekið til starfa.

Beiðni lá fyrir hjá nefndinni um allt að 500 þús. kr. hækkun á framlagi til Menntaskólans á Akureyri. Ræddi nefndin þetta mál við ráðherra, húsameistara ríkisins og skólameistara og fékk hjá þeim allar upplýsingar. Hún sá sér þó ekki fært að leggja til, að þessi hækkun yrði gerð, en mun ræða málið við ríkisstjórnina, ásamt öðrum atriðum í sambandi við þessa grein, fyrir 3. umræðu.

Með því að ljóst er, að bygging beggja menntaskólanna mun kosta eigi minna en 10 millj. króna, þegar þær eru fullgerðar, kemur það til athugunar, hvort ekki sé rétt að taka sérstakt lán til þessara framkvæmda, sem endurgreiddist á t. d. 40 árum, heldur en að færa ónógar og allt of smáar upphæðir til útgjalda ár hvert, eins og hingað til hefur verið gert.

22. gr.

Nefndin leggur til, að ráðherra sé heimilað að greiða allt að 100 þús. kr. til byrjunarframkvæmda á brúargerð á Skjálfandafljóti í Bárðardal. Var stjórninni á síðasta aðalþingi heimilað að láta flytja gömlu Ölfusárbrúna og koma henni upp á þessum stað, og hefur ráðherra óskað eftir þessari heimild, úr því að ekki er lagt til, að upphæðin verði tekin inn í fjárlögin á 13. gr. En af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er mjög vafasamt, að gerlegt sé eða hagkvæmt að nota efnið úr gömlu Ölfusárbrúnni í nýja brú, og væntir nefndin þess, að það sé að fullu rannsakað, áður en lagt er í kostnað á flutningnum, og að verkið verði ekki framkvæmt, nema það þyki, að undangenginni rannsókn, öruggt að svara kostnaði.

Þá leggur nefndin til, að tekin sé upp í þessa grein heimild til þess að lána Jóni Leifs tónskáldi 60 þús. kr. til endurprentunar á tónverkum hans.

Rætt hefur verið við ráðherra um öflun tekna til að mæta rekstrarhalla á fjárlagafrumvarpinu. Kvaðst hann mundu athuga það fyrir 3. umræðu, er betur sé ljóst, hvaða afgreiðslu frv. fær við 2. umr., og mun stjórnin þá afla sér heimilda til tekjuöflunar, ef nauðsyn krefur, áður en endanlega er gengið frá afgreiðslu fjárlaganna.

Hér er að síðustu heildaryfirlit yfir þær breytingar, sem nefndin leggur til, að gerðar verði á frv.:

Hækkun tekna samkv. 2. gr.	kr.	8 000 000.00
Hækkun tekna í 3. gr.	—	22 955 000.00
	Kr.	30 955 000.00
Þar frá dregst:		
Hækkun gjalda í 3. gr.	—	200 000.00
Tekjuhækkun alls	kr.	30 755 000.00
Hækkun gjalda alls	kr.	52 743 693.90
÷ lækkun gjalda alls	kr.	991 911.30
Gjaldahækkun alls	kr.	51 751 782.60

Eignabreytingar.

Hækkun útborgana samkv. 20. gr. er samkvæmt tillögum nefndarinnar 2 millj. 650 þús. kr.

Ef tillögur nefndarinnar verða allar samþykktar, munu niðurstöðutölur fjárlagafrumvarpsins verða á þessa leið:

Rekstraryfirlit.

Tekjur	kr.	167 039 679.00
Gjöld kr. 197 878 591.60		
Rekstrarhalli	—	30 838 912.60

Sjóðsyfirlit.

Útborganir	kr.	216 608 419.60
Innborganir	—	170 936 179.00
Greiðslujöfnuður	kr.	45 672 240.60

Um breytingartillögurnar vill nefndin taka það fram, að fyrir þeim öllum er meiri hluti í nefndinni, þótt einstakir nefndarmenn séu andvígir sumum þeirra, og eru þeir því óbundnir í atkvæðagreiðslu um þær, þótt þær séu fluttar af nefndinni í heild.

Ásmundur Sigurðsson og Steingrímur Aðalsteinsson láta þess getið, að þeir muni bera fram breytingartillögur um ýmis þau atriði, sem þeir hafa mælt með í nefndinni, en ekki fengið samþykkt. Sömuleiðis áskilja þeir sér rétt til að greiða atkvæði með breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Þeir skrifa því undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 18. marz 1947.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Pétur Ottesen.	Helgi Jónasson.	Halldór Ásgrimsson.
Steingr. Aðalsteinsson, með fyrirvara.	Ásmundur Sigurðsson, með fyrirvara.	Sigurður Kristjánsson.

Ed. 544. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 30 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Í A. I. í 1. gr. laga nr. 30 1943 komi þessir nýir liðir:

Undir a. Vesturland.

1.	Á eftir	1.	lið:	Laxá hjá Möðruvöllum í Kjós.
2.	— —	8.	—	Litla Þverá í Þverárhlíð í Mýrasýslu.
3.	— —	15.	—	Setbergsá á Skógarströnd.
4.	— —	20.	—	Haukadalsá á Haukadalsvegi í Dalasýslu.
5.	— —	28.	—	Fagradalsá á Skarðsströnd.
6.	— —	37.	—	Eyrará við Kollafjörð.
7.	— —	37.	—	Múlaá við Kollafjörð.
8.	— —	37.	—	Fjarðarhornsá við Kollafjörð.
9.	— —	42.	—	Raknadalsá við Patreksfjörð.
10.	— —	42.	—	Sauðlauksdalsá við Patreksfjörð.
11.	— —	43.	—	Hvesta við Arnarfjörð.
12.	— —	43.	—	Otrardalsá við Arnarfjörð.
13.	— —	43.	—	Fossá við Arnarfjörð.
14.	— —	50.	—	Múlaá við Ísafjörð.
15.	— —	50.	—	Gjörvidalsá við Ísafjörð.
16.	— —	50.	—	Ísafjarðará í Ísafjarðarbotni.
17.	— —	50.	—	Botnsá við Mjóafjörð.
18.	— —	50.	—	Heydalsá við Mjóafjörð.
19.	— —	57.	—	Broddaá við Kollafjörð.
20.	— —	57.	—	Ennisá í Bitru.

Undir b. Norðurland.

1. Á eftir 2. lið: Núpsá í Miðfirði.
2. — — 8. — Norðurá hjá Egilsá í Skagafirði.
3. — — 18. — Syðri-Tunguá í Hörgárdal.
4. — — 18. — Torfafellsá í Eyjafirði.

Undir c. Austurland.

1. Á eftir 11. lið: Njarðvíkurá í Borgarfirði eystra.
2. — — 12. — Jökulsá á Dal undir Brú.
3. — — 12. — Lagarfljót á Steinboga.

Undir d. Suðurland.

1. Á eftir 3. lið: Gjádalsá í Lóni.
2. — — 5. — Lambleiksstaðakelda á Mýrum.
3. — — 10. — Virkisá í Öræfum.
4. — — 10. — Svínafellsá í Öræfum.
5. — — 10. — Skaftafellsá í Öræfum.
6. — — 23. — Affall við Bergþórshvol í Landeyjum.

III. Aðrar brýr, b-liður orðist svo:

b. Brýr á sýsluvegum má gera að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 1. gr. laga nr. 30 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir, eru taldar óbrúaðar ár á þjóðvegum, sem byggja skuli og áætlaðar eru 10 metra og lengri.

Í 1. gr. frv. eru taldar 33 ár, er falla undir þennan flokk. Nokkrar þessara áa eru á vegum, er teknir voru í tölu þjóðvega 1943, nokkrar eru á vegaköflum, sem lagt er til í frv. því til nýrra vegalaga, er nú liggur fyrir Alþingi, að taka í tölu þjóðvega, loks eru nokkrar á eldri þjóðvegaköflum. Tillögur um flestar þessar nýju brýr liggja fyrir Alþingi, bæði í frv. þeim, sem vísað var til samgöngumálanefndar efri og neðri deildar Alþingis, og í breytingartillögum við þau. Nokkrum brúm hefur vegamálastjóri bætt við.

Í frv. eru allar þessar brýr felldar inn í rétta röð.

Í núgildandi lögum um brúargerðir er ákveðið, að úr ríkissjóði megi greiða nokkurn hluta byggingarkostnaðar brúa á sýsluvegum, eftir þar ákveðnum hlutföllum, sem miðist við kostnað brúnna. Með tilvísun til erindis vegamálastjóra, sem prentað er sem fylgiskjal með frumvarpi þessu, er hér lagt til, að kosta megi að öllu af ríkissjóði brýr á sýsluvegum 10 metra og lengri.

Haldið er óbreyttu núgildandi ákvæði um, að kosta megi að helmingi af ríkissjóði brýr á öðrum vegum en þjóðvegum og fjallvegum, svo og minni brýr en 10 metra á sýsluvegum og hreppsvegum.

Vegamálastjóri hefur skýrt nefndinni frá, að hann telji litlu skipta, þótt bætt verði við tillögur hans brúm á Svínafellsá og Skaftafellsá í Öræfum, og hefur nefndin fallizt á að taka þær inn í breytingartillögur sínar.

Að öðru leyti vísast um frekari greinargerð til erindis vegamálastjóra.

Fylgiskjal.

Brúalög, breytingartillögur.

Háttvirtar samgöngumálanefndir Alþingis hafa sent mér til umsagnar framkomin frumvörp og tillögur um breytingar á brúalögum.

Tillögur þessar allar eru um að bæta inn í 1. gr. brúalaga nýjum brúm, sem sumpart eru á þjóðvegum, en sumpart á sýsluvegum eða öðrum innansveitarvegum, og eru sem hér greinir:

Þskj.			
		Í neðri deild:	
1.	1.	Múlaá við Ísafjarðardjúp	á þjv.
10.	2.	Grímsá í Lundarreykjadal	á sýsluv.
—	3.	Fitjaá í Skorradal	—
18.	4.	Jökulsá á Breiðamerkursandi	á þjv.
—	5.	Fjallsá á Breiðamerkursandi	—
—	6.	Virkisá í Öræfum	—
—	7.	Svínafellsá í Öræfum	—
—	8.	Skaftafellsá í Öræfum	—
25.	9.	Affall við Bergþórshvol	—
28.	10.	Hjaltadalsá í Viðvíkursveit	á sýsluv.
—	11.	Sæmundará í Skagafirði	—
34.	12.	Teigará í Vopnafirði	á þjv.
—	13.	Jökulsá í Dal undan Brú	—
—	14.	Njarðvíkurá í Borgarfjarðarhr.	—
—	15.	Jökulsá á Dal undan Merki	á sýsluv.
—	16.	Fjarðará í Loðmundarfirði	—
52.	17.	Litlu-Laxárós í Árnessýslu	—
67.	18.	Laxá á Möðruvöllum í Kjós	—
96.	19.	Núpsá í Miðfirði	—
—	20.	Austurá í Miðfirði	—
103.	21.	Tungufljót hjá Brú	—
123.	22.	Svínadalsá í Húnavatnssýslu	—
—	23.	Laxá hjá Skrapatungu	—
(134.		Litlu-Laxárós, sama og á þskj. 52.)	
154.	24.	Reykjadalsá í Borgarf.	—
184.	(25)	Hólmsá á Mýrum	á þjv.
205	26.	Deildardalsá hjá Skuggabjörgum	á sýsluv.
		Í efri deild:	
7.	25.	Galtará í Kollafirði í Barðastrandarsýslu	á sýsluv.
—	26.	Sveinungseyrará í Kollafirði í Barðastrandarsýslu	—
—	27.	Múlaá í Kollafirði í Barðastrandarsýslu	—
—	28.	Seljalandsá í Kollafirði í Barðastrandarsýslu	—
—	29.	Mikladalsá í Rauðasandshreppi í Barðastrandarsýslu	—
—	30.	Þverá í Rauðasandshreppi í Barðastrandarsýslu	—
—	31.	Litladalsá í Rauðasandshreppi í Barðastrandarsýslu	—
—	32.	Sauðlauksdalsá í Rauðasandshreppi í Barðastrandarsýslu	—
—	33.	Hvestuvaðall í Dalahreppi í Barðastrandarsýslu	á þjv.
—	34.	Otrardalsá í Suðurfjarðarhreppi í Barðastrandarsýslu	á sýsluv.
—	35.	Dufandalsá í Suðurfjarðarhreppi í Barðastrandarsýslu	—
—	36.	Fossá í Suðurfjarðarhreppi í Barðastrandarsýslu	—
58.	37.	Fagradalsá á Skarðsströnd í Dalasýslu	á þjv.
—	38.	Haukadalsá í Dölum	á sýsluv.
68.	39.	Eyjafjarðará hjá Hólum	—
—	40.	Öxnadalsá hjá Þverá	—

Samkvæmt mælingum á brúarstæðum ná 6 þessara brúa ekki 10 metra lengd og eiga því ekki heima í brúalögum. Eru það þessar:

nr. 12. Teigará,
— 25. Galtará,
— 29. Mikladalsá,
— 30. Þverá,
— 31. Litladalsá,
— 35. Dufandalsá.

Eftir verða þá 36 brýr, og eru 12 þeirra á þjóðvegum, en 24 á sýsluvegum eða innansveitarvegum.

Af brúm á þjóðvegum eru 5 í Öræfum (nr. 4—8). Hefur verið mælt brúarstæði á aðeins einni þeirra, Virkisá, og er þó mjög ótryggt, en talið er enn mjög vafasamt, hvernig má takast að brúa hinar vegna erfiðrar aðstöðu. Vil ég fallast á, að aðeins Virkisá verði bætt í brúalög.

Hinar 7, sem taldar eru á þjóðvegum, eru á þjóðvegaköflum, sem teknir voru í þjóðvegatölu á sama þingi og breytt var brúalögum síðast (1943) og komust því ekki með í breytingar þær, sem þá voru gerðar. Get ég mælt með, að 6 af þeim verði nú bætt í brúalög. Eru það þessar brýr:

nr. 1. Múlaá í Ísafirði,
— 9. Affall við Bergþórshvol,
— 13. Jökulsá í Dal undan Brú,
— 14. Njarðvíkurá í Borgarfjarðarhreppi,
— 33. Hvestuvaðall í Dalahreppi í Barðastrandarsýslu,
— 37. Fagradalsá á Skarðsströnd í Dalasýslu.

Í brúalögunum eru í 1. gr. II. kafla taldar 15 brýr stærri en 10 metra á öðrum vegum en þjóðvegum. Er brúalögin voru fyrst sett 1919, voru taldar í þessum kafla aðeins nokkrar stórbrýr, er sýslunum var talið um megn að leggja nokkuð framlag til eða ekki sanngjarnt að krefjast þess. Síðar var bætt við nokkrum minni brúm. Þegar hreyft hefur verið tillögum um breytingar á brúalögunum, hefur það jafnan verið í þá átt að bæta brúm inn á þennan kafla. Er það ekki óeðlilegt, því að sýslurnar hafa lítið fé til umráða og veitir því örðugt að verja fé til brúa og vega, sérstaklega er allt verðlag fór mjög hækkandi, jafnvel þó ekki væri krafizt nema yfirleitt fjórðungsframlags til brúnna móti ríkissjóði.

Af fyrrgreindum 15 brúm í þessum kafla eru 12 óbyggðar. Ég hef nú tekið saman skrá yfir allar helztu óbrúaðar ár á sýsluvegum, þar sem áætlað er, að þurfi 10 metra langar brýr eða lengri. Eru þær sem hér greinir:

	Tala brúa
Kjósarsýsla	1
Laxá í Kjós.	
Borgarfjarðarsýsla	3
Grímsá í Lundarreykjadal.	
Fitjaá í Skorradal.	
Reykjadalsá nálægt Reykholti.	
Mýrasýsla	2
Litla-Þverá.	
Norðurá á Krókshyl.	
Snæfellsnessýsla	0
Dalasýsla	2
Sælingsdalsá.	
Haukadalsá.	

Barðastrandarsýsla 6
Sveinungseyrará í Kollafirði.
Múlaá í Kollafirði.
Fjarðarhornsá (Seljalandsá) í Kollafirði.
Sauðlauksdalsá.
Otrardalsá í Suðurfjarðarhreppi.
Fossá.

Vestur-Ísafjarðarsýsla 2
Lambadalsá í Dýrafirði.
Hjarðardalsá í Dýrafirði.

Norður-Ísafjarðarsýsla 5
Gjörvidalsá.
Ísafjarðará.
Botnsá í Mjóafirði.
Heydalsá í Mjóafirði.
Kaldalónsá.

Strandasýsla 0

Vestur-Húnavatnssýsla 3
Núpsá í Miðfirði.
Austurá í Miðfirði.
Víðidalsá hjá Víðidalstungu.

Austur-Húnavatnssýsla 3
Laxá hjá Skrapatungu.
Laxá á Skaga.
Svínadalsá.

Skagafjarðarsýsla 3
Hjaltadalsá hjá Laufskálaholti.
Sæmundará hjá Fjalli.
Norðurá hjá Egilsstöðum.

Eyjafjarðarsýsla 7
Myrká.
Torfufellsá.
Öxnadalsá hjá Þverá.
Syðri-Tunguá í Skriðuhreppi.
Eyjafjarðará hjá Hólum.
Skíðadalsá.
Barká í Hörgárdal.

Suður-Þingeyjarsýsla 2
Nýpá í Köldukinn.
Svartá í Bárðardal.

Norður-Þingeyjarsýsla 0

Norður-Múlasýsla 2
Jökulsá á Dal undan Merki.
Fjarðará í Loðmundarfirði.

Suður-Múlasýsla 3
Grímsá á Völlum.
Tinnudalsá í Norðurdal.
Fagradalsá í Breiðdal.

Austur-Skaftafellssýsla 0

Vestur-Skaftafellssýsla 0

Rangárvallasýsla 3
Miðskálaá.
Eystri-Rangá.
Ytri-Rangá.

Árnessýsla 3
Litlu-Laxárós.
Tungufljót hjá Brú.
Tunguá hjá Mástungu.

Samtals 50

Ég vil þó ekki segja, að ekki muni koma óskir um fleiri brýr, er frá líður og samgönguþörf innan sveita vex. Tillögur liggja nú frammi um að taka í brúalög og kosta að öllu úr ríkissjóði 23 þessara brúa. Samkvæmt lauslegri athugun er áætlað, að allar þessar 50 brýr mundu kosta með núverandi verðlagi um 4 millj. kr. Jafnvel þó að meðaltali þrjár þessara brúa yrðu byggðar á ári, mundi taka 16 ár að byggja þær allar. Samkvæmt núgildandi lögum greiðir ríkissjóður ¾ hluta kostnaðar, og mundi því miðað við ofangreinda lauslega áætlun muna ríkissjóð um 1 millj. kr. á þessu tímabili.

Mér telst til, að enn séu óbrúaðar nær 150 brýr á þjóðvegum og öðrum vegum, sem taldar eru í brúalögum. Auk þess er ótalinn fjöldi brúa minni en 10 metra. Enn fremur nokkrar ótaldar brýr á þjóðvegum og nokkrar allstórar brýr, sem væntanlega koma yfir ár á fjallvegum á hálendinu. Með núgildandi verðlagi mundu þær samkvæmt lauslegri athugun vart kosta undir 35 millj. kr. Auk þess þarf að breikka og styrkja ýmsar gömlu brýrnar. Má því vart nefna í þessu sambandi lægri upphæð en 40—50 millj. kr. til brúagerða á öllum vegum. Mætti hugsa sér, að unnt yrði að ljúka brúagerðum þessum á 16—20 árum.

Að því er snertir brýr á sýsluvegum yfir 10 metra langar, þá tel ég koma til greina að gera þá breytingu á brúalögunum, að ríkissjóður skuli kosta þær að öllu, en þar sem svo margar brýr eru enn ógerðar á þjóðvegum, óttast ég, að það yrði frekar til þess, að þær sætu margar hverjar á hakanum, og væri til lítils að vinna fyrir sýslufélögin, þó þau gætu sparað fjórðungsframlagið. Hins vegar er við búið, að sumir þeir sýsluvegir, sem ár þessar eru á, verði á næstu árum teknir í þjóðvegatölu, og fellur þá, hvort sem er, allur kostnaðurinn á ríkissjóð.

Þyki ekki rétt að taka þessa stefnu, kæmi til greina að hækka hlutfallsframlag ríkissjóðs úr hámarki, sem er ¾ hlutar, ef brú kostar yfir kr. 24000.00. Mætti í þessu efni taka tillit til þess, að fjárráð sýsluveganna hafa ekki aukizt í neinu hlutfalli við verðlagshækkunina.

Gæti ég þá lagt til, að hlutfallstölunum væri breytt þannig:

Framlag ríkissjóðs til brúa:

1. sem kosta allt að 25 þús. kr., ¾ hlutar;
2. sem kosta frá 25—50 þús. kr., hækkandi úr ¾ hlutum í ⅞ hluta;
3. sem kosta yfir 50 þús. kr., ⅞ hlutar.

Ef ekki þykir ástæða til að breyta neitt gildandi ákvæðum, en velja heldur úr þær brýr, sem réttmætt þykir að kosta að öllu úr ríkissjóði, þá tel ég þessar brýr eiga að sitja fyrir:

Kjósarsýsla:
Laxá hjá Möðruvöllum.

Borgarfjarðarsýsla:
Grímsá í Lundarreykjadal.

Mýrasýsla:
Litla-Þverá.

Vestur-Ísafjarðarsýsla:
Núpsá í Miðfirði.

Skagafjarðarsýsla:
Norðurá hjá Egilsá.

Eyjafjarðarsýsla.
Öxnadalsá hjá Þverá.

Væri æskilegt að ræða mál þetta við nefndina, og mun ég þá geta útbúið tillögur í samræmi við þá niðurstöðu, sem komizt verður að.

Virðingarfyllst.
Geir G. Zoëga.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis.
—— efri deildar Alþingis.

Sþ. 545. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947.

Frá Ásmundi Sigurðssyni og Steingrími Aðalsteinssyni.

1.	Við 13. gr.	VII. 2. (Aðrir flugvellir og lendingarbætur).			
		Fyrir „350 000“ kemur			600 000
2.	— 14. —	B. II. b. (Námsstyrkir).			
		Fyrir „350 000“ kemur			450 000
3.	— 14. —	B. XIV. 5. (Sundskylda).			
		Fyrir „120 000“ kemur			240 000
4.	— 14. —	B. XIV. 6. (Byggingarstyrkur barnaskóla).			
		Fyrir „2 000 000“ kemur			6 900 000
		Varatillaga			5 000 000
5.	— 14. —	B. XV. 3. (Stofnkostn. gagnfræða- og héraðsskóla).			
		Fyrir „1 500 000“ kemur			5 500 000
6.	— 14. —	B. XV. 13. (Námsflokkar).			
		a. Við a. (Grunnstyrkur). Fyrir „13 750“ kemur			20 100
		b. Við b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „26 125“ kemur			38 190
7.	— 14. —	B. XVIII. Á eftir kemur nýr liður:			
		Til skóla fyrir forstöðukonur og starfsstúlkur barnaheimila, gegn jafnháu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur			32 500
8.	— 14. —	B. XXVII. (Alþýðusambandið).			
		Fyrir „10 000“ kemur			25 000
9.	— 14. —	B. XXIX. (Rannsóknir á þroskastigi barna).			
		Serknesku töluliðina skal orða svo:			
		1. Laun:			
		a. Grunnlaun	16 000		
		b. Verðlagsuppbót	30 400		
				46 400	
		2. Skrifstofu- og ferðakostnaður		25 000	
		3. Til útgáfustarfsemi		10 000	
					81 400

10.	Við 15. gr.	A. VII. 4. Nýr tölul.:		
		Til Alþýðusambands Íslands:		
		a. Til útgáfu sögu verklýðshreyfingarinnar		15 000
		b. Til útgáfu söngvasafns og til söngiðkana á vegum verklýðssamtakanna		50 000
11.	— 15. —	A. VIII. (Skáld og rithöfundar).		
		a. Fyrir „150 000“ kemur		200 000
		Varatillaga		175 000
		b. Fyrir „285 000“ kemur		380 000
		Varatillaga		332 500
12.	— 15. —	A. XII. Á eftir komi nýr liður:		
		Til Gunnlaugs Scheving, byggingarstyrkur		25 000
13.	— 16. —	A. 17. (Búreikningaskrifstofa).		
		Fyrir „40 000“ kemur		59 250
14.	— 16. —	C. 3. (Byggingarstyrkur iðnskóla).		
		Fyrir „300 000“ kemur		750 000
15.	— 17. —	19. (Kvenréttindafélagið).		
		Fyrir „15 000“ kemur		50 000
16.	— 17. —	22. Á eftir kemur nýr liður:		
		Til að útrýma heilsuspillandi íbúðum samkvæmt III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum		2 000 000
		Varatillaga		900 000
17.	— 20. —	Út. VIII. (Heimavist á Akureyri).		
		Fyrir „250 000“ kemur		700 000

Ed. 546. Nefndarálit

um frv. til laga um styrk til vatnsveitna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það ýtarlega á nokkrum fundum. Er hún sammála um, að nauðsyn beri til, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, en leggur til, að það verði afgreitt í nokkuð breyttu formi. Eins og frv. er nú, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður veiti sveitarfélögum óafturkræft framlag til að koma upp vatnsveitum, er nemi allt að helmingi af kostnaði við stofnæðar, dælur og jarðboranir, og nái styrkur þessi eingöngu til þeirra vatnsveitna, sem komið verði upp eftir að frv. verður að lögum. Jafnframt er ætlazt til, að ríkisstjórninni sé heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir þessar sömu stofnæðar. Annan eða meiri styrk er ekki ætlazt til, að ríkissjóður veiti. Nú er það ljóst, að hlutföllin á milli kostnaðar við stofnæðar og þess, sem undir þær falla samkv. 4. gr., og dreifingarkerfisins, sbr. 5. gr., eru afar mismunandi eftir staðháttum og það svo, að á einum stað getur stofnæðin með tilheyrandi verið meginhluti kostnaðarins, en á öðrum stað alveg það gagnstæða. Gæti þá hvor staðurinn sem væri þurft fjárhagslega aðstoð fram yfir það, sem frv. gerir ráð fyrir. Þá er það og jafnljóst, að ef vatnsveitu er komið upp með fyrirhyggju og fyrirtækinu jafnframt tryggð eðlileg fjarhagsleg aðstoð, svo sem hagstæð lán til lengri tíma, getur veitan sem oftast sjálf staðið undir öllum kostnaði með eðlilegum og hæfilegum vatnsskatti. Þá er á það að líta, að þar, sem svo hagar til, að stofnæðar og kerfi kostar hvort fyrir sig mikið fé, getur svo farið, að sú fjárhagslega aðstoð, sem frv. gerir ráð fyrir, verði ekki fullnægjandi, eins og hitt er og ljóst, að þar, sem kostnaður kerfisins er meginkostn-

aður veitu, er aðstoð ríkisins samkv. frv. sára lítils virði. Nefndinni þykir og vanta inn í frv. ákvæði um aðstoð til þeirra sveitarfélaga, sem á undanförnum árum hafa komið upp hjá sér dýrum veitum eða hafizt handa um framkvæmdir í þá átt. Og að síðustu þykir nefndinni rétt, að í þessu frv., ef að lögum verður, séu fyrirmæli, sem tryggi sveitarfélögum eignarrétt yfir veitum, sem fyrir kynnu að vera að öllu eða einhverju leyti og eru í eign einstaklinga, því að vel mætti svo fara, að þær stæðu beint fyrir því, að ráðizt yrði í að koma upp fullkominni veitu á staðnum. Nefndin er því sammála um að færa frv. í það horf, að í stað þess, að ríkissjóður leggi fram allt að helmingi óafturkræfs framlags af kostnaði stofnæða, skuli ríkissjóður lána upphæðina vaxtalausa í 10 ár, ef nauðsynlegt sé, en síðan verði hún endurgreidd með 4% á 20 árum. Enn fremur sé ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán fyrir hönd ríkissjóðs fyrir allt að 85% af heildarkostnaði, enda fari lán og ábyrgð sameiginlega aldrei fram úr því hámarki, að sams konar fjárhagsleg aðstoð verði veitt til veitna, sem komið hefur verið upp eftir 1942, ef þess er þörf, og að sveitarfélögum verði tryggður eignarréttur yfir veitum einstaklinga, ef það þykir nauðsynlegt.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður veitir sveitarfélögum fjárhagslega aðstoð til að koma upp vatnsveitum, sem gerðar eru samkvæmt fyrirmælum þessara laga.
2. Við 2. gr.
   1. málsl. orðist svo:
   Nú vill sveitarfélag koma upp vatnsveitu og fá til þess fjárhagslega aðstoð úr ríkissjóði, og skal sveitarstjórn þá, að loknum undirbúningi eins og fyrir er mælt í 28. gr. l. nr. 15 20. júní 1923, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Fái vatnsveita, sem ráðherra hefur samþykkt samkv. 3. gr., eigi nægilegar tekjur af vatnsskatti og eigi þykir gerlegt að hækka hann svo, að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum, þar með talið vextir og afborganir af stofnkostnaði, skal ríkissjóður veita viðkomandi sveitarfélagi lán, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, til þess að greiða allt að helmingi af stofnkostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Má veita lánið vaxtalaust og afborgunarlaust fyrstu 10 árin, en eftir þann tíma skal það endurgreitt á 20 árum með jöfnum afborgunum og 4% ársvöxtum.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn tryggingum, er hún metur gildar, nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til að koma upp vatnsveitu samkv. 2. og 3. gr. þessara laga. Má ábyrgðin og lán samkv. 4. gr. þó aldrei fara sameiginlega yfir 85% af stofnkostnaði allrar veitunnar.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Þau sveitarfélög, sem þegar hafa hafizt handa um að koma upp vatnsveitu eða hafa eignazt hana eftir 1942 og megna ekki fjárhagslega að standa undir stofnkostnaði, geta einnig notið sams konar fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr. þessara laga, enda uppfylli þau fyrirmæli laganna, eftir því sem við á.
6. Á eftir 6. gr. komi ný grein, er orðist svo (og breytist greinatalan eftir því):
   Nú óskar sveitarfélag að kaupa vatnsveitu einstaklinga eða félaga, sem fyrir kann að vera á veitusvæði þess, og vill fá til þess fjárhagsaðstoð ríkissjóðs. Skal sveitarstjórnin þá senda ráðherra um það beiðni, ásamt frumdrátt-

um að mannvirkjum. Beiðninni fylgi einnig upplýsingar um samningsverð eða matsverð dómkvaddra manna. Samþykki ráðherra kaupin, nýtur sveitarfélagið sama réttar til fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr., enda uppfylli það fyrirmæli laganna, eftir því sem við á.

Náist ekki samkomulag við eigendur um sölu veitunnar, er heimilt að taka hana eignarnámi.

7. Við 7. gr. Í stað orðanna „er vatnsins njóta“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: á veitusvæðinu.

Alþingi, 18. marz 1947.

Brynjólfur Bjarnason, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.
Hannibal Valdimarsson.	Hermann Jónasson.	

Nd. 547. Breytingartillögur

við frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 16. gr. Orðin „ef tilefni gefst að dómi barnaverndarráðs“ í 1. mgr. falla burt.
2. Við 23. gr. Orðin „og nánustu ættingjar samþykkja“ falla burt.
3. Við 33. gr. Greinina skal orða svo:

Rétt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með högum þeirra vegna umkomuleysis eða annmarka. Skylt er nefndinni að hafa eftirlit með slíkum börnum, svo og þeim börnum, sem ekki njóta umsjónar nema annars foreldris eða hvorugs, og má hún setja slíkum börnum eftirlitsmann, sem sé trúnaðarmaður hennar.

Ed. 548. Frumvarp til laga

um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 153 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Sérhverjum eiganda áhættufjárins, sbr. 3. gr., ber að afhenda skírteini, er greinir:

1. Nafn eiganda og heimilisfang.
2. Upphæð eignar.
3. Númer skírteinis.

Um skírteinin gilda reglur þær, er hér greinir, og sé þeirra getið á skírteininu:

1. Eigandi er háður lögum, sem um félagið eru sett á hverjum tíma.
2. Skírteini veitir atkvæðisrétt við kosningar í stjórn félagsins, sbr. 9. gr., samkvæmt reglum, er ráðherra setur um þá kosningu, en ekki annan rétt til afskipta af málum þess.
3. Féð er óuppsegjanlegt.
4. Skírteinið verður ekki framselt né veðsett eða látið af hendi á annan hátt, nema félagsstjórn samþykki, og á hún fyrir félagsins hönd innlausnarrétt á því fyrir matsverð dómkvaddra manna.

5. Skírteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, þó aldrei yfir 5%, sbr. þó 3. lið 10. gr.
6. Skírteinum fylgir skattfrelsi samkvæmt 11. gr.

10. gr. hljóðar svo:

Tekjuafgangi félagsins skal ráðstafað þannig:

1. Í varasjóð skal fyrst leggja allt að 10%.
2. Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 5%.
3. Heimilt er stjórn félagsins að mynda arðjöfnunarsjóð og leggja í hann allt að 4% af innborguðu áhættufé á ári hverju. Sjóður þessi má þó aldrei nema meiru en 25% af innborguðu áhættufé.

   Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunarsjóði, getur stjórn félagsins ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að meðalársarður verði 5%.
4. Sá hluti tekjuafgangs, sem eftir er, skal lagður í hinn almenna endurtryggingasjóð, að því leyti sem stjórn félagsins telur eigi þörf á að yfirfæra hann til næsta árs.

13. gr. hljóðar svo:

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, öðrum tilnefndum af ráðherra, hinum af skírteiniseigendum þeim, er kosningarrétt hafa á tveim mönnum í félagsstjórn samkv. 8. gr.

14. gr. hljóðar svo:

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélaga, fyrstu þrjú starfsárin eftir gildistöku þessara laga.

Skírteini þess og önnur skjöl, er það gefur út, eru ekki stimpilskyld.

21. gr. hljóðar svo:

Fyrir hvern tryggðan skipverja greiða útgerðarmenn fiskiskipa 5 rúmlesta (brúttó) og stærri kr. 1.50 í iðgjald á viku, en útgerðarmenn smærri báta kr. 0.75 á viku. Hrökkvi iðgjald þetta eigi fyrir áhættunni, greiðir ríkissjóður það, sem þá vantar á til að mæta áhættunni.

Hlunninda samkv. þessari grein njóta aðeins skip innan við 100 rúmlestir brúttó, enda hafi þau ekki siglt til útlanda á almanaksárinu.

Nd. 549. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Á síðastl. Alþingi var frumv. um þetta efni flutt samkv. ósk Ljósmæðrafélags Íslands af heilbrigðis- og félagsmálanefnd þessarar hv. deildar. Fylgdi því þá allýtarleg greinargerð ásamt bréfi frá landlækni, þar sem mælt er með samþykkt frumv. Frumvarp þetta komst þá í gegnum allar umr. í þessari hv. deild, en náði ekki fullnaðarafgreiðslu á því þingi. Samhljóða frumvarp var nú flutt af heilbrigðis- og félagsmálanefnd hv. efri deildar og kemur nú frá þeirri hv. deild svo að segja óbreytt.

Nefndin var sammála um að leggja það til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. marz 1947.

Sigurður E. Hlíðar, form.	Helgi Jónasson, frsm.	Katrín Thoroddsen, fundaskrifari.
Garðar Þorsteinsson.	Gylfi Þ. Gíslason.	

Ed. 550. Nefndarálit

um frv. til vegalaga.

Frá samgöngumálanefnd.

Með því að frumvarp þetta, er náð hefur samþykki Nd., hefur verið tekið til rækilegrar athugunar í samvinnunefnd samgöngumála beggja þingdeilda og ýtarleg greinargerð og skýringar vegamálastjóra, er undirbjó frumvarpið, er prentuð ásamt frv., eins og það liggur nú fyrir þessari þingdeild, þykir óþarft að gera frekari grein fyrir frv. af hálfu nefndarinnar, er fellst á ákvæði þess og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. marz 1947.

Eiríkur Einarsson, form., frsm. Steingr. Aðalsteinsson, fundaskrifari. Þorsteinn Þorsteinsson.

Björn Kristjánsson. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 551. Frumvarp til laga

um héraðshæli.

Flm.: Jón Pálmason, Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Heimilt er læknishéruðum, einum sér eða í félagi við nágrannahéruð eða héraðshluta, að stofna héraðshæli.

Verkefni héraðshælis skulu vera þessi:

a. að veita viðtöku sjúklingum til læknismeðferðar og hjúkrunar, og fer sá þáttur starfs þeirra eftir þeim lögum og fyrirmælum, sem í hvert sinn gilda um almenn sjúkrahús.
b. að taka á móti fæðandi konum til meðferðar og stundunar, meðan á sængurlegu þeirra stendur.
c. að vera vistheimili fyrir gamalmenni.
d. að leggja til húsakost og starfslið fyrir heilsugæzlustöð, þar sem slík stöð er eða verður ákveðin.

2. gr.

Héraðshælum skal skipta í deildir, þar sem því verður við komið og eftir því, sem henta þykir, svo að hver þáttur starfs þeirra trufli sem minnst hinar aðrar starfsgreinar, en stjórn og starfslið skal vera sameiginlegt.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir ⅔ stofnkostnaðar héraðshæla, og er þar í innifalinn bústaður læknis, þar sem hans er vant. Staður þeirra og starfssvæði sé samþykkt af heilbrigðisstjórninni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Á síðustu áratugum og einkum þó á síðustu árum hefur sú breyting á orðið í sveitum, að langflestar húsmæður eru orðnar einyrkjar við þau heimilisstörf, sem eru á verksviði kvenna. Það er því orðinn ógerningur fyrir þær að annast

sjúklinga eða örvasa fólk í heimahúsum, enda hafa ýmsar þeirra örmagnazt undir því erfiði í viðbót við önnur störf. Þörfin fyrir skjótan og greiðan aðgang að sjúkrahúsi er því orðin mjög brýn, og bæta fjórðungsspítalar mjög lítið úr henni nema í þeim héruðum, sem að þeim liggja. Það er t. d. oft miklu hægara að koma sjúklingum úr Húnavatnssýslum og jafnvel Skagafirði til Reykjavíkur en til Akureyrar. Kjósa og fleiri að fara til höfuðstaðarins, því að þar er meiri völ sérfræðinga og fleiri eiga þar skyldfólk, sem hægt er að leita til með húsaskjól. Í ýmsum héruðum eru að vísu til sjúkraskýli, flest orðin gömul og upprunalega byggð af vanefnum, enda er nær alveg ómögulegt að fá til þeirra starfsfólk við þau skilyrði, sem þar er upp á að bjóða.

2. Ljósmæðrum hefur fækkað svo, að víða gegnir nú ein ljósmóðir 4—5 ljósmæðraumdæmum og hálfa til heila þingmannaleið þarf að fara til þess að sækja ljósmóður. Er þá lítil trygging fyrir því, að konur geti fengið hæfa ljósmóður til að sitja yfir sér og enn minni fyrir því, að hún geti stundað þær eftir barnsburðinn, jafnvel þótt hún hafi einkabifreið til umráða. Það er reynsla læknanna kringum Skagafjörð og Húnaflóa, að sveitakonur sækjast mjög eftir því að komast í sjúkrahús til þess að fæða börn sín, en þar er oftast svo þröngt fyrir, að mörgum verður að hola niður í misjöfnum húsakynnum, þar sem ljósmæður sitja. Njóta þær því ekki þess næðis eða þeirrar aðbúðar, sem þær þyrftu. Litlar horfur eru á því, að nokkuð rætist úr ljósmæðraeklunni, og eru þá fæðingarheimili í námunda við ljósmóður og lækni orðin að knýjandi nauðsyn.
3. Hreppsnefndir um allt land standa nú næstum því ráðþrota gagnvart þeim vanda að koma gamalmennum fyrir til umönnunar, einkum þeim, sem örvasa eru. Veldur því fyrst og fremst skortur vinnuafls og hjúkrunarkrafta á heimilunum, en einnig húsnæðisekla í flestum kauptúnum. Það er vaknaður mjög mikill áhugi fyrir því að bæta úr þessum vanda með stofnun elliheimila, sem alls ekki er hægt að komast af án lengur.
4. Einhver mestu vandræði, sem einstök heimili og hreppsnefndir komast í, er að ráðstafa brjáluðu fólki, þangað til hægt er að koma því fyrir á geðveikrahæli. Núverandi sjúkraskýli hafa engan útbúnað til að taka á móti slíkum sjúklingum, og er því brýn þörf á, að hægt sé að ná til sjúkrahúss, sem hefur einangrunarklefa fyrir slíkt fólk.
5. Það yrði allt of dýrt að setja upp og starfrækja sérstök sjúkraskýli, fæðingarheimili og gamalmennahæli í öllum héruðum. Beinasta leiðin er því að koma á fót í stærstu héruðunum — eða með samstarfi fleiri læknishéraða en eins — sérstökum héraðssjúkrahælum, sem geta leyst öll þessi verkefni af hendi sameiginlega. Stofnanir þessar verða að vera það stórar, að tvær hjúkrunarkonur — eða a. m. k. ein hjúkrunarkona og ein vökukona — hafi þar nóg verkefni, því að hjúkrunarkonur fást ekki til að hafa 24 klst. vinnudag, sem og ekki er von. Að sjálfsögðu yrði þar og heilsugæzlustöð umhverfisins, ef hún er til á annað borð.

   Héruðunum er með öllu ofvaxið að koma slíkum stofnunum upp af eigin rammleik, og virðist ekki ósanngjarnt, að ríkið styrki stofnun þeirra engu síður en heimavistarskóla. Það er áreiðanlegt, að þær geta forðað frá hruni ýmsum heimilum, með því að spara starfsorku húsmæðranna og auka heilsuöryggi fólksins.
6. Frumvarp þetta ásamt greinargerð er samið að tilhlutun læknafélags Norðvesturlands og í samráði við sýslumennina í Skagafjarðar-, Húnavatns- og Strandasýslum.

Ed.

552. Frumvarp til laga

um innflutning búfjár.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Með lögum þessum er landbúnaðarráðherra heimilt að láta flytja til landsins búfé, önnur dýr og búfjársæði, eftir þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum og þeim reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra getur þó því aðeins notað heimild 1. gr. þessara laga, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn, enda sé farið eftir tillögum ráðunauta í hlutaðeigandi búfjárgrein um val fénaðarins, sem fluttur er til landsins.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður, hvaða búfjártegundir og frá hvaða landi og héraði búfé er keypt, enda leiti yfirdýralæknir upplýsinga hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda búfjár um, að þar séu eigi til staðar þeir búfjársjúkdómar, er sérstaklega þarf að óttast hér á landi.

3. gr.

Allan kostnað við kaup búfjárins skal greiða úr ríkissjóði, enda sé hið innflutta búfé eign ríkisins.

4. gr.

Áður en búfé eða önnur dýr eru flutt inn samkvæmt lögum þessum, skal ríkið byggja sóttvarnarstöð og setja saman bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur, þar sem hins innflutta fénaðar er gætt og hann ræktaður eins og lög þessi mæla fyrir um og þær reglugerðir, sem eftir þeim verða settar.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að kaupa eða leigja eyju eða eyjar til þessara þarfa.

5. gr.

Þegar búfé er keypt til innflutnings, skal hver einstök skepna skoðuð af dýralækni hlutaðeigandi héraðs, áður en hún er flutt úr landi, og skal vottorð um þá skoðun fylgja skepnunni hingað til lands. Enn fremur skal íslenzkur dýralæknir vera við skoðunina og innflutninginn.

Áður en fénaðurinn er fluttur úr landi, þar sem hann er keyptur, skal hann einangraður eigi skemur en 4 vikur undir eftirliti dýralæknis.

Áður en búféð er flutt í land, skal yfirdýralæknir skoða það og athuga heilbrigðisvottorð þess. Reynist ekkert athugavert við heilsufar búfjárins að lokinni skoðun yfirdýralæknis, skal skipa búfénu á land í eyju þeirri, sem sóttvarnarstöð ríkisins er á, sbr. 4. gr., og er með öllu óheimilt, hvernig sem á stendur, að setja það á land annars staðar.

6. gr.

Einangra skal hið innflutta búfé á sóttvarnarstöðinni 16 vikna tíma undir stöðugu eftirliti yfirdýralæknis. Að þeim tíma liðnum ákveður yfirdýralæknir, hvort það skuli leyst úr sóttkví og látið ganga með búfé sömu tegundar á eynni eða haldið lengur í sóttkví.

Aldrei má flytja búfé af búi ríkisins á eynni í land eða á aðrar eyjar, þar sem búfé hefur samgang við búfé í landi.

Heimilt er þó með leyfi landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að flytja til landsins hunda, refi og önnur ræktuð rándýr, að loknum ákveðnum einangrunartíma.

7. gr.

Með sérstakri reglugerð skal ákveða allt, sem lýtur að rekstri búsins, sbr. 4. gr., þar á meðal, hvaða afurðir megi selja frá búinu í land og í hvernig ástandi, hvernig samgöngum við eyna verði örugglegast komið fyrir til að fyrirbyggja, að sjúkdómar, sem upp kynnu að koma, berist í land, svo og annað, er varðar búreksturinn og lýtur að því að gera hann sem nothæfastan fyrir landsmenn.

8. gr.

Á búi ríkisins á eynni skal hreinræktað hið erlenda búfé, en auk þess má gera þar hvers konar tilraunir með blöndun þess með innlendu búfé, eftir tillögum ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í hlutaðeigandi búgreinum.

9. gr.

Bústjórinn á eynni skal ráðinn með sérstöku erindisbréfi af landbúnaðarráðherra, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands og samþykki yfirdýralæknis. Skal hann sjá um og vera ábyrgur fyrir því, að öllum fyrirmælum um einangrun fénaðarins sé hlýtt út í æsar og að starfsemin fari nákvæmlega eftir lögum þessum og þeim reglugerðum og fyrirmælum, sem um þetta verða gefin.

10. gr.

Eftir að hið innflutta búfé hefur verið í eitt ár í einangrun með íslenzku búfé, má, ef það er heilbrigt og grunsamlegir sjúkdómar hafa ekki komið fram í hinum innlenda bústofni, sem með því hefur gengið, flytja sæði úr því til lands. Skal það gert eftir þeim varúðarreglum, er yfirdýralæknir setur, og af þeim mönnum, er hann samþykkir.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, allt að 20000 kr., og stöðumissi, ef sjúkdómur berst til lands vegna vanrækslu ábyrgra aðila, ef ekki liggur þyngri refsing við að lögum.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 8. sept. 1931, lög nr. 45 19. júní 1933, lög nr. 8 25. júlí 1934 og lög nr. 16 28. maí 1941.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd var sent frumvarp þetta frá búnaðarþingi með þeirri ósk, að nefndin flytti það. Þegar nefndin hafði athugað frumvarpið, ákvað hún að verða við ósk búnaðarþings og flytja málið, en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um atkvæðagreiðslu.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu frá búnaðarþingi:

„Búfjárræktarnefnd hefur athugað frumvarp til laga um innflutning búfjár, sem samið hafði verið af ráðunautunum Gunnari Bjarnasyni og Halldóri Pálssyni og lagt fyrir búnaðarþing.

Nefndin hefur samið frumvarpið upp að nýju, en stuðzt í aðalatriðum við frumvarp það, er lá fyrir nefndinni, en tók jafnframt til athugunar þá þrjá kafla frumvarps til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, er lagt var fyrir Alþingi í október 1946, er fjölluðu um innflutning búfjár og sóttvarnarstöð.

Nefndin lítur svo á, að nauðsyn beri til að sett verði heilsteypt löggjöf um innflutning búfjár og annarra dýra og óviðunandi sé að búa við þau lög, er nú eru í gildi um þetta efni.

Verði frumvarp það, sem hér liggur fyrir, að lögum, lítur búfjárræktarnefnd svo á, að löggjafinn hafi búið svo vel um hnútana, að eigi þurfi að óttast, að sjúkdómar berist í búfé landsmanna, þótt erlent búfé yrði flutt inn, ef ákvæðum laganna verður trúlega fylgt.

Búfjárræktarnefnd álítur, að búfjárrækt landsmanna geti hagnazt á því, að flutt verði inn erlend búfjárkyn, en treystir því, að Búnaðarfélag Íslands og Búnaðardeild Atvinnudeildar háskólans láti gera ýtarlegar tilraunir með, hvaða árangur kynblöndun milli innlendra og erlendra kynja gefi, áður en erlendum búfjárkynjum verði blandað við innlent búfé hjá bændum yfirleitt.

Þannig samþykkt á búnaðarþingi 13. marz 1947 með 20 samhljóða atkvæðum."

Nd. 553. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu frá 15. sept. 1946 að telja, svo sem með niðurgreiðslu á tilteknum neyzluvörum eða á annan hátt.

Ef vara er seld tvenns konar verði vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar og hún sér um, að hæfilegt neyzlumagn vörunnar og ekki undir því magni, sem reiknað er í vísitölu, að viðbættum 25% sé á boðstólum með lægra verðinu, skal vísitalan eingöngu miðuð við það.

2. gr.

Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er til sölu á tímabilinu frá 1. ágúst til 20. september ár hvert, og á kartöflum, sem teknar eru upp og seldar á sama tíma, skal eigi hafa áhrif á vísitöluna, enda sé á boðstólum nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í vísitölunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra. Einsakir nefndarmenn áskilja sér óbundið atkvæði um málið.

Með l. nr. 20 1946 var ríkisstj. heimilað að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu á tímabilinu frá 15. sept. 1945 til jafnlengdar næsta ár. Heimild þessi féll því úr gildi 15. sept. s. l. Ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að fá þessa heimild í lög að nýju, þannig að hún sé veitt frá 15. sept. s. l. og án tímatakmarks. Að öðru leyti er frv. þetta samhljóða áðurgreindum lögum, þó er á 2. gr. gerð hliðstæð breyting og á 1. gr., sem sé að tímatakmarkið er þar fellt niður.

Ed. 554. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 27. júní 1943, um dýralækna.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Minni hl. (PZ) mun skila sérstöku nefndaráliti. Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi 20. marz 1947.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm.	Ásmundur Sigurðsson, fundaskr., með fyrirvara.	Eirikur Einarsson.
	Guðm. Í. Guðmundsson.	

Ed. 555. Frumvarp til laga

um vernd barna og ungmenna.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 162 með þessum breytingum:

24. gr. hljóðar svo:

Ef fjárhagur foreldra barns eða forráðamanna er svo bágborinn, að það nýtur ekki sómasamlegrar aðbúðar og uppeldis, skal barnaverndarnefnd hlutast til um, að ráðin verði bót á því. Ef barn líður skort vegna örbirgðar, skal barnaverndarnefnd þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til bráðabirgða, og greiðist kostnaður úr bæjar-(sveitar-)sjóði, að svo miklu leyti sem almannatryggingunum ber ekki að greiða hann.

Ekki má taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanna.

35. gr. hljóðar svo:

Áður en ráðherra veitir heimild til stofnunar eða rekstrar barnahælis eða annarrar uppeldisstofnunar, skal hann leita umsagnar barnaverndarráðs. Ekki má fela forstöðu slíks hælis eða stofnunar öðrum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, telur þar til hæfa, eða barnaverndarráð, ef hæli er ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum hvaðanæva af landinu.

Barnaverndarnefnd ber að hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Skal hún jafnan fylgjast með, hvað verður um börn, sem tekin eru af slíkum hælum, og samþykkja þá staði, sem þau fara til, ef ekki er um að ræða heimili foreldra. Skal hún gæta þess vandlega, að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur hæli eða stofnanir en þær, sem hlotið hafa löggildingu lögum samkvæmt.

Ef meðferð barns á barnahæli eða uppeldisstofnun er óhæfileg eða rekstri slíks hælis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skal barnaverndarnefnd með leiðbeiningum og áminningum leitast við að bæta úr því, sem áfátt er. En komi það ekki að haldi, skal hún leggja málið fyrir barnaverndarráð. Ef barnaverndarráð fær eigi úr bætt, getur það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt hæli eða stofnun rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar. Bera má mál þessi undir dómstóla, en ekki frestar það framkvæmd úrskurðar barnaverndarráðs eða ráðherra.

36. gr. hljóðar svo:

Áður en ráðstafað er samkvæmt lögum þessum barni eða ungmenni, sem er líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, sbr. 5. tölul. 1. gr., skal barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð, ef unnt er, láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til, hvernig með skuli fara.

Ríkisstjórn skal í þessu skyni, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, setja á stofn og reka athugunarstöð eða stöðvar að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Þar, sem athugunarstöð er sett, skal leita umsagnar viðkomandi barnaverndarnefndar um stað, stærð og fyrirkomulag. Á athugunarstöð skulu barnaverndarnefndir hvaðanæva af landinu eiga kost á að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum, og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa um stuttan tíma, unz athugun þeirra er lokið og þeim ráðstafað til frambúðar.

Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu þessarar stöðvar í samráði við barnaverndarráð.

37. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórninni er skylt, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu hæli þessi vera a. m. k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum. Ráðherra setur reglur um vist barna og ungmenna á hælum þessum, fræðslu, uppeldi og aga þar.

Um greiðslur fyrir börn og ungmenni á hælum þessum og öðrum hælum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 35. gr. getur, fer samkv. lögum nr. 78 1936. Þegar leitað er samninga um vist á slíkum hælum, skal það gert í samráði við barnaverndarráð.

38. gr. hljóðar svo:

Rétt er barnaverndarnefnd að leita í samráði við oddvita eða framfærslunefnd samninga um meðlag með barni eða ungmenni, sem ráðstafað er samkvæmt lögum þessum gegn meðlagi. Ágreiningi má skjóta til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar (bæjarráðs), er skal tafarlaust leggja úrskurð á málið. Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar til æðra stjórnvalds.

Þá er barni eða ungmenni er ráðstafað svo sem nú var sagt, skal framfæranda skylt, eftir því sem hann er megnugur, að bera kostnað af því. Nú telur framfærandi sér kostnað um megn, og skal valdsmaður sá, sem í hlut á, kveða upp úrskurð um meðlagsskyldu, er hann hefur rannsakað efni og ástæður aðila. Má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Að öðru greiðist kostnaður úr sveitarsjóði, sbr. þó 24. og 37. gr. þessara laga.

46. gr. hljóðar svo:

Hver, sem verður þess vís, að foreldrar, forráðamenn, kennari, meistari eða aðrir þeir, sem forsjá barns eða ungmennis er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin, skal skyldur að tilkynna það barnaverndarnefnd, þar sem barnið er.

Vanræksla í þessu efni varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik, sem telja má, að barnaverndarnefnd eigi að láta sig skipta.

Nd. 556. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

2. gr. laganna hljóði þannig:

Kveða skal á um tilhögun kennslu og prófa í reglugerð og miðað við það, að náminu verði lokið á 4—5 árum. Sérstaklega skal kveða á um tilhögun tannlæknanáms lækna og læknastúdenta, sem lokið hafa prófi í fleiri eða færri greinum almennrar læknisfræði, enda skulu þeir undanþegnir prófi tannlæknastúdenta í þeim greinum, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 557. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Ég hef ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum um þetta frumvarp, því að ég tel, að það þurfi að gerbreyta því og legg til, að svo verði gert. Hinir nefndarmennirnir allir viðurkenna, að frumv. þurfi að breyta, en telja, að Alþingi það, er nú situr, hafi ekki tíma til þess að gera það svo vel sé, og því sé það sem „bráðabirgðaráðstöfun" að samþykkja þetta frumv., er fyrir liggur.

Ég tel eins og flutningsmenn frumv., að dýralæknum þurfi og eigi að fjölga, en vil fjölga þeim meira en flm., eða upp í níu. Vil ég þá láta hinn níunda koma í Rangárvallasýslu. Það er orðið svo nú, að þótt lögskipað sé, að ekki megi selja mjólk til Reykjavíkur úr kúm, sem ekki eru árlega skoðaðar af dýralækni, þá er langt frá, að það sé gert, því að það er ofvaxið eins manns starfi, a. m. k. með öðru. Í umdæmi hans eru um 1272 byggðar jarðir með um 10868 nautgripum, og er langsamlega ofvaxið einum manni að komast yfir skoðun á þeim, svo að nokkurt lag sé á. Þess vegna vil ég bæta við níunda dýralækninum.

Þá vil ég láta ákveða starfssvæði þeirra eða læknisumdæmi, eins og gert er með umdæmi mannalækna, sýslumanna og yfirleitt allra annarra embættismanna, og geri um það tillögu. En með því að sums staðar er ekki með fullu ljóst, hvernig samgöngur leggjast í framtíðinni, og þær eru ekki enn komnar í það horf, er verður, þá geri ég ráð fyrir því, að ráðherra geti ákveðið umdæmið annað um stundarsakir en lögin gera ráð fyrir.

Mér er ekki nú kunnugt um, að það sé nema einn maður íslenzkur að læra dýralækningar, enda hefur það opinbera ekki stutt að því, að menn legðu það nám fyrir sig, þar sem hvort tveggja hefur verið, embætti fá eða engin til handa mönnum að setjast í að námi loknu og launin lægri en hjá mönnum, sem ekkert þurfa til starfs síns að læra, eins og t. d. lögregluþjónar. Af þessu má búast við því, að í dýralæknisumdæmin, sem til yrðu eftir lögum þessum, fengjust ekki dýralæknar strax. Þá hefur það verið venja hér á landi, þegar embætti eru laus, að fela nágrannaembættismanni að þjóna því, gegn sérstakri þóknun, sem venjulega hafa verið hálf laun. Þar sem ég tel, að hin nýju dýralæknisembætti séu ekki gerð til að hækka laun nú-

verandi dýralækna, þá tek ég upp ákvæði um, að þeir skuli ekki fá aukagreiðslur fyrir að þjóna hinum nýju héruðum, enda breytist núverandi starfssvæði þeirra ekki við lögin að svo stöddu, og því ekki ástæða til að hækka laun þeirra þess vegna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því nú, að fáist ekki lærðir dýralæknar í störfin, þá geti atvinnumálaráðherra, í samráði við yfirdýralækni, falið mönnum, er yfirdýralæknir telur treystandi til, að gegna störfum dýralæknis, og greiða honum þóknun fyrir úr ríkissjóði. Með þessu yrðu í raun og veru skipaðir ólærðir menn af ríkisstjórn, með samþykki yfirdýralæknis, til þess að vera dýralæknar. Móti þessu ákvæði er ég. Ég tel fjarstætt, að menn, sem ekki hafa lokið dýralæknisprófi, séu af ríkisstjórninni settir, þó um stundarsakir sé, til að gegna dýralæknisstörfum. Engum hefur heldur dottið í hug að leysa á þann hátt læknisleysi læknalausu læknishéraðanna, og eru leikmenn þó misnærfærnir, og hér og þar um landið eru til menn, sem kallaðir eru „skottulæknar", og sjálfsagt mætti fá í einhver læknislaus héruð, ef að því ráði yrði horfið, en það væri í samræmi við anda þessa frumv. að gera það. Nú verður því ekki neitað, að bæði manna- og dýraskottulæknar, geta stundum hjálpað nokkuð í veikindum manna og skepna, en varla mun nokkur halda því fram í alvöru, að ríkisvaldið eigi að löggilda þá, eftir tillögum frá landlækni eða yfirdýralækni, en þó er til þessa ætlazt hvað dýraskottulæknana snertir í frumv. þessu. Þetta get ég ekki samþykkt. Hins vegar vil ég ekki standa á móti því, að þeim dýralæknisumdæmum, sem engan dýralækni fá, sé gert mögulegt að tryggja sér not þessara manna á ábyrgð þeirra, er þjónustu þeirra eiga að þiggja, og legg því til í brtt. mínum, að heimilt sé að styrkja úr ríkissjóði með allt að ⅘ af dýralæknislaunum þau svæði, er enga dýralækna fá, til að fá sér þá hjálp, er þeir sjálfir óska, en það opinbera taki ekki á sig að stimpla þá menn sem dýralækna.

Þá tel ég réttara, að færð séu í eitt þau tvenn lög, sem nú gilda um dýralækna, en þau mundu verða þrenn, ef frumvarpið yrði samþykkt eins og það liggur fyrir nefndinni, sem þá væru í gildi, en að því á ekki að vinna að hafa í mörgu lagi lög um sama efni. Vegna þess hef ég tekið ákvæðin úr eldri lögum um þetta efni inn í brtt. mínar og legg þá jafnframt til, að eldri lögin verði felld úr gildi.

Til þess að menn átti sig betur á skiptingu landsins í dýralæknisumdæmi og starfi hvers dýralæknis, set ég hér töflu, er sýnir býlatölu (byggðra) og búfjártölu í hverju umdæmi.

		Framtalið búfé		
Dýralæknisumdæmi	Tala býla	Nautgripir	Sauðfé	Hross
Reykjavíkurumdæmi	391	3258	17352	1572
Borgarfjarðarumdæmi	647	5262	64615	9267
Dalasýsluumdæmi	597	2793	48788	4365
Ísafjarðarumdæmi	407	1625	38790	1190
Sauðárkróksumdæmi	846	5205	87890	20290
Akureyrarumdæmi	992	6684	10049	4380
Austfjarðaumdæmi	768	3853	12625	3813
Rangárvallaumdæmi	693	4629	77958	10135
Selfossumdæmi	579	6239	50406	6618

Eins og menn sjá, eru bæði misjafnlega mörg býli í umdæmunum, og bændur á þeim eiga mismunandi margt búfé. En það ætla ég, að komi greinilega í ljós, að Selfosshérað saman með Rangárhéraði er það bændamargt og skepnumargt, að engri átt nær að ætla það einum manni. Hins vegar má segja, að Ísafjarðarumdæmi sé bæði það bænda- og skepnufátt, að þar þurfi ef til vill ekki sérstakan dýralækni, en með tilliti til aðstæðna og samgangna mun þó verða að telja, að réttmætt sé að hafa þar sérstakan dýralækni.

Að öðru leyti verður nánari grein gerð fyrir brtt. í framsögu.

Alþingi, 20. marz 1947.

Páll Zóphóníasson.

Ed. 558. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Dýralæknar skulu vera níu, og skulu umdæmi þeirra vera sem hér segir:
   1. *Reykjavíkurumdæmi* nær yfir alla Gullbringu- og Kjósarsýslu og kaupstaði þá, sem þar eru.
   2. *Borgarfjarðarumdæmi* nær yfir Borgarfjarðarsýslu og Akranes, Mýrasýslu og Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu að Skógarstrandarhreppi.
   3. *Dalasýsluumdæmi* nær yfir Skógarstrandarhrepp í Snæfellsnessýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu að Rauðasandshreppi og Strandasýslu að Trékyllisheiði.
   4. *Ísafjarðarumdæmi* nær yfir Barðastrandarsýslu norðan Skorarheiðar, Ísafjarðarsýslur báðar og Ísafjarðarkaupstað og Árneshrepp í Strandasýslu.
   5. *Sauðárkróksumdæmi* nær yfir Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur og Siglufjörð.
   6. *Akureyrarumdæmi* nær yfir Ólafsfjörð, Akureyrarkaupstað, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslur.
   7. *Austurlandsumdæmi* nær yfir Múlasýslur báðar, Seyðisfjörð og Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
   8. *Rangárvallahérað* nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.
   9. *Selfosshérað* nær yfir Árnessýslu og Vestmannaeyjar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Atvinnumálaráðherra skipar dýralækna og ákveður, hvar þeir skuli hafa búsetu í umdæmi hverju. Standi sérstaklega á, er ráðherra heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. gr. að ákveða í erindisbréfi, að önnur takmörk gildi um stundarsakir fyrir umdæmi dýralæknisins, er ákveðin eru í lögum þessum.
   Dýralæknirinn í Reykjavíkurumdæmi skal vera yfirdýralæknir. Hann skal vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum búfjárins, hafa yfirumsjón með sóttvörnum nærra sjúkdóma og innflutningi búfjár og búfjárafurða og eftirlit með embættisfærslu annarra dýralækna.
3. Á eftir 2. gr. koma 5 nýjar greinar, er orðist svo:
   a. (3. gr.) Dýralæknar taka laun sín úr ríkissjóði samkvæmt launalögum, en þó skulu þeir auk þess fá greiðslu fyrir störf sín og ferðir fyrir einstaka menn eða hið opnbera, og skal það greiðast eftir gjaldskrá, er landbúnaðarráðherra setur í samráði við yfirdýralækni að fengnum tillögum dýralæknafélags Íslands og stéttarsambands bænda.
   b. (4. gr.) Nú fæst ekki dýralæknir í eitthvert af hinum lögskipuðu dýralæknisumdæmum og er þá ráðherra heimilt:
      1. að skipa nágrannadýralækni að þjóna embættinu án sérstakra aukalauna vegna þeirrar þjónustu;
      2. að styrkja sýslu- og bæjarfélög í umdæminu til þess að kaupa sér dýralæknisþjónustu á þann hátt, er þau ákveða, með allt að 4/5 hlutum dýralæknislauna. Styrkur þessi fellur þó niður, þegar dýralæknir fæst í umdæmið.
   c. (5. gr.) Atvinnumálaráðherra setur dýralæknum erindisbréf og ákveður í því verksvið þeirra, þar á meðal um eftirlit með verzlun með landbúnaðarvörur og heilbrigði og hollustu þeirra.
   d. (6. gr.) Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 12. júní 1939 og breyting á þeim lögum, nr. 4 27. janúar 1943.
   e. (7. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 559. Breytingartillaga

við frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Flm.: Pétur Ottesen, Steingrímur Steinþórsson, Sigfús Sigurhjartarson.

Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Engan gjaldeyri má láta af hendi án leyfis innflutnings- og gjaldeyrisdeildar, nema greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vexti og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands, Útvegsbandi Íslands h/f og Búnaðarbanki Íslands hafa einir kauprétt á erlendum gjaldeyri.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h/f og Búnaðarbanka Íslands þannig, að Útvegsbankinn fær 28% og Búnaðarbankinn 16% gjaldeyris, ef þeir óska, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, sem hver banki fær, getur ríkissjórnin breytt, ef allir bankarnir samþykkja. Enginn hefur rétt til að selja erlendan gjaldeyri nema þeir þrír bankar, sem nefndir eru hér að framan. Þó er póststjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ríkisstjórnin setur.

Bannað er að flytja íslenzkan eða erlendan gjaldmiðil úr landi, nema nauðsynlegan farareyri, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur.

Sþ. 560. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947 og við brtt. á þskj. 542.

I. Frá *Áka Jakobssyni* og *Brynjólfi Bjarnasyni*.
1. Við 12. gr. VI. a. Í stað „og Seyðisfirði“ kemur: Seyðisfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði.
2. Við 12. gr. VI. b. Orðin „og sjúkrahúsanna á Siglufirði og í Vestmannaeyjum“ falla niður.

II. Frá *Arnfinni Jónssyni* og *Sigurði Guðnasyni*.
Við 12. gr. IX. Nýr liður:
Til byggingar fávitahælis 1 000 000

III. Frá *Jónasi Jónssyni*.
Við 12. gr. XIX. Nýr liður:
Til Geirs Sigurðssonar, fyrrv. lögregluþjóns, vegna heilsubilunar:
1. Grunnstyrkur 3000
2. Verðlagsuppbót 5700
——— 8 700

IV. Frá *Áka Jakobssyni*.
Við brtt. 542, 14. 1. (Við 13. gr. A. II. a.).
Á undan kemur nýr liður:
Sandgerðisvegur beina leið til Keflavíkur 250 000

V. Frá *Gunnari Thoroddsen*.
1. Við brtt. 542, 14. 14. (Við 13. gr. A. II. a. — Eyrarsveitarvegur).
Fyrir „30 000“ kemur 50 000
2. Við brtt. 542, 14. 14. (Við 13. gr. A. II. a.). Nýir liðir:
a. Útnesvegur 100 000
b. Helgafellssveitarvegur 25 000

VI. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
1. Við brtt. 542, 14. 26. (Við 13. gr. A. II. a.). Nýir liðir:
a. Núpsvegur 45 000
b. Ferjubryggja við Gemlufall 25 000
c. Hjarðardalsvegur 45 000
2. Við brtt. 542, 14. 27. (Við 13. gr. A. II. a. — Botnsheiðarvegur). Liðinn skal orða svo:
Suðureyrarvegur 60 000

VII. Frá *Hannibal Valdmarssyni.*
Við brtt. 542, 14. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
a. Við 28. (Súðavíkurvegur).
Fyrir „90 000“ kemur 150 000
b. Við 31. (Ármúlavegur).
Fyrir „30 000“ kemur 100 000

VIII. Frá *Hermanni Jónassyni.*
Við brtt. 542, 14. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
a. Við 32. (Bolungavíkurvegur). Nýir liðir:
1. Selstrandarvegur 25 000
2. Reykjarfjarðarvegur 25 000
b. Við 33. (Bitruvegur).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000
c. Við 34. (Bæjarhreppsvegur).
Fyrir „20 000“ kemur 50 000

IX. Frá *Jóni Pálmasyni.*
1. Við brtt. 542, 14. 36. (Við 13. gr. A. II. a.). Nýr liður:
Vatnsdalsvegur 20 000
2. Við brtt. 542, 14. 37. (Við 13. gr. A. II. a. — Svínvetningabraut).
Fyrir „60 000“ kemur 80 000
3. Við brtt. 542, 14. 38. (Við 13. gr. A. II. a. — Skagastrandarvegur).
a. Fyrir „120 000“ kemur 150 000
b. Nýr liður:
Norðurárdalsvegur 15 000

X. Frá *Arnfinni Jónssyni.*
1. Við brtt. 542, 14. 70. (Við 13. gr. A. II. a. — Eskifjarðarvegur).
Fyrir „20 000“ kemur 50 000
2. Við brtt. 542, 15. 1. (Við 13. gr. A. III.). Nýr liður:
Geitdalsá og Múlaá í Skriðdal 180 000

XI. Frá *Jóni Pálmasyni.*
1. Við brtt. 542, 15. 10. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir). Nýr liður:
Vatnsdalsá 100 000
2. Við brtt. 542, 15. 11. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir, Blanda).
Fyrir „200 000“ kemur 500 000

XII. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við brtt. 542, 15. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir).
Við 9. (Ósá hjá Bolungavík).
Fyrir „55 000“ kemur 75 000

XIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við brtt. 542, 15. 12. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir). Nýr liður:
Gemlufallsá í Dýrafirði 25 000

XIV. Frá *Hermanni Jónassyni.*
Við brtt. 542, 15. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir).
Við 24. (Selá í Steingrímsfirði).
a. Fyrir „75 000“ kemur 150 000
b. Nýr liður:
Staðará í Steingrímsfirði 120 000
Til vara 60 000

XV. Frá *Skúla Guðmundssyni.*
Við brtt. 542, 15. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir).
Við 25. Nýir liðir:
a. Austurá í Miðfirði (¾ kostnaðar) 27 000
b. Þórsá á Vatnsnesi 35 000

XVI. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við 13. gr. A. VI. 2. (Kaup á vegavinnuvélum).
Fyrir „500 000“ kemur 1 000 000

XVII. Frá *Hermanni Guðmundssyni.*
Við 13. gr. A. VI. 3. (Bókasafn verkamanna).
Fyrir „4 000“ kemur 10 000

XVIII. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við 13. gr. C. VI. Liðinn skal orða svo:
Til kaupa á áhöldum og vinnuvélum 1 000 000

XIX. Frá *Sigurði E. Hliðar* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við brtt. 542, 17. a. 2. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarmannvirki á Akureyri).
Fyrir „200 000“ kemur 500 000
Til vara. 330 000

XX. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við brtt. 542, 17. a. 6. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarmannvirki, Flateyri).
Fyrir „75 000“ kemur 150 000

XXI. Frá *Hermanni Guðmundssyni.*
Við brtt. 542, 17. a. 7. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarfjörður).
Fyrir „330 000“ kemur 600 000

XXII. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
1. Við brtt. 542, 17. a. 8. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarmannvirki, Hofsós).
Fyrir „50 000“ kemur 75 000
2. Við brtt. 742, 17. a. 16. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarmannvirki, Sauðárkrókur).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000

XXIII. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við brtt. 542, 17. b. 15. (Við 13. gr. C. VIII. — Lendingarbætur í Grafarnesi).
Fyrir „75 000“ kemur 150 000

XXIV. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við brtt. 542, 17. b. 17. (Við 13. gr. C. VIII. — Lendingarbætur).
Nýr liður:
Hagnesvík 25 000

XXV. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við brtt. 542, 17. (Við 13. gr. C. VIII. — Lendingarbætur).
Við b. 22. (Kaldrananes). Nýr liður:
Grenivík 100 000

XXVI. Frá *Hermanni Jónassyni.*
Við brtt. 542, 17. (Við 13. gr. C. VIII. — Lendingarbætur).
Við b. 22. (Kaldrananes).
Fyrir „50 000“ kemur 95 000

XXVII. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við brtt. 542, 17. (Við 13. gr. C. VIII. — Lendingarbætur).
Við b. 25. (Reykjanes við Ísafjarðardjúp).
Fyrir „25 000“ kemur 50 000

XXVIII. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við brtt. 542, 17. b. 26. (Við 13. gr. C. VIII. — Sandgerði).
Fyrir „150 000“ kemur 300 000
Til vara 250 000

XXIX. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við brtt. 542, 17. b. 33. (Við 13. gr. C. VIII. — Lendingarbætur á Vopnafirði).
Fyrir „100 000“ kemur 200 000

XXX. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni.*
1. Við 14. gr. B. IV. e. (Náms- og húsaleigustyrkur við menntask. í Rvík).
Fyrir „15 000“ kemur 100 000
2. Við 14. gr. B. V. e. (Námsstyrkir við menntask. á Akureyri).
Fyrir „7 500“ 50 000

XXXI. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Gunnari Thoroddsen, Sigfúsi Sigurhjartarsyni* og *Steingrimi Steinþórssyni.*
Við 14. gr. B. XXIX. Nýr liður:
Til stúdentaráðs, til stúdentaskipta, útgáfu handbókar og annarrar starfsemi í þágu stúdenta 10 000

XXXII. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við 15. gr. A. III. 9. Nýr stafl. (10):
Til viðhalds á Snorragöngum í Reykholti 5 000

XXXIII. Frá *Hermanni Guðmundssyni.*
1. Við 15. gr. A. VI. 30. Nýr liður:
Til lesstofu fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði 5 000
Til vara 3 000
2. Við 15. gr. A. X. 4. (Leikfélag Hafnarfjarðar).
Fyrir „3 000“ kemur 6 000

XXXIV. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. A. XVII. Nýr liður:
Til að setja grafhellur af sömu gerð og legsteininn á leiði Einars Benediktssonar á leiði þessara þjóðskálda: Bjarna Thorarensens á Möðruvöllum í Hörgárdal, Bólu-Hjálmars að Miklabæ í Skagafirði, Kristjáns Jónssonar að Hofi í Vopnafirði, Gríms Thomsens að Bessastöðum, Guðmundar Friðjónssonar að Nesi í Aðaldal og Guðmundar Kambans og Unnar Benediktsdóttur (Huldu) í Reykjavík 20 000

XXXV. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 15. gr. B. III. 2. (Rannsóknakostnaður).
Fyrir „25 000“ kemur 100 000

XXXVI. Frá *Hermanni Jónassyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Jóni Sigurðssyni* og *Einari Olgeirssyni.*
Við brtt. 542, 48. d. (Við 16. gr. A. 15. — Skóggræðsla, friðun o. fl.).
Fyrir „400 000“ kemur 550 000

XXXVII. Frá *Arnfinni Jónssyni, Áka Jakobssyni og Einari Olgeirssyni.*
Við brtt. 542, 54. d. (Við 16. gr. D. II. — Raforkuframkvæmdir).
Fyrir „1 000 000“ kemur 3 000 000
Til vara 2 000 000

XXXVIII. Frá *Einari Olgeirssyni* og *Áka Jakobssyni.*
Við 16. gr. D. VI. Fyrir 2. og 3. tölul. kemur:
Kostnaður við boranir 1 530 000

XXXIX. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 18. gr. I. c. 23. (Margrét Sigurðardóttir).
Liðurinn fellur niður.
2. Við 18. gr. II. d. 31. (Margrét Sigurðardóttir).
Liðurinn fellur niður.
3. Við 18. gr. II. d. 34. (Sigríður Helgadóttir).
Liðurinn fellur niður.

XL. Frá *Arnfinni Jónssyni.*
Við 20. gr. Ut. VI. b. Nýr stafl. (c.):
Flugskýli og dráttarbraut á Eskifirði 100 000

XLI. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 20. gr. Út. VII. (Menntaskólinn í Reykjavík).
Fyrir „500 000“ kemur 1 000 000

XLII. Frá *Gunnari Thoroddsen* og *Jóhanni Hafstein.*
Við 20. gr. Út. XIV. Nýr liður:
Til byggingar fávitahælis 500 000
Til vara 250 000

XLIII. Frá *Áka Jakobssyni* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að taka að láni allt að 3 millj. kr. sem viðbótarframlag af hálfu ríkisins til fiskihafna vegna aukningar fiskiflotans.

XLIV. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að verja allt að 5 000 kr. til þess að styrkja forstöðumenn ríkisframkvæmda eða fulltrúa þeirra til mánaðardvalar í næstu löndum til að fylgjast með nýjungum í sérgreinum þeirra.

XLV. Frá *Páli Þorsteinssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýir liðir:
a. Að greiða allt að 8 þús. kr. til fyrirhleðslu í Staðará og allt að 12 þús. kr. til fyrirhleðslu í Einholtsvötnum, gegn greiðslu ⅓ kostnaðar annars staðar að.
b. Að greiða Jóhanni Albertssyni, hafnsögumanni á Hornafirði, 5 þús. kr. vegna kostnaðar við að endurbæta hafnsögubát.

XLVI. Frá *Pétri Magnússyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að láta Búnaðarfélagi Íslands í té ókeypis lóð milli Skúlagötu og Sölvhólsgötu í Reykjavík undir félagshús.

Nd. 561. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (SB) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 20. marz 1947.

Gísli Sveinsson, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Barði Guðmundsson.

Arnfinnur Jónsson.

Ed. 562. Breytingartillaga

við frumv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Á eftir II. 8. (Nýjar brýr á öðrum vegum en þjóðvegum) komi:
Þverá í Vopnafirði.

Nd. 563. Breytingartillaga

við frv. til l. um hýsingu prestssetra.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Reisa skal árlega prestsseturshús samkvæmt fyrirmælum þessara laga svo fljótt sem auðið er og eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum, þar til lokið er að byggja upp sómasamlega öll prestssetur landsins. Húsameistari ríkisins áætlar byggingarkostnað prestsseturshúsa.

Sþ. 564. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947 og við brtt. á þskj. 542.

I. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
Við brtt. 542, 14. 69 (Við 13. gr. A. II. a. — Skógavegur).
Liðurinn orðist svo:
Skóga- og Fljótsdalsvegur 16 000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 18. gr. II. c. 3. (Ásmundur Gíslason).
Liðurinn fellur niður.
2. Við 18. gr. II. v. 41. (Jón Runólfsson).
Liðurinn fellur niður.
3. Við 18. gr. II. v. 60. (Runólfur Pétursson).
Liðurinn fellur niður.

III. Frá *Finni Jónssyni og Hannibal Valdimarssyni.*
Við 20. gr. Út. IX. Nýr liður:
Til byggingar skólahúss til sjómannakennslu á Ísafirði, gegn jafnháu framlagi annars staðar að 125 000

IV. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að verja fjárhæð þeirri, sem veitt var í fjárl. 1946 til byggingar Menntaskólahúss í Reykjavík en ekki notuð, til að kaupa eða byggja rektorsbústað nærri skólanum.

Sþ. 565. Tillaga til þingsályktunar

um upptöku Íslands í Bernarsambandið.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita upptöku fyrir Íslands hönd í Bernarsambandið.

Greinargerð.

Mál þetta er svo margrætt og alkunnugt, að ekki er þörf greinargerðar.

Sþ. 566. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1947.

Frá *Ólafi Thors* og *Guðmundi Í. Guðmundssyni.*
1. Við 13. gr. A. XII. (Vegarlagning í Kópavogi).
Fyrir „50 000“ kemur 150 000
2. Við 22. gr. IX. Nýir liðir:
a. Að verja allt að 150 þús. kr. til byggingar sjóvarnargarðs á Garðskaga.
b. Að verja allt að 60 þús. kr. til byggingar sjóvarnargarðs á Álftanesi.

Ed. 567. Breytingartillaga

við frv. til vegalaga.

Flm.: Björn Kristjánsson.

Við 2. gr. D. 20. (Mjóafjarðarvegur):
Í stað orðanna „að Firði í Mjóafirði“ komi: að Brekku í Mjóafirði.

Nd. 568. Lög

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Afgreidd frá Nd. 25. marz.)

Samhljóða þskj. 535.

Sþ. 569. Frumvarp til laga

um skipulag og hýsingu prestssetra.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 286 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Reisa skal árlega prestsseturshús samkvæmt fyrirmælum þessara laga svo fljótt sem auðið er og eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum, þar til lokið er að byggja upp sómasamlega öll prestssetur landsins. Húsameistari ríkisins áætlar byggingarkostnað prestsseturshúsa.

Ed. 570. Breytingartillögur

við frv. til vegalaga (á þskj. 480).

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við A. 32. Í stað orðanna „að Hábæ í Þykkvabæ“ komi: um Miðkot að Unhól í Þykkvabæ.
2. Við B. 12. (Hvalfjarðarferjuvegir). Liðurinn falli niður.
3. Við B. 14. Í stað „Reykholtsdalsvegi“ komi: á Borgarfjarðarbraut í Reykholtsdal.
4. Við B. 21. Liðurinn orðist svo:
   Hvítársíðuvegur: Af Kleifavegi inn Hvítársíðu að Fljótstungu.
5. Eftir B. 21. komi nýr liður, er verði 22., og breytist tölur liða samkvæmt því. Liðurinn orðist svo:
   Hálsasveitarvegur: Frá Hvítársíðuvegi nálægt Bjarnastöðum, yfir Hvítá og á Borgarfjarðarbraut nálægt Reykholti.
6. Við B. 46. Liðinn skal orða svo:
   Kaldrananesvegur: Af Reykjarfjarðarvegi í Bjarnarfirði að Kaldrananesi.
7. Við 47. Í stað orðanna „að Árnesi“ komi: um Árnes að Eyri í Ingólfsfirði.
8. Við 54. Í stað orðanna „að Gemlufalli við Dýrafjörð“ komi: að ferjustað við Dýrafjörð undan Gemlufalli.
9. Við 66. Í stað orðanna „að Sveinseyri“ komi: um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
10. Við C. 7. Í stað orðanna „yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá“ komi: að Ásbrekku og yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá.
11. Við C. 14. Í stað „Tungusveit“ komi: Goðdali.
12. Við C. 17. Í stað „að Ríp“ komi: um Ríp að Eyhildarholti.
13. Við C. 21. Í stað „Ólafsfjarðar“ komi: Ólafsfjarðarkaupstaðar.
14. Við C. 37. Í stað orðanna „að Sandvík í Bárðardal“ komi: um Sandvík að Bjarnarstöðum.
15. Við D. 8. Í stað orðsins „Fossi“ komi: Lagarfossi.
16. Við D. 19. Í stað orðanna „og Fagradalsbraut í Reyðarfirði“ komi: á Fagradalsbraut innan við Búðareyri.

Sþ. **571. Frumvarp til fjárlaga**

fyrir árið 1947.

(Eftir 2. umr.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1947 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	35 000 000	
2.	Stríðsgróðaskattur 6000000		
	Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 3000000	3 000 000	38 000 000
3.	Vörumagnstollur	12 000 000	
4.	Verðtollur	50 000 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	2 000 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	1 500 000	65 500 000
7.	Fasteignaskattur	600 000	
8.	Lestagjald af skipum	100 000	
9.	Bifreiðaskattur	1 500 000	2 200 000
10.	Aukatekjur	1 600 000	
11.	Stimpilgjald	4 000 000	
12.	Vitagjald	600 000	
13.	Leyfisbréfagjöld	100 000	
14.	Erfðafjárskattur	200 000	
15.	Veitingaskattur	1 000 000	7 500 000
	Samtals ...	. . .	113 200 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður áfengisverzlunar	36 000 000	
2. — tóbakseinkasölu	15 500 000	
3. — ríkisútvarps	1 551 072	
4. — ríkisprentsmiðju	287 000	
5. — landssmiðju	3 500	
		53 341 572
Samtals ...	. . .	53 341 572
Sundurliðun.		
1. Póstsjóður.		
I. Tekjur		6 400 000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	300 000	
2. Póststofan í Reykjavík	2 030 000	
3. Önnur pósthús	1 300 000	
4. Póstflutningar	1 600 000	
5. Önnur gjöld	366 000	
6. Fyrning	4 000	
7. Rekstrarkostnaður bifreiða	800 000	
		6 400 000
2. Landssíminn.		
I. Tekjur		17 200 000
II. Gjöld:		
a. Til notendasíma í sveitum	1 000 000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans 740000		
2. Ritsímastöðin í Reykjavík 2300000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík 200000		
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík 800000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði 2800000		
6. Áhaldahúsið 250000		
7. Ritsímastöðin á Akureyri 650000		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði 285000		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði 285000		
10. Símastöðin á Borðeyri 170000		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum 250000		
12. Símastöðin á Siglufirði 355000		
13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva 2565000		
	11 650 000	
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	300 000	
d. Viðbót og viðhald stöðva	900 000	
e. Viðhald landssímanna	2 400 000	
f. Framhaldsgjald	170 000	

3. gr.

		kr.	kr.
g. Ýmis gjöld		100 000	
h. Fyrning á húsum og áhöldum		200 000	
i. Vextir af lánum		480 000	
			17 200 000
Eignabreytingar landssímans.			
Út.			
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa			600 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa			1 500 000
III. Til talstöðva í báta og skip			350 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip			250 000
V. Til nýrra landssímalína			400 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og II.		. . .	3 100 000
3. Áfengisverzlun ríkisins.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			38 915 000
II. Gjöld:			
1. a. Grunnlaun	338535		
b. Verðlagsuppbót	643215		
		981 750	
2. Kostnaður við áfengisútsölur		406 000	
3. Annar rekstrarkostnaður		527 250	
4. Útsvar		1 000 000	
			2 915 000
Fært á 3. gr. A. 1		. . .	36 000 000
4. Tóbakseinkasala ríkisins.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			16 940 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	199725		
2. Verðlagsuppbót	379191		
		578 916	
b. Annar rekstrarkostnaður		561 084	
c. Útsvar		300 000	
			1 440 000
Fært á 3. gr. A. 2		. . .	15 500 000
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		2 800 000	
b. Aðrar tekjur		400 000	
			3 200 000

3. gr.

			kr.	kr.
II.	Gjöld:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	339180		
	2. Verðlagsuppbót	644442		
			983 622	
	b. Útvarpsefni		550 000	
	c. Skrifstofukostnaður		283 000	
	d. Húsaleiga, ljós og hiti		90 000	
	e. Til útvarpsstöðva		290 000	
	f. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.		35 000	
	g. Óviss útgjöld		25 000	
	h. Vextir		10 000	
	i. Fyrning á húsum og vélum		55 000	
				2 321 622
			. . .	878 378
III.	Rekstur viðtækjaverzlunar:			
	a. Tekjur		900 000	
	b. Gjöld:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	69000		
	b. Verðlagsuppbót	131100		
		200100		
	2. Annar kostnaður	132006		
			332 106	
				567 894
IV.	Rekstur viðgerðarstofu:			
	a. Tekjur		450 000	
	b. Gjöld:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	63000		
	b. Verðlagsuppbót	119700		
		182700		
	2. Efni	110000		
	3. Annar kostnaður	56000		
			348 700	
				101 300
V.	Rekstur viðtækjasmiðju:			
	a. Tekjur		155 000	
	b. Gjöld:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	25000		
	b. Verðlagsuppbót	47500		
		72500		
	2. Efni	50000		
	3. Annar kostnaður	29000		
			151 500	
				3 500
	Fært á 3. gr. A. 3		. . .	1 551 072

3. gr.

			kr.	kr.
Eignabreytingar:				
1. Afborgun af láni til stækkunar				89 100
2. Til byggingar útvarpshúss í Reykjavík				1 120 000
Fært á 20. gr. Út II.			. . .	1 209 100
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.				
I. Tekjur (prentvinna)				1 900 000
II. Gjöld:				
1. a. Laun starfsmanna:				
1. Grunnlaun	46900			
2. Verðlagsuppbót	89110			
		136010		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:				
1. Grunnlaun	346000			
2. Verðlagsuppbót	657400			
		1003400		
			1 139 410	
2. Efnivörur			300 000	
3. Vélarekstur og viðhald			45 090	
4. Annar kostnaður			100 000	
5. Fyrning			28 500	
				1 613 000
Fært á 3. gr. A. 4			. . .	287 000
7. Áburðarsala ríkisins.				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	25992			
2. Verðlagsuppbót	48385			
		74377		
b. Annar kostnaður		125623		
			200 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum			200 000	
8. Grænmetisverzlun ríkisins.				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	38988			
2. Verðlagsuppbót	74077			
		113065		
b. Annar kostnaður		106935		
			220 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum			220 000	

3. gr.

		kr.	kr.
9. Landssmiðjan.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum)			1 010 000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna:			
a. Grunnlaun	94245		
b. Verðlagsuppbót	155755		
		250 000	
2. Vextir		160 000	
3. Fyrning		300 000	
4. Annar kostnaður		296 500	
			1 006 500
Fært á 3. gr. A. 5		. . .	3 500
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar			10 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnistæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbankans, sem standa eiga undir og eru að veði fyrir lánum til veðdeildarbréfakaupa		58 760
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj.		180 000
3. Vextir af dönskum ríkisskuldabréfum		35 777
4. Arður af hlutafjáreign		263 570
5. Aðrir vextir		50 000
Samtals ...	. . .	588 107

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 100 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1947 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		882 788
2. Lán í dönskum krónum		236 405
3. Lausaskuldir		50 000
Samtals ...	. . .	1 169 193

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		362 603

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		1 500 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		13 406
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2 170
Samtals ...	. . .	1 515 576

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:			
1. Til ráðherra:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	90000		
2. Verðlagsuppbót	171000		
		261000	
b. Til risnu samkvæmt reikningi		25000	
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra	3000		
2. Húsaleiguuppbót	1110		
		4110	
			290 110
2. Til ráðuneytanna:			
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	100800		
2. Verðlagsuppbót	191520		
		292320	
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	83600		
2. Verðlagsuppbót	158840		
		242440	
c. Fjármálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	175213		
2. Verðlagsuppbót	332905		
		508118	
d. Utanríkisráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	97765		
2. Verðlagsuppbót	178155		
		275920	
e. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	18000		
2. Verðlagsuppbót	34200		
		52200	
f. Aðrir starfsmenn ráðuneytanna, laun:			
1. Grunnlaun	31200		
2. Verðlagsuppbót	59280		
		90480	
g. Annar kostnaður ráðuneytanna		300000	
			1 761 478
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	105020		
2. Verðlagsuppbót	199538		
		304558	
b. Annar kostnaður		30000	
			334 558
4. Ýmis kostnaður:			
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga		20000	

10. gr.

			kr.	kr.
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:				
1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	1200			
2. Til pappírs og prentunar	80000			
3. Til kostnaðar af sendingu með póstum	4500			
		85700		
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað		35000		
d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046		
			142 746	
				2 528 892
II. Hagstofan:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun		79717		
2. Verðlagsuppbót		151460		
			231 177	
b. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna			60 000	
c. Prentun eyðublaða			4 500	
d. Húsaleiga, hiti og ljós			12 000	
e. Annar kostnaður			4 000	
				311 677
III. Utanríkismál:				
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:				
a. Laun sendiherra skv. launalögum	12000			
b. Laun annarra starfsmanna skv. launalögum	15000			
		27000		
c. Risna og staðaruppbót á laun		62400		
d. Annar kostnaður		19000		
			108 400	
2. Sendiráðið í Stokkhólmi:				
a. Laun sendifulltrúa	10200			
b. Laun annarra starfsmanna	12400			
c. Laun starfsfólks utan launalaga	30324			
		52924		
d. Risna og staðaruppbót á laun		60420		
e. Annar kostnaður		34941		
			148 285	
3. Sendiráðið í London:				
a. Laun sendiherra	12000			
b. Laun annarra starfsmanna	29000			
c. Laun starfsfólks utan launalaga	8000			
		49000		
d. Risna og staðaruppbót á laun		137300		
e. Annar kostnaður		47500		
			233 800	

10. gr.

			kr.	kr.
4.	Sendiráðið í Washington:			
	a. Laun sendiherra skv. launalögum	12000		
	b. Laun annarra starfsmanna	9600		
	c. Laun starfsfólks utan launalaga	30500		
			52100	
	d. Staðaruppbót á laun		95400	
	e. Annar kostnaður		31200	
				178 700
5.	Sendiráðið í Moskva:			
	a. Laun sendifulltrúa skv. launalögum	7200		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	25500		
			32700	
	c. Staðaruppbót á laun		43100	
	d. Annar kostnaður		27500	
				103 300
6.	Sendiráðið í París:			
	a. Laun sendiherra samkvæmt launalögum	12000		
	b. Laun annarra starfsmanna samkvæmt launalögum	7800		
			19800	
	c. Staðaruppbót á laun		129400	
	d. Annar kostnaður		49530	
				198 730
7.	Aðalræðismannsskrifstofan í New-York:			
	a. Laun aðalræðismanns samkv. launalögum	10200		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	13500		
			23700	
	c. Staðaruppbót		44300	
	d. Annar kostnaður		22700	
				90 700
8.	Ferðakostnaður			50 000
9.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki			100 000
10.	Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum			250 000
				1 461 915
	Samtals ...		. . .	4 302 484

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstiréttur:		
	a. Laun hæstaréttardómara og hæstaréttarritara:		
	1. Grunnlaun 93600		
	2. Verðlagsuppbót 177840		
		271 440	
	b. Annar kostnaður	60 000	
			331 440
2.	Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 66491		
	2. Verðlagsuppbót 126333		
		192 824	
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	18 000	
	c. Annar kostnaður	12 000	
			222 824
3.	Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 76366		
	2. Verðlagsuppbót 145096		
		221 462	
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	10 800	
	c. Annar kostnaður	18 000	
			250 262
4.	Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 92841		
	2. Verðlagsuppbót 176399		
		269 240	
	b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	42 784	
	c. Annar kostnaður	80 000	
			392 024
5.	Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 83215		
	2. Verðlagsuppbót 158108		
		241 323	
	b. Ljós, hiti, ræsting, dyravarzla og húskostnaður ..	70 000	
	c. Annar kostnaður	30 000	
			341 323
6.	Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 229000		
	2. Verðlagsuppbót 435100		
		664 100	
	b. Skrifstofukostnaður:		
	1. Grunnlaun 306800		
	2. Verðlagsuppbót 582920		
	3. Annar kostnaður 232000		
		1 121 720	
			1 785 820

11. gr.

			kr.	kr.
7. Laun hreppstjóra:				
a. Grunnlaun			70 000	
b. Verðlagsuppbót			133 000	
				203 000
8. Lögreglukostnaður:				
a. Ríkislögregla:				
1. Laun lögregluþjóna:				
a. Grunnlaun	197900			
b. Verðlagsuppbót	376010			
		573910		
2. Annar kostnaður		293420		
			867 330	
b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík			400 000	
				1 267 330
9. Kostnaður við landhelgisgæzlu				3 000 000
10. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:				
a. Hegningarhúsið í Reykjavík:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	20625			
b. Verðlagsuppbót	39187			
		59812		
2. Annar kostnaður		57300		
		117112		
(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)				
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar		58556		
			58 556	
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	55200			
b. Verðlagsuppbót	104880			
		160080		
2. Annar kostnaður		176000		
		336080		
(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)				
÷ Tekjur		140000		
			196 080	
c. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	7800			
b. Verðlagsuppbót	14820			
		22620		
2. Annar kostnaður		7000		
		29620		
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar		14810		
			14 810	
d. Önnur fangahús			20 000	
				289 446
11. Kostnaður við sakamál og lögreglumál				200 000
12. Laun sjódómsmanna				6 000
13. Kostnaður við störf setu- og varadómara				15 000

11. gr.

		kr.	kr.
14.	Kostnaður við félagsdóm:		
	a. Laun félagsdómsmanna:		
	1. Grunnlaun 17100		
	2. Verðlagsuppbót 32490		
		49 590	
	b. Annar kostnaður	3 000	
			52 590
15.	a. Laun sáttamanna í vinnudeilum:		
	1. Grunnlaun 5750		
	2. Verðlagsuppbót 10925		
		16 675	
	b. Annar kostnaður	5 000	
			21 675
	Samtals A. ...	. . .	8 378 734
	B. Opinbert eftirlit.		
1.	Skipaskoðun ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 33600		
	2. Verðlagsuppbót 63840		
		97 440	
	b. Ferðakostnaður	15 000	
	c. Annar kostnaður	16 000	
			128 440
2.	Eftirlit með verksmiðjum og vélum:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 22750		
	2. Verðlagsuppbót 43225		
		65 975	
	b. Ferðakostnaður	9 000	
	c. Annar kostnaður	17 400	
		92 375	
	÷ Tekjur	92 375	
3.	Bifreiðaeftirlit ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 101400		
	2. Verðlagsuppbót 192660		
		294 060	
	b. Annar kostnaður	100 000	
		394 060	
	÷ Tekjur	394 060	
4.	Lögildingarstofan:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 31800		
	2. Verðlagsuppbót 60420		
		92 220	
	b. Annar kostnaður	30 000	
		122 220	
	÷ Tekjur	122 220	

11. gr.

			kr.	kr.
5.	Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	38400		
	2. Verðlagsuppbót	72960		
			111 360	
	b. Annar kostnaður		146 000	
			257 360	
	÷ Tekjur		257 360	
6.	Matvælaeftirlitið:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	7200		
	2. Verðlagsuppbót	13680		
			20 880	
	b. Annar kostnaður		25 000	
			45 880	
	÷ Tekjur		45 880	
7.	Kostnaður við mat á afurðum:			
	a. Mat á saltfiski og ísvörðum fiski:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	50700		
	b. Verðlagsuppbót	96330		
		147030		
	2. Skrifstofukostnaður	11300		
			158 330	
	b. Mat á freðfiski:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	30000		
	b. Verðlagsuppbót	57000		
		87000		
	2. Skrifstofukostnaður	26400		
	3. Annar kostnaður	10000		
			123 400	
	c. Síldarmat:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	31600		
	b. Verðlagsuppbót	60040		
		91640		
	2. Annar kostnaður	10500		
			102 140	
	d. Laun kjötmatsmanna:			
	1. Grunnlaun	3900		
	2. Verðlagsuppbót	7410		
			11 310	
	e. Laun ullarmatsamanna:			
	1. Grunnlaun	6875		
	2. Verðlagsuppbót	13062		
			19 937	

11. gr.

		kr.	kr.
f. Laun lýsismatsmanns:			
1. Grunnlaun	3000		
2. Verðlagsuppbót	5700	8 700	
g. Ferðakostnaður matsmanna		80 000	
			503 817
8. Kostnaður við vörumerkjaskráningu:			
a. Grunnlaun		2 000	
b. Verðlagsuppbót		3 800	
			5 800
9. Eftirlit með opinberum sjóðum:			
a. Grunnlaun		2 860	
b. Verðlagsuppbót		5 434	
			8 294
10. Kostnaður við eftirlit á vegum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	7800		
2. Verðlagsuppbót	14820	22 620	
b. Annar kostnaður		23 550	
			46 170
11. Eftirlit með sparisjóðum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	6600		
2. Verðlagsuppbót	12540	19 140	
b. Ferðakostnaður		5 000	
			24 140
12. Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum:			
Gjöld	2000000		
÷ Tekjur	2000000		
13. Kostnaður við húsaleigunefndir			150 000
14. Kostnaður við embættiseftirlitsferðir			10 000
Samtals B. ...		. . .	876 661
C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta.			
I. Tollar:			
a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:			
1. Laun tollstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	399522		
b. Verðlagsuppbót	759091	1158613	
2. Húsaleiga, ljós og hiti		45000	
3. Annar kostnaður		150000	
		1 353 613	
b. Tollgæzla:			
1. Í Reykjavík:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun	248716		
2. Verðlagsuppbót	472560	721276	
b. Húsaleiga, ljós og hiti		75000	
c. Annar kostnaður		185000	
		981 276	

		kr.	kr.
2. Utan Reykjavíkur:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun	91825		
2. Verðlagsuppbót	174467		
	266292		
b. Annar kostnaður	50000		
		316 292	
			2 651 181
II. Skattar:			
a. Ríkisskattanefnd:			
1. Laun nefndarmanna og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	61820		
b. Verðlagsuppbót	51768		
	113588		
2. Annar kostnaður	21600		
		135 188	
b. Skattstofan í Reykjavík:			
1. Laun skattstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	117600		
b. Verðlagsuppbót	223440		
	341040		
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	40500		
3. Tímavinna	285000		
4. Annar kostnaður	63000		
	729540		
÷ hluti bæjarsjóðs Reykjavíkur af kostnaðinum	243180		
		486 360	
c. Kostnaður við skattanefndir og skattstofur utan Reykjavíkur		500 000	
d. Kostnaður við nýbyggingarsjóðsnefnd		5 000	
e. Laun skattdómara:			
1. Grunnlaun	10200		
2. Verðlagsuppbót	19380		
		29 580	
f. Millimatskostnaður		50 000	
			1 206 128
Samtals C. ...		. . .	3 857 309
D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.			
1. Símakostnaður endurgreiddur embættismönnum og opinberum skrifstofum			400 000
2. Burðargjöld			150 000
3. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta			275 000
Samtals D. ...		. . .	825 000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

			kr.	kr.
I.	Landlæknisembættið:			
	a. Laun landlæknis og skrifstofumanns:			
	1. Grunnlaun	20800		
	2. Verðlagsuppbót	39520		
			60 320	
	b. Annar kostnaður		4 800	
				65 120
II.	Laun héraðslækna:			
	a. Grunnlaun		504 900	
	b. Verðlagsuppbót		959 310	
				1 464 210
III.	Ríkisspítalar:			
	A. Landsspítalinn:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	466100		
	b. Verðlagsuppbót	881090		
		1347190		
	2. Matvörur	795000		
	3. Annar kostnaður	1084700		
		3226890		
	Þar frá dragast tekjur	1805000		
	Rekstrarhalli		1 421 890	
	B. Ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólinn:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	10200		
	b. Verðlagsuppbót	16530		
		26730		
	2. Fæðiskostnaður hjúkrunarnema	42000		
	3. Annar kostnaður	4500		
		73230		
	÷ Tekjur	1000		
	Rekstrarhalli		72 230	
	C. Geðveikrahælið á Kleppi:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	375000		
	b. Verðlagsuppbót	712000		
		1087000		
	2. Matvörur	760000		
	3. Annar kostnaður	687000		
		2534000		
	÷ Tekjur	1848000		
	Rekstrarhalli		686 000	

12. gr.

			kr.	kr.
D. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	309000			
b. Verðlagsuppbót	586000			
		895000		
2. Matvörur		900000		
3. Annar kostnaður		720500		
		2515500		
÷ Tekjur		1533000		
Rekstrarhalli ...			982 500	
E. Heilsuhælið á Kristnesi:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	133000			
b. Verðlagsuppbót	252700			
		385700		
2. Matvörur		300000		
3. Annar kostnaður		191000		
		876700		
÷ Tekjur		551500		
Rekstrarhalli ...			325 200	
F. Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	27100			
b. Verðlagsuppbót	51400			
		78500		
2. Matvörur		39000		
3. Annar kostnaður		48000		
Rekstrarhalli ...			165 500	
G. Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	33000			
b. Verðlagsuppbót	62700			
		95700		
2. Matvörur		53000		
3. Annar kostnaður		39300		
		188000		
÷ Tekjur		159600		
Rekstrarhalli ...			28 400	
H. Upptökuheimili í Elliðahvammi:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	18000			
b. Verðlagsuppbót	34200			
		52200		

12. gr.

		kr.	kr.
2. Matvörur	28000		
3. Annar kostnaður	28800		
	109000		
÷ Tekjur	76650		
Rekstrarhalli		32 350	
I. Heilsuhælið í Kaldaðarnesi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun 13200			
b. Verðlagsuppbót 25080	38280		
2. Matvara	72270		
3. Annar kostnaður	51000		
	161550		
÷ Tekjur	148000		
Rekstrarhalli		13 550	
			3 727 620
IV. Til berklavarna:			
a. Styrkur til berklasjúklinga		2 450 000	
b. Styrkur samkv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 66 1939		5 000	
c. Laun:			
1. Grunnlaun	32070		
2. Verðlagsuppbót	60933		
		93 003	
d. Annar kostnaður		32 000	
			2 580 003
V. Styrkur til sjúklinga samkv. lögum nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla			1 900 000
VI. Rekstrarstyrkir til sjúkrahúsa:			
a. Til sjúkrahúsanna á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, 100 kr. á rúm:			
1. Grunnstyrkur	12900		
2. Verðlagsuppbót	24510		
		37 410	
b. Til sömu sjúkrahúsa og sjúkrahúsanna á Siglufirði og í Vestmannaeyjum:			
1. Grunnstyrkur	40000		
2. Verðlagsuppbót	76000		
		116 000	
			153 410
Fjárhæð þessi skiptist á milli sjúkrahúsanna í hlutfalli við eðlilegan halla af vist innlendra utansveitarsjúklinga, enda samþykki heilbrigðisstjórnin daggjöld þeirra.			
VII. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum gegn tvöföldu framlagi annars staðar að			100 000
Skilyrði fyrir styrknum er það, að heilsuverndarstöðin reki berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og			

12. gr.

		kr.	kr.
	eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og hagi störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.		
VIII.	Styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga, annarra en ríkis- og fjórðungssjúkrahúsa		1 100 000
IX.	Til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri		400 000
X.	Bólusetningarkostnaður		7 000
XI.	Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum laga nr. 65 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands		2 000
XII.	Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum laga nr. 66 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		25 000
XIII.	Styrkur til augnlækningaferða:		
	a. Grunnstyrkur	2 400	
	b. Verðlagsuppbót	4 560	
			6 960
XIV.	Laun kynsjúkdómalæknis:		
	a. Grunnlaun	8 370	
	b. Verðlagsuppbót	15 903	
			24 273
XV.	Til læknisvitjanasjóða skv. lögum nr. 59 4. júlí 1942		30 000
XVI.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		9 000
XVII.	Til ýmissa heilbrigðisráðstafana		4 000
XVIII.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs:		
	a. Grunnstyrkur	3 870	
	b. Verðlagsuppbót	7 353	
			11 223
XIX.	Styrkur til ýmissa sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis		15 000
XX.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra:		
	a. Grunnstyrkur	80 000	
	b. Verðlagsuppbót	152 000	
			232 000
	Samtals ...	. . .	11 856 819

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
A. Vegamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	168800		
b. Verðlagsuppbót	318620		
		487 420	
2. Annar skrifstofukostnaður		75 000	
3. Ferðakostnaður verkfræðinga og til aðstoðar og mælinga		250 000	
			812 420
II. Þjóðvegir:			
a. Til nýrra akvega:			
1. Kjósarvegur	10000		
2. Akrafjallsvegur	60000		
3. Hvalfjarðarferjuvegur	250000		
4. Svínadalsvegur	30000		
5. Lundarreykjadalsvegur	30000		
6. Bæjarsveitarvegur	35000		
7. Hálsasveitarvegur	25000		
8. Hvítársíðuvegur	25000		
9. Álftaneshreppsvegur	60000		
10. Hraunhreppsvegur	25000		
11. Hnappadalsvegur	20000		
12. Ólafsvíkurvegur	130000		
13. Hellissandsvegur	30000		
14. Fróðárhrepps- 20000 og Eyrarsveitarvegur 30000	50000		
15. Skógarstrandarvegur	60000		
16. Dalasýsluvegur	100000		
17. Klofningsvegur	40000		
18. Skarðsstrandarvegur	60000		
19. Reykhólavegur	60000		
20. Gufudalsvegur	50000		
21. Barðastrandarvegur	300000		
22. Tálknafjarðarvegur	60000		
23. Rauðasandsvegur	90000		
24. Bíldudalsvegur	60000		
25. Dalahreppsvegur	45000		
26. Rafnseyrarheiðarvegur	150000		
27. Botnaheiðarvegur	30000		
28. Súðavíkurvegur	90000		
29. Aðalvíkurvegur	20000		
30. Þorskafjarðarheiðarvegur	50000		
31. Ármúlavegur	30000		
32. Bolungavíkurvegur	200000		
33. Bitruvegur	200000		
34. Bæjarhreppsvegur	20000		
35. Miðfjarðarvegur	40000		
36. Vesturhópsvegur	70000		

		13. gr.	
		kr.	kr.
37.	Svínvetningabraut	60000	
38.	Skagastrandarvegur	120000	
39.	Gönguskarðsvegur	100000	
40.	Sauðárkróksbraut	20000	
41.	Út-Blönduhlíðarvegur	50000	
42.	Hofsósvegur	50000	
43.	Hólavegur	50000	
44.	Siglufjarðarskarðsvegur	250000	
45.	Ólafsfjarðarvegur	400000	
46.	Hrísavegur	20000	
47.	Hörgárdalsvegur	20000	
48.	Öxnadalsheiðarvegur	750000	
49.	Laugalandsvegur	50000	
50.	Fnjóskadalsvegur	20000	
51.	Ljósavatnsskarðsvegur	40000	
52.	Kinnarbraut í Ljósavatnshreppi	80000	
53.	Bárðardalsvegur	25000	
54.	Hvammsheiðarvegur	30000	
55.	Tjörnesvegur	20000	
56.	Kelduhverfisvegur	40000	
57.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur	80000	
58.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar	20000	
59.	Langanesvegur	20000	
60.	Brekknaheiðarvegur	60000	
61.	Bakkafjarðarvegur	30000	
62.	Vopnafjarðarvegur	40000	
63.	Hróarstunguvegur	40000	
64.	Upphéraðsvegur	15000	
65.	Jökuldalsvegur	20000	
66.	Úthéraðsvegur	60000	
67.	Borgarfjarðarvegur	20000	
68.	Fjarðarheiðarvegur	125000	
69.	Skógavegur	10000	
70.	Eskifjarðarvegur	20000	
71.	Oddsskarðsvegur	300000	
72.	Fáskrúðsfjarðarvegur	100000	
73.	Stöðvarfjarðarvegur	75000	
74.	Berunesvegur	20000	
75.	Breiðdalsvíkurvegur	20000	
76.	Geithellnavegur	40000	
77.	Lónsheiðarvegur	50000	
78.	Almannaskarðsvegur	40000	
79.	Melatangavegur	30000	
80.	Innnesjavegur	20000	
81.	Mýravegur	20000	
82.	Suðursveitarvegur	20000	
83.	Öræfavegur	20000	
84.	Síðuvegur	20000	
85.	Landbrotsvegur	20000	
86.	Meðallandsvegur	25000	
87.	Mýrdalsvegur	60000	

13. gr.

		kr.	kr.
88. Eyjafjallavegur	40000		
89. Syðri-Landeyjavegur	50000		
90. Ytri-Landeyjavegur	75000		
91. Rangárvallavegur	25000		
92. Þykkvabæjarvegur	35000		
93. Hagabraut	75000		
94. Landvegur	35000		
95. Gnúpverjahreppsvegur	20000		
96. Hrunamannahreppsvegur	60000		
97. Þartavegur	20000		
98. Selvogsvegur	400000		
99. (Austurlandsvegur) Mývatnsöræfavegur	50000		
		7 125 000	
b. Viðhald og endurbætur		9 000 000	
			16 125 000
III. Brúargerðir:			
1. Reiðgil á Öxnadalsheiði		140 000	
2. Holtakíll á Mýrum í A.-Skaft.		65 000	
3. Laxá í Lóni		80 000	
4. Hörðudalsá í Dölum		115 000	
5. Heinabergsvötn í Suðursveit		115 000	
6. Tunguá í Lundarreykjadal		130 000	
7. Brúará í Fljótshverfi		35 000	
8. Álftá á Mýrum		50 000	
9. Ósá hjá Bolungavík		55 000	
10. Lambadalsá á Skógarströnd		65 000	
11. Blanda hjá Löngumýri		200 000	
12. Bakkadalsá í Arnarfirði		20 000	
13. Skaftá undan Heiði		30 000	
14. Múlakvísl (endurveiting)		160 000	
15. Norðurá við Öxnadalsheiði		260 000	
16. Haukadalsá á Haukadalsvegi í Dölum		33 000	
17. Svínadalsá í Dalasýslu		75 000	
18. Kleifá í Dalasýslu		55 000	
19. Arnarbýlisá á Barðaströnd		75 000	
20. Móra á Barðasrönd		75 000	
21. Víðinesá á Hólavegi		75 000	
22. Stafá í Fljótum		55 000	
23. Jökulsá í Fljótsdal		125 000	
24. Selá í Steingrímsfirði		75 000	
25. Selá á Langadalsströnd		75 000	
26. Ýmsar smábrýr		262 000	
			2 500 000
IV. Til brúasjóðs samkvæmt lögum			450 000
V. Til fjallvega			120 000
VI. Til áhalda:			
1. Til verkfærakaupa		100 000	
2. Til kaupa á vegavinnuvélum		500 000	
3. Til bókasafns verkamanna		4 000	
			604 000

13. gr.

	kr.	kr.
VII. Til sýsluvega:		
1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að	250 000	
2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 102 1933	500 000	
		750 000
VIII. Til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum og verzlunarstöðum af bifreiðaskatti		100 000
IX. Til ferjuhalds		5 000
X. Styrkur til vetrarflutninga		20 000
XI. Til ræktunarvega		43 500
XII. Til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi		50 000
XIII. Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum		210 000
XIV. Til verkstjóranámskeiðs, eftir ráðstöfun vegamálastjóra og vitamálastjóra		5 000
XV. Til fyrrverandi vegaverkstjóra og til vegaverkstjóraekkna, eftir tillögum vegamálastjóra		14 000
XVI. Iðgjald til slysatryggingarinnar		125 000
XVII. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1943, um orlof verkamanna		450 000
XVIII. Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)		3 000
Samtals A ...	. . .	22 386 920
B. Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs	2 500 000	
(Þar af fyrning kr. 105000, sjá 20. gr.).		
b. Til vöruflutninga í Skaftafellssýslu	10 000	
enda sjái Skipaútgerð ríkisins einnig fyrir flutningum til Öræfa eftir þörfum.		
		2 510 000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		500 000
Skipaútgerð ríkisins hefur yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og rekstrarreikningur 1946 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefur numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1947 og flutningsgjaldskrá sé samþykkt af póst- og símamálastjórninni og Skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu rík sé þörf á ferðum hvers þess báts, er styrks nýtur úr ríkissjóði. Skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyldir til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt.		
Eigi skal styrkurinn greiddur að fullu, fyrr en skilríki hafa legið fyrir Skipaútgerð ríkisins um afkomu hlutaðeigandi báta á styrktímabilinu, þeirra er varanlegum samgöngum halda uppi á ákveðnu svæði, svo að sýnt sé, að styrksins hefur verið þörf, eins og hann var ákveðinn.		
Samtals B. ...	. . .	3 010 000

13. gr.

		kr.	kr.
	C. Vitamál og hafnargerðir.		
I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun	148500	
	b. Verðlagsuppbót	282150	
		430650	
	÷ hluti af launum verkfræðinga o. fl. færðir á hafnir	150650	
		280 000	
	2. Annar skrifstofukostnaður	50 000	
	3. Ferðakostnaður og fæðispeningar	15 000	
			345 000
II.	Laun vitavarða:		
	a. Grunnlaun	85 000	
	b. Verðlagsuppbót	161 500	
	c. Aukagæzla og aðstoð	17 500	
			264 000
III.	Rekstrarkostnaður vitanna:		
	a. Vitaskipið	500 000	
	b. Vitarnir	500 000	
			1 000 000
IV.	Viðhald og endurbætur vitanna		100 000
V.	Sjómerki og viðhald sæluhúsa		25 000
VI.	Til áhalda		500 000
VII.	Fyrning		80 000
VIII.	Til hafnarmannvirkja:		
	1. Akranes	330 000	
	2. Akureyri	200 000	
	3. Bolungavík	300 000	
	4. Dalvík	100 000	
	5. Eskifjörður	75 000	
	6. Flateyri	75 000	
	7. Hafnarfjörður	330 000	
	8. Hofsós	50 000	
	9. Húsavík	330 000	
	10. Ísafjörður	200 000	
	11. Neskaupstaður	150 000	
	12. Ólafsfjörður	330 000	
	13. Ólafsvík	25 000	
	14. Patreksfjörður	300 000	
	15. Raufarhöfn	40 000	
	16. Sauðárkrókur	200 000	
	17. Seyðisfjörður	100 000	
	18. Siglufjörður	330 000	
	19. Skagaströnd	330 000	
	20. Stykkishólmur	150 000	
	21. Súgandafjörður	150 000	
	22. Vestmannaeyjar	330 000	
	23. Þingeyri	165 000	

13. gr.

	kr.	kr.
24. Þórshöfn	50 000	
25. Höfn í Hornafirði	130 000	
		4 770 000
IX. Til lendingarbóta:		
1. Alviðruvör	10 000	
2. Arnarstapi	25 000	
3. Bakkafjörður	75 000	
4. Blönduós	50 000	
5. Borgarfjörður (eystra)	50 000	
6. Breiðdalsvík	65 000	
7. Búðardalur	20 000	
8. Bæir í Snæfjallahreppi	10 000	
9. Djúpivogur	50 000	
10. Drangsnes	75 000	
11. Eyrarbakki	50 000	
12. Flatey á Breiðafirði	100 000	
13. Flatey á Skjálfanda	25 000	
14. Gerðar í Garði	50 000	
15. Grafarnes í Grundarfirði	75 000	
16. Grindavík (Járngerðarst.)	150 000	
17. Grímsey	25 000	
18. Hafnarnes	50 000	
19. Hvallátur	10 000	
20. Hvalsker	10 000	
21. Hvammstangi	70 000	
22. Kaldrananes	50 000	
23. Kópasker	25 000	
24. Mjóifjörður	50 000	
25. Reykjanes við Ísafjarðardjúp	25 000	
26. Sandgerði	150 000	
27. Staðarfell	10 000	
28. Stokkseyri	50 000	
29. Stöðvarfjörður	100 000	
30. Súðavík	50 000	
31. Vatnsfjörður	20 000	
32. Vogar	200 000	
33. Vopnafjörður	100 000	
34. Þorlákshöfn	330 000	
35. Örlygshöfn	20 000	
36. Loðmundarfjörður	5 000	
		2 230 000
X. Til hafnarbótasjóðs samkvæmt lögum		800 000
Samtals C. ...	. . .	10 114 000
D. Flugmál.		
I. Stjórn og undirbúningur flugmála:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun 67000		
b. Verðlagsuppbót 127300		
	194 300	

13. gr.

		kr.	kr.
	2. Húsnæði, ljós, hiti, ræsting	24 000	
	3. Annar skrifstofukostnaður	16 000	
			234 300
II.	Ferðakostnaður og mælingar vegna flugvalla		44 400
III.	Til véla og áhalda		105 000
IV.	Fyrning		56 000
V.	Kostnaður við flugmálaráðstefnur og alþjóðaflugmálastofnunina		70 000
VI.	Styrkir til námsmanna og starfsemi áhugamanna		150 000
VII.	Til flugvalla og lendingarbóta:		
	1. Reykjavíkurflugvöllurinn, flughöfnin á Skerjafirði og fluggæzludeild:		
	a. Rekstrarkostnaður 3150000		
	÷ Tekjur 600000		
	2550000		
	b. Fyrning 700000		
		3 250 000	
	2. Aðrir flugvellir og lendingarbætur	350 000	
			3 600 000
	Samtals D.	. . .	4 259 700

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Kirkjumál.		
I.	Biskupsembættið:		
	1. Laun biskups og starfsmanna á skrifstofu hans:		
	a. Grunnlaun 25300		
	b. Verðlagsuppbót 48070		
		73 370	
	2. Risna:		
	a. Grunnlaun 2000		
	b. Verðlagsuppbót 3800		
		5 800	
	3. Annar skrifstofukostnaður	3 000	
	4. Ferðakostnaður biskups	5 000	
			87 170
II.	Embætti sóknarpresta og prófasta:		
	1. Laun sóknarpresta:		
	a. Grunnlaun 930000		
	b. Verðlagsuppbót 1767000		
	2697000		
	÷ framlag úr prestlaunasjóði 100000		
		2 597 000	
	2. Laun prófasta:		
	a. Grunnlaun 12600		
	b. Verðlagsuppbót 23940		
		36 540	
	3. Embættiskostnaður presta:		
	a. Grunnlaun 62000		
	b. Verðlagsuppbót 117800		
		179 800	
	4. Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum	200 000	
			3 013 340
III.	Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkv. lögum		10 000
IV.	Til söngmálastjóra þjóðkirkjunnar:		
	1. Grunnlaun	9 000	
	2. Verðlagsuppbót	17 100	
	3. Ferðakostnaður	2 400	
			28 500
V.	Til eflingar kirkjusöngs skv. ráðstöfun söngmálastjóra		15 000
VI.	Kostnaður við kirkjuráð		1 500
VII.	Til að gefa út ársskýrslu þjóðkirkjunnar		1 250
VIII.	Til styrktar málgagni fyrir hina íslenzku þjóðkirkju		5 000
	Samtals A ...	. . .	3 161 760

14. gr.

	kr.	kr.
B. Kennslumál.		
I. a. Háskólinn:		
1. Laun kennara og annarra starfsmanna:		
a. Grunnlaun 377620		
b. Verðlagsuppbót 717478		
	1 095 098	
2. Hiti, ljós og ræsting	140 000	
3. Námsstyrkir	140 000	
4. Húsaleigustyrkir	50 000	
5. Til rannsóknastofu í líffæra- og lífeðlisfræði	20 000	
6. Til tannlækningastofu	3 000	
7. Til rannsóknarstofu í lyfjafræði	7 000	
8. Til rannsóknarstofu í heilbrigðisfræði	7 000	
9. Til íþróttakennslu	7 500	
10. Til verkfræðideildar, tímakennsla o. fl.	40 000	
11. Til áhaldakaupa læknadeildar	5 000	
12. Til námskeiða og heimsókna erlendra vísindamanna	30 000	
13. Ýmis útgjöld	75 000	
		1 619 598
b. Tilraunastofa Háskólans á Keldum:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun 28920		
b. Verðlagsuppbót 54948		
	83 868	
2. Annar kostnaður	40 000	
3. Til búfjársjúkdómarannsókna	50 000	
	173 868	
÷ Tekjur af afurðum	30 000	
		143 868
II. Til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis:		
a. Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum	150 000	
b. Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðs ..	350 000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að þeir, sem styrks njóta, inni af hendi að loknu námi minnst 5 ára þjónustu í þágu landsins, ella endurgreiði þeir styrkinn.		
c. Til stúdentaráðs, til þess að starfrækja leiðbeiningaskrifstofu undir stjórn Lúðvíks Guðmundssonar:		
1. Grunnlaun 4500		
2. Verðlagsuppbót 8550		
	13 050	
		513 050
III. Fræðslumálastjóraembættið:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun 57600		
b. Verðlagsuppbót 109440		
	167 040	
2. Annar kostnaður	60 000	
		227 040

14. gr.

		kr.	kr.
IV. Menntaskólinn í Reykjavík:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	122700		
2. Verðlagsuppbót	233130		
		355 830	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	82400		
2. Verðlagsuppbót	156560		
		238 960	
c. Hiti, ljós og ræsting		90 000	
d. Viðhald húsa og áhalda		60 000	
e. Náms- og húsaleigustyrkir		15 000	
f. Styrkur til bókasafns skólans		3 000	
g. Styrkur til bókasafnsins Íþöku		2 000	
h. Til prófdómara		25 000	
i. Vegna kostnaðar við skólastjórn:			
1. Grunnlaun	2000		
2. Verðlagsuppbót	3800		
		5 800	
j. Annar kostnaður		45 000	
k. Fyrning		3 540	
			844 130
V. Menntaskólinn á Akureyri:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	147900		
2. Verðlagsuppbót	281010		
		428 910	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	66500		
2. Verðlagsuppbót	126350		
		192 850	
c. Hiti, ljós og ræsting		60 000	
d. Viðhald húsa og áhalda		25 000	
e. Námsstyrkir		7 500	
f. Til bóka og áhalda		5 000	
g. Vegna kostnaðar við skólastjórn:			
1. Grunnlaun	2000		
2. Verðlagsuppbót	3800		
		5 800	
h. Annar kostnaður		45 000	
i. Fyrning		3 160	
			773 220
VI. Kennaraskólinn:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	69300		
2. Verðlagsuppbót	131670		
		200 970	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	20000		
2. Verðlagsuppbót	38000		
		58 000	

		kr.	kr.
c. Hiti, ljós og ræsting		20 000	
d. Bækur og áhöld		10 000	
e. Námsstyrkir		10 000	
f. Viðhald húsa og áhalda		15 000	
g. Annar kostnaður		25 000	
h. Fyrning		1 090	
			340 060
VII. Stýrimannaskólinn:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	37200		
2. Verðlagsuppbót	70680		
		107 880	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	50200		
2. Verðlagsuppbót	95380		
		145 580	
c. Hiti, ljós og ræsting		42 000	
d. Til áhaldakaupa		5 000	
e. Til útgáfu kennslubókar í siglingafræði		25 000	
f. Til námskeiða utan Reykjavíkur		40 000	
g. Annar kostnaður		11 500	
h. Fyrning		700	
			377 660
VIII. Vélstjóraskólinn:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	34800		
2. Verðlagsuppbót	66120		
		100 920	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	9120		
2. Verðlagsuppbót	17328		
		26 448	
c. Hiti, ljós og ræsting		20 000	
d. Til áhaldakaupa		50 000	
e. Annar kostnaður		16 000	
			213 368
IX. Sjómannaskólahúsið:			
a. Laun húsvarðar:			
1. Grunnlaun	7400		
2. Verðlagsuppbót	14060		
		21 460	
b. Annar kostnaður		166 300	
c. Opinber gjöld		10 000	
d. Fyrning		10 000	
		207 760	
Endurgreiddur kostnaður af hita og ræsting	120500		
Húsaleigur	43000		
		163 500	
			44 260
X. Búnaðarkennsla:			
1. Bændaskólinn á Hólum:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	28200		
2. Verðlagsuppbót	53580		
	81780		

			kr.	kr.
b. Stundakennsla:				
1. Grunnlaun	10800			
2. Verðlagsuppbót	20520			
		31320		
c. Til verklegs náms		20000		
d. Hiti ljós og ræsting		25000		
e. Til verkfærakaupa		20000		
f. Til viðhalds		30000		
g. Til kaupa á 15 kilowatta mótorstöð ..		15000		
h. Annar kostnaður		5000		
i. Til kennsluáhalda		5000		
j. Fyrning		1226		
			234 326	
2. Bændaskólinn á Hvanneyri:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun	48700			
2. Verðlagsuppbót	92530			
		141230		
b. Til verklegs náms		20000		
c. Hiti, ljós og ræsting		25000		
d. Til verkfærakaupa		25000		
e. Til verkfærasafns		1000		
f. Annar kostnaður		50000		
g. Til viðgerðar á fjósi staðarins		100000		
h. Fyrning		2300		
			364 530	
3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun	30000			
2. Verðlagsuppbót	57000			
		87000		
b. Hiti, ljós og ræsting		15000		
c. Til kennsluáhalda		8000		
d. Viðhald skólahúsa		25000		
e. Til verkfærakaupa		12000		
f. Annar kostnaður		18000		
g. Fyrning		2500		
			167 500	
XI. Iðnfræðsla:				766 356
a. Til iðnskólahalds			250 000	
Ríkisstjórnin úthlutar styrk þessum að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og Landssambands iðnaðarmanna, þó ekki yfir ⅔ rekstrarkostnaðar til hvers skóla.				
Iðnskólarnir skulu senda fræðslumálastjórninni skýrslu um starf sitt.				
b. Til framhaldsnáms erlendis			30 000	
				280 000
XII. Verzlunarskólar o. fl.:				
a. Til Verzlunarskóla Íslands:				
130 króna styrkur með verðlagsuppbót fyrir hvern nemanda allt að			120 000	

14. gr.

		kr.	kr.
b.	Til Samvinnuskólans: 130 króna styrkur með verðlagsuppbót fyrir hvern nemanda allt að	30 000	
c.	Kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda:		
	1. Grunnlaun 500		
	2. Verðlagsuppbót 950		
		1 450	
XIII.	Til Kvennaskólans í Reykjavík:		151 450
a.	Húsnæðisstyrkur	5 000	
b.	Rekstrarstyrkur	80 000	
c.	60 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið	7 200	
d.	Námsstyrkur til sveitastúlkna	5 000	
			97 200
XIV.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Laun kennara í föstum skólum:		
	a. Grunnlaun 2000000		
	b. Verðlagsuppbót 3800000		
		5 800 000	
2.	Laun farkennara:		
	a. Grunnlaun 320000		
	b. Verðlagsuppbót 608000		
		928 000	
3.	Til aukakennara og stundakennslu	50 000	
4.	Til kennslueftirlits:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 52800		
	2. Verðlagsuppbót 100320		
	153120		
	b. Ferðakostnaður 50000		
		203 120	
5.	Til framkvæmdar sundskyldu í barnaskólum samkvæmt tillögum íþróttafulltrúa	120 000	
6.	Styrkur til byggingar barnaskóla, íbúða fyrir skólastjóra og kaupa á skólabílum	4 500 000	
7.	Til fyrrv. barnakennara eftir till. fræðslumálastjóra:		
	a. Grunnlaun 14000		
	b. Verðlagsuppbót 26600		
		40 600	
8.	Ráðskonukaup við heimavistarbarnaskóla:		
	a. Grunnlaun 50000		
	b. Verðlagsuppbót 95000		
		145 000	
9.	Bifreiðarstjórar á skólabílum:		
	a. Grunnlaun 10000		
	b. Verðlagsuppbót 19500		
		29 500	
10.	Endurgreiðsla á ¼ rekstrarkostnaðar barnaskólanna	700 000	
11.	Styrkur til tímaritanna „Menntamál“ og „Heimili og skóli“, kr. 3000 til hvors	6 000	
12.	Til kennaranámskeiðs eða utanfara	40 000	
			12 562 220

14. gr.

		kr.	kr.
XV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 24000		
	2. Verðlagsuppbót 45600		
	69600		
	b. Til verklegs náms og aukakennslu:		
	1. Grunnlaun 6000		
	2. Verðlagsuppbót 11400		
	17400		
	c. Hiti, ljós og ræsting 30000		
	d. Til kennsluáhalda 2000		
	e. Viðhald 7500		
	f. Til endurnýjunar á húsgögnum 15000		
	g. Annar kostnaður 10000		
	h. Fyrning 800		
	i. Til endurnýjunar og viðgerðar á rafstöðinni, gegn 12 þús. kr. framlagi frá ríkisútvarpinu 40000		
		192 300	
2.	Til héraðs- og gagnfræðaskóla samkv. l. nr. 48 1946:		
	a. Grunnlaun 667325		
	b. Verðlagsuppbót 1267917		
	c. Til stundakennslu o. fl. 370000		
		2 305 242	
3.	Stofnkostnaður gagnfræða- og héraðsskóla	5 000 000	
4.	Til námsstjóra við framhaldsskóla:		
	a. Grunnlaun 10200		
	b. Verðlagsuppbót 19380		
	29580		
	c. Ferðakostnaður 6000		
		35 580	
5.	Til Snorragarðs í Reykholti	10 000	
6.	Til Skallagrímsgarðs í Borgarnesi	1 000	
7.	Til framkvæmda á Rafnseyri í minningu Jóns Sigurðssonar (lokagreiðsla)	50 000	
8.	Til gagnfræðaskóla Reykvíkinga	100 000	
9.	Til unglingafræðslu utan kaupstaða samkv. löguin nr. 48 1930	80 000	
10.	Til bókasafna við unglingaskóla	2 500	
11.	Til alþýðuskólans í Reykjavík	4 000	
12.	Til handíðaskólans:		
	a. Grunnstyrkur 31000		
	b. Verðlagsuppbót 58900		
		89 900	
13.	Til námsflokkastarfsemi undir eftirliti fræðslumálastjórnarinnar:		
	a. Grunnstyrkur 13750		
	b. Verðlagsuppbót 26125		
		39 875	
			7 910 397

14. gr.

			kr.	kr.
XVI.	Húsmæðrafræðsla:			
1.	Styrkur til húsmæðraskóla skv. lögum:			
	a. Grunnlaun	194124		
	b. Verðlagsuppbót	368835		
	c. Stundakennsla o. fl.	115000		
			677 959	
2.	Til byggingar húsmæðraskóla		1 500 000	
3.	Til húsmæðrakennaraskólans:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	15600		
	2. Verðlagsuppbót	31200		
		46800		
	b. Stundakennsla	15000		
	c. Annar kostnaður	38500		
			100 300	
XVII.	Til íþróttamála:			2 278 259
1.	Til íþróttakennaraskóla ríkisins:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	15600		
	2. Verðlagsuppbót	29640		
		45240		
	b. Stundakennsla	20000		
	c. Íþróttatæki og húsmunir	11000		
	d. Ræsting o. fl.	15000		
			91 240	
2.	Til íþróttasjóðs		1 000 000	
3.	Til Íþróttasambands Íslands til þess að hafa fastráðinn framkvæmdastjóra		8 000	
4.	Laun Ólafs Pálssonar til eftirlits með sundkennslu og til prófdómarastarfa:			
	a. Grunnlaun	2925		
	b. Verðlagsupbót	5557		
			8 482	
5.	Laun Lárusar Rist, sundkennara:			
	a. Grunnlaun	2600		
	b. Verðlagsupbót	4940		
			7 540	
6.	Til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar:			
	a. Grunnstyrkur	5000		
	b. Verðlagsuppbót	9500		
			14 500	
7.	Til ferðakennslu í íþróttum		20 000	
8.	Til útgáfu kennslubókar um sund		10 000	
9.	Til undirbúnings þátttöku í Olympíuleikunum 1948		50 000	
				1 209 762
XVIII.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja:			
1.	Laun:			
	a. Grunnlaun	26400		
	b. Verðlagsupbót	50160		
			76 560	
2.	Annar kostnaður		100 000	
	(Þar af fyrning húss kr. 550, sjá 20. gr.).			176 560

14. gr.

		kr.	kr.
XIX.	Til blindrastarfsemi ..... Ríkisstjórnin skipti styrknum milli Blindravinafélagsins og Blindrafélagsins.		15 000
XX.	Til Geirs Þormars, tréskurðarmeistara á Akureyri, til að halda uppi kennslu á Norðurlandi í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl:		
	a. Grunnstyrkur	900	
	b. Verðlagsuppbót	1 710	
			2 610
XXI.	Til Kristjáns Geirmundssonar til að setja upp fugla fyrir náttúrugripasafnið og skóla:		
	a. Grunnstyrkur	1 500	
	b. Verðlagsuppbót	2 850	
			4 350
XXII.	Til Sigurðar Skúlasonar til kennslu í framsagnarlist:		
	a. Grunnstyrkur	3 000	
	b. Verðlagsuppbót	5 700	
			8 700
XXIII.	Til Hallgríms Helgasonar tónskálds, til þess að vinna að endurbótum á söngkennslu í skólum í samráði við fræðslumálastjórnina:		
	a. Grunnstyrkur	3 500	
	b. Verðlagsuppbót	6 650	
	c. Ferðakostnaður	2 000	
			12 150
XXIV.	Til menningar- og fræðslusambands alþýðu		5 000
XXV.	Til skáksambands Íslands		1 600
XXVI.	Til menningarsjóðs blaðamannafélags Íslands ...		10 000
XXVII.	Til Alþýðusambands Íslands		10 000
XXVIII.	Til Sigursveins Kristinssonar, Ólafsfirði, til tónlistarnáms		6 000
XXIX.	Til Helga Tryggvasonar til hraðritunarkennslu ..		1 200
XXX.	Til rannsókna á þroskastigi íslenzkra skólabarna:		
	1. Laun dr. Matthíasar Jónassonar:		
	a. Grunnlaun 7500		
	b. Verðlagsuppbót 14250		
		21 750	
	2. Annar kostnaður	25 000	
			46 750
	Samtals B ...	. . .	30 651 818

15. gr.

Til bókmennta, lista og vísinda er veitt:

		kr.	kr.
A. Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi.			
I. Landsbókasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	61500		
b. Verðlagsuppbót	116850		
		178 350	
2. a. Til bóka-, tímarita- og handritakaupa	100000		
b. Til bókbands	50000		
		150 000	
3. Til Þorsteins Konráðssonar		400	
4. Til þess að semja spjaldskrá		1 200	
5. Til þess að semja og prenta skrá um handrit		5 000	
6. Til ritaukaskrár		8 000	
7. Til samningar íslenzkrar bókaskrár		10 000	
8. Ýmisleg gjöld		6 000	
			358 950
II. Þjóðskjalasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	39900		
b. Verðlagsuppbót	75810		
		115 710	
2. Til bókbands, bóka- og handritakaupa og til umbúnaðar skjala		12 000	
3. Ýmisleg gjöld		3 000	
			130 710
III. Þjóðminjasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	23700		
b. Verðlagsuppbót	45030		
		68 730	
2. Til aðstoðar, tímavinna		11 000	
3. Til þess að útvega gripi		5 000	
4. Til áhalda og aðgerða		2 200	
5. Til rannsókna og ferðakostnaðar		2 500	
6. Til sjóminjasafns		3 500	
7. Til viðgerðar á Hólakirkju		90 000	
8. Til viðhalds bæjarrústa í Stöng í Þjórsárdal		1 000	
9. Til viðhalds bæjarhúsa í Glaumbæ, Burstarfelli, Grenjaðarstað og Keldum		20 000	
			203 930
IV. Til Náttúrufræðifélagsins Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrufræðisafnið sé almenningi til sýnis.			60 000
V. Safnahúsið:			
1. Laun dyravarðar:			
a. Grunnlaun	6000		
b. Verðlagsuppbót	11400		
		17 400	

15. gr.

			kr.	kr.
2.	Til hita, ljósa og opinberra gjalda		30 000	
3.	Til viðhalds, áhalda og ræstingar		28 000	
4.	Fyrning		3 639	
				79 039
VI.	Styrkir til bókasafna og lesstofa:			
1.	Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð Stefánsson skáld hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 3245 króna grunnlaunum:			
	a. Laun bókavarðar:			
	1. Grunnlaun	3245		
	2. Verðlagsuppbót	6165		
		9410		
	b. Annar styrkur	2500		
			11 910	
2.	Til bókasafnsins á Ísafirði:			
	a. Laun bókavarðar:			
	1. Grunnlaun	3245		
	2. Verðlagsuppbót	6165		
		9410		
	b. Annar styrkur	2500		
			11 910	
3.	Til bókasafns Hafnarfjarðar, að því tilskildu, að Magnús Ásgeirsson skáld hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 3245 króna grunnlaunum:			
	a. Laun bókavarðar:			
	1. Grunnlaun	3245		
	2. Verðlagsuppbót	6165		
		9410		
	b. Annar styrkur	2500		
			11 910	
4.	Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði		6 250	
5.	Til bókasafns Neskaupstaðar		3 750	
6.	Til bókasafns Siglufjarðar		6 250	
7.	Til sjómannalesstofu á Bíldudal		1 200	
8.	Til bókasafns Vestmannaeyja		6 250	
9.	Til iðnbókasafns í Reykjavík		2 500	
10.	Til bæjarbókasafns Reykjavíkur, þó ekki yfir ⅙ kostnaðar		37 500	
11.	Til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi		4 500	
12.	Til sýslubókasafnsins á Sauðárkróki		3 000	
13.	Til sýslubókasafnsins á Blönduósi		2 000	
14.	Til héraðsbókasafns Suðurlands		3 000	
15.	Til sýslubókasafna, gegn eigi minna tillagi frá sýslusjóðum		11 250	
16.	Til bókhlöðunnar á Húsavík		3 000	
17.	Til bókasafns Akraness		3 750	
18.	Til bókasafns í Flatey		1 250	

15. gr.

		kr.	kr.
19.	Til bókasafns Ólafsfjarðar	2 500	
20.	Til bókasafns á Kópaskeri	1 000	
21.	Til sýslunefndar V.-Ísafjarðarsýslu vegna bókasafns Sighvats Grímssonar, enda sé það geymt hjá héraðsskólanum á Núpi	1 250	
22.	Til kaupa á bókum handa konunglega bókasafninu í Stokkhólmi	1 000	
23.	Til lesstofu fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík	5 000	
24.	Til lesstofu byggingarfélags alþýðu	1 250	
25.	Til lesstofu sjómannaheimilis á Siglufirði	5 000	
26.	Til lesstofu sjómannaheimilis á Raufarhöfn	1 000	
27.	Til lesstofu Sjómannafélags Reykjavíkur	3 750	
28.	Til lesstofu á Ísafirði	1 250	
29.	Til sjómannalesstofu K. F. U. M. í Vestmannaeyjum	2 000	
30.	Til sjómannalesstofu í Bolungavík	1 200	
31.	Til sjómannalesstofu í Höfn í Hornafirði	1 200	
32.	Til styrktarsjóðs lestrarfélaga skv. l. nr. 120 1943	50 000	
33.	Byggingarstyrkir til bókasafna:		
	a. Akranes 25000		
	b. Flatey 10000		
	c. Húsavík 10000		
	d. Ísafjörður 5000		
		50 000	
			258 580
VII.	Styrkur til bókaútgáfu o. fl.:		
1.	Til Hins íslenzka bókmenntafélags, til útgáfu fornbréfasafns og annarra rita:		
	a. Grunnstyrkur 15000		
	b. Verðlagsuppbót 28500		
		43 500	
2.	Til Þjóðvinafélagsins:		
	a. Grunnstyrkur 1400		
	b. Verðlagsuppbót 2660		
		4 060	
3.	Til Fornleifafélagsins:		
	a. Grunnstyrkur 3000		
	b. Verðlagsuppbót 5700		
		8 700	
4.	Til Sögufélagsins til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirréttardóma o. fl.:		
	a. Grunnstyrkur 4000		
	b. Verðlagsuppbót 7600		
		11 600	
5.	Til Hins íslenzka fræðafélags til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um útgáfustarfsemina.	15 000	

15. gr.

		kr.	kr.
6.	Til Fornritaútgáfunnar:		
	a. Til útgáfu á Íslendingasögum:		
	1. Grunnstyrkur 4000		
	2. Verðlagsuppbót 7600		
	11600		
	b. Til útgáfu á Heimskringlu:		
	1. Grunnstyrkur 4000		
	2. Verðlagsuppbót 7600		
	11600		
		23 200	
7.	Til útgáfustarfsemi Þjóðvinafélagsins og menningarsjóðs, til útgáfu Íslendingasögu:		
	a. Grunnstyrkur 4000		
	b. Verðlagsuppbót 7600		
		11 600	
8.	Til Vísindafélags Íslendinga, til útgáfu rita:		
	a. Grunnstyrkur 3000		
	b. Verðlagsuppbót 5700		
		8 700	
9.	Til Steins Dofra, ættfræðings:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 9500		
		14 500	
	Styrkurinn veitist með því skilyrði, að, að honum látnum, verði ættfræðihandrit hans eign Landsbókasafnsins.		
10.	Til dr. Jóns Dúasonar, vegna útgáfu rita hans:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 9500		
		14 500	
11.	Til að þýða rit Jóns Dúasonar á enska tungu ..	25 000	
12.	Til samningar íslenzkrar samheitaorðabókar:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 9500		
		14 500	
13.	Til Björns Guðfinnssonar, utanfararstyrkur (endurveiting)	30 000	
14.	Til samningar íslenzkrar orðabókar, gegn jafnmiklu framlagi frá Sáttmálasjóði:		
	a. Grunnstyrkur 15000		
	b. Verðlagsuppbót 28500		
		43 500	
15.	Til útgáfu héraðssagnarita, eftir tillögum heimspekideildar háskólans:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 9500		
		14 500	
16.	Til útgáfu á afmælisriti, Olgeirsrímum Guðmundar Bergþórssonar, til heiðurs William Craigie ..	20 000	
17.	Til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn til útgáfu tímarits	5 000	

15. gr.

		kr.	kr.
18.	Til Norræna félagsins	5 000	
19.	Til Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn	4 000	
20.	Styrkur til Stúdentasambands Íslands, til að halda landsmót 1947	15 000	
			331 860
VIII.	Til skálda, rithöfunda og listamanna:		
	a. Grunnstyrkir	150 000	
	b. Verðlagsuppbót	285 000	
			435 000
	Af fé þessu skal Gunnar skáld Gunnarsson njóta 6000 kr. heiðurslauna að viðbættri verðlagsuppbót og Steingrímur Matthíasson, fyrrum héraðslæknir, 5000 kr. heiðurslauna að viðbættri verðlagsuppbót.		
	Að öðru leyti skal 4 manna nefnd, kosin af Alþingi, skipta fjárhæð þessari.		
IX.	Til vísindamanna og fræðimanna samkvæmt úthlutun menntamálaráðs:		
	a. Grunnstyrkur	30 000	
	b. Verðlagsuppbót	57 000	
			87 000
X.	Til leiklistarstarfsemi:		
1.	Til leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur	30 000	
2.	Til leikskóla Lárusar Pálssonar 3500 kr., til leiklistarskóla Soffíu Guðlaugsdóttur 2500 kr. og til leiklistarskóla Jóns Norðfjörðs 2500 kr.:		
	a. Grunnstyrkur 8500		
	b. Verðlagsuppbót 16150		
		24 650	
3.	Til leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Akureyrar	6 000	
4.	Til leikfélags Akureyrar vegna sýningar á leikritinu „Skálholt“	3 000	
5.	Til leikfélags Hafnarfjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Hafnarfjarðar	3 000	
6.	Til leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Ísafjarðar	1 500	
7.	Til leikfélags Sauðárkróks, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
8.	Til leikfélags Vestmannaeyja, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Vestmannaeyja	1 500	
9.	Til leikfélags á Siglufirði, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
10.	Til leikfélags Dalvíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 000	
11.	Til leikfélags Eyrarbakka, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 000	
12.	Til leikfélags Akraness, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
			76 150

15. gr.

		kr.	kr.
XI.	Til tónlistarstarfsemi:		
1.	Til Tónlistarskólans, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur:		
	a. Grunnstyrkur 15000		
	b. Verðlagsuppbót 28500		
		43 500	
2.	Til tónlistarskóla á Akureyri, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	20 000	
3.	Til hljómsveitar Reykjavíkur	2 000	
4.	Til Lúðrasveitar Reykjavíkur, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að	25 000	
5.	Til Lúðrasveitar Akureyrar, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að	10 000	
6.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að starfa að tónlistarmálum og efla skilning alþýðu á tónmennt:		
	a. Grunnlaun 4620		
	b. Verðlagsuppbót 8778		
		13 398	
7.	Til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum, með umsjá söngmálastjóra þjóðkirkjunnar:		
	a. Grunnlaun 1950		
	b. Verðlagsuppbót 3705		
		5 655	
8.	Til sambands íslenzkra karlakóla:		
	a. Grunnstyrkur 6000		
	b. Verðlagsuppbót 11400		
		17 400	
9.	Til landssambands blandaðra kóra og kvennakóra:		
	a. Grunnstyrkur 3000		
	b. Verðlagsuppbót 5700		
		8 700	
10.	Til Páls Kr. Pálssonar, til tónlistarnáms í Stokkhólmi	6 000	
			151 653
XII.	Til listasafns Einars Jónssonar:		
1.	Laun Einars Jónssonar:		
	a. Grunnlaun 8245		
	b. Verðlagsuppbót 15665		
		23 910	
2.	Til eldiviðar og ljósa	7 000	
3.	Ýmis gjöld	20 000	
4.	Fyrning	711	
			51 621
XIII.	Til Guðjóns Samúelssonar, í viðurkenningarskyni fyrir að uppgötva aðferð við múrhúðun, önnur greiðsla af fimm		10 000

15. gr.

			kr.	kr.
XIV. Til Bandalags íslenzkra listamanna:				
a. Grunnstyrkur			4 800	
b. Verðlagsuppbót			9 120	
				13 920
XV. Til eflingar menningarsambandi við Vestur-Íslendinga (Þar af 5000 kr. til Þjóðræknisfélags Íslendinga.)				8 000
XVI. Kostnaður við friðun Þingvalla, sbr. lög nr. 59 1928				8 000
XVII. Til umbóta á Þingvöllum				100 000
XVIII. Til Vesturheimsblaðanna Lögbergs og Heimskringlu, 10 000 til hvors.				20 000
Samtals A. ...			. . .	2 384 413
B. Til ýmissa rannsókna í opinbera þágu o. fl.				
I. Atvinnudeild háskólans:				
1. Iðnaðardeild:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	112565			
2. Verðlagsuppbót	176795			
		289360		
b. Annar kostnaður		224000		
		513360		
÷ Tekjur af rannsóknum		113000		
			400 360	
2. Fiskideild:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	64200			
2. Verðlagsuppbót	121980			
		186180		
b. Annar kostnaður		180000		
			366 180	
3. Landbúnaðardeild:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	61800			
2. Verðlagsuppbót	117420			
		179220		
b. Annar kostnaður		509870		
		689090		
÷ Tekjur		23920		
		665170		
c. Fjárræktarbúið á Hesti:				
1. Laun	87980			
2. Annar kostnaður	20000			
3. Stofnkostnaður	25000			
		132980		
÷ Tekjur		43000		
		89980		
			755 150	

15. gr.

		kr.	kr.
4. Sameiginlegur kostnaður:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	12225		
2. Verðlagsuppbót	22227		
	34452		
b. Til ræstingar	30000		
c. Til eldiviðar og ljósa	15000		
d. Annar kostnaður	43700		
	123152		
÷ Tekjur frá happdrætti Háskóla Íslands	80000		
		43 152	
			1 564 842
II. Rannsóknarstofa háskólans:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	116310		
b. Verðlagsuppbót	220989		
		337 299	
2. Annar kostnaður		150 000	
		487 299	
÷ tekjur af rannsóknum		200 000	
			287 299
III. Til rannsóknaráðs:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	17400		
b. Verðlagsuppbót	33060		
		50 460	
2. Rannsóknakostnaður		25 000	
			75 460
IV. Veðurstofa Íslands:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	215347		
b. Verðlagsuppbót	409159		
		624 506	
2. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.		115 000	
3. Til veðurskeyta o. fl.		140 000	
4. Til loftskeytatækja		5 000	
5. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		47 500	
6. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum, aukavinna o. fl.		10 000	
7. Úrkomumælingar á fjöllum		10 000	
8. Starfræksla landskjálftamæla		12 500	
9. Annar kostnaður		15 494	
			980 000
V. Til landmælinga			75 000
VI. Til jökulmælinga			1 500

15. gr.

		kr.	kr.
VII.	Til sjómælinga:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun	22000	
	b. Verðlagsuppbót	35340	
		57 340	
	2. Annar kostnaður	82 660	
			140 000
VIII.	Til húsameistara ríkisins:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun	65200	
	b. Verðlagsuppbót	123880	
		189 080	
	2. Annar kostnaður	40 000	
			229 080
	Samtals B. ...	. . .	3 353 181

16. gr.

Til atvinnumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Landbúnaðarmál.		
1.	Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra fjárhagsáætlun félagsins		1 000 000
2.	Til sama, til kynnisferða bænda		5 000
3.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum:		
	a. Jarðabótastyrkur	2 500 000	
	b. Til verkfærakaupasjóðs	80 000	
	c. Til vélasjóðs skv. lögum	50 000	
	d. Til ræktunarframkvæmda vélasjóðs	300 000	
			2 930 000
4.	Til búfjárræktar samkv. lögum nr. 32 1931		250 000
5.	Til tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins		300 000
6.	Til bygginga á Reykhólum		125 000
7.	Framlag samkvæmt lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum:		
	a. Vegna II. kafla: Um landnám	2 500 000	
	b. Vegna III. kafla: Um byggingarsjóð	2 500 000	
	c. Byggingarstyrkir samkvæmt núgildandi lögum	300 000	
			5 300 000
8.	Til ræktunarsjóðs, vaxtatillag		3 312
9.	Til áveitufélags Ölfusinga		20 000
10.	Til framræslu á löndum ríkissjóðs á Stokkseyri og Eyrarbakka. Lokagreiðsla		100 000
11.	Til fyrirhleðslu á Þverá og Markarfljóti		300 000
12.	Til fyrirhleðslu í Kaldaklifsá undir Eyjafjöllum		50 000
13.	Til fyrirhleðslu fyrir Hólmsá á Mýrum í A.-Skaft.		12 000
14.	Til fyrirhleðslu í Jökulsá í Lóni		150 000
15.	Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu, samkv. lögum nr. 68 1918 og lögum nr. 10 1926		4 000
16.	Til vélasjóðs til verkfærakaupa		850 000
17.	Til sandgræðslu:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 15750		
	2. Verðlagsuppbót 28025		
		43 775	
	b. Til sandgræðslustöðva	195 000	
	c. Til nýrra sandgræðslugirðinga	100 000	
	d. Ýmis gjöld	80 000	
			418 775
18.	Til skógræktar:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 40375		
	2. Verðlagsuppbót 76713		
		117 088	
	b. Skrifstofukostnaður	29 400	
	c. Til skóggræðslu	360 000	
	d. Annar kostnaður	115 000	
	e. Til skógræktarfélaga	100 000	
	f. Til friðunar skóglendis á einstökum jörðum samkv. lögum nr. 10 13. febr. 1943	150 000	
			871 488

16. gr.

		kr.	kr.
19.	Til Garðyrkjufélags Íslands		2 000
20.	Til búreikningaskrifstofu, sbr. lög nr. 35 1941		40 000
21.	Til mjólkurbúa og smjörsamlaga		80 000
22.	Styrkur til byggingar nýrrar mjólkurstöðvar í Reykjavík, þó ekki yfir ¼ byggingarkostnaðar		300 000
23.	Til verndunar æðarvarpi og uppeldisstöð fyrir æðarfugl		25 000
24.	Til klaksjóðs samkvæmt lögum nr. 36 1937		10 000
25.	Kostnaður vegna laga nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun ... 16200		
	2. Verðlagsuppbót ... 30780		
		46 980	
	b. Skrifstofukostnaður o. fl.	8 000	
	c. Ferðakostnaður	10 000	
	d. Annar kostnaður	10 000	
	e. Kostnaður vegna veiðimálanefndar og styrkir til fiskiræktar	30 000	
			104 980
26.	Til Loðdýraræktarfélags Íslands		6 000
27.	Til loðdýraræktar:		
	a. Laun ráðunautar:		
	1. Grunnlaun ... 8400		
	2. Verðlagsuppbót ... 15960		
		24 360	
	b. Annar kostnaður	15 000	
			39 360
28.	Til dýralækna:		
	a. Laun dýralækna:		
	1. Grunnlaun ... 41700		
	2. Verðlagsuppbót ... 79230		
		120 930	
	b. Styrkur til einstakra manna til að stunda dýralækningar, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að:		
	1. Grunnstyrkur ... 6500		
	2. Verðlagsuppbót ... 12350		
		18 850	
	c. Skrifstofukostnaður yfirdýralæknis	3 000	
	d. Til Páls Pálssonar dýralæknis samkvæmt samningi	6 000	
			148 780
29.	Til kláðalækninga		3 000
30.	Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar		2 800 000
31.	Til vélsmiðju í Hólmi í Landbroti		10 000
32.	Til Páls G. Jónssonar, Garði, Fnjóskadal		1 000
	Samtals A ...	. . .	16 259 695

16. gr.

	kr.	kr.
B. Sjávarútvegsmál.		
1. Til Fiskifélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins, og félagið sjái um útgáfu fiskimannaalmanaks á sinn kostnað		761 000
2. Til skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda		180 000
3. Til alþjóðahafrannsókna		13 500
4. Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins		10 000
Samtals B ...	. . .	964 500
C. Iðnaðarmál.		
1. Til Landssambands iðnaðarmanna		50 000
2. Til iðnlánasjóðs		300 000
3. Kostnaður við iðnráð		10 000
4. Styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík, ⅔ kostnaðar allt að		300 000
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að ríkisstjórnin láti endurskoða reikninga stofnunarinnar og árlega sé gefin skýrsla um starfsemina, samþykkt af endurskoðanda.		
5. Til Halldóru Bjarnadóttur til þess að vinna að eflingu heimilisiðnaðar:		
a. Grunnlaun	2 340	
b. Verðlagsuppbót	4 460	
		6 800
6. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði:		
a. Grunnstyrkur	900	
b. Verðlagsuppbót	1 710	
		2 610
7. Til Guðmundar Kristinssonar, myndskera:		
a. Grunnstyrkur	500	
b. Verðlagsuppbót	950	
		1 450
Samtals C ...	. . .	670 860
D. Raforkumál.		
I. Stjórn raforkumála:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun 139300		
b. Verðlagsuppbót 264690		
	403 990	
2. Skrifstofukostnaður	204 010	
3. Ferðakostnaður, mælingar og aðstoð	209 000	
4. Vatnsrennslismælingar	94 000	
	911 000	
÷ Tekjur	720 000	
		191 000

16. gr.

		kr.	kr.
II.	**Rafmagnsveitur ríkisins:**		
	Stjórn og rekstur rafmagnsveitnanna og undirbúningur nýbygginga.		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 139300		
	b. Verðlagsuppbót 265000		
		404 300	
	2. Skrifstofukostnaður	145 000	
	3. Ferðakostnaður	60 000	
	4. Vinnuvélar og bifreiðar	360 000	
	5. Birgðaskemma	100 000	
	6. Verkstæði	60 000	
	7. Annar kostnaður	169 700	
	8. Rekstrarkostnaður rafveitna:		
	a. Reykjanesveita 600000		
	b. Árnessýsluveita 204500		
	c. Húsavíkurveita 164500		
		969 000	
	9. Til nýrra raforkuframkvæmda	1 000 000	
		3 268 000	
	÷ Tekjur:		
	Tekur af vöruumsetningu o. fl. 700000		
	Fært á nýbyggingar og viðhald 409000		
	Tekjur Reykjanesrafveitu 432000		
	Tekjur Árnessýslurafveitu 168500		
	Tekjur Húsavíkurrafveitu 96500		
	Bráðabirgðalán úr raforkusjóði til greiðslu á rekstrarhalla 1947 462000		
		2 268 000	1 000 000
III.	**Rafmagnseftirlit ríkisins:**		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 69900		
	b. Verðlagsuppbót 132890		
		202 790	
	2. Ferðakostnaður	69 000	
	3. Áhaldakostnaður	30 000	
	4. Annar kostnaður	90 210	
		392 000	
	÷ Tekjur:		
	Árgjöld rafveitna 170000		
	Aðflutningsgjöld o. a. 140000		
		310 000	
			82 000
IV.	**Raforkuráð:**		
	Þóknun og skrifstofukostnaður		15 000
V.	**Raforkusjóður:**		
	Tillag ríkissjóðs samkv. lögum nr. 12 2. apríl 1946 ..		2 000 000

16. gr.

		kr.	kr.
VI.	Jarðboranir og gufuvirkjunarrannsóknir:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun	17800	
	b. Verðlagsuppbót	33800	
			51 600
	2. Bormannalaun		650 000
	3. Annar kostnaður		333 400
			1 035 000
	÷ Tekjur:		
	Borkostnaður greiddur af einstaklingum og sveitarfélögum		585 000
			450 000
	4. Til kaupa á einum höggbor og einum rannsóknarbor		200 000
			200 000
	Samtals ..	. . .	3 938 000

17. gr.

Til félagsmála er veitt:

	kr.	kr.
1. Tillag til bjargráðasjóðs, samkv. l. nr. 45 1913		33 000
2. Til alþýðutrygginga:		
I. a. Framlag samkv. 116. gr. laga nr. 50/1946	16 550 000	
b. Framlag samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943	2 200 000	
		18 750 000
II. Endurgreiðsla samkv. 99. gr. laga nr. 50/1946 á framlagi Lífeyrissjóðs Íslands til ellilauna og örorkubóta samkv. 78. gr. laga nr. 74/1937		260 000
3. Gjöld samkvæmt lögum nr. 39 1935, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna		15 000
4. Gjöld samkvæmt 20. og 22. gr. framfærslulaga, nr. 52 1940		20 000
5. Til styrktar- og sjúkrasjóða samkv. úthlutun félagsmálaráðuneytisins		18 000
6. Gamalmennahæli:		
a. Til elliheimilisins Grundar í Reykjavík:		
Rekstrarstyrkur	7 000	
enda greiði vistmenn, sem framfærslusveit eiga utan Reykjavíkur, ekki hærra daggjald en bæjarmenn.		
b. Til sjö gamalmennahæla utan Reykjavíkur, 3000 kr. til hvers	21 000	
		28 000
7. Til sambands íslenzkra berklasjúklinga:		
a. Byggingarstyrkur	600 000	
b. Rekstrarstyrkur vegna læknislauna	32 190	
		632 190
8. Til sumardvalarheimila, dagheimila og vistarheimila fyrir börn úr bæjum og kauptúnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að		200 000
9. Kostnaður við barnaverndarráð		40 000
10. Til barnavinafélagsins Sumargjafar, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi frá Reykjavíkurbæ		150 000
11. Til upptökuheimilis fyrir börn og unglinga		25 000
12. Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi:		
a. Til Rauðakross Íslands	15 000	
b. Til Sambands íslenzkra berklasjúklinga	3 000	
c. Til félagsins „Heyrnarhjálpar“	5 000	
d. Til félagsins „Sjálfbjargar“	2 000	
e. Til mæðrastyrksnefnda	50 000	
Þar af 15 þús. kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur. Ráðherra úthlutar fénu, að fengnum tillögum mæðrastyrksnefndar í Reykjavík.		
		75 000
13. Til slysavarna:		
a. Til almennra slysavarna	100 000	
b. Endurbyggingarstyrkur vegna v/b Sæbjörg. Lokagreiðsla	200 000	
		300 000

17. gr.

	kr.	kr.
14. Til umferðarslysavarna		50 000
15. Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis		5 000
16. Til Stórstúku Íslands til bindindisstarfsemi		200 000
Þar af til bindindisstarfsemi í skólum 15 000.		
17. Ungmennastarfsemi:		
a. Til Ungmennafélags Íslands	15 000	
Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um það, hvernig fénu er varið.		
b. Til Bandalags skáta	2 000	
c. Til Bandalags íslenzkra farfugla	1 500	
		18 500
18. Til Kvenfélagasambands Íslands, til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju		125 000
19. Til kvennaheimilisins Hallveigarstaða, byggingarstyrkur		50 000
20. Til Kvenréttindafélags Íslands		15 000
21. Til vinnumiðlunar		20 000
22. Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga		700 000
23. Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna		1 200 000
24. Til Bálfarafélags Íslands		35 000
25. Til Dýraverndunarfélags Íslands til dýraverndunarstarfsemi		5 000
26. Til kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, rekstrarhalli		20 000
Samtals ...	. . .	22 989 690

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn:		
	1. Ari Arnalds, fyrrv. sýslumaður	1968.75	
	2. Ágúst H. Bjarnason prófessor	2405.00	
	3. Bogi Brynjólfsson, fv. sýslum.	1885.00	
	4. Dr. Einar Arnórsson, fv. hæstar.d. ..	15000.00	
	5. Einar Sæmundsen, fv. skógarvörður	2670.00	
	6. Guðm. Björnsson, fv. sýslum.	2502.81	
	7. Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslum. ..	2442.69	
	8. Guðm. Guðmundsson, fv. héraðsl.	1625.00	
	9. Guðm. Sveinbjörnsson, fv. skrifststj. .	1820.00	
	10. Halldór Kr. Júlíusson, fv. sýslum. ..	1985.00	
	11. Halldór Steinsson, fv. héraðslæknir ..	1562.50	
	12. Ingólfur Gíslason, fv. héraðslæknir ..	1781.85	
	13. Jóhannes Jóhannesson, fv. bæjarfóg. .	7620.00	
	14. Jón Hermannsson, fv. tollstjóri	7620.00	
	15. Jónas Kristjánsson, fv. héraðslæknir .	1620.00	
	16. Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti	2374.48	
	17. Magnús Jónsson, fyrrv. bæjarfógeti .	6370.00	
	18. Magnús Torfason, fyrrv. sýslum.	3650.00	
	19. Ólafur Daníelsson, fv. yfirkennari ..	1812.50	
	20. Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir ..	1620.00	
	21. Ólafur Thorlacius, fv. héraðslæknir .	1397.50	
	22. Páll Einarsson, fv. hæstaréttardómari	15000.00	
	23. Sigurður Briem, fv. póstmeistari ...	7620.00	
	24. Sigurður Thoroddsen, fv. yfirkennari	1843.75	
	25. Sigurjón Jónsson, fv. héraðslæknir ..	1551.88	
	26. Sigurjón Markússon, fv. sýslumaður .	2145.00	
	27. Skúli Árnason, fv. héraðslæknir	1300.00	
	28. Steingrímur Jónsson, fv. bæjarfógeti .	7120.00	
	29. Steingrímur Matthíasson, fv. héraðsl. .	1397.50	
	30. Þorbjörn Þórðarson, fv. héraðslæknir	1625.00	
	31. Þorkell Þorkelsson, fv. veðurstofustj.	11100.00	
			122 436
	b. Embættismannaekkjur:		
	1. Aðalbjörg Jakobsdóttir, læknisekkja .	710.94	
	2. Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja próf. Har. Níelss.	552.50	
	3. Álfheiður Briem	1015.63	
	4. Anna Gunnlaugsson, læknise., Vestm.	243.75	
	5. Anna Kl. Jónsson ráðherraekkja	1220.00	
	6. Cathinka Sigfússon kennaraekkja ...	390.00	
	7. Ellen Sveinsson	1164.40	
	8. Guðrún B. Gísladóttir læknisekkja ..	307.73	
	9. Guðrún Tulinius sýslumannsekkja ..	762.37	
	10. Ingibjörg Magnúsdóttir læknisekkja .	345.31	
	11. Ingibjörg Sigurðardóttir læknisekkja	243.75	
	12. Ingileif Aðils prófessorsekkja	552.50	
	13. Jenny Forberg landssímastjóraekkja .	812.50	

18. gr.

		kr.	kr.
14.	Jónasína E. Hallgrímsdóttir, ekkja Á. Þ., fv. menntaskólakennara	900.20	
15.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja ..	385.94	
16.	Margrete Kaldalóns læknisekkja	535.00	
17.	Margrét Árnadóttir sýslumannsekkja	568.75	
18.	Margrét Kr. Lárusdóttir læknisekkja .	243.75	
19.	Rannveig Tómasdóttir læknisekkja ..	304.69	
20.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja .	345.31	
21.	Sigríður H. Jensson yfirdómaraekkja	812.50	
22.	Sigríður Jónsdóttir prófessorsekkja ..	1539.20	
23.	Sigríður R. Pálsson yfirkennaraekkja	731.25	
24.	Sigrún Bjarnason yfirkennaraekkja ..	650.00	
25.	Soffía Guðmundsson ráðherraekkja ..	731.25	
26.	Solveig Eggerz	6570.00	
27.	Steinunn Frímannsdóttir skólameistaraekkja	1163.21	
28.	Súsanna Fr. Erlendsson læknisekkja	304.69	
29.	Theodóra Thoroddsen sýslum.ekkja .	869.65	
30.	Valgerður Sveinsdóttir læknisekkja .	568.75	
31.	Vigdís G. Blöndal læknisekkja	304.69	
32.	Þóra Gísladóttir læknisekkja	345.31	
33.	Þóra Magnússon ráðherraekkja	1950.00	
34.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja ..	511.88	
			28 657
c.	Prestsekkjur:		
1.	Anna Stefánsd. frá Stað í Súgandaf. ..	162.50	
2.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	162.50	
3.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagaf.	162.50	
4.	Björg Einarsdóttir Dvergasteini	417.37	
5.	Guðbjörg Hermannsd. frá Þingvöllum	192.24	
6.	Guðný Þorsteinsdóttir frá Nesi, Norðf.	205.47	
7.	Guðríður Helgad. frá Kvennabrekku .	273.00	
8.	Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík	220.58	
9.	Guðrún Hermannsd. frá Breiðabólsstað	346.03	
10.	Guðrún G. Jóhannesdóttir frá Bergst.	174.75	
11.	Guðrún Runólfsdóttir	267.27	
12.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	218.40	
13.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	313.63	
14.	Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað	118.53	
15.	Helga Stephensen frá Holti	299.59	
16.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	203.61	
17.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási ..	230.91	
18.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	162.50	
19.	Jóhanna Pálsdóttir frá Otradal	201.14	
20.	Jóhanna Magnúsd. frá Staðarhrauni..	364.00	
21.	Líney Sigurjónsdóttir frá Görðum ...	511.57	
22.	Margrét Jónasdóttir frá Stað	213.46	
23.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað á Reykjanesi	312.86	
24.	Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	213.46	

18. gr

		kr.	kr.
25. Sigríður Hansdóttir frá Djúpavogi ..	179.14		
26. Sigríður Jóhannesdóttir frá Hruna ..	210.31		
27. Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli ..	239.69		
28. Sigurlaug Árnad. Knudsen frá Breiðabólsstað	216.13		
29. Steinunn E. Stephensen frá Bjarnanesi	325.36		
30. Vilborg Jónsdóttir frá Prestbakka ..	166.81		
31. Þóra Jónsdóttir Auðkúlu	134.42		
32. Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka ..	162.50		
		7 582	
d. Framlag samkv. l. nr. 51 1921, 8. gr.			
1. Aldný Magnúsdóttir símritaraekkja ..	286.00		
2. Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	390.00		
3. Ásta Einarson dýralæknisekkja	325.00		
4. Ásta Halldórsdóttir póstafgrm.ekkja .	312.00		
5. Björg Jónsd. prestsekkja frá Vallanesi	260.00		
6. Guðbjörg Árnadóttir læknisekkja	455.00		
7. Guðbjörg Tómasdóttir læknisekkja ..	455.00		
8. Guðfinna Þórðard. vitavarðarekkja ..	117.00		
9. Harriet Jónsson lagaprófessorsekkja .	585.00		
10. Hedvig Blöndal póstritaraekkja	455.00		
11. Hrefna Jóhannesdóttir læknisekkja ..	390.00		
12. Ida Stefánsdóttir símamannsekkja ...	286.00		
13. Ingibjörg Guðjónsd. símritaraekkja ..	234.00		
14. Ingibjörg Ögmundsdóttir símstj.ekkja	234.00		
15. Kristín Guðmundsdóttir	195.00		
16. Lára Bjarnadóttir símritaraekkja	286.00		
17. Margrét Lárusdóttir læknisekkja	390.00		
18. Margrét Þórðardóttir læknisekkja	585.00		
19. María Guðmundsd. fiskmatsm.ekkja .	312.00		
20. María J. Klemens póstafgrm.ekkja ..	312.00		
21. Marta Eiríksdóttir læknisekkja	390.00		
22. Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	234.00		
23. Rigmor Ófeigsson yfirkennaraekkja .	442.00		
24. Sigríður Gilsdóttir fangavarðarekkja .	234.00		
25. Þrúður I. Jónsdóttir símstjóraekkja .	338.00		
26. Þuríður Benediktsdóttir læknisekkja .	390.00		
		8 892	
e. Verðlagsuppbót		318 378	
			485 945
II. Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Ari Arnalds, fyrrv. bæjarfógeti	4275,00		
2. Ágúst H. Bjarnason prófessor	5000,00		
3. Bogi Brynjólfsson, fyrrv. sýslumaður .	1040,00		
4. Einar Sæmundsen, fv. skógarvörður ..	1950.00		
5. Eiríkur Kjerúlf læknir	1625,00		
6. Guðmundur Björnsson, fyrrv. sýslum.	1625,00		
7. Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslumaður	2925,00		
8. Guðm. Guðmundsson, fv. héraðslæknir	4000,00		

18. gr.

		kr.	kr.
9.	Guðm. Sveinbjörnsson, fyrrv. skrifstofustjóri	7500,00	
10.	Halldór Kr. Júlíusson, fyrrv. sýslum.	1300,00	
11.	Halldór Stefánsson læknir	1625.00	
12.	Halldór Steinsson, fyrrv. héraðslæknir	3245,00	
13.	Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir í Borgarnesi	1625,00	
14.	Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir á Djúpavogi, biðlaun, full embættislaun	10200.00	
15.	Jakob Kristinsson, fyrrv. fræðslum.stj., lögboðinn lífeyrir meðtalinn	7620,00	
16.	Jakob Jóh. Smári, adjunkt, biðlaun, ¾ embættislauna	7200,00	
17.	Jónas Kristjánsson, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
18.	Karl Finnbogason, fyrrv. skólastj.	2100,00	
19.	Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri	2515,00	
20.	Magnús Jónsson, fyrrv. bæjarfógeti	1200,00	
21.	Magnús Torfason, fyrrv. sýslumaður	2970,00	
22.	Ólafur Daníelsson, fyrrv. yfirkennari	3245,00	
23.	Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
24.	Ólafur Thorlacius, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
25.	Páll Halldórsson, fyrrv. skólastjóri	1625,00	
26.	Sigurður Thoroddsen, fyrrv. yfirkennari	3245,00	
27.	Sigurjón Markússon, fyrrv. sýslum.	4455,00	
28.	Skúli Árnason, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
29.	Steingrímur Matthíasson, fyrrv. héraðsl.	1625,00	
30.	Th. Krabbe, fyrrv. vitamálastjóri	2160,00	
31.	Þorbjörn Þórðarson, fv. héraðslæknir	1140,00	
			96 410
b.	**Embættismannaekkjur og börn:**		
1.	Aðalbjörg Jakobsdóttir læknisekkja	815,00	
2.	Aðalbjörg Sigurðardóttir	1950,00	
3.	Anna Ásmundsdóttir	1000,00	
4.	Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar	730,00	
5.	Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	975,00	
6.	Ásta Einarson	975,00	
7.	Camilla Hallgrímsson	1235,00	
8.	Cathinka Sigfússon	1625,00	
9.	Ellen Sveinsson	1622.50	
10.	Guðbjörg Tómasdóttir, 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	2445,00	
11.	Guðlaug Magnúsdóttir	3245,00	
12.	Guðrún Arinbjarnar læknisekkja	850.00	
13.	Harriet Jónsson	730,00	
14.	Helga Finnsdóttir	1950,00	
15.	Hrefna Jóhannesdóttir 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	1955,00	
16.	Ingileif Snæbjarnardóttir Aðils	650,00	
17.	Jenny Forberg	975,00	
18.	Jónasína E. Hallgrímsdóttir	1400.00	

18. gr.

		kr.	kr.
19.	Júlíana Jónsdóttir, ekkja H. Jónssonar dýralæknis	815,00	
20.	Kristín Thorberg	600,00	
21.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja	975,00	
22.	Laufey Vilhjálmsdóttir	3870,00	
23.	Magnea Ásgeirsson	325,00	
24.	Margrete Kaldalóns	4565,00	
25.	Margrét Árnadóttir	975,00	
26.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Guðfinnssonar héraðslæknis	1140,00	
27.	Margrét K. Lárusdóttir læknisekkja	650,00	
28.	Margrét Þórðardóttir læknisekkja, 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	2445,00	
29.	Ragnheiður Jónasson sýslumannsekkja	1300,00	
30.	Rannveig Tómasdóttir	975,00	
31.	Rigmor Ófeigsson	1300.00	
32.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja	1300,00	
33.	Sigríður Finnbogadóttir	1300,00	
34.	Sigríður Fjeldsted	975,00	
35.	Sigríður Gilsdóttir	578,00	
36.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Sigurðar heit. Magnússonar, prófessors	2450.00	
37.	Sigríður Hjaltadóttir Jensson	1300,00	
38.	Sigrún Bjarnason	975,00	
39.	Sofia Guðmundsson	3245,00	
40.	Soffía Hjaltested	975.00	
41.	Stefanía Stefánsdóttir	400,00	
42.	Steinunn Frímannsdóttir	730.00	
43.	Súsanna Friðriksdóttir Erlendsson	815,00	
44.	Theodóra Thoroddsen	1950,00	
45.	Valgerður Sveinsdóttir, læknisekkja	1140,00	
46.	Vigdís Blöndal	815,00	
47.	Þóra Gísladóttir, læknisekkja	1465,00	
48.	Þórhildur Eiríksdóttir Magnús	975,00	
49.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja	650,00	
50.	Þrúður Ingibjörg Jónsdóttir	600,00	
51.	Þuríður Benediktsdóttir, læknisekkja, 1140 kr., auk 490 kr. með barni í ómegð	1630,00	
			69 331
c.	**Uppgjafaprestar:**		
1.	Árni Þórarinsson	945,00	
2.	Ásgeir Ásgeirsson, Hvammi	1025,00	
3.	Böðvar Bjarnason	1950,00	
4.	Einar Pálsson	1190,00	
5.	Einar Thorlacius	900,00	
6.	Dr. Eiríkur Albertsson, lögboðinn lífeyrir meðtalinn	7620,00	
7.	Friðrik Hallgrímsson, fyrrv. dómprófastur	7127,00	

18. gr.

		kr.	kr.
8.	Haraldur Þórarinsson	1625,00	
9.	Ingvar Nikulásson	1115,00	
10.	Jes A. Gíslason	815,00	
11.	Jón Norðfjörð Johannessen	1235,00	
12.	Kristinn Daníelsson	1335,00	
13.	Magnús Bjarnarson	1065,00	
14.	Matthías Eggertsson	1245,00	
15.	Ólafur Magnússon	685,00	
16.	Pálmi Þóroddsson	920,00	
17.	Runólfur Magnús Jónsson	1185,00	
18.	Sigtr. Guðlaugsson	4495,00	
19.	Stefán Kristinsson	1625,00	
20.	Theódór Jónsson	2330,00	
21.	Vigfús Þórðarson	2500,00	
22.	Þórður Ólafsson	1090,00	
23.	Þorsteinn Briem	9000,00	
24.	Þorvaldur Jakobsson	2070,00	
25.	Þorvarður Þorvarðsson	1260,00	
			56 352
d.	**Prestsekkjur:**		
1.	Anna Stefánsdóttir frá Stað	975,00	
2.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	975,00	
3.	Auður Gísladóttir	1140,00	
4.	Bergljót Blöndal	975,00	
5.	Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini	975,00	
6.	Björg Jónasdóttir frá Eskifirði	1140,00	
7.	Björg Jónsdóttir frá Vallanesi	1140,00	
8.	Dorothea Guðmundsson	1140,00	
9.	Guðbjörg Guðmundsdóttir	1300,00	
10.	Guðbjörg Hermannsdóttir	945,00	
11.	Guðný Þorsteinsdóttir	930,00	
12.	Guðríður Helgadóttir	1110,00	
13.	Guðríður Ólafsdóttir	915,00	
14.	Guðrún Hermannsdóttir	650,00	
15.	Guðrún J. Jóhannesdóttir	1790,00	
16.	Guðrún Jónsdóttir 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	4890,00	
17.	Guðrún P. Jónsdóttir frá Sauðlauksdal 1950 kr., auk 490 kr. með barni hennar til 16 ára aldurs	2440,00	
18.	Guðrún Runólfsdóttir	1140,00	
19.	Guðrún Torfadóttir	1140,00	
20.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	1140,00	
21.	Helga Skúladóttir	1020,00	
22.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	1140,00	
23.	Ingibjörg Magnúsdóttir	1140,00	
24.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	1140,00	
25.	Ingveldur Ólafsdóttir	975,00	
26.	Jóhanna Magnúsdóttir prófastsekkja	1140,00	
27.	Jóhanna Pálsdóttir frá Otradal	1140,00	
28.	Líney Sigurjónsdóttir	1465,00	

18. gr.

		kr.	kr.
29.	Margrét Björnsdóttir frá Bíldudal, 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barna hennar til 16 ára aldurs	3420,00	
30.	Margrét Jónasdóttir	1140,00	
31.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað	1140,00	
32.	Sigríður Hansdóttir	1275,00	
33.	Sigríður Jóhannesdóttir	1140,00	
34.	Sigríður Kjartansdóttir, 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barna sinna	3910,00	
35.	Sigrún Kjartansdóttir	1140,00	
36.	Sigurlaug Knudsen	1140,00	
37.	Stefanía Hjaltested	815,00	
38.	Steinunn Eiríksdóttir Stephensen	975,00	
39.	Steinunn Pétursdóttir	1140,00	
40.	Vilborg Jónsdóttir	1140,00	
41.	Þorbjörg Pálsdóttir	650,00	
42.	Þóra Jónsdóttir	1000,00	
			56 035
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:		
1.	Aðalbjörg Steinsdóttir	815,00	
2.	Ásdís Þorgrímsdóttir	490,00	
3.	Áslaug Thorlacius	1500,00	
4.	Ásta Magnúsdóttir	325,00	
5.	Brynjólfur Þorláksson söngkennari	1950,00	
6.	Elísabet Jónsdóttir	490,00	
7.	Friðrik Bjarnason tónskáld	1625,00	
8.	Geirlaug Stefánsdóttir	815,00	
9.	Guðbjörg Kristjánsdóttir	1950,00	
10.	Hallgrímur Jónsson skólastjóri	3635,00	
11.	Hildur Björnsdóttir	1282,00	
12.	Ingivaldur Nikulásson kennari	650,00	
13.	Ingunn Bergmann kennslukona	815,00	
14.	Lárus Bjarnason skólastjóri	5310,00	
15.	Lárus Rist kennari	975,00	
16.	Magdalena Ásgeirsdóttir, ekkja Bergsveins Haraldssonar kennara, kr. 200,00 og kr. 350,00 með hverju barni þeirra innan 16 ára	1600,00	
17.	Margrét Rasmus	4495,00	
	Sama, húsaleigukostn. (án verðl.uppb.)	1800,00	
18.	Ragnheiður Torfadóttir	650,00	
19.	Samúel Eggertsson	815,00	
20.	Sigurður Sigurðsson	1000,00	
21.	Sigurjón Rögnvaldsson	325,00	
22.	Steingrímur Arason	1500,00	
23.	Valdimar Snævarr	2680,00	
24.	Viktoría Bjarnadóttir	245,00	
25.	Vilborg Torfadóttir, ekkja Eyjólfs Sveinssonar kennara	490,00	
26.	Þorleifur Erlendsson	600,00	
			38 827

18. gr.

		kr.	kr.
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra, samkv. úthlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins eftir tillögum póst- og símamálastjóra	37 500	
g.	Sigurður Nordal, samkvæmt samningi	3 245	
h.	Ólafur Friðriksson	2 925	
i.	Dr. Helgi Péturss	7 620	
j.	Séra Guðmundur Einarsson	3 245	
k.	Sigurjón Friðjónsson	3 245	
l.	Páll E. Ólason dr. phil.	9 120	
m.	Árni Pálsson	6 605	
n.	Páll Sveinsson yfirkennari, biðlaun, full embættisl.	9 600	
o.	Árni Thorsteinsson tónskáld	4 495	
p.	Björgvin Guðmundsson tónskáld	3 000	
q.	Eggert Stefánsson söngvari	3 600	
r.	Sigurbjörn Sveinsson	3 245	
s.	Lárus Sigurjónsson skáld	2 440	
t.	Dr. Jón Stefánsson, London, án verðlagsuppbótar	3 146	
u.	Ekkjur og börn skálda og listamanna:		
	1. Anna Pálsdóttir 975 kr., auk 490 kr. með hvoru fósturbarna sinna 1955,00		
	2. Eleanor Sveinbjörnsson 1950,00		
	3. Guðrún Jónsdóttir Erlingsson 1625,00		
	4. Guðrún Oddsdóttir 1625,00		
	5. María Guðlaugsson, ekkja Jónasar Guðlaugssonar skálds 1200,00		
	6. Ólína Þorsteinsdóttir 1625,00		
	7. Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal 815,00		
	8. Sigríður Snæbjarnardóttir, ekkja Þór. B. Þorlákssonar málara 815,00		
	9. Sigurlaug G. Gröndal 650,00		
	10. Valborg Einarsson 1625,00		
	11. Valgerður Benediktsson 3870,00		
	12. Þórunn Pálsdóttir, ekkja Þorsteins Gíslasonar 1625,00		
		19 380	
v.	Hafnsögumenn, vitaverðir og vitavarðaekkjur, skv. úthlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, eftir tillögum vitamálastjóra	13 165	
x.	Matsmenn, samkv. úthlutun atvinnumálaráðuneytisins	20 555	
y.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
	1. Aðalheiður Pálsdóttir ljósmóðir 490,00		
	2. Ágústa Þ. Ólafsdóttir 490,00		
	3. Andrés Johnson, fornminjasafnari 6370,00		
	4. Anna Bjarnadóttir, ekkja Hj. Láruss. 490,00		
	5. Arndís Sigurðardóttir 490,00		
	6. Arnleif Kristjánsdóttir 490,00		
	7. Ásdís M. Sigurðardóttir ljósmóðir 490,00		
	8. Ásgeir Jónsson, Gottorp 490,00		
	9. Ásta Þorvaldsdóttir 490,00		
	10. Björg Guðmundsdóttir 650,00		

18. gr.

			kr.	kr.
11.	Björn Einarsson	3245,00		
12.	Davíð Gíslason	975,00		
13.	Eggert Brandsson, sjómaður	1950,00		
14.	Einar Markússon, fyrrv. ríkisbókari	3245,00		
15.	Einar E. Sæmundsen	1950,00		
16.	Elín Runólfsdóttir	300,00		
17.	Friðfinnur Guðjónsson, leikari	1300,00		
18.	Gróa Dalhoff	1300,00		
19.	Guðbjörg Jónsdóttir ljósmóðir	490,00		
20.	Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti	650,00		
21.	Guðmundur Davíðsson, fv. umsjónarm.	2440,00		
22.	Guðm. Gestsson, fv. dyrav. Menntaskól.	1950,00		
23.	Guðríður Eiríksdóttir	815,00		
24.	Guðríður Jóhannsdóttir ljósm., Akran.	490,00		
25.	Guðrún Egilson	3245,00		
26.	Guðrún Indriðadóttir leikkona	1300,00		
27.	Guðrún Ragúels	490,00		
28.	Gunnlaugur Kristmundsson	3000,00		
29.	Halldór Brynjólfsson blindi	570,00		
30.	Halldóra Þórðardóttir	975,00		
31.	Helga Ingibjörg Stefánsdóttir, loftskeytamannsekkja	490,00		
32.	Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður	1300,00		
33.	Henriette Kjær, fv. yfirhjúkrunarkona	975,00		
34.	Hlín Johnson	2925,00		
35.	Hólmfríður Björnsdóttir, ekkja G. Hjaltasonar	490,00		
36.	Hólmgeir Jensson	490,00		
37.	Ingibjörg Guðjónsdóttir	490,00		
38.	Ingibjörg Jakobsdóttir	600,00		
39.	Ingibjörg Lárusdóttir, Blönduósi	815,00		
40.	Ingibjörg Loftsdóttir, ljósmóðir	490,00		
41.	Ingibjörg Pálsdóttir ljósmóðir	490,00		
42.	Ingiríður Helgadóttir ljósmóðir	490,00		
43.	Ingólfur Jónsson, fv. leiðsögumaður frá Ísafirði	815,00		
44.	Jón Bach, fyrrv. dyravörður	2000,00		
45.	Jóna Jónsdóttir ljósm. frá Kóreksst.	490,00		
46.	Jóney Guðmundsdóttir, ekkja Guðjóns Guðlaugssonar	975,00		
47.	Jónína Marteinsdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	490,00		
48.	Kristín Eiríksdóttir ljósmóðir	490,00		
49.	Kristín Guðmundsdóttir, ekkja E. Helgasonar	975,00		
50.	Kristjana Benediktsdóttir	650,00		
51.	Kristólína Kragh	650,00		
52.	Lára Bjarnadóttir	650,00		
53.	Margrét Ásmundsdóttir	650,00		
54.	María Sigurðardóttir	490,00		
55.	Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	815,00		

18. gr.

		kr.	kr.
56.	Matthías Þórðarson frá Móum	1950,00	
57.	Níelsína Ólafsdóttir, ekkja Daníels Daníelssonar	975,00	
58.	Ólafur Guðmundsson, fyrrv. ferjum. ..	1625,00	
59.	Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erlingssonar	815,00	
60.	Petrea Jónsdóttir	490,00	
61.	Ragnheiður Erlendsdóttir	490,00	
62.	Sigríður Gísladóttir frá Skógarnesi, 490 kr., og 165 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	1150,00	
63.	Sigríður Gísladóttir	490,00	
64.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir frá Þórshöfn	490,00	
65.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir	490,00	
66.	Soffía Ásgeirsdóttir hjúkrunarkona ..	815,00	
67.	Steinunn Oddsdóttir	815,00	
68.	Valgerður Steinsson, fv. spítalaráðsk. .	815,00	
69.	Þóra Sigurðardóttir	490,00	
			73 705
z.	Magnús Friðriksson hreppstjóri		3 870
þ.	Verðlagsuppbót		1 042 836
æ.	Framlag ríkissjóðs samkv. 10. gr. lífeyrissjóðslaga, nr. 101 1943 og 8. gr. laga nr. 102 1943		2 250 000
ö.	Framlag ríkissjóðs samkv. 6. gr. reglugerðar frá 24. nóv. 1944		200 000
			4 043 497
	Samtals ...	. . .	4 529 442

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til dýrtíðarráðstafana	35 000 000	
2. Til óvissra útgjalda	500 000	
		35 500 000
Samtals ...	. . .	35 500 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar:		
1. Samkvæmt 3. gr. A.	472 000	
2. — 11. — A.	7 500	
3. — 12. —	70 000	
4. — 13. —	894 000	
5. — 15. —	10 000	
6. — 16. —	40 000	
		1 493 500
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og dönskum ríkisskuldabréfum		2 343 000
III. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10 000
IV. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50 000
Samtals ...	. . .	3 896 500
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán ... 2572051		
b. Lán í dönskum krónum ... 473677		
	3 045 728	
2. Lán ríkisstofnana:		
a. Lndssíminn (sjá 3. gr. A. 1.) ... 600000		
b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.) ... 89100		
	689 100	
		3 734 828
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
1. Landssíminn (ný símakerfi o. fl.)	2 500 000	
2. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.)	1 120 000	
		3 620 000
III. Til bygginga á jörðum ríkisins		350 000
IV. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana		2 000 000

	kr.	kr.
V. Til vitamála, eignaaukning:		
a. Til byggingar áhalda- og skrifstofuhúss	200 000	
b. Til byggingar vitaskips (lokagreiðsla)	700 000	
c. Til að gera nýja vita	350 000	
d. Til byggingar vitavarðarhúss á Reykjanesi	120 000	
		1 370 000
VI. Til flugvallagerða og lendingarbóta fyrir flugvélar:		
a. Vestmannaeyjaflugvöllur	300 000	
b. Flugskýli og dráttarbraut á Ísafirði	100 000	
		400 000
VII. Til byggingar Menntaskólahúss í Reykjavík		500 000
VIII. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri		250 000
IX. Til byggingar sjómannaskólans		1 000 000
X. Til byggingar íþróttakennaraskóla		255 000
XI. Til byggingar þjóðminjasafns		500 000
XII. Til byggingar skólastjórabústaðar á Hólum		100 000
XIII. Til byggingar kennarabústaðar á Hvanneyri		50 000
XIV. Til byggingar bændaskóla í Skálholti		500 000
XV. Til byggingar varðskipa		1 000 000
XVI. Til bygginga á prestssetrum		450 000
Samtals ...	. . .	16 079 828

21. gr.
I. Rekstrar-

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		113 200 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		53 341 572
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		588 107
5. gr.	Óvissar tekjur		100 000
	Rekstrarhalli		30 078 679
	Samtals ...	...	197 318 358

II Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	167 239 679
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar	1 493 500
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	2 343 000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10 000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50 000
	Greiðslujöfnuður	42 262 007
	Samtals ...	213 398 186

Yfirlit.
yfirlit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		1 169 193
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		362 603
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		1 515 576
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		4 302 484
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	8 378 734	
— B.	Opinbert eftirlit	876 661	
— C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	3 857 309	
— D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	825 000	13 937 704
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		11 856 819
13. gr. A.	Vegamál	22 386 920	
— B.	Samgöngur á sjó	3 010 000	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	10 114 000	
— D.	Flugmál	4 259 700	39 770 620
14. gr. A.	Kirkjumál	3 161 760	
— B.	Kennslumál	30 651 818	33 813 578
15. gr. A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	2 384 413	
— B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	3 353 181	5 737 594
16. gr. A.	Landbúnaðarmál	16 259 695	
— B.	Sjávarútvegsmál	964 500	
— C.	Iðnaðarmál	670 860	
— D.	Raforkumál	3 938 000	21 833 055
17. gr.	Til félagsmála		22 989 690
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		4 529 442
19. gr.	Óviss útgjöld		35 500 000
	Samtals ...	. . .	197 318 358

yfirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	197 318 358
	Aðrar útborganir:	
20. gr. 1.	Afborganir lána og eignaaukningar skv. 20. gr. Út	16 079 828
	Samtals ...	213 398 186

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að greiða Kristjönu Jónsdóttur, skrifstofukonu í fræðslumálaskrifstofunni, hálf laun meðan hún er sjúklingur.

II. Að greiða Ágústu Erlendsdóttur símakonu 1 200 kr. á ári, meðan hún er sjúklingur.

III. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

IV. Að greiða Ólafi Magnússyni, fyrrv. prófasti í Arnarbæli, 1 400 kr. vegna vangoldinna þjónustulauna við Strandarkirkju í Selvogi.

V. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

VI. Að verja úr ríkissjóði allt að 200 þús. kr. til þess að reisa embættisbústaði fyrir héraðsdómara.

VII. Að verja allt að 4 000 kr. til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.

VIII. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

IX. Að greiða allt að 100 þús. kr. vegna rekstrarhalla, sem kynni að verða á fyrirhugaðri landbúnaðarsýningu í Reykjavík 1946.

X. Að lána Jóni Leifs tónskáldi allt að 60 þús. kr. til endurprentunar á tónverkum hans.

XI. Að verja allt að 100 þús. kr. til brúargerðar á Skjálfandafljóti í Bárðardal í Suður-Þingeyjarsýslu.

XII. Að láta Búnaðarfélagi Íslands í té ókeypis lóð milli Skúlagötu og Sölvhólsgötu í Reykjavík undir félagshús.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1946 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 572. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi 26. marz 1947.

Sig. Kristjánsson, form.	Áki Jakobsson, fundaskr.	Finnur Jónsson, frsm.
Pétur Ottesen.	Skúli Guðmundsson.	

Ed. 573. Breytingartillaga

við frv. til l. um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélags. Skírteini þess og önnur skjöl, er það gefur út, eru ekki stimpilskyld.

Nd. 574. Frumvarp til laga

um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

(Eftir eina umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 153 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Sérhverjum eiganda áhættufjárins, sbr. 3. gr., ber að afhenda skírteini, er greinir:

1. Nafn eiganda og heimilisfang.
2. Upphæð eignar.
3. Númer skírteinis.

Um skírteinin gilda reglur þær, er hér greinir, og sé þeirra getið á skírteininu:

1. Eigandi er háður lögum, sem um félagið eru sett á hverjum tíma.
2. Skírteini veitir atkvæðisrétt við kosningar í stjórn félagsins, sbr. 9. gr., samkvæmt reglum, er ráðherra setur um þá kosningu, en ekki annan rétt til afskipta af málum þess.
3. Féð er óuppsegjanlegt.
4. Skírteinið verður ekki framselt né veðsett eða látið af hendi á annan hátt, nema félagsstjórn samþykki, og á hún fyrir félagsins hönd innlausnarrétt á því fyrir matsverð dómkvaddra manna.
5. Skírteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, þó aldrei yfir 5%, sbr. þó 3. lið 10. gr.
6. Skírteinum fylgir skattfrelsi samkvæmt 11. gr.

10. gr. hljóðar svo:

Tekjuafgangi félagsins skal ráðstafað þannig:

1. Í varasjóð skal fyrst leggja allt að 10%.
2. Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 5%.
3. Heimilt er stjórn félagsins að mynda arðjöfnunarsjóð og leggja í hann allt að 4% af innborguðu áhættufé á ári hverju. Sjóður þessi má þó aldrei nema meiru en 25% af innborguðu áhættufé.

   Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunarsjóði, getur stjórn félagsins ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að meðalársarður verði 5%.
4. Sá hluti tekjuafgangs, sem eftir er, skal lagður í hinn almenna endurtryggingasjóð, að því leyti sem stjórn félagsins telur eigi þörf á að yfirfæra hann til næsta árs.

13. gr. hljóðar svo:

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, öðrum tilnefndum af ráðherra, hinum af skírteiniseigendum þeim, er kosningarrétt hafa á tveim mönnum í félagsstjórn samkv. 8. gr.

14. gr. hljóðar svo:

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélaga.

Skírteini þess og önnur skjöl, er það gefur út, eru ekki stimpilskyld.

21. gr. hljóðar svo:

Fyrir hvern tryggðan skipverja greiða útgerðarmenn fiskiskipa 5 rúmlesta (brúttó) og stærri kr. 1.50 í iðgjald á viku, en útgerðarmenn smærri báta kr. 0.75 á viku. Hrökkvi iðgjald þetta eigi fyrir áhættunni, greiðir ríkissjóður það, sem þá vantar á til að mæta áhættunni.

Hlunninda samkv. þessari grein njóta aðeins skip innan við 100 rúmlestir brúttó, enda hafi þau ekki siglt til útlanda á almanaksárinu.

Nd. 575. Lög

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

(Afgreidd frá Nd. 26. marz.)

Samhljóða þskj. 227.

Nd. 576. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 121 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. með hliðsjón af framkomnum breytingartillögum á þskj. 454, sem hún eftir atvikum og í samráði við vegamálastjóra fellst á, að verði samþykktar með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. lið (meginmálsgrein):

a. Fyrir „12 af þúsundi“ komi: 10 af þúsundi.
b. Fyrir „atvinnumálaráðherra“ komi: samgöngumálaráðherra.

Alþingi, 25. marz 1947.

Gísli Sveinsson, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Barði Guðmundsson.
	Arnfinnur Jónsson.	

Ed. 577. Frumvarp til laga

um styrk til vatnsveitna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkissjóður veitir sveitarfélögum fjárhagslega aðstoð til að koma upp vatnsveitum, sem gerðar eru samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Nú vill sveitarfélag koma upp vatnsveitu og fá til þess fjárhagslega aðstoð úr ríkissjóði, og skal sveitarstjórn þá, að loknum undirbúningi eins og fyrir er mælt

í 28. gr. l. nr. 15 20. júní 1923, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna. Jafnframt skal senda ráðherra frumdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um framkvæmd verksins, sem nauðsynleg þykja til að tryggja almenningshagsmuni.

3. gr.

Þegar ráðherra hefur veitt samþykki til vatnsveitugerðar, getur sveitarstjórn hafið framkvæmdir, sem skulu gerðar undir yfirumsjón vegamálastjóra eða annars manns, sem ráðherra samþykkir.

4. gr.

Fái vatnsveita, sem ráðherra hefur samþykkt samkvæmt 3. gr., eigi nægilegar tekjur af vatnsskatti og eigi þykir gerlegt að hækka hann svo, að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum, þar með talið vextir og afborganir af stofnkostnaði, skal ríkissjóður veita viðkomandi sveitarfélagi lán, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, til þess að greiða allt að helmingi af stofnkostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Má veita lánið vaxtalaust og afborgunarlaust fyrstu 10 árin, en eftir þann tíma skal það endurgreitt á 20 árum með jöfnum afborgunum og 4% ársvöxtum.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn tryggingum, er hún metur gildar, nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til að koma upp vatnsveitu samkv. 2. og 3. gr. þessara laga. Má ábyrgðin og lán samkvæmt 4. gr. þó aldrei fara sameiginlega yfir 85% af stofnkostnaði allrar veitunnar.

6. gr.

Þau sveitarfélög, sem þegar hafa hafizt handa um að koma upp vatnsveitu eða hafa eignazt hana eftir 1942 og megna ekki fjárhagslega að standa undir stofnkostnaði, geta einnig notið sams konar fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr. þessara laga, enda uppfylli þau fyrirmæli laganna, eftir því sem við á.

7. gr.

Nú óskar sveitarfélag að kaupa vatnsveitu einstaklinga eða félaga, sem fyrir kann að vera á veitusvæði þess, og vill fá til þess fjárhagsaðstoð ríkissjóðs. Skal sveitarstjórnin þá senda ráðherra um það beiðni, ásamt frumdráttum að mannvirkjum. Beiðninni fylgi einnig upplýsingar um samningsverð eða matsverð dómkvaddra manna. Samþykki ráðherra kaupin, nýtur sveitarfélagið sama réttar til fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr., enda uppfylli það fyrirmæli laganna, eftir því sem við á.

Náist ekki samkomulag við eigendur um sölu veitunnar, er heimilt að taka hana eignarnámi.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal sveitarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum á veitusvæðinu. Vatnsskatt skal miða við fasteignamatsverð húseigna, og einnig má ákveða lágmark vatnsskattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna.

Sérstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kauptúnsins eða kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal og í gjaldskrá.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

Vatnsskatt skal ákveða í reglugerð. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi 22. gr. laga nr. 15 20. júní 1923 og lög nr. 129 9. des. 1941.

Nd. 578. Frumvarp til laga

um Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Jarðirnar Egilsstaðir, Kollsstaðir og Kollsstaðagerði í Vallahreppi og jarðirnar Eyvindará, Miðhús og Dalhús ásamt eyðibýlinu Þuríðarstöðum í Eiðahreppi í Suður-Múlasýslu skulu framvegis vera sérstakt sveitarfélag í Suður-Múlasýslu og nefnast Egilsstaðahreppur.

2. gr.

Hreppamörk hins nýja hrepps eru þessi:

1. Að sunnan, milli Vallahrepps og Egilsstaðahrepps, landamerki jarðanna Kollsstaða og Kollsstaðagerðis annars vegar og Höfða hins vegar, frá Lagarfljóti í Eyvindará, en síðan skiptir Eyvindará hreppnum inn til afrétta.
2. Að austan Fjarðarheiði og Gagnheiði.
3. Að norðan, milli Eiðahrepps og Egilsstaðahrepps, landamerki jarðanna Eyvindarár og Miðhúsa annars vegar, en Finnsstaða og Uppsala hins vegar, úr Eyvindará og inn á afrétti á Fjarðarheiði.
4. Að vestan Lagarfljót.

3. gr.

Ríkisstjórnin gengst fyrir stofnun kauptúns í Egilsstaðahreppi, og er henni heimilt að verja fé úr ríkissjóði, ef það er fyrir hendi, en taka það að láni að öðrum kosti, til þeirra framkvæmda, sem í lögum þessum greinir.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jarðir þær, sem um getur í 1. gr., eða spildur úr þeim eins og með þarf til að tryggja hinu nýja kauptúni nægilegt land. Náist ekki samningar um kaup á nægilegu eða hentugu landi til hinna fyrirhuguðu framkvæmda, getur ríkisstjórnin látið taka eignarnámi í því skyni hvert það landsvæði innan hreppsins, sem hún telur nauðsynlegt að ná eignarhaldi á vegna kauptúnsins.

Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum nr. 61/1917.

5. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera skipulagsuppdrátt af hinu fyrirhugaða kauptúni og aðliggjandi ræktunarlandi, og fyrr en hann hefur verið staðfestur má ekki gera nein mannvirki innan takmarka hreppsins nema meðmæli skipulagsstjóra og samþykki ríkisstjórnarinnar komi til.

6. gr.

Ríkisstjórnin sér um, að komið verði upp nauðsynlegu gatnakerfi jafnóðum og þörf krefur á svæði því, sem kauptúninu er ætlað að standa á. Hún lætur leiða vatn til kauptúnsins og leggur höfuðvatnsæðar og aðalskolpleiðslur um kauptúnið,

allt samkvæmt því, sem sýnt er á skipulagsuppdrætti, að vera eigi. Hún lætur og reisa rafstöð í kauptúninu og leggja um kauptúnið aðalleiðslur og heimtaugar, eins og venja er um rafveitur sveitarfélaga.

7. gr.

Þegar ríkissjóður hefur eignazt land það, sem kauptúninu er ætlað að standa á, og hæfilegt land annað til ræktunar er tryggt íbúum kauptúnsins, getur ríkis-

stjórnin falið hreppsnefnd Egilsstaðahrepps að hafa á hendi framkvæmdir allar, er lúta að meðferð og hagnýtingu lóða og landa samkvæmt staðfestum skipulagsuppdrætti og byggingarsamþykkt kauptúnsins, sem ráðherra hlutast til um, að sett verði. Lóðagjöld skulu ákveðin í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum hreppsnefndar.

8. gr.

Þegar ríkissjóður hefur komið upp vatnsveitu, skolpveitu og rafveitu í Egilsstaðakauptúni, skal afhenda þau fyrirtæki öll með sérstökum samningi hreppsnefnd Egilsstaðahrepps, er þá tekur við rekstri þeirra og viðhaldi á eigin ábyrgð með sama hætti og tíðkast um rekstur sveitarfélaga á slíkum fyrirtækjum.

Viðhald gatna hvílir og að öllu leyti á hreppssjóði.

9. gr.

Egilsstaðahreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, er öðlazt hafa eða öðlast kunna framfærslurétt á því svæði, sem hreppurinn tekur yfir.

10. gr.

Egilsstaðahreppur greiði hvorum fyrir sig, Vallahreppi og Eiðahreppi, fullar bætur fyrir missi tekna af þeim landsvæðum, sem frá þeim hreppum eru tekin. Við ákvörðun bótagreiðslna þessara skal þó ekki meta Vallahreppi sem tekjumissi útsvarsgreiðslur eða aðrar tekjur, sem hann hefur fengið frá nýbyggðinni í Egilsstaðalandi síðan 1943.

Útsvörum, sem jafnað er niður í Eiðahreppi og Vallahreppi árið 1947 á þá gjaldendur, sem koma til með að verða í Egilsstaðahreppi eftir að skiptin hafa farið fram, skal skipta þannig, að helmingur þeirra renni í hreppssjóð Egilsstaðahrepps, en helmingur í hreppssjóð hinna hreppanna hvors um sig, eftir því sem við á.

Að öðru leyti fara skiptin fram samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, eftir því sem við verður komið. Ríkissjóður lánar Egilsstaðahreppi bótafé þetta, og heimilt er ríkisstjórninni að gefa eftir allt að helmingi lánsins að tveim árum liðnum, ef þess verður talin þörf.

11. gr.

Nú næst ekki samkomulag um bætur þær, er Egilsstaðahreppur á að greiða samkv. 10. gr., og skal þá Hæstiréttur nefna þrjá menn í gerðardóm, og ákveður hann bæturnar. Kostnað af gerðardómnum greiðir ríkissjóður.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1947.

Ríkisstjórnin skal sjá um, að lögmæt hreppsnefndarkosning geti farið fram í Egilsstaðahreppi fyrsta sunnudag í júlímánuði 1947. Allir, sem búsettir voru 1. janúar 1947 á því svæði, sem hinn nýi Egilsstaðahreppur tekur yfir, eiga kosningarrétt við þær hreppsnefndarkosningar.

Greinargerð.

Félagsmálaráðuneytið hefur óskað þess, að nefndin flytti frv. þetta. Nefndin hefur orðið sammála um að verða við þessari beiðni, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. — Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Að því er bezt verður vitað er upphaf þessa máls, að efnt yrði til þorpsmyndunar að Egilsstöðum á Völlum á Fljótsdalshéraði, samþykkt, er gerð var á fjórðungsþingi Austfirðinga árið 1943, þar sem farið var fram á það við ríkisstjórnina, að hún léti skipulagsnefnd ríkisins gera frumdrög að skipulagi fyrir þorp á Egilsstöðum og keypti hæfilegt land þar vegna væntanlegs kauptúns, er þar mundi rísa. Var málið flutt á þeim grundvelli við stjórn Björns Þórðarsonar, sem lagði fyrir skipulagsstjóra að gera drög að skipulagsuppdrætti fyrir kauptún á Egilsstöðum og velja því stað.

Var þetta gert, og um líkt leyti — 1944 — var reist sjúkrahús og tveir læknisbústaðir á Egilsstöðum og þá stuðzt við skipulagstillögur Harðar Bjarnasonar skipulagsstjóra.

Hið næsta, sem gerist í málinu, er frásagnar þykir vert, er það, að Alþingi samþykkti 27. apríl 1946 eftirfarandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs spildu þá úr landi Egilsstaða í Suður-Múlasýslu, sem að dómi skipulagsnefndar ríkisins þarf á að halda vegna myndunar þorps á þessum stað. Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að greiða fyrir byggingu þorpsins með því að láta gera vegi, vatnsveitu, skolpveitu, byggja rafstöð o. fl.

Kostnaður við þessi mannvirki greiðist úr ríkissjóði, enda verði þau eign ríkissjóðs, þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið.“

Þingsályktun þessa höfðu flutt í þinginu þeir: Finnur Jónsson félagsmálaráðherra, Eysteinn Jónsson þm. Suður-Múlasýslu, Jón Pálmason forseti sameinaðs Alþingis, Lúðvík Jósefsson landskjörinn þingmaður og Páll Zóphóníasson þm. Norður-Múlasýslu.

Gerðu þeir svofellda grein fyrir tillögunni:

„Það er nú fyrirsjáanlegt, að á næstu árum myndast þorp í landi Egilsstaða í Suður-Múlasýslu, enda hin mesta þörf á því. Er þá áríðandi að gera sem fyrst ráðstafanir viðvíkjandi landi undir þorpsbyggðina og aðrar ráðstafanir, svo sem vegalagningu, vatnsveitu, skolpveitu o. fl. Ekki þykir sennilegt, að fyrir þessu verði séð í tíma nema ríkið hafi hér nokkra forgöngu í fyrstu. Gefur þingsályktunartillagan heimildir til þess. Er það fyrsta skrefið. Síðan verður sem skjótast að ákveða um framtíðarskipun þessara mála, svo sem hreppaskipan í framtíðinni o. fl. Er gert ráð fyrir, að þau mál verði undirbúin í samráði við hlutaðeigendur í sambandi við þær framkvæmdir, sem þáltill. gerir ráð fyrir.“

Með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu var málið komið í hendur ríkisstjórnarinnar.

Í júnímánuði 1946 fól þáv. félagsmálaráðherra, Finnur Jónsson, eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna, Jónasi Guðmundssyni, að fara austur á Hérað og athuga sem bezt allt, er að máli þessu lyti, og gefa ráðuneytinu skýrslu um það og gera tillögur um, með hverjum hætti málið mundi bezt upp tekið til endanlegrar lausnar.

Skýrsla eftirlitsmanns er ýtarleg og skýrir málið vel, og er hún því tekin upp hér svo að kalla orðrétt.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna,

Rvík, 22. júlí 1946.

Samkvæmt fyrirmælum yðar, hr. félagsmálaráðherra, fór ég í júlíbyrjun austur að Egilsstöðum á Völlum til þess að athuga ýmis atriði varðandi hina fyrirhuguðu

þorpsmyndun þar og þá sérstaklega, hversu mikið land mundi nauðsynlegt að kaupa í sambandi við þorpsmyndun þarna og hvernig haganlegast yrði komið sveitarstjórn þar, svo komizt yrði hjá þeim árekstrum, sem venjulega verða milli sveitarinnar og þorpsins, þar sem þau vaxa upp.

Ég dvaldi á Egilsstöðum í nokkra daga og kynnti mér þetta mál og allar aðstæður eftir föngum, og mun nú hér á eftir gera grein fyrir því, hvernig þetta kom mér fyrir sjónir og hverjar tillögur mínar eru í þessu efni.

Egilsstaðir á Völlum liggja í norðurenda Vallahrepps — eru nyrzta jörðin í þeim hreppi — og eru landamerki jarðarinnar á eina hliðina Lagarfljót, en hina Eyvindará, sem skilur Vallahrepp og Eiðahrepp. Á nesi því, sem myndast milli Eyvindarár og Lagarfljóts, er flugvöllur sá, sem tekinn var eignarnámi fyrir skemmstu. Á Egilsstöðum og næsta nágrenni mætast fimm þjóðvegir: 1) Fagradalsbraut, er liggur til Reyðarfjarðar, Eskifjarðar og Norðfjarðar. 2) Vallavegur, er liggur fram á Velli og einnig fram í Skriðdal og suður til Breiðdals. 3) Eiðavegur, sem liggur út að Eiðum og út í Hjaltastaðaþinghá og síðar út að Héraðsflóa. 4) Fjarðarheiðarvegur til Seyðisfjarðar. 5) Austurlandsvegurinn. sem liggur norður yfir Lagarfljótsbrú og upp á Jökuldal og síðan norður í land.

Af þessari einstæðu legu Egilsstaða er augljóst, að þar muni verða miðstöð samgangna í Héraði, eins og líka hefur verið um alllangt skeið. Þegar við þetta bætist svo, að flugvöllur er þarna ágætur og Lagarfljótið er þarna svo breitt, að vel er nothæft fyrir sjóflugvélar, virðist svo sem þarna muni alveg tvímælalaust vaxa upp mikil byggð á næstu árum.

Sumarið 1944 var byggt á Egilsstöðum sjúkrahús og læknisbústaður fyrir tvo lækna. Þar var og um svipað leyti byggt hús yfir dýralækninn á Austurlandi. Allir þessir læknar sitja nú þarna, og eykur það ekki lítið ferðafólksstrauminn að Egilsstöðum. Þegar eftir þessar framkvæmdir fór að bera á því, að fólk vildi setjast að á Egilsstöðum, og var þá leitað til skipulagsnefndar ríkisins um athugun á byggðasvæði þar í nágrenninu, og valdi hún sérstaklega holtin upp af Egilsstaðabænum. Var gerður bráðabirgða-skipulagsuppdráttur af því svæði sumarið 1945, og hófust þá þegar húsabyggingar þar.

Nú eru þarna 5 fullgerð eða nær því fullgerð íbúðarhús og önnur 5 í byggingu, og munu þau vera orðin íbúðarhæf með haustinu. Þá eru þarna einnig í byggingu verkstæði til að annast viðgerðir á bílum og búvélum, og loks hefur Kaupfélag Héraðsbúa á Reyðarfirði nú þegar byggt stóra búð þarna og flutt þangað vörur, og loks hefur það ákveðið að hefjast handa nú í sumar um byggingu stórs sláturhúss á þessum stað, og hefur skipulagsnefnd staðsett það hús fyrir kaupfélagið.

Allt þetta hefur gerzt á aðeins einu ári, og af öllu er greinilegt, að þessi þróun mundi halda áfram jafnvel með enn meiri hraða á næstunni. Það er því, að mínum dómi, fullkomin þörf á því, að ríkisvaldið hafi hönd í bagga með vexti þessa þorps þegar frá byrjun, svo að þarna lendi ekki allt í ógöngum og vandræðum fyrr en varir.

Sú spurning skýtur að vonum fljótlega upp kollinum, á hverju íbúar þessa þorps muni eiga að lifa. Svarið verður það, að þeir muni að sumu leyti lifa á ýmiss konar starfrækslu, sem upp kemur í þorpinu smátt og smátt, svo og byggingarvinnu, sem verður mikil þar meðan þorpið er að byggjast og út um allar sveitir þarna í kring, þar sem erfitt er að byggja nokkuð vegna mannfæðar, og loks mun þetta fólk lifa að verulegu leyti á ræktun þess lands, sem þarna er umhverfis. Það nær náttúrlega engri átt að stofna til landlauss sveitaþorps, sízt þegar nægileg ræktanleg lönd eru þarna alls staðar umhverfis.

Skipulagsnefnd ríkisins hefur nú þegar gert lauslegan skipulagsuppdrátt af svæði því, sem liggur innan Eiðavegar, Austurlandsvegar og Fagradalsbrautar í landi Sveins Jónssonar á Egilsstöðum, og standa á því svæði nú öll þau hús, sem byggð hafa verið þar síðan 1944, nema verzlunarhús Kaupfélags Héraðsbúa. Hefur Kaupfélag Héraðsbúa nýlega keypt þarna nokkurt land af Pétri Jónssyni á Egilsstöðum. Þeir, sem hingað til hafa byggt í landi Sveins Jónssonar, hafa fengið lóðar-

samninga til 50 ára, og er leigan mjög skapleg. Engin ræktunarlönd fylgja húsunum og vafasamt, hvort lóðin er nægileg fyrir hæfilegan garð til kartöflu- og rófnaræktar auk sjálfs býlisins. Hvar íbúar þorpsins eiga að fá ræktunarland, er því algerlega óleyst mál enn.

Það er mitt álit, að land það, sem fyrirhugað er til þorpsmyndunar á Egilsstöðum, sé allt of lítið og nauðsynlegt sé, áður en nokkru verulegu fé er varið af hálfu ríkisins til framkvæmda þar, að tryggja eignarumráð miklu stærra lands en fáanlegt er á Egilsstöðum. Tel ég, að það yrði bezt gert með því að kaupa þær tvær jarðir, sem þarna liggja næst, Eyvindará og Miðhús. Hafa þær báðar mikið ræktanlegt land, og á Miðhúsum er ágætt bæjarstæði, er Egilsstaðaásana þrýtur. Í miðhúsalandi er auk þess sú eina á þarna um slóðir, sem til mála gæti komið að virkja, ef bið yrði á heildarvirkjun á Austfjörðum.

Væri að því ráði hnigið að kaupa þessar jarðir, sem ég áður nefndi: Eyvindará og Miðhús, en þær eru báðar í Eiðahreppi, en liggja að Vallahreppi og Egilsstaðalandi, virðist mér rétt að mynda þarna sérstakt sveitarfélag þegar í stað, Egilsstaðahrepp, — eða hvað sem sá hreppur yrði nefndur. Hann yrði að vísu fremur fámennur nú í byrjun, en mundi fljótt vaxa. Í hinu nýja þorpi á Egilsstöðum er talið, að verði 68 manns nú í haust. Þar við bætist svo heimilisfólk á þeim bæjum, sem ég legg til, að teknir verði í hreppinn, og eru íbúar þar um 40 alls, svo það yrðu um 100 manns í hinum nýja hreppi, ef hann yrði stofnaður í haust. Tel ég það fyrir allra hluta sakir æskilegast og heppilegast, að þarna verði þegar í stað myndað sérstakt sveitarfélag, sem hefði allan veg og vanda af þeirri starfrækslu, sem þarna færi fram, og yrði aðili gagnvart ríkisstjórninni um allt, er að myndun þorpsins lyti. Eins og nú er ástatt er talsverður ágreiningur í Vallahreppi um þetta mál, og sýnist sitt hverjum, eins og gengur. Hins vegar virðist samhugur ríkjandi hjá þeim, sem búa í þorpinu og umhverfis það, og tel ég, að þann samhug eigi frekar að styrkja en veikja.

Ætla má, að ýmsir finni að því, að ég legg til, að Eyvindará og Miðhús verði tekin undir þorpið, en ekki Höfði og næstu bæir sunnan við Egilsstaði. Raddir heyrði ég um það eystra, að réttara væri að skipta heldur Vallahreppi við Grímsá, þá muni meira en hálfur hreppurinn fylgja þorpinu. En fyrir minni skoðun liggja þau rök fyrst og fremst, að mér virðist svo sem léttara mundi verða að nytja Eyvindarárland frá hinu væntanlega þorpi, enda er Eyvindará lítill farartálmi, því að hún er nú brúuð og hlýtur auk þess að verða brúuð á öðrum enn hentugri stað áður en langt líður. Og svo er hitt, að mér finnst sanngjarnt og réttlátt, að hvor þessara tveggja aðalhreppa, sem mest munu hafa af þessu þorpi að segja, — Vallahreppur og Eiðahreppur, — leggi sínar þrjár jarðirnar hvor til þorpsmyndunarinnar. Slík skerðing er ekki tilfinnanleg fyrir hvorugan hreppinn, en ætti að taka nægilega mikið land frá Vallahreppi einum, hlyti það að raska mikið málum hans öllum.

Ég hirði svo ekki að hafa þennan formála eða rökstuðning lengri, en set hér fram þær tillögur, sem ég, að mjög vel athuguðu máli, vil gera vegna þorpsmyndunar á Egilsstöðum:

1. Ríkissjóður kaupi nú þegar jarðirnar Eyvindará, Miðhús (og e. t. v. Dalhús líka, sem nú er í eyði), svo og þann hluta úr Egilsstaðalandi, sem Kaupfélag Héraðsbúa nú á. Enn fremur verði reynt að fá keypt landið milli Eiðavegar, Fagradalsbrautar og Austurlandsbrautar, ofan flugvallarins, af Sveini Jónssyni, en fáist það ekki, beiti ríkisstjórnin sér fyrir því að fá það tekið eignarnámi þegar á næsta Alþingi. Enn fremur tel ég, að kaupa ætti allt Egilsstaðaland sunnan skipulagssvæðanna (þ. e. Egilsstaðaskóginn sjálfan upp að Eyvindará og þvert yfir Egilsstaðaland), ef þess væri kostur, því að þar mun verða mikil ásókn um byggingu sumardvalarstaða mjög fljótlega, og þyrfti ekki síður að skipuleggja þá byggð.
2. Nú þegar verði þessar jarðir lagðar saman í einn hrepp, og sé reynt að fá það gert með frjálsum vilja viðkomandi hreppsnefnda og sýslunefndar S.-Múla-

sýslu, en fáist það ekki, verði hreppurinn stofnaður með lögum á næsta Alþingi, líkt og gert var með Selfoss á síðasta Alþingi. Hreppsnefnd þessa nýja hrepps tekur svo að sér að sjá um vöxt byggðarinnar þarna samkvæmt skipulagsuppdrætti og byggingarsamþykkt, er sett verður þegar í stað fyrir kauptúnið, en ríkisstjórn feli einhverjum umboðsmanni sínum að hafa eftirlit með því, hvernig er farið með þær eignir og þá fjármuni, sem ríkissjóður leggur sveitarfélaginu til.

3. Þegar fullnægt væri því, sem segir hér á undan í 1. og 2. lið, ætti ríkissjóður að leggja þessar eignir — landið — til hins nýja hrepps með ákveðinni reglugerð um notkun þess og leigumála. Ríkissjóður ætti og að lána hinu nýja sveitarfélagi nægilegt fé til þess að koma upp vatnsveitu og skolpveitukerfi þar, svo og selja því á góðu verði rafstöð þá, sem ríkið á þar nú og rekur. Enn fremur ætti að veita þorpinu ríflegan styrk fyrstu árin til að leggja höfuðgötur, svo að byggðin hnappist ekki allt of mikið saman á of lítinn blett.
4. Undirbúning að þessu álít ég, að eigi að hefja nú þegar, því að öll bið verður aðeins til þess að torvelda málið á allar hliðar.

Til skýringar tillögum mínum og greinargerð læt ég fylgja uppdrátt af því svæði, sem hinn nýi hreppur á að ná yfir, og er hann merktur inn á kortið með venjulegum blýantsstrikum.

Virðingarfyllst.

Jónas Guðmundsson.

Til félagsmálaráðherra.

Eftir að ráðherra hafði athugað skýrslu eftirlitsmanns, var talið sjálfsagt að reyna fyrst að fara þá leið að leggja málið fyrir hreppsnefndirnar í Vallahreppi og Eiðahreppi, ef vera mætti, að þær féllust á að skipta hreppunum eftir tillögu eftirlitsmannsins. Átti hann í því skyni fund með hreppsnefnd Eiðahrepps að Egilsstöðum 22. sept. 1946 og með hreppsnefnd Vallahrepps að Ketilsstöðum sama dag.

Skýrði eftirlitsmaður málið þar rækilega, og var það nokkuð rætt, en báðar töldu hreppsnefndirnar sig ekki geta svarað málaleitun þessari fyrr en hún hefði verið lögð fyrir almennan hreppsfund. Varð úr, að svarað skyldi fyrir lok októbermánaðar.

Á tilsettum tíma bárust svör hreppsnefndanna, og voru þau þannig:

Hreppsnefnd Vallahrepps.

P. t. Ketilsstöðum, 23. okt. 1946.

Sem svar við málaleitun yðar um skiptingu Vallahrepps vill hreppsnefndin taka eftirfarandi fram:

Almennur sveitarfundur var haldinn um málið 19. okt., og lýsti hann sig andvígan skiptingunni, þar sem tillaga, er mælti með skiptingunni, var felld með 27 atkv. gegn 18. Þar sem meiri hluti hreppsnefndar telur sig ekki geta gengið fram hjá vilja fundarins, sér hann sér ekki fært að mæla með skiptum.

Í hreppsnefnd Vallahrepps.

Hrafn Sveinbjarnarson. Karl Nikulásson. Pétur Jónsson.

(Minni hluti fylgjandi skiptingu.)

Stefán Eyjólfsson. Einar Stefánsson.

Til eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna.

Hreppsnefnd Eiðahrepps.

Á almennum sveitarfundi í Eiðaþinghá, S.-Múl., sem haldinn var að Breiðavaði 29. okt. 1946, var lagt fyrir erindi eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, sem hann hafði lagt fyrir hreppsnefndina á fundi 22. sept. s. l., þar sem hann í umboði félagsmálaráðuneytisins óskaði eftir því, að Eiðaþinghá gæfi eftir jarðirnar Eyvindará, Miðhús og Dalhús til myndunar nýs sveitarfélags í sambandi við þorp það, sem nú er að rísa upp í Egilsstaðalandi.

Fundurinn taldi sig ekki geta oarðið við þessum tilmælum að svo stöddu, þar sem ekki er vitað, hvernig lönd nefndra jarða yrðu nytjuð. Hins vegar var fundurinn hlynntur því, að í Eiðaþinghá yrði skipulagt landbúnaðarhverfi, sem væri þannig uppbyggt, að blómlegur mjólkuriðnaður gæti orðið á vegum félagssamtaka bænda, eins og þegar hefur verið ákveðið.

Hreppsnefndin viðurkennir, að hún gat ekki gefið nægilegar upplýsingar um, hvernig lönd þessara jarða yrðu nytjuð í næstu framtíð, — hvort hafin yrði sjálfstæð starfsemi þar eða löndin aðeins nytjuð frá þorpinu. Eftir ofanrituðu getur nefndin því ekki, á þessu stigi málsins, fallizt á að láta áðurnefndar jarðir af hendi.

Hins vegar bendir hún á, að í Eiðaþinghá er þegar risinn upp vísir að sveitaþorpi, þar sem er ríkiseignin Eiðar. Byggingar aukast þar við að skólinn er gerður að gagnfræðaskóla. Fyrirhugað er að byggja á Eiðum heimavistar-barnaskóla. Þar hefur Ungmenna- og íþróttafélag Austurlands heimili sitt og hyggst að beita sér fyrir byggingu íþróttaskóla þar. Margt bendir og til, að byggingar aukist í nágrenni Eiða svo fljótt sem raforka verður aukin þar.

Hreppsnefndinni finnst ástæða til að benda á, að í væntanlegu þorpi á Eiðum mundi í framtíðinni skapast mjög líkar aðstæður og á Egilsstöðum.

Nú virðist ástæða til að ætla, að rafstöðvar Eiða og Egilsstaða verði tengar saman á næstu árum, og mundi nefndin þá leggja til, að skipulögð yrði byggðin á milli þessara staða sem landbúnaðarhverfi.

Nefndin leyfir sér því að leggja til, að þorpið á Egilsstöðum og Eiðaþinghá verði sameinað í eitt hreppsfélag, þorpið á Eiðum verði skipulagt sem menntasetur, þorpið á Egilsstöðum sem iðnaðar- og verzlunarþorp, en sveitin að öðru leyti skipulögð sem framleiðsluhverfi.

Eiðum, 30. október 1946.

Í hreppsnefnd Eiðaþinghár.

Björn Sveinsson. Þórarinn Sveinsson. Þórhallur Helgason.
Ragnar H. Magnússon. Jón Sigfússon.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna leitaði og, í þessari síðari ferð austur, hófanna um kaup á jörðum þessum, en ýmist voru þær ekki látnar falar fyrir neitt eða þá verðið, sem nefnt var, var hærra en svo, að gengið yrði að því eins og sakir stóðu.

Var þá málum svo komið, að ekki varð lengra komizt án þess að Alþingi skærist í málið, og ákvað þá ráðherra að láta semja frumvarp um stofnun kauptúns á Egilsstöðum, er lagt skyldi fyrir Alþingi á árinu 1947. Hefur félagsmálaráðuneytið samið frumvarpið.

Þess verður að geta hér, að þegar byggð fór að myndast á Egilsstöðum, leitaði þáverandi oddviti Vallahrepps, Sveinn Jónsson, aðstoðar ríkisstjórnarinnar til þess að komið yrði upp rafveitu í þorpinu. Fól ríkisstjórnin rafmagnseftirliti ríkisins að leysa úr þeim vandræðum, því að ekki þótti tiltækilegt, að hið nýja sjúkrahús og læknisbústaðirnir þrír á Egilsstöðum væru rafmagnslausir. Var því sett upp dálítil mótorstöð í þorpinu, og á árinu 1946 var hún stækkuð allverulega. Kostnað við þessa stöð áætlar rafmagnseftirlitið kr. 330000.00.

Það má heita, að alveg sé vatnslaust þar, sem þorpinu er fyrirhugaður staður. Kom fljótt í ljós, þegar byggjast tók, hve bagalegt slíkt vatnsleysi væri. Beitti þá

Sveinn Jónsson sér fyrir því við ríkisstjórnina, að hún ábyrgðist efni til vatnsleiðslu í þorpið, og var það gert og sú vatnsleiðsla lögð á s. l. hausti.

Kostnaður við hana nam ca. kr. 121208.00 og er allur greiddur úr ríkissjóði.

Þá er og að geta þess, að fyrir nokkrum árum var svonefnt Egilsstaðanes tekið eignarnámi undir flugvöll og greitt fyrir það stórfé, og öðru eins hefur verið varið til að lagfæra flugvöllinn og umhverfi hans. Munu í það mannvirki með öllu og öllu komnar um 200 þús. króna.

Enn er þó eftir að leggja skolpveitu, sem er mjög aðkallandi þarna, ef byggð á að haldast og vaxa, og verður hún nokkuð dýr, því að aðstaða er ekki þægileg. Götur hafa heldur engar verið lagðar enn þá, og munu þær verða dýrari en svo, að hreppsnefnd Vallahrepps fái undir þeim kostnaði risið, eigi hann að hvíla á henni án hjálpar.

Það má og telja alveg ókleift að koma upp skipulegu þorpi á Egilsstöðum, nema landið undir því og umhverfis það verði opinber eign. Mun það kosta ærið fé nú þegar, en verða því dýrara sem lengra líður. Er því rétt að kaupa allar jarðirnar nú þegar, ef þess er nokkur kostur. Mun það fé, sem til þess yrði veitt, koma aftur með góðum vöxtum. Fáist landið hins vegar ekki keypt á viðunandi verði, er nauðsynlegt að geta tekið þýðingarmestu landspildurnar eignarnámi.

Til þess að sýna, að Austfirðingar sjálfir hafa fullan hug á því, að þessi þorpsmyndun á Egilsstöðum takist sem bezt, þykir rétt að birta hér ályktun síðasta fjórðungsþings Austfirðinga um þetta mál, gerða 16. sept. 1946:

Lögð var fram svo hljóðandi tillaga frá fjórðungsstjórninni:

„Fjórðungsþing Austfirðinga áréttar fyrri ályktanir sínar um það, að ríkisstjórn og Alþingi hlutist til um kaup á hæfilegu landrými handa sveitaþorpi því, sem nú er að rísa upp á Egilsstöðum á Völlum. Vill þingið minna á, að hagkvæmast hefði verið að verða við áskorun fjórðungsþingsins frá 1943 um kaup á landi þessu, þar eð framkvæmdir þær, sem nú þegar hafa verið gerðar á landi þorpsins, hafa þegar valdið verðhækkun á landinu, sem komast hefði mátt hjá, ef ríkissjóður hefði fest kaup í tæða tíð. — Frekari dráttur á landkaupunum leiðir aðeins til enn meiri verðhækkunar lands þess, sem þorpið má ekki án vera í framtíðinni.

Fjórðungsþingið vekur athygli á því, að eðlilegt væri, að ríkisvaldið ætti áþekka hlutdeild í byggingu þorpsins á Egilsstöðum og það á í byggingu kauptúnsins á Skagaströnd. Ef að þessu ráði yrði horfið, mætti telja, að ríkisvaldið sýni aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, sjávarútvegi og landbúnaði, ámóta tillit með því að beita sér þannig fyrir framtíðar bæjarmyndun bæði við sjávarsíðuna og til sveita.

Skorar þingið á þingmenn fjórðungsins að fylgja þessu máli fast eftir, því að það þolir enga bið."

Ályktun þessi var samþykkt með 11 samhljóða atkvæðum.

Sýslunefndarmaður Eiðahrepps, hr. Sigurbjörn Snjólfsson, hefur og látið ráðuneytinu í té álit sitt á málinu, og fer bréf hans hér á eftir:

p. t. Reykjavík, 28. des. 1946.

Hr. skrifstofustjóri Jónas Guðmundsson,
Reykjavík.

Í framhaldi af samtali okkar viðvíkjandi þorpinu á Egilsstöðum vil ég taka fram eftirfarandi:

1. Það var stjórn fjórðungsþings Austfirðinga, sem fór fram á það við ríkisstjórnina á sínum tíma, að hún fæli skipulagsnefnd bæja og kauptúna að skipuleggja þorp á Fljótsdalshéraði, eftir því sem henta þætti.
2. Fjórðungsþingið lagði á það mikla áherzlu, að ríkið keypti land svo mikið sem þurfa þætti, til þess að þorpið gæti vaxið með eðlilegum hætti.

3. Enn fremur legði ríkið götur, vatnsleiðslur, frárennsli og byggði rafstöð fyrir þorpið og veitti því annan þann stuðning, sem nauðsynlegur mætti teljast.

Herra Björn Þórðarson, sem þá var forsætisráðherra, tók þessu máli vel og hét því stuðningi sínum. Fól hann skipulagsnefnd að ákveða og staðsetja þorpið, skipuleggja byggðina, en lengra var ekki farið í það sinn. Síðan hefur verið að tilhlutun þess opinbera byggð rafstöð og lögð vatnsleiðsla, en um landspursmálið hefur enn ekki verið neinu til lykta ráðið.

Það, sem ég tel að gera þurfi nú sem allra fyrst, er að skipta þorpinu úr sem einstökum hreppi, og ætti það að gerast á þann hátt að taka úr Vallahreppi þrjár jarðir, Egilsstaði, Kollsstaði og Kollsstaðagerði. Yrðu þá eðlileg mörk og haganleg milli Kollsstaða og Kollsstaðagerðis annars vegar og Höfða hins vegar, sem þá yrði yzti bær í Vallahreppi. Af Eiðaþinghánni yrðu svo teknar aðrar þrjár jarðir, Eyvindará, Miðhús og Dalhús.

Mér er það vel ljóst, að þetta á ekki almennu fylgi að fagna, eins og sakir standa í viðkomandi hreppum. En ég tel hins vegar, að þetta sé svo mikið stórmál og ekki sérmál eins eða tveggja hreppa, að það verði algerlega að horfa yfir svo þröng sjónarmið og ráða þessu til lykta nú þegar.

Það, sem mér virðast vera aðalrökin hjá þeim, sem enga breytingu vilja í þessu efni og telja bezt færi á því, að þorpið sé áfram í Vallahreppi og það þurfi ekki land nema til að standa á, er þetta:

1. Það sé engin ástæða til að skipta þorpinu úr, það geti náð fullum og eðlilegum vexti, þó að það sé áfram í Vallahreppi. Og fremur sé ástæða til að stækka en minnka hreppana, eftir því sem fólkinu fækki í sveitunum.
2. Þetta eigi að vera iðnaðar- og verzlunarþorp, en ekki landbúnaðar. Færu þorpsbúar að rækta land og framleiða landbúnaðarvörur, mundi það spilla fyrir þeim, sem slíkar vörur framleiða þar í nágrenni.

Um fyrra atriðið er það að segja, að reynslan hefur sýnt það, að þorp og dreifbýli á ekki vel saman í einu og hafa hreppsfélagi. Þarfirnar eru svo ólíkar. Enda mun það hafa verið svo, að hreppsnefndin í Vallahreppi hefur ekki svo vitað sé haft neina forgöngu um málefni þorpsins enn sem komið er.

Um það síðara er það að segja, að þorp, sem myndað er á Fljótsdalshéraði, á vitanlega að hafa nóg landrými, svo að þar verði hægt að samrýma það kostum þéttbýlisins, og eru til þess betri skilyrði þarna en víðast annars staðar.

Mér finnst allt benda til þess, að byggðin hljóti að þéttast á næstunni á þeim stöðum í sveitum, sem skilyrði eru bezt með hliðsjón af samgöngum, ræktun o. fl. Það er því mjög áríðandi, að sú nýsköpun, sem á sér stað í þeim efnum, sé gerð með fyrirhyggju og af framsýni. Ég legg því á það mikla áherzlu, að þorpi því, sem nú á að rísa upp í miðju eins bezta héraðs landsins, verði af Alþingi og stjórnarvöldum sköpuð þau lífsskilyrði, sem með þarf til þess að það geti vaxið og vel dafnað.

Að endingu vil ég svo benda á það, að ég tel jafnframt mjög nauðsynlegt, að ríkið kaupi eða taki eignarnámi, eftir því sem málið horfir við, það land, sem þorpið þarf nauðsynlega á að halda í næstu framtíð.

Virðingarfyllst.

Sigurbjörn Snjólfsson.

Þá er enn fremur rétt, að hér sé minnzt að lokum á það, hvað íbúar hins nýja þorps sjálfir leggja til mála þessara eða vilja, að gert sé.

Kemur álit þeirra bezt fram í eftirfarandi áskorunarskjali til félagsmálaráðuneytisins og bréfi, sem bráðabirgðastjórn Nýbyggjendafélags Egilsstaðaþorps sendi skrifstofustjóranum í félagsmálaráðuneytinu um líkt leyti og hinir almennu sveitarfundir í Vallahreppi og Eiðahreppi felldu að mæla með því, að Egilsstaðaþorp yrði gert að sérstöku sveitarfélagi nú þegar.

Bréf þessi eru svo hljóðandi:

Egilsstöðum, 8. nóv. 1946.

Vér undirritaðir íbúar þorps þess, sem er að myndast í landi Egilsstaða í Vallahreppi, leyfum oss virðingarfyllst að fara þess á leit við hið háa félagsmálaráðuneyti, að það hlutist til um, að þorpið ásamt nærliggjandi jörðum verði gert að sérstöku sveitarfélagi.

Þessar nærliggjandi jarðir eru Egilsstaðir, Kollsstaðir, Kollsstaðagerði (í Vallahreppi), Eyvindará, Miðhús og Dalhús (í Eiðahreppi).

Vér viljum hér með gera stutta grein fyrir afkomumöguleikum væntanlegs þorps: Hér mun verða samgöngumiðstöð Fljótsdalshéraðs og þess vegna aðalverzlunarstaðurinn. Verzlunarstarfsemi er þegar rekin á staðnum. Kaupfélag Héraðsbúa og Markús Jensen frá Eskifirði hafa hér verzlanir. Stórt og vandað verzlunarhús kaupfélagsins að Egilsstöðum ber vott um þá þýðingu, sem þessi verzlunarstaður þegar hefur.

Starfsemi kaupfélagsins á staðnum á að stórauka á næstu árum. Verið er að byggja sláturhús og frystihús fyrir Fljótsdalshérað, en mjólkurstöðina á að byggja á næsta ári.

Ýmiss konar viðgerðarstarfsemi á vélum og landbúnaðaráhöldum er þegar rekin hér, og rekstur margs konar verkstæða er að hefjast.

Með ræktun landsins í nágrenni fyrirhugaðs þorps mætti bæta verulega lífsafkomumöguleika íbúanna, því að túnræktarskilyrði eru ágæt. Við slíka ræktun eru framtíðarmöguleikar til þorpsmyndunar bundnir að verulegu leyti.

Í þorpinu hafa aðsetur héraðslæknar Egilsstaðalæknishéraðs og dýralæknir Austurlands. Hér á einnig að búa ráðunautur Búnaðarsambandsins og jafnvel fleiri opinberir starfsmenn.

Afkomuskilyrði fyrirhugaðs þorps eru með þeim hætti, að framfarir hljóta að verða miklar á næstu árum. Íbúarnir vilja þess vegna, að hér verði sjálfstætt sveitarfélag. Vér teljum, að verkefnum þeim, sem leysa þarf í sambandi við áframhaldandi þróun þorpsins, sé bezt borgið í vorum höndum. Það er betra en að hreppsnefnd Vallahrepps hafi forustuna í félagslegum málum vorum, sem varða eingöngu framfarir í þorpinu.

Í þessu sambandi verður að taka það skýrt fram, að höfuðvandamál væntanlegs þorps er enn óleyst. Það er umráða- og eignarréttur þess lands, sem þorpið er byggt á og þarf á að halda.

Ólíklegt er, að hreppsnefnd Vallahrepps vilji taka á sig þær kvaðir, sem kynnu að fylgja viðunanlegri lausn þessa máls. Um önnur mál má segja hið sama, svo sem rafvirkjunarmál, vatnsveitumál og skólplagnamál o. s. frv.

Fyrir þróun væntanlegs þorps er eðlilegast og tryggast, að íbúarnir hafi sjálfir forgöngu í öllum félagslegum vandamálum, sem leysa verður og eingöngu varða afkomu þeirra.

Væntanlegt þorp þarf þess vegna að verða sérstakt sveitarfélag.

Nýbyggðin hér um næstu áramót verða 60—70 íbúar, en fjölgun á fólki fyrirsjáanleg.

Hér hefur verið byggt: Verzlunarhús kaupfélagsins, læknabústaður, sem jafnframt á að vera sjúkrahús, bústaður dýralæknis, fjögur íbúðarhús, en smíði annarra fjögurra íbúðarhúsa langt komin.

Með tilvísun til framanskráðrar greinargerðar leyfum vér oss að vænta þess, að hið háa ráðuneyti taki málaleitun vora til vinsamlegrar athugunar og hlutist til um, að myndað verði nýtt sveitarfélag og skipting Valla- og Eiðahreppa fari fram samkvæmt tilmælum vorum.

(22 undirskriftir.)

Til félagsmálaráðuneytisins.

Egilsstöðum, 7. nóv. 1946.

Hr. skrifstofustjóri Jónas Guðmundsson,

Reykjavík.

Vér undirritaðir, kosnir í bráðabirgðastjórn nýbyggjenda Egilsstaðaþorps, sendum yður hér með ályktun okkar viðvíkjandi hreppaskiptum og önnur mál varðandi Egilsstaðaþorp.

Eins og yður mun kunnugt, var tillaga um hreppaskipti rædd hér á almennum sveitafundi í Valla- og Eiðahreppi. Og var felld þar, þó með litlum atkvæðamun. Má þó taka fram, að hreppsnefndir beggja hreppa greiddu atkvæði með skiptingunni. En þar sem öðrum hreppsbúum mun ekki hafa þótt málið liggja nógu ljóst fyrir, fengust þessar tillögur ekki samþykktar að svo stöddu.

Okkur þorpsbúum er ljóst, að þess var naumast að vænta, að mál sem þetta fengi aðrar undirtektir en varð hjá viðkomandi hreppum, því að þetta eru dálítið viðkvæm mál og menn yfirleitt ekki nógu víðsýnir til að sjá, hve mikill hagur það yrði fyrir þetta hérað, ef hér risi upp myndarlegt þorp með verzlun og iðnaði til stórfelldra hagsbóta fyrir Héraðið.

Þar sem yður er kunnugt, hvernig þessi mál standa, og hafið gert tillögur um úrlausn þeirra, þá treystum við íbúar þorpsins því, að þér greiðið fyrir þessu máli sem fljótast og bezt þér getið. Því að okkur er það mikið áhugamál, að það verði leyst sem fyrst líkt tillögum þeim, sem við látum fylgja hér með og treystum yður að koma til réttra aðila.

Virðingarfyllst.

F. h. nýbyggjenda Egilsstaðaþorps.

Einar Stefánsson. Stefán Pétursson. Stefán Einarsson.

Hér hefur þá verið rakin saga þessa máls og sýnt fram á, að vart mun um aðra leið að ræða en þá, sem í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að fara, eigi af því að verða, að þessu nýja þorpi verði hjálpað á legg af ríkisvaldinu. Verði það hins vegar ekki gert, mun samt vaxa upp þorp á Egilsstöðum eða í grennd við þá, en það þorp mundi verða álíka vanskapningur og flest þau kauptún við sjávarsíðuna hafa orðið, sem vaxið hafa upp svo að kalla í trássi „við Guð og menn".

Það kostar svo milljónir á milljónir ofan að bæta úr því vandræðaástandi, sem slík þröngsýni skapar, og verður þó aldrei að fullu lagað, og sá tími ætti nú að vera liðinn, að Alþingi léti það viðgangast, að þorp fengju að vaxa upp skipulagslaust.

Nd. 579. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, og útrýmingu þeirra.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI

Sjúkdómar, er lög þessi ná til, og markmið framkvæmda.

1. gr.

Ákvæði laga þessara ná til eftirtaldra sjúkdóma:

1. Mæðiveiki.
2. Þurramæði (þingeysk mæðiveiki).
3. Garnaveiki (paratuberculosis) í búfé.

Þessir sjúkdómar nefnast einu nafni fjársóttir í lögum þessum.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

2. gr.

Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma þeirra, sem taldir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra með fjárskiptum innanlands.

II. KAFLI
Um framkvæmdastjórn.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

5. gr.

Verkefni sauðfjársjúkdómanefndar er:

1. Að koma upp varnarlínum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og viðhaldi.
2. Að hafa stjórn annarra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum.
3. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
4. Að hafa umsjón með kynbótum sauðfjár, er framkvæmdar eru með innflutningi erlendra fjárkynja og tæknifrjóvgun.
5. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er lög þessi fjalla um.

III. KAFLI
Um varnarlínur og varnir.

6. gr.

Varnarlínur teljast:

1. Ófærar ár, vötn og jöklar eða fjöll, sem engar líkur eru til, að sauðfé fari yfir.
2. Tvöfaldar gaddavírsgirðingar.
3. Einfaldar gaddavírsgirðingar.

Varðmenn skal hafa á varnarlínum til öryggis þar, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur þess þörf.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjar af þeim varnarlínum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlínur skulu settar upp á milli fjárskiptasvæða, eftir því sem samkomulag verður um milli framkvæmdastjórna viðkomandi fjárskiptafélaga og sauðfjársjúkdómanefndar, og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra ákveður skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

7. gr.

Girðingastæði skulu valin, þar sem bezt skilyrði eru til varnar frá náttúrunnar hendi. Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að löndum sínum,

ef nauðsyn krefur. Þegar svo stendur á, skal leitast við að bæta það með tilsvarandi löndum í skiptum, ef unnt er.

Verði ekki samkomulag um landaskipti, eða bætur fyrir misst land, skal ákveða bætur með gerðardómi, þar sem aðilar tilnefna sinn manninn hver og landbúnaðarráðherra tilnefnir oddamann. Bætur þær, sem þeir ákveða, greiðast af þeim, er landið fá, og miðast við notagildi landsins. Nægi það eigi, greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslusjóður það, sem til vantar, að hálfu hvor.

8. gr.

Girðingar á aðalvarnarlínum skulu lagðar og viðhaldið á kostnað ríkissjóðs. Í girðingar í aukavarnarlínur leggur ríkissjóður efni, en hlutaðeigendur í héraði annast á sinn kostnað flutning efnisins frá hafnarstað og uppsetningu girðinganna, en viðhald þeirra kostar ríkissjóður.

Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur, sker landbúnaðarráðherra úr, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

Varzla meðfram varnargirðingum skal ákveðin af sauðfjársjúkdómanefnd, en framkvæmd af aðliggjandi fjárskiptafélögum á kostnað ríkissjóðs.

Reikninga um kostnað ríkissjóðs samkvæmt þessari grein úrskurðar sauðfjársjúkdómanefnd.

9. gr.

Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlínum framvegis, þar til sauðfjársjúkdómanefnd, með samþykki landbúnaðarráðherra, ákveður að leggja þær niður.

Bændur eða upprekstrarfélög, sem lönd eiga að girðingum, sem lagðar eru niður, skulu hafa forkaupsrétt að þeim eftir mati dómkvaddra manna.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlínum hvíli sem mest á herðum fjáreigenda, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

10. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varnarlínur þær, sem um ræðir í 6.—9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar hefur yfirumsjón og eftirlit með störfum varðmanna.

11. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum, varða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

12. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

13. gr.

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur, nema með leyfi sauðfjársjúkdómanefndar. Sleppi kindur yfir varnarlínur, skal þeim tafarlaust slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem þráfaldlega sækja á að komast yfir varnarlínu. Þær kindur, sem slátrað er af þessum sökum, skal bæta þannig, að eigandi fái fullt niðurlagsverð (haustverð) fyrir. Greiðast þær bætur úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem verð afurðanna hrekkur ekki til.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að láta bann það, er um ræðir í þessari grein, ná einnig til annars búpenings, eftir því sem ástæða er til.

14. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétt og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna.

Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við varnarlínur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé slátrað.

15. gr.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd og sveitarstjórnum eða stjórnum upprekstrarfélaga, með samþykki sauðfjársjúkdómanefndar, að fyrirskipa breytingu á upprekstri, fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til að hindra útbreiðslu fjársótta eða til að tryggja vörzlu og árangur fjárskipta. Slíkar breytingar teljast eigi brot á fjallskilareglugerðum.

16. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar eða þeim slátrað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum, við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varðlínur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er, ef kindunum er slátrað.

17. gr.

Fáist vissa fyrir, að einhver fjársótt hafi borizt yfir varnarlínu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé.

18. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

19. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til.

20. gr.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Sama skylda hvílir á eigendum nautgripa, ef grunsamleg veiki kemur upp í gripum þeirra. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhverja fjársótt geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

21. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki, má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé ósýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum, með fé frá ósýktum heimilum.

22. gr.

Þar sem sauðfé eða nautgripir er sýkt eða grunað af garnaveiki og eigendur óska að fá það rannsakað eða sauðfjársjúkdómanefnd telur það nauðsynlegt, skal rannsóknin gerð svo fljótt sem unnt er. Lyf, tæki, kennslu og leiðbeiningar skal þá leggja til á kostnað ríkissjóðs, en fjáreigendur kosta framkvæmd verksins.

Sveitarstjórnir skulu hafa umsjón með slíkum rannsóknum í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd.

23. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, fyrirskipað að slátra því búfé, er að lokinni rannsókn þeirri, er um ræðir í 22. gr., reynist sjúkt eða grunað.

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður bætur fyrir búfé, sem er slátrað, vegna þess að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. Bætur fyrir sauðfé skulu miðaðar við niðurlagsverð á haustdegi, en tekið tillit til fóðurkostnaðar, sem fallið hefur á það frá síðustu haustnóttum, ef því er slátrað að vetrar- eða vorlagi. Nautgripi skal bæta eftir gangverði í þeirri sveit. Bætur þessar greiðast úr ríkissjóði. Hið sama gildir um fé, sem slátrað er samkv. ákvæðum 17. gr.

IV. KAFLI
Um fjárskiptafélög.

24. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd gerir tillögur um hagfellda skiptingu þeirra landshluta, þar sem sauðfé er sýkt af fjársóttum, í fjárskiptasvæði.

Við skiptingu þessa skal tekið tillit til:

1. Öruggra varnarlína, sem fyrir hendi eru, og skilyrða til að setja upp nýjar varnarlínur á sem öruggastan hátt.
2. Takmarka upprekstrarlanda og aðstöðu með tilliti til fénaðarferðar og fjallskila.
3. Aðstöðu til, að sauðfjárslátrun, og fjárrekstrum í sambandi við hana, verði þannig fyrir komið, að eigi stafi sýkingarhætta af og hagkvæmt sé.
4. Möguleika til að útvega nýjan fjárstofn í stað þess sýkta, jafnóðum og fjárskipti fara fram, samanber V. kafla þessara laga.
5. Annarra aðstæðna, er fram kunna að koma og að dómi sauðfjársjúkdómanefndar geta valdið nokkru um, hvort fullum árangri verður náð við fjárskipti og aðrar aðgerðir til útrýmingar fjársóttum þeim, sem um er að ræða.

25. gr.

Nú vilja fjáreigendur á ákveðnu fjárskiptasvæði hefjast handa um fjárskipti, og skulu þeir þá, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, snúa sér til sýslumanns eða sýslumanna á svæðinu. Skal þá sýslumaður, eða sýslumenn, skrifa öllum hreppsnefndum á viðkomandi svæði áskorun um, að þær hver í sínum hreppi, boði fjáreigendur á fund, til að ræða málið og kjósa, með hlutbundnum kosningum, þrjá fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fundi fyrir fjárskiptasvæðið. Ef hluti úr hrepp er innan fjárskiptasvæðis, mæta þaðan fulltrúar í hlutfalli við tölu fjáreigenda í hreppshlutunum.

Á sama hátt getur sauðfjársjúkdómanefnd haft frumkvæði um málið.

Sýslumaður, eða sýslumenn, boða fulltrúafund eigi síðar en mánuði eftir að hreppsnefndum á svæðinu hefur verið skrifað. Á fundinn skal einnig boða framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar og hlutaðeigandi dýralækni.

Fulltrúafundur er lögmætur, ef mættir eru ⅔ hlutar fulltrúa frá þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á fjárskiptasvæðinu. Nú fallast ⅔ mættra fulltrúa á að gera samþykkt um stofnun fjárskiptafélags og fjárskipti, og skal þá fundurinn semja frumvarp til slíkrar samþykktar. Skylt er sauðfjársjúkdómanefnd að láta í té fyrirmyndir að slíkum samþykktum.

26. gr.

Í frumvarpi til samþykktar skal tekið fram:

1. Stærð og takmörk fjárskiptasvæðis, er félagssamtökin ná yfir.
2. Hvenær fjárskipti skuli fara fram.
3. Um skipun fulltrúaráðs og kosningu stjórnar fyrir fjárskiptafélagið, er skipuð sé minnst 3 mönnum.
4. Um verksvið félagsstjórnar, völd og skyldur.
5. Um kvaðir og skyldur, er félagsmenn takast á hendur í sambandi við fjárskipti, vörzlur og aðrar sóttvarnarráðstafanir.
6. Önnur ákvæði varðandi félagssvæðið og aðstöðu þess til annarra héraða og fjárskiptasvæða.

27. gr.

Nú samþykkir fundurinn frumvarp með ⅔ atkvæða mættra fulltrúa, og skal hann þá kjósa kjörstjórn, er hafi á hendi undirbúning atkvæðagreiðslu á félagssvæðinu og talningu atkvæða. Kjörstjórnin velur sér sjálf formann, hún ákveður, hvenær atkvæðagreiðslu skuli lokið, og fyrir hvaða tíma atkvæðaseðlar og fundargerðir skuli komið til kjörstjórnar, og hvenær talning atkvæða skuli fara fram.

28. gr.

Nú hefur frumvarp til félagssamþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með ⅔ atkvæða allra mættra fulltrúa, og skal þá kjörstjórn sú, er kosin hefur verið samkvæmt ákvæðum 27. gr., senda það öllum hreppsnefndum í þeim hreppum, eða hreppshlutum, er félagssvæðið nær yfir.

Hreppsnefnd skal þá skylt að boða fjáreigendur til fundar í hreppnum samkvæmt kjörskrá, er hún hefur samið, með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til stofnunar fjárskiptafélags liggi fyrir til atkvæðagreiðslu. Leiðrétting á kjörskrá má hlutaðeigandi kjörstjórn gera til kjördags.

Atkvæðisrétt um félagsstofnun og fjárskipti hafa fjáreigendur 18 ára eða eldri, þegar atkvæðagreiðsla fer fram, ef þeir hafa átt 15 kindur eða fleiri samkvæmt síðasta skattaframtali.

Afrit af kjörskrá skal fylgja fundarboðinu.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar oddviti atkvæðaseðla og önnur kjörgögn, þar með kjörskrá, og sendir formanni kjörstjórnar fjárskiptasvæðisins.

29. gr.

Kjörstjórn skal koma saman þann dag, er ákveðið hefur verið samkvæmt 27. gr., til að rannsaka fundargerðir kjörfunda og telja atkvæði. Formaður kjörstjórnar stjórnar talningunni og lætur rita kjörfundargerð, er beri með sér, úr hvaða hreppum, eða hreppshlutum, kjörstjórninni hafa borizt fundargerðir og tölu atkvæðaseðla.

Tvö samrit skal rita af fundargerðinni, og skal öll kjörstjórn undirrita.

Nú hefur atkvæðagreiðsla fallið þannig, að félagssamþykktin hefur hlotið ⅔ greiddra atkvæða, og sé það að minnsta kosti ⅗ fjáreigenda samkvæmt kjörskrá, og telst þá félagsstofnunin samþykkt.

Samþykktina skal þá senda sauðfjársjúkdómanefnd í tvíriti, ásamt samriti fundargerðarinnar. Leitar nefndin síðan staðfestingar landbúnaðarráðherra á samþykktinni.

V. KAFLI
Um fjárskipti.

30. gr.

Þegar fjárskiptafélag hefur verið stofnað með staðfestri samþykkt, sbr. 29. gr., skal félagsstjórnin snúa sér til sauðfjársjúkdómanefndar, er ákveður með samþykki ráðherra, hvenær fjárskiptin fara fram.

31. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur ásamt stjórn fjárskiptafélags umsjón með útrýmingu sjúkdóma og fjárskiptum, sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum, og framkvæmdum, sem standa í sambandi við þau.

Sauðfjársjúkdómanefnd ber einkum:

1. Að tryggja það áður en fjárskipti fara fram, að fjárskiptasvæðið sé tryggt með öruggum varnarlínum gegn samgöngum sauðfjár frá sýktum héruðum.
2. Að láta rannsaka heilbrigði fjár, ef ástæða þykir til, í þeim héruðum, sem ætlað er að kaupa lifandi lömb úr.
3. Að ákveða í samráði við félagsstjórn, hvenær slátrun skuli hefjast og hvenær henni sé lokið.
4. Að hlutast til um, að öll lönd á fjárskiptasvæðinu séu smöluð sauðlaus, og getur nefndin ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrr fram en venjulega, og að fram fari almennar fjárleitir á afréttum og heimalöndum eftir að slátrun er lokið, og ekki ver mannaðar en í fyrstu göngum. Fjallskilum þessum skal jafna niður eins og öðrum fjallskilum.
5. Að ákveða hvaðan lifandi lömb séu tekin og tilkynna það viðkomandi sýslumönnum með nægum fyrirvara, áður en slátrun hefst, en þeir skulu aftur tilkynna það fjáreigendum, og skal þá engum gimbrarlömbum slátrað á svæðinu, þar til kaup hafa farið fram.
6. Að sjá um kaup, flutning og merkingu lifandi lamba, í samvinnu við stjórn viðkomandi fjárskiptafélags.

32. gr.

Fjáreigendur, er hafa heilbrigt sauðfé, eru skyldir til að selja öll þau gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, og hrútlömb eftir þörfum, til þeirra fjáreigenda, er hafa fjárskipti samkvæmt lögum þessum. Sauðfjársjúkdómanefnd getur ákveðið, með samþykki landbúnaðarráðherra, að fjáreigendur, sem lausir hafa verið við fjársóttir, séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb þriðja hvert ár, á meðan fjárskiptum til útrýmingar sjúkdómunum er ekki lokið.

33. gr.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal ákveða verð lifandi lamba eftir lifandi þunga, miðað við afurðaverð hvers árs. Skulu fjáreigendur þeir, er um ræðir í 32. gr., skyldir til að selja lömbin fyrir það verð, en jafnan sé tryggt, að það sé eigi lægra en fæst fyrir lömbin til slátrunar. Heimilt er þó, ef ástæða þykir til, að ákveða fast söluverð á lömbunum miðað við fyrra árs verð og markaðshorfur á sauðfjárafurðum yfirstandandi árs.

34. gr.

Þegar fjárskipti fara fram í héraði, skal verðlagsnefnd landbúnaðarafurða sjá um, að frystihús á svæðinu sitji fyrir um sölu, svo fjárförgun þurfi eigi að tefjast vegna rúmleysis í frystihúsum.

35. gr.

Lifandi lömb, sem keypt hafa verið, skal hver fjáreigandi hafa í strangri gæzlu fyrsta misserið eftir að þau hafa verið flutt. Sé þess gætt, að eigi leynist í þeim

aðrir sjúkdómar, t. d. fjárkláði. Ef fjárkláða hefur orðið vart í þeim héruðum, sem líflömb eru flutt úr, eða ef hans verður vart í líflömbum, sem flutt hafa verið, skal sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipa og hafa eftirlit með, að útrýmingarböðun fari fram á fjárskiptasvæði því, sem um er að ræða, á sem tryggilegastan hátt.

Fari svo, að sýkt eða grunuð kind komi saman við líflömb á fjárskiptasvæði, skal eigandi lambanna eða sá, er kindarinnar verður fyrst var, tafarlaust gera hreppstjóra aðvart. Ber honum að tilkynna það samstundis framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvort slátra skuli fénu eða ráðstafa á annan hátt.

Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi eða óþægindi af þessum sökum.

36. gr.

Veturinn eftir fjárskipti er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt í samráði við stjórn fjárskiptafélags að ráða hæfan mann eða menn til að rannsaka sauðfé og leita á heimilum, ef ástæða þykir til, svo að ugglaust sé, að hvergi sé leynt sýktu eða grunuðu fé.

Komi það í ljós, að fé hafi verið haldið á laun, skal það og allt fé, er saman við það hefur getað komið, tekið og slátrað eða ráðstafað á annan hátt, allt á kostnað þess, er leyndi.

Sá, sem leynir fé, skal sæta ábyrgð samkvæmt 175. gr. hegningarlaganna. Verði brot hans til þess, að drepa þurfi fé annarra manna, skal hann skyldur að bæta það tjón og óþægindi, er af hlýzt.

VI. KAFLI

Um fjárframlög ríkisins til fjárskipta.

37. gr.

Framlag ríkisins vegna fjárskipta miðast við fjártölu eiganda við næstsíðustu áramót á undan samkvæmt skattaframtali, þannig að við fjárskipti á árinu 1947 miðist bætur við fjártölu á skattaframtali 1946 og svo áfram.

Réttur dánarbúa vegna fjárskipta yfirfærist á erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjárrækt á svæðinu.

Réttur manna, sem reisa bú eða eru að byrja fjáreign eftir gildistöku laga þessara án þess að vera erfingjar í dánarbúi á fjárskiptasvæði, byggist á næsta skattaframtali á undan fjárskiptum.

Þeir, sem eru hættir búskap og kaupa ekki lömb eða eru fluttir burtu af fjárskiptasvæðinu, þegar fjárskipti fara fram, fá ekki bætur.

Geitfé skal bæta eftir sömu reglu og sauðfé.

38. gr.

Framlag ríkisins greiðist á þann hátt, að fyrir hverja bótaskylda kind fái fjáreigandi hálft lambsverð samkvæmt verði líflamba það haust, sem fjárskipti verða. Kostnað við flutning líffjár inn á fjárskiptasvæðin greiðir ríkissjóður og einnig aðstoð sauðfjársjúkdómanefndar vegna kaupanna. Þetta gildir þó eigi annað fé en það, sem fengið er til að bæta í skarðið fyrir bótaskylt fé.

Kostnað við umsjón fjárskiptafélaga vegna líffjárkaupa greiði fjáreigendur sjálfir. Fjáreigendur skulu fá líflömb fyrir 70% af bótaskyldri fjártölu, og sé ef unnt er útvegað ⅔ af þeim haustið, sem fjárskipti verða, en það, sem til vantar, næsta haust á eftir. Sé ekki hægt að útvega lömbin svo fljótt, ber að greiða afurðatjónsbætur fyrir þau, er til vantar, á fyrsta ári, á sama hátt og fyrir er mælt í 40. gr. Framlag ríkisins skal greitt ári eftir, að fjárskipti fóru fram, en vera skal það til tryggingar greiðslu á andvirði keyptra líflamba.

Stjórnum fjárskiptafélaga er heimilt að ráðstafa líffé til fjáreigenda að nokkru með hliðsjón af tekjumöguleikum þeirra, ef mjög fátt líffé er fáanlegt.

39. gr.

Veita skal fjáreigendum uppeldisstyrk vegna vanhalda af fjársóttum, þar sem svo hagar til á sýktu svæði, að fjáreigendur geta ekki samkvæmt áætlun nefndarinnar búizt við fjárskiptum næstu 2 ár, og hafa ekki viðunandi aðstöðu til mjólkursölu.

40. gr.

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum, vegna afurðatjóns, hálft lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind það ár, sem svæðið er sauðlaust. Að öðru leyti skal framlag greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

41. gr.

Ef sauðfjársjúkdómanefnd telur nauðsynlegt að útrýma sjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, þar sem fjárskiptafélag fæst ekki stofnað samkvæmt lögum þessum, þá getur hún látið útrýminguna fara fram með samþykki landbúnaðarráðherra. Bætur skal þá greiða fjáreigendum samkvæmt mati eftir gildandi lögum um eignarnám, en skylt er matsmönnum að taka til greina sýkingu fjár á svæðinu eða yfirvofandi sýkingarhættu.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.

42. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum eftir því sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp, svo og fénaðarhöld yfirleitt.

Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.

43. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu fjársóttanna, reyna að finna læknisráð við þeim og útrýma þeim.

Einnig er honum heimilt að lúta útbreiða miður næma fjárstofna, innlenda og erlenda, með sæðingu á þeim svæðum, sem fjárskipti eiga ekki að fara fram á næstu tvö árin.

44. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara, allt eftir því sem þurfa þykir og ástæður eru til á hverjum tíma. Sauðfjársjúkdómanefnd hefur einnig heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til, um einstök framkvæmdaratriði, er að kalla í hvert sinn, ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.

45. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

46. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 75 27. júní 1941 og lög nr. 88 9. júlí 1941 svo og önnur ákvæði, er fara í bága við þessi lög.

47. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 580. Breytingartillögur

við frv. til laga um vernd barna og ungmenna.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Barnaverndarnefnd eða þeim barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa nefndarinnar, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, er heimilt, ef tilefni gefst til að dómi barnaverndarráðs, að fara á heimili og hæli til rannsóknar á högum barns og ungmennis, taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar, er um kann að bera. Svo getur hún og krafizt vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar máli.
2. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
   Ef barn verður munaðarlaust, skal barnaverndarnefnd aðstoða þá, er láta sig hag þess varða, eða hreppsnefnd eða framfærslunefnd við að koma því í fóstur á gott heimili, enda er óheimilt að vista slík börn á öðrum heimilum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, og nánustu ættingjar samþykkja.
3. Við 33. gr. Greinin orðist svo:
   Rétt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með högum þeirra vegna umkomuleysis eða annmarka. Skylt er nefndinni að hafa eftirlit með slíkum börnum, og má hún setja þeim eftirlitsmann, sem sé trúnaðarmaður hennar.

Sþ. 581. Tillaga til þingsályktunar

um auknar varnir gegn bílslysum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefjast nú þegar handa um öruggar varnir gegn ógætilegum bifreiðaakstri.

Greinargerð.

Hér á landi og einkum í Reykjavík er mikið um bifreiðaslys. Úr þessu mætti bæta, ef röggsamlega væri á málunum haldið. Í Reykjavík mun nú vera meiri bíleign en dæmi munu vera til í bæjum, sem eru ekki mannfleiri. Hins vegar eru götur bæjarins þröngar og illa lagaðar fyrir bifreiðaakstur. Nálega allir þjóðvegir hér á landi eru þröngir og óhentugir fyrir mikla bílaumferð, nema ekið sé með gætni. Ofan á þetta bætist svo, að gatan er aðalleikvöllur barna í Reykjavík, þegar þau eru ekki innanhúss. Börnum höfuðstaðarins er ekki ætlað annað athafnasvið undir beru lofti en gatan.

Flestir íslenzkir bílstjórar eru vaskir menn, úrræðagóðir og hjálpsamir. En í svo fjölmennum hóp fljóta vitaskuld með ógætnir menn og illa vandir. Frá þessum mönnum stafar voðinn, enda sanna slysin, hvílíka þjóðarhættu leiðir af kæruleysi í bílaakstri. Óhætt er að fullyrða, að nálega öll árekstrarslys stafa af því, að of hart er ekið. Það er skylda ríkisvaldsins og lögreglunnar að ákveða ökuhraðann eftir ástandi gatna og vega, aðstöðu barna á götunni og umferð gangandi manna. Eftir að ökuhraðinn er ákveðinn, þarf að framfylgja reglunni. Bezt væri, að lög-

reglan gæti sektað strax á götunni fyrir minni háttar umferðarbrot. Annars ætti svipting ökuleyfis um nokkurra missira eða ára bil að vera algengasta hegning fyrir of hraðan akstur. Sérstaklega mundi slík refsing venja unga bílstjóra á nauðsynlega gætni við akstur. Ef ekki verður af Alþingi og stjórnarvöldunum ráðið vel fram úr þessu máli, munu hin sorglegu barnavíg halda áfram, umferðarslysin margfaldast og verða óafmáanlegur blettur á menningu þjóðarinnar.

Ed. 582. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 26. apríl 1946, um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarpið var rætt og athugað í nefndinni og borið saman við gildandi lög. Umsagnar tryggingaráðs var leitað um málið, og fylgir svar þess hér með á fylgiskjali.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vildi minni hl. (BrB) láta samþykkja frv., en á það gat meiri hlutinn ekki fallizt, og skilar því minni hl. sérstöku nefndaráliti. Meiri hlutinn telur hins vegar ekki rétt að gera neinar verulegar breytingar á lögunum um almannatryggingar, fyrr en nokkuð víðtækari reynsla er fengin á þeim, og leggur því til, að frv. verði fellt.

Einn nefndarmanna (HermJ) var ekki viðstaddur á fundinum og tók því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. marz 1947.

Gísli Jónsson, frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS.
Reykjavík, 5. marz 1947.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50 26. apríl 1946 (þskj. 290), um almannatryggingar, sem fylgdi bréfi yðar dags. 28. febrúar, hefur verið lagt fyrir tryggingaráð.

Af tilefni frumvarps þessa og frumvarpi, er Skúli Guðmundsson hefur flutt í neðri deild um breyting á sömu lögum, samþykkti ráðið svofellda ályktun.

„Tryggingaráð vill ekki mæla með því, að gerðar séu veigamiklar efnisbreytingar á almannatryggingalögunum fyrr en fengin er nokkur reynsla af framkvæmd laganna."

Þetta leyfum vér oss hér með að tilkynna yður.

Tryggingastofnun ríkisins.
H. Guðmundsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar Alþingis.

Nd. **583. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

		Toll-eining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
1.	Nr. 20 í 15. kafla falli niður.			
2.	Nr. 21 í 27. kafla falli niður.			
3.	Nr. 3 í 28. kafla orðist svo:			
	3 — kolsýra	1 kg	7	30
4.	Nr. 30 í 28. kafla orðist svo:			
	30 — saltpétur (kalíumnítrat)	—	2	8
5.	Orðin „og perbóröt í nr. 38 í 28. kafla falli niður.			
6.	Aftan við nr. 42 í 28. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	42a Perbóröt og peroxyd	—	7	8
7.	Nr. 60a í 28. kafla orðist svo:			
	60a Ester, etur og keton, sem notuð eru til upplausnar og mýkingar og talin eru í skrá, staðfestri af fjármálaráðherra, einnig cyclohexan	—	7	8
8.	Í stað nr. 12 í 30. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi:			
	Bronslitir, ót. a.:			
	12 — duft	—	7	8
	12a — aðrir	—	7	20
9.	Í stað nr. 7—11 í 39. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi			
	Hjólbarðar og slöngur á ökutæki:			
	7 — á bifreiðar og bifhjól	—	7	10
	8 — á önnur farartæki	—	7	10
10.	Nr. 4 í 40. kafla orðist svo:			
	4 — — Þilfarsplankar ófasaðir og fasaðir úr oregonpine og pitchpine 3×5″ eða stærri	tollfrjálsir		
11.	Nr. 49 í 40. kafla orðist svo:			
	49 — húsgagnagrindur ósamsettar og einstakir húsgagnahlutar, svo sem stólfætur	—	7	30
12.	Nr. 23 í 44. kafla orðist svo:			
	23 Vélaþéttingar og pípur úr pappa og pappír	—	7	8
13.	Nr. 33 í 44. kafla falli niður.			
14.	Í stað nr. 1—3 í 45. kafla komi:			
	Bækur, blöð, tímarit og þess konar rit, ót. a., með fylgiskjölum og viðaukum, prentuð eða ljósprentuð erlendis:			
	— fyrir íslenzka útgefendur:			
	1. — — bundið	—	2	25
	2. — — annað	—	2	15
	3. — annað	tollfrjálst		
15.	Nr. 4 í 45. kafla orðist svo:			
	4 Myndabækur handa börnum, með eða án texta	—		50
16.	Nr. 17 í 45. kafla falli niður.			
17.	Nr. 20a í 45. kafla falli niður.			
18.	Orðin „Áteiknaðir eða“ í nr. 42 í 52. kafla falli niður.			

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
19.	Nr. 5 í 58. kafla orðist svo:			
	5 Granít- og marmaraplötur, sléttar eða slípaðar	1 kg	7	30
	Aths. Ef þessar steintegundir eru einungis slípaðar á einni hlið og að öðru leyti aðeins sagaðar eða tilhöggnar, er heimilt að færa verðtollinn niður í 15%.			
20.	Nr. 30 í 58. kafla orðist svo:			
	30 Skraut- og glysvarningur úr steini og steinkenndum efnum	—	120	80
21.	Nr. 17 í 60. kafla falli niður.			
22.	Nr. 19 í 60. kafla orðist svo:			
	19 Annað	—	2	10
23.	Á eftir nr. 23 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	23a Olíugeymar, síldarolíugeymar og aðrir slíkir geymar	—	2	8
24.	Nr. 14 í 71. kafla orðist svo:			
	14 — Myndamót (clichéer)	—	7	30
	Aths. Af myndamótum (clichéer) skal ekki greiða verðtoll, ef þau eru lánuð eða leigð hingað til lands og endursend að notkun lokinni, enda fylgist tollyfirvöldin með því, að þau séu endursend.			
25.	Nr. 37—45 í 73. kafla orðist svo:			
	Búsáhöld og hlutar til þeirra:			
	37 — eldavélar og bökunarofnar	—	2	10
	38 — hitunar- og suðutæki, ót. a.	—	2	10
	39 — strauvélar	—	7	10
	40 — þvottavélar	—	7	10
	41 — hrærivélar	—	7	10
	42 — eldhúsvélar, ót. a.	—	7	10
	43 — kæliskápar	—	7	10
	44 — bónvélar, ryksugur og loftræsar	—	7	10
	45 — önnur	—	7	15
26.	Nr. 20 í 77. kafla orðist svo:			
	20 — aðrir hitamælar, ót. a.	—	7	8
27.	Í stað nr. 8 og 9 í 82. kafla komi tveir nýir liðir, svo hljóðandi:			
	Tilbúin mótanleg efni búin til úr kaseíni, gelatíni, sterkju, fenólum, þvagefni, ftalsýru, efnum leiddum af sellulósa og önnur þess konar mótanleg efni, ót. a.:			
	8 — í plötum og stöngum	—	7	15
	9 — fatnaður, nema skófatnaður	—	7	40
	10 — aðrar vörur, ót. a.	—	7	30

2. gr.

Á 2. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Aftan við g-lið komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Nánari skilyrði fyrir undanþágu þessari má setja í reglugerð m. a. um það, að hlutaðeigendur leggi fram skilríki fyrir tilskildri dvöl sinni erlendis og að þeir hafi raunverulega notað erlendis hina innfluttu muni, að þeir leggi fram skilríki fyrir búsetuheimild sinni hér og greiði gjald fyrir skoðun munanna. Þá skal og heimilt að ákveða, að undanþágan taki aðeins til heimilismuna að tilteknu verðmæti.

2. j-liður orðist svo:

Vörur, sem eru endursendar hingað frá útlöndum vegna þess, að þær seldust ekki þar, eða endursendar eru hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær

sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan. Skilyrði undanþágunnar er, að vörurnar komi hingað aftur innan árs frá því þær fóru héðan.

3. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrsta málsgrein falli niður.
2. Í stað orðanna „Enn fremur er fjármálaráðuneytinu heimilt“ í upphafi 2. málsgr. komi: Fjármálaráðuneytinu er heimilt.
3. h-liður 3. gr. orðist svo:
   h. Að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum hampgarn til veiðarfæragerðar.
4. Á eftir h-lið greinarinnar komi fjórir nýir stafliðir, svo hljóðandi:
   i. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar.
   j. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af umbúðum um innlendar framleiðsluvörur, sem sendar eru til útlanda til sölu þar, og af vörum, sem notaðar eru í vörur þessar til þess að gera þær söluhæfari eða til þess að þær geymist betur.
   k. Meðan heimilt er að hækka gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. nú lög nr. 94 28. des. 1946, að hækka tilsvarandi aðflutningsgjöld af sömu vörutegundum aðfluttum.
   l. Að lækka eða fella niður aðflutningsgjöld af myndamótum, sem fréttablöðin fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi numin 3. gr. laga nr. 105 14. maí 1940, 3., 7., 17. og 29. liður laga nr. 96 9. júlí 1941, það sem segir um nr. 60a í 17. lið laga nr. 56 4. júlí 1942, lög nr. 56 14. apríl 1943, og 20., 21., 37. og 38. liður og það, sem segir um nr. 17 og 19 í 28. lið laga nr. 6 12. jan. 1945, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni fjármálaráðuneytisins, og hafa nefndarmenn óbundið atkvæði um einstök atriði.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Fyrir síðasta Alþingi lá frumvarp, þskj. 560, sem var að miklu leyti samhljóða frumvarpi því, sem hér liggur fyrir. Frumvarpið, sem var borið fram á síðasta þingi, varð ekki útrætt, enda borið fram undir þinglokin. Tilefni þessa fyrra frumvarps voru aðallega margs konar óskir um breytingar á tollskránni, sem höfðu borizt ráðuneytinu úr ýmsum áttum, þó aðallega frá iðnaðinum. Einnig voru tekin upp í frumvarpið nokkur atriði, sem við framkvæmd tollskrárinnar hafði komið í ljós, að nauðsynlegt var, að yrðu þar.

Í frv. það, sem liggur hér fyrir, eru tekin upp öll þau atriði, sem voru í hinu fyrra frumvarpi, að því undanteknu, að tekin er til greina breytingartillagan við það frv. á þskj. 609 frá síðasta þingi, og gert er ráð fyrir því, að vörumagnstollurinn eftir nr. 19 í 60. kafla tollskrárinnar verði aðeins 2 aurar en ekki 7 aurar, eins og var í hinu fyrra frumvarpi, en ákveðnar óskir komu enn um það frá iðnaðinum, að vörumagnstollurinn yrði ekki hærri en 2 aurar af kg, og kom það sérstaklega til af því, að mikið af glerílátum til iðnaðarins kemur nú í nr. 17 í 60. kafla með 2 aura vörumagnstolli og 8% verðtolli, og yrði því um talsverða tollhækkun að ræða, ef vörumagnstollurinn yrði 7 aurar af kg.

Þá eru teknar upp í hið síðara frv., sem hér liggur fyrir, nokkrar óskir, sem hafa borizt ráðuneytinu eftir að hið fyrra frumvarp var samið, og enn nokkur atriði, sem framkvæmdin hefur leitt í ljós, að aðkallandi eru. Frumvarpið hefur sáralitla eða svo til enga fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð, og er því ástæðulaust að láta fylgja því yfirlit um það, hvaða áhrif það getur haft í rekstrarafkomuna. Sumir liðir frumvarpsins geta leitt af sér nokkurn tekjuauka, t. d. k-liður 3. gr., ef notaður verður og innflutningur leyfður. Annars eru bæði tollhækkanir og tolllækkanir í frumvarpinu, en þær eru fyrst og fremst til lagfæringar, eins og frumvarpið ber með sér.

Um einstök atriði þykir ástæða til að taka það fram, sem fer hér á eftir.

Um 1. gr.

1. og 2. Olíufélögin hafa óskað eftir því, að ekki sé gerður munur í tolli á því, hvort olíur eru í stórum eða smáum umbúðum, eins og nú er gert eftir 15. og 27. kafla tollskrárinnar, og með tilliti til þess, að ekki virðist sérstök ástæða til þessarar sundurgreiningar á tolli á olíum eftir umbúðunum, enda oft örðugleikar á því við tollskoðun að ganga úr skugga um það, hversu mikið af olíum í tiltekinni sendingu er í smáum umbúðum og hversu mikið í stórum umbúðum, er lagt til, að nr. 20 í 15. kafla og nr. 21 í 27. kafla verði felld niður, en við það koma allar þær olíutegundir, sem teljast til þessara tollskrárnúmera, í sömu tolla án tillits til umbúða.
3. Síðan árið 1942 hefur verið rekin á Akureyri verksmiðja, sem hefur framleitt kalk og kolsýru úr innlendum skeljasandi. Eftir upplýsingum, sem fyrir liggja frá verksmiðjunni, segist hún frá upphafi hafa fullnægt þörfum frystihúsanna og að þau hafi eingöngu notað íslenzku kolsýruna. Einnig getur verksmiðjan nú framleitt kolsýru handa gosdrykkjaverksmiðjunum, en einhver vandkvæði voru á því í byrjun. Verðið á kolsýrunni kvað vera í samræmi við verð á kolsýru frá Englandi, en undanfarið hefur borizt kolsýra annars staðar að, sem kvað vera mun verðlægri, og er ætlað, að hún sé seld undir verði og þá til að koma hinni innlendu framleiðslu fyrir kattarnef (dumping). Fer nú verksmiðjan fram á tollvernd, þó ekki til að hækka vöruverðið, heldur til samræmis við það, sem aðrar hliðstæðar iðngreinir hafa, og er lagt til, að verðtollurinn á kolsýru verði í þessu skyni hækkaður úr 8% í 30%, en það er tilsvarandi tollvernd og aðrar svipaðar iðngreinar eru aðnjótandi.
4. Það er oft heppilegra að flytja saltpétur í öðrum umbúðum en sekkjum og því ástæðulaust að tolla hann hærra, þegar það er gert. Er því lagt til, að sami tollur sé á saltpétri, hvernig sem hann er fluttur inn.
5. og 6. Það er sameiginlegt með perbórötum og peroxydum, að þau eru sterk oxyderandi efni, og er sá eiginleiki þeirra hagnýttur við notkunina. Er því eðlilegast, að öll þessi efni séu í einu númeri saman og lækkaður sé tollur á peroxydum til samræmis við perbóröt. Öll þessi efni eru mestmegnis notuð til iðnaðar, perbórötin t. d. til framleiðslu á þvottadufti, og mörg peroxyd til bleikingar á gærum, beini og ýmsum vefjarefnum. Umrædd breytingartillaga er borin fram vegna tilmæla frá útflytjendum sútaðra gæra.
7. Málningarverksmiðjurnar hafa farið þess á leit, að lækkaður sé tollur á nokkrum upplausnar- og mýkingarefnum, sem notuð eru til framleiðslunnar. Með því að eðlilegt er, að þessi efni séu tolluð í samræmi við önnur upplausnarefni, er lagt til, að nr. 60a í 28. kafla verði breytt eins og hér er gert ráð fyrir.
8. Tillaga þessi er einnig til komin vegna málningarverksmiðjanna. En með því að bronsduft getur talizt hráefni til iðnaðar, og það er í samræmi við ýmsa aðra liði tollskrárinnar, að bronsduft sé í tiltölulega lágum tolli, en hins vegar lagaðir bronslitir í hærri tolli, er borin fram tillaga sú, sem hér um ræðir.
9. Hjólbarðar og slöngur á dráttarvélar og veghefla koma nú í 7 aura vörumagnstoll og 30% verðtoll. Með því að þetta er óeðlilega hár tollur á þessum vörum,

miðað við tollana á sömu vörum á önnur farartæki, og til þess að sami tollur sé á hjólbörðum og slöngum á öll farartæki, er borin fram tillaga sú, sem hér um ræðir.

10. Er þilfarsplankar voru gerðir tollfrjálsir, var tilætlunin sú, að undanþágan tæki til 3×5 feta planka og stærri. Orðalagið er nú bundið við nákvæmlega 3×5 feta planka, en tillaga sú, sem hér um ræðir, er borin fram til þess að bæta úr þessu.
11. Orðalagið á nr. 49 í 40. kafla er aðeins gert skýrara og fært til samræmis við þann skilning, sem í það hefur verið lagður. Tollar óbreyttir.
12. Inn hafa verið fluttar pípur úr pappa, sem eru settar í steypuveggi til að mynda loftrásir og aðrar raufar fyrir leiðslur. Pípur þessar eru notaðar til sparnaðar í stað járnpípna, og þykir sanngjarnt, að á þeim verði hliðstæður tollur og af járnpípum, eða verðtollur af þeim sé lækkaður úr 30% í 8%.
13. Vísast til þess, sem segir um 4. í 3. gr.
14. Eftir stríð hafa verið fluttar inn frá Norðurlöndum gamlar íslenzkar bækur, en eins og ákvæðin í nr. 1—3 í 45. kafla eru orðuð, geta slíkar bækur ekki komið þar undir og teljast því til nr. 24 í 45. kafla með 7 aura vörumagnstolli og 30% verðtolli. Þar eð þetta þykir ekki sanngjarnt og til þess að lagfæra orðalagið á nr. 1—3 í 45. kafla er borin fram tillaga sú, sem hér um ræðir.
15. Myndabækur handa börnum koma oftast í sendingum með öðrum tollfrjálsum bókum. Verður því að tína þær úr sendingunum og vega þær sérstaklega til tolls. Er þetta oft fyrirhafnarsamt og svarar oftast ekki kostnaði, enda bækurnar oftast léttar. Lagt er því til, að vörumagnstollurinn sé felldur niður. Þá veldur það oft deilum, hvort textinn sé meiri eða minni hluti bókanna, en þar eð slíkt breytir yfirleitt ekki eðli bókanna, er orðalaginu breytt þannig, að tollskrárliðurinn tekur til allra myndabóka handa börnum, hvort sem þær eru með eða án texta og hvort sem textinn er meiri eða minni hluti bókanna, en að sjálfsögðu verða myndirnar að vera auðkennandi fyrir bækurnar.
16. Það virðist ástæðulaust, að tolla veggmyndir öðruvísi en aðrar myndir. Auk þess er orðið veggmyndir óljóst. Lagt er því til, að liðurinn sé felldur niður, en við það koma veggmyndir í nr. 24 í 45. kafla með 7 aura vörumagnstolli og 30% verðtolli, eins og aðrar myndir. Það er og sami tollur, sem er á málverkum.
17. Vísast til þess, sem segir um 4 í 3. gr.
18. Eins og nr. 42 í 52. kafla er nú orðað, koma bæði áteiknaðir dúkar og útsaumaðir dúkar í þetta númer og tollast því með 20 aura vörumagnstolli og 70% verðtolli. Hannyrðakonur hafa kvartað yfir of háum tolli af áteiknuðum dúkum og hafa auk þess bent á, að ekki sé sanngjarnt, að sami tollur sé á áteiknuðum dúkum og útsaumuðum, þar eð hinir síðarnefndu sé yfirleitt miklu meira unnir en hinir fyrrnefndu. Til þess að bæta úr þessu er borin fram tillaga sú, sem hér um ræðir, en nái hún fram að ganga, teljast áteiknaðir saumaðir dúkar eftir það til nr. 14—16 í 52. kafla, en ósaumaðir (t. d. ófaldaðir) ýmist til 46 A (oftast nr. 11), 46 B (oftast nr. 12), 46 C (oftast nr. 4), 47 (oftast nr. 13), 48 (oftast nr. 18) eða 49 (oftast nr. 28—30), eftir því úr hverju þeir eru.
19. Allar granítplötur teljast nú til nr. 31 í 58. kafla með 7 aura vörumagnstolli og 30% verðtolli, en allar marmaraplötur til nr. 5 í þeim kafla með sömu tollum. Inn hafa verið fluttar hálfunnar granít- og marmaraplötur til legsteinagerðar, en þar eð ekki þykir eðlilegt, að sami tollur sé á þessum hálfunnu steinplötum og legsteinunum fullunnum, er borin fram tillaga um það, að heimilt sé að færa niður verðtollinn á steinplötunum hálfunnum. Þá er ætlazt til þess, að granít- og marmaraplötur komi í sama tollskrárnúmer.
20. Skrautvarningur úr steinkenndum efnum, t. d. úr gipsi, er nú ekki með þá tolla, sem eru af öðrum skrautvarningi, þ. e. 120 aura af kg og 80%, heldur með lægri tolla, þ. e. 7 aura af kg og 30%, og þar eð þetta er óeðlilegt, er borin fram breytingartillaga sú, sem hér um ræðir.

21. og 22. Ástæðan til þess, að ákveðinn var lægri tollur á sívölum glösum en öðrum glösum, var sú, að sívöl glös voru talin „typisk“ lyfjaglös, og ástæða þótti til þess að tolla lyfjaglös lægra en önnur glös. Nú er það hins vegar svo, að annars konar glös en sívöl eru nú notuð jöfnum höndum undir lyf, enda talið, að undanfarið hafi verið erfitt að fá sívöl glös erlendis, og er því ekki lengur ástæða til að hafa sívöl glös í lægra tolli. Hér við bætist, að miklir örðugleikar eru því við tollskoðun að skilja frá hin sívölu glös. Auk þess eru öll umbúðaglös nauðsynjavara í alls konar iðnaði og því eðlilegt, að þau séu í lágum tolli, en beiðni um lækkun á tollinum er komin frá iðnrekendum. Lagt er því til, að nr. 17 í 60. kafla verði fellt niður og vörumagnstollurinn eftir nr. 19 í sama kafla lækki úr 7 aurum á kg í 2 aura og verðtollurinn úr 15% í 10%.
23. Það vantar nú sérlið fyrir olíugeyma, síldarolíugeyma og aðra slíka geyma, og til þess að bæta úr þessu er borin fram hér umrædd tillaga. Umræddir geymar hafa ýmist verið settir undir nr. 1 í 72. kafla (olíugeymar með dælum) með 7 aura vörumagnstolli og 8% verðtolli eða undir nr. 104 í 63. kafla með 7 aura vörumagnstolli og 30% verðtolli.
24. Prentmyndasmiðir kvarta yfir því, að þeir njóti ekki tilsvarandi tollverndar og aðrir hliðstæðir iðnaðarmenn, t. d. prentarar. Þar eð þetta er rétt, er lagt til, að verðtollur á myndamótum sé hækkaður úr 8% í 30%. Þá eru felld niður ákvæðin um „matrixur“, en þær eru úr pappa og því ranglega taldar með málmvörum í 71. kafla. Eftir niðurfellinguna teljast „matrixur“ til nr. 24 í 45. kafla með 7 aura vörumagnstolli og 30% verðtolli. Í l-lið 3. gr. frumvarpsins er talað um myndamót, sem fréttablöðin fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að.
25. Farið er fram á, að tollar séu lækkaðir á heimilisrafmagnsvélum. Með lögum nr. 6/1945 var verðtollur á þvottavélum og hrærivélum lækkaður úr 30% í 10%. Nú er lagt til, að þessu til samræmis sé lækkaður verðtollur á öðrum heimilisrafmagnsvélum. Ekki þykir gerlegt að lækka vörumagnstollinn og verðtollinn meir en hér er lagt til, og er það m. a. vegna tollanna á öðrum rafmagnstækjum, enda er það veruleg lækkun á tollunum af heimilisvélunum, sem hér er gert ráð fyrir, þegar tillit er tekið til þess, að af verkfærum og vinnuvélum verður yfirleitt hærri verðtollur eða 15%, sbr. nr. 46—47 og 49—54 í 73. kafla tollskrárinnar, og búsáhöld önnur en rafmagns eru í 30% verðtolli, sbr. t. d. nr. 83 í 63. kafla, eins og þeim lið var breytt með lögum nr. 6/1945. Rétt þykir, að verðtollur af óupptöldum búsáhöldum lækki ekki meira en í 15%, þar eð um margs konar áhöld getur verið að ræða og þau ekki öll sem nauðsynlegust.
26. Langmest af þeim mælum, sem teljast nú til nr. 20 í 77. kafla, eru alls konar hitamælar á vélar, t. d. gufuvélar, bifvélar og hitunartæki, sem eru í mjög lágum tolli, og er því 30% verðtollur á þessum mælum óeðlilega hár tollur, og því er borin fram tillaga um lækkun þá, sem hér um ræðir, en beiðni um hana er komin víða að.
27. Hin tilbúnu mótanlegu efni („plastikefni“) eru notuð á sama hátt og tré, málmar, gler o. fl., en þessi síðarnefndu efni eru eftir tollskránni í miklu lægri tollum. Þessi munur hefur þótt mjög óeðlilegur og verið þess valdandi, að hin mótanlegu efni og vörur úr þeim hafa ekki verið fluttar inn, þó að þær hafi verið heppilegri og endingarbetri. Til þess að bæta úr þessu misræmi, sem er á tollinum á þessum efnum og öðrum hliðstæðum, er borin fram sú tillaga, sem hér um ræðir. Þá er fyrirsögnin að umræddum númerum gerð skýrari en hún er nú.

Um 2. gr.

1. Tollfrelsisákvæðin í g-lið 2. gr. eru hér gerð fyllri og það til þess að koma í veg fyrir misnotkun, eins og tillagan ber með sér.
2. Ákvæðið í j-lið 2. gr. kom fyrst í tolllög árið 1914 og var sett vegna saltfiskjar, sem var endursendur frá útlöndum. Það hefur oftast reynzt ókleift að full-

nægja því skilyrði, að hinar endursendu vörur, t. d. skinn og vefnaðarvara, kæmu í sömu umbúðum og þau fóru í héðan, enda vörur þessar oftast skoðaðar og umpakkaðar erlendis. Gegnir hér að sjálfsögðu oftast öðru máli en með saltfisk, enda nærtækast að pakka saltfiskinn í sömu strigaumbúðirnar og hann fór í héðan. Til þess að bæta um ákvæðið í samræmi við fengna reynslu og önnur ákvæði 2. gr., sbr. k-lið 2. gr., er flutt breytingartillaga sú, sem hér um ræðir.

Um 3. gr.

1. Allar þær vörur, sem um ræðir í 1. málsgr., teljast eftir breytinguna annaðhvort til i- eða j-liðs. En orðalagið í i- og j-lið er gert víðtækara en það er nú eftir 1. málsgr. 3. gr., en þar eru nú taldar upp ákveðnar vörur, og hefur alls sjö sinnum þurft að breyta tollskránni vegna útflutningsvara síðan hún var fyrst samin, en með hinu almenna orðalagi á i- og j-lið á að vera komið í veg fyrir þessar tíðu breytingar vegna útflutningsvaranna, varanna í þær og umbúðir um þær.
2. Sjálfsögð orðalagsbreyting, vegna þess að 1. málsgr. er felld niður.
3. Rétt þykir, að efni í tunnur fylgi öðru efni um innlendar framleiðsluvörur. Lagt er því til, að ákvæðin um tunnuefnið verði felld úr h-lið, en eftir niðurfellinguna kemur þá tunnuefnið undir ákvæðin í i-lið, eins og annað efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur.
4. Kassagerðirnar búa nú til undir útflutningsvörur pappaumbúðir úr pappír, límí og vaxi og fara því fram á það, að þessar vörur bætist við upptalninguna á síðasta málslið 3. gr., eins og hann varð með lögum nr. 56/1943. Í stað þess að bæta enn nýjum vörum við upptalninguna, er lagt til, að endurgreiðsluákvæðið í i-lið verði orðað svo almennt, að það taki yfir allar vörur, sem notaðar eru í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar. Með því er komizt hjá hinum tíðu breytingum, sem leiðir af tilbreytninni með þessar umbúðir.

Þá fara kassagerðirnar fram á það, að við orðin „vaxbornar umbúðir" í nr. 33 í 44. kafla bætist: um útflutningsvörur. Halda þær því réttilega fram, að ekki þurfi annað en bera pappaumbúðir vaxi, til þess að þær komi undir hinn lága toll eftir nr. 33 í 44. kafla, en sé þessu ekki breytt aftur, séu þær sviptar verulegri tollvernd, sem þær hafi haft á framleiðslu á umbúðum fyrir innlenda markaðinn. Réttara þykir að fella alveg niður nr. 33 í 44. kafla og láta vaxbornar umbúðir fylgja öðrum umbúðum um útflutningsvörur eftir j-lið. Sama máli gegnir um nr. 20a í 45. kafla.

Eins og kunnugt er, hefur innlent tollvörugjald verið hækkað um 50%. Út af því hafa framleiðendur þessara vara farið fram á það, að aðflutningsgjöldin af sömu vörutegundum verði hækkuð að sama skapi. Til þess að hægt sé að verða við beiðni þessari, er borin fram tillaga sú, sem er í k-lið.

Blaðamannafélag Íslands fer fram á tollundanþágu fyrir myndamót, sem fréttablöðin fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að. Er hér um að ræða mót af fréttamyndum og öðru slíku, sem í sumum tilvikum og að nokkru leyti má setja á bekk með fréttablöðum, og því e. t. v. ástæða til að tolla þessi myndamót lægra en önnur. Hafa verður þó það í huga, að innlendar prentmyndagerðir eiga, eins og aðrar hliðstæðar iðngreinar, kröfu á nokkurri tollvernd, og er því gert ráð fyrir því, að lækkunarákvæðið sé heimildarákvæði, svo að ráðuneytið geti eftir atvikum hverju sinni komið á eðlilegu jafnvægi annars vegar milli þarfa blaðanna á lágum tolli á umræddum myndamótum og hins vegar sanngjarnrar tollverndar prentmyndagerðunum til handa.

Ed. **584. Lög**

um vernd barna og ungmenna.

Afgreidd frá Ed. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 555 (sbr. 162).

Nd. **585. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Lögin um almannatryggingar frá 7. maí 1946 koma fyrst til framkvæmda á þessu ári. Við því var að búast með svo stórfelldum breytingum, sem lögin ákveða annars vegar um aukin réttindi og hlunnindi ýmissa þjóðfélagsþegna og hins vegar um stórauknar kvaðir og skyldur skattþegnanna, að ýmislegt í ákvæðum laganna væri þannig vaxið, að breytinga og lagfæringa þyrfti við. Um það eru víst flestir sammála. Það kom og í ljós við undirbúning löggjafarinar á Alþingi 1946. Þar ríkti mikil óánægja hjá mörgum hv. alþm. um ákvæði laganna, en úr því fékkst ekki bætt í það sinn. Í byrjun þessa þings voru samþ. ýmsar breytingar á lögunum. Þar var þó ekki um efnisbreytingar að ræða, heldur eingöngu forms- og framkvæmdaratriði. Nú liggja fyrir Alþ. tvö frv., sitt í hvorri þingdeild, um allveigamiklar efnisbreytingar á tryggingalöggjöfinni. Um frv. það, sem hér er tekið til meðferðar á þskj. 75, frá hv. þm. V.-Húnv., er það að segja, að aðeins einn nefndarmanna (HelgJ) kvað sig samþykkan flestum þeim breytingum, sem frv. gerir ráð fyrir, aðrir nefndarmenn töldu sig ekki geta aðhyllzt þær breytingar, sem hér er um að ræða, en sumir nefndarmenn lýstu því yfir, að þeir æsktu breytinga á öðrum ákvæðum en hér er farið fram á á tryggingalöggjöfinni. Það virðist því vera augljóst, að innan Alþingis er allmikill vilji fyrir ýmsum breytingum á téðri löggjöf.

Nefndin sendi frumvarpið til umsagnar Tryggingastofnun ríkisins, og barst nefndinni bréf frá tryggingaráði, dags. 13. febr. s. l., þar sem tryggingaráð getur fyrir sitt leyti ekki mælt með stórfelldum efnisbreytingum á lögunum fyrr en að fenginni nokkurri reynslu á framkvæmd þeirra. Nefndin féllst eftir atvikum á þetta sjónarmið tryggingaráðs og áleit, að hyggilegast væri að bíða átekta og beinir því til hæstv. ríkisstj., að hún þegar að fenginni nokkurri reynslu á framkvæmd laganna beiti sér fyrir endurskoðun á tryggingalöggjöfinni í heild. Nefndin var sammála um að leggja til, að frv. yrði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem enn er ekki fengin nein reynsla á framkvæmd á lögunum um almannatryggingar, lítur deildin svo á, að ekki sé rétt að samþykkja að svo stöddu stórfelldar efnisbreytingar á tryggingalöggjöfinni, en beinir því til hæstv. ríkisstj., að hún, þegar að fenginni nokkurri reynslu á framkvæmd laganna, beiti sér fyrir almennri endurskoðun á tryggingalöggjöfinni í heild, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. marz 1947.

Sigurður E. Hlíðar, form.	Katrín Thoroddsen, fundaskr., með fyrirvara.	Helgi Jónasson, frsm.
Gylfi Þ. Gíslason.	Garðar Þorsteinsson.	

Ed. 586. Nefndarálit

um frv. til l. um að tryggja manneldisgildi hveitis.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. þetta er flutt af heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. samkv. ósk heilbrigðismálaráðherra. Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. marz 1947.

Brynjólfur Bjarnason, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.
Gísli Jónsson. Hermann Jónasson.

Nd. 587. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 93 28. des. 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Síðari mgr. 1. gr. laganna skal orða svo:
Heimild þessi gildir þó eigi lengur en til 1. maí 1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 14 28. febr. 1947.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk fjármálaráðherra, og fylgdi því svolátandi greinargerð:
Sýnt er, að afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár getur ekki orðið lokið fyrir 1. apríl, og ber því nauðsyn til þess að framlengja enn heimild þá til bráðabirgðafjárgreiðslna framan af árinu, er ríkisstjórninni var veitt með lögum nr. 93/1946 og lögum nr. 14/1947.

Ed. 588. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Menntaskólar skulu vera fjórir: Einn í Reykjavík, annar á Akureyri, hinn þriðji á Ísafirði og sá fjórði að Eiðum. — Stofna skal hinn fimmta menntaskóla í sveit í Sunnlendingafjórðungi, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.
Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um menntaskóla er svo ákveðið, að menntaskólar skuli vera tveir, í Reykjavík og á Akureyri. Í frumvarpi þessu er um þá eina breytingu að ræða, að menntaskólarnir skuli vera fjórir, sinn í hverjum landsfjórðungi, og verði þannig reistir menntaskólar á Ísafirði fyrir Vestfirðingafjórðung og að Eiðum fyrir Austfirðingafjórðung.

Samkvæmt lögunum um gagnfræðanám frá síðastliðnu ári er skólum gagnfræðastigsins ætlað það hlutverk að tengja saman barnaskólana annars vegar og sérskóla og menntaskóla hins vegar. Skólar þessa stigs eru ætlaðir unglingum á aldrinum 13—17 ára.

Samkvæmt 2. gr. sömu laga er tilgangur gagnfræðanámsins sá, „að efla andlegan og líkamlegan þroska unglinga, veita þeim lögboðna fræðslu, búa þá undir framhaldsnám í menntaskólum, sérskólum og sérfræðinámskeiðum svo og undir ýmis störf, sem krefjast góðrar almennrar menntunar".

Í hverju fræðsluhéraði skal starfa gagnfræðaskóli og í hverju skólahverfi skal vera að minnsta kosti einn skóli, sem veiti skyldufræðslu gagnfræðastigsins. Enn fremur segir í lögunum um gagnfræðanám, að öllum, sem lokið hafi barnaprófi, sé skylt að hefja gagnfræðanám, og lýkur skyldunáminu með unglingaprófi á því ári, sem nemandinn verður 15 ára, nema sveitarfélag hafi notfært sér heimild laganna um skyldunám til 16 ára aldurs.

Þetta nám, sem hér um ræðir, fer fram í fjögurra ára gagnfræðaskólum kaupstaðanna, í tveggja ára unglingaskólum um land allt í kauptúnum og sveitum og í framhaldi af því í tveggja ára héraðsgagnfræðaskólum sveitanna, sem taka skulu við nemendum víðs vegar að með unglingaprófi. — Mun flestum eða öllum núverandi héraðsskólum verða breytt í það horf á næstu árum.

Á þennan hátt er frá löggjafans hendi mjög vel séð fyrir möguleikum æskulýðsins, hvar sem er á landinu, til nokkurs framhaldsnáms að barnaskólanámi loknu.

Með miðskólaprófi öðlast nemendur samkvæmt gildandi lögum rétt til inngöngu í menntaskóla og kennaraskóla, og eru máðir þessir skólar fjögurra ára skólar.

En þegar hér er komið, vottar fyrir eins konar bláþræði á skólakerfinu. Á þessum mörkum torveldast möguleikarnir til framhaldsnáms fyrir mjög mörgu ungu fólki, þar eð menntaskólar eru aðeins á tveim stöðum á landinu, í Reykjavík og á Akureyri, og ávallt yfirfullir.

Nú er mjög víða unnið að því að búa unglingafræðslunni, þ. e. skyldunáminu, skilyrði, ýmist í sambandi við barnaskólana eða með sérstökum unglingaskólum.

Á næstu árum streymir svo unga fólkið, sem lokið hefur unglingaprófi, í gagnfræðaskólana og héraðsgagnfræðaskólana. Verður það mikill fjöldi, sem þannig lýkur miðskólaprófi og öðlast að lögum rétt til framhaldsnáms í menntaskólum og kennaraskóla. Er margt, sem til þess bendir, að mjög almennt verði keppt að stúdentsprófi sem lokamarki.

En þá vaknar spurningin: Á að keyra allt ungt fólk af Austur- og Vesturlandi, sem að afloknu miðskólaprófi vill nota rétt sinn til menntaskólanáms, annað hvort til Akureyrar eða Reykjavíkur til fjögurra vetra dvalar.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að það sé bein og óumflýjanleg afleiðing hinnar nýju skólalöggjafar, að ungu fólki hvaðanæva af landinu **verði veitt sem jöfnust aðstaða til að ná því æskilega marki á menntabrautinni að geta lokið stúdentsprófi, ef hugur stendur til.**

Þess vegna leggjum við til í frumvarpi þessu, að reistur verði menntaskóli Vestfjarða á Ísafirði og menntaskóli Austurlands að Eiðum. Yrði þá skipun þessara mála fyrst um sinn á þann veg, að Reykjavík hefði tvo skóla, sem útskrifuðu stúdenta, menntaskólann og verzlunarskólann, en auk þess kæmi bráðlega einhvers staðar í sveit í Sunnlendingafjórðungi (sennilega í Skálholti eða að Laugarvatni) þriðji

menntaskólinn. Norðlendingar hefðu sinn ágæta menntaskóla á Akureyri — og Vestfirðingar og Austfirðingar fengju sína stúdentaskóla á Ísafirði og að Eiðum.

Þetta sýnist eðlilegri og réttlátari lausn málsins en að byggt verði nýtt menntaskólabákn, eða jafnvel tveir nýir menntaskólar hér í Reykjavík, eins og tillögur hafa komið fram um.

Ef að því ráði væri horfið, væri Reykjavík — dýrasta borg veraldarinnar — með þrjá skóla, sem útskrifuðu stúdenta, en Vestfirðingar og Austfirðingar settir hjá, eins og oft vill verða.

Þetta gæti hvorki talizt réttlátt né heppilegt, þótt einungis væri á málið litið frá fjárhagslegu sjónarmiði.

Það er algeng saga, að þegar foreldrar efnilegra unglinga á Vestur- og Austurlandi hafa verið búnir að koma börnum sínum gegnum gagnfræða- eða héraðsskóla heima fyrir, hafa þeir orðið að taka sig upp og flytja búferlum til Reykjavíkur, til þess að geta fylgt börnum sínum eftir til framhaldsnáms. — Efni leyfðu ekki að kosta þau hér og halda heimili annars staðar. Þá þykir og ýmsum meiri uppeldisleg áhætta við það bundin en svo, að gerlegt sé, að sleppa unglingunum á þessu skeiði hingað einum síns liðs til margra ára dvalar.

Þannig á staðsetning flestra æðri framhaldsskóla í Reykjavík drjúgan þátt í því að draga fólk til Reykjavíkur meira en góðu hófi gegnir.

Að vísu er nú svo komið, að margir játa, að fólksstraumurinn utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur beri ekki heilbrigðri þjóðfélagsþróun vitni, og sé síður en svo æskilegur. Þessa dagana eru mikil skrif um það hér í blöðum höfuðborgarinnar, að hér séu ólöglegir innflytjendur þúsundum saman. Ganga klögumálin á víxl milli fasteignaeigendafélagsins og húsaleigunefndar Reykjavíkur út af því, hvorum þessara aðila það sé **að kenna**, að ekki hafi tekizt að koma í veg fyrir innflutning þessa fólks.

Liggur í loftinu, að **helzt þurfi að hrekja það aftur úr Reykjavík**. Hér sé ekkert húsnæði fyrir það, og að minnsta kosti að þessu leyti sé það hér á annarra kostnað og naumast velkomið. — Í einu dagblaða höfuðborgarinnar í dag er það og staðhæft, að það sé ekki skylda bæjarbúa að byggja yfir hvern „**landshornamann**“, sem hingað vilji flytjast.

„Gjafir eru yður gefnar“, sagði Bergþóra forðum, „og eruð þér litlir drengir, ef þér launið engu“.

Gæti og vel verið álitamál, hversu lengi ætti að þola kögursveinum köpuryrði í þessum málum. Sæmir það að minnsta kosti illa, að þeim mönnum, sem með þröngum Reykjavíkursjónarmiðum í hverju máli stuðla beint að flótta fólksins úr dreifbýlinu, haldist það síðan uppi að taka á móti því með skætingi. Sem betur fer er það þó líka til, að einstöku Reykvíkingar skilji orsakir húsnæðisleysisins, sem enginn fær rönd við reist í höfuðborginni.

Rétt fyrir skömmu, þegar fjárhagsáætlun Reykjavíkur var til afgreiðslu, var húsnæðisleysið í höfuðborginni og aðflutningurinn til borgarinnar aðalumræðuefnið — eða réttara sagt aðal áhyggjuefnið. Við það tækifæri sagði hinn nýi borgarstjóri, Gunnar Thoroddsen, meðal annars þetta:

„Húsnæðismálin eru að sjálfsögðu aðalviðfangsefni okkar. Mannfjölgunin í bænum hefur orðið 10000 á seinustu 5 árum, og hversu mikið aðstreymið verður á næstu árum, fer vitanlega eftir atvinnu og afkomu landsmanna annars staðar á landinu..

Oft hefur verið talað um ráð til að stöðva aðstreymið til bæjarins og þá jafnvel minnzt á svo óviðfelldna tillögu sem átthagafjötra, enda mundi erfitt að setja slík höft á menn.

Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar, t. d. hafa mönnum verið sett þau skilyrði, er fá leigulóðir, að þeir seldu ekki utanbæjarmönnum hús þau, sem þar eru byggð, án samþykkis bæjarráðs. En dæmi eru til, að farið hafi verið í kringum þessi ákvæði.

Ég er á þeirri skoðun, að aðalráðið til að draga úr aðstreymi til bæjarins sé að

gera sem lífvænlegast annars staðar á landinu. Það er því hagsmunamál okkar Reykvíkinga, að í kauptúnum og sjávarplássum fái menn sem bezt og mest atvinnutæki, svo að fólkið haldist þar kyrrt.“

Þetta er vel mælt og viturlega. Og vilja flutningsmenn þessa frumvarps aðeins bæta því við, að atvinnutæki ein úti um landsbyggðina leysa þó ekki þetta vandamál nema að nokkru leyti. — Utan Reykjavíkur þarf auk þess að sjá fólkinu fyrir sæmilegum samgöngum, raforku, og síðast en ekki sízt þarf að sjá því fyrir sem jafnastri aðstöðu til menningar og menntunar á við höfuðstaðarbúana sjálfa.

Á því fer tvímælalaust verr en flestu öðru, að nokkur einokunarblær sé á menningar- og menntunaraðstöðu þegnanna. Þess vegna eiga menntaskólar að rísa af grunni í öllum landsfjórðungum.

Menntaskólar Vestfjarða og Austfjarða yrðu ekki sérlega stórar stofnanir. Fyrst um sinn, sennilega um nokkurt árabil, yrðu aðeins 20—30 nemendur í ársdeild hverri. En eins og kunnugt er, eru menntaskólar fjögurra ára skólar. Þegar þeir væru komnir í fullan gang, mætti því ætla, að í hvorum skólanum yrðu eigi nema ca. 80—120 nemendur.

Þessu næst skal nú í stuttu máli gerð grein fyrir því, á hverju framanskráð áætlun um nemendafjölda, t. d. í menntaskóla Vestfjarða, er byggð.

Í 1. bekk gagnfræðaskólans á Ísafirði eru nú rösklega 90 nemendur. Um það bil helmingur þeirra, eða um 45, eru í bóknámsdeild. Sé gert ráð fyrir því, að þriðjungur þeirra, þ. e. hið bezta úrval þeirra til bóklegs náms, vildi halda áfram námi, eða um 15 nemendur, sést strax, að til er þegar álitlegur stofn í bekksögn lærdómsdeildar.

Þá er þess að geta, að tveir héraðsskólar á Vestfjörðum halda þegar uppi miðskóladeild, þ. e. héraðsskólinn á Núpi í Dýrafirði og héraðsskólinn í Reykjanesi. Þó að eigi sé gert ráð fyrir, að frá þeim kæmu fleiri en 8—10 nemendur samtals á ári til framhaldsnáms í menntaskóla, þá er þarna samt um að ræða a. m. k. 25 nemendur á ári frá þessum þremur vestfirzku framhaldsskólum.

Þannig lítur málið út, eins og nú standa sakir, en hér er ekki tekið tillit til hinnar miklu nemendafjölgunar, sem fyrirsjáanleg er til framhaldsnáms, þegar unglingaskólarnir rísa upp í hverju þorpi og hverri sveit, en þeir eru nú þegar í undirbúningi í samræmi við skólalöggjöfina, bæði á Patreksfirði, í Bolungavík og víðar.

Líkt er þessu háttað með Austfirði. Þar eru Eiðaskóli og gagnfræðaskólinn í Neskaupstað í örum vexti, og fjöldamargir unglingaskólar rísa þar upp á næstu árum.

Málið liggur því þannig fyrir, að Vestfirðingar og Austfirðingar geta með engu móti sætt sig við það til lengdar að verða að senda úrvalsnámsfólk sitt tugum saman á ári hverju til Reykjavíkur til menntaskólanáms.

Allra sízt verður þetta þolað sökum þess, að af þessu leiðir, ekki aðeins það, að flest af þessu unga fólki tapast heimabyggðum sínum fyrir fullt og allt, — heldur leiðir líka af þessu það, að foreldrar námsfólksins neyðast einnig unnvörpum til að taka sig upp og halda til Reykjavíkur, eins og áður er að vikið. — Oft er slíkt fólk af góðum stofni, úrval að andlegu og líkamlegu atgervi. Hinum fámennu byggðum er því sár blóðtaka að furtför þess. Það skilur eftir sig skarð fyrir skildi og sáran söknuð. — En þegar til Reykjavíkur kemur, er því þar tekið með megnri andúð. Hér ættu því hvorir tveggja að geta orðið samtaka — þeir, sem sporna vilja við ofvexti Reykjavíkur, og hinir, sem telja þjóðfélagslegt tjón að tæmingu sveita og kauptúna. Og því þá ekki að verða það í þessu góða máli.

Það er skoðun flm. þessa frv., að áður en hin veglega bygging stýrimannaskólans í Reykjavík var ákveðin sem landsskóli fyrir alla íslenzku sjómannastéttina, hefði þurft að athuga, hvort ekki væri réttara að hafa skólana fleiri og smærri, og þá sérstaklega, hvort sjómannaskólar hefðu ekki öllu fremur átt rétt á sér í aðalútgerðarbæjum landsins en endilega í Reykjavík, sem er og verður miklu fremur verzlunarmiðstöð en útgerðarborg.

Á sama hátt mundi nú vera tímabært að hugleiða það, hvort ekki eigi að reisa iðnskóla úti um land, þar sem iðnaðurinn dafnar bezt og virðist eigi blómlegust framtíðarskilyrði. Og mundi þá ekki vera rétt að komast að niðurstöðu um þetta, áður en Reykjavík sé byggður iðnskóli fyrir 15—20 milljónir með það fyrir augum, að hann verði landsskóli, eins og stýrimannaskólinn.

Á sama hátt er þessu farið með menntaskólana. Þar standa nú sakirnar þannig, að báðir menntaskólarnir eru orðnir of litlir. Rætt hefur verið um að ráðast í stórbyggingar fyrir þessa skóla bæði á Akureyri og í Reykjavík. Hefur verið tekið í mál, að þau stórhýsi, miðuð við þarfir landsins alls, mundu kosta a. m. k. 10—12 milljónir króna, og er þó sennilega of lágt áætlað.

En þá kemur að því, hvort ekki sé réttara að gera það upp við sig nú þegar, — áður en framtíðarmenntaskólabyggingar á Akureyri og í Reykjavík séu undirbúnar og áætlaðar fyrir allt landið, hver skuli verða heildarstefnan í þessum málum fyrir framtíðina.

Það, sem um er að velja, er þetta: Hvort á heldur að staðsetja menntaskólana í Reykjavík og á Akureyri og flytja þangað námsfólkið og mikinn hluta aðstandenda þess, — eða þá hitt, að endurbyggja á Akureyri menntaskóla, er aðallega bæfi þörfum Norðlendinga, í Reykjavík skóla, er hæfi þörf höfuðborgarinnar og nágrennis hennar, að Laugarvatni eða í Skálholti menntaskóla fyrir Suðurland og að síðustu menntaskóla Austfjarða og Vestfjarða að Eiðum og á Ísafirði.

Með seinni leiðinni, þeirri að hafa skólana fleiri og smærri, staðsetta í öllum landsfjórðungum, er uppeldishliðinni óumdeilanlega betur borgið, og ætti það ekki að vera neitt aukaatriði. Með þeirri leið er betur séð fyrir jafnréttisaðstöðu íslenzkrar æsku til framhaldsmenntunar. — Það ætti ekki heldur að teljast neitt hégómamál, Og með seinni leiðinni er í þriðja lagi stefnt að auknu jafnvægi í þjóðfélaginu. Í fjórða lagi fullnægir hún á eðlilegastan og hagkvæmastan hátt „konungshugsjón“ hinnar nýju skólalöggjafar um samfellt fræðslukerfi.

Enginn vafi er á því, að það væri íslenzkri þjóðmenningu ómetanlegur ávinningur, að komið verði upp góðum menntasetrum og menningarmiðstöðvum í öllum landshlutum. Í þeim efnum á ekki að draga allt til Reykjavíkur, þótt margt þurfi auðvitað að gera höfuðborginni til menningarauka.

Einhver kynni nú að hreyfa þeirri mótbáru, að þjóðin hafi ekki efni á því að koma upp menntaskóla í öllum landsfjórðungum. Þess vegna verði að byggja mikinn menntaskóla í Reykjavík og endurbyggja Akureyrarskóla og láta þar við sitja.

Í þessu sambandi viljum við benda á, að hér í Reykjavík kostar lóðin ein undir menntaskóla 5—6 milljónir króna samkvæmt gögnum, sem fram hafa komið á Alþingi. — Fer því ekki mjög fjarri, að fyrir þá upphæð mætti byggja menntaskólana alla, að Eiðum, á Ísafirði og í Skálholti eða að Laugarvatni, en hins vegar má nokkurn veginn fullvíst telja, að á öllum þessum stöðum yrðu lagðar fram ókeypis byggingarlóðir fyrir skólana. Að öðru leyti er viðeigandi að upplýsa eftirfarandi um aðstöðu á þeim stöðum, sem hér hafa verið til nefndir sem menntaskólasetur.

Á Ísafirði er þegar til vegleg yfirbyggð sundhöll. Þar er líka til ágætt bókasafn. Þar er í þriðja lagi einn af veglegustu íþróttasölum landsins. Allt þetta mundi mjög draga úr stofnkostnaði menntaskóla á Ísafirði.

Það, sem þar vantar, er skólahús með 4—5 kennslustofum og rektorsbústað.

Á Eiðum er líka sögu að segja. Þar er rafstöð og miklar byggingar, sem koma mundu að gagni sameiginlega héraðsgagnfræðaskólanum og menntaskóla Austfjarða.

Eins er það með Laugarvatn, ef það yrði fyrir valinu fyrir menntaskóla Suðurlands. Þar er eitt allra veglegasta íþróttahús landsins og margvísleg aðstaða önnur, sem teljast yrði hin ákjósanlegasta fyrir menningarmiðstöð Sunnlendinga.

Menningarlega séð væri það hinn mesti fengur og ávinningur fyrir Austfirðinga og Vestfirðinga, að breyting sú, sem frumvarp þetta fjallar um á skólakerfi voru,

næði fram að ganga. Ætti að vera óþarft að rökstyðja það nánar. — Verður þó að því vikið í framsöguræðu.

Ekki er hallað rétti nokkurs bæjar eða landshluta með framgangi þessa frv. — Nægilegur nemendafjöldi, sem líklegur sé til framhaldsnáms í menntaskólum, er þegar fyrir hendi bæði vestan lands og austan.

Með frumvarpi þessu er farið fram á menningarlegt jafnrétti Austfirðinga og Vestfirðinga á við íbúa annarra landsfjórðunga, og hlut þeirra þó síður en svo haldið fram af óbilgirni. — Að síðustu leggja flm. frv. áherzlu á, að sams konar ráðstöfunum og hér er stefnt að í menningarmálum þurfi og að framfylgja í samgöngumálum, raforkumálum og atvinnumálum. Á þann hátt einan verði þjóðfélagslegu jafnvægi náð.

Leggjum við svo þetta mikilsverða mál fyrir háttvirta alþingismenn og treystum því, að það fái verðugar undirtektir þeirra.

Að síðustu skal á það minnzt, að hér er á ferðinni mál, sem hafið er yfir allan flokkaríg. Það er sammál allra Austfirðinga og Vestfirðinga og verður fylgt með vakandi athygli allra hugsandi manna í þessum landshlutum, þar til það hefur fengið fullnaðarafgreiðslu og endanlega lausn í drengilegri framkvæmd.

Nd. 589. Frumvarp til laga

um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

I. KAFLI
Um skipan og verkefni framleiðsluráðs.

1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi aðal framkvæmd laga þessara, og skal það skipað þannig: 5 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda á fulltrúaráðsfundi þess, og sé einn þeirra formaður framleiðsluráðs, og 4 mönnum er stjórn Stéttarsambandsins skipar samkvæmt tilnefningu eftirgreindra aðila, einn frá hverjum: þeirri deild Sambands ísl. samvinnufélaga, er fer með sölu landbúnaðarafurða, Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Sláturfél. Suðurlands og mjólkurbúunum utan mjólkursölusvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, allir til 2ja ára í senn.

Framleiðsluráð kýs úr sínum flokki 3 menn í framkvæmdanefnd og jafnmarga til vara. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál, sem ekki þykir fært að fresta til fundar framleiðsluráðs.

Framleiðsluráð ræður sér fulltrúa, er annast dagleg störf, það getur einnig valið sér trúnaðarmenn til eftirlits eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Aðalverkefni framleiðsluráðs (auk þess sem um ræðir í 1. gr.) eru:

1. að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara;
2. að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, svo að hún fullnægi eftir því sem kostur er á þörfum þjóðarinnar;
3. að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð varanna;
4. að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir þessar vörur utan lands og innan;

5. að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma;
6. að ákveða verðmiðlun á kindakjöti, mjólk og mjólkurvörum samkv. fyrirmælum laga þessara;
7. að ákveða mjólkursölusvæði samkv. lögum þessum;
8. að verðskrá landbúnaðarvörur í samræmi við vísitölu hagstofunnar, sbr. 2. málsgr. 6. gr. og 7. gr.

3. gr.

Framleiðsluráð lætur safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu landbúnaðarvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma.

Skylt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, er hafa með höndum vinnslu eða sölu landbúnaðarafurða, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þær geta veitt.

II. KAFLI
Um verðskráningu.

4. gr.

Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.

Hagstofu Íslands er skylt að afla nauðsynlegra gagna fyrir 1. júlí ár hvert um framleiðslukostnað landbúnaðarvara og tekjur annarra vinnandi stétta á sama tíma.

5. gr.

Við útreikning framleiðslukostnaðar og verðlagningu á söluvörum landbúnaðarins á innlendum markaði í heildsölu og smásölu skal samkvæmt ákvæðum 4. gr. byggt á verðgrundvelli, sem fenginn er með samkomulagi milli þriggja fulltrúa, sem tilnefndir eru af stjórn Stéttarsambands bænda og 3ja fulltrúa frá þessum félagssamtökum neytenda: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Sjómannafélagi Reykjavíkur.

Nefndinni til aðstoðar er hagstofustjóri og formaður búreikningaskrifstofu landbúnaðarins.

Verði samkomulag með öllum nefndarmönnum, er það bindandi.

Nú næst ekki samkomulag um einhver atriði snertandi útreikning framleiðslukostnaðar, eða verðlagningu landbúnaðarvara, og skal þá vísa þeim atriðum, er ágreiningi valda, til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefnd þessi skal skipuð 3 mönnum, einum tilnefndum af fulltrúum Stéttarsambands bænda, öðrum af fulltrúum neytenda og hagstofustjóra sem oddamanni.

Fellir hún fullnaðarúrskurð um ágreiningsmálin.

Ákvæðin um yfirnefnd gilda á meðan greitt er niður með ríkisfé verð landbúnaðarafurða eða ef útflutningsuppbætur eru greiddar á þær.

6. gr.

Verðlagsgrundvöllur sá, er um ræðir í 4.—5. gr., svo og verðlagning söluvaranna, skal ákveðinn í fyrsta skipti fyrir 1. ágúst 1947 og gildir eftir það þar til annar verðlagsgrundvöllur er fundinn. Fulltrúar framleiðenda og neytenda geta hvor um sig óskað endurskoðunar á verðlagsgrundvellinum. Ef ósk fulltrúa um endurskoðun er komin til gagnaðila fyrir lok febrúarmánaðar það ár, sem óskað er eftir að endurskoðunin verði látin fram fara, skal hún þegar tekin til greina. Við endurskoðun

þessa skal fylgja fyrirmælum 4. og 5. gr. og skal henni lokið svo tímanlega, að söluverð á landbúnaðarvörum verði ákveðið í samræmi við hana fyrir 1. ágúst sama ár.

Hagstofa Íslands reiknar árlega framleiðslukostnað landbúnaðarvara, eða vísitölu hans á grundvelli áðurgreinds samkomulags eða tillagna yfirnefndar (sbr. 5. gr.) og skal framleiðsluráð miða verðlagning á landbúnaðarvörum árlega við þann útreikning.

Hið nýja verðlag tekur gildi 1. ágúst ár hvert. Enginn má kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti, sem verðskráðir eru samkv. lögum þessum, fyrir annað verð en það, sem ákveðið er á hverjum stað og tíma.

7. gr.

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja óskum neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. sept., skal framleiðsluráð verðskrá kjöt af því fé þeim mun hærra en hið ákveðna haustverð, sem nemur væntanlegum þyngdarauka kindanna að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

Verð á garðávöxtum að sumrinu fyrir 15. sept. og að vetrinum eftir 1. nóv. skal ákveða með hliðsjón af ákvæðum 5. gr. laga nr. 31 2. sept. 1943.

8. gr.

Kostnaður við framkvæmd II. kafla þessara laga greiðist af ríkissjóði.

III. KAFLI

Um sauðfjárafurðir.

9. gr.

Framleiðsluráð úthlutar slátrunarleyfum, og má enginn slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis framleiðsluráðs. Heimilt skal þó sauðfjáreigendum, er verka hangikjöt á heimilum sínum, að selja það beint til neytenda, en fá skulu þeir leyfi til þess og greiða af því verðjöfnunargjald. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félaga, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annarra félaga. Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðlima sinna. Enn fremur getur nefndin veitt leyfi samvinnufélögum bænda, er stofnuð kunna að verða eftir að lög þessi öðlast gildi, á svæði, þar sem ekki eru samvinnufélög fyrir, og sem ekki falla undir ákvæði 4. málsl. þessarar greinar, sömuleiðis þeim verzlunum öðrum, sem uppfylla skilyrði þau, sem sett eru um sláturhús og verzlun kjöts samkvæmt ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933. Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárins til sláturhúss, að illfært sé að dómi framleiðsluráðs.

Í leyfi getur framleiðsluráð ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands, svo og hvernig kjötið af því fé skuli verkað.

10. gr.

Þeir, sem slátra fé til sölu, gefa ráðinu skýrslu um daglega slátrun, staðfesta af kjötmatsmönnum, og standa skil á verðmiðlunargjaldinu til framleiðsluráðs. Stjórn neytendafélags, er fengið hefur slátrunarleyfi, skal einnig senda slíka skýrslu og standa skil á verðmiðlunargjaldinu. Gjalddagi er, þegar slátrun fer fram, nema framleiðsluráð heimili annað.

11. gr.

Framleiðsluráð ákveður um leið og það veitir slátrunarleyfi ár hvert, hversu mikið hverjum leyfishafa ber að halda eftir af verði kjötsins til verðmiðlunar.

12. gr.

Skylt er öllum, sem verzla með sauðfjárafurðir, að láta framleiðsluráði í té allar upplýsingar og skýrslur, er það óskar eftir og þeir geta veitt, viðvíkjandi sölu og söluhorfum á sláturfjárafurðum bæði innan lands og utan.

13. gr.

Framleiðsluráð gerir þær ráðstafanir, er það telur þurfa, til þess að innlendi markaðurinn fyrir kjöt og slátur notist sem allra bezt og fullnægt verði sanngjörnum óskum neytenda. Það hefur eftirlit með allri meðferð sláturfjárafurða, stuðlar að notkun beztu aðferða við geymslu kjötsins og leiðbeinir eða hlutast til um, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og alla meðferð þessara vara og verzlun með þær. Það getur enn fremur takmarkað flutning á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum milli markaðsstaða, ef það telur það hagkvæmara fyrir söluna.

14. gr.

Framleiðsluráði er heimilt, ef það telur þess þörf, að láta ákvæði þessara laga um sölu og verðmiðlun gilda um aðrar sauðfjárafurðir.

IV. KAFLI

Um sölu stórgripakjöts.

15. gr.

Framleiðsluráð hefur eftirlit með sölu nautgripakjöts og vinnur að því, að það verði flokkað og metið eftir tegundum og gæðum, enda verði verðskráning á kjötinu í heildsölu og smásölu miðuð við þá flokkun. Það getur enn fremur ákveðið, að því aðeins sé heimilt að selja nautgripakjöt á opinberum markaði, að gripunum hafi verið slátrað á sláturstöðum, sem framleiðsluráð eða umboðsmaður þess hefur viðurkennt viðunandi.

16. gr.

Framleiðsluráð verðskráir hrossakjöt á innlendum markaði, ef Búnaðarfélag Íslands eða félag framleiðenda, sem framleiðsluráð viðurkennir, óskar þess.

Nú hafa framleiðendur sláturhrossa myndað með sér félag, sem framleiðsluráð viðurkennir, og skal þá framleiðsluráð setja reglugerð um sölu og meðferð sláturhrossa og hrossakjöts, ef félagið, er að framan greinir, óskar þess.

Í reglugerð þessari skal tekið fram meðal annars:

1. Um skiptingu landsins í sölusvæði.
2. Bann gegn sölu afsláttarhrossa og hrossakjöts milli sölusvæða nema með samþykki framleiðsluráðs.
3. Að framleiðsluráð ákveði kjötverð í heildsölu og smásölu eftir árstíðum og gæðum.
4. Um mat og flokkun hrossakjöts.
5. Um skipun söluráðs hvers sölusvæðis, er starfi undir yfirumsjón framleiðsluráðs.
6. Um úthlutun söluleyfa, er miðist við markaðshorfur á hverjum tíma og hrossaeign manna á hverju sölusvæði samkv. síðasta skattframtali, eftir því sem við verður komið.

V. KAFLI
Um sölu mjólkur og mjólkurafurða.

17. gr.

Framleiðsluráð ákveður skipun mjólkursölusvæða. Að jafnaði markar sú aðstaða mjólkursölusvæði, að hægt sé að selja daglega til kaupstaða eða kauptúna innan mjólkursölusvæðisins óskemmda mjólk af öllu svæðinu, annað hvort frá einstaklingum eða viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á því mjólkursölusvæði.

Nú getur sveit eða hérað ekki flutt mjólk daglega til sölustaðar, og er framleiðsluráði þó engu að síður heimilt, ef svæði þetta hentar sérstaklega til mjólkurframleiðslu eða ef þar er sérstök þörf á aukningu mjólkurframleiðslu, að færa þær byggðir undir það mjólkursölusvæði, er bezt hentar vegna samgangna og annarrar aðstöðu, enda sé þá jafnframt tekið tillit til þess, hvar mjólkurinnar er mest þörf.

Við skiptingu í mjólkursölusvæði, skal framleiðsluráð enn fremur taka tillit til þess, hvar einstaklingar eða mjólkurbú hafa selt neyzlumjólk sína. Óheimilt er öllum mjólkurframleiðendum að selja mjólk eða rjóma utan þess mjólkursölusvæðis, sem þeir eru búsettir á, nema með leyfi framleiðsluráðs.

18. gr.

Framleiðendur sölumjólkur á hverju mjólkursölusvæði velja sér stjórn, er hefur á hendi stjórn mjólkurmálanna, þar á meðal mjólkursöluna á því sölusvæði. Hún annast enn fremur innheimtu verðmiðlunargjalds af neyzlumjólk og afhendingu þess til framleiðsluráðs. Þar, sem starfandi eru fleiri en eitt mjólkurbú, sem viðurkennd eru af ríkisstjórninni og hafa á hendi daglega sölu á mjólk og rjóma til neytenda, skulu þau hafa sameiginlega yfirstjórn, er nefnist samsölustjórn. Þau kjósa á aðalfundi mjólkurbúanna fulltrúa á sameiginlegan fulltrúafund fyrir mjólkursölusvæðið, sem svo kýs stjórn samsölunnar á því svæði.

Nú er ekkert mjólkurbú starfandi á mjólkursölusvæði og getur þá framleiðsluráð hlutazt til um og fyrirskipað, að bændur þeir, er mjólk selja í kaupstað eða kauptún innan þess svæðis, myndi með sér félagsskap og kjósi stjórn, er sjái um mjólkursöluna og annað, er hana snertir.

19. gr.

Á mjólkursölusvæðum, þar sem starfandi er samsölustjórn samkv. 18. gr., skal greiða sérstakt gjald af allri neyzlumjólk og rjóma, sem samsalan selur frá mjólkurbúunum, félögum eða einstökum mönnum á svæðinu. Gjald þetta nefnist verðjöfnunargjald mjólkursvæða og ákveðst fyrirfram af stjórn hlutaðeigandi mjólkursamsölu, og má breyta því eftir því sem þurfa þykir.

Tekjuafgangur mjólkursamsölu skal renna í verðjöfnunarsjóð hlutaðeigandi mjólkursölusvæðis eftir að nauðsynlegar afskriftir hafa farið fram og aðrar greiðslur, er stjórn samsölunnar telur nauðsynlegt að inna af hendi, enda hafi það þá áhrif á ákvörðun verðjöfnunargjaldsins.

Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu á viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á mjólkursölusvæðinu. Verðjöfnun innan hvers mjólkursölusvæðis skal jafnan miðuð við það, eftir því sem við verður komið, að allir mjólkurframleiðendur á mjólkursölusvæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína komna á sölustað. Þeir, sem ekki senda mjólk sína á sölustað, heldur í mjólkurbú til vinnslu, skulu því fá þeim mun minna verð fyrir mjólk sína er svarar til flutningskostnaðar hennar frá því búi til sölustaðar, enda sé þá flutningskostnaður vinnsluvaranna til sölustaðar innifalinn í stöðvargjaldi búsins. Flutningskostnaður þessi, bæði á mjólk og mjólkurafurðum, skal ákveðinn fyrir fram af stjórn samsölunnar, svo oft sem hún telur ástæðu til, þannig, að hann sé sem næst raunverulegum kostnaði á hverjum tíma, og með hæfilegri hliðsjón af reynslu undanfarandi ára. Stöðvar- og vinnslukostnaður skal talinn jafn hjá öllum mjólkur-

búum á sama mjólkursölusvæði fyrir hverja vörutegund, sem þau framleiða. Kostnað þennan ákveður samsölustjórnin eftir því, sem hún telur hæfilegt að fengnum upplýsingum um kostnað við rekstur mjólkurbúa af líkri stærð og skýrslum um starfrækslukostnað mjólkurbúanna á mjólkursölusvæðinu.

Verði ágreiningur milli mjólkurbúanna um flutningskostnað eða stöðvar- og vinnslukostnað, sker framleiðsluráð úr.

20. gr.

Þar, sem samsölustjórn er starfandi samkvæmt ákvæðum 18. gr., skal öll sala og dreifing á neyzlumjólk og rjóma fara fram undir yfirstjórn hennar. Heimilt er þó stjórn samsölunnar með samþykki framleiðsluráðs að leyfa þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða eða kauptúna, að velja um, hvort þeir afhenda samsölunni sölumjólk sína og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkv. 21. gr., eða selja hana beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni verðjöfnunargjald svo sem samsölustjórnin ákveður á hverjum tíma. Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 2800 lítra ársnyt úr hverri kú, nema meðalársnyt hafi reynzt önnur samkv. skýrslu nautgriparæktarfélaga á mjólkursölusvæðinu og skal gjaldið þá miðað við það.

Heimilt er hverjum framleiðanda, er nýtur framangreindrar undanþágu, að undanskilja til heimilisþarfa 1 lítra mjólkur á dag á hvern heimilismann hans. Heimilismenn teljast hér auk framleiðanda þeir, sem hann hefur á framfæri, og hjú hans. Framleiðandi tilkynnir tölu heimilismanna og færir sönnur á hana, ef samsölustjórnin óskar þess.

Skylt er þeim, er heimild hafa til að selja mjólk sína beint til neytenda, að hlýta þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti við framleiðslu og afhendingu mjólkurinnar, sem tilskilið er í lögum og heilbrigðisreglugerðum á hverjum tíma.

21. gr.

Nú hefur mjólkurframleiðandi, sem búsettur er í þeim kaupstað eða kauptúni, þar sem mjólkin er seld, ræktað land til fóðuröflunar innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, og skal hann þá undanþeginn verðjöfnunargjaldi af þeirri mjólk, sem hann framleiðir af því fóðri, er fæst af hinu ræktaða landi, og telst þá, að hektari gefi af sér kýrfóður. Fyrir það mjólkurmagn, sem þeir framleiðendur selja allt árið, jafnt sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem mjólkin er seld, og ekki selja beint til neytenda, skal þeim greiddur einn eyrir á lítra umfram verðjöfnunarverð. Greiðist upphæð þessi eftir á fyrir næstliðið ár, og skal taka tillit til þess, þegar verðjöfnunargjaldið er ákveðið.

22. gr.

Þar sem aðeins eitt mjólkurbú er starfandi á mjólkursölusvæði, skal stjórn þess annast alla sölu og dreifingu mjólkur og rjóma í kaupstöðum eða kauptúnum innan mjólkursölusvæðisins, samanber þó 21. gr.

23. gr.

Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkurbú, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk eða rjóma í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem eru innan mjólkursamsölusvæðis, sbr. þó 21. gr.

Enn fremur er stjórn mjólkurmálanna á hverju mjólkursölusvæði heimilt að veita leyfi til að afhenda mjólk að gjöf og heimila framleiðanda að taka mjólk til eigin neyzlu utan heimilis síns, ef henni þykir sérstök ástæða til. Heimilt er samsölustjórnum að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annarra mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða.

24. gr.

Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum, svo sem framast er unnt. Öll mjólk og rjómi, sem selt er frá sölumiðstöð mjólkurbúa samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneydd.

Um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum skulu sett ákvæði í reglugerð, í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Sala á þeirri mjólk skal fara fram á sama hátt og sala á annarri neyzlumjólk.

Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður af framleiðsluráði, í samráði við stjórn heilbrigðismálanna, um framleiðslu barnamjólkur.

25. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi yfirstjórn mjólkursölumála landsins. Skal það stuðla að því, að ávallt sé næg neyzlumjólk og mjólkurvörur til sölu í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem stöðugur markaður fyrir þessar vörur er fyrir hendi og líkur benda til, að markaður vinnist með skipulegri sölu.

Framleiðsluráð skal fylgjast með sölu mjólkur og mjólkurvara um land allt, ásamt þörfum neytenda fyrir þessar vörur. Það aflar sér nauðsynlegra skýrslna og upplýsinga, er að þessu lúta, og er mjólkurbúum og öðrum félögum eða fyrirtækjum, er að þessum málum starfa, skylt að láta framleiðsluráði í té allar upplýsingar um þessi efni, er þau geta.

26. gr.

Nú kemur í ljós, að vöntun er á mjólk og mjólkurvörum. Skal þá framleiðsluráð hlutast til um í samráði við Búnaðarfélag Íslands, mjólkurframleiðendur á hlutaðeigandi mjólkursölusvæðum og forráðamenn viðkomandi kaupstaða og kauptúna, að bót fáist á mjólkurskortinum, t. d. með bættum samgöngum, félagsbundinni sölu o. s. frv. Enn fremur er framleiðsluráði heimilt, ef mjólk vantar á vissum tíma árs, að fyrirskipa misjafnt mjólkurverð til framleiðenda eftir árstíðum og aðrar þær verðlagsbreytingar á mjólk, er líklegar þykja til að tryggja jafnari mjólkurframleiðslu á mjólkursölusvæðinu. Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf kauptúna eða kaupstaða verður aðeins fullnægt með sérstaklega kostnaðarsömum flutningum, og er framleiðsluráði þá heimilt, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar eða kauptúna óskar þess, að víkja frá gildandi mjólkurverði á staðnum og láta niður falla verðjöfnunargjald af þeirri mjólk, sem að er flutt. Aldrei skal greiða verðjöfnunargjald af sömu mjólk nema á einum stað. Verði ágreiningur um heildsöluverð einhverrar vöru, sem seld er milli verðjöfnunarsvæða, sker framleiðsluráð úr.

27. gr.

Framleiðsluráði ber að hafa íhlutun um, að mjólkurframleiðendur komi sér upp mjólkursölustöðvum í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem engar eru fyrir eða eru ófullnægjandi. Getur framleiðsluráð krafizt þess, að byggingu stöðvarinnar sé hagað þannig, að mjólkursölustöðin geti einnig tekið á móti mjólk til vinnslu, þegar þörf krefur. Í því sambandi er framleiðsluráði heimilt í samráði við stjórnir mjólkurmálanna á hlutaðeigandi mjólkursölusvæði að ákveða stofngjald á alla innvegna mjólk, er lagt sé í sérstakan sjóð, er varið sé til að bæta og tryggja skilyrði til vinnslu og sölu mjólkurinnar.

Mjólkursölustöðvar, sem jafnframt hafa vinnslu, skulu reistar, þar sem skilyrði til mjólkurframleiðslu þykja álitleg og þá samkvæmt fyrirsögn sérfróðs manns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Telji framleiðsluráð félagsskap framleiðenda, er að slíkri byggingu stendur, svo traustan, að af framkvæmdum hans megi vænta varanlegra umbóta á sviði mjólkurmálanna, skal ríkissjóður styrkja þær stöðvar að ¼ stofnkostnaðar, enda leggi

hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélag stöðinni til ókeypis lóð á hentugum stað. Hafa stöðvar þessar sömu réttindi og skyldur og mjólkurbú samkv. lögum þessum.

Framleiðsluráð getur þó heimilað sölustöðvum þessum, er því þykir nauðsyn til bera, að selja ógerilsneydda mjólk, en lúta verða þær að öðru leyti öllum fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar um alla meðferð mjólkurinnar.

VI. KAFLI
Um verðmiðlun.

28. gr.

Verðmiðlun á kjöti, mjólk og mjólkurvörum skal haga þannig:

a. Á kjöti: Greiða skal verðmiðlunargjald á allt kindakjöt, er nægi til þess að sláturleyfishafar fái greitt sama verð fyrir sams konar vöru afhenta af framleiðanda á sláturstað.
b. Á mjólk og mjólkurvörum: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af allri mjólk, sem seld er til neyzlu til að koma á hentugri vinnuskiptingu milli búanna, svo og til verðmiðlunar á milli mjólkursölusvæða, eftir því er framleiðsluráð telur þörf á o. fl. (sjá 29. gr.).

29. gr.

Framleiðsluráð ákveður árlega, hve hátt verðmiðlunargjald skuli tekið í samræmi við a- og b-lið 28. gr. til þess að framkvæma þá verðmiðlun, er þar um ræðir, og standa straum af framkvæmdum laga þessara, þar á meðal kostnaði vegna framleiðsluráðs o. fl. (sjá þó 8. gr.).

30. gr.

Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkurmálanna á hverju mjólkursölusvæði skulu standa framleiðsluráði skil á verðmiðlunargjaldinu samkvæmt fyrirmælum þess. Gjald þetta er heimilt að taka lögtaki.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðmiðlunarinnar og aflar sér þeirra gagna, sem þörf er á í því skyni. Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita framleiðsluráði upplýsingar, er að þessu lúta, og þær geta í té látið.

VII. KAFLI
Um iðnað úr landbúnaðarvörum.

31. gr.

Framleiðsluráð safnar árlega skýrslum um öll iðnfyrirtæki hér á landi, er vinna úr íslenzkum landbúnaðarvörum, hvers konar vinnsla þeirra er og magn hrávöru og vinnsluvöru. Enn fremur ber ráðinu að afla sér upplýsinga um markaði og markaðshorfur innan lands og utan fyrir íslenzkar iðnaðarvörur, unnar úr framleiðsluvörum landbúnaðarins.

32. gr.

Nú telur framleiðsluráð, að skortur sé innanlands á iðnaðarvörum þeim, er um ræðir í 31. gr., eða að ónotuð séu góð markaðsskilyrði erlendis, svo að til tjóns sé fyrir landbúnaðinn, og ber þá framleiðsluráði að stuðla að því, að ný iðnaðarfyrirtæki verði stofnuð eða önnur efld svo, að fullnægt verði varanlegri eftirspurn eftir þessum vörum og hinir erlendu markaðir nýtist eftir því sem bezt má verða.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

33. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum framleiðsluráðs.

34. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber lögreglumál. Varða brot sektum frá 300—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ef aðili, sem samkv. lögum þessum er skylt að gefa framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té, má beita dagsektum frá 20—200 kr.

35. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð á sölu mjólkur og rjóma og breyting á þeim lögum, nr. 66 1937 og nr. 33 1942. Enn fremur lög nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með sauðfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim og breyting á þeim lögum, nr. 32 1943. Enn fremur lög nr. 11 19. marz 1946, um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl., og loks 1. og 2. málsgr. 7. gr. laga nr. 31 2. apríl 1943, svo og öll önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samið og flutt samkvæmt því samkomulagi, er gert var um afurðasölumál landbúnaðarins milli þeirra þingflokka, er standa að núverandi ríkisstjórn. Jafnframt þótti heppilegt að nota þetta tækifæri til að færa saman í eina heild lagaákvæði um þetta efni, sem nú eru nokkuð á dreifingi.

Í frumvarpi þessu eru því færð saman í einn lagabálk ákvæði í núgildandi lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim, og um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl. Enn fremur hefur verið stuðzt við frumvarp, er samþykkt var af aukabúnaðarþinginu 1945 um þetta efni og lagt var fyrir Alþingi, en varð ekki útrætt. Aðalbreytingar frumvarpsins á ákvæðum gildandi laga eru gerðar í samræmi við samkomulag stjórnarflokkanna, auk þess eru tekin upp nokkru fyllri ákvæði um ýmis atriði, og nokkrum nýjum ákvæðum bætt við þar, sem þess er þörf. Verður nánar vikið að þessu, þar sem gerð er grein fyrir ákvæðum einstakra kafla frumvarpsins.

Um I. kafla. — Skipun og verkefni framleiðsluráðs.

Yfirstjórn framleiðslumála landbúnaðarins er hér lögð í hendur framleiðsluráðs, meiri hluti þess, þ. e. 5 menn, eru kosnir af aðalfundi Stéttarsambands bænda, en 4 tilnefndir af aðalsölufélögum þeirra.

Framleiðsluráð fer að mestu leyti með verkefni búnaðarráðs og verðlagsnefndar landbúnaðarvara, en starfssvið þess er aukið nokkuð.

Um II. kafla. — Um verðskráningu.

Ákvæði þessa kafla fjalla um, hvernig og á hvaða grundvelli landbúnaðarvörur skuli verðskráðar á innlendum markaði. Hagstofu Íslands er gert að skyldu að afla árlega allra undirstöðugagna, þar á meðal upplýsinga um framleiðslukostnað land-

búnaðarins og kaup og kjör vinnandi stétta, svo hægt sé að fylgjast stöðugt með öllum breytingum og reikna árlega vísitölu framleiðslukostnaðar í samræmi við þær. Á grundvelli þeirra upplýsinga skal ákveða verðlagsvísitölu landbúnaðarvara, þannig að tekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Verðlagsvísitalan skal ákveðin í fyrsta sinn ásamt verðinu af 3 mönnum frá bændum og 3 mönnum frá neytendum. Verði þeir ekki sammála, skal skjóta ágreiningsatriðunum til yfirnefndar, sem fellir um þau fullnaðarúrskurð. Samkomulag, sem þannig er fengið, gildir síðan, með þeim verðbreytingum, er leiða af breytingum, er verðlagsvísitala framleiðslukostnaðar landbúnaðarvara kann að taka samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofunnar, þar til endurskoðun hefur farið fram samkvæmt ósk annars hvors aðila.

Um III. kafla. — Um sauðfjárafurðir.

Þessi kafli er að efni til samhljóða gildandi lögum.

Um IV. kafla. — Um sölu stórgripakjöts.

Hér er um nokkur nýmæli að ræða, sérstaklega að því er snertir afskipti framleiðsluráðs af sölu á hrossakjöti.

Um V. kafla. — Um sölu mjólkur og mjólkurafurða.

Í þessum kafla eru þessi nýmæli helzt: Framleiðsluráði er falið að skipta landinu í mjólkursölusvæði, en þau miðast við, að mjólkurþörf kaupstaða og kauptúna um land allt verði sem bezt fullnægt.

Framleiðendur sölumjólkur á hverju mjólkursölusvæði velja sér stjórn, er hefur á hendi stjórn mjólkursölunnar á því sölusvæði. Þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú er starfandi innan sama mjólkursölusvæðis, verðjafnar stjórnin mjólkina innan þess sölusvæðis eftir sömu reglum og nú gilda á verðjöfnunarsvæðunum. Þá er það og nýmæli, að framleiðsluráði er ætlað að gera sérstakar ráðstafanir til að ráða bót á mjólkurskorti í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem um hann er að ræða.

Að öðru leyti er að mestu fylgt ákvæðum mjólkurlaganna.

Um VI. kafla. — Um verðmiðlun.

Framleiðsluráði er falið að jafna verðið á kindakjöti á sama hátt og gert hefur verið undanfarin ár, þannig að allir sláturleyfishafar, hvar sem þeir eru búsettir, fái sama verð fyrir sama gæðaflokk á slátrunarstað.

Þá er það nýmæli tekið upp að heimila framleiðsluráði að taka nokkurt gjald af allri seldri neyzlumjólk og nota það til að verðbæta þá mjólk, sem mjólkurbúin verða að vinna úr og jafna þannig að nokkru útborgað mjólkurverð til bænda á mjólkursölusvæðunum.

Um VII. kafla. — Um iðnað úr landbúnaðarvörum.

Nýmæli, sem ekki þarfnast skýringar.

Um VIII. kafla.

Þarf ekki skýringar.

Ed. 590. Frumvarp til laga

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Ráðherra sá, er fer með flugmál, skipar fimm manna flugráð, og skulu að minnsta kosti tveir þeirra hafa sérþekkingu á flugmálum. Flugráð skal skipað til fjögurra ára í senn.

Verkefni flugráðs er að hafa á hendi undir yfirstjórn ráðherra stjórn flugmála og annast rekstur flugvalla ríkisins. Þóknun til flugráðsmanna skal ákveðin af ráðherra, og greiðist hún úr ríkissjóði.

2. gr.

Ráðherra skipar flugmálastjóra og flugvallastjóra að fengnum tillögum flugráðs.

Flugmálastjóri skal undir stjórn flugráðs fara með störf þau, sem hér greinir: Nýbyggingu flugvalla, loftferðaeftirlit, öryggisþjónustu og önnur störf, er flugið varða og ekki snerta rekstur flugvalla.

Flugvallastjóri annast rekstur og viðhald flugvalla ríkisins undir stjórn flugráðs.

Í erindisbréfum, er ráðherra setur að fengnum tillögum flugráðs, skal nánar kveðið á um störf flugmálastjóra og flugvallastjóra.

Ráðherra skipar og ræður fasta starfsmenn flugmálastjóra og flugvallastjóra til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur, að fengnum tillögum flugráðs.

Þar til laun flugmálastjóra, flugvallastjóra og annarra fastra starfsmanna verða ákveðin í launalögum, skulu þau ákveðin af ráðherra, og greiðast þau úr ríkissjóði.

3. gr.

Ráðherra setur reglur, eftir því sem þurfa þykir, um afnot og rekstur þeirra flugvalla og lendingarstaða, sem um getur í lögum nr. 24 12. febrúar 1945, svo og um alla framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast gild þegar í stað, og er jafnframt úr gildi felld 7. gr. laga nr. 24 12. febrúar 1945.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á síðustu árum hafa orðið stórfelldar framfarir í flugmálum Íslendinga. Fyrir styrjöldina voru flugvellir hér fáir og smáir og flugið lítill þáttur í samgöngumálum þjóðarinnar. Á styrjaldarárunum hefur þetta breytzt. Flugvellir hafa verið byggðir, einkum þó af hernaðaryfirvöldunum, en þeir síðan afhentir Íslendingum. Flugvélum hefur fjölgað mjög, og flugið er sívaxandi þáttur í samgöngukerfi landsins. Hér starfa nú tvö flugfélög, og hér eru flugskólar, sem eiga æfinga- og kennsluvélar. Þá hafa gagnkvæmir loftferðasamningar verið gerðir við nokkur lönd, og ýmis erlend flugfélög hafa í skjóli þeirra samninga viðkomur á Íslandi í ferðum milli heimsálfa.

Þessi þróun hefur haft það í för með sér, að stjórn og rekstur flugmála hefur orðið sífellt umfangsmeiri. Öryggisþjónusta vegna flugsins er orðin geysiumfangs-

mikil og nær eigi eingöngu til þess að leiðbeina og aðstoða flugvélar, sem fljúga yfir Ísland, heldur einnig til þess að leiðbeina flugvélum, sem fljúga um norðanvert Atlantshaf. Þessi öryggisþjónusta er undir íslenzkri stjórn og starfrækt af Íslendingum, en að verulegu leyti í þágu annarra og kostnaður því í ýmsum dæmum endurgoldinn Íslendingum.

Samkvæmt lögum hefur ríkið tekið að sér rekstur allra flugvalla í landinu. Er þetta nú þegar orðinn mjög mikill rekstur og þó sérstaklega rekstur Reykjavíkurflugvallarins. Má nefna það til dæmis, að kostnaður við flugvöllinn er áætlaður á fjórðu milljón króna á yfirstandandi ári.

Tekjur eru áætlaðar litlar, eða ca. 600 þús. króna, og rekstrarhalli því áætlaður mjög mikill. Af þessu er augljóst, að rekstur flugvalla ríkisins er í þann veginn að verða hið mesta bákn, og er það stórkostlegt vandamál, sem enn þá er óleyst, hvernig þessum rekstri verði fyrir komið, þannig að hallinn af honum verði viðráðanlegur fyrir íslenzku þjóðina. En það gefur að skilja, að þeim mun minna fé er hægt að leggja til nýrra framkvæmda í sambandi við flugmálin sem rekstur þeirra flugvalla, er þegar hafa byggðir verið, verður tilfinnanlegri baggi.

Þrátt fyrir þá miklu breytingu og þær miklu framfarir, sem orðið hafa í flugmálum hér á síðustu árum, þá eru flugmálin öll í deiglunni, og íslenzka þjóðin á mjög mikið undir því, að þessum málum verði skipað af þeirri ráðdeild og hagsýni, að þau verði viðráðanleg jafnlítilli þjóð.

Með lögum nr. 24/1945 var gert ráð fyrir, að ráðherra sá, er með flugmál færi, setti á stofn sérstaka stjórn flugmála, þegar tímabært þætti, og enn fremur að forstöðumaður þessarar nýju stofnunar skyldi nefnast flugmálastjóri. Þetta hefur verið framkvæmt þannig, að yfirstjórn flugmálanna hefur verið hjá ráðherra, en daglegar framkvæmdir og stjórn flugmálanna og þar með talin yfirstjórn þeirra flugvalla, sem reknir eru af ríkinu, hefur verið hjá einum manni, flugmálastjóra.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að breyta yfirstjórn flugmálanna á þann veg, að skipað verði 5 manna flugráð. Skal það hafa með höndum yfirstjórn flugmálanna ásamt ráðherranum, en síðan séu skipaðir tveir aðalstarfsmenn við flugmálin, flugmálastjóri og flugvallastjóri ríkisins. Þessi breyting þykir nauðsynleg, til þess að fleiri menn verði kvaddir til að marka stefnuna um hin margvíslegu vandamál í sambandi við flugið en áður hefur verið.

Fljótt á litið kynnu menn að telja, að af þessu yrði kostnaðaraukinn einn, en við nánari íhugun munu menn komast að raun um, að í sambandi við þessi mál er fjallað um svo margháttaðar, flóknar, þýðingarmiklar og kostnaðarsamar framkvæmdir, að tiltölulega lítilfjörlegur aukakostnaður við flugráð verður aukaatriði í þessu sambandi.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu, að tveir menn annist stjórn daglegra framkvæmda í flugmálum, þ. e. flugmálastjóri og flugvallastjóri. Þarf sú skipan í raun og veru ekki mikilla skýringa við. Hún er mjög eðlileg og að vandlega íhuguðu ráði þannig fyrir komið, að flugmálastjóri hafi með höndum öryggiseftirlit, nýbyggingu flugvalla og önnur störf, er snerta flugmálin almennt, og flugvallastjóri ríkisins verði framkvæmdastjóri fyrir flugvellina. Er eðlilegt að skilja þetta að. Má í því sambandi minna á, að sú starfsskipting, sem hér er fyrirhuguð, er ekki ólík því, sem nýlega hefur verið á komið í raforkumálum þjóðarinnar.

Nd. **591. Frumvarp til laga**

um inngöngu Íslands í Bernarsambandið.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd sáttmála þann, er gerður var í Bern hinn 9. september 1886 og endurskoðaður í Berlín 13. nóvember 1908 og í Róm 2. júní 1928, um vernd bókmennta og listaverka. Menntamálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd sáttmálans hér á landi.

2. gr.

Fyrri málsgr. 16. gr. laga nr. 13 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, orðist svo:

Heimilt er að taka upp í blöð eða tímarit úr öðrum blöðum eða tímaritum dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnmál eða trúmál, nema þess sé getið við greinarnar, að eftirprentun sé bönnuð. Eigi nær heimild þessi til sérstakra fylgirita.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um 1. gr.

Lögin um rithöfundarétt og prentrétt, nr. 16 13. október 1905, sbr. lög nr. 49 14. apríl 1943, um breyting á þeim lögum, vernda einungis íslenzka ríkisborgara. Er það kunnara en frá þurfi að segja, að Ísland býður nú í vaxandi mæli álitshnekki erlendis vegna réttleysis þess, sem hér á landi ríkir varðandi erlendar bókmenntir og önnur hugverk. Hafa lítilsvirðandi greinar birzt um Ísland erlendis vegna þessa réttleysis, og í október s. l. samþykkti norræna rithöfundaráðið (Det Nordiske Forfatterraad) á fundi sínum ályktun svo sem hér segir:

„Norræna ritháfundaráðinu þykir leitt að Ísland skuli eigi hafa gengið í Bernarsambandið, því að norræn menningarskipti og norræn samvinna yfirleitt mun bíða hnekki ef þessu ástandi verður eigi breytt."

Eigi verður um það efast, að erfitt er að svara slíkum ádeilum með rökum. Réttarvernd íslenzkra höfunda erlendis er auðvitað eigi heldur tryggð meðan við svo búið stendur.

Markmið það, sem unnið var að með stofnun Bernarsambandsins, var að fá viðurkenningu fyrir því, að við hugverk erlendra manna væri einnig tengdur fjárhagslegur réttur, sem vernda bæri eigi síður en hverja aðra eign. Upphaflega var því gert ráð fyrir, að hagkvæmast væri að vinna að samræmingu höfundalöggjafar í hinum ýmsu löndum, líkt og unnið var að sameiginlegri löggjöf á Norðurlöndum á ýmsum sviðum. Við nánari athugun reyndist slíkt þó ógerningur, vegna þess að mikill munur var á því, að hve miklu leyti hin ýmsu ríki vildu vernda rétt höfunda. Var því horfið að því ráði að tryggja það annars vegar, að í hverju ríki fengju erlendir höfundar sömu vernd og innlendir, og hins vegar, að einungis þau ríki fengju upptöku í sambandið, sem uppfylltu tiltekin lágmarksskilyrði í löggjöf sinni um höfundarétt. Bernarsamningurinn frá 1886 var orðaður út frá þessu sjónarmiði, og við endurskoðanir þær, sem síðar hafa farið fram á honum, hefur sama sjónarmiði verið haldið, en lágmarkskröfurnar hækkaðar smám saman með tilliti til nýrra tegunda hugverka og vaxandi skilnings á réttarstöðu höfunda. Með

inngöngu Íslands í Bernarsambandið myndu íslenzku rithöfundalögin einnig ná til verka erlendra höfunda, og íslenzkir höfundar sömuleiðis njóta verndar í þeim ríkjum, sem í Bernarsambandinu eru.

Þessi ríki eru nú meðlimir í Bernarsambandinu:

Ástralía,	Liechtenstein,
Belgía,	Luxemburg,
Brazilía,	Monaco,
Bretland,	Noregur,
Búlgaría,	Nýja-Sjáland,
Canada,	Pólland,
Danmörk,	Portugal,
Finnland,	Rúmenía,
Frakkland,	Spánn,
Grikkland,	Suður-Afríka,
Holland,	Sviss,
Indland,	Svíþjóð,
Írland,	Tékkóslóvakía,
Ítalía,	Vatikanið,
Japan,	Þýzkaland.
Júgóslavía,	

Að vísu eru nokkur ríki enn utan sambandsins, svo sem Bandaríki Norður-Ameríku. En þess ber þó að gæta, að rit sem eru gefin út í Bandaríkjunum njóta verndar í fjölmörgum öðrum ríkjum, ýmist á gagnkvæmis grundvelli eða vegna beinna samninga Bandaríkjanna við viðkomandi ríki. Sama gildir um flest ríki Mið- og Suður-Ameríku.

Framlög Íslands vegna reksturskostnaðar Bernarstofnunarinnar myndu verða um 650 svissneskir frankar á ári, þ. e. um kr. 1000.00 samkvæmt núverandi gengi. Hins vegar yrði eigi hjá því komizt að setja fastar reglur um framkvæmd samningsins hér á landi, bæði varðandi fjárgreiðslur fyrir afnot hugverka, svo og fyrirgreiðslur varðandi samningsaðild. Í 2. gr. laga nr. 49 14. apríl 1943, sbr. reglugerð 21. janúar 1947, er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji reglur um hliðstæð réttindi innlendra höfunda. Verður að telja eðlilegt, að það ráðuneyti sjái um tilhögun þessara mála einnig að því er erlenda höfunda snertir.

Um 2. gr.

Forstjóri Bernarsambandsins hefur nýlega farið yfir íslenzku rithöfundalögin í þýðingu, og lætur hann svo um mælt, að áður en Ísland geti fengið upptöku í Bernarsambandið, verði að breyta 16. gr. íslenzku laganna til samræmis við 9. gr. Bernarsáttmálans. Til þess að slíkt samræmi fáist verður í stað orðanna „einstakar greinar“ í 1. mgr. 16. gr. rithöfundalaganna að koma „dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnmál eða trúmál“, (sbr. „les articles d'actualité de discussion economique, politique ou religieuse“ í 9. gr. Bernarsáttmálans). Með samþykkt 2. gr. þessa frumvarps myndi skilyrðum stofnunarinnar fyrir upptöku Íslands fullnægt.

Um 3. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Fylgiskjal.

Bernarsáttmálinn til verndar bókmenntum og listaverkum, frá 9. sept. 1886, endurskoðaður í Berlín 13. nóv. 1908 og í Róm 2. júní 1928.

1. gr.

Þau lönd, sem aðilar eru að sáttmála þessum, mynda samband til þess að vernda höfundarétt á bókmenntum og listaverkum.

2. gr.

1. Með „bókmenntum og listaverkum" er átt við hvers konar verk á sviði bókmennta, vísinda og lista án tillits til framsetningar þeirra eða forms, svo sem bækur, bæklinga og önnur ritverk, fyrirlestra, ávörp, prédikanir og önnur verk af því tagi; leikrit, söngleika, dansleikrit og þendingaleika, svo framarlega sem leiksviðsatburðirnir eru sýndir í riti eða á annan hátt, tónverk með eða án texta; hvers konar teikningar, málverk, verk á sviði byggingarlistar, höggmyndir, stungur (gravure), prentmyndir; myndskreytingar, landkort; áætlanir, teikningar og mótanir á sviði landafræði, staðarlýsinga, byggingarlistar eða vísinda.

2. Þýðingar, aðlaganir (adaptations), útsetningar á tónverkum og aðrar umsmíðar á ritverki eða listaverki ásamt safni úr ýmsum verkum njóta sömu verndar og frumverkin, að óskertum höfundarétti á frumverkunum sjálfum.

3. Sambandslöndin skuldbinda sig til þess að vernda ofangreind verk.

4. Listaverk, sem notuð eru í iðnaði, eru vernduð að svo miklu leyti sem innanlandslöggjöf hvers lands heimilar.

2. gr. a.

1. Löggjafarvaldi hvers sambandslands er áskilinn réttur til þess að undanþiggja að nokkru leyti eða öllu stjórnmálaræður og ræður fyrir dómstólum vernd þeirri, sem um ræðir í næstu grein á undan.

2. Þá er löggjafarvaldi hvers sambandslands einnig geymdur réttur til þess að setja blöðum skilyrði fyrir prentun fyrirlestra, ávarpa, prédikana og annarra verka af því tagi, en heimild til útgáfu á safni af slíkum verkum hefur þó höfundurinn einn.

3. gr.

Sáttmáli þessi tekur einnig til ljósmynda og þeirra verka, sem gerð eru með svipaðri aðferð og við ljósmyndun. Sambandslöndin skuldbinda sig til að vernda þessi verk.

4. gr.

1. Höfundar hvers sambandslands skulu í öllum sambandslöndunum að upprunalandi verksins undanskildu njóta þess réttar, sem nú er eða síðar kann að verða heimilaður innlendum höfundum í lögum, svo og þeirra réttinda, sem sérstaklega eru ákveðin í sáttmála þessum.

2. Höfundar njóta ofangreindra réttinda án nokkurra formsskilyrða, hvort sem um vernd er að ræða í upprunalandi verkanna eða ekki. Að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í sáttmála þessum, fer það því eingöngu eftir lögum lands þess, sem höfundur krefst verndar í, hve víðtæk hún verður og hvaða lagalegri aðstoð hann á heimtingu á til þess að gæta hagsmuna sinna.

3. Þessi teljast upprunalönd verka: Ef verkið hefur ekki verið birt — heimaland höfundar; ef verkið hefur verið birt — það land, sem verkið var fyrst birt í; ef verk hefur verið birt samtímis í fleiri sambandslöndum en einu — þá það af löndum þessum, sem veitir stytztan verndartíma í löggjöf sinni. Sé verk birt samtímis í sambandslandi og landi utan sambandsins, þá telst eingöngu sambandslandið upprunaland.

4. Með „birtum verkum“ („œuvres publiées“) er samkvæmt sáttmála þessum eingöngu átt við þau verk, sem gefin hafa verið út („œuvres editées“). Eigi telst það birting á verki, þó að leikið sé opinberlega leikrit, söngleikrit eða tónverk, haldin sé sýning á myndlistaverki, eða — á sviði húsagerðarlistar —, þó að bygging sé reist.

5. gr.

Þeir höfundar, sem teljast til einhvers sambandslands og birta verk sín fyrsta sinni í öðru sambandslandi, njóta í því landi sömu réttinda og þarlendir höfundar.

6. gr.

1. Þeir höfundar, sem eigi teljast til neins af sambandslöndunum, en birta verk sín fyrsta sinni í einhverju þeirra, njóta þar sömu réttinda og þarlendir höfundar og í öðrum sambandslöndum þeirra réttinda, sem sáttmáli þessi veitir.

2. Ef land utan sambandsins veitir verkum höfunda frá einhverju sambandslandi eigi nægilega vernd, þá getur sambandslandið takmarkað vernd á verkum höfunda, sem töldust til hins landsins, er þau voru birt fyrsta sinni, enda séu þeir ekki raunverulega búsettir í einhverju sambandslandanna.

3. Engin takmörkun samkvæmt næstu málsgrein á undan skal skerða þau réttindi, sem höfundur hefur öðlazt fyrir verk, birt í sambandslandi áður en takmörkunin kom til framkvæmda.

4. Sambandslönd þau, er takmarka vernd höfundaréttar samkvæmt þessari grein, skulu með skriflegri yfirlýsingu tilkynna það sambandsstjórn Svisslands, og skal í yfirlýsingunni tekið fram, gagnvart hvaða löndum verndin er takmörkuð, og greindar þær verndartakmarkanir, er gilda gagnvart þeim höfundum, sem til þessara landa teljast. Sambandsstjórn Svisslands skal þegar í stað tilkynna þetta öllum sambandslöndunum.

6. gr. a.

1. Hvað sem líður eignarréttarheimild höfundar og jafnvel eftir að hann hefur afsalað sér henni í hendur öðrum, hefur hann samt ætíð heimild til að krefjast þess sér til handa, að hann teljist höfundur verksins, og enn fremur heimild til að snúast gegn hverri afbökun, lemstrun eða annarri breytingu á verkinu, sem skerðir heiður hans eða álit.

2. Það er áskilið löggjafarvaldi hvers sambandslands að setja skilyrðin fyrir því, að þessara réttinda verði neytt. Hin lagalega aðstoð til verndar þessum réttindum fer eftir ákvæðum í löggjöf þess lands, sem verndarinnar er krafizt í.

7. gr.

1. Vernd sú, er sáttmáli þessi veitir, varir til æviloka höfundar og fimmtíu ár eftir andlát hans.

2. Ef svo skyldi fara, að þessi tímalengd yrði ekki samþykkt af öllum löndum, þá fer lengd verndartímans eftir lögum þess lands, þar sem verndarinnar er krafizt, en hún getur ekki farið fram úr tímalengdinni, sem ákveðin er í upprunalandi verksins. Sambandslöndin eru því eigi skyldug til að beita fyrirmælum undanfarandi málsgreinar, nema að því leyti sem hægt er að samræma það innanlandslöggjöf þeirra.

3. Verndartímalengdin fyrir ljósmyndaverk og þau verk, sem gerð eru með svipaðri aðferð og við ljósmyndun, eftirlátin verk, nafnlaus verk og verk undir dulnefni fer eftir lögum þess lands, sem verndarinnar er krafizt í, en þó getur tímalengdin ekki farið fram úr því, sem ákveðið er í upprunalandi verksins.

7. gr. a.

1. Nú er fleiri en einn höfundur að sama verki, og er þá tímalengdin fyrir vernd á réttindum þeirra miðuð við andlát þess þeirra, er síðastur deyr.

2. Þeir höfundar, sem teljast til landa, þar sem skemmri verndartími gildir en segir í 1. mgr., geta ekki krafizt lengri verndartíma í öðrum sambandslöndum.

3. Aldrei er þó verndartíminn útrunninn fyrir andlát þess meðhöfundar, sem lengst lifir.

8. gr.

Nú telst til sambandslands höfundur að óbirtu verki eða verki, sem hefur verið birt fyrsta sinni í einhverju sambandslandanna, og á hann þá í hinum sambandslöndunum einkarétt á því að þýða verkið eða leyfa þýðingu á því um allan þann tíma, sem hann á rétt á frumverkinu.

9. gr.

1. Eigi má án leyfis höfundar prenta í öðrum sambandslöndum neðanmálssögur, stuttar skáldsögur (nouvelles) né nein önnur verk á sviði bókmennta, vísinda og lista, hvað sem þau fjalla um, ef þau hafa áður verið birt í blöðum eða tímaritum í einhverju sambandslandi.

2. Heimilt er að taka upp í blöð eða tímarit dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnmál eða trúmál, nema þess sé getið við greinarnar að eftirprentun sé bönnuð. Alltaf skal greinilega geta þess, hvaðan þær séu teknar, en ef þessari skuldbindingu er ekki fullnægt, fara viðurlög eftir löggjöf þess lands, sem verndarinnar er krafizt í.

3. Vernd sú, er þessi sáttmáli veitir, tekur ekki til daglegra frétta, né heldur til ýmiss konar upplýsinga, sem telja verður til blaðatilkynninga.

10. gr.

Um heimild til að hafa afnot af bókmenntum eða listaverkum í sambandi við rit, sem ætluð eru til kennslu eða eru vísindalegs eðlis, svo og í sambandi við sýnisbækur (chrestomathies) fer eftir löggjöf sambandslandanna og þeim sérstöku samningum, sem í gildi eru eða síðar verða gerðir milli þeirra.

11. gr.

1. Ákvæði sáttmála þessa eiga við um það, ef leikrit, söngleikrit eða tónlistarverk eru leikin opinberlega, og það jafnt, hvort sem þau hafa birt verið áður eða eigi.

2. Höfundum leikrita eða söngleikrita er tryggð vernd gegn opinberri sýningu á þýðingum á þessum verkum án leyfis þeirra, meðan þeir eiga rétt á frumverkinu.

3. Höfundar njóta verndar samkvæmt þessari grein, án þess þeir séu skyldir til að banna opinbera sýningu á verkinu, er þeir birta það.

11. gr. a.

1. Höfundar bókmenntaverka eða listaverka eiga einkarétt á því að leyfa opinberan flutning á verkum sínum í útvarpi.

2. Það er hlutverk löggjafarvalds hvers sambandslands að setja skilyrði fyrir, að neytt verði þeirra réttinda, er getur í 1. mgr., en þau skilyrði ná þó eingöngu til þess lands, sem hefur sett þau. Skilyrðin mega með engu móti skerða siðferðilegan rétt höfundar (droit moral) né heldur rétt hans til að fá hæfilega þóknun, sem fara skal eftir mati réttra yfirvalda, náist ekki samkomulag um hana.

12. gr.

Til óleyfilegrar notkunar, sem sáttmáli þessi tekur til, teljast enn fremur óheimiluð, óbein afnot (appropriations) bókmenntaverka eða listaverka, svo sem aðlaganir (adaptations), útsetningar á tónverkum, breytingar (transformations) skáldsögu, smásögu eða kvæðis í leikrit eða öfugt o. s. frv., svo framarlega sem afnotin eru eingöngu endurnýjun verksins í sama formi eða öðru með óverulegum breytingum, viðbótum eða styttingum, en hefur ekki til að bera eiginleika nýs frumverks.

13. gr.

1. Höfundar tónverka hafa einkarétt á:
(1) að verk þeirra séu löguð til vélflutnings og
(2) að leyfa að slíkur vélflutningur fari fram opinberlega.

2. Hvert land getur fyrir sitt leyti lögleitt fyrirvara gegn eða takmarkanir á framkvæmd þessarar greinar, en áhrif slíkra fyrirvara og takmarkana ná eingöngu til umráðasviðs landsins sjálfs.

3. Ákvæði 1. málsgreinar gildir ekki aftur í tímann, og er því ekki hægt að beita því í sambandslandi um þau verk í landinu, sem voru á leyfilegan hátt löguð til vélflutnings, áður en Berlínarsáttmálinn frá 13. nóv. 1908 gekk í gildi, eða á undan inngöngu lands í sambandið, ef það hefur gengið í það eftir þann dag.

4. Upptökur, er gerðar hafa verið samkvæmt 2. og 3. mgr. þessarar greinar og innfluttar, án heimildar hlutaðeigandi aðilja, til lands þar sem þær eru eigi leyfilegar, má gera upptækar þar.

14. gr.

1. Höfundar verka á sviði bókmennta, vísinda eða lista, hafa einkarétt á að leyfa endurnýjun, aðlögun (adaptation) og opinberan flutning verka sinna í kvikmyndum.

2. Sömu verndar og bókmennta- og listaverk njóta kvikmyndir, svo framarlega sem höfundurinn hefur gætt verkið eiginleika frumverks. En ef svo er ekki, nýtur kvikmyndin sömu verndar og ljósmyndaverk.

3. Að óskertum rétti höfundar á endurnýjuðu eða aðlöguðu verki nýtur kvikmyndaverk sömu verndar og frumverk.

4. Ofangreind fyrirmæli eiga einnig við um endurnýjun eða framleiðslu (production), sem til verða með svipuðum hætti og kvikmyndir.

15. gr.

1. Til þess að höfundar þeirra verka, sem verndar njóta samkvæmt sáttmála þessum, skuli teljast slíkir, unz annað sannast, og eiga samkvæmt því aðgang að dómstólum sambandslandanna til málssóknar gegn óleyfilegum afnotum, nægir það, að nafn þeirra sé tiltekið á venjulegan hátt á verkinu.

2. Sé um nafnlaust verk að ræða eða verk undir dulnefni, veitir nafn útgefanda á því honum heimild til að gæta viðurkenndra hagsmuna höfundar. Þarf eigi frekari sannana við um það, að hann sé rétthafi fyrir hönd nafnlauss höfundar eða höfundar með dulnefni.

16. gr.

1. Rétt yfirvöld í þeim sambandslöndum, þar sem frumverkið á kröfu til lagaverndar, mega gera upptæka sérhverja óleyfilega gerð þess.

2. Í löndum þessum má og leggja löghald á endurgerðir (reproductions) verka, sem upprunnar eru í löndum, þar sem verkin njóta engrar verndar eða þar sem hætt hefur verið að veita þeim vernd.

3. Löghald fer fram samkvæmt reglum löggjafar hvers lands.

17. gr.

Ákvæði sáttmála þessa skerða á engan hátt þann rétt, sem stjórn hvers sambandslands hefur til þess að leyfa, líta eftir eða banna útbreiðslu, sýningu eða flutning á hvaða verki eða framleiðslu (production) sem er, með ráðstöfunum samkvæmt laga- eða lögregluákvæðum, er réttum yfirvöldum ber að framkvæma.

18. gr.

1. Sáttmáli þessi á við um öll verk, sem eru ekki orðin almenningseign í upprunalandi sínu, þegar hann gengur í gildi, vegna þess að verndartíminn er útrunninn.

2. Nú er verk þegar orðið almenningseign í sambandslandi, þar sem verndar er krafizt fyrir það, sökum þess að verndartími sá, sem því hefur áður verið veittur, er liðinn, og veitir sáttmáli þessi því þá eigi vernd þar að nýju.

3. Grundvallarreglu þessari er beitt samkvæmt því, er sambandslöndunum hefur komið saman um í sérstökum samningum, sem þau hafa gert eða gera um það efni sín á milli. Ef slíkt samkomulag vantar, ákveða lönd þau, er hlut eiga að máli, hvert í sínu lagi, hvernig henni skuli beitt.

4. Ofangreindum ákvæðum er beitt á samsvarandi hátt, ef nýtt land bætist við í sambandið, ef verndartíminn er lengdur samkvæmt 7. gr. eða ef horfið hefur verið frá fyrirvara.

19. gr.

Ákvæði sáttmála þessa eru eigi því til fyrirstöðu, að krefjast megi, að beitt verði víðtækari fyrirmælum, sem sett kynnu að verða í löggjöf sambandslands í hag útlendingum yfirleitt.

20. gr.

Stjórnir sambandslandanna áskilja sér rétt til að gera sérstaka samninga sín á milli að því leyti sem þeir samningar veita höfundum frekari réttindi en sambandið eða fela í sér ákvæði, sem fara ekki í bága við þennan sáttmála. Þau atriði í núgildandi samningum, sem eru í samræmi við ofangreind skilyrði, halda gildi.

21. gr.

1. Alþjóðastofnun sú, sem komið hefur verið á fót undir nafninu „Skrifstofa alþjóðasambandsins til verndar bókmenntum og listaverkum“ („Bureau de l'Union internationale pour la protection des œuvrés littéraires et artistiques“) starfar áfram

2. Skrifstofan er falin vernd sambandsstjórnar Svisslands, er ákveður fyrirkomulag hennar og hefur eftirlit með starfsemi hennar.

3. Viðskiptamál skrifstofunnar er franska.

22. gr.

1. Skrifstofa alþjóðasambandsins safnar hvers konar upplýsingum, er snerta vernd höfundaréttar á sviði bókmennta og lista. Hún raðar þeim niður og birtir þær. Þá rannsakar hún og sameiginleg hagsmunamál fyrir sambandið, og eftir þeim gögnum, sem ríkisstjórnirnar láta hana hafa til umráða, gefur hún út tímarit á frönsku um þau atriði, er varða viðfangsefni sambandsins. Stjórnir sambandslandanna áskilja sér að fengnu einróma samþykki að heimila skrifstofunni að birta tímaritið á einu máli eða fleirum að auki, ef reynslan skyldi leiða það í ljós, að þörf væri á því.

2. Skrifstofu alþjóðasambandsins ber hvenær sem er að vera við því búin að veita sambandslöndunum þá sérstöku vitneskju, sem þau kunna að þarfnast um þau atriði, er varða vernd bókmennta og listaverka.

3. Forstjóri skrifstofunnar semur ársskýrslu um embættisfærslu sína, og skal senda hana öllum sambandslöndum.

23. gr.

1. Kostnað af skrifstofu alþjóðasambandsins greiða sambandslöndin í sameiningu. Unz önnur ákvörðun verður um það tekin, má hann ekki fara fram úr eitt hundrað og tuttugu þúsund svissneskum frönkum árlega. Ef þörf krefur, má hækka þessa upphæð með einróma ákvörðun einhverrar þeirrar ráðstefnu, sem gert er ráð fyrir í 24. gr.

2. Til þess að ákveða tillag hvers lands í þessari heildarupphæð er sambandslöndunum og þeim löndum, er síðar kunna að ganga í sambandið, skipt í sex flokka, og greiðir hver flokkur tillag, er miðast við ákveðinn fjölda eininga, sem sé:

1.	flokkur	25	einingar.
2.	—	20	—
3.	—	15	—
4.	—	10	—
5.	—	5	—
6.	—	3	—

3. Ofangreindir stuðlar eru margfaldaðir með tölu landa í hverjum flokki, og heildarupphæð þeirra talna, sem við það koma fram, verður sá einingafjöldi, sem deila skal í heildarkostnaðinn. Niðurstaðan sýnir kostnaðarhluta hverrar einingar.

4. Sérhvert land lýsir yfir því, er það gengur í sambandið, til hvers af ofangreindum flokkum það vill teljast, en það getur síðar, hvenær sem er, lýst því yfir, að það vilji teljast til einhvers annars flokks.

5. Sambandsstjórn Svisslands semur fjárhagsáætlun skrifstofunnar, hefur eftirlit með fjárgreiðslum hennar, innir af hendi nauðsynlegar fyrirframgreiðslur og semur ársreikning hennar, sem sendur er öllum öðrum ríkisstjórnum.

24. gr.

1. Sáttmála þennan má endurskoða í því skyni að koma á umbótum, sem til þess eru fallnar að fullkomna kerfi sambandsins.

2. Ofangreind mál og þau, er snerta á annan hátt þróun sambandsins, skulu fulltrúar sambandslandanna ræða á ráðstefnum, sem haldnar verða í sambandslöndunum, hverju eftir annað. Stjórn þess lands, þar er ráðstefnu skal halda, undirbýr störf hennar ásamt skrifstofu alþjóðasambandsins. Forstjóri skrifstofunnar er viðstaddur á ráðstefnum þessum og tekur þátt í umræðum, en eigi hefur hann atkvæðisrétt.

3. Sérhver breyting á sáttmála þessum þarf einróma samþykki sambandslandanna, ef hún á að hafa gildi fyrir sambandið.

25. gr.

1. Þeim löndum, sem eigi teljast til sambandsins, en veita lögvernd á þeim réttindum, sem í sáttmála þessum greinir, skal heimilt að ganga í sambandið, ef þau óska þess.

2. Þessi innganga skal tilkynnt skriflega sambandsstjórn Svisslands, er aftur skal tilkynna hana öllum hinum ríkisstjórnunum.

3. Af inngöngunni leiðir, að gengizt er undir allar skyldukvaðir samningsins og fengin hlutdeild í öllum þeim hagsmunum, sem hann veitir. Inngangan tekur gildi einum mánuði eftir að sambandsstjórn Svisslands hefur sent tilkynningu um hana til hinna sambandslandanna, svo framarlega sem landið, sem inngöngunnar óskar, tiltekur ekki lengri frest. En í inngöngubeiðninni má taka fram, að viðkomandi land, í stað þess að vera bundið af 8. gr. í þessum sáttmála, áskilji sér að minnsta kosti fyrst í stað, að varðandi þýðingar sé það bundið af ákvæðum 5. gr. sáttmálans frá 1886 í því formi, sem hann hlaut í París 1896, að því leyti sem ákvæði þessi snerta þýðingar á mál þess lands.

26. gr.

1. Sérhvert sambandsland getur, hvenær sem er, tilkynnt sambandsstjórn Svisslands skriflega, að þessi sáttmáli skuli hafa gildi að öllu leyti eða nokkru fyrir nýlendur þess, verndarsvæði og umboðssvæði eða önnur þau landsvæði, er það hefur fullveldi yfir; er þá sáttmálinn í gildi á þeim svæðum, sem getið er í tilkynningunni. Án slíkrar tilkynningar hefur sáttmálinn ekki gildi fyrir ofangreind svæði.

2. Sérhvert sambandsland getur, hvenær sem er, tilkynnt sambandsstjórn Svisslands skriflega, að sáttmáli þessi hafi ekki lengur gildi fyrir þau svæði eða

hluta af þeim svæðum, sem nefnd eru í tilkynningu samkv. 1. mgr.; fellur þá sáttmálinn úr gildi á þeim svæðum, sem greind eru í tilkynningu þessari, einu ári eftir að hún barst sambandsstjórn Svisslands.

3. Allar tilkynningar, sem berast sambandsstjórn Svisslands samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., skulu sendar öllum sambandslöndunum.

27. gr.

1. Sáttmáli þessi skal, að því er snertir sambandslöndin sín á milli, koma í stað sáttmálans frá Bern 9. sept. 1886 og síðari endurskoðana á honum. Fyrri samningar halda gildi sínu varðandi þau lönd, sem ekki staðfesta þennan sáttmála.

2. Þau lönd, sem láta undirrita þennan sáttmála, geta haldið öllum þeim fyrirvara, er þau hafa áður gert, svo framarlega sem þau lýsa því yfir um leið og þau leggja fram fullgildingarskjöl sín á honum.

3. Þau lönd, sem nú eru í sambandinu, en undirrita eigi sáttmála þennan, geta gengið að honum hvenær sem er. Eiga þá ákvæði undanfarandi málsgreinar við um þau.

28. gr.

1. Sáttmála þennan skal fullgilda, og skulu fullgildingarskjölin lögð fram í Rómaborg í síðasta lagi 1. júlí 1931.

2. Í þeim löndum, er hafa fullgilt hann, gengur hann í gildi einum mánuði eftir þann dag. En fari svo, að hann verði fullgiltur fyrr af sex sambandslöndum að minnsta kosti, þá skal hann ganga í gildi þeirra í milli einum mánuði eftir að sambandsstjórn Svisslands hefur tilkynnt þeim framlagningu sjötta fullgildingarskjalsins, en í hinum sambandslöndunum, sem fullgilda hann síðar, einum mánuði eftir að fullgilding viðkomandi ríkis hefur verið tilkynnt.

3. Lönd utan sambandsins geta gengið í það fram til 1. ágúst 1931, þannig að þau gangi annaðhvort að Berlínarsáttmálanum frá 13. nóv. 1908 eða að þessum sáttmála. Eftir 1. ágúst 1931 geta þau aðeins gengið að þessum sáttmála.

29. gr.

1. Sáttmáli þessi skal gilda um óákveðinn tíma, þar til honum er sagt upp með eins árs fyrirvara.

2. Uppsögn þessa skal senda sambandssjórn Svisslands. Hún skal aðeins hafa gildi fyrir það land, sem hefur sent hana, en sáttmálinn heldur gildi sínu fyrir hin sambandslöndin eftir sem áður.

30. gr.

1. Þau lönd, sem innleiða í löggjöf sína 50 ára verndartímabil það, sem gert er ráð fyrir í 7. gr. 1. mgr. þessa sáttmála, skulu tilkynna það með skriflegri yfirlýsingu sambandsstjórn Svisslands, en hún tilkynnir það þegar öllum öðrum sambandslöndum.

2. Hið sama á við um þau lönd, sem falla frá þeim fyrirvara, er þau hafa gert eða haldið samkvæmt 25. og 27. gr.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar viðkomandi þjóða ritað nöfn sín undir sáttmála þennan.

Gjört í Rómaborg, 2. dag júnímánaðar 1928, í einu eintaki, er skal geymt í skjalasafni ríkisstjórnar ítalska konungsríkisins. Staðfest eftirrit skal látið í té sérhverju sambandslandi.

Ed. **592. Frumvarp til laga**

um innkaupastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn innkaupastofnun, sem hefur það hlutverk að annast innkaup vegna ríkisstofnana og sérstakra framkvæmda ríkisins.

2. gr.

Ríkisstjórnin ræður forstöðumann stofnunarinnar og ákveður með reglugerð starfssvið hennar.

3. gr.

Ríkissjóður leggur stofnuninni til nauðsynlegt starfsfé og er ríkisstjórninni heimilt að taka eða ábyrgjast lán í því skyni.

4. gr.

Innkaupastofnunin skal selja ríkisstofnunum vörur þær, sem hún annast innkaup á, við kostnaðarverði, að viðbættum ómakslaunum, sem svarar kostnaði við rekstur stofnunarinnar.

5. gr.

Skylt er öllum ríkisstofnunum, sem reknar eru fyrir reikning ríkissjóðs, svo og þeim, sem hafa með höndum stjórn sérstakra framkvæmda, sem kostaðar eru af ríkissjóði, að fela innkaupastofnuninni innkaup þeirra nauðsynja, sem falla undir starfssvið hennar, nema ráðherra heimili annað. — Ákvæði þessi taka þó ekki til þeirra innkaupa, sem einkasölum ríkisins eru falin, samkvæmt lögum þar um.

6. gr.

Reikningar innkaupastofnunarinnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum ríkisreikninganna og birtir með þeim.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt og samið í samræmi við það, sem fram er tekið í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar um, að komið skuli upp sérstakri stofnun, sem annist innkaup til ríkisstofnana.

Eins og 5. gr. frv. ber með sér, er ekki ætlazt til, að ákvæði hennar taki til verzlunarstofnana ríkisins (áfengisverzlunar, tóbakseinkasölu, áburðareinkasölu, grænmetisverzlunar og viðtækjaverzlunar). Aftur á móti er gert ráð fyrir, að þau taki til sérstakra framkvæmda, sem gerðar eru fyrir ríkisfé, svo sem bygginga og annarra mannvirkja.

Að öðru leyti skýrir frumvarpið sig sjálft.

Ed. 593. Breytingartillaga

við frv. til laga um styrk til vatnsveitna.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Á eftir 8. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að láta ákvæði laganna ná einnig til vatnsveitufélaga, sem eftir árið 1942 hafa gert eða gera vatnsveitur fyrir hluta úr sveitarfélögum, án þess að sveitarfélag sé eigandi veitunnar, enda mæli hlutaðeigandi sveitarsjórn með því og veiti ábyrgð sveitarfélagsins fyrir láni ríkissjóðs til vatnsveitufélagsins.

Sþ. 594. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð vegna togarakaupa fyrir Stykkishólm.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál og aflað sér um það eftirfarandi upplýsinga:

Eins og tekið er fram í greinargerð fyrir tillögunni, hefur Stykkishólmshreppi boðizt togarinn „Viðey" fyrir 1200 þús. krónur, hvar af 200 þús. krónur eiga að greiðast við afsal, en eftirstöðvar með jöfnum afborgunum á næstu fimm árum og 4% ársvöxtum. Skyldu fylgja með í kaupunum kol, veiðarfæri, ís og annað, sem nauðsynlegt er í eina veiðiför. Skipið hafði fengið „klassa"skoðun og víðtæka viðgerð á s. l. ári, er nam rúmlega 1 millj., og er samkvæmt upplýsingum frá eftirlitsmönnum talið að vera í mjög góðu ásigkomulagi. Hreppnum höfðu einnig boðizt 3 aðrir togarar innlendir, tveir fyrir sama verð, en einn fyrir allt að þriðjungi lægra verð, en tilboð þau voru af ráðunaut hreppsins í þessu máli talin mjög miklu óhagstæðari. Þá hafði hreppnum og boðizt nýr dieseltogari 133 feta fyrir £ 65.000—, en með því að upplýst var, að nauðsynlegt mundi að gera víðtækar breytingar á því skipi, áður en það uppfyllti þær kröfur, sem gerðar eru samkv. fyrirmælum um eftirlit skipa, og vitað var, að það mundi kosta mikið fé og taka langan tíma, auk þess sem það skip rúmaði aðeins 70% af afla borið saman við rúmmagn b/v „Viðeyjar" vildi hreppurinn ekki sinna því tilboði. Þá er og upplýst fyrir nefndinni, að tekizt hefur að fá lánsvextina lækkaða úr 4% í 2½% og jafnframt að tryggja, að sá arður, sem kann að verða af þeirri veiðiferð, sem skipið nú er í, fylgi með í kaupunum til hreppsins án verðhækkunar á fyrrnefndu söluverði. Á þessum grundvelli hefur málið síðan verið rætt við fjármálaráðherra, sem hefur tjáð nefndinni, að hann mundi nota heimildina, ef Alþingi samþykkir þáltill.

Nefndin gerir ráð fyrir því, að sem trygging fyrir láninu verði ríkissjóði gefinn 1. veðréttur í skipinu og auk þess ábyrgð hreppsins.

Að fengnum ofanrituðum upplýsingum og að þessu tilskildu, leggur nefndin til, að þálttill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, allt að 850 þús. kr., sem tekið verður af Stykkishólmshreppi vegna togarakaupa, gegn tryggingu, er ríkisstjórnin tekur gilda, enda verði lánið greitt með

jöfnum afborgunum á næstu fimm árum og ársvextir eigi yfir 2½% — tveir og hálfur af hundraði.

Alþingi, 28. marz 1947.

Gísli Jónsson, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari, með fyrirvara. Ásmundur Sigurðsson.

Steingr. Aðalsteinsson, Halldór Ásgrímsson. Sigurður Kristjánsson, með fyrirvara.

Helgi Jónasson. Pétur Ottesen, með fyrirvara.

Ed. 595. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

(Afgreidd frá Ed. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 553.

Ed. 596. Lög

um breyting á lögum nr. 93 28. des. 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947.

(Afgreidd frá Ed. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 587.

Ed. 597. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 26. apríl 1946, um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur ekki getað orðið sammála um frv. Leggur meiri hl. til, að það verði fellt, en ég legg til, að það verði samþ. óbreytt.

Frv. var sent tryggingaráði til umsagnar. Ráðið eða meiri hl. þess vísaði aðeins til umsagnar sinnar um annað frv. um breyt. á l. um almannatryggingar, sem flutt er á þessu þingi af Skúla Guðmundssyni. Sú umsögn var á þá leið, að ráðið vildi ekki mæla með breyt. á lögunum fyrr en reynsla væri fengin um framkvæmd þeirra. Meiri hl. heilbr.- og félagsmálan. vill fella frv. með sama rökstuðningi.

Það er augljóst mál, að ástæður meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálan. og tryggingaráðs gegn frv. eru aðeins tylliástæður. Öll þau atriði, sem frv. fjallar um, voru ágreiningsmál þegar lögin um almannatryggingar voru sett.

Hið ólýðræðislega fyrirkomulag á stjórn og rekstri tryggginganna í tryggingarumdæmunum, sem lögin um almannatryggingar gera ráð fyrir, á að koma til framkvæmda á næsta ári. Það er með öllu óskiljanlegt, hvers vegna þarf að gera tilraun með slíkt fyrirkomulag, en hitt er víst, að verði slíkt kerfi einu sinni byggt upp, verður erfiðara að afnema það. Það þarf heldur enga reynslu fyrir því, að elli- og örorkulífeyririnn er með öllu ófullnægjandi, né heldur fyrir nauðsyn þess, að teknar verði upp í lögin mæðra- og ekkjubætur, sem nokkurt gagn sé að. Það er

ekki heldur spurning um reynslu, heldur mismunandi skoðanir, hvort hækka skuli nefskattana til trygginganna og leggja nokkurn hluta gjaldanna á með nokkru meira tilliti til efnahags manna.

Reynslan getur skorið úr um það eitt, hver fjárhagur trygginganna verður, hvernig tekst að láta tekjur og gjöld standast á. En fjárhagsáætlun trygginganna er í nokkurn veginn jafnmikilli óvissu, hvort sem þetta frumvarp nær fram að ganga eða ekki. Undir öllum kringumstæðum verður nauðsynlegt að endurskoða tryggingarnar með tilliti til fjárhagsins, þegar nokkur reynsla er fengin. Og verði þá horfið að því ráði að draga úr útgjöldunum, er það mín skoðun, að fyrr skuli borið niður annars staðar en á þeim þáttum trygginganna, sem frv. þetta fjallar um.

Meðan lögin um almannatryggingar voru til meðferðar í þinginu, barst fjöldi áskorana til Alþ. frá samtökum víðs vegar um landið um að samþykkja þau í þeirri mynd, sem frumv. þetta gerir ráð fyrir. Frá Mæðrafélaginu, Kvenréttindafélagi Íslands, Mæðrastyrksnefndinni og forustumönnum næstum allra kvennasamtaka í Reykjavík bárust eindregnar áskoranir um að taka upp í lögin þessi ákvæði um mæðra- og ekkjubætur, sem hér um ræðir. Nú fyrir skömmu gekkst Kvenréttindafélag Íslands fyrir fjölmennum opinberum kvennafundi í Reykjavík, sem einróma skoraði á Alþingi að samþykkja breytingar á lögunum, sem ganga allar í sömu átt og frumvarp þetta.

Alþingi, 28. marz 1947.

Brynjólfur Bjarnason,
form.

Sþ. 598. Þingsályktun

um innflutning heimilisvéla.

(Afgreidd frá Sþ. 28. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi verði veitt fyrir heimilisvélum, svo sem þvottavélum, hrærivélum, ryksugum, kæliskápum, bónvélum, strauvélum o. fl., svo fullnægt verði eftirspurn, eftir því sem við verður komið.

Sþ. 599. Breytingartillaga

við till. til þál. um ríkisábyrgð vegna togarakaupa fyrir Stykkishólm.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Pétur Ottesen.

Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, allt að 850 þús. króna, sem tekið verður af Stykkishólmshreppi eða hlutafélagi, búsettu þar, með þátttöku hreppsins, vegna kaupa á togara, gegn tryggingu, er ríkissjóður tekur gilda, enda verði lánið greitt með jöfnum afborgunum á næstu fimm árum, og verði vextir af láni þessu eigi hærri en 2½% — tveir og hálfur af hundraði.

Sþ. 600. Þingsályktun

um ríkisábyrgð vegna togarakaupa fyrir Stykkishólm.

(Afgreidd frá Sþ. 28. marz.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, allt að 850 þús. kr., sem tekið verður af Stykkishólmshreppi vegna togarakaupa, gegn tryggingu, er ríkisstjórnin tekur gilda, enda verði lánið greitt með jöfnum afborgunum á næstu fimm árum og ársvextir eigi yfir 2½% — tveir og hálfur af hundraði.

Nd. 601. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

Við 1. gr. 25. liður orðist svo:
Nr. 37—45 í 73. kafla.

Búsáhöld og hlutar til þeirra:	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
37 — eldavélar og bökunarofnar	1 kg	2	2
38 — hitunar- og suðutæki, ót. a.	—	2	2
39 — straujárn og strauvélar	—	2	2
40 — þvottavélar	—	2	2
40a— hrærivélar	—	2	2
41 — kvarnir	—	2	2
42 — eldhúsvélar, ót. a.	—	2	2
43 — kæliskápar	—	2	2
44 — bónvélar, ryksugur og loftræsar	—	2	2
45 — önnur	—	2	2

Ed. 602. Frumvarp til laga

um eftirlit með skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI

1. gr.

Orðaskýringar:

1. *Skip* er sérhvert fljótandi far, nema annars sé getið.
2. *Íslenzkt skip* er hvert það skip, sem skrásett er hér á landi og rétt hefur til þess að sigla undir íslenzkum fána.
3. *Farþegaskip* er hvert það skip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega.
4. *Farþegar* eru allir, sem á skipi eru, aðrir en skipshöfn. Þeir teljast þó eigi farþegar, sem komnir eru í skip vegna óviðráðanlegra atvika, eða samkvæmt skyldu skipstjóra til þess að flytja nauðstadda menn.
5. *Þilfarsfarþegi* er farþegi, sem greiðir fargjald í lægsta fargjaldsflokki.
6. *Flokkað skip* er hvert það skip, sem hefur gilt flokkunarskírteini frá flokkunarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra.

7. Þar, sem talað er um *rúmlest*, er átt við brúttó rúmlest (100 ensk teningsfet = 2,83 m³), nema annars sé getið.
8. *Önnur fljótandi för* eru ferjur á sjó, vötnum og ám og hvert annað far, sem notað er til að flytja menn, dýr eða muni.
9. *Vélskip* er hvert það skip, sem knúið er aflvél í því sjálfu.
10. *Eimskip* er hvert það skip, sem knúið er gufuafli.
11. *Mótorskip* er hvert það skip, sem knúið er með olíuhreyfli.
12. *Skipverji* er hver sá maður, sem skráður er á skip eða á því er og skyldi skráður.
13. *Eldfim efni* (sbr. 45. gr.) eru: eter (naphta) og aðrir vökvar, sem blandaðir eru eter, brennisteinskolefni, steinolíu-eter, gasolía, benzín og aðrir slíkir vökvar, er logamark þeirra er undir 22° á Celsíus með 760 mm loftvogarstöðu.
14. Ákvæði laganna um *stálskip* eiga einnig við um *járnskip*.
15. Þar, sem rætt er um ráðherra í lögum þessum, er átt við ráðherra þann, sem fer með siglingamál.

2. gr.

Þar, sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara til allra íslenzkra skipa og báta, sem eru 6 metrar eða lengri, mælt milli stafna, og gerðir eru út hér á landi, hvort heldur er til farþegaflutninga, vöruflutninga eða fiskveiða.

Ákvæði laganna taka og til erlendra skipa og báta, sem íslenzkir ríkisborgarar hafa á leigu, ef þau eru gerð út hér eða í förum hingað eða héðan, með íslenzkri skipshöfn.

Sé um að ræða erlent skip flokkað í flokkunarfélagi viðurkenndu af ráðherra, ná lögin þó aðeins til öryggisbúnaðar þess.

Ákvæði laganna taka enn fremur til allra báta án tillits til stærðar, flytji þeir farþega, hvort sem er á sjó eða vötnum.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að eftirlit skuli haft með öryggi annarra fljótandi fara og hvernig því eftirliti skuli haga.

3. gr.

Lög þessi raska ekki ákvæðum alþjóðasamninga eða samningum við önnur ríki, er íslenzka ríkið hefur gerzt aðili að á löglegan hátt.

II. KAFLI

Um haffæri skipa, skyldur útgerðarmanna og skipstjóra o. fl.

4. gr.

Skip skal telja óhaffært:

a. ef gilt haffærisskírteini, hleðslumerkjaskírteini og, sé um farþegaskip að ræða, öryggisskírteini, er ekki sýnt, þegar þess er krafizt af skipaeftirlitinu eða trúnaðarmanni þess, sbr. 18. og 19. gr.;
b. ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa;
c. ef bol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, það svo ofhlaðið mönnum eða munum, vanhlaðið, kjölfestulítið, illa birgt af vistum, vatni, kolum, olíu eða öðrum vélanauðsynjum, sé það vélskip, eða af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er við siglingar.

5. gr.

Eiganda skips, útgerðarmanni svo og skipstjóra er skylt að sjá um, að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi og því sé haldið haffæru, hvort heldur það er statt í höfn eða á hafi úti.

6. gr.

Nú tekur skip grunn, slæst við bryggju, verður fyrir árekstri eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótast, að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka tjón það, sem orðið hefur, með skoðunargerð á þeim stað, er henni verður fyrst við komið.

Verði því komið við án verulegrar tafar, skal skoðun framkvæmd af skoðunarmönnum skipaeftirlitsins, en annars skal hún gerð af sérfróðum mönnum, er kvaddir skulu af sjódómi á þeim stað.

Ef svo ber við, að ekki verður náð til sérfróðra manna, þar sem skipið er statt, skal skipstjóri, yfirvélstjóri og yfirstýrimaður ásamt tveimur mönnum, er skipshöfn velur, framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu. Ágrip af skoðunarskýrslunni skal ritað í eftirlitsbók skipsins og undirritað af þeim öllum, er hana önnuðust. Þar skal kveðið skýlaust á um haffæri skipsins. Afrit af því, sem bókað var, skal þá þegar sent eftirlitsmanni í því umdæmi eða til þess eftirlitsmanns, er fyrst næst til, og ákveður hann, hvort ný skoðun skuli fara fram.

III. KAFLI
Skipaeftirlitið.

7. gr.

Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirumsjón ráðherra.

8. gr.

Forseti skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála.

Hann skal hafa starfið sem aðalstarf, vera skipaverkfræðingur eða vélfræðingur eða sérfræðingur um smíði tréskipa eða siglingafræðingur og fullnægja kröfum þeim, sem þarf til þess að vera embættismaður hér á landi. Eigi má hann hafa þau störf á hendi, er telja má ósamrýmanleg stöðu hans, svo sem eftirlit með skipum eða vélum fyrir einstaklinga, félög eða opinberar stofnanir.

Skipaskoðunarstjóri hefur skrifstofu í Reykjavík.

Um verksvið hans og starfshætti skal ákveðið í reglugerð, er ráðherra setur, að því leyti, sem ákvæði þessara laga ná ekki til. Við samningu reglugerðarinnar skal leita álits Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands.

9. gr.

Skipaskoðunarstjóri skal hafa sérfróða fulltrúa, er starfi við skipaeftirlitið að öllu eða nokkru leyti. Skal einn þeirra vera skipaverkfræðingur eða sérfræðingur um smíði tréskipa, annar vélfræðingur, er hafi að minnsta kosti þriggja ára siglingatíma á skipi með 600 ha. vél eða stærri, þriðji með þekkingu á öryggisútbúnaði skipa, og skal hann hafa að minnsta kosti tveggja ára siglingatíma á skipi yfir 300 rúmlesta, og fjórði siglingafræðingur (skipstjóri), er hafi siglt minnst í tvö ár í millilandasiglingum.

Þeir skulu skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra og fullnægja kröfum þeim, er þarf til þess að vera embættismaður hér á landi.

Ráðherra getur ákveðið, að skipaskoðunarstjóri skuli annast eitt þessara sérfræðistarfa.

10. gr.

Landið skiptist í 5 eftirlitssvæði. Þau eru:

1. eftirlitssvæði:
   Frá Hjörleifshöfða að Skor á Barðaströnd. Allar Breiðafjarðareyjar meðtaldar.
2. eftirlitssvæði:
   Frá Skor í Hrútafjarðarbotn.

3. eftirlitssvæði:
   Frá Hrútafjarðarbotni að Gunnólfsvíkurfjalli.
4. eftirlitssvæði:
   Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Hjörleifshöfða.
5. eftirlitssvæði:
   Vestmannaeyjar.

11. gr.

Skipaskoðunarstjóri skipar eftirlitsmann á hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd eftirlitsins þar og umsjón með skoðunarmönnum undir yfirstjórn skipaskoðunarstjóra.

Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðis síns, er skipaskoðunarstjóri ákveður, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa reynslu og þekkingu á siglingum og skipum.

Skipaskoðunarstjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur.

12. gr.

Eftirlitsmaður skal sjálfur annast allt eftirlit þar á svæði sínu, sem mest þörf er eftirlits, á hverjum tíma árs. Ef erfiðleikar eru á því, að hann vegna fjarlægðar geti á sama tíma haft fullnægjandi eftirlit á öðrum stað eða stöðum á svæðinu, þar sem er sérstök þörf eftirlits, ber honum að fela hæfum manni eftirlit þar, enda fullnægi sá skilyrðum þeim, sem sett eru um eftirlitsmenn, og fallist skipaskoðunarstjóri á, að þörf sé sérstaks eftirlits á þeim stað.

Eftirlitsmenn skulu halda dagbók um störf sín og senda skipaskoðunarstjóra mánaðarlega skýrslu um þau.

13. gr.

Hvert eftirlitssvæði skiptist í skoðunarsvæði. Þau eru:

I. eftirlitssvæði:
   1. skoðunarsvæði: Frá Hjörleifshöfða að Jökulsá á Sólheimasandi.
   2. — Frá Jökulsá á Sólheimasandi að Þjórsá.
   3. — Frá Þjórsá að Grindavík.
   4. — Grindavík og Reykjanesskagi að Hafnarfirði.
   5. — Hafnarfjörður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
   6. — Reykjavík og Kjósarsýsla.
   7. — Borgarfjarðar- og Mýrasýsla (frá Hvalfjarðarbotni til Hítarár).
   8. — Frá Hítará að Búlandshöfða.
   9. — Frá Búlandshöfða að Skor. (Allar Breiðafjarðareyjar meðtaldar.)

II. eftirlitssvæði:
   10. skoðunarsvæði: Frá Skor að Kópanesi.
   11. — Allur Arnarfjörður.
   12. — Allur Dýrafjörður.
   13. — Allur Önundarfjörður.
   14. — Allur Súgandafjörður.
   15. — Frá Gelti til Geirhólma.
   16. — Frá Geirhólma í Hrútafjarðarbotn.

III. eftirlitssvæði:
   17. skoðunarsvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Skagatá.
   18. — Frá Skagatá að Haganesvík.
   19. — Haganesvík að Siglunestá.

20. skoðunarsvæði: Frá Siglunestá að Ólafsfjarðarmúla.
21. — Frá Ólafsfjarðarmúla að Gjögri, svo og Grímsey.
22. — Frá Gjögri að Tjörnestá, svo og Flatey á Skjálfanda.
23. — Frá Tjörnestá að Gunnólfsvíkurfjalli.

IV. eftirlitssvæði:
24. skoðunarsvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Lagarfljóti.
25. — Frá Lagarfljóti að Loðmundarfirði.
26. — Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður.
27. — Frá Dalatá að Gerpi.
28. — Frá Gerpi að Fáskrúðsfirði.
29. — Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.
30. — Frá Breiðdalsvík að Austurhorni.
31. — Frá Austurhorni að Hjörleifshöfða.

V. eftirlitssvæði:
32. skoðunarsvæði: Vestmannaeyjar.

14. gr.

Skipaskoðunarstjóri skipar að fengnum tillögum eftirlitsmanns og sjómannasamtaka á hverjum stað skoðunarmenn á hvert skoðunarsvæði. Tölu skoðunarmanna á hverju skoðunarsvæði ákveður skipaskoðunarstjóri að fengnum tillögum eftirlitsmanns. Skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á svæði sínu, hafa reynslu og þekkingu á siglingum, skipum og vélum og vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann.

Eftirlitsmaður skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra.

15. gr.

Áður en embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins taka til starfa, skulu þeir undirrita eið eða drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starfann eftir beztu samvizku og þekkingu.

Ekki mega þeir skoða þau skip eða annast önnur störf skipaeftirlitsins, að því er snertir skip, er þeir eiga sjálfir að meira eða minna leyti eða ef þeir eru í þjónustu slíkra aðila. Eigi mega þeir heldur annast skipaskoðunarstörf að því er snertir þau skip, sem þeir eru á einn eða annan hátt við riðnir, þannig að þeir verði eigi taldir óvilhallir.

Skipaeftirlitsmaður sker úr, hvort skoðunarmenn séu óvilhallir.

16. gr.

Skipaskoðunarmenn annast allar skoðanir, er ræðir um í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi.

Nú er um skoðun að ræða, er eftirlitsmaður telur þannig vaxna, að meiri sérfræðilegrar þekkingar sé þörf, og skipar hann þá sérfróðan mann eða menn skoðunarmönnunum til aðstoðar.

Ef þörf krefur, getur skipaskoðunarstjóri kvatt mann til skoðunar utan umdæmis síns.

17. gr.

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé kröfum þeim, sem gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, um öryggi skipa.

Skoðunar- og eftirlitsmenn skulu líta eftir umgengni og hreinlæti í vistarverum og forðageymslum.

Að lokinni skoðun er skipaskoðunarmönnum skylt að sjá um, að bætt sé úr því, sem þeir telja áfátt. Telji skoðunarmenn eigi öruggt, að skip sé í förum, skulu þeir eigi láta skoðunarvottorð af hendi, en tilkynna útgerðarmanni eða skipstjóra, að vottorð verði eigi afhent, fyrr en úr göllunum sé bætt, enda skal og skipinu bannað að vera í förum.

Um málið fer síðan samkvæmt VII. kafla.

Ef það, sem áfátt þykir, er þannig vaxið, að haffæri skips er óskert og eigi er hægt að bæta úr því þegar í stað, þar sem skipið er statt, skal skoðunarmaður gefa skipstjóra hæfilegan frest til þess að fullnægja gerðum kröfum, þó eigi lengri en 3 mánuði.

Hvers vant er, ástæður til frestveitingar og lengd frests skal skráð í eftirlitsbók.

Þegar frestur er liðinn, ber skoðunarmanni að ganga úr skugga um, að bætt hafi verið úr því, sem áfátt var. Hafi það eigi verið gert, ber honum tafarlaust að skýra eftirlitsmanni frá, og ákveður hann þá, hvort frestur skuli framlengdur eða hvort útgerðarmaður eða skipstjóri skuli sóttur til saka.

Verði ekki náð til skipsins, þegar fresturinn er útrunninn, skal eftirlitsmaður leita aðstoðar skipaskoðunarstjóra í málinu, og ákveður hann þá, hvað gera skuli.

18. gr.

Eftirlitsmönnum ber hverjum í sínu umdæmi að gæta þess, að fullnægt sé fyrirmælum um öryggi skipa. Í því skyni ber þeim m. a. að athuga skip í umdæmi sínu, hleðslu þeirra og haffæri fyrirvaralaust, þegar hentugt þykir eða ástæða virðist til, einkum er skip kemur til hafnar eða fer úr höfn. Komi fram, að vafi leiki á því, hvort skip sé haffært samkvæmt lögum þessum, skal það stöðvað til bráðabirgða samkvæmt 46. gr.

Ef skipaskoðunarstjóri telur ástæðu til, getur hann tilnefnt trúnaðarmenn til þess að annast einstök störf eftirlitsmanna, og hafa þeir þá sama rétt og skyldur og eftirlitsmenn.

19. gr.

Verði skoðunarmenn, lögreglumenn, hafnsögumenn, hafnaryfirvöld, tollmenn, trúnaðarmenn stéttarfélaga sjómanna á staðnum eða skrásetningarstjórar varir við, að lög þessi séu brotin eða að brotnar séu reglugerðir settar samkvæmt þeim, eða telji þeir sig hafa ástæðu til þess að ætla, að skip sé ekki haffært, skulu þeir tafarlaust gera næsta eftirlitsmanni aðvart, og skal hann þá að athuguðu máli gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt 18. gr.

Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva, er þeir eru að starfi sínu, þó þannig, að þeir skulu gera forstjóra stöðvarinnar aðvart. Athugar hann málið og snýr sér til eftirlitsmanns skipaskoðunarinnar, ef hann telur ástæðu til.

20. gr.

Þegar embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins eru að starfi, hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem statt er í íslenzkri höfn eða innan íslenzkrar landhelgi, til þess að rannsaka það, sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Leita ber þó álits eftirlitsmanns eða skipaskoðunarstjóra, ef eigi er nauðsyn skjótra aðgerða.

Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar eru skyldir til að veita eftirlitinu alla aðstoð og upplýsingar, sem óskað er og starfið varða.

Trúnaðarmenn eftirlitsins skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfa töfum né torvelda vinnu um nauðsyn fram.

21. gr.

Embættis- og sýslunarmenn eftirlitsins eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

IV. KAFLI
Skoðun skipa.

22. gr.

Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana, sem um ræðir í III. kafla, einkum 20. gr., sbr. og 8. gr., eru skoðunargerðir á skipum þrenns konar: aðalskoðun, aukaskoðun og sérstök aukaskoðun.

23. gr.

Skoðun á þiljuðum skipum annast tveir sérfróðir skoðunarmenn, sbr. þó 16. gr., 2. mgr.

Skal annar þeirra vera vélfróður, en hinn eftir atvikum skipasmiður eða siglingafróður maður.

Skoðun á opnum bát, hvort sem hann er með vél eða án vélar, skal framkvæmd af sérfróðum manni.

24. gr.

Aðalskoðun skal gera á skipinu sem hér segir:

a) Áður en skip leggur úr höfn hér á landi í fyrsta sinn, er smíðað hefur verið hér á landi eða breytt þannig, að farmrými hefur verið stækkað, yfirbygging aukin, breytt um aðalvél eða því hefur verið breytt svo mjög, að mæla þurfi það af nýju.
b) Þegar skip er fengið frá öðrum löndum, hvort heldur nýsmíðað eða notað, til skrásetningar undir íslenzkan fána eða til útgerðar hér á landi.
c) Á öllum farþegaskipum, öllum stálskipum eldri en 12 ára og tréskipum eldri en 16 ára einu sinni á ári.
d) Á öllum öðrum skipum annað hvert ár.

25. gr.

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skips, bæði sjálfs bols þess, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélatækja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi skips.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi, skal sú skoðun, sem fram fór á því til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefur verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. janúar 1926, um haffæri og búnað skipa og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og skipaskoðunarinnar.

26. gr.

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) vottorð um skoðunina og álit sitt um, hvort þeir telji skip haffært eða eigi. Jafnframt ber þeim að senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina, hvort tveggja ritað eftir fyrirmynd, er ráðherra setur. Skýrsluna sendir síðan eftirlitsmaður skipaskoðunarstjóra ásamt athugasemdum sínum.

Hafi skoðun leitt í ljós, að skip sé haffært, skal lögreglustjóri (tollstjóri) eða skipaskoðunarstjóri gefa því haffærisskírteini. Öryggisskírteini farþegaskipa, sem út eru gefin samkvæmt alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á sjónum, 31. maí 1929, skal þó skipaskoðunarstjóri gefa út.

Í haffærisskírteini skal tilgreina nafn skips og heimili, skrásetningarbókstafi þess, númer þess á fiskiskipaskrá og umdæmisbókstafi, ef um fiskiskip er að ræða, rúmlestatal, hvort skip sé seglskip eða vélskip, opið eða þiljað, til hvaða ferða skip sé ætlað, tölu farþega, er það má flytja, sé um farþegaskip að ræða, svo og, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa, er gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Haffærisskírteini skipa, sem um ræðir í c-lið 24. gr., gildir í eitt ár, frá því að það var gefið út.

Haffærisskírteini skipa, sem um ræðir í d-lið 24. gr., gildir í tvö ár, frá því að það var gefið út, enda hafi lögboðin aukaskoðun farið fram.

Nú er skip eigi í höfn hér, þegar haffærisskírteini þess gengur úr gildi, og getur þá skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinis um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en 3 mánuði, enda sé eigi ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært. Nú eru annars sérstök vandkvæði á, að skírteini verði endurnýjað, án þess að eiganda, útgerðarmanni eða skipstjóra verði um kennt, og getur skipaskoðunarstjóri þá framlengt gildi skírteinis um allt að 45 daga, enda sé engin ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært.

Haffærisskírteini skal fylgja skipsskjölunum og ávallt sýnt við tollafgreiðslur skips, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum skipaeftirlitsins, sbr. III. kafla, eða lögreglunni. Nú er sá tími, er skírteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipi á þeim tíma samkvæmt lögum þessum, er vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skip sé óhaffært, og skal skip þá lagt í farbann, sbr. 46. gr.

27. gr.

Almenn aukaskoðun skal gerð einu sinni á ári á skipum þeim, er ræðir um í 24. gr., d-lið, í lögum þessum, það ár, sem aðalskoðun fer ekki fram á þeim.

28. gr.

Við almenna aukaskoðun skal sérstaklega athuga allan búnað skips og áhöld, botn skips og stýrisbúnað. Þó má botnskoðun gera á öðrum tíma, enda sé þá eigi liðið ár frá síðustu botnskoðun.

29. gr.

Sérstök aukaskoðun skal gerð, er svo stendur á sem hér segir:

a) Þegar skip hefur sætt verulegri viðgerð, en eigi kveður samt svo mikið að viðgerðinni, að aðalskoðun skyldi gera samkvæmt 24. gr. í lögum þessum.
b) Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, meiri hluti skipshafnar, vélstjóri eða stjórn stéttarfélags eða félaga sjómanna á staðnum krefst skoðunar. Krafa skal send eftirlitsmanni og vera skrifleg og rökstudd. Trúnaðarmenn eftirlitsins eru bundnir þagnarheiti um, hver kært hefur, nema kæran hafi reynzt ástæðulaus og bakað útgerðarmanni tjón. Skal þá eftirlitið gefa upp þann aðila, sem kært hefur, nema það óski heldur að greiða bæturnar.
c) Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess, svo sem er skip skiptir um veiðiaðferð.

Synji eftirlitsmaður um skoðun, þegar hennar er krafizt samkvæmt b-lið þessarar greinar, má skjóta málinu til skipaskoðunarstjóra.

30. gr.

Við sérstaka aukaskoðun skal athuga þá hluta skips eða skipsbúnaðar, er ástæða þykir til vegna atvika þeirra, er skoðuninni valda.

31. gr.

Að lokinni aukaskoðun á skipi skulu skoðunarmenn senda lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) vottorð um skoðunina og álit sitt um, hvort þeir telji skip haffært eða eigi. Jafnframt ber þeim að senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina, og skal hvort tveggja þetta ritað eftir fyrirmynd, er ráðherra setur. Skýrsluna sendir síðan eftirlitsmaður skipaskoðunarstjóra ásamt athugasemdum sínum.

Telji skoðunarmenn skip haffært, ritar lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri á haffærisskírteini þess athugasemd um, að aukaskoðun hafi farið fram og að hún hafi leitt það í ljós, að skipið sé haffært.

32. gr.

Nú fer fram auka- eða skyndiskoðun á skipi, og getur þá skipaskoðunarstjóri ákveðið, að aðalskoðun skuli fara fram þá þegar, enda skal sú ákvörðun rökstudd.

33. gr.

Synji skipaskoðunarstjóri um skoðun, þegar hennar er krafizt samkv. b-lið 29. gr., eða telji einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, sig eigi geta unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá, er telur sig vanhaldinn, stefnt ágreiningnum fyrir siglingadóm, sbr. 51. gr. Um slík mál fer sem segir í 49. gr.

Dómurinn kveður endanlega á um, hvort skoðun eða eftir atvikum yfirskoðun skuli fara fram.

Dómurinn annast yfirskoðun sjálfur eða kveður til sérstaka yfirskoðunarmenn, ef þörf þykir. Þeir skulu vera þrír eða fimm eftir ákvörðun dómsins, sérfróðir, hæfir og óhlutdrægir menn, er fullnægja skilyrðum til þess að gegna embætti eða sýslan hér á landi.

Yfirskoðunargerð verður ekki haggað, ef hún hefur farið löglega fram. Hún skal staðfest með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt er af einhverjum þeim, er hlut á að máli.

V. KAFLI

Um smíði, búnað, breytingar og innflutning á skipum.

34. gr.

Skip skal að jafnaði fullnægja skilyrðum þeim, sem hér segir:

A. Skrokkur, reiði og vélar.

1. Skrokkur og yfirbygging, reiði og reiðabúnaður og vélar skal vera nægilega sterkt og í góðu ástandi.
2. Í stálskipi skulu vera fullnægjandi vatnsþétt skilrúm.
3. Stýri og stýrisbúnaður, akkeri, keðjur, kaðlar og dælubúnaður skal vera fullnægjandi og í góðu ástandi.
4. Í skipi skulu vera varahlutir, verkfæri og önnur nauðsynleg áhöld.
5. Skip skal láta vel að stjórn og vera nægilega stöðugt, svo að því verði örugglega siglt. Athugun á stöðugleika annarra skipa en þeirra, sem um ræðir í 36. gr., framkvæmir skipaskoðunarstjóri á þann hátt, er hann telur fullnægjandi, eftir atvikum með tæknilegri rannsókn.

Sé eigi annars getið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal kröfum þeim, sem um ræðir í 1.—5. lið, að jafnaði talið fullnægt, ef skip fullnægir þeim kröfum, er flokkunarfélag, viðurkennt af ráðherra, gerir til þess á hverjum tíma, að slíkt skip nái 1. flokki, þegar gætt er tegundar þess og þeirra ferða, sem því eru ætlaðar.

B. Siglingatæki.

1. Skip skal búið þeim áhöldum og tækjum, sem nauðsynleg eru, til þess að því verði örugglega siglt, þar með talin fjarskiptatæki, sem fyrirskipuð eru eða kunna að verða.

Í skipi skal vera a. m. k. einn áttaviti og honum komið fyrir á öruggum stað.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans til þess að rétta áttavita.

Skip skal búið þjóðfána.

C. Öryggisráðstafanir og eldvarnir.

1. Varnir gegn slysum, er leitt getur af venjulegri notkun skips, skulu vera í því horfi, að menn, sem dvelja eða vinna á skipsfjöl eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni.

   Auknar kröfur má gera um öryggi tækja, ef gallar á þeim valda sérstakri slysahættu.

2. Gegn eldhættu skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir. Í skipi skulu vera slökkvitæki, sem beita má hvar sem er í því. Vélknúin dæla skal vera í öllum skipum, 30 rúmlesta eða stærri.

D. Björgunartæki.

1. Skip skal búið traustum björgunartækjum, er komið sé fyrir á hentugum stöðum.
2. Á skipi, sem er í millilandasiglingum, skulu vera nægjanlegir bátar handa öllum, sem á skipi eru.

   Á skipi, sem er í strandsiglingum, skulu vera nægjanlegir bátar handa skipshöfn, en um báta og fleytitæki handa öðrum skal setja sérreglur, sbr. 2. lið 35. gr. og 37. gr.
3. Hæfilega margir bjarghringar skulu vera á skipi. Tölu þeirra ber að miða við stærð skips og fjölda þeirra manna, sem þar er ætlað að vera.
4. Nánari reglur skulu settar um notkun og öryggi björgunartækja, þar með taldar reglur um, að hve miklu leyti bátar skuli vera björgunarbátar. Er sérstaklega stendur á, má krefjast þess, að auk báta skuli vera björgunarflekar eða svipuð fleytitæki. Ef öruggt þykir, má leyfa, að slík tæki komi að nokkru leyti í stað báta.

E. Vistarverur.

1. Vistarverur skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hreinlætistæki og viðhald.

   Reglur um rúmmál, gólfflöt og lofthæð skulu miðaðar við gerð skips og ferðir, sem því eru ætlaðar.

   Sérstök rekkja skal vera fyrir hvern skipverja.
2. Í reglugerð skal og kveða á um búnað skips að lyfjum og hjúkrunargögnum.
3. Reglugerðir, sem um ræðir í 1. og 2. lið, skulu settar af ráðherra að fengnu áliti landlæknis og skipaskoðunarstjóra.

F. Fjarskiptatæki.

Skip, sem siglir meira en 3 sjómílur frá landi og er stærra en 15 rúmlestir, skal hafa loftskeytastöð eða radiotalstöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði. Einn skipverja, að minnsta kosti, skal hafa starfræksluskírteini fyrir slíka stöð, samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

Stöð þessi er háð eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar. Póst- og símamálastjórnin gefur út öryggisvottorð fyrir fjarskiptatækin og tilkynnir skipaskoðunarstjóra árangur skoðunar á þeim, svo og annað varðandi þau, er ástæða þykir til.

G. Skipsskjöl.

1. Auk leiðarbókar (dagbókar) og véladagbókar skal skip hafa eftirlitsbók, sem í eru skráð vottorð skipaeftirlitsins um framkvæmdar skoðunargerðir ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits, sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið, sem krafizt kann að verða.

   Bjóða má, að skip hafi segulskekkjubók, sem í er skráð segulskekkja áttavitanna.

   Gerð og færslu eftirlitsbókar og segulskekkjubókar skal hagað á þann hátt, er skipaskoðunarstjóri kveður á um.

2. Lög þau og reglur um siglingamál, sem boðið er, skulu vera á skipi. Á þar til gerðum stöðum skal festa auglýsingar um þau efni, er krafizt er, að þannig séu birt.
3. Auk þjóðernis- og skrásetningarskírteinis og mælingabréfs skal skip hafa haffærisskírteini, hleðsluskírteini og leyfisbréf fyrir radiostöð. Enn fremur öryggisskírteini, þar sem þess er krafizt.

35. gr.

Um farþegaskip gilda ákvæði 34. gr. með þeim breytingum og viðbótum, er hér segir:

1. Farþegaskip skal að öllu vera þannig gert og búið, að því er snertir öryggi mannslífa, að hæft sé til mannflutninga og ferða þeirra, sem það er notað til.
2. Um búnað og björgunartæki farþegaskipa skal setja sérreglur.
3. Um vistarverur farþega, stærð þeirra, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, viðhald og hreinsun setur ráðherra reglugerð að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra.
4. Í skipi skal vera auglýst, svo að á ber, til hvers konar flutninga skip sé ætlað, og hámark farþegafjölda.

36. gr.

Farþegaskip, hvort heldur þau eru smíðuð til millilanda- eða strandsiglinga, skulu vera nægilega stöðug með alla farþega í annarri hliðinni á efsta þilfari, og er þá miðað við hæstu tölu farþega, sem hugsanlegt er, að skip flytji.

Að lokinni tæknilegri skoðun á stöðugleika skips skal skipaskoðunarstjóri ákveða í samráði við skipasmíðastöðina, hvernig úr skuli bætt, sé um ófullnægjandi stöðugleika að ræða.

37. gr.

Þegar skip, sem ekki telst farþegaskip samkvæmt lögum þessum, er að áliti skipaskoðunarstjóra notað til reglulegra farþegaflutninga, skal hann kveða á um það sérstaklega um hvert skip, hvers krafizt skuli um gerð þess og búnað. Þegar svo ber undir, að skip, sem ekki er farþegaskip, flytur annað fólk en skipverja, skulu settar sérreglur um aðbúð þeirra og öryggi.

38. gr.

A. Nýsmíði innan lands:
   1. Nýsmíði skipa er háð eftirliti skipaskoðunar ríkisins.
   2. Um nýsmíði tréskipa fer eftir uppdráttum og reglum, er ráðherra setur um smíði þeirra, svo og öðrum þeim reglum, er varða öryggisbúnað skipa.
   3. Sé um stálskip að ræða, annast skipaskoðun ríkisins eftirlitið, ef skipið er ekki smíðað undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags, en annars skal fela eftirlitið því flokkunarfélagi, er hlut á að máli. Þá skal og skipaskoðun ríkisins annast um, að skip fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru að alþjóðalögum og íslenzkum réttarreglum um öryggi skipa og búnað þeirra.
   4. Þegar nýtt skip er smíðað, skipar skipaskoðunarstjóri skoðunarmann, sem hefur öruggt eftirlit með smíðinni af hálfu hins opinbera. Verði því við komið, skal skipa einn hinna föstu skoðunarmanna skipaeftirlitsins á staðnum, enda verði hann talinn óhlutdrægur. Enn fremur skulu hinir sérfróðu menn, er um ræðir í 9. gr., ferðast milli skipasmíðastöðvanna samkvæmt ákvörðun skipaskoðunarstjóra, og skulu þeir leiðbeina við skipasmíðina, eftir því sem þörf krefur.

B. Nýsmíði erlendis:
   1. Tréskip, sem smíðuð eru erlendis til skráningar hér á landi, skulu fullnægja ákvæðum íslenzkra laga og reglugerða um smíði og styrkleika skipa eða

reglum flokkunarfélags, sem viðurkennt er af ráðherra, enda sé þá gætt krafna til styrkleika skipa, sem ætluð eru til úthafssiglinga, og séu þær eigi vægari í aðalatriðum en hinar íslenzku reglur.

2. Stálskip, sem smíðuð eru erlendis til skráningar hér á landi, skulu fullnægja reglum flokkunarfélaga, viðurkenndra af ríkisstjórninni, alþjóðalögum og íslenzkum reglum um öryggi skipa og búnað þeirra.
3. Þegar ræðir um nýsmíði á skipum erlendis, skal skylt að hafa eftirlit með smíðinni, en fullnaðarskoðun skipaeftirlitsins fer fram, þegar skipið kemur til landsins. Eftirlit þetta má skipaskoðunarstjóri fela viðurkenndu flokkunarfélagi eða viðurkenndum skoðunarmönnum.

C. Breytingar á gömlum skipum:

Engar meiri háttar breytingar, sbr. a-lið 24. gr., má gera á gömlum skipum, án þess að sérstakt leyfi skipaskoðunarstjóra sé fengið fyrir fram. Allar breytingar og viðgerðir skipa, sem varða öryggi skips, skulu gerðar undir eftirliti skipaskoðunar ríkisins, og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og um nýsmíði væri að ræða. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett með reglugerð.

D. Innflutningur skipa:

Skip, sem keypt eru frá útlöndum til skrásetningar hér á landi, skulu fullnægja íslenzkum lögum um styrkleika, búnað og haffæri.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi, þarf skoðun ekki að fara fram, fyrr en skipið er komið heim. Sé skip ekki í viðurkenndu flokkunarfélagi, skal skoðun fara fram, áður en það er keypt. Skoðunin skal skráð á þar til gerð eyðublöð, sem skipaskoðunarstjóri gefur út í þessu skyni. Skoðun framkvæmir innlendur eða útlendur maður, sem hefur þekkingu á skipasmíði að dómi skipaskoðunarstjóra.

Er skipaskoðunarstjóri hefur fengið skoðunarskýrslu, kveður hann á um, hvort hann vilji mæla með innflutningi skips eða ekki. Því aðeins má hann mæla með innflutningi skips, að styrkleiki þess og búnaður jafnist í aðalatriðum við það, sem krafizt er í lögum þessum, og það sé eigi eldra en 12 ára.

Þegar skip er komið heim, fer fram aðalskoðun samkv. a-lið 24. gr., sbr. og 2. mgr. 39. gr.

39. gr.

Skipum, sem voru íslenzk eign eða í smíðum fyrir íslenzka menn 1. júlí 1937, getur ráðherra veitt undanþágu frá lögum þessum, að því er einstök atriði varðar, þó ekki um haffæri skipa, sbr. 4. gr.

Ef alveg sérstaklega stendur á, má veita slíkar undanþágur skipum, sem keypt eru frá útlöndum.

Undanþágur frá ákvæðum laganna má veita skipum, sem eru sérstakrar gerðar, úr sérstöku efni eða með sérstökum vélabúnaði, og skipum, er gerð eru til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi eða hafa ekki sérstaka aflvél innan borðs.

Undanþágur samkvæmt grein þessari má því aðeins veita, að skipaskoðunarstjóri mæli með þeim, enda er honum heimilt, ef hann telur ástæðu til, að leita umsagnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og sjómannafélags þess, er hann telur helzt eiga hlut að máli.

40. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um smíði og búnað skipa og véla. Ber þar að miða við, hverrar tegundar skip er, stærð þess og notkun, er það er ætlað til, svo og gerð véla og þær ferðir, sem skipi eru ætlaðar.

VI. KAFLI
Um hleðslumerki o. fl.

41. gr.

Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa hleðslumerkjaskírteini.

Þau íslenzk skip, sem hleðslumerkjasamþykkt, gerð í London 5. júlí 1930, nær til, skulu hafa alþjóða-hleðslumerkjaskírteini. Önnur íslenzk skip, 50 rúmlestir eða stærri, skulu hafa hleðslumerkjaskírteini, er sýnir minnsta hleðsluborð.

Skipaskoðunarstjóri ákveður hleðslumerki skipa og gefur út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt samþykkt þeirri, er um ræðir í 2. mgr., og nánari reglum, er ráðherra setur.

Undanþegin ákvæðum þessarar greinar um hleðslumerki eru skip, meðan þau stunda síldveiði á tímabilinu 1. júní—15. sept., enda hafi þau verið skoðuð samkvæmt c-lið 29. gr. og sú skoðun skráð í eftirlitsbók.

42. gr.

Ráðherra setur með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað til öryggis mannslífum og haffæri skipa. Reglugerðin skal samin að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

43. gr.

Merkja skal á fram- og afturstefni allra skipa, sem stærri eru en 20 rúmlestir, mælikvarða í desímetrum annars vegar, en í enskum fetum hins vegar, er sýni, hve djúpt skip liggur í sjó.

Þegar skipaskoðunarstjóri hefur ákveðið hleðsluborð skips, skal hann, telji hann ástæðu til, merkja djúpstöðu þess á framstefni, til þess að forðast mishleðslu, enda ráðfæri hann sig við skipstjórann og skipaskoðunarmann.

44. gr.

Hleðslumerkjaskírteini skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt bæði við tollafgreiðslu og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum skipaeftirlitsins, sbr. III. kafla, eða lögreglunni.

Hafi skip hleðslumerkjaskírteini útgefið af þar til bærum erlendum stjórnarvöldum í ríki, sem er aðili að alþjóðasamþykkt gerðri í London 5. júlí 1930, eða viðurkenndu skipaflokkunarfélagi, getur skipaskoðunarstjóri veitt því íslenzkt hleðslumerkjaskírteini í þess stað án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram.

Nú er skipi breytt þannig, að hleðsluborð þess breytist að dómi skipaskoðunarstjóra, og er þá hleðslumerkjaskírteini þess úr gildi fallið.

45. gr.

Bannað er að flytja benzín eða önnur þau eldfim efni, er sérstök sprengingarhætta stafar af, í farmrúmi eða á þilfari á farþegaskipum.

Um flutning efna þeirra, sem um ræðir í 1. mgr., með skipum setur ráðherra reglur að fengnu áliti skipaskoðunarstjóra.

Um fermingu, flutning og affermingu farms að öðru leyti setur ráðherra reglur að fengnu áliti skipaskoðunarstjóra, þar á meðal um flutning á dýrum.

VII. KAFLI
Um farbann o. fl.

46. gr.

Eftirlitsmenn skera úr því, hvort för skips skuli bönnuð samkvæmt lögum þessum.

Nú hefur eftirlitsmaður lagt farbann á skip, og skal það þá þegar í stað tilkynnt skipstjóra og, ef hentugt þykir, útgerðarmanni. Tilkynningin skal vera skrifleg. Ástæður fyrir banni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því, að banni verði af létt. Skýrslu um málið ásamt nauðsynlegum upplýsingum skal senda skipaskoðunarstjóra, og loks skal lögreglustjóra, hafnar- og tollyfirvöldum á staðnum skýrt frá banninu, enda ber þessum aðilum, hverjum á sínu sviði, að veita fulltingi sitt til þess, að banni verði framfylgt.

47. gr.

Skipaskoðunarstjóri skal fella farbann skips úr gildi, ef hann telur það ekki á rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt, staðfestir hann það og sendir skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni rökstuddan úrskurð sinn.

Telji skipaskoðunarstjóri gögn skorta, sér hann um, að þeirra verði aflað.

VIII. KAFLI
Um siglingadóm og rannsókn sjóslysa.

48. gr.

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Forseti skipar formann dómsins og varaformann til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Ráðherra skipar 12 meðdómendur og 6 varameðdómendur, alla til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi og annar þeirra á diesel-skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar eða loftskeytamenn síðastliðin 5 ár.
4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu sérfróðir um firðtæki.

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru: Formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra, sem tilnefndir hafa verið, og annar sjómannanna (sbr. 3. lið).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda, og gildir sú kvaðning, þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadómendanna valdir í hvert skipti af föstu dómendunum, eftir því hverrar sérþekkingar er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

49. gr.

Hlutverk siglingadóms er:

1. Að annast yfirskoðunargerðir samkvæmt lögum þessum og kveðja yfirskoðunarmenn.

2. Að skera úr um gildi farbanns.
3. Að dæma og eftir atvikum rannsaka refsimál, sem höfðuð eru að tilhlutun skipaskoðunarstjóra út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum.
4. Að skera úr um gjaldskyldu og gjaldsupphæð samkv. 62. gr.

50. gr.

Hafi einhver sá atburður gerzt, er valdi því, að halda beri sjóferðapróf samkvæmt 45. gr. l. nr. 56 30. nóv. 1914, ber að gera eftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem sjópróf er haldið, aðvart um það, og sé um að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón á skipi eða veruleg meiðsli manna, ber honum að mæta eða láta mæta við prófin.

Eftirlitsmanni ber og að hefjast handa um, að próf sé haldið, ef hann telur ástæðu til eða þess er krafizt af aðilum þeim, sem taldir eru í b-lið 29. gr.

Hinir reglulegu sjódómar annast sjópróf og rannsóknir sjóslysa.

Á I. eftirlitssvæði fer þó siglingadómur með rannsóknina, en getur falið hana sjódómi, þar sem skip er statt, ef um lítilræði er að ræða eða sérstaklega stendur á. Siglingadómur getur haldið sjópróf hvar sem er á landinu, ef hann telur ástæðu til.

Öll sjópróf fara fram að hætti sakamála.

Að prófi loknu skal eftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem próf er haldið, sent eftirrit af því. Eftirlitsmaður getur krafizt framhaldsprófs, ef hann telur ástæðu til. Hann sendir síðan skipaskoðunarstjóra eftirrit prófanna ásamt athugasemdum sínum.

Telji skipaskoðunarstjóri ástæðu til að ætla, að um refsivert brot sé að ræða, sendir hann skjölin formanni siglingadóms með kröfu um, að málið verði þar tekið fyrir, og lætur fylgja greinargerð og gögn, er hann telur þurfa.

Siglingadómur ákveður þá fyrirtöku málsins á þeim stað og tíma, er hann telur henta. Skipaskoðunarstjóra og þeim, sem fyrir sök eru hafðir, skal tilkynnt um málshöfðunina, og skal í þeirri tilkynningu — stefnu — greint efni sakar og annað það, sem taka ber fram í stefnu samkvæmt almennum lögum. Málið skal síðan rekið að hætti sakamála, þó þannig, að málflutningur er munnlegur og opinber.

Skipaskoðunarstjóri sér um sókn málsins af hálfu ríkisvaldsins.

Telji skipaskoðunarstjóri eigi ástæðu til málshöfðunar, geta aðilar þeir, sem um ræðir í 29. gr., b-lið, krafizt hennar, enda sjái þeir þá um sókn málsins.

51. gr.

Nú hefur farbann verið lagt á skip, og getur þá skipstjóri eða útgerðarmaður kært það fyrir siglingadómi.

Nú er synjað um að leggja farbann á skip eftir kröfu þeirra aðila, sem um ræðir í b-lið 29. gr., og geta þeir þá kært synjunina fyrir siglingadómi.

52. gr.

Málum höfðuðum samkvæmt 33., 51. og 62. gr. þessara laga skal beint gegn skipaskoðunarstjóra. Þeim skal hraðað svo sem föng eru á. Sérstaklega skal hraða máli svo sem unnt er, þegar úrskurða skal um farbann. Þeim úrskurði, sem skal vera rökstuddur, verður ekki áfrýjað.

Frestir reiknast sem aðilar væru búsettir innan sömu þinghár. Um málið fer að öðru leyti sem venjuleg sjódómsmál.

Skaðabótamál vegna ólöglegs farbanns ber undir almenna dómstóla.

Bótaréttur gegn ríkissjóði fellur niður, ef mál er eigi höfðað innan tveggja mánaða frá því er siglingadómur hefur kveðið á um gildi farbanns.

IX. KAFLI
Um gjöld.

53. gr.

Fyrir aðalskoðun á skipi, sem eigi er í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal eigandi greiða í ríkissjóð:

Fyrir opinn bát	kr. 6.00
— — — með vél	— 12.00
— skip minna en 15 rúml.	— 22.00

										pr. rúml. aurar	minnsta gjald kr.
Fyrir	skip	15	rúml.	allt	að	30	rúml.	.....		150	30.00
—	—	30	—	—	—	50	—	.....		140	45.00
—	—	50	—	—	—	100	—	.....		130	70.00
—	—	100	—	—	—	200	—	.....		120	130.00
—	—	400	—	—	—	800	—	.....		100	440.00
—	—	200	—	—	—	400	—	.....		110	240.00
—	—	800	—	—	—	1200	—	.....		90	800.00
—	—	1200	—	—	—	1600	—	.....		80	1080.00
—	—	1600	—	—	—	2000	—	.....		70	1280.00
—	—	2000	—	og	yfir			.....		60	1400.00

Hluti úr rúmlest reiknast ekki með.

Gjöldin reiknast í heilum krónum, þannig að því, sem er umfram krónu, er sleppt.

Fyrir almenna aukaskoðun á skipum þeim, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða 75% af gjaldi því, sem þar er talið.

Fyrir aðalskoðun og aukaskoðun á skipum, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða hálft gjald samkvæmt 1. og 2. mgr.

54. gr.

Fyrir fyrstu skoðun á nýsmíðuðu skipi, hvort heldur það er smíðað hér á landi eða erlendis, eða skipi innfluttu frá útlöndum, skal greiða gjald samkvæmt 1. mgr. 53. gr. að viðbættum 50%, og skiptir þá ekki máli, hvort skipið er í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi eða ekki.

55. gr.

1. Fyrir eftirlit með smíði tréskips eða óflokkaðs stálskips, sem smíðað er innan lands, skal greiða fjórfalt gjald samkvæmt 1. mgr. 53. gr.
2. Fyrir eftirlit með breytingum og verulegum viðgerðum á skipum, sbr. C-lið 38. gr., skal greiða gjald samkv. 1. mgr. 53. gr. að viðbættri upphæð, er skipaskoðunarstjóri ákveður í hvert skipti með hliðsjón af því, hve umfangsmikil breytingin eða viðgerðin er.

   Hærra en tvöfalt gjald samkv. 1. mgr. 56. gr. má þó ekki krefja.

56. gr.

Fyrir eftirlit flokkunarfélags eða annars trúnaðarmanns, er skipaeftirlitið hefur samþykkt, greiðir eigandi þeim, sem hlut á að máli.

57. gr.

Fyrir skoðun á eimkatli, þegar sú skoðun er ekki framkvæmd, um leið og aðal- eða aukaskoðun fer fram, skal greiða:

Skip með vél minni en 100 hestöfl	kr. 35.00
— — — frá 100 til 200 hestöfl	— 45.00
— — — — 200 — 400 —	— 60.00
— — — — 400 — 800 —	— 75.00
— — — — 800 — 1200 —	— 90.00
— — — — 1200 hestöfl og þar yfir	— 110.00

58. gr.

Fyrir skoðun og mælingar á skipi til ákvörðunar hleðslumerkja skal greiða:

Fyrir skip minni en 200 rúmlestir	kr. 150.00
— — 200 rúml. allt að 500 rúml.	— 200.00
— — 500 — — — 900 —	— 250.00
— — 900 — — — 1400 —	— 300.00
— — 1400 — — — 2000 —	— 350.00
— — 2000 — — — 2700 —	— 400.00
— — 2700 — — — 3500 —	— 450.00
— — 3500 — og stærri	— 500.00

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis, sem gefið er út samkvæmt hleðslumerkjaskírteini frá erlendu stjórnarvaldi eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða 75 krónur.

Fyrir skoðun á skipi til framlengingar eða endurnýjunar á hleðslumerkjaskírteini og útgáfu þess skal greiða 100 krónur.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er eða ónýtt, skal greiða 50 krónur.

59. gr.

Fyrir endurskoðun á smíðauppdráttum óflokkaðs skips, sbr. 2. lið A. 38. gr., skal greiða tvöfalt gjaldið, sem um ræðir í 1. mgr. 53. gr.

Gjaldið skal miða við rúmlestatölu skips, þannig að margfalda saman smíðamál þess í metrum og deila með 5.

Fyrir endurskoðun á skoðunarskýrslu, sbr. 4. mgr. D-liðar 38. gr., greiðist sama gjald og fyrir endurskoðun smíðauppdrátta.

60. gr.

Fyrir aðrar skoðanir ber að greiða samkvæmt reikningi, er skipaskoðunarstjóri úrskurðar.

61. gr.

Öll framangreind gjöld ber eiganda skips að greiða, og renna þau í ríkissjóð, sbr. þó 56. gr.

Gjöldin skulu innheimt af lögreglustjórum (í Reykjavík tollstjóra) á sama hátt og önnur opinber gjöld til ríkisins. Gjöldunum fylgir lögveð í skipi jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því, er gjald var kræft.

62. gr.

Telji gjaldandi gjald ranglega krafið eða of hátt, getur hann leitað úrskurðar skipaskoðunarstjóra, og skal þá greiða gjaldið samkvæmt honum. Gjaldandi getur þó á næstu þrem mánuðum frá því, er honum var kunnugt um úrskurðinn, skotið honum til siglingadóms, er þá sker úr um málið, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað.

Ríkissjóður endurgreiðir gjaldanda að öllu eða nokkru samkvæmt því, sem í úrskurði siglingadóms segir.

Skipaskoðunarstjóri er í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í slíkum málum.

Réttargjöld í málum samkvæmt þessari grein eru hin sömu og í einkamálum.

X. KAFLI
Um laun.

63. gr.

Skipaskoðunarstjóri og sérfróðir fulltrúar hans, sem skipaðir eru fastir starfsmenn við eftirlitið og hafa það að aðalstarfi, skulu launaðir samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins, og taka þeir laun sín úr ríkissjóði.

64. gr.

Skoðunarmenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra, og skal þar tekið tillit til verks þess, sem í té er látið.

65. gr.

Fastir dómendur siglingadóms skulu launaðir á sama hátt og fastir dómendur í félagsdómi.

Laun aukadómenda ákveða hinir föstu dómendur eftir málavöxtum hverju sinni.

66. gr.

Allir framangreindir embættis- og sýslunarmenn taka laun sín úr ríkissjóði.

Skrifstofukostnaður, ferðakostnaður og nauðsynleg aðstoð greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

XI. KAFLI
Um refsingar, svipting réttinda o. fl.

67. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú er skipi, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, lagt úr höfn eða skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, og skal þá eigi beita vægari refsingu en varðhaldi.

Refsingu skal beitt eigi aðeins við skipstjóra, þann, er í hans stað kemur, og aðra, sem beinan þátt eiga í broti, heldur og eiganda skips, útgerðarmann eða annan yfirboðara, enda sé brotið framið með vitund þess manns eða vilja.

68. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Þeim fylgir lögveð í skipi og búnaði þess jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

Aðför skal reynd fyrir sekt, áður en til afplánunar kemur.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sakborninga.

69. gr.

Ef skip, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, er leyst úr höfn, svo og, ef skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, varðar það skipstjóra missi réttar til skipstjórnar eigi skemur en 3 mánuði.

Sé brot ítrekað eða hafi verulegt tjón hlotizt af á mönnum eða verðmætum, skal beitt réttindasviptingu í 6 mánuði og allt að 5 árum eða ævilangt, ef brot er stórfellt.

Réttindasviptingu samkvæmt þessari grein skal beitt við yfirvélstjóra, loftskeytamenn og aðra yfirmenn skips, eftir því sem við á, ef þeir gerast brotlegir gegn lögum þessum eða taka þátt í brotum á þeim.

70. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum 21. gr. laga nr. 33 9. jan. 1935, að því er snertir viðurlög, ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

71. gr.

Ef maður, sem hefur fengið opinbera viðurkenningu eða próf sem smiður skips, vélar eða búnaðar þess, vanrækir störf sín samkvæmt lögum þessum, varðar það hann refsingu og réttindamissi samkvæmt 67. og 69. gr.

72. gr.

Skipting réttinda samkvæmt lögum þessum skal gerð með dómi.

Hver sá, sem sviptur hefur verið réttindum samkvæmt lögum þessum, skal afhenda lögreglunni réttindaskírteini sitt.

Réttindasvipting skal tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

73. gr.

Hafi maður verið sviptur réttindum samkvæmt lögum þessum lengur en 5 ár, getur dómsmálaráðherra veitt honum réttindin aftur, enda séu meira en 5 ár liðin frá réttindasviptingu, sönnur færðar á, að sá, er hlut á að máli, hafi lifað heiðarlegu og grandvöru líferni, hafi enn þá þekkingu og leikni, er til starfans þarf, og ástæður mæli að öðru leyti með.

Endurveiting réttinda samkvæmt þessari grein er þó því aðeins heimil, að skipaskoðunarstjóri og siglingadómur mæli með.

XII. KAFLI

Um gildistöku laganna o. fl.

74. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum og bátum, lög nr. 38 30. júní 1942, um breyting á þeim lögum, svo og önnur þau ákvæði, er eigi fá samrýmzt lögum þessum.

75. gr.

Reglugerðir, sem út hafa verið gefnar samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, halda gildi sínu, þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar.

76. gr.

Auk þess, sem getið er í einstökum greinum, er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra, enda sé tillagna skipaskoðunarstjóra leitað. Í slíkar reglugerðir má og setja refsiákvæði innan þeirra marka, er lög þessi setja.

Sþ. 603. Tillaga til þingsályktunar

um sölu á skýrslu milliþinganefndar í sauðfjárveikimálum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar til sölu í bókabúðir um allt land, með hæfilegu verði, skýrslu þá um innflutning búfjár, sem milliþinganefnd í sauðfjárveikimálum hefur látið prenta sem fylgiskjal við frv. um varnir gegn karakúlsjúkdómum.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, skipaði Pétur Magnússon ráðherra í sumar sem leið nefnd til að gera tillögur um, hversu rétta mætti hlut bænda í baráttunni við hina svonefndu karakúlsjúkdóma. Nefndarmenn voru Árni Eylands, formaður, Jón Pálmason og Jónas Jónsson. Nefndin samdi frv. um pestarmálin, og hefur það verið til umræðu í báðum deildum Alþingis. Árni Eylands samdi síðan á vegum nefndarinnar mjög ýtarlegt sögulegt yfirlit um innflutning búfjár til Íslands á síðari tímum. Er þar saman kominn afar mikill fróðleikur um allt innflutningsmálið frá upphafi. Bókin er um 300 bls. að stærð í stóru broti. Í henni eru að mestu leyti opinber skjöl, samþykktir funda, ritgerðir úr búnaðarblöðum, ályktanir búnaðarþings, Alþingis, bréf ráðunauta, dýralækna, forráðamanna búnaðarmála og stjórnarvalda. Þetta eru meginkaflar ritsins:

1. Innflutningur spanskra hrúta 1760 og innflutningur enskra kinda 1855. Barst fjárkláði hingað í bæði skiptin með þessu útlenda fé og gerði hinn mesta usla í sauðfjáreign bænda.

2. Þáttur Hallgríms og Jóns Þorbergssona. Hefja þeir eftir 1905 markvissa baráttu fyrir innflutningi erlends sauðfjár til kynbóta. Lauk þeim þætti með lagasetningu um innflutning sauðfjár 1931.

3. Þáttur búnaðarþings. Hefst hann 1907 og helzt óslitinn, þar til allar tegundir karakúlveikinnar eru hér komnar í algleyming 1939.

4. Þáttur Alþingis. Hann byrjar árið 1905 með löggjöf um algert bann gegn innflutningi á útlendu kvikfé, jafnvel bannað að flytja inn hunda. Magnús Einarsson og Tryggvi Þórhallsson stóðu lengi fast á þessum grundvelli. En árið 1931 var sótt svo fast á af ýmsum forkólfum bænda og af sauðfjárræktarráðunaut Búnaðarfélagsins, að ekki varð lengur móti staðið. Í fyrstu var ráðgert að gæta mikillar varasemi, en í framkvæmdinni fór allt í handaskolum, einkum með karakúlféð og ensku nautgripina.

5. þáttur er um innflutning loðdýra og sauðnauta, og er sú saga allmerkileg.

6. þáttur er um brezka holdaféð, sem fór til Hallgríms Þorbergssonar. Engin ógæfa fylgdi þeim innflutningi.

7. þáttur er um brezku nautgripina. Enduðu þau mál á þann veg, að verr var farið en heima setið.

8. þáttur er um karakúlféð. Koma vísindi þau, sem íslenzkir bændur eiga aðgang að, þar glögglega fram í dagsljósið.

9. þáttur er um tæknifrjóvgun. Lýkur þeim þætti með frásögninni um það, að veikar kindur voru fluttar frá útlöndum til Reykjavíkur skömmu fyrir jól í vetur. Pétur Magnússon ráðherra fyrirskipaði að slátra hinu sjúka fé, en í stað þess hófu kunnáttumenn, sem trúað var fyrir kindunum, víðtækar kynbótatilraunir með þetta fé í ýmsum byggðum norðanlands. Bendir þetta síðasta óhapp mjög í þá átt, að bændastéttin eigi helzt til fáa áreiðanlega trúnaðarmenn.

10. þáttur er um sauðfjárveikinefnd. Hermir hann frá því, að þegar öll vísindi og veraldarvald höfðu yfirgefið bændastéttina í karakúlmálunum, tóku menn úr þeirri stétt vandann sér í hendur og glíma enn við óvættina.

11.—13. þættir fjalla um ýmsar lækningatilraunir, bæði í Rannsóknarstofu háskólans og hjá ýmsum leikmönnum. Hefur það starf engan jákvæðan árangur borið.

14.—16. þættir. Þar rekja ráðunautar Búnaðarfélagsins, Halldór Pálsson og Páll Zóphóníasson, afskipti þau, er þeir telja sig hafa haft af karakúlmálunum, og færa fram viðeigandi skýringar. Enn fremur skýrir Halldór Pálsson frá stofnun og rekstri búanna á Keldum og á Hesti, og er sú frásögn bæði skemmtileg og lærdómsrík.

17. þáttur. Þar skýrir Sigurður Hlíðar yfirdýralæknir frá skoðunum sínum á karakúlmálunum öllum í heild. Hann hefur, svo sem kunnugt er, haft á því máli allt aðrar skoðanir en aðrir dýralæknar.

18. þáttur. Þar gefur Árni Eylands yfirlit um sauðfjáreign landsmanna árin 1934—1945. Sést þar glögglega, hvílíkan feiknaskaða innflutningur karakúlfjárins hefur haft í för með sér á efnahag landsmanna, síðan sýki þessi fór að herja bústofn bænda.

19. og síðasti þáttur skýrslunnar er yfirlit um allt málið og fáorðar bendingar um, hversu starfa megi að því að koma upp heilbrigðum fjárstofni á Íslandi.

Karakúlmálið er mesta áhyggjuefni íslenzkra bænda. Meðan fjársýkin vofir yfir landbúnaðinum, vantar þennan atvinnuveg allt öryggi. Í skýrslu Árna Eylands um málið er brugðið skörpu ljósi yfir allan gang þess. Hver einasti bóndi á Íslandi, sem hefur áhuga fyrir atvinnu sinni, þarf að lesa þessa bók með athygli. Þar tala verkin. Hin svokölluðu sauðfjárvísindi hafa fram að þessu verið kostnaðarsöm leiksýning. Eins og málin horfa nú við bændastéttinni, er aðeins um tvö úrræði að gera: Fjárskipti þar, sem heilbrigður íslenzkur kindastofn er látinn taka við af karakúlsjúklingunum, og innflutningur erlendra kynja með tæknifrjóvgun. Þeir, sem stefna að þessu marki, verða að þekkja sögu innflutningsmálsins frá upphafi. Þar er að vísu meira sagt frá ósigrum en sigrum. En ef bændastéttin ætlar að rétta íslenzkan búskap við, svo að hann verði öruggur atvinnuvegur, verður að læra af fenginni reynslu. Oft nema menn hin gagnlegustu fræði af ósigrum.

Menn, sem af óþekktum ástæðum líkar miður, að til skuli vera ýtarleg skýrsla um allt karakúlmálið, hafa haldið því fram, að fyrrverandi ríkisstjórn hafi sólundað peningum af almannafé til að gera karakúlbókina. Nefndu þessir menn 120 þúsund krónur, sem útlagðar eru í þessu efni. Hið sanna er, að nefndarvinnan kostaði 5 þús. kr., en pappír og prentun bókarinnar um 20 þúsund. Upplagið er 800. Hefur oft þurft að fórna stærri fjárhæðum á altari karakúlveikindanna.

Nd. 604. Breytingartillögur

við frv. til framfærslulaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Í stað 6. gr. koma 5 eftirtaldar greinar, og breytist greinatala frv. samkv. því:
   a. (6. gr.) Börn skulu ala önn fyrir foreldrum sínum, ef þau eru til þess fær, að svo miklu leyti sem lífeyrir samkv. lögum um almannatryggingar og aðrar tekjur hrökkva ekki til. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri. Sama skylda hvílir á kjörforeldrum og kjörbörnum.
   b. (7. gr.) Framfærslumaður á rétt á að taka á heimili sitt þau skyldmenni sín, sem honum er lögskylt að framfæra, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum og heimili framfærslumannsins ekki aðfinnsluverður dvalarstaður framfærsluþurfans.

      Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlag af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á framfærsluþurfi tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar sem framfærsluþurfi á lögheimili eða er staddur, skera úr.
   c. (8. gr.) Nú fullnægir framfærslumaður ekki framfærsluskyldu sinni eða veitir ekki framfærsluþurfa sínum góða aðbúð, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærsluna gegn endurgjaldi frá framfærslumanni. Endurgjaldið ákveður yfirvald með úrskurði, eftir efnum og ástæðum framfærslumanns, og má skjóta slíkum úrskurði til ráðherra.

      Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna á milli, barna yngri en 16 ára né um framfærslu samkvæmt 11. gr.

d. (9. gr.) Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærslumaður á heima eða dvelur, ef hann á hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, kjörbarna með kjörforeldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru og upphæð barnsfararkostnaðar.

e. (10. gr.) Nú er meðlagsúrskurður samkvæmt framansögðu löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkv. lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki er greidd í gjalddaga fúlga sú, sem framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum, eða stjúpbarni sínu á sama aldri, þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu.

Þó á fráskilin kona eigi kröfu á að fá greitt frá Tryggingastofnun ríkisins hærri upphæð en sem svarar barnalífeyri fyrir það eða þau börn hennar, er hún hefur á framfæri.

2. Við 72. gr. Greinina skal orða svo:

Nú hefur framfærsluþurfi misst rétt til bóta eða lífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar, vegna vanskila á iðgjaldi, og getur sveitarstjórn þá keypt honum full réttindi samkvæmt þeim lögum með því að greiða vangoldin iðgjöld hans, en þó ekki hærri upphæð en svarar til 5 ára iðgjalds.

3. Við ákvæði til bráðabirgða.

a. Í stað „örorkulífeyris“ í upphafi 2. töluliðar kemur: örorkustyrks.

b. Aftan við sama tölul. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákvæði þetta gildir þó aðeins til ársloka 1948.

Ed. 605. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

3. málsl. 1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegarskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærri en 10 af þúsundi, nema samþykki samgöngumálaráðherra komi til í hvert sinn.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkvæmt síðari málsgr. 6. gr. en svarar 2‰ af fasteignarverði lands og lóða og 1‰ af fasteignarverði húsa, og skal þá ríkissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2‰—4‰ af land- og lóðaverði og 1‰—2‰ af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði, móti framlagi, er nemur 4‰—10‰ af land- og lóðaverði og 2‰—5‰ af húsaverði, greiðist tvöfalt framlag úr ríkissjóði, en þrefalt á móti því, sem umfram er.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 121 12. des. 1945.

Ed. 606. Lög

um að tryggja manneldisgildi hveitis.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 458.

Nd. 607. Frumvarp til laga

um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Vörumagnstollur.

Til ársloka 1947 skal innheimta vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari lögum um breyting á þeim lögum með þeim hækkunum, er hér greinir:

a. af benzíni samkvæmt 27. kafla tollskrárlaganna 15. lið með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
b. af öllum öðrum vörum með 200% álagi, með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. gr.

2. gr.

Verðtollur.

Á sama tíma skal verðtollur innheimtur með 65% álagi, með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. gr.

3. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er um getur í 1. og 2. gr., eru eftirtaldar vörur:

Tollskrárkafli 9 nr. 1—2, kaffi, óbrennt, brennt eða brennt og malað.
—— 10 — 1—7, korn ómalað.
—— 11 — 1—12, mjöl og grjón.
—— 17 — 1—6, sykur.
—— 22 — 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—— 24 — 1—9, tóbak.
—— 25 — 10, salt.
—— 27 — 1—4, kol.
—— — — 14, steinolía.

Enn fremur eru allar vörur, sem tollur er greiddur af samkvæmt milliríkjasamningum, undanskildar tollhækkun samkvæmt þessum lögum.

4. gr.

Sama aðflutningsgjald af benzíni og segir í 1. gr. a skal greiða af öllum benzínbirgðum í landinu, er lögin öðlast gildi, að frádregnu þegar greiddu aðflutningsgjaldi samkvæmt gildandi tollskrá. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda. Gjaldið skal greiða hvort heldur benzínið er í vörzlum eiganda sjálfs eða ekki. Sérhver sá, sem á eða hefur umráð yfir 300 l af benzíni eða meira þann dag, er lög þessi öðlast gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga.

5. gr.

Auk þeirra undanþága, er greindar eru í 3. gr., er fjármálaráðherra heimilt að undanþiggja fleiri vörutegundir tollhækkun, ef það reynist nauðsynlegt að hans dómi til að halda niðri verðlagi í landinu eða af öðrum knýjandi ástæðum.

6. gr.

Verðlagseftirlitinu er óheimilt að leyfa álagningu á tollhækkun samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frv. þetta er borið fram til að afla ríkissjóði tekna til að inna af hendi nauðsynlegar fjárgreiðslur til þess að halda niðri verðlagi í landinu.

Í fyrstu grein frv. er gert ráð fyrir, að benzíntollur verði hækkaður úr 1 eyri af kg í 20 aura. Samkvæmt skýrslu Hagstofunnar voru fluttar inn rúmar 22.5 þús. lestir af benzíni s. l. ár. Bifreiðum hefur fjölgað um 2500 á árinu og eru nú með bifhjólum 7858 á öllu landinu. Af þessum ástæðum má búast við auknum innflutningi á benzíni á þessu ári, og er ekki óvarlegt að áætla, að benzínnotkun bifreiða komist upp í 25 þús. lestir eða vel það, þannig að reikna megi með um 5 millj. kr. tekjuaukningu af þessari tollhækkun. Sem stendur er greiddur 1 eyris tollur af hverju kg benzíns, auk 9 aura aukagjalds af hverjum lítra. Í nágrannalöndum vorum er miklu hærri tollur greiddur af benzíni en hér, t. d. í Danmörku 34 aur. af l, í Svíþjóð 18 aurar og í Noregi 18 aurar, talið í gjaldeyri hvers lands. Í Englandi er benzíntollurinn 9 pence af gallon, sem samsvarar 22 aur. af lítra.

Vegaviðhaldið varð árið 1939 rúmlega 836 þús., en 1946 yfir 11 millj. kr. og hefur því meira en þrettánfaldazt á síðustu 8 árum, án þess nokkrar sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar til að mæta þessari stórfelldu útgjaldaaukningu. Aðrar þjóðir hafa hagað löggjöf sinni þannig, að þeir, sem mest nota vegina, tækju drýgstan þátt í viðhaldskostnaðinum. Með hækkun benzínstollsins er stefnt í þessa átt.

Í annan stað er gert ráð fyrir, að annar vörumagnstollur, með þeim undantekningum sem í 3. gr. getur, hækki um 200%.

Á undanförnum 7 árum hefur hlutfallið á milli vörumagnstolls og verðtolls verið sem hér segir, talið í þús. króna.

	1940	1941	1942	1943	1944	1945	1946
Vörumagnstollur:	6310	6995	9420	8953	10236	12531	14667
Verðtollur:	6422	16699	39384	33933	36106	48771	62314

Af þessum samanburði sést, að vörumagnstollurinn hefur numið nálega sömu fjárhæð og verðtollurinn fyrst eftir að tollskrárlögin komu til framkvæmda, en eftir því sem verðlag á erlendum vörum og flutningsgjald hækkar á styrjaldarárunum, raskast þetta hlutfall, unz svo var komið s. l. ár, að verðtollurinn var orðinn meira en ferfaldur vörumagnstollurinn. Í langflestum tilfellum er þungatollurinn 2 og 7 aur. á kg, þannig að miðað við það háa verðlag, sem nú er á erlendum varningi, má segja, að þessi tollur sé nú orðinn alveg hverfandi og að sú hækkun á vörumagnstollinum, sem hér er gert ráð fyrir, muni hafa tiltölulega lítla verðhækkun í för með sér.

Vörumagnstollurinn nam s. l. ár alls 14.6 millj. kr., þar af tóbakstollur 5 861 000 kr. og áfengistollur 2 387 000 eða samtals krónur 8 248 000.00. Af öðrum vörum hefur því vörumagnstollur orðið 6.4 millj. kr. Innflutningur hefur aldrei orðið meiri en í fyrra og alveg víst, að hann verður mun minni á þessu ári, af ástæðum, sem síðar verður vikið að. Sé gengið út frá, að innflutningur verði ¼ hluta

minni í ár en í fyrra að magni, yrði vörumagnstollur á þessu ári, að undanskildum áfengis- og tóbakstolli, samkvæmt gildandi tollalöggjöf 4.8 millj. króna. Frá þessari upphæð ber svo að draga tolla af þeim vörum, sem ekki eiga að hækka samkvæmt frv., sem hér segir:

Kol 150 000 lestir á 2 kr.	kr.	300 000.00
Steinolía 17 000 lestir á 0/35 100 kg	—	59 500.00
Kaffi 700 lestir á 0/40 kg	—	280 000.00
Sykur 5 500 lestir á 0/10 kg	—	550 000.00
	kr.	1 189 500.00

þannig að tollhækkun samkvæmt frv. mundi alls nema 4.8 ÷ 1.2 = 3.6 × 2 = 7.2 millj. króna.

Verðtollurinn nam á s. l. ári 62.3 millj. kr. og varð 13.5 millj. kr. hærri en árið áður og hefur aldrei komizt svo hátt fyrr. Þetta stafar að sjálfsögðu af óvenjulega miklum innflutningi á s. l. ári, samfara nokkurri verðhækkun á heimsmarkaðinum. Það sem af er þessu ári hefur ekkert dregið úr innflutningnum, svo að verðtollurinn varð 10 millj. kr. fyrstu 2 mánuði ársins, sem stafar af eldri leyfisveitingum, sem endurnýjaðar hafa verið á þessu ári.

Gjaldeyrisástand er nú þannig, að dregið verður úr veitingu innflutningsleyfa fyrst í stað, að minnsta kosti þar til séð verður, hvernig úr muni rætast með sölu afurða og þar af leiðandi með gjaldeyri á þessu ári. Er því alveg vafalaust, að reikna verður með minni innflutningi í ár en í fyrra, og þykir ekki ósennilegt, að heildarinnflutningsverðmætið verði allt að ¼ hl. minna en í fyrra og verðtollurinn álíka lægri, eða ca. 46 millj. kr. 65% hækkun á verðtollinum ætti því að hafa í för með sér 29.9 millj. kr. tekjuhækkun, miðað við allt árið. Þess ber þó að gæta, að eins og fyrr segir hefur innflutningur orðið óvenju mikill það sem af er árinu, sem tollhækkun nær ekki til, svo að líkindum er hér vel í lagt.

Í fyrra mánuði var hækkað útsöluverð á áfengi og tóbaki, og hefur fjárveitinganefnd þegar tekið í áætlun sína væntanlega tekjuaukningu af þeirri verðhækkun. Hefur því ekki þótt ástæða til að innheimta toll af áfengi og tóbaki með álagi, þar sem séð hefur verið fyrir tekjuaukningu af þeirri verzlun á annan hátt.

Samkvæmt framanskráðu ætti hækkun samkvæmt frv. miðað við allt árið að nema:

Benzíntollur	5·	millj. kr.
Vörumagnstollur	7,2	— —
Verðtollur	29.9	— —
	42.1	millj. kr.

Þar sem tollhækkunin nær ekki nema til 9 mánaða af árinu, ber að draga hér frá ¼, eða 10.5 millj. kr., þannig að tekjuhækkun í ár mun ekki nema meiru en 31.6 millj. kr.

Eins og gefur að skilja, er óhjákvæmilegt, að tollhækkun sem þessi hafi talsverða verðhækkun í för með sér, en meðan þeirri stefnu er haldið að leitast við að stöðva áframhaldandi verðbólgu með niðurgreiðslu úr ríkissjóði, verður ekki hjá því komizt að auka sérstaklega tekjur ríkissjóðs í þessu skyni, og ber þá einnig á það að líta, að ætlazt er til, að öllu fénu verði varið til að greiða niður verð á helztu nauðsynjavörum og leitast þannig við að stemma stigu fyrir því, að hækkun vísitölunnar verði atvinnuvegum landsmanna of þung í skauti.

Ed. 608. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

7. liður 1. kafla 2. gr. laganna orðist svo: lakkrís og lakkrísvörur 1 kg 210.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta til ársloka 1947 með 100% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, að viðbættu 50% álagi samkv. lögum nr. 94 1946, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld með viðauka. Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla greindra laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Samkvæmt 1. gr. er lagt til, að gjald af lakkrís og lakkrísvörum verði hið sama og af brjóstsykri, töggum o. fl. vörum samkv. 1. kafla 2. gr. laganna, með því að ekki virðist nein ástæða til að tolla lakkrís lægra en fyrrgreindar vörur.

Til þess að afla ríkissjóði tekna, er ríkisstjórninni enn fremur heimilað með frumvarpinu að innheimta gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, að viðbættri þeirri heimild til hækkunar, sem ákveðin er í lögum nr. 94 1946, með 100% álagi, en það er sama sem að grunngjaldið samkv. lögunum frá 1939 sé innheimt með 200% álagi.

Tekjur af innlendri tollvöruframleiðslu urðu s.l. ár ca. tvær og hálf milljón króna, og hafði þá verið notuð heimild til 50% hækkunar á þessum gjöldum.

Að öllu óbreyttu ætti því tekjuaukning samkv. þessu frumvarpi að nema 2,5 millj. króna. En með því að gengið er út frá, að gjald af kaffibæti verði ekki hækkað frá því, sem nú er, og ætla má, að verðhækkun sú, sem þessi tollhækkun hefur í för með sér, muni eitthvað draga úr neyzlu og þar af leiðandi framleiðslu þessara vara, þykir ekki varlegt að áætla tekjuauka samkv. þessu frumvarpi meira en 1,5 millj. króna.

Ed. 609. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til viðhalds og umbóta akvegum skal greiða sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum sem hér segir:

a. af benzíni 4 aura innflutningsgjald af hverjum lítra.
b. af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 3 — þrjár — krónur í innflutningsgjald af hverju kg.
c. af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga, 36 — þrjátíu og sex — krónur á ári af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.

d. af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, 90 — níutíu — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.
Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.
e. af bifhjólum 60 — sextíu — krónur árlega af hverju hjóli.

2. gr.

8. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hækkun bifreiðaskattsins tekur til þess skatts, sem féll í gjalddaga 1. apríl þ. á.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í frv. þessu, sem er fram borið af hálfu ríkisstjórnarinnar til að afla ríkissjóði tekna, er ætlazt til, að gjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum og skattur af bifreiðum verði hækkað allverulega frá því, sem nú er, hins vegar er ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á benzingjaldinu samkvæmt l. nr. 84/1932 og l. nr. 53/1946, með því að í frv. því um heimild til að innheimta ýmis aðflutningsgjöld á þessu ári með viðauka, sem lagt verður fyrir þingið, er gert ráð fyrir mikilli hækkun á benzínskatti samkv. tollskránni. Gúmmígjald og bifreiðaskattur hefur haldizt óbreytt síðan 1932, þrátt fyrir stórfellda verðhækkun og verðfall peninga, síðan gjöld þessi voru leidd í lög, þannig að miðað við þær verðlagsbreytingar, sem orðið hafa síðan, er um raunverulega lækkun þessara gjalda að ræða. Gúmmígjaldið, sem nú er 1 kr. á kg, nemur því sem næst 5% af útsöluverði. Sú hækkun, sm hér er gert ráð fyrir, úr 1 kr. í 3 kr., mundi því hafa í för með sér 10% hækkun á útsöluverðinu frá því sem nú er. Gjald þetta varð s. l. ár um 156 þús. kr. Þar sem bifreiðum fjölgaði á árinu um 50%, má gera ráð fyrir, að hjólbarðanotkunin aukist að sama skapi. Að óbreyttu gjaldinu ætti því þessi tekjuliður að nema allt að 250 þús. kr. á þessu ári, og hækkunin, sem hér er gert ráð fyrir, að verða 500 þús. kr.

Samkvæmt skýrslum lögreglustjóra voru skrásettar hér á landi um miðjan febrúar s. l. 712 leigubifreiðar til mannflutninga og 3022 einkafólksflutningsbifreiðar, þar með taldar „jeep"-bifreiðar. Með frv. er gert ráð fyrir, að sama gjald sé greitt af öllum fólksflutningsbifreiðum. Sé gert ráð fyrir, að hver bifreið vigti að meðaltali 1500 kg, verður meðalskattur af bifreið 540 kr. eða 2016 þús. kr. af 3734 bifreiðum. Þessi skattur nam s. l. ár 310 þús. kr. Með núverandi skatti mundu þessar tekjur vegna fjölgunar bifreiða nema á þessu ári 450 þús. kr. Tekjuaukning ætti því að verða 1566 þús. kr., þannig að alls mundu viðbótartekjur samkvæmt þessu frv. nema ca. 2 millj. króna.

Þá er lagt til, að 8. gr. laganna falli úr gildi, en ákvæði greinarinnar um, hvernig tekjum skuli varið, hefur verið dauður bókstafur og því ástæðulaust að hafa í lögum.

Ed. 610. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

Frá landbúnaðarnefnd.

Jafnframt því sem nefndin leggur til, að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt, þykir henni þó rétt að birta hér sem fylgiskjal bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 27. f. m., er lýtur að frumvarpinu. — Þykir nefndinni eigi ástæða til breytinga á ákvæðum frv. vegna þeirrar kvaðar, sem segir í bréfinu. Það, sem þar

er tekið fram, er ýmist áður almennt lögfest eða á þann veg venjuhelgað, að öruggt á að vera, að land verði lagt fram ókeypis, bæði að því er snertir kirkjur og kirkjugarða.

Alþingi, 10. apríl 1947.

Þorst. Þorsteinsson, form. Ásmundur Sigurðsson, fundaskr. Eiríkur Einarsson, frsm.

Páll Zóphóníasson, með fyrirvara. Guðm. Í. Guðmundsson.

Fylgiskjal.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Reykjavík, 27. marz 1947.

Með skírskotun til viðtals við yður, herra alþingismaður, þar sem þér óskuðuð umsagnar ráðuneytisins um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg í Grímsneshreppi í Árnessýslu, skal það tekið fram, að ráðuneytið mælir með því, að hreppnum verði seld jörðin og að heimildarlögin fyrir sölunni verði samþykkt, eins og frumvarpið er eftir aðra umræðu í Nd.

Það skal tekið fram, að þar sem jörðin er kirkjustaður, verður að setja þá kvöð á jörðina við sölu hennar, að kirkjan fái að standa áfram á jörðinni og að söfnuðurinn hafi rétt til stækkunar á kirkjugarði og rétt til umferðar um land jarðarinnar til og frá kirkju.

F. h. r.
Friðg. Bjarnarson.

Til form. landbúnaðarnefndar Ed., Alþingi.

Nd. 611. Nefndarálit

um frv. til l. um lögræði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á fundi með Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara, er samdi frv. fyrir ríkisstjórnina, og Vilmundi Jónssyni landlækni.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 7. gr. 6. lið b. Liðurinn orðist þannig:
   Þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila, er það hefur fengið á annan hátt.
2. Við 31. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Framangreind ákvæði eru ekki því til fyrirstöðu, að unnt sé að hefta frelsi manna til bráðabirgða, þegar nauðsyn krefur, að þeir séu vistaðir í sjúkrahúsi eða á öðrum svipuðum stað, sem til þess er hæfur að dómi embættislæknis, til rannsóknar eða einangrunar vegna sjúkdóms, sem hættulegur getur talizt sjálfum þeim eða öðrum. Koma hér til greina farsóttir, og aðrar næmar sóttir, geðveiki, nautn eiturlyfja og ölvun, sem valdið hefur því, að hlutaðeigandi hefur verið tekinn í umsjá löggæzlumanna. Aldrei má þó, án samþykkis hlutaðeig-

anda, eða krafa sé gerð til dómara um sviptingu sjálfræðis hans, hefta frelsi manna tveimur sólarhringum lengur fyrir þessar sakir, nema í hlut eigi sjúklingur með bráða og hættulega farsótt, en honum er skylt að hlíta einangrun, á meðan hann er haldinn veikinni og sótthætta stafar af honum að dómi embættislæknis.

Alþingi, 10. apríl 1947.

Garðar Þorsteinsson, form. Jóhann Hafstein, frsm. Finnur Jónsson, fundaskrifari.

Hermann Guðmundsson, með fyrirvara. Jörundur Brynjólfsson.

Ed. 612. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á lögum nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. c-lið. Eftir orðinu „fólksflutninga“ komi: enda skráðar sem fólksflutningabifreiðar — og síðan liðurinn óbreyttur til loka.

Ed. 613. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á lögum nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

1. gr. laganna orðist svo:

Til viðhalds og umbóta akvegum skal greiða sérstakt innflutningsgjald:

a. af benzíni 4 aura innflutningsgjald af hverjum lítra.
b. af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 3 — þrjár — krónur í innflutningsgjald af hverju kg.

Einnig skal til viðhalds og umbóta akvegum greiða skatt af bifreiðum sem hér segir:

1. af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar og notaðar til fólksflutninga, 36 — þrjátíu og sex — krónur á ári af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.
2. af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, 90 — níutíu — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.
3. af bifhjólum 60 — sextíu — krónur árlega af hverju hjóli.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

Ed. 614. Breytingartillaga

við frv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 71. gr. Á eftir orðunum „samkvæmt lögum þessum“ komi: af ásetningi eða vítaverðu gáleysi.

Nd. 615. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Ólafsfjarðarkaupstað jörðina Hringverskot í Ólafsfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur tekið frv. þetta til athugunar og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. apríl 1947.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Finnur Jónsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Jörundur Brynjólfsson. Hermann Guðmundsson.

Nd. 616. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggvisstaði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (JS) var fjarstaddur þegar frumvarpið var afgreitt.

Alþingi, 11. apríl 1947.

Jón Pálmason, form. Steingrímur Steinþórsson, fundaskr., frsm. Sigurður Guðnason.
Ásg. Ásgeirsson.

Nd. 617. Nefndarálit

um frv. til l. um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Meiri hl. leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1947.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr. Hallgrímur Benediktsson, frsm.
Skúli Guðmundsson, með fyrirvara um 5. gr.

Nd. 618. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 50 26. apríl 1946, um almannatryggingar.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

1. gr.

Við 45. gr. laganna bætist: Sama rétt á íþróttafólk, sem talið er í niðurlagi 46. greinar, og vandamenn þess.

2. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 46. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Allir, sem taka þátt í íþróttaiðkunum, hvort er heldur æfingum eða keppni og orðnir eru 16 ára, skulu tryggðir á sama hátt og launþegar.

3. gr.

Aftan við 1. málsgr. 114. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Íþróttafélög greiða iðgjöld fyrir íþróttafólk. Nánari ákvæði um það skal setja í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breytingar þær, sem gert er ráð fyrir með frumvarpi þessu á almannatryggingunum eru þær, að allir íþróttaiðkendur komi inn undir lögin og njóti stuðnings, ef slys verður, svo sem sjúkrakostnaðar og dagpeninga.

Eins og flestum, er til þekkja, mun vera kunnugt, koma oft fyrir slys við íþróttaæfingar og íþróttakeppni, án þess að um verði kennt óaðgætni eða slæmum útbúnaði íþróttatækja. Þeir, sem íþróttir stunda, eru oftast ungt fólk og oftast félítið.

Augljóst er, hversu erfitt er fyrir þetta fólk að mæta skakkaföllum, er það verður fyrir, svo sem eins og þeim að verða lengri eða skemmri tíma frá verki vegna slyss við íþróttaiðkanir. Um sanngirni þess, að íþróttaiðkendur njóti ákvæða almannatryggingalaganna um slysabætur, ætti eigi að vera þörf að rita langt mál eða leiða fram mörg rök fyrir því. Almenningur og Alþingi hafa nú viðurkennt hið þjóðnýta starf íþróttastarfseminnar í landinu, — almenningur með vakandi áhuga og skilningi fyrir íþróttahreyfingunni og Alþingi með því að verja allt að milljón krónum árlega úr ríkissjóði til byggingar á íþróttamannvirkjum.

Vænta má því, að frumvarp þetta mæti velvild og skilningi á nauðsyn þess, að slíkar tryggingar komist á, þar sem, eins og áður segir, flestir viðurkenna nú orðið gildi íþróttanna fyrir uppeldi og hreysti æskunnar í landinu.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ráðin bót á því öryggisleysi, sem ríkt hefur fyrir það fólk, er iðkað hefur íþróttir, og orðið við sanngjörnum og eðlilegum kröfum íþróttasamtakanna.

Nd. 619. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og meiri hlutinn, ÁÁ, SkG, HB og JóhH, orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins. Minni hl., EOl, er andvígur frumvarpinu.

Nefndinni barst á fundinn svo hljóðandi bréf frá Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli:

„Reykjavík, 11. apríl 1947.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Bifreiðastjórafélagið Hreyfill leyfir sér hér með að mótmæla hækkun þeirri á aðflutningsgjöldum á benzíni, hjólbörðum og öðrum reksturs nauðsynjum bifreiða, sem felast í frumvarpi því til laga, er lagt hefur verið fyrir Alþingi. Enn fremur mótmælir félagið því, að þungaskattur á fólksbifreiðum til almenningsþarfa verði hækkaður, svo sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til laga um breyting á lögum um bifreiðaskatt, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Við athugun á reksturskostnaði fólksflutningabifreiða telst okkur svo til, að ef fyrrgreind lagafrumvörp verða samþykkt, þá mundi reksturskostnaður 5—7 manna fólksbifreiðar hækka um liðlega kr. 3000.00 á ári. Auk þess viljum við benda á, að iðgjald af fólksbifreiðum til Slysatryggingar ríkisins hefur þegar verið hækkað allverulega, og fyrirsjáanlegt er, að önnur tryggingariðgjöld muni hækka stórlega.

Verði fyrrgreind lagafrumvörp samþykkt, mundi slíkt óhjákvæmilega hafa í för með sér hækkun á bifreiðaleigu.

Við væntum þess, að hið háa Alþingi sjái sér fært að taka til endurskoðunar þau atriði fyrrgreindra frumvarpa, sem snerta leigubifreiðar til mannflutninga.

Virðingarfyllst,

stjórn Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, Rvík,

Ingimundur Gestsson. Halldór Björnsson. Jón Jóhannsson.“

Alþingi, 11. apríl 1947.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm.	Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.

H. Benediktsson.

Nd. 620. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni og Sigfúsi Sigurhjartarsyni.

Við 1. gr. Við greinina bætist: Undanþegnar gjaldi samkvæmt c- og d-lið eru:

1. atvinnubifreiðar, sem eigandinn ekur sjálfur,
2. jeep-bifreiðar, sem skráðar eru utan kaupstaða.
3. áætlunarbifreiðar á langleiðum,
4. stætisvagnar í kaupstöðum,
5. skólabifreiðar.

Nd. 621. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég legg til, að frumvarpið sé fellt.

Alþingi, 11. apríl 1947.

Einar Olgeirsson.

Nd. 622. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggur meiri hl. til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. apríl 1947.

Ásg. Ásgeirsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr. Skúli Guðmundsson, frsm.

H. Benediktsson.

Nd. 623. Nefndarálit

um frv. til l. um hækkun á aðflutningsgjöldum 1947.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa frumvarps og geri það að tillögu minni, að það sé fellt.

Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er með frumvarpi þessu unnið að því að hindra hækkun vísitölu og dýrtíðar.

Með þessu frumvarpi er lagður um 30 milljón króna tollur á alþýðu manna, sem að nokkru leyti kemur þegar fram í hækkaðri vísitölu, en að mestu leyti í aukinni dýrtíð, sem alþýða manna fær enga uppbót á í launum sínum, heldur verður til þess beinlínis að rýra lífskjör hennar stórum. Frumvarp þetta stefnir því beinlínis að því að auka dýrtíðina í landinu og gera það eftir á erfiðara og dýrara að bæta úr henni. Jafnframt lýsir það skýrt og ótvírætt þeirri stefnu stjórnarinnar að taka tekjurnar í ríkissjóðinn einvörðungu með gífurlegum álögum á alþýðu manna.

Fjármálalega séð er frumvarpið því ekkert úrræði, heldur spillir því beinlínis, að auðið sé að grípa til skynsamlegra úrræða. Og þjóðfélagslega séð er frumvarpið hið ranglátasta, þar sem það leggur byrðarnar á almenning, en engin tilraun gerð til þess að láta gróðastéttir landsins borga.

Mikið af þeim tollahækkunum, sem framkvæmdar yrðu samkvæmt þessu frumvarpi, legðust til að byrja með á nauðsynlegustu atvinnuvegi landsmanna og lentu síðan á alþýðu manna. Þannig mundu t. d. allar byggingarvörur hækka í verði sökum þessara tolla og það síðan koma fram í hækkaðri húsaleigu eða dýrari húsum. Vinnur því þessi hækkun á byggingarefni í þveröfuga átt við þá viðleitni, sem Alþingi hefur áður sett í lagaform, að reyna að lækka byggingarkostnað með því að lækka vexti af lánum til bygginga. — Þannig tekur því ríkissjóður með annarri hendinni það, sem hann er að gefa með hinni, en hækkar dýrtíðina þó um leið. Sama máli gegnir um sjávarútveginn. Það er látið í veðri vaka, að að vissu leyti séu þessar ráðstafanir gerðar til þess að íþyngja ekki sjávarútveginum með álögum, sem mundu stafa af hækkaðri vísitölu. En með þessu frumvarpi eru lagðar álögur á sjávarútveginn, sem allar hækka rekstrarkostnað hans! — Þannig mætti lengi telja.

Frumvarp þetta miðar því beinlínis að því að auka öll þau vandræði, sem ríkisstjórnin segist vilja ráða bót á, og láta alþýðu manna borga kostnaðinn af úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar í hækkuðu vöruverði og rýrðum lífskjörum. Með samþykkt þessa frumvarps væri beinlínis stefnt að hruni og öngþveiti í atvinnulífinu og versnandi lífsafkomu almennings.

Þótt aðaltillaga mín sé, að þetta frumvarp sé felld, mun ég reyna við þessa umræðu, hvort þess sé nokkur kostur að fá fram nokkrar breytingar á því og legg því fram breytingartillögur á öðru þingskjali.

Alþingi, 11. apríl 1947.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 11. apríl 1947.

Samkvæmt ósk minni hluta fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis um umsögn vora varðandi frumvarp til laga um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947, sem borið er fram af ríkisstjórninni, skal því hér með lýst yfir, að Alþýðusamband Íslands lítur svo á, að nefnt frumvarp sé óskammfeilin árás á launþegastéttir landsins og hafi raunverulega í för með sér, ef samþykkt verður, stórlega aukningu dýrtíðarinnar.

Um leið og sambandið skorar á Alþingi að fella þetta frumvarp, lýsir það því jafnframt yfir, að það mun beita sér fyrir viðeigandi gagnráðstöfunum af hálfu launþegasamtakanna, verði frumvarpið að lögum.

Virðingarfyllst,
f. h. Alþýðusambands Íslands
Jón Rafnsson.

Til minni hluta fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,
c/o hr. alþm. Einar Olgeirsson.

Nd. 624. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum minum um afgreiðslu þessa frumvarps eins og það nú er. Sé haldið fast við að hafa það í þessu formi, legg ég því til, að það sé fellt.

Hins vegar mun ég ásamt öðrum hv. þm. flytja brtt. við frv., ef verða mætti, að hægt væri að draga úr göllum þess. Verður þar lagt til að undanþiggja bifreiðaskattinum eftirfarandi bíla: 1) jeppa-bifreiðar í sveitunum, 2) bifreiðar, sem atvinnubílstjórar sjálfir aka, 3) strætisvagna og 4) skólabifreiðar. Þarfnast sú tillaga ekki skýringa.

Á atvinnubílstjóra eru með þeim tekjuöflunarfrumvörpum stjórnarinnar, sem nú liggja fyrir hv. deild, lagðar þungar kvaðir, bæði með hækkun benzintolls og bifreiðaskatts. Frá stjórn Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils í Rvík barst fjárhagsnefnd bréf út af þessum álögum, sem ég læt fylgja hér með sem fylgiskjal. Eru í því færð skýr rök gegn álögum þessum, rök, sem taka ber til greina.

Alþingi, 11. apríl 1947.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal.

BIFREIÐASTJÓRAFÉLAGIÐ HREYFILL

Reykjavík, 11. apríl 1947.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Bifreiðastjórafélagið Hreyfill leyfir sér hér með að mótmæla hækkun þeirri á aðflutningsgjöldum á benzíni, hjólbörðum og öðrum rekstursnauðsynjum bifreiða, sem felast í frumvarpi því til laga, er lagt hefur verið fyrir Alþingi. Enn fremur mótmælir félagið því, að þungaskattur á fólksbifreiðum til almenningsþarfa verði hækkaður, svo sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til laga um breyting á lögum um bifreiðaskatt, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Við athugun á reksturskostnaði fólksflutningabifreiða telst okkur svo til, að ef fyrrgreind lagafrumvörp verða samþykkt, þá mundi reksturkostnaður 5—7 manna fólksbifreiðar hækka um liðlega kr. 3000.00 á ári. Auk þess viljum við benda á, að iðgjald af fólksbifreiðum til Slysatryggingar ríkisins hefur þegar verið hækkað allverulega og fyrirsjáanlegt er, að önnur tryggingariðgjöld muni hækka stórlega.

Verði fyrrgreind lagafrumvörp samþykkt, mundi slíkt óhjákvæmilega hafa í för með sér hækkun á bifreiðaleigu.

Við væntum þess, að hið háa Alþingi sjái sér fært að taka til endurskoðunar þau atriði fyrrgreindra frumvarpa, sem snerta leigubifreiðar til mannflutninga.

Virðingarfyllst,

stjórn Bifreiðastjórafélagsins Hreyfill, Rvík,

Ingimundur Gestsson. Halldór Björnsson. Jón Jóhannesson.

Ed. 625. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 593. [Styrkur til vatnsveitna]

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Í stað orðanna „eftir árið 1942 hafa“ komi: stofnuð eru af a. m. k. helmingi íbúðarhúsaeigenda á veitusvæðinu og hafa eftir árið 1942.

Nd. 626. Breytingartillögur

við frv. til l. um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 3. gr. Við upptalningu greinarinnar bætist í kaflaröð:

Tollskrárkafli	7 nr.	1—8,	grænmeti, nýtt og þurrkað.
—	8 —	1—36,	ávextir til neyzlu, nýir og þurrkaðir.
—	11 —	13—15,	mjöl úr baunum, ertum, o. s. frv., kartöflumjöl.
—	11 —	22,	klíð.
—	15 —	9—19,	feiti og feitar olíur úr jurtaríkinu.
—	19 —	1—7,	mjöl eða sterkja tilreitt sem fæða fyrir börn og sjúka o. s. frv.
—	23 —	1—13,	skepnufóður.

Tollskrárkafli	25	— 17,	sement.
—	35	— 1—10,	áburður.
—	40	— 1—19,	trjáviður, óunninn eða sagaður, o. s. frv.
—	40	— 21—25,	tunnuefni tilsniðið og siglugjarðir.
—	40	— 26—27,	kassar til umbúða.
—	40	— 28—32,	tunnur og keröld, tilhöggvin hús, gluggar, hurðir o. s. frv.
—	40	— 46—48,	botnrúllur, botnvörpuhlerar, hjólklafar.
—	41	— 1—6,	korkur og korkvörur.
—	48	— 15—18,	ofnar vörur úr baðmull.
—	49	— 1—9,	hör, hampur, júta og önnur spunaefni, garn.
—	49	— 19—23,	ofnar vörur úr hör, hampi o. s. frv.
—	52	— 2,	sjóklæði.
—	63		járn og stál.
—	72	— 10—21,	landbúnaðarvélar og áhöld.
—	72	— 27—33,	vélar til bygginga og mannvirkjagerðar.
—	72	— 36—37,	túrbínur.
—	72	— 38—48,	vélar til iðnaðar og framleiðslu úr innlendum hráefnum.
—	73	— 37—45,	búsáhöld.
—	73	— 46, 49 og 51,	borvélar, lóðhamrar, logsuðu- og logskurðartæki.
—	75	— 4,	völuflutningabifreiðar.
—	76	— 3—6,	skip og bátar.

Nd. 627. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggur meiri hl. n. til, að það verði samþ. óbreytt. Með samþykkt frv. myndi sparast veruleg fjárhæð í stjórnarkostnaði, skrifstofukostnaði, húsaleigu, framkvæmdarstjórnarkostnaði o. þ. h., þar eð síldarverksmiðjur ríkisins gætu lagt slíkt í té án verulegs aukakostnaðar. Auk þess hefur stjórn SR haft með höndum undirbúning þessarar framkvæmdar og aflað sér reynslu og þekkingar með tilraunastarfsemi í tvö sumur. Getur rekstur niðursuðuverksmiðjunnar með sameiningu undir sömu stjórn og SR á ýmsan hátt orðið hagkvæmari bæði með útvegun hráefnis og vinnslu á úrgangi heldur en að reka niðursuðuverksmiðjuna sem sérstakt fyrirtæki. Telur meiri hl. n. því öll rök hníga að því að hafa rekstur þennan undir sömu stjórn og síldarverksmiðjur ríkisins.

Einn nm. (ÁkJ) lýsti sig frv. mótfallinn.

Alþingi, 10. apríl 1947.

Sig. Kristjánsson, form. Finnur Jónsson, frsm. Pétur Ottesen.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 628. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og telur undirritaður meiri hl. hennar, að samþykkt þess mundi verða til mikilla bóta, þar eð með því gæti sparazt talsvert fé í stjórnarkostnaði, skrifstofukostnaði og framkvæmdastjórakostnaði. Leggur meiri hl. n. því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna, Áki Jakobsson, lýsti sig mótfallinn frv.

Alþingi, 10. apríl 1947.

Sig. Kristjánsson, form. Finnur Jónsson, frsm. Pétur Ottesen.

Skúli Guðmundsson.

Ed. 629. Lög

um breyting á lögum nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna.

(Afgreidd frá Ed. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 300.

Nd. 630. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svolátandi:
   Undanþegnar gjaldi samkvæmt c- og d-liðum eru skólabifreiðar.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):
   Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svolátandi:
   Eigendur jeepbifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkvæmt c-lið 1. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattanefndum, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

Nd. 631. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til viðhalds og umbóta akvegum skal greiða sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum sem hér segir:

a. af benzíni 4 aura innflutningsgjald af hverjum lítra.
b. af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 3 — þrjár — krónur í innflutningsgjald af hverju kg.
c. af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga, 36 — þrjátíu og sex — krónur á ári af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.
d. af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, 90 — níutíu — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.
Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.
e. af bifhjólum 60 — sextíu — krónur árlega af hverju hjóli.
Undanþegnar gjaldi samkvæmt c- og d-liðum eru skólabifreiðar.

2. gr.

Eigendur jeepbifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkvæmt c-lið 1. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattanefndum, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

3. gr.

8. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hækkun bifreiðaskattsins tekur til þess skatts, sem féll í gjalddaga 1. apríl þ. á.

Nd. 632. Breytingartillaga

við frv. til l. um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 5. gr. Greinin falli niður.

Nd. 633. Breytingartillaga

við frv. til l. um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollahækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagseftirlitinu skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollhækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki í krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

Nd. **634. Frumvarp til laga**

um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Vörumagnstollur.

Til ársloka 1947 skal innheimta vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari lögum um breyting á þeim lögum með þeim hækkunum, er hér greinir:

a. af benzíni samkvæmt 27. kafla tollskrárlaganna 15. lið með 20 aurur af kg í stað 1 eyris.
b. af öllum öðrum vörum með 200% álagi, með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. gr.

2. gr.

Verðtollur.

Á sama tíma skal verðtollur innheimtur með 65% álagi, með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. gr.

3. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er um getur í 1. og 2. gr., eru eftirtaldar vörur:

Tollskrárkafli 9 nr. 1—2, kaffi, óbrennt, brennt eða brennt og malað.
—— 10 — 1—7, korn ómalað.
—— 11 — 1—12, mjöl og grjón.
—— 17 — 1—6, sykur.
—— 22 — 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—— 24 — 1—9, tóbak.
—— 25 — 10, salt.
—— 27 — 1—4, kol.
—— — — 14, steinolía.

Enn fremur eru allar vörur, sem tollur er greiddur af samkvæmt milliríkjasamningum, undanskildar tollhækkun samkvæmt þessum lögum.

4. gr.

Sama aðflutningsgjald af benzíni og segir í 1. gr. a skal greiða af öllum benzínbirgðum í landinu, er lögin öðlast gildi, að frádregnu þegar greiddu aðflutningsgjaldi samkvæmt gildandi tollskrá. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda. Gjaldið skal greiða hvort heldur benzínið er í vörzlum eiganda sjálfs eða ekki. Sérhver sá, sem á eða hefur umráð yfir 300 l. af benzíni eða meira þann dag, er lög þessi öðlast gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga.

5. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollahækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagseftirlitinu skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollhækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki í krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 635. Breytingartillögur

við frv. til l. um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

Frá Arnfinni Jónssyni.

Við 3. gr. Við upptalningu greinarinnar bætist í kaflaröð:

Tollskrárkafli	9	nr. 3—17,	te, pipar, negull o. s. frv. annað krydd.
—	11	— 20—21,	sagógrjón, sagómjöl.
—	18	— 4, 7,	kakóduft, suðusúkkulaði.
—	21	— 4,	tómatsósa.
—	28	— 57,	nauðsynlegustu lyf samkv. skrá, staðfestri af fjármálaráðherra.
—	30	— 39,	blek alls konar.
—	30	— 41,	blýantar, skólakrít, alls konar litkrít og pastelkrít.
—	34	— 4,	eldspýtur.
—	37	— 3,	hanzkar.
—	37	— 10,	bakpokar og fatapokar.
—	44	— 2—4,	þakpappi, veggpappi, gólfpappi.
—	44	— 12—14,	teiknipappír, þerripappír, skrifpappír.
—	44	— 17,	smjörpappír.
—	44	— 27,	óáprentuð umslög.
—	44	— 40,	skrifpappír, teiknipappír og annar þess konar pappír heftur.
—	44	— 42,	ferðakistur, ferðatöskur.
—	45	— 5,	teiknibækur handa börnum.
—	45	— 9—10,	landabréf alls konar.
—	47	— 7—9,	gólfábreiður, gólfmottur, gólfdreglar úr ull og dýrahári.
—	48	— 9—11,	gólfábreiður, gólfmottur, gólfdreglar úr baðmull.
—	51	— 2, 4,	sokkar, nærfatnaður úr silki.
—	51	— 20—22,	sokkar og leistar, ytri fatnaður, nærfatnaður úr baðmull.
—	52	— 8—11,	nærfatnaður og annar fatnaður úr ull og baðmull.
—	52	— 39,	bakpokar, fatapokar úr vefnaði.
—	54	— 3—7,	skófatnaður úr leðri og skinni o. fl., einnig stígvél og skóhlífar úr kátsjúk.
—	55	— 6,	enskar húfur.
—	55	— 8,	hattar úr flóka.
—	79	— 3,	orgel og harmonium.

Ed. 636. Breytingartillögur

við frv. til vegalaga (á þskj. 480).

Frá Guðm. Í. Guðmundssyni og Pétri Magnússyni.

1. Við A. 2. Í stað „til Sandgerðis“ komi: um Sandgerði og að Stafnesvita.
2. Við A. 3. Aftan við greinina komi: og frá Járngerðarstaðahverfi um Þorkötlustaðahverfi að Hrauni.

Ed. 637. Breytingartillaga

við frv. til vegalaga (á þskj. 480).

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 2. gr. frv. B. 34. Í stað „Leikskála" komi: Kross.

Nd. 638. Lög

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Afgreidd frá Nd. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 608.

Ed. 639. Lög

um breyting á lögum nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 631.

Ed. 640. Nefndarálit

um frv. til l. um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um frumvarpið. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykkt. En ég legg til, að það verði fellt. — Mun ég þó freista að bera fram breytingartillögur á sérstöku þingskjali, sem miða í þá átt að undanskilja tollahækkuninni ýmsar helztu nauðsynjavörur landsmanna. Eru þær samhljóða tillögum, sem bornar voru fram í Nd.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um ástæðurnar fyrir andstöðu Sósíalistaflokksins við frumvarp þetta. Það er hið freklegasta tollahækkunarfrumvarp, sem borið hefur verið fram á Alþingi, og verður til að stórhækka allt vöruverð í landinu. Sé þessum tollum, sem samkv. áætlun ríkisstjórnarinnar nema röskum 45 milljónum króna (öll tollafrumv. samanlögð), jafnað niður á landsbúa, kemur að meðaltali hátt á átjánda hundrað á hverja 5 manna fjölskyldu. — Sé gert ráð fyrir, að slík fjölskylda hafi 20 þús. króna árstekjur, jafngildir þetta allt að 9% kauplækkun.

Alþingi, 12. apríl 1947.

Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 641. Breytingartillögur

við frv. til l. um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 3. gr. Við upptalningu greinarinnar bætist í kaflaröð:

Tollskrárkafli	7	nr. 1—8,	grænmeti, nýtt og þurrkað.
—	8	— 1—36,	ávextir til neyzlu, nýir og þurrkaðir.
—	11	— 13—15,	mjöl úr baunum, ertum o. s. frv., kartöflumjöl.
—	11	— 22,	klíð.
—	15	— 9—19,	feiti og aðrar feitar olíur úr jurtaríkinu.
—	19	— 1—7,	mjöl eða sterkja tilreitt sem fæða fyrir börn og sjúka o. s. frv.
—	23	— 1—13,	skepnufóður.
—	25	— 17,	sement.
—	35	— 1—10,	áburður.
—	40	— 1—19,	trjáviður, óunninn eða sagaður, o. s. frv.
—	40	— 21—25,	tunnuefni, tilsniðið, og siglugjarðir.
—	40	— 26—27,	kassar til umbúða.
—	40	— 28—32,	tunnur og keröld, tilhöggvin hús, gluggar, hurðir o. s. frv.
—	40	— 46—48,	botnrúllur, botnvörpuhlerar, hjólklafar.
—	41	— 1—6,	korkur og korkvörur.
—	48	— 15—18,	ofnar vörur úr baðmull.
—	49	— 1—9,	hör, hampur, júta og önnur spunaefni, garn.
—	49	— 19—23,	ofnar vörur úr hör, hampi o. s. frv.
—	52	— 2,	sjóklæði.
—	63		járn og stál.
—	72	— 10—21,	landbúnaðarvélar og áhöld.
—	72	— 27—33,	vélar til bygginga og mannvirkjagerðar.
—	72	— 36—37,	túrbínur.
—	72	— 38—48,	vélar til iðnaðar og framleiðslu úr innlendum hráefnum.
—	73	— 37—45,	búsáhöld.
—	73	— 46, 49 og 51,	borvélar, lóðhamrar, logsuðu- og logskurðartæki.
—	75	— 4,	völuflutningabifreiðar.
—	76	— 3—6,	skip og bátar.

Ed. 642. Lög

um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 634.

Nd. **643. Breytingartillögur**

við frv. til framfærslulaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 1. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
   Skal félagsmálaráðuneytið skipa nefnd, er gerir í byrjun hvers fjárhagsárs, að fengnum tillögum manneldisráðs, sveitarstjórna og framfærslunefnda, áætlun um nauðsynlega framfærslu heimila skv. gildandi verðlagi á hverjum stað, er farið skal eftir við úthlutun framfærslustyrks fyrir einn mann, tvo í heimili, þrjá o. s. frv. Allur framfærslustyrkur skal miðaður við gjaldskrá þessa, og fullur framfærslustyrkur skal vera jafnhár og framfærslukostnaður skv. skránni. Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn, á þann veg, að prófessorinn í heilsufræði við Háskóla Íslands sé sjálfkjörinn formaður hennar, einn sé tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn af stjórn kvenfélagabandalagsins, einn af Tryggingaráði og einn án tilnefningar.
2. Við 9. gr. Tveir síðustu málsl. orðist svo: Meðan hann dvelst þar, á hann framfærslurétt í þeirri sveit, er hann átti framfærslurétt í, er slík dvöl hans hófst, en öðlast framfærslurétt í heimilissveit sinni að dvölinni lokinni. Sá, er dvalið hefur í fangahúsi eða vinnuhæli, öðlast þó ekki framfærslurétt í þeirri sveit, er hann tekur sér lögheimili í, að vistinni lokinni fyrr en hann hefur komizt af styrklaust í 2 ár samfleytt.
3. Við 23. gr. Í stað fyrsta málsliðar kemur:
   Í kaupstöðum og hreppum, þar sem framfærslunefndir eru, skal hver sá, er þarfnast opinberrar hjálpar, senda til formanns framfærslunefndar eða í skrifstofu nefndarinnar skriflega beiðni, þar sem greinir frá ástæðum og heimilishögum hans, atvinnu, ómagafjölda, heilsufari, eignum og skuldum. Er honum skylt að greina rétt frá högum sínum, að viðlögðum drengskap. Skal ráðherra láta gera eyðublöð fyrir þessar umsóknir og senda framfærslunefndum og sveitarstjórnum.
4. Við 24. gr. Í stað „yfirstjórnar framfærslumálanna“ í niðurlagi síðari málsgr. kemur: nefndar þeirrar, er um getur í 1. gr.
5. Við 31. gr. Greinina skal orða svo:
   Framfærslustyrkur skal greiddur í peningum, nema framfærsluþurfi óski annars. Húsnæði, sem framfærsluþurfa er útvegað og fyrir er greitt af opinberu fé eða sveitarstjórn leggur til, skal vera gott og heilsusamlegt að dómi héraðslæknis. Framfærsluþurfa skal heimilt að velja sér húsnæði eða dvalarstað sjálfur, ef kröfur hans fara ekki fram úr því, sem héraðslæknir telur sanngjarnt, enda hafi framfærslunefnd ekki sambærilegt húsnæði til handa framfærsluþurfa. Þar, sem almenningsmötuneyti er starfrækt, skal framfærsluþurfa gefinn kostur á að fá mat sinn þar og að matur skuli sendur heim þeim fjölskyldum, sem að dómi framfærslunefndar og héraðslæknis eiga erfitt um að sækja mat þangað.
6. Við 35. gr. Í stað „Innansveitarmenn hafa“ í upphafi síðari málsgr. kemur: Hver maður hefur.
7. Við 36. gr. Greinin orðist svo:
   Skylt er sveitarstjórn að sjá þeim börnum, sem undir umsjá hennar eru, fyrir þeirri menntun, sem hæfileikar þeirra standa til.
8. Við 42. gr.
   a. Í stað 1. málsgr. koma tvær málsgr., svo hljóðandi:
      Sveitarstjórn skal, svo sem auðið er, sjá vinnufærum framfærsluþurfum fyrir viðunanlegri vinnu, sem gerir þeim fært að sjá heimili sínu farborða, enda sé hún greidd með venjulegu kaupgjaldi á staðnum.

Skylt er framfærsluþurfa að taka þá vinnu, sem sveitarstjórn hefur vísað honum á, nema hann hafi frambærilegar ástæður til neitunar, svo sem: 1) að hann þoli ekki vinnuna samkv. læknisvottorði, 2) að heimilisástæður hamli því, að hann geti sótt til vinnu langt frá heimilinu, 3) að vinnan sé ekki í hans fagi, ef um fagfólk er að ræða, 4) að atvinnan sé svo léleg eða skammvinn, að hún nægi ekki til lífsframfæris, en geti hins vegar orðið til þess, að hann verði af betri vinnu annars staðar.

b. Í stað orðanna „Á sama hátt getur framfærslusveit styrkþega látið hann“ í upphafi 2. málsgr. kemur: Sveitarstjórn getur látið styrkþega.

9. Við 45. gr. Greinin falli burt.
10. Við 56. gr. Á eftir 7. tölul. koma þrír nýir töluliðir:
    8. Styrk veittan í veikindum fyrirvinnu.
    9. Styrk veittan vegna ómegðar.
    10. Styrk veittan mæðrum, sem börn hafa á framfæri, og aðeins stunda húsmóðurstörf á eigin heimili.
11. Við 57. gr. Við gr. bætist nýr málsl.: Skal hún ávallt ákveða innan þriggja mánaða, hvort þeginn framfærslustyrkur skuli afturkræfur af styrkþega.
12. Við 59. gr. Í stað „68. gr.“ kemur 58. gr. (Leiðrétting).
13. Við 61. gr. Í stað „68. gr.“ kemur: 58. gr. (Leiðr.).

Nd. 644. Lög

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 465.

Nd. 645. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 604 (Framfærslulög).

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (GÞ).

Við 2. Í stað „5 ára iðgjalds“ í niðurlagi brtt. komi: 2 ára iðgjalds.

Ed. 646. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er flutt af sjávarútvegsnefnd Nd. að tilhlutun skólastjóra stýrimannaskólans. Nefndin ræddi því við hann um málið, og féllst hann á þá skoðun nefndarinnar, að rétt væri að tryggja siglingatímann að nokkru á stærri skipum en í frv. greinir og jafnframt að ákveða siglingatímann á skipum, sem skylt er að lögskrá á.

Nefndin mælir því með frv. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Fyrri málsliður b.-liðar 8. gr. laganna orðist svo: Hefur eftir 16 ára aldur verið háseti í 36 mánuði á skipum, sem eru stærri en 12 rúmlestir, þar af að minnsta kosti 18 mánuði á skipum stærri en 30 rúml. og af þeim 18 mánuðum að minnsta kosti 6 mánuði á stærri skipum en 60 rúmlesta.

Alþingi, 14. apríl 1947.

Gísli Jónsson, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, frsm.	B. Kristjánsson, fundaskrifari.

Steingr. Aðalsteinsson. Pétur Magnússon.

Ed. 647. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 27. júní 1921, um breyt. á l. nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það við stjórn Samábyrgðarinnar. Eins og tekið er fram í greinargerð frumvarpsins, er nauðsynin fyrir hækkun á stofnfé Samábyrgðarinnar m. a. sú, að hún hefur með því fyrirkomulagi, sem nú er á tryggingarfélögunum orðið að veita þeim mjög verulegan greiðslufrest á iðgjöldunum. En með því að nú liggur einnig fyrir frv. til laga um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, og samkomulag virðist vera um það á milli nefndarinnar og stjórnar Samábyrgðarinnar að afgreiða það mál með breytingum, sem tryggja Samábyrgðinni iðgjaldagreiðslurnar fyrr en verið hefur, telur nefndin, að eigi sé ástæða til á þessu stigi að hækka framlag til Samábyrgðarinnar meira en um 1 millj. króna. Nefndin leggur því einróma til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Í stað orðanna „stofnfé kr. 2500000.00“ í meginmálsgreininni komi: viðbótarstofnfé kr. 1 milljón.

Alþingi, 14. apríl 1947.

Gísli Jónsson, form., frsm.	B. Kristjánsson, fundaskrifari.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Pétur Magnússon. Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. 648. Tillaga til þingsályktunar

um flokkun á síldarmjöli, sem selt er innanlands.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Þorsteinn Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara nákvæma flokkun á því síldarmjöli, sem selt er innanlands, og koma þannig í veg fyrir, að bændur þurfi að greiða fullt verð fyrir brennt eða á annan hátt gallað síldarmjöl.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að síldarmjöl, sem selt er innanlands til fóðurbætis, er mjög misjafnt að gæðum. Samt sem áður er það ævinlega selt á sama verði, og er það tilviljun ein, sem ræður því, hverjir fá ógallað mjöl og hverjir verða svo óheppnir að lenda á því, sem er gallað og lélegt til fóðurs.

Það liggur í augum uppi, að slíkt ástand er með öllu óþolandi og er því nauðsynlegt fyrir næsta haust að tryggja, að bændur búi ekki eftirleiðis við það öryggisleysi í þessum efnum, sem hingað til hefur ríkt.

Ed. 649. Breytingartillögur

við frv. til laga um styrk til vatnsveitna.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. Við 8. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Sveitarstjórn er og heimilt að selja vatnið eftir mæli skv. gjaldskrá, er ráðherra staðfestir. Slíka gjaldskrá má setja um einstök hús eða einstakar atvinnustöðvar, eða hús og stöðvar nánar tilgreint eftir notkun, eða um vatnssölu á nánar skilgreindu svæði innan kauptúnsins eða kaupstaðarins. Einnig er heimilt að krefjast endurgjalds fyrir vatnið að nokkru með vatnsskatti og að nokkru skv. vatnsmæli eftir reglum, sem ráðherra setur.
2. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist:
   Enn fremur eru úr gildi felld lög nr. 84 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík, og gilda um þá vatnsveitu ákvæði vatnalaganna og þessara laga.

Ed. 650. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur tekið frumv. til athugunar á ný og rætt það á tveim fundum og orðið sammála um að flytja eftirfarandi brtt. við brtt. 538 og mæla með samþykkt frumv. þannig breytts.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 1. Liðurinn orðist svo:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 1. málsgrein 8. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé gjaldþegn félag samkvæmt 6. gr. II. 1. tölulið, skal leggja útsvar á félagið þar, sem það hefur skrásett heimilisfang, án tillits til þess, hvar stjórnendur eða framkvæmdastjóri eiga lögheimili, enda reki félagið atvinnu sína á skrásetningarstað. Ef slíkt félag rekur atvinnu í fleiri sveitum en einni, má á hverjum stað aðeins leggja á þær eignir, sem þar eru, og þær tekjur, sem sá atvinnurekstur gefur.

Alþingi, 15. apríl 1947.

Hermann Jónasson, form., frsm.	Ásmundur Sigurðsson, fundaskr.	Guðm. Í. Guðmundsson, með fyrirvara.
Lárus Jóhannesson.	Pétur Magnússon.	

Sþ. **651. Tillaga til þingsályktunar**

um bætta landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi við strendur Íslands.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen, Ingólfur Jónsson, Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til þess að framkvæma ýtarlega rannsókn á því, hvernig landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi við strendur Íslands verði bezt og haganlegast komið fyrir. Nefndin skal sérstaklega athuga, hvaða gerð og stærð varðskipa henti bezt, hvernig nota megi flugvélar í þjónustu landhelgisgæzlu og björgunarstarfa og hvernig yfirstjórn þessarar starfrækslu verði örugglegast fyrir komið.

Niðurstöður af rannsókn þessari skal ríkisstjórnin leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Saga íslenzku landhelgisgæzlunnar mun þingi og þjóð í svo fersku minni, að óþarfi er að rekja hana hér. Hún hefur vaxið frá lítilli byrjun samhliða gæzlu fyrrverandi sambandsþjóðar okkar til umsvifamikils starfs, sem við einir berum af allan vanda og virðing. Og rétt er að gera sér ljóst, að hún snertir ekki aðeins okkur eina, heldur einnig aðrar þjóðir, sem stunda hér fiskveiðar. Lélega skipulögð og starfrækt landhelgisgæzla er því ekki aðeins þjóðinni til hins mesta tjóns inn á við, heldur líka til mikils álitshnekkis út á við.

Kröfurnar til landhelgisgæzlunnar hafa vaxið jafnt og þétt og eiga eflaust eftir að aukast enn. En því miður virðist lítt skiljanleg deyfð hafa ríkt hjá ráðamönnum ríkisins gagnvart þessari þjónustu, þannig að henni hefur á undanförnum árum hrakað æ meira, svo að nú má hún kallast í fullkominni vanrækslu. Má segja, að þar sé engum einum um að kenna, heldur öllum aðilum, bæði Alþingi, ríkisstjórnum og útgerðarstjórn. Og þó hefur ekki vantað óskir og kröfur um betri skipan þessara mála bæði frá almenningi og samtökum sjómanna.

Fyrir þremur árum var borin fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um svipuð efni og þessi. Var hún mjög ýtarlega rædd af þáv. fjárveitinganefnd, er leitaði umsagnar ýmissa aðila um málið og orsakaði, að samþykkt var þingsályktun, þar sem Alþingi fól ríkisstjórninni að láta fara fram ýtarlega rannsókn á því, hvernig landhelgisgæzlunni yrði bezt og haganlegast fyrir komið, og jafnframt að leggja niðurstöður þessarar rannsóknar fyrir Alþingi eins fljótt og unnt væri.

Eins og áður er sagt, eru síðan liðin þrjú ár, og ekki hefur bólað á þessari rannsókn enn þá, en hins vegar hefur á þessum tíma ýmislegt gerzt, sem sízt bendir til þess, að núverandi fyrirkomulag sé vænlegt til frambúðar. Á sama tíma og allir hér á landi, jafnt einstaklingar sem félög og opinberar stofnanir, hafa stórkostlega endurbætt og byggt upp alla starfsemi sína með framtíðina fyrir augum, hefur ekkert verið gert á þessu sviði, sem nokkurt gagn hefur verið í.

Í þessu sambandi er og rétt að minna á, að ekki alls fyrir löngu fóru fram á Alþingi umræður um stækkun landhelginnar, og kom í ljós í þeim umræðum, að þar virtust allir einhuga um, að slíkt væri mjög æskilegt, en hins vegar væri rétt að fara gætilega í þessum efnum, þar sem hér væri um mál að ræða, er snerti mjög ýmsa nágranna okkar. Mundi það eflaust styrkja aðstöðu okkar í þeim efnum, ef við sýndum þessum málum meiri sóma með betri skipulagningu réttarvörzlunnar við strendur landsins.

Það er skoðun flm. þessarar tillögu nú sem fyrr, að frumskilyrði þess, að landhelgisgæzla og björgunarstarfsemi við strendur Íslands verði örugglega rekin,

sé, að sérstök sjálfstæð stofnun hafi með höndum stjórn hennar undir yfirumsjón þess ráðherra, sem fer með landhelgismál. Höfuðverkefni slíkrar stofnunar ætti í stuttu máli að vera þetta:

1. Að sjá um gæzlu íslenzku landhelginnar samkvæmt þeim lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um þau efni.
2. Að halda uppi lögum og rétti á hafinu við Ísland utan landhelginnar eftir þeim alþjóðasamþykktum og venjum, er gilda um þau efni.
3. Að skipuleggja og samræma björgunarstarfsemina og bátagæzluna hér við land í sambandi við slysavarnafélögin.
4. Að sjá um framkvæmd fiskirannsókna, hafrannsókna og sjómælinga við Ísland í samráði við þær stofnanir, sem hafa þessi mál með höndum í landi, og að sjá um, að ætíð sé fyrir hendi hæfur skipakostur til þess.

Raunverulega eru engar skýrslur til um landhelgisgæzluna á undanförnum árum, nema reikningur yfir það, hve mikið hefur verið greitt til hennar. Þó er vitað, að sum skipanna, sem nefnd voru varðskip, komu ekki nálægt gæzlu árum saman, heldur voru í alls konar flutningum, bæði fyrir ríki og einstaklinga. Á sama tíma hafa svo verið leigðir ýmsir bátar, skráðir sem fiskiskip, sem hafa verið sendir í „gæzlu". Ekki er vitað, að sumir þessara báta hafi nokkur þau plögg, sem þeir geta sannað með starfsemi sína, ef þess væri krafizt, og ýmsir þeirra hafa ekki einu sinni haft löglega áhöfn til landhelgisgæzlu. Fyrir utan það hafa þessir bátar iðulega verið litlir, gamlir og úr sér gengnir á alla lund, og hinn eini útbúnaður þeirra fram yfir aðra báta af svipaðri stærð — til hins virðulega starfs, — hefur raunverulega verið sá, að settur var um borð í þá maður með kaskeiti og gyllta hnappa, færanlegt náðhús og síðan dreginn að hún íslenzki tjúgufáninn.

Um sérstaka menntun og þjálfun yfirmanna til starfans er það skemmst að segja, að þar hafa kröfurnar um svonefnt varðskipapróf aldrei komizt lengra en á pappírinn. Virðist þó augljóst, að kröfurnar til menntunar yfirmanna þessara skipa ættu sízt að vera minni en annarra skipsmanna, enda hefur það verið krafa löggjafans.

Kjarni þessa máls er, að núverandi ástand íslenzkrar landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi er óviðunandi. Á því verður að verða mikil og skjót breyting til batnaðar, ef ekki á að hljótast mikið og varanlegt tjón af. Íslendingar hljóta að sjálfsögðu að miða aðgerðir sínar í þessum málum við fjárhagslegt bolmagn sitt. Annað væri fráleitt. En á miklu veltur fyrir álit landsins og hagsmuni þjóðarinnar, að ekki verði látið reka á reiðanum um umbætur á þessu sviði. Hér er um stórmál að ræða, sem ekki verður stungið svefnþorn. Þess vegna er þessi tillaga fram komin.

Ed. 652. Vegalög.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 480 (sbr. 330.)

Nd. **653. Frumvarp til laga**

um lögræði.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 516 með þessum breytingum.

7. gr. hljóðar svo:

Kröfu um lögræðissviptingu geta gert:

1. Aðili sjálfur, sem lögræðissviptingu á að þola.
2. Eiginmaður aðila eða eiginkona, ættingjar hans í beinan legg og systkin.
3. Lögráðamaður aðila.
4. Sá, sem skyldur er að lögum til að framfæra aðila, sveitarstjórn þó því aðeins, að hann sé orðinn sveitarstyrksþurfi, svo og sá, sem framfærslurétt hefur á hendur honum að lögum.
5. Sá, sem næstur er erfingi aðila að lögum eða samkvæmt erfðaskrá, sem ekki er afturtæk.
6. Dómsmálaráðuneytið:
   a. Þegar gæzla almannahags gerir þess þörf.
   b. Þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila, er það hefur fengið á annan hátt.

31. gr. hljóðar svo:

Fyrirskipun eða samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess, að maður, eldri en 16 ára, verði án samþykkis síns vistaður í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli sökum fávitaskapar, geðveiki, ofnautnar áfengis eða deyfilyfja eða vegna fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni, enda hafi viðkomandi áður verið sviptur sjálfræði.

Framangreind ákvæði eru ekki því til fyrirstöðu, að unnt sé að hefta frelsi manna til bráðabirgða, þegar nauðsyn krefur, að þeir séu vistaðir í sjúkrahúsi eða á öðrum svipuðum stað, sem til þess er hæfur að dómi embættislæknis, til rannsóknar eða einangrunar vegna sjúkdóms, sem hættulegur getur talizt sjálfum þeim eða öðrum. Koma hér til greina farsóttir og aðrar næmar sóttir, geðveiki, nautn eiturlyfja og ölvun, sem valdið hefur því, að hlutaðeigandi hefur verið tekinn í umsjá löggæzlumanna. Aldrei má þó, án samþykkis hlutaðeiganda eða krafa sé gerð til dómara um sviptingu sjálfræðis hans, hefta frelsi manna tveimur sólarhringum lengur fyrir þessar sakir, nema í hlut eigi sjúklingur með bráða og hættulega farsótt, en honum er skylt að hlíta einangrun, á meðan hann er haldinn veikinni og sótthætta stafar af honum að dómi embættislæknis.

Ekki má dvöl ofangreindra manna í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli haldast lengur en nauðsyn krefur. Skulu lögráðamenn þeirra hafa eftirlit með því.

Dómsmálaráðherra setur í samráði við landlækni nánari fyrirmæli í reglugerð um tilhögun þessara mála. Hann getur og skipað nefnd manna sér til aðstoðar við framkvæmd þeirra.

Nú telur einhver sá, sem greinir í 2. og 3. tölulið 7. gr., að sjálfræðissviptum manni sé haldið ófyrirsynju í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli, og getur hann þá borið málið undir dómstóla.

Nd. 654. Frumvarp til framfærslulaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar eða framfærslunefndar, og honum haga svo, sem hún telur rétt vera, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefur áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, er ekki hafa náð þeim aldri, enda hafi hún foreldraráð yfir þeim, og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur, ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það sem og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefur og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefur átt með annarri konu, áður en hún giftist honum. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins.

6. gr.

Börn skulu ala önn fyrir foreldrum sínum, ef þau eru til þess fær, að svo miklu leyti sem lífeyrir samkv. lögum um almannatryggingar og aðrar tekjur hrökkva ekki til. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri. Sama skylda hvílir á kjörforeldrum og kjörbörnum.

7. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka á heimili sitt þau skyldmenni sín, sem honum er lögskylt að framfæra, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum og heimili framfærslumannsins ekki aðfinnsluverður dvalarstaður framfærsluþurfans.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlag af hendi, nema hann

kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á framfærsluþurfi tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar sem framfærsluþurfi á lögheimili eða er staddur, skera úr.

8. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður ekki framfærsluskyldu sinni eða veitir ekki framfærsluþurfa sínum góða aðbúð, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærsluna gegn endurgjaldi frá framfærslumanni. Endurgjaldið ákveður yfirvald með úrskurði, eftir efnum og ástæðum framfærslumanns, og má skjóta slíkum úrskurði til ráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna á milli, barna yngri en 16 ára né um framfærslu samkvæmt 11. gr.

9. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærslumaður á heima eða dvelur, ef hann á hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, kjörbarna með kjörforeldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru og upphæð barnsfararkostnaðar.

10. gr.

Nú er meðlagsúrskurður samkvæmt framansögðu löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkv. lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki er greidd í gjalddaga fúlga sú, sem framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum, eða stjúpbarni sínu á sama aldri, þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu.

Þó á fráskilin kona eigi kröfu á að fá greitt frá Tryggingastofnun ríkisins hærri upphæð en sem svarar barnalífeyri fyrir það eða þau börn hennar, er hún hefur á framfæri.

11. gr.

Þegar yfirvald hefur úrskurðað um lífeyri skilgetins eða óskilgetins barns, eða fráskilinnar konu, og úrskurður sá er löglega birtur, en greiðsla samkvæmt honum ekki innt af hendi í tæka tíð, er rétt að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Sama gildir, ef um samning um slíkan lífeyri er að ræða, svo og um meðlagsúrskurð, sem er uppkveðinn, þegar hjón eru skilin að samvistum, án þess að hafa fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng, en annað þeirra fullnægir ekki lögmætri framfærsluskyldu sinni. Ákveði úrskurður eða samningur um lífeyri hærri upphæð en lögákveðinn barnalífeyri skv. lögum um almannatryggingar, þá er slíkt aðeins gildandi og lögtakskræft gagnvart aðilum sjálfum, en Tryggingastofnun ríkisins er ekki skylt að greiða meira en barnalífeyri samkv. lögum um almannatryggingar.

12. gr.

1. Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sifjalögum og almannatryggingalögum, að því leyti, sem lög þessi ná ekki til.
2. Um framfærsluskyldu húsbænda gagnvart hjúum sínum fer eftir hjúalögum.
3. Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir sjómannalögum.

4. Um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart iðnnemum fer eftir lögum um iðnaðarnám.

Framfærslumaður eða framfærslusveit hjúa, skipverja og iðnnema á sömu framfærslukröfur á hendur húsbónda, útgerðarmanni og lærimeistara eins og aðili sjálfur, ef hann neytir ekki réttar síns.

II. KAFLI
Um framfærslurétt.

13. gr.

Sérhver íslenzkur ríkisborgari, eldri en 16 ára, á framfærslurétt í heimilissveit sinni, en heimilissveit er sá kaupstaður eða hreppur, þar sem maður á lögheimili. Þar er lögheimili manns, er hann hefur fast aðsetur.

Verði eigi upplýst um lögheimili manns, er leitar framfærslustyrks, þá skal sú sveit, er hann dvelur í, þegar hann verður styrkþurfi, teljast framfærslusveit hans.

14. gr.

Nú flyzt maður milli sveita, og skal hann þá eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flyzt í, þegar er hann hefur tekið sér þar lögheimili, nema öðruvísi sé fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum. Enginn öðlast þó framfærslurétt í annarri sveit með dvöl sinni þar í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Meðan hann dvelst þar á hann framfærslurétt í þeirri sveit, er hann átti framfærslurétt í, er slík dvöl hans hófst, en öðlast framfærslurétt í heimilissveit sinni að dvölinni lokinni, er hann hefur komizt af styrklaust í 2 ár óslitið. Sá, er dvalið hefur í skóla, öðlast þó þegar framfærslurétt í þeirri sveit, er hann tekur sér lögheimili í að skólavistinni lokinni.

15. gr

Nú flyzt milli sveita maður, er þegið hefur framfærslustyrk á síðustu 2 árum áður en hann flutti, og skal hann þá halda óbreyttri sveitfesti, þar til hann hefur komizt af styrklaust í 2 ár óslitið í hinni nýju heimilissveit.

16. gr.

Um framfærslurétt hjóna, sem skilið hafa samvistir, gilda ákvæði 13., 14. og 15. greinar. Skilgetin börn undir 16 ára aldri eiga framfærslurétt í framfærslusveit foreldra sinna. Séu hjónin skilin eða sambúð þeirra slitið, á barnið framfærslurétt í framfærslusveit þess foreldrisins, er foreldraráðin hefur, eða það fylgir, og helzt sá framfærsluréttur, þótt foreldrið deyi.

Nú hafa hjón skilið samvistir án þess að úrskurðað hafi verið um foreldraráð yfir barni þeirra, er hjá hvorugu dvelur, og á barnið þá framfærslurétt í framfærslusveit föður síns eða þeirri sveit, er hann átti síðast framfærslurétt í, sé hann dáinn.

Óskilgetin börn innan 16 ára aldurs eiga framfærslurétt í framfærslusveit móður sinnar.

17. gr.

Nú hefur lögskyldur framfærslumaður barns komið því í fóstur og þangað er lagður með því lögákveðinn barnalífeyrir, eða sveitarstjórn hefur ráðstafað barni með ákveðinni meðgjöf umfram barnalífeyri, og er þá eigi heimilt að taka barnið frá fósturforeldri, hafi það dvalizt þar eigi skemur en þrjú ár, ef þar fer vel um það, að dómi barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barnið dvelur og fósturforeldrarnir vilja halda því, enda krefjist þeir ekki hærri meðgjafar með barninu en lögboðins barnalífeyris.

18. gr.

Nú verður barn munaðarlaust, en munaðarlaust telst það barn, sem engan lögskyldan framfærslumann á, þann er vitað sé um eða til verði náð, og er þá sveitarstjórn í dvalarsveit barnsins skylt að annast framfæri þess fyrst um sinn, þar til úr því er skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit þess samkvæmt lögum þessum, og skal sú sveit þá taka við framfærslu barnsins, þó með þeim takmörkunum, er segir í næstu grein á undan.

Verði eigi úr því skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit barns, er dvalarsveit þess skylt að annast framfærslu þess. Framfærslustyrkur umfram barnalífeyri veittur samkvæmt þessari grein telst styrkur veittur munaðarlausu barni.

19. gr.

Útlendingar, heimilisfastir hér á landi, eignast framfærslurétt hér, þegar þeir fá íslenzkan ríkisborgararétt.

20. gr.

Maður, sem öðlazt hefur framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann missir íslenzks ríkisfangs, enda hafi hann öðlazt ríkisborgararétt í öðru ríki. En öðlist hann aftur íslenzkan ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í heimilissveit sinni.

21. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurétt hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í heimilissveit hans eða dvalarsveit, en endurgreiða skal ríkissjóður framfærslustyrkinn.

22. gr.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslenzks ríkisborgara, og ráðherra álítur, að ekki verði hjá því komizt að veita honum viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum með fjölskyldu, ef nokkur er, á þá sveit, er framfærsluþurfi til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum fyrsta árið, er hann dvelst þar, skal henni endurgoldinn úr rkissjóði.

23. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis, og skal þá endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Kostnaður við heimflutning frá útlöndum greiðist sömuleiðis úr ríkissjóði fyrir þann styrkþega og skyldulið hans, sem ofangreindir umboðsmenn annast, ef kostnaðurinn fæst ekki á annan hátt greiddur.

III. KAFLI

Um stjórn framfærslumála.

24. gr.

Ráðherra hefur yfirstjórn allra framfærslumála í landinu.

25. gr.

Framfærslumálum heima í héraði stjórna bæjarstjórnir og hreppsnefndir hver í sínu umdæmi.

26. gr.

Í kaupstöðum kýs bæjarstjórn sérstaka nefnd, er nefnist framfærslunefnd, til þess að annast framkvæmdir framfærslumála kaupstaðarins.

Framfærslunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, er bæjarstjórn kýs með hlutfallskosningu. Jafnmargir skulu kosnir til vara. Heimilt skal formanni barnaverndd-

arnefndar að sitja fundi framfærslunefndar og bera fram tillögur, er sérstaklega varða börn samkvæmt lögum um barnavernd.

Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil annarra fastra nefnda bæjarstjórnar.

Nefndin kýs sér sjálf formann.

27. gr.

Hreppsnefndum er heimilt að kjósa framfærslunefnd, og fer þá um skipun hennar og verksvið eins og í kaupstöðum, nema að formaður skólanefndar kemur þar í stað formanns barnaverndarnefndar.

28. gr.

Í kaupstöðum og hreppum, þar sem framfærslunefndir eru, skal hver sá, er þarfnast opinberrar hjálpar, snúa sér til formanns framfærslunefndar, eða í skrifstofu nefndarinnar, og skýra frá ástæðum sínum. Framfærslunefnd skal þá, svo fljótt sem við verður komið, halda fund um málið, sé það þannig vaxið, að það geti eigi orðið afgreitt án sérstaks fundar eða beðið reglulegs fundar í nefndinni, og ákveða, hverja hjálp nauðsynlegt sé að veita, og skal sú hjálp látin í té af bæjar- eða sveitarsjóði eftir fyrirmælum nefndarinnar.

29. gr.

Framfærslunefnd skal eigi halda sjaldnar fundi en einu sinni í viku. Skal hún þá afgreiða öll þau erindi, er til hennar hafa borizt, og geta hvers einstaks erindis í gerðabók sinni og hvaða afgreiðslu það hafi hlotið.

Nú þykir styrkþega rétti sínum hallað eða eigi nógu vel fyrir þörfum sínum séð af framfærslunefnd, og má hann þá skjóta máli sínu til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Sérhverjum, er ekki vill una þeirri afgreiðslu, sem mál hans hefur fengið hjá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er heimilt að áfrýja því til yfirstjórnar framfærslumálanna, er þá skal fullnaðarúrskurð á leggja.

30. gr.

Framfærslunefnd er skylt að veita hverjum þeim, sem til hennar leitar, allar upplýsingar og leiðbeiningar um framfærslumál, eftir því sem í hennar valdi stendur, og sjá um, að framfærsluþurfi fái komið fram réttmætum kröfum sínum eða fengið þann framfærslustyrk, sem honum ber, óskertan.

Hún skal einnig sjá um, að þeir, sem fara þurfa til dvalar í sjúkrahús eða aðra stofnun, fái ábyrgð fyrir dvöl sinni þar frá sveitarfélagi sínu, eða sjúkrasamlagi, nema því sé áður ráðstafað á annan hátt.

31. gr.

Skylt er framfærslunefnd að stuðla að því eftir megni, að fólk þurfi ekki að leita framfærslustyrks, svo sem með því að hvetja það til að greiða tryggingariðgjöld sín á réttum tíma, brýna fyrir því reglusemi, hjálpa því til að komast í atvinnu, benda hreppsnefnd, bæjarstjórn, atvinnubótanefnd eða vinnumiðlunarskrifstofu á, hvar svo bágar séu kringumstæður, að nauðsyn sé fyrir vinnu, koma börnum til sumardvalar á góð sveitaheimili og eiga frumkvæði að öðru því, er í einstökum tilfellum og almennt gæti orðið til þess að forða því frá að þiggja framfærslustyrk.

32. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur setur, að fengnum tillögum framfærslunefndar þar, nánari reglur um tilhögun á framkvæmdum framfærslumála í kaupstaðnum.

33. gr.

Í hreppum, sem eigi kjósa framfærslunefnd, annast hreppsnefnd framkvæmd framfærslumála og gegnir þar skyldum framfærslunefndar samkvæmt lögum þessum, svo sem við á þar.

IV. KAFLI
Um tilhögun styrkveitinga.

34. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé hvors tveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar styrkþega.

35. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu styrkþega.

36. gr.

Framfærsluþurfum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé veittur þeim í matvælum, fatnaði og öðrum nauðsynjum, eða greiddur þeim í peningum, allt eftir því, sem framfærslunefnd eða hreppsnefnd telur bezt henta. Húsnæði, sem framfærsluþurfa er útvegað og fyrir er greitt af opinberu fé, eða sveitarstjórn leggur til, skal vera svo útbúið, að dómi héraðslæknis, að heilsu þeirra, er þar eiga að búa, stafi eigi hætta af. Þar sem almenningsmötuneyti er starfrækt, er framfærslunefnd eða hreppsnefnd heimilt að mæla svo fyrir, að framfærsluþurfar skuli fá mat sinn þar, enda sé mötuneytið að dómi heilbrigðisnefndar að öllu svo útbúið, að sómasamlegt sé, og að matur skuli sendur heim þeim fjölskyldum, sem að dómi framfærslunefndar og héraðslæknis eiga erfitt um að sækja mat þangað.

37. gr.

Nú þarf að ráðstafa framfærsluþurfa, og skal honum þá komið fyrir á góðu heimili, þar sem vel fer um hann, hann látinn fara í sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða honum komið fyrir á vinnuhæli eða framfærslu eða atvinnustofnun, sem er undir opinberri umsjón.

Hafi sveitarstjórn ráðstafað framfærsluþurfa eða barni til dvalar utan heimilis, á hæli eða annars staðar, og greiðir þar meðlag eða ábyrgist greiðslu þess, þá ber Tryggingastofnun ríkisins að greiða sveitarstjórn bætur framfærsluþurfans eða lífeyri barnsins frá þeim tíma, er henni barst tilkynning um ráðstöfun sveitarstjórnarinnar.

38. gr.

Nú þurfa foreldrar, er mikla ómegð hafa, að leita framfærslustyrks til viðbótar barnalífeyri þeim, er þeim ber að lögum, og skal þeim þá lagður hann á heimili þeirra, ef börnin fá þar sómasamlegt uppeldi og vel fer um þau.

Börn má ekki taka frá foreldrum án samþykkis þeirra, nema framfærslu og uppeldi barnanna sé áfátt á þann hátt, er segir í næstu málsgrein.

Ef foreldrar, sem ekki þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi eða fara illa með þau, þá skal sveitarstjórn koma börnunum burt þaðan á barnaheimili eða á heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og lögskipaða fræðslu og venjast algengri vinnu. Eigi slík börn að lögum rétt á barnalífeyri, skal hann lagður til fósturs þeim, en umframstyrkur, ef greiddur er, svo og meðgjöf, sem greidd er með slíkum börnum, ef þau eiga ekki rétt til barnalífeyris, skal talið framfærslustyrkur veittur foreldrum eða öðrum lögskyldum framfærslumönnum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

Sveitarstjórn skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum börnum, er hún annast framfærslu á.

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum án leyfis þeirra.

39. gr.

Þegar um ráðstafanir er að ræða eftir 38. gr., skulu þær eigi framkvæmdar fyrr en barnaverndarnefndir í kaupstöðum og skólanefndir í sveitum hafa haft málið til meðferðar og reynt að leysa það samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, ef það fellur undir ákvæði þeirra, og skal farið eftir tillögum þeirra að því leyti, sem við verður komið. Hið sama gildir um ráðstöfun fávita og vanþroska unglinga, sem nauðsyn krefur, að hið opinbera ráðstafi eða hafi afskipti af.

40. gr.

Sóknarprestar, kennarar og héraðslæknar skulu líta eftir því, að vel sé farið með alla framfærsluþurfa í umdæmum þeirra. Þyki einhverjum ofangreindra aðila misbrestur á því vera, og geti hann eigi með umvöndun komið lögum á það, ber þeim að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á sveitarstjórn til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

41. gr.

Sveitarstjórn skal gera sér allt far um að stuðla að því, að börn, sem eru undir hennar umsjá, séu þannig upp alin, að þau geti séð fyrir sér sjálf, þá er þau hafa náð 16 ára aldri.

V. KAFLI

Um vald sveitarstjórnar yfir styrkþegum.

42. gr.

Sá, sem þegið hefur framfærslustyrk, er endurgjalda skal, er háður valdi sveitarstjórnar að því leyti og á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

43. gr.

Fyrir áfallinni framfærsluskuld getur sveitarstjórn beiðzt lögtaks eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

44. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn framfærslustyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar, er gengur fyrir öllum öðrum kröfum.

Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn, ef hún krefst, kaup eða aflahlut framfærsluþurfa, sem hún telur ekki kunna með fé að fara. Leitað getur framfærsluþurfi úrskurðar lögreglustjóra, ef hann telur sig misrétti beittan, og má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá gagnvart sveitarstjórn ábyrgð á þeirri upphæð, er hann hefur greitt framfærsluþurfa eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

Verkfæri eða húsmunir, sem sveitarstjórn fær framfærsluþurfa í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

45. gr.

Heimilt er framfærslunefndum og hreppsnefndum að fá hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum styrkþega og vinnuskýrslum hjá vinnumiðlunarskrifstofum, er þær telja þörf á. Einnig er bönkum og sparisjóðum skylt að gefa framfærslu-

nefndum og hreppsnefndum upplýsingar um viðskipti styrkþega og þeirra, sem framfærsluskyldir eru við þá.

Þeim upplýsingum, sem þannig eru fengnar, skal haldið leyndum, nema talið verði um að ræða misferli af hálfu styrkþega eða framfærsluskyldra.

46. gr.

Sveitarstjórn getur krafizt þess, að framfærsluþurfi, sem að hennar dómi fer ráðlauslega með efni þau, er hann hefur undir höndum, verði með úrskurði valdsmanns sviptur fjárráðum, enda setji valdsmaður honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðunum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að framfærslustyrkurinn sé endurgoldinn eða eftirgefinn, skal nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

47. gr.

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara hvert sem er innanlands í viðunanlega vist, eða til atvinnurekstrar við viðunanleg skilyrði, eða vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um, án sveitarstyrks, að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra framfærslusveitar, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til. Úrskurði lögreglustjóra má skjóta til ráðherra.

Á sama hátt getur framfærslusveit styrkþega látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefur orðið að borga með barni hans skilgetnu eða óskilgetnu, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu í vinnuhæli ríkisins, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 600 króna komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til ríkissjóðs, enda greiði hann kostnað allan af fangelsisvistinni.

48. gr.

Nú óhlýðnast framfærsluþurfi skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglustjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

49. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefur vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærslusveit þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt, að viðlögðu fangelsi samkvæmt 50. gr.

50. gr.

Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og

má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af ríkissjóði.

VI. KAFLI

Um viðskipti sveitarstjórna og endurgreiðslu framfærslustyrks.

51. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá veittur honum af heimilissveit hans.

52. gr.

Nú er manni veittur framfærslustyrkur utan þeirrar sveitar, er hann á framfærslurétt í, og skal framfærslusveit hans þá endurgreiða styrkinn að ⅔ hlutum, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í þessum lögum. Þó skulu greiðslur eftir yfirvaldsúrskurði endurgreiðast að fullu.

Ríkissjóður ábyrgist þessar endurgreiðslur.

53. gr.

Verði maður styrkþurfi utan heimilissveitar sinnar sökum slysa, veikinda, atvinnuleysis eða af öðrum orsökum, er dvalarsveitinni skylt að veita þá aðstoð, sem nauðsynleg er, til þess að styrkþurfinn fái þá læknishjálp og hjúkrun, sem þarf, eða hann komist heim til sín, en endurgreiða skal heimilissveitin dvalarsveit þann kostnað að fullu, og ábyrgist ríkissjóður greiðsluna.

54. gr.

Kröfur um endurgreiðslu á framfærslustyrk, sem eitt sveitarfélag á á hendur öðru, skal gera innan 6 vikna frá styrkveitingu, ella fellur endurkröfurétturinn niður.

Skylt er sveitarstjórn að svara slíkri kröfu innan 6 mánaða frá því að henni barst tilkynning um styrkveitingu, ella fellur niður réttur hennar til mótmæla gegn réttmæti skuldarinnar.

55. gr.

Sá, sem þegið hefur framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er endurkræfur eftir þessum lögum eða öðrum. Því aðeins er þó sveitarstjórn heimilt að gera fjárnám í eignum eða tekjum styrkþega, að afkomu hans framvegis sé með því eigi stefnt í þá hættu, að hann þurfi aftur á framfærslustyrk að halda.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldrinu, sem er á lífi, ef annað er dáið, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

Nú nægir eigi lögákveðinn barnalífeyrir til þess að greiða kostnað við uppeldi og framfærslu barns, og skal þá telja þann styrk, sem umfram þarf að veita, veittan móður barnsins, sé hún á lífi.

56. gr.

Nú hefur einhver, sem samkvæmt dómi eða samningi er skyldur til framfærslugreiðslu lögum samkvæmt, vanrækt að gera skyldu sína í þessu efni, og framfærslustjórn hefur þess vegna orðið að greiða þeim, sem réttinn hefur, framfærslustyrk, og telst þá sá styrkur ekki framfærslustyrkur til framfærsluþurfa, ef styrkurinn fer ekki fram úr hinni umsömdu eða úrskurðuðu upphæð, heldur framfærslustyrkur til þess, sem vanrækt hefur greiðslur.

57. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana, báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þá skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau þá voru í, og ekkert á ekkju, ef hún hefur einn eða fleiri skylduómaga.

Nú hefur dvalarsveit barnsmóður eða framfærslumanns barns orðið að endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins lögákveðinn barnalífeyri, og skal þá framfærslusveit sú, er barnsfaðir á, er lífeyririnn féll í gjalddaga, skyld að endurgreiða dvalarsveitinni meðlagið að fullu, og skal telja það framfærslustyrk veittan barnsföður.

Hafi dvalarsveit barnsmóður eigi fengið barnalífeyri endurgreiddan fyrir þá sök, að ókunnugt hafi verið um dvalarstað barnsföður, eða hann hefur komizt undan lagaaðförum, er þeirri sveit heimilt, er hann kemur síðar fram, að ganga að þeim framfærslusveitum, er hann kann að hafa átt meðan ekki náðist til hans.

58. gr.

Skylt er barnsföður að endurgreiða framfærslusveit sinni lífeyri með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, sé hann þess umkominn að dómi sveitarstjórnar. Innheimtumaður, sem annast innheimtu á endurgreiðslukröfum vegna barnalífeyris, getur leitað aðstoðar lögreglunnar til þess að ná til skuldarans.

Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn samkvæmt kröfu hennar kaup eða aflahlut manna þeirra, er um ræðir í 1. málsgr., til lúkningar úrskurðuðum meðlögum.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á meðlagsskuldinni, allt að þeirri upphæð, er hann hefur greitt barnsföður, eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

59. gr.

Þegar dvalarsveit hefur greitt barnalífeyri, sem innheimta ber hjá öðru sveitarfélagi, skal sveitarstjórn dvalarsveitar, innan sex vikna frá móttöku kvittunar Tryggingarstofnunar ríkisins fyrir greiðslunum, senda til sveitarstjórnar framfærslusveitar kröfu um endurgreiðslu, og skal þá greiða skuldina innan sex mánaða frá móttöku kröfunnar. Kvittun Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja kröfu sveitarstjórnar dvalarsveitarinnar.

Nú vanrækir sveitarstjórn framfærslusveitar að sinna kröfunni, og getur sveitarstjórn dvalarsveitar þá krafizt greiðslu úr ríkissjóði samkv. 52. gr. þessara laga.

60. gr.

Nú hrekkur barnalífeyrir, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir samkv. almannatryggingalögunum ekki til framfærslu munaðarlauss barns innan 16 ára aldurs, og skal þá framfærslusveit þess greiða það, sem til vantar, að barnið fái sómasamlega framfærslu, og telst það styrkur veittur munaðarlausu barni.

61. gr.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefja styrkþega endurgreiðslu á styrk, veittum af sveitarfé, til að greiða:

1. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kennsluáhöld handa börnum á skólaskyldualdri.
2. Greftrunarkostnað styrkþega, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.
3. Fæðingarhjálp, sem barnsföður er ekki skylt að endurgreiða.
4. Greiðslur til munaðarlausra barna samkv. lögum þessum.
5. Útgjöld vegna útbúnaðar og sendingar barns, sem komið er til dvalar af barnaverndarnefnd eða framfærslunefnd utan heimilissveitar sinnar.

6. Framfærslustyrk veittan mönnum 60 ára eða eldri.
7. ⅕ hluti af kostnaði við langvinna sjúkdóma, samkv. l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Allur sá styrkur, sem hér um ræðir, skal þó í bókum sveitarinnar talinn framfærslustyrkur veittur á því ári, sem hann er greiddur úr sveitarsjóði.

62. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn framfærslustyrk.

63. gr.

Nú hefur styrkþega verið ráðstafað af framfærslunefnd eða hreppsnefnd í annað framfærsluhérað, og vinnur hann sér þá eigi sveit í hinu nýja héraði fyrr en í fyrsta lagi að 6 árum liðnum. Ber þeirri sveit, er ráðstafaði honum til dvalar, að kosta framfærslu hans fyrstu 4 árin, ef með þarf, hvort sem hann þarf árlegan styrk eða ekki, og eftirleiðis þangað til hann hefur komizt af tvö ár óslitið án framfærslustyrks.

64. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks áður en 2 ár eru liðin frá því að hann fluttist til þess framfærsluhéraðs, er hann á heima í, án þess um ráðstöfun samkv. 63. gr. sé að ræða, og skal þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd láta valdsmann, ef ástæða er til, rannsaka eftirfarandi atriði:

1. Hvar framfærsluþurfi átti áður heimilissveit.
2. Hvort hann þáði þar framfærslustyrk, og hve mikinn.
3. Hvenær hann síðast þáði framfærslustyrk þar.
4. Hvort sveitarstjórn fyrrv. heimilissveitar hans eða einstakir sveitarstjórnarmenn, eða aðrir áhrifamenn, hafi hvatt styrkþega til að flytja búferlum, lagt fram fé í því skyni eða á annan hátt beint eða óbeint stutt að för hans, svo sem með gjöfum eða samskotum, svo af því megi ætla, að þær ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að losa fyrrverandi heimilissveit við verandi eða væntanleg þyngsli vegna styrkþegans eða fjölskyldu hans.
5. Önnur atriði, er sveitarstjórn eða framfærslunefnd telur nauðsynlegt að upplýsa í þessu sambandi.

65. gr.

Sannist það við rannsókn þessa, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar styrkþegans, eða einstakir áhrifamenn í sveitarfélaginu, hafi komið því til leiðar, að styrkþegi flutti búferlum í aðra sveit og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 63. gr., skal þeirri sveit, er hann flutti úr, skylt að endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hann eða fjölskylda hans þarf að þiggja í framfærslustyrk meðan hann dvelur þar.

Sama gildir, ef það sannast, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar hafi lagt fram fé, beint eða óbeint, til þess að styrkþegi gæti komizt hjá því að biðja um framfærsluhjálp fyrstu tvö árin.

66. gr.

Nú verður sveitarstjórn uppvís að því að hafa stuðlað að flutningi manns til annars sveitarfélags, og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 63. gr., og skal þá ríkissjóður endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hún leggur út hans vegna, og innheimta síðan upphæðina hjá fyrrverandi heimilissveit mannsins.

VII. KAFLI

Um jöfnun framfærslukostnaðar.

67. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og eigi síðar en 1. júní næsta ár, senda bæjarstjórnir og hreppsnefndir til ráðuneytisins skýrslu yfir framfærslukostnað í kaupstaðnum eða hreppnum umliðið ár og í því formi, sem ráðuneytið ákveður.

Skýrslunni skal fylgja vottorð, staðfest af bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra, um, hve margir karlar og konur á aldrinum 18—60 ára eiga heimili í kaupstaðnum eða hreppnum.

68. gr.

Sýslumenn skulu fyrir 15. júlímánaðar ár hvert senda ráðuneytinu skýrslu um samanlagðar skattskyldar tekjur allra íbúa hvers einstaks hrepps sýslunnar samkvæmt skattskrá fyrir umliðið ár, svo og um skuldlausar eignir samkvæmt sömu skattskrá og loks um skattmat allra fasteigna í hverjum hreppi, sem skatt ber að greiða af síðastliðið ár. Á sama hátt ber bæjarfógetum í kaupstöðum og skattstjóranum í Reykjavík að senda ráðuneytinu tilsvarandi skýrslur úr umdæmum þeirra.

69. gr.

Framfærsluhéruðum landsins skal skipta í tvo flokka. Eru í öðrum flokknum allir kaupstaðirnir og kauptún þau, sem hafa yfir 500 íbúa og eru sérstök sveitarfélög, en í hinum flokknum eru öll önnur sveitarfélög.

70. gr.

Eftir skýrslum þeim, sem um getur í 68. gr., reiknar ráðuneytið út, hver er meðaltalsframfærslukostnaður í hvorum jöfnunarflokknum fyrir sig. Skal það gert á þann hátt að miða að ⅓ hluta við tölu þeirra karla og kvenna, sem eru á aldrinum 18—60 ára, að ⅓ hluta við skattskyldar tekjur, að ⅙ hluta við skuldlausar eignir og ⅙ hluta við fasteignamat.

71. gr.

Nú fer samanlagður framfærslukostnaður sveitarfélags fram úr meðaltali framfærslukostnaðar í þeim jöfnunarflokki, sem sveitarfélagið tilheyrir, reiknað á sama hátt og segir í næstu grein á undan, og fá sveitarfélögin þá endurgreiðslu úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, þannig, að hvert sveitarfélag greiðir meðaltalsframfærslukostnað í sínum flokki að frádregnum 10% og fær endurgreidda ⅔ hluta þess, sem umfram er. Minni upphæð en 100 krónur greiðast þó aldrei neinu bæjar- eða sveitarfélagi.

Hrökkvi tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga ekki til þess að endurgreiða fátækrajöfnunarfé, greiðir ríkissjóður það, sem á vantar, þar til full endurgreiðsla er fengin samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.

72. gr.

Nú eru skýrslur þær, er um ræðir í 67. og 68. gr., eigi komnar til ráðuneytisins á þeim tíma, sem þar er tiltekinn, og skal þá með símskeyti eða á annan fulltryggan hátt tilkynna hreppsnefndum, bæjarstjórnum og embættismönnum þeim, sem þar eru tilgreindir, að skýrslur þeirra skuli afhendast fyrir nánar tiltekinn dag.

Nú verður misbrestur á því, að skýrslur komi þrátt fyrir tilkynningu samkvæmt 1. málsgr., og skal þá við útreikning nota tilsvarandi skýrslu síðastliðins árs, en hreppar þeir og kaupstaðir, sem vanrækslu hafa sýnt, missa rétt til endurgreiðslu fyrir það ár, þótt þeir ættu tilkall til hennar samkvæmt útreikningi.

73. gr.

Ráðuneytið skal hafa lokið skiptingu framfærslufjár milli bæjar- og sveitarfélaga í fyrsta flokki eigi síðar en 1. ágúst og í öðrum flokki eigi síðar en 1. október.

74. gr.

Ráðuneytið hefur úrskurðarvald um sérstaka reikninga yfir veittan framfærslustyrk og um reikninga sveitarfélaga yfir framfærslukostnað í heild sinni.

Sannist það á einhverja sveitarstjórn, að hún vísvitandi gefi rangar skýrslur eða upplýsingar í þeim tilgangi að öðlast endurgreiðslu frá ríkissjóði, missir viðkomandi

sveitarfélag rétt til allrar endurgreiðslu frá ríkissjóði það ár, auk þeirrar hegningar, sem sveitarstjórnin kann að baka sér með slíku athæfi samkvæmt ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

75. gr.

Nú hafa sveitarstjórnir gert samninga sín á milli um framfærslu styrkþega, áður en lög þessi koma til framkvæmda, og skulu þeir samningar þá haldast, ef þeir brjóta eigi í bág við ákvæði þessara laga eða almannatryggingalaga.

Um styrkþurfa, sem ráðstafað hefur verið utan sveitar af sveitarstjórn, áður en lög þessi öðlast gildi, skal fara sem segir í 63. gr. þessara laga.

76. gr.

Úrskurðir yfirvalds, uppkveðnir fyrir gildistöku þessara laga, um meðlög með skilgetnum eða óskilgetnum börnum, svo og staðfestir samningar um sama efni, halda gildi sínu með þeim breytingum, að meðlagsfúlgan fer eftir lögum um almannatryggingar og verður jafnhá barnalífeyri eins og hann er ákveðinn í þeim lögum á hverjum tíma, og að meðlagsgreiðslan fer fram mánaðarlega.

77. gr.

Nú hefur framfærsluþurfi misst rétt til bóta eða lífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar, vegna vanskila á iðgjaldi, og getur sveitarstjórn þá keypt honum full réttindi smkvæmt þeim lögum með því að greiða vangoldin iðgjöld hans, en þó ekki hærri upphæð en svarar til 5 ára iðgjalds.

78. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim, séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafið er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðila varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

79. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947 og eru frá sama tíma úr gildi felld framfærslulög nr. 52 12. febrúar 1940, svo og önnur ákvæði eldri laga, er brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Í janúarmánuði 1947 skulu sveitarstjórnir greiða þeim ellilauna- og örorkubótaþegum, er á árinu 1946 fengu ellistyrk og örorkubætur, 1/12 hluta þeirrar heildarupphæðar, sem þeir fengu þá, að frádregnu sjúkrasamlagsgjaldi.
   Undanskildir eru þó þeir, sem 1946 fengu upphæðina greidda í einu lagi. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögunum helming upphæðarinnar.
2. Við ákvörðun örorkustyrks samkv. 3. bráðabirgðaákvæði laga um almannatryggingar skal þess gætt, að þeir öryrkjar, er þar greinir og fengið hafa örorkubætur árið 1946, missi einskis í við, að lögin um almannatryggingar koma til framkvæmda, enda greiði ríkissjóður það, sem til kann að vanta, að fjárveitingin úr tryggingarsjóði hrökkvi.
   Ákvæði þetta gildir þó aðeins til ársloka 1948.

3. Mæður óskilgetinna barna, er ekki hafa fengið meðlagsúrskurði á hendur barnsfeðrum sínum erlendum, fyrir gildistöku þessara laga, en hafa til þessa fengið greidd meðlög af sveitarfé í dvalarsveit sinni, skulu eftirleiðis fá greiddan barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, enda fylgi kröfu þeirra til Tryggingarstofnunarinnar vottorð sveitarstjórnar um meðlagsgreiðslur úr sveitarsjóði þeim til handa. Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir svo og þær upphæðir, sem sveitarsjóðir hafa lagt út til mæðra slíkra barna fyrir gildistöku þessara laga.

Greiðslur þessar falla þó niður, ef móðir slíks óskilgetins barns, sem hér um ræðir, tapar barnsfaðernismáli því, er hún hefur höfðað.

Ed. 655. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Eiríkur Einarsson, form. Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr., frsm. Hannibal Valdimarsson.
B. Kristjánsson. Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 656. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin sendi frumvarpið til Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannafélags Reykjavíkur og Sjómannafélags Hafnarfjarðar og óskaði umsagnar þessara aðila um það. Svar barst frá Landssambandinu, og er það prentað sem fylgiskjal með þessu áliti. Svör bárust ekki frá sjómannafélögunum.

Á fundi nefndarinnar 11. þ. m. lýstu þeir PO, SK og SkG því yfir, að þeir gætu ekki mælt með samþykkt frumvarpsins. Áki Jakobsson greiddi atkvæði með frv. og mun skila sérstöku áliti. Finnur Jónsson lýsti yfir, að hann væri ekki við því búinn að taka afstöðu til málsins.

Meiri hluti nefndarinnar er þeirrar skoðunar, að ef frumvarpið yrði að lögum, mundi af því leiða verulega aukinn útgerðarkostnað og jafnframt lækkun tekna skipverja. Af þessum ástæðum og öðrum, sem grein verður gerð fyrir í framsögu, leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 15. apríl 1947.

Sigurður Kristjánsson, form., frsm. Skúli Guðmundsson, með fyrirvara. Pétur Ottesen.

Fylgiskjal.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 13. janúar 1947.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis, Reykjavík.

Vér leyfum oss hér með að vísa til heiðraðs bréfs yðar, dags. 8. janúar, ásamt frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breytingu á þeim lögum.

Stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna hefur rætt nefnt frumvarp á fundi sínum og leitað umsagnar kunnáttumanna í þessum efnum um það, hvaða áhrif frumvarpið mundi hafa á útgerð íslenzkra botnvörpuskipa, eins og henni nú er háttað.

Upplýsingar þær, sem fyrir liggja um mál þetta, eru á þá leið, að ef frumvarp þetta yrði að lögum, mundi það hafa þau áhrif á skiphafnir íslenzkra botnvörpuskipa, að fjölga þyrfti þeim frá því, sem nú er, um 7 eða 10 menn, eftir því á hvaða veiðum skipið er, þ. e. a. s. ísfiskveiðum eða saltfiskveiðum. Er þetta álit byggt á þeirri venju, sem nú er um skipshafnir á íslenzkum botnvörpuskipum við fyrrgreindar veiðar, og að sköpuð verði sömu afköst um afla og afsetningu á skipunum, miðað við það, sem nú er. Til viðbótar er svo rétt að geta þess, að ef til slíkrar aukningar á mönnunum á skipunum kæmi, er óhætt að fullyrða, að ekkert pláss er fyrir jafnmarga menn á skipunum, eins og þau eru nú, og heldur ekki á nýju skipunum.

Vér höfum sýnt fram á það í sérstökum greinargerðum, að útgerðin í heild, og þá einnig togaraútgerðin, þolir engar frekari álögur fram yfir það, sem nú er, í sambandi við útgerðarkostnað skipanna. Og ef til slíkrar mannaaukningar kæmi á botnvörpuskipunum, sem lög þessi mundu óhjákvæmilega hafa í för með sér, yrði vitanlega að fylgja kauplækkun, þannig að kaup til skipshafnanna í heild yrði ekki hærra en nú er, en það þýðir aftur, að hver og einn skipverji mundi bera mun minna úr býtum. Þetta hefði þá afleiðingu í för með sér, að óhugsandi væri að fá menn í skiprúm. Útvegsmenn eru yfirleitt þeirrar skoðunar, að frekar þurfi að stefna að því að lækka útgerðarkostnaðinn almennt, og þá að sjálfsögðu að einhverju leyti kaup til skipverjanna einnig, sérstaklega stríðsáhættuþóknun þá, sem enn er í gildi, og geta þeir því á engan hátt fallizt á neina þá löggjöf, sem hefur í för með sér verulega hækkun á útgerðarkostnaði skipanna.

Með hliðsjón af framansögðu leyfum vér oss því hér með eindregið að mælast til þess við háttvirta sjávarútvegsnefnd Nd. Alþingis, að hún beiti sér fyrir því, að hið umrædda frumvarp um breytingu á lögum um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum verði fellt af Alþingi því, sem nú situr.

f. h. Landssambands íslenzkra útvegsmanna

Virðingarfyllst,

J. V. Hafstein.

Ed. 657. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild Háskólans.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna, Eiríkur Einarsson, var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 16. apríl 1947.

Bernh. Stefánsson, form.	Hannibal Valdimarsson, fundaskrifari.	Ásmundur Sigurðsson, frsm.

Lárus Jóhannesson.

Ed. 658. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 22 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 54 30. júli 1909, um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Framan við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, er svo hljóðar:

Ríkissjóður leggur Samábyrgðinni til viðbótarstofnfé, kr. 1 milljón, er greiðist eftir samkomulagi fjármálaráðherra og stjórnar Samábyrgðarinnar.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Samábyrgðin má hafa í eigin áhættu 25% af vátryggingarfjárhæð hvers skips, þó ekki hærri fjárhæð á einu skipi en 100 þús. kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru með þeim úr gildi numin lög nr. 37 27. júní 1941 og lög nr. 31 11. júní 1942.

Ed. 659. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 16. apríl 1947.

Gísli Jónsson, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.	Eiríkur Einarsson, frsm.

Steingr. Aðalsteinsson. Páll Zóphóníasson.

Nd. 660. Frumvarp til laga

um styrk til vatnsveitna.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkissjóður veitir sveitarfélögum fjárhagslega aðstoð til að koma upp vatnsveitum, sem gerðar eru samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Nú vill sveitarfélag koma upp vatnsveitu og fá til þess fjárhagslega aðstoð úr ríkissjóði, og skal sveitarstjórn þá, að loknum undirbúningi eins og fyrir er mælt í 28. gr. l. nr. 15 20. júní 1923, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna. Jafnframt skal senda ráðherra frumdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um framkvæmd verksins, sem nauðsynleg þykja til að tryggja almenningshagsmuni.

3. gr.

Þegar ráðherra hefur veitt samþykki til vatnsveitugerðar, getur sveitarstjórn hafið framkvæmdir, sem skulu gerðar undir yfirumsjón vegamálastjóra eða annars manns, sem ráðherra samþykkir.

4. gr.

Fái vatnsveita, sem ráðherra hefur samþykkt samkvæmt 3. gr., eigi nægilegar tekjur af vatnsskatti og eigi þykir gerlegt að hækka hann svo, að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum, þar með talið vextir og afborganir af stofnkostnaði, skal ríkissjóður veita viðkomandi sveitarfélagi lán, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, til þess að greiða allt að helmingi af stofnkostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Má veita lánið vaxtalaust og afborgunarlaust fyrstu 10 árin, en eftir þann tíma skal það endurgreitt á 20 árum með jöfnum afborgunum og 4% ársvöxtum.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn tryggingum, er hún metur gildar, nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til að koma upp vatnsveitu samkv. 2. og 3. gr. þessara laga. Má ábyrgðin og lán samkvæmt 4. gr. þó aldrei fara sameiginlega yfir 85% af stofnkostnaði allrar veitunnar.

6. gr.

Þau sveitarfélög, sem þegar hafa hafizt handa um að koma upp vatnsveitu eða hafa eignazt hana eftir 1942 og megna ekki fjárhagslega að standa undir stofnkostnaði, geta einnig notið sams konar fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr. þessara laga, enda uppfylli þau fyrirmæli laganna, eftir því sem við á.

7. gr.

Nú óskar sveitarfélag að kaupa vatnsveitu einstaklinga eða félaga, sem fyrir kann að vera á veitusvæði þess, og vill fá til þess fjárhagsaðstoð ríkissjóðs. Skal sveitarstjórnin þá senda ráðherra um það beiðni, ásamt frumdráttum að mannvirkjum. Beiðninni fylgi einnig upplýsingar um samningsverð eða matsverð dómkvaddra manna. Samþykki ráðherra kaupin, nýtur sveitarfélagið sama réttar til fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr., enda uppfylli það fyrirmæli laganna, eftir því sem við á.

Náist ekki samkomulag við eigendur um sölu veitunnar, er heimilt að taka hana eignarnámi.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal sveitarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum á veitusvæðinu. Vatnsskatt skal miða við fasteignamatsverð húseigna, og einnig má ákveða lágmark vatnsskattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna.

Sveitarstjórn er og heimilt að selja vatnið eftir mæli skv. gjaldskrá, er ráðherra staðfestir. Slíka gjaldskrá má setja um einstök hús eða einstakar atvinnustöðvar, eða hús, og stöðvar nánar tilgreint eftir notkun, eða um vatnssölu á nánar skilgreindu svæði innan kauptúnsins eða kaupstaðarins. Einnig er heimilt að krefjast endurgjalds fyrir vatnið að nokkru með vatnsskatti og að nokkru skv. vatnsmæli eftir reglum, sem ráðherra setur.

Sérstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kauptúnsins eða kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal og í gjaldskrá.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

Vatnsskatt skal ákveða í reglugerð. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta ákvæði laganna ná einnig til vatnsveitufélaga, sem stofnuð eru af a. m. k. helmingi íbúðarhúsaeigenda á veitusvæðinu og hafa eftir árið 1942 gert eða gera vatnsveitur fyrir hluta úr sveitarfélögum, án þess að sveitarfélag sé eigandi veitunnar, enda mæli hlutaðeigandi sveitarstjórn með því og veiti ábyrgð sveitarfélagsins fyrir láni ríkissjóðs til vatnsveitufélagsins.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi 22. gr. laga nr. 15 20. júní 1923 og lög nr. 129 9. des. 1941. Enn fremur eru úr gildi felld lög nr. 84 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík, og gilda um þá vatnsveitu ákvæði vatnalaganna og þessara laga.

Ed. 661. Breytingartillaga

við frv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 8. gr. Í stað orðanna „og Fiskifélags Íslands“ í síðustu málsgr. komi: Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna.

Nd.

662. Nefndarálit

um frv. til laga um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið, og skilar minni hlutinn (EOl) sérstöku áliti. Meiri hlutinn telur rétt, að sameinuð verði starfsemi viðskiptaráðs og nýbyggingarráðs og nauðsynlegt, eins og málum er komið, að tekið verði upp eftirlit með fjárfestingu. Er þar um svo skyld viðfangsefni að ræða, að rétt er, að eitt ráð hafi yfirstjórnina. Um margt af þessum störfum er á langri reynslu að byggja, en um stjórn fjárfestingarmála verður að ýmsu leyti að fika sig áfram á nýjum brautum. Meiri hlutinn telur því, að heimildir fjárhagsráðs og ríkissjórnar verði að vera víðtækar og framkvæmdin háð reglugerðum. Vill meiri hlutinn nefna til dæmis ákvæði 3.—5. gr. um fjárfestingarleyfi. Vill nefndin leggja áherzlu á, að almennar undanþágur verði veittar skv. 5. gr. fyrir minni háttar framkvæmdir og þó einkum þær, sem snerta sjávarútveg og landbúnað og litlar íbúðir. En þó telur nefndin rétt, að greinarmörkin séu sett í reglugerð, en ekki lögbundin, því að ýmsu kann að þurfa að breyta eftir ástæðum.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt í meginatriðum. En um einstakar brtt. skal þetta tekið fram:

1. Lagt er til, að fjárhagsráð sé skipað 5 mönnum í stað 4 í frv.
2. Rétt er, að fjárhagsráð hlynni að innlendum iðnaði, sem sparar gjaldeyri án þess að auka verðbólgu.
3. Meiri hlutinn telur ekki fært, að áætlun fjárhagsráðs um heildarframkvæmdir nái til allra framkvæmda, enda er skv. 5. gr. gert ráð fyrir leyfisundanþágu fyrir minni háttar framkvæmdir.
4. Það er augljóst, að fjárhagsráð þarf að hafa samstarf við lánsstofnanir um framkvæmd fjárfestingaráætlunar eigi síður en um samningu hennar.
5. Leiðrétting á orðlagi.
6. Sbr. 2. brtt.
7. Ákvæði um afhendingarskyldu á erlendum gjaldeyri hafa af vangá fallið niður úr frv., og eru þau tekin upp hér samkvæmt eldri lögum.
8. Leiðrétt tilvitnun.
9. Undanþága um þær vörur, sem verðlagðar eru samkv. eldri verðlagsákvæðum, gerir framkvæmdina umsvifaminni.
10. Rétt þykir, að hægt verði að svipta sökunaut atvinnuleyfi um stundarsakir.
11. Ríkissjóður greiðir tekjuhalla af framkvæmd þessara laga, og er því rétt að taka fram, að tekjuafgangur renni í ríkissjóð.

Einstakir nefndarmenn hafa óbundið atkvæði um aðrar brtt.

Leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað „Ríkisstjórnin skipar 4 manna nefnd“ í upphafi gr. komi: Ríkisstjórnin skipar 5 manna nefnd.
2. Við 2. gr. Á eftir 5. tölul. kemur nýr liður:
   6. Að bæta starfsskilyrði iðjuvera, sem framleiða vörur, er spara þjóðinni gjaldeyri.
3. Við 3. gr. Í stað „kostnaði við hverja framkvæmd“ í annarri málsgr. komi: kostnaði við allar stærri framkvæmdir.
4. Við 4. gr. Í stað orðanna „um samning fjárfestingaráætlunar“ í síðari málsgr. komi: um samningu og framkvæmd fjárfestingaráætlunar.
5. Við 12. gr. Í stað „Að úthluta til innflytjenda innflutningi“ í 1. tölul. komi: Að úthluta til innflytjenda innflutnings- og gjaldeyrisleyfum.

6. Við 12. gr. Í stað orðanna „að verzlunarkostnaður verði sem minnstur“ í síðari mgr. 1. tölul. komi: að verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst.
7. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:
   Ráðherra setur með reglugerð fyrirmæli til tryggingar því, að íslenzk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna. Enn fremur ákvæði um það, að allur annar gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.
8. Við 20. gr. Í stað „samkvæmt 14. gr.“ komi: samkvæmt 15. gr.
9. Við 20. gr. Aftan við greinina bætist: Bann þetta gildir þó ekki um vörur, sem verðlagðar eru samkvæmt gildandi verðlagsákvæðum.
10. Við 22. gr. Aftan við orðin „má svipta sökunaut atvinnurétti“ í síðari málsgr. bætist: um stundarsakir eða fyrir fullt og allt.
11. Við 23. gr. Aftan við greinina bætist: Ef tekjuafgangur verður, rennur hann í ríkissjóð.

Alþingi, 16. apríl 1947.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Jóhann Hafstein. Hallgr. Benediktsson.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 663. Frumvarp til laga

um brunatryggingar á Siglufirði.

Flm.: Áki Jakobsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar er heimilt að semja um tryggingu gegn eldsvoða á öllum húsum á Siglufirði við eitt eða fleiri tryggingarfélög, enda staðfesti atvinnumálaráðherra samninginn. Allar tekjur, sem verða af slíkri starfsemi, skulu skattfrjálsar til bæjarsjóðs og ríkissjóðs.

2. gr.

Hafi bæjarstjórn gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna, tryggð hjá félögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningurinn tiltekur. Bæjarstjórnin skal hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álítur hæfilega.

3. gr.

Öll iðgjöld og virðingargjöld hvíla á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrétti fyrir öðrum skuldbindingum, sem hvíla á eignunum, og séu iðgjöldin ekki greidd í réttum gjalddaga, má heimta þau eftir þeim reglum, sem gilda um lögtak á sköttum til ríkissjóðs.

4. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að sjá um, að bærinn hafi vel skipað slökkvilið og nauðsynleg slökkvitæki, sem haldið sé vel við.

Allir karlmenn í bænum, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, bæði við æfingar og við að slökkva eld, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, sem bæjarstjórnin semur, en atvinnumálaráðherra staðfestir, og má í þeirri samþykkt ákveða sektir allt að 1000 krónum fyrir brot á ákvæðum hennar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Siglufjarðar.

5. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð samkvæmt 4. gr. skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt skv. beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðar. Frv. er að mestu samhljóða frv. því, sem þm. Akureyrarkaupstaðar flytur á þinginu, og byggt á lögum nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík.

Bæjarstjórn Siglufjarðar telur sig geta lækkað brunabótaiðgjöld í Siglufjarðarkaupstað, ef hún fær aðstöðu til þess að leita tilboða í tryggingarnar hjá fleiri en einu félagi.

Ed. 664. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 1. málsgrein 8. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé gjaldþegn félag samkvæmt 6. gr. II. 1. tölulið, skal leggja útsvar á félagið þar, sem það hefur skrásett heimilisfang, án tillits til þess, hvar stjórnendur eða framkvæmdastjóri eiga lögheimili, enda reki félagið atvinnu sína á skrásetningarstað. Ef slíkt félag rekur atvinnu í fleiri sveitum en einni, má á hverjum stað aðeins leggja á þær eignir, sem þar eru, og þær tekjur, sem sá atvinnurekstur gefur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 665. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 496.

Ed. 666. Breytingartillaga

við frv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Við 11. gr. Í stað orðanna „og hafa reynslu og þekkingu á siglingum og skipum“ í 2. mgr. komi: og hafi að dómi skipaskoðunarstjóra nægilega þekkingu á siglingum, skipum og vélum til þess að leiðbeina skoðunarmönnum, samræma eftirlitið til meira öryggis og skera úr um ágreining, sem upp kynni að rísa um haffæri skipa.

Ed. 667. Breytingartillögur

við frv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 8. gr. Orðið „siglingafræðingur“ í 2. mgr. falli niður.
2. Við 17. gr. Í stað orðanna „útgerðarmaður eða skipstjóri skuli sóttur til saka“ í 7. mgr. komi: skipið skuli stöðvað.

Nd. 668. Nefndarálit

um frv. til l. um byggingu síldarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd Nd. hefur haft frv. þetta til athugunar og hefur beiðzt umsagnar stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins og ríkisstjórnarinnar. Nefndinni hefur nú loks borizt umsögn stjórnar S. R., og leggur meiri hluti hennar (Sveinn Benediktsson, Júlíus Hafstein og Erlendur Þorsteinsson) það til, að frv. verði ekki samþykkt. Hins vegar hefur minni hluti stjórnar S. R. (Þóroddur Guðmundsson og Jón Kjartansson) mælt með því, að frv. verði samþykkt og verksmiðja reist á Norðausturlandi sunnan Langaness, þegar stjórn S. R. þykir ástæða til.

Nefndin gat ekki orðið sammála um lausn málsins. Meiri hlutinn vildi afgreiða frv. þannig að breyta því í frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 frá 1942, um nýjar síldarverksmiðjur, og bæta inn í upptalningu á væntanlegum síldarverksmiðjum, sem er í þeim lögum, síldarverksmiðju á Norðausturlandi, en láta svo ríkisstjórn um það, hvenær hún vill láta reisa verksmiðjuna og hvort hún vill reisa verksmiðju á Norðausturlandi á undan öðrum þeim verksmiðjum, sem ákveðnar eru í lögunum frá 1942.

Minni hlutinn, ég undirritaður, vildi ekki fallast á þessa afgreiðslu, vegna þess að ég tel mikla nauðsyn á því að koma upp stórri verksmiðju sunnan Langaness og sé því eðlilegast að fara þá leið, sem flm. frv. benda á í frv. sínu, þá leið, að Alþingi taki ákvörðun í málinu og feli ríkisstjórninni með þeim hætti, að tryggt sé, að ráðizt verði í byggingu síldarverksmiðju sunnan Langaness, er geti hafið starfrækslu sem allra fyrst. Þess vegna leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþykkt.

Sú leið, sem meiri hlutinn vill fara, felur fyrst og fremst það í sér, að slá því á frest um óákveðinn tíma að byggja síldarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness. Það, að afgreiða frv. með því móti að bæta verksmiðju á Norðausturlandi inn í lögin frá 1942, er sama og að fella frv., og því get ég ekki fallizt á þá afgreiðslu.

Höfuðrökin fyrir því að samþykkja frv. og reisa strax síldarverksmiðju á Norðausturlandi eru að mestu fram tekin í greinargerð frv. á þskj. 221, en ég vil þó enn undirstrika það, sem ég tel mestu skipta í þessu máli.

Á undanförnum tveimur árum hefur það komið í ljós, að síld hefur verið mikil fyrir Norðausturlandi sunnan Langaness, þegar lítil eða engin síld hefur verið á síldarslóðum fyrir Norðurlandi. Allmikill hluti þeirrar síldar, sem veiddist á vertíðunum 1945 og 1946, er tekinn austan Langaness, og hefðu veiðimöguleikar þar eystra notazt betur, ef stór síldarverksmiðja hefði verið fyrir hendi á þessu svæði, því að sú verksmiðja, sem er á Raufarhöfn, er of lítil og fyllist strax, þegar veiði hefst eystra.

Síldarskip, sem tekið hafa síld sunnan Langaness, hafa átt í miklum vandræðum að sigla fyrir Langanes með hlaðin skip til Raufarhafnar eða lengra vestur. Til þess að vinna bug á þessum erfiðleikum er nauðsynlegt að fá verksmiðju sunnan Langaness.

Því hefur af ýmsum verið haldið fram, að venjulega sé ekki mikil síld fyrir Norðausturlandi, þótt svo hafi verið sumurin 1945 og 1946. Þeir, sem kunnugleika hafa fyrir austan, halda því hins vegar fram, að ætíð sé mikil síld á þessu svæði. Skýrslur um síldveiði, sem verksmiðjurnar taka, eru frá skipum, sem koma inn með veiði sína, en eðlilega leita skipin ekki á veiðisvæðið fyrir Norðausturlandi, þegar nóg er af síld á aðalsíldarmiðunum fyrir Norðurlandi. Allt bendir til, að fyrir Norðausturlandi sé á hverju ári mikil síld, sem ekki hagnýtist vegna þess, að verksmiðjukostur er þar ekki nægilegur.

Fyrir atvinnulíf héraðanna sunnan Langaness mun bygging síldarverksmiðju skipta mjög miklu máli. Sjávarpláss í Norður-Múlasýslu eru mjög illa sett atvinnulega, og hefur það lítið breytzt á stríðsárunum, hins vegar hafa margir flutt af þessu svæði og þá einkum til Suðvesturlandsins. Mál þetta er flutt af öllum þingmönnum frá Austurlandi, og undirtektir þær, sem frv. hefur fengið þar eystra, sanna, að þetta er Austfirðingum nauðsynjamál, eins og áskoranir þær, sem birtar eru hér sem fylgiskjöl, bera vott um.

Alþingi, 16. apríl 1947.

Áki Jakobsson.

Fylgiskjöl.

I. Símskeyti frá hreppsnefnd Búðahrepps, Fáskrúðsfirði.

Leyfum oss að skora á háttvirt Alþingi, að samþykkja fram komið frv. um byggingu síldarbræðslu á Austurlandi sunnan Langaness.

Hreppsnefnd Búðahrepps.

II. Símskeyti frá Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps.

Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps skorar á Alþingi að láta byggja síldarbræðslu á Austfjörðum svo fljótt sem við verður komið.

Oddvitinn.

III. Símskeyti frá hreppsnefnd Eskifjarðar.

Hreppsnefnd Eskifjarðar skorar á hið háa Alþingi að samþykkja frv. það, sem þm. Austfirðinga flytja um byggingu síldarverksmiðju sunnan Langaness.

Leifur Björnsson oddviti.

IV. Símskeyti frá Bæjarstjórn Neskaupstaðar.

Á fundi bæjarstjórnar Neskaupstaðar 7. þ. m. var samþykkt eftirfarandi tillaga: Bæjarstjórn Nk. skorar á Alþingi að samþykkja framkomið frv. um byggingu síldarverksmiðju á Norðausturlandi, jafnframt tekur bæjarstjórnin fram, að hún telur heppilegasta stað fyrir slíka verksmiðju á Vopnafirði.

Bæjarstjóri.

V. Símskeyti frá Brekku í Mjóafirði.

Hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps skorar á Alþingi að samþykkja frv. þm. Austfirðinga um byggingu síldarverksmiðju á Austurlandi.

Sveinn Benediktsson. Vilhjálmur Hjálmarsson. Magnús Tómasson.
Jón I. Jónsson. Sveinn Vilhjálmsson.

VI. **Símskeyti frá Seyðisfirði.**

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar skorar á Alþingi að samþykkja frv. til laga þess efnis, að reist verði ný síldarverksmiðja á Austfjörðum.

Bæjarstjóri.

VII. **Símskeyti frá Seyðisfirði.**

Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps telur þjóðarnauðsyn, að fullkomin síldarbræðsla verði reist fyrir austan Langanes og þegar sé orðinn óhæfilegur dráttur á því máli. Þess vegna skorar hreppsn. mjög eindregið á Alþingi að samþykkja á yfirstandandi þingi frv. það, sem þm. Austfirðinga hafa nú flutt um þetta mál.

Oddviti.

VIII. **Símskeyti frá Borgarfirði eystra.**

Mælum fastlega með, að samþykkt verði framkomið frv. um síldarverksmiðju sunnan Langaness.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps.

IX. **Símskeyti frá Seyðisfirði.**

Verkamfél. Fram á Seyðisfirði skorar á Alþingi að samþ. frv. þess efnis, að reist verði ný síldarverksmiðja á Austfjörðum.

Vkm. Fram.

X. **Símskeyti frá Fáskrúðsfirði.**

Leyfum oss að skora á háttvirt Alþingi að samþykkja framkomið frv. um byggingu síldarbræðslu á Austurlandi sunnan Langaness.

Útgerðarmannafél. Fáskrúðsfjarðar.

XI. **Áskorun sjómanna og útgergarmanna.**

Við undirritaðir sjómenn og útgerðarmenn skorum á hið háa Alþingi að samþykkja nú þegar frumvarp það til laga um síldarbræðslu á Austurlandi, sunnan Langaness, sem nú liggur fyrir þinginu.

Hornafirði, 1. marz 1947.

Ásmundur Jakobsson, Vopnafirði. Jóhann Klausen, Eskifirði. Davíð Vigfússon, Vopnafirði. Ágúst Jónsson, Vopnafirði. Guðni Þ. Sigurðsson, Vopnafirði. Aðalsteinn Sigurðsson, Vopnafirði. Sveinn Sigurðsson, Vopnafirði. Ragnar Sigurðsson, Vopnafirði. Jakob Jakobsson, Norðfirði. Jakob Jóhannsson, Reykjavík. Karl Kristjánsson, Eskifirði. Björn Jónasson, Eskifirði. Valdimar Ásmundsson, Eskifirði. Jón Guðmundsson, Eskifirði. Kristján Björgvinsson, Eskifirði. Guðgeir Björnsson, Eskifirði. Pétur Kristjánsson, Eskifirði. Gísli Jónsson, Eskifirði. Eiríkur Guðnason, Eskifirði. Sæbjörn Guðmundsson, Eskifirði. Magnús Eiríksson, Eskifirði. Gunnar Þórðarson, Seyðisfirði. Garðar Einarsson, Seyðisfirði. Gunnar W. Steindórsson, Eskifirði. Baldur Einarsson, Eskifirði. Stefán Sigurðsson, Hornafirði. Guðm. Bjarnason, Hornafirði. Jörundur Jónsson, Hornafirði. Árni Jónsson, Seyðisfirði. Vigfús Jónsson, Seyðisfirði. Þorsteinn Jónasson Hornafirði. Sigurður Sigurbjörnsson, Seyðisfirði. Sigurður Friðriksson, Seyðisfirði. Þorvaldur Einarsson, Norðfirði. Óli Sig. Jónsson, Norðfirði. Auðunn Þ. Þórðarson, Norðfirði. Óskar Sigurðsson, Norðfirði. Kristján Jónsson, Vopnafirði. Magnús Haraldsson, Norðfirði. Ármann Árnason, Norðfirði. Sig. Lúðvíksson, Neskaupstað. Garðar Lárusson, Norðfirði. Guðgeir Jónsson, Neskaupstað. Magnús Marteinsson, Neskaupstað. Sigurður Norðfjörð, Neskaupstað. Jóhann K. Sigurðsson, Neskaupstað. Jón Einarsson, Neskaupstað. Stefán Höskuldsson, Neskaupstað. Guðm. Magnússon, Neskaupstað. Guðni Sveinsson, Neskaupstað. Pétur Jónsson, Neskaupstað.

Nd. 669. Nefndarálit

um frv. til laga um byggingu síldarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta hefur verið athugað í sjávarútvegsnefnd, og telur meiri hl. nefndarinnar rétt, að ákvæði um að byggja síldarverksmiðju á Norðausturlandi verði sett í þau heildarlög um nýjar síldarverksmiðjur, sem samþykkt voru á Alþingi árið 1942. Meiri hl. leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirgreindum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 1. málsgr. 1. gr. laganna bætist nýr töluliður, þannig:
   7. Á Norðausturlandi sunnan Langaness 5 þúsund mála verksmiðju.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt.
3. Við 3. gr. Greinin falli burt.
4. Fyrirsögn frv. verði þannig:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Alþingi, 17. apríl 1947.

Sig. Kristjánsson, form. | Skúli Guðmundsson, frsm. | Pétur Ottesen.

Finnur Jónsson.

Sþ. 670. Breytingartillögur

við frv. til l. um Matsveinaskóla Íslands.

Frá Sigurði Kristjánssyni, Áka Jakobssyni, Finni Jónssyni, Pétri Ottesen og Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Greinin verði þannig:
   Stofna skal og halda í Reykjavík skóla, er nefnist Matsveina- og veitingaþjónaskóli. Aðsetur skólans er í sjómannaskólahúsinu. Skólinn skal veita hagnýta fræðslu þeim, sem gerast vilja matsveinar eða veitingaþjónar á skipum eða í gisti- og veitingahúsum.
2. Við 2. gr. Greinin fellur niður. (Greinatalan breytist samkvæmt því.)
3. Við 5. gr. (sem verður 4. gr.). Greinina skal orða svo:
   Kennslu skal haga þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar og framreiðslumenn á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið. Námstími fyrir fullgilda matsveina og veitingaþjóna skal vera þrjú ár. En heimilt er nemendum að verja nokkrum hluta námstímans í nám hjá meisturum í iðninni í veitingahúsi eða á farþegaskipi, og skal kveða nánar á um það í reglugerð. Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.
   Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrifalega og háttprúða umgengni og snyrtimennsku.

4. Við 6. gr. Greinin falli niður.
5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra skipar skólastjóra og aðra kennara, og skal skólastjóri jafnframt vera bryti skólans. Ráðherra skipar einnig þriggja manna skólanefnd, skólastjóra til aðstoðar. Skal hún skipuð til 4 ára í senn.
   Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið.
6. Við 9. gr. Greinin fellur niður.
7. Fyrirsögn frumvarpsins verður:
   Frumvarp til laga um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.
   Greinaröð og tilvitnanir í greinar breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

Sþ. 671. Tillaga til þingsályktunar

um vetrarveg fyrir bifreiðar yfir Hellisheiði.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú í sumar, með ýtum og öðrum hraðvirkum vinnuvélum, bygging vetrarvegar yfir Hellisheiði frá Kambabrún að láglendinu vestan við Skíðaskálann. Kostnaðurinn greiðist af viðhaldsfé.

Greinargerð.

Þegar akvegurinn var lagður yfir Hellisheiði, var hann miðaður við hestkerrur og flutning að sumarlagi. Þess vegna er vegurinn, eins og vonlegt er, lagður eftir dýpstu dældunum. Hagar allvíða á Hellisheiði þannig til á vetrum, að kafhlaup er á akveginum, þar sem bílstjórar eru að brjótast áfram gegnum djúpan snjó milli ýtuskafla, en til beggja handa, örstutt frá þjóðveginum, eru lágir ásar, svo að segja snjólausir. Ef slíkir ýturuðningshryggir væru gerðir eftir hæstu hæðunum, mundi í mörgum vetrum vera auðvelt að aka eftir þeim og tilkostnaður um benzín og slit á mönnum og vögnum miklu minna en nú gerist í snjóavetrum. Auk þess mundi verða ódýrara, léttara og verkdrýgra að beita ýtum í snjóavetrum á ruðningi, sem liggur eftir hæðum, heldur en þegar vegurinn liggur niður í snjókistum þessa fjallvegar.

Allmikil reynsla, sem styrkir þessa tillögu, er þegar fengin, því að vegamálastjórnin hefur á undanförnum árum lagt góðan og ódýran vetrarveg á háheiðinni. Mun sá kafli vera ca. einn km að lengd, en í viðbót mun þurfa nokkra viðgerð á sjö km svæði. Þó að þörfin sé mikil, mundu bílstjórar, sem oftast eiga leið yfir fjallið, sætta sig við, ef verkið yrði unnið á tveimur árum.

Nú munu sumir mæla, að ekki sé þörf á þessari framkvæmd, þar sem bæði sé unnið að vetrarleið meðfram suðurströndinni og ákveðið að leggja steinsteyptan akveg eftir Þrengslunum niður í Ölfus. En báðum þessum vegagerðum miðar svo hægt áleiðis, að auðséð er, að margur bílstjóri úr austursveitum mun hafa eytt mikilli orku og fé við að flytja fólk og lífsnauðsynjar landsmanna að vetri til yfir Hellisheiði við þau skilyrði, sem kalla má, að ekki séu mönnum bjóðandi, áður en þessir vegir eru fullgerðir. Með þeim vinnutækjum til vegagerðar, sem þjóðin hefur nú yfir að ráða, getur framkvæmd sú, sem hér er mælt með, hvorki talizt erfið né fjárfrek. Og þó að mestu þjáningunum væri bráðlega létt af bílstjórum, sem stunda vetrarflutninga yfir Hellisheiði, þá er engu að síður nógu mikil almenn nauðsyn til að knýja áfram vegagerð milli Selvogs og Krýsuvíkur og hinn mjög nauðsynlega steinsteypta veg frá Elliðaám að Ölfusá til þess að báð-

um þeim mannvirkjum verði lokið, þegar gjaldgeta þjóðarinnar leyfir. Sú sama nauðsyn, sem leiddi til þess, að vegamálastjórnin lét gera, með góðum árangri, vetrarleið utan um Smiðjulautina er enn að verki. Nálega öll Hellisheiði, frá sléttunni neðan við Skíðaskálann, þarf að fá sína akstursleið austur á Kambabrún, eftir hrygg úr mold og grjóti, sem sópað hefur verið saman með ýtum á mjög ódýran hátt. Þegar þess háttar ruðningur er frosinn, eins og jafnan verður í miklum snjóum, verður hryggurinn góð akbraut, meðan þess þarf mest með.

Það leiðir af sjálfu sér, að við ákvörðun slíkrar vetrarleiðar yrði að láta þá bílstjóra, sem haldið hafa uppi föstum ferðum að vetrarlagi árum saman yfir Hellisheiði, ráða mestu um legu þessarar samgöngubótar. Engir þekkja jafnvel og þeir þá miklu erfiðleika, sem þarf að yfirstíga. Sjálfir eiga þeir mest í hættu um, hversu framkvæmdin tekst.

Nd. 672. Nefndarálit

um frv. til l. um inngöngu Íslands í Bernarsambandið.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 17. apríl 1947.

Sigfús Sigurhjartarson, form. Gunnar Thoroddsen, fundaskr., frsm. Páll Þorsteinsson.
Sigurður Bjarnason. Barði Guðmundsson.

Sþ. 673. Lög

um skipulag og hýsingu prestssetra.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 569 (sbr. 286).

Sþ. 674. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun löggjafar um meðferð opinberra mála.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara svo fljótt sem verða má endurskoðun á gildandi lögum og reglum um meðferð opinberra mála. Skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn í þessum efnum, ef nauðsyn krefur. Að þessari endurskoðun lokinni leggi ríkisstjórnin fyrir Alþingi frv. um meðferð opinberra mála.

Ed. 675. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni og Hannibal Valdimarssyni.

Á eftir 1. gr. koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (2. gr.). 2.—3. tölul. og niðurlagsmálsgr. 9. gr. laganna falli niður. 4.—5. tölul. sömu gr. verði verði 2.—3. tölul.
b. (3. gr.). 2. málsl. 1. málsgr. 10. gr. sömu laga falli niður.

Nd. 676. Breytingartillaga

við frv. til laga um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélaga, fyrstu þrjú starfsárin eftir gildistöku þessara laga.

Skírteini þess og önnur skjöl, er það gefur út, eru ekki stimpilskyld.

Nd. 677. Breytingartillögur

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 28. gr. Við næstsíðustu málsgr. greinarinnar bætist: skal um fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar hlíta ákvæðum 26. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar frá 23. júní 1936, eftir því sem við á.
2. Við 37. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:

   Framlag ríkisins vegna fjárskipta á árunum 1947 og 1948 miðast við fjártölu eigenda samkvæmt skattaframtali á árinu 1946. Á árinu 1949 miðast við skattaframtal 1947 og svo áfram þannig, að fjárskiptaframlag miðast við skattaframtal tveim árum áður.

Nd. 678. Breytingartillögur

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

1. Við 41. gr. Á eftir greininni komi nýr kafli og tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

VII. KAFLI

Um sóttvarnarstöð og einangrun.

42. gr.

Koma skal upp í eyju í nágrenni Reykjavíkur öruggri sóttvarnarstöð, þar sem hafa megi í haldi undir fullu eftirliti dýr, hverju nafni sem nefnist, sem til

landsins kunna að flytjast. Skal stöðin rekin á kostnað ríkisins í umsjá og undir stjórn yfirdýralæknis, samkvæmt reglum, er landbúnaðarráðherra setur.

43. gr.

Fáist eigi með frjálsu samkomulagi keyptar eða leigðar eyjar, er að dómi yfirdýralæknis og samkvæmt úrskurði landbúnaðarráðherra henti sem stöðvar fyrir starfsemi þá, sem um ræðir í 42. gr., má samkvæmt gildandi lögum um eignarnám taka eina eða fleiri af eyjunum Engey og Viðey við Reykjavík og Þerney á Kollafirði eignarnámi eða leigunámi, allt eftir því, er landbúnaðarráðherra ákveður, til þess að komið verði á fót sóttvarnarstöð, sbr. 42. gr.

2. Við 46. gr., sem verður 48 gr. Greinin orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 8. sept. 1931, lög nr. 45 19. júní 1933, lög nr. 9 25. jan. 1934, reglugerð nr. 36 24. apríl 1934, reglur nr. 6 20. jan. 1936, lög nr. 16 28. maí 1941, lög nr. 75 27. júní 1941, lög nr. 88 9. júlí 1941 og reglugerð nr. 4 2. jan. 1942, svo og öll ákvæði, reglur og fyrirmæli, er út hafa verið gefin og sett af sauðfjársjúkdómanefnd eða öðrum aðilum í umboði hennar, á grundvelli téðra laga og reglugerða.

Nd. 679. Frumvarp til laga

um kola- og saltverzlun ríkisins.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Frá 1. ágúst 1947 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn frá útlöndum nokkra tegund af steinkolum eða salti, að smjör-, fóður- og borðsalti þó frátöldu. Fyrirtækjum, sem stunda útgerð eða siglingar má þó heimila að flytja vörur þessar til landsins á eigin skipum og til eigin nota.

2. gr.

Nafn þeirrar verzlunar, sem ríkið stundar samkvæmt 1. gr., skal vera „Kola- og saltverzlun ríkisins". Skal hún vera sjálfstæður fjárhagsaðili, en ríkissjóður bera ábyrgð á skuldbindingum hennar. Fé það, sem nauðsynlegt er til verzlunarrekstrarins, leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni. Heimilt er ríkisstjórninni og að taka eignarnámi eða leigunámi hverja þá fasteign eða hvert það tæki, sem nú er notað í landinu við slíkan verzlunarrekstur.

3. gr.

Verzlunin skal haga verðlagningu þeirrar vöru, er hún verzlar með, þannig, að hún fái greiddan allan kostnað, sem reksturinn hefur í för með sér, en ekki stefna að því að öðlast ágóða. Hún skal þó leggja í varasjóð ákveðinn hundraðshluta af vörusölu sinni, og skal upphæð hans ákveðin í reglugerð þeirri, sem setja skal samkvæmt 7. gr. Verði á einstöku ári hagnaður umfram það, sem leggja ber í varasjóð, skal honum varið til verðlækkunar á næsta ári. Verði hins vegar tap, skal það greitt úr varasjóði, ef til er, ella úr stofnsjóði, en haga skal þá verðlagningu næsta árs þannig, að tapið vinnist upp, og skal þá varasjóði eða stofnsjóði bættur hallinn. Nægi hagnaður einhvers árs ekki til þess að leggja tilskilið gjald í varasjóð, skal það greitt af hagnaði, er síðar verður, áður en honum er varið til verðlækkunar.

4. gr.

Um tollgreiðslu Kola- og saltverzlunar ríkisins af þeim vörum, er hún flytur inn, fer að almennum lögum um það efni. Hins vegar skal verzlunin undanþegin greiðslu skatta til ríkissjóðs.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 250000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Flytji aðrir aðilar í heimildarleysi inn vörur, sem Kola- og saltverzlun ríkisins skal verzla með samkvæmt lögum þessum, skulu þær upptækar í ríkissjóð.

6. gr.

Með brot samkvæmt 5. gr. skal fara að hætti opinberra mála.

7. gr.

Ríkisstjórnin skal með reglugerð setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara og starfsemi Kola- og saltverzlunar ríkisins.

Greinargerð.

Undanfarið hefur verið mjög tilfinnanlegur skortur á kolum og salti í landinu. Hefur þetta valdið margháttuðum erfiðleikum og óþægindum. Ýmsir kaupstaðir og kauptún utan Reykjavíkur hafa um skeið orðið algerlega kolalaus, og saltleysi hefur torveldað hagnýtingu afla í nokkrum verstöðvum. Virðist auðsætt, að gera þurfi það, sem unnt er, til þess að koma í veg fyrir, að slíkt geti átt sér stað.

Á síðast liðnu ári voru fluttar til landsins 95.5 þúsund smálestir af steinkolum, og var verðmæti þeirra 11.5 millj. kr., og 20.1 þúsund smálestir af venjulegu salti (fisksalti og kjötsalti), en verðmæti þess var 3.5 millj. kr. Vörur þessar, og þá sérstaklega kolin, munu á undanförnum árum hafa verið keyptar til landsins nær eingöngu fyrir meðalgöngu ríkisstjórnarinnar, þ. e. a. s. sem liður í viðskiptasamningum við önnur ríki, og mun mega telja fullvíst, að þær fáist ekki á næstu árum á annan hátt. Þótt hið opinbera hafi þannig aflað kolanna, hefur það, svo sem kunnugt er, ekki annazt skipulagið á flutningum þeirra til landsins eða dreifingu þeirra innanlands, heldur hefur það verið í höndum einkaaðila.

Flutningarnir og dreifingin hefur ekki verið skipulögð eins vel og skyldi, enda varla við því að búast, þar eð ekki hefur verið um að ræða neina heildarstjórn þessara mála, og um hana getur ekki orðið að ræða, nema ríkisvaldið annist hana, þ. e. a. s. taki verzlun þessa í sínar hendur og skipuleggi flutningana og dreifinguna með hagsmuni þeirra fyrir augum, sem vörur þessar nota.

Menn hefur greint og greinir enn mjög á um, hversu heppilegt sé og æskilegt, að ríkisvaldið fáist við atvinnurekstur. þ. á m. innflutningsverzlun. Mjög hefur þó dregið úr andstöðunni gegn opinberum rekstri á hinum síðustu árum. Því heyrist nú sjaldan haldið fram, að það sé andstætt eðli ríkisins að fást við atvinnurekstur, og varhugavert að leggja því á herðar þá fjárhagsáhættu, sem slíku er samfara, enda hefur þróunin orðið sú, að afskipti ríkisvaldsins af atvinnulífinu hafa farið sívaxandi og það jafnframt orðið einn stærsti atvinnurekandi í landinu. Hins vegar er því oft haldið á lofti, að opinber fyrirtæki séu yfirleitt og hljóti að vera illa rekin. Þótt til hafi verið -- og til séu enn -- opinber fyrirtæki, sem hafa ekki verið rekin svo vel sem skyldi, sannar það auðvitað ekki, að öll opinber fyrirtæki hljóti að vera illa rekin, fremur en það, að einkafyrirtæki hafa orðið gjaldþrota, sannar, að öll einkafyrirtæki hljóti að verða gjaldþrota. Þau opinber fyrirtæki, sem hafa verið vel og sómsamlega rekin, eru vissulega miklu fleiri, og mun mega segja það um þau flest, þótt aðhald og eftirlit af hálfu ríkisvaldsins hafi oft og tíðum mátt vera meira og betra.

Það hefur að jafnaði kostað allveruleg átök að koma hér á fót opinberum fyrirtækjum, og hefur andstaðan fyrst og fremst verið af hálfu Sjálfstæðisflokksins.

Flest fyrirtæki, sem hið opinbera rekur nú, eru stofnuð gegn andstöðu hans, svo sem síldarverksmiðjurnar, einkasölurnar með áfengi, tóbak, áburð og viðtæki o. s. frv. Nú heyrast þó aldrei tillögur um að leggja þessi opinberu fyrirtæki niður. Og andstæðingar opinbers rekstrar eru meira að segja í einstökum tilfellum farnir að viðurkenna kosti hans með því að samþykkja að stofna til hans. Í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar hefur þannig verið fallizt á þá kröfu Alþýðuflokksins, að komið verði á fót opinberri innkaupastofnun til þess að annast kaup á efni og tækjum til opinberra framkvæmda, bæjarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík hefur nú loks sinnt þeirri gömlu tillögu Alþýðuflokksins að stofna til bæjarútgerðar, og fleiri dæmi mætti nefna. Bendir þetta eindregið til þess, að kostir opinbers rekstrar hljóti nú smám saman aukna viðurkenningu og andstaðan gegn honum sé í rénun.

Á sumum sviðum kemur mætavel til greina að stofna til opinbers rekstrar við hlið einkarekstrar, en á öðrum sviðum er eðlilegast, að ríkið eitt annist reksturinn, og getur það jafnvel verið nauðsynlegt til þess að kostir rekstrarins fái notið sín til fulls. Á það sérstaklega við, þegar það hefur augljósan sparnað í för með sér, að reksturinn sé í sem stærstum stíl og sé allur á einni hendi, og enn fremur þegar sérstök nauðsyn er á heildarskipulagningunni í greininni. Þetta á við um innflutning kola og salts og verzlun með þessar vörur í landinu. Að því er augljós hagur að kaupa þær og flytja til landsins í sem stærstum stíl, og geymsla þeirra og dreifing um landið hlýtur að verða skipulegust, öruggust og hagkvæmust, ef hún lýtur einni stjórn. Verzlun með þessar vörur er einföld, og ætti því hið opinbera að geta tekið hana fyrirvaralítið í sínar hendur, og það því fremur, sem þess er gætt, að samningar um útvegun þeirra hafa undanfarið verið í höndum ríkisvaldsins og yrðu vafalaust hvort sem er enn um skeið.

Meginrökin fyrir því, að hið opinbera taki nú kola- og saltverzlunina í sínar hendur, eru því tvenns konar. Annars vegar er það nauðsynlegt, til þess að tryggja skipulega flutninga á þessum nauðsynjavörum til landsins, þannig að öruggt sé, að á þeim verði ekki skortur að nauðsynjalausu, og að skipuleggja dreifinguna um landið, þannig að séð verði vel fyrir þörfum landsbyggðarinnar, en á þessu hefur einmitt orðið verulegur misbrestur undanfarið. Í þessu sambandi má og geta þess, að athugandi væri, hvort ekki sé eðlilegt að taka upp einhvers konar verðjöfnun, sérstaklega á kolum, milli einstakra staða á landinu eða landshluta, þar eð mjög tilfinnanlegur verðmunur er og hefur hlotið að vera milli þeirra, einkum milli Reykjavíkur og annarra staða. En slíkt væri langauðveldast í framkvæmd, ef hið opinbera annaðist verzlunina alla. Hins vegar er svo einkasala á kolum og salti nauðsynleg til þess að reyna að afla þessara vörutegunda og flytja þær til landsins við sem hagkvæmustum kjörum, en til þess ætti hún að hafa betri aðstöðu en einkaaðilar þeir, sem nú annast innflutninginn, þar eð hann yrði allur á einni hendi. Og þeir, sem þessar nauðsynjavörur nota, fengju þær við sannvirði, þar eð verzlunina ætti ekki að reka í hagnaðarskyni.

Um einstök ákvæði frv. er ekki ástæða til þess að fjölyrða. Gert er ráð fyrir því, að verzlunin lúti fjármálaráðherra beint, eins og t. d. tóbaks- og áfengiseinkasalan gera nú, en ekki sé kosin fyrir hana sérstök stjórn. Verðlagningu skal verzlunin haga þannig, að hún selji vörur þær, sem hún verzlar með, við kostnaðarverði, en þó skal hún koma sér upp nokkrum varasjóði. Hún á m. ö. o. ekki að leitast við að öðlast ágóða. Tolla skal hún greiða samkvæmt almennum lögum um það efni og útsvar í sveitarsjóð, en vera undanþegin sköttum í ríkissjóð.

Þótt ríkinu sé áskilinn einkaréttur til innflutnings á þeim vörum, sem hér er um að ræða, þykir samt rétt, að heimila megi útgerðar- og siglingafyrirtækjum að flytja þær inn til eigin þarfa, ef þau geta notað eigin skip til þess og þeir flutningar eru hlutaðeigandi aðilum hagkvæmir.

Nd.

680. Frumvarp til laga

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra hefur heimild til að veita veitingahúsum veitingaleyfi á áfengum drykkjum, sem til landsins er heimilt að flytja.

Í veitingaleyfi eða reglugerð skal ákveða skilyrði fyrir veitingasölunni, þar á meðal um veitingatíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 11. gr. áfengislaganna er heimild ráðherra til þess að veita veitingahúsum almenn vínveitingaleyfi takmörkuð við eitt veitingahús í Reykjavík. Hótel Borg hefur hlotið þetta leyfi. Félög og einstaklingar fá þó sérstök leyfi til vínveitinga í veizlum og á skemmtunum og láta þau leyfi venjulega í té veitingahúsi, sem veizlan eða skemmtunin er haldin í.

Forréttindi eins hótels í þessu efni eru ekki réttmæt né heppileg nú orðið. Valda því gagngerðar breytingar, sem orðið hafa á skemmtanalífi og greiðasölu síðan þetta fyrirkomulag var ákveðið.

Breyting sú, sem ráðgerð er með frumvarpi þessu, mun ekki auka vínnautn, en aðeins gera hana menningarlegri en hún er nú. Það er kunnugra en að frá þurfi að segja, að í Reykjavík geta þeir, er vilja, aflað sér áfengis hjá launsölum á öllum tímum sólarhrings. Ef frumvarp þetta verður að lögum, mundu launsalarnir hverfa, en vínveitingar þær, sem þeir nú hafa með höndum, komast í hendur veitingahúsa og gistihúsa. Sýnist ríkisvaldinu vera skylt að hafa skaplegt fyrirkomulag á afhendingu áfengis til almennings, meðan það hefur einkainnflutning á áfenginu.

Að sjálfsögðu er það á valdi ráðherra að setja með reglugerð og skilyrðum í veitingaleyfum þær almennu skorður, er hann telur nauðsynlegar.

Samband veitinga- og gistihúsaeigenda hefur skrifað Alþingi um þessi mál. Fylgir bréf þess sem fylgiskjal.

SAMBAND VEITINGA- OG GISTIHÚSAEIGENDA

Samband veitinga- og gistihúsaeigenda fer þess hér með á leit við Alþingi, að það breyti 11. gr. í áfengislögunum, nr. 33 9. jan. 1935. Vill stjórn sambandsins taka eftirfarandi fram til stuðnings málaleitun sinni:

Það er vitað, að eins og áfengismálum er háttað hér nú, er hverjum þeim, sem vill fá áfengi, það mögulegt. Það er því ekki hér verið að veita meira víni til almennings en verið hefur. Það er hér farið fram á, að vínið verði veitt á nýjum vettvangi, vettvangi, sem er miklu eðlilegri þessari sölu frá öllum sjónarmiðum, en útrýmt yrði leynivínsölunni.

Það er vitað mál, svo sem áður er bent á, að vín er alltaf fáanlegt á flestum stöðum hér á landi hjá „sprúttsölum“. Hafa þessir aðilar gegndarlausar tekjur af þessari veitingasölu, sem þeir greiða svo hvorki veitingaskatt eða aðra skatta til ríkissjóðs af. Auðvitað er þessi sala alls óleyfileg, en aftur á móti er ógerningur að hamla á móti henni, nema veitingahúsunum verði heimilað að hafa almennar vínveitingar. En með því fyrirkomulagi má telja, að leynivínsölunni yrði að mestu leyti eytt og veitingahúsunum gefinn miklu betri fjárhagsgrundvöllur, sem leiddi af sér

auknar skatttekjur ríkissjóðs og aukinn möguleika fyrir menningarbrag á veitingahúsum.

Það verður að telja, að með þessari lagabreytingu verði aðeins jákvæð breyting á áfengismálum. Það virðist alls ekki mega reikna með aukinni áfengisnautn almennings vegna þessarar breytingar á söluaðferðinni, þótt það séu veitingahúsin í stað leynivínsalanna, sem hafi vínsöluna með höndum.

Þá er þessi lagabreyting mjög nauðsynleg með tilliti til þess, ef landið á að verða ferðamannaland. Það er staðreynd, að ferðamenn vilja hafa vínveitingar, og að það er víst, að þeir breyta ekki út af venju sinni um vínnautn, þótt ekki sé vín á veitingahúsum, heldur mundu þeir kaupa vín af vínsölum, og yrði það sízt menningarlegra fyrir okkur að hafa vín á boðstólum hjá leynivínsölum en þótt veitingahúsin hefðu vín á boðstólum, svo sem almenn regla er í flestum siðmenningarlöndum, þar sem vín á annað borð er fáanlegt.

Það hefur verið rætt um það, að bæta þyrfti veitingastarfsemina í landinu, auka hótelbyggingar og svo framvegis, en það er sanngirniskrafa allra þeirra, sem vilja framgang veitingastarfseminnar, að vín verði veitt í veitingahúsum, svo framarlega sem nokkurt vín er á boðstólum í landinu.

F. h. S. V. G.

Ragnar Þórðarson.

Sþ. 681. Tillaga til þingsályktunar

um friðun og verndun landsvæðis milli Dettifoss og Ásbyrgis.

Flm.: Jónas Jónsson, Björn Kristjánsson, Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora í ríkisstjórnina að undirbúa friðun landsvæðis milli Dettifoss og Ásbyrgis með landkaupum, girðingum og vegagerð. Skal landsvæði þetta lagt undir stjórn skógræktarstjóra í því skyni, að það verði framvegis notað til sumardvalar fyrir innlenda og erlenda ferðamenn.

Greinargerð.

Landsvæðið frá Dettifossi að Ásbyrgi er hér um bil 25 km að lengd. Þar er náttúrufegurð svo mikil og stórkostleg, að leita má víða um lönd til að finna jafnhrífandi landslag. Mikinn hluta þessarar leiðar, neðan við fossinn, fellur Jökulsá í djúpum gljúfrum með háum og tígulegum hömrum til beggja hliða. Eru þar nokkrir fossar, sem mundu vera landskunnir, ef þeir væru ekki í nábýli við Dettifoss, sem er konungur allra fossa í álfunni. Nokkuð neðan við Dettifoss eru Hólmatungur. Þar eru undurfagrar skógi vaxnar hlíðar. Tærir fjallalækir hrynja langa leið, hvítfyssandi frá brekkubrún, gegnum skóglendið niður í Jökulsá. Nokkru neðar er Svínadalur. Umhverfið minnir á Ásbyrgi. Þar hefur gerzt mikið jarðsig, en hamrasveigarnir eru lægri en hjá Ásbyrgi. Svínadalur hefur verið í eyði um nokkurra ára skeið, en þar mun síðar rísa ein hin fjölmennasta sumarbyggð hér á landi. Færi vel á, að ferðamananfélög reistu þar marga en litla sumarskála, þar sem fjölskyldur og einstaklingar gætu búið í sumarleyfi fyrir sanngjarna leigu. Nær Ásbyrgi eru Hljóðaklettar, rómaðir fyrir fegurð, bæði af náttúrufræðingum og skáldum.

Landspilda sú, sem hér er um að ræða, mun vera 3—5 km á breidd. Þar eru landkostir ágætir, en þeir bændur, sem hafa þar búsmala sinn á sumrin, hafa af svo miklu að taka, að afréttarþörf þeirra þarf ekki að hindra framgang þessa máls.

Mest af því landi, sem hér er lagt til að friða, tilheyrir Svínadal, en eigandi þeirrar jarðar virðist hafa glatazt með fossafélögum fyrri tíma. Ef sannanlegur eigandi kemur síðar fram, mundi jörðin reynast ódýr til kaups eða eignarnáms. Milli Svínadals og Ásbyrgis er jörðin Ás. Hún er nú í byggð og óvíst, að eigandinn óski að selja. Hins vegar er hentugt, að skógræktin hafi heimild til að kaupa Ás, ef jörðin skyldi verða föl síðar og slík kaup þættu þá æskileg. Ef land allt milli Ásbyrgis og Dettifoss væri friðað og vaxið fögrum skógi, mætti segja, að enn hefði verið fjölgað perlum vors prúða lands.

Nauðsynlegt er að ryðja akbraut gegnum þetta væntanlega sumardvalarland. Mun það reynast bæði auðvelt og ódýrt, líkt og þegar ruddur var sumarvegur frá Skinnastað upp á Hólsfjöll. Voru þá engar ýtur, en með þeim tækjum mundi auðvelt að jafna þessa leið. Nú í sumar verður fullgerð brú yfir Jökulsá á Fjöllum. Mun þá vaxa ferðamannastraumur að fossinum vestanverðum, því að þar er fegurðin mest. Þá mun ferðamönnum að vonum þykja súrt í broti að geta ekki um leið fengið að sjá Hólmatungur, Svínadal og Hljóðakletta, en það mun fáum ferðamönnum auðnast, fyrr en búið er að ryðja sumarleið fyrir bifreiðar af þjóðveginum hjá Ásbyrgi og upp fyrir Dettifoss.

Ed. 682. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Fyrri málsliður b.-liðar 8. gr. laganna orðist svo: Hefur eftir 16 ára aldur verið háseti í 36 mánuði á skipum, sem eru stærri en 12 rúmlestir, þar af að minnsta kosti 18 mánuði á skipum stærri en 30 rúml. og af þeim 18 mánuðum að minnsta kosti 6 mánuði á stærri skipum en 60 rúmlesta.

2. gr.

Í stað „60“ í síðari málsl. b-liðar sömu lagagr. komi: 30.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 43 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Ed. 683. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Í B-lið 2. gr. laganna bætist í stafrófsröð:

a. Borðeyri.
b. Óspakseyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp þarf ekki langra né ýtarlegra skýringa. Borðeyri og Óspakseyri eru verzlunarstaðir, þangað og þaðan eru fluttar sjóleiðis vörur þær svo til allar, er nærliggjandi sveitir nota eða selja frá sér. — Aðstaða til bryggjugerðar á Borðeyri og Óspakseyri er mjög góð. Það er því ekki óeðlilegt, að áhugi sé fyrir því á þessum stöðum að gera afgreiðslu skipa (uppskipun og framskipun) ódýrari en hún er nú með því að bæta aðstöðuna. Og er þá réttmætt, að ríkissjóður létti þar undir baggann eins og á öðrum stöðum, þar sem hliðstæðar framkvæmdir eru gerðar.

Þessi rök liggja til þess, að réttmætt virðist að samþykkja frumvarp þetta.

Nd. 684. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 25 12. febrúar 1945, um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Sigurður Kristjánsson, Barði Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Til þeirra staða, sem beðið hafa tjón á hafnarmannvirkjum sínum af óviðráðanlegum orsökum öðrum en venjulegri fyrningu, er ríkisstjórninni heimilt að veita fé úr hafnarbótasjóði allt að kostnaðarverði nauðsynlegra endurbóta. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að veita þeim stöðum, sem ekki hafa fjárhagslega getu til þess að byggja nauðsynleg hafnarmannvirki, styrk úr hafnarbótasjóði til þessara framkvæmda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lögin um hafnarbótasjóð voru sett, var um það rætt, að úr þessum sjóði yrði einstökum stöðum, sem örðugt ættu um vik með að framkvæma nauðsynlegar hafnargerðir, veittur styrkur án þess að þeir yrðu krafðir um framlög á móti. Öll sanngirni mælir einnig með því, að staðir, sem beðið hafa tjón á hafnarmannvirkjum sínum af óviðráðanlegum orsökum, njóti stuðnings sjóðsins.

Með frv. þessu er lagt til, að lögunum um hafnarbótasjóð verði breytt þannig, að ríkisstjórnin geti varið fé úr sjóðnum í þessu skyni.

Nd. 685. Frumvarp til laga

um brunamál.

Frá allsherjarnefnd.

I. Stjórn brunamála.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála hefur það ráðuneyti, sem fer með tryggingamál.

Heimilt er ráðuneytinu að gera kröfur til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, hvernig slökkviliði skuli skipað og hver slökkvitæki skuli vera til.

Ráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum Brunabótafélags Íslands, að skipa sérstakan mann til þess að hafa yfirumsjón með, að lögum þessum sé hlýtt, skal

hann og leiðbeina bæjar- og sveitarstjórnum um allt það, er við kemur verklegum og skipulegum framkvæmdum til brunavarna.

Þóknun til yfirumsjónarmanns brunavarna og annan kostnað við eftirlitið greiðir Brunabótafélag Íslands.

Bæjarstjórnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í kauptúnum og sveitum skal skylt að annast og kosta brunamálaeftirlit og brunavarnir, eftir fyrirmælum laga þessara og reglugerða, er settar verða samkvæmt þeim, og hafa eftirlit með, að lögum þessum sé hlýtt.

2. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, hvort heldur eru sjálfstæð hreppsfélög eða hluti úr hreppsfélagi, skal kjósa brunamálanefnd og skipa slökkvilið, er búið sé þeim slökkvitækjum, sem ákveðið er í brunamálasamþykkt. Þar skal og setja samþykkt um brunavarnir og slökkvilið, er ráðherra staðfestir.

3. gr.

Bæjarstjórn í kaupstöðum, en hreppsnefnd í kauptúnum kýs brunamálanefnd. Í kaupstöðum er heimilt að fela bæjarráði störf brunamálanefndar. Bæjarstjóri eða hreppsnefndaroddviti, ef hann er búsettur innan kauptúnsins, skal vera formaður nefndarinnar, ella skal hreppsnefnd kjósa formann, er sé búsettur í kauptúninu. Auk formanns skal nefndin skipuð minnst 2 mönnum, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn, og 1—2 mönnum til vara. Um endurkosningu gilda sömu reglur og í öðrum slíkum nefndum. Að minnsta kosti 1 nefndarmanna skal vera byggingarfróður (húsameistari, trésmiður eða múrari). Enn fremur skal eiga sæti í nefndinni lögreglustjóri (hreppstjóri) eða fulltrúi hans. Nefndin kýs sér varaformann.

Nefndin skal halda fundi svo oft sem þörf er og jafnan, ef slökkviliðsstjóri eða lögreglustjóri æskir þess. Nefndin er starfhæf, ef meiri hluti hennar er á fundi. Um ákvarðanir ræður afl atkvæða, en ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns. Nefndin skal halda gerðabók. Slökkviliðsstjóri, eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, skal sitja fundi brunamálanefndar. Hann hefur þar tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt, og á rétt á að fá bókað álit sitt í gerðabók nefndarinnar. Í sveitum kemur hreppsnefnd í stað brunamálanefndar.

4. gr.

Bæjarstjórn (hreppsnefnd) skal leita umsagnar brunamálanefndar um öll mál, er snerta brunamál kaupstaðarins (kauptúnsins). Hún skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóri að fengnum tillögum brunamálanefndar og ákveður þeim laun eða þóknun fyrir starf þeirra, er greiðist úr bæjarsjóði (sveitarsjóði).

5. gr.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi undir umsjón bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, eftirlit með brunavörnum og slökkviliði. Hún skal sjá um, að framkvæmd þessara mála sé samkvæmt lögum og reglugerðum og láta sér annt um nauðsynlegar umbætur á þessu sviði.

Í hverjum kaupstað og kauptúni, er lög þessi ná til, skal setja reglugerð, er ráðherra staðfestir, um skipun slökkviliðs og brunamála.

Brunamálanefnd tilnefnir aðra starfsmenn slökkviliðsins en slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra, eftir tillögum slökkviliðsstjóra og samkvæmt heimild bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um greiðslu þóknunar fyrir starfið. Í reglugerð má ákveða, að fastir starfsmenn skuli ráðnir af bæjarstjórn, eftir tillögum brunamálanefndar.

II. Um slökkvilið.

6. gr.

Slökkviliðsstjórinn, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Hann hefur og umsjón með slökkvitækjum öllum.

7. gr.

Allir verkfærir karlmenn 18—55 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum (kauptúninu), eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Skulu þeir vera skyldir að mæta við slökkviæfingar allt að 4 sinnum á ári, og auk þess skulu þeir mæta tafarlaust, hvenær sem eldsvoða ber að höndum. Heimilt er í reglugerð að undanþiggja menn 50 ára og eldri, svo og menn, er hafa sérstökum störfum að gegna.

Í kaupstöðum, þar sem slökkviliðið er skipað fastráðnum liðsmönnum, má í reglugerð takmarka þegnskyldu þessa eða fella hana niður.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að kveðja svo marga menn til aðstoðar við að slökkva eld sem hann telur þörf fyrir, og getur enginn skorazt undan þeirri skyldu. Þeir, sem taka þannig þátt í slökkvistarfi, skulu inna það af hendi endurgjaldslaust, en hafa sama skaðabótarétt á hendur sveitarsjóði sem slökkviliðsmenn.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um, að slökkviliðsæfingar séu haldnar svo oft á ári sem áskilið er í brunamálareglugerð.

8. gr.

Lögreglustjóri, ef hann býr í kaupstaðnum eða kauptúninu, en ella þar búsettur fulltrúi hans, skal ásamt lögregluliði kaupstaðarins eða kauptúnsins annast löggæzlu við slökkviliðsæfingar og eldsvoða. Við æfingar og eldsvoða skal lögregluliðið vera undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra.

Lögregluliðið skal í samráði við slökkviliðsstjórn sjá slökkviliðinu fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf fyrir áhöld sín, fjarlægja þaðan allt óviðkomandi fólk og taka í sína umsjá muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

9. gr.

Slökkviliðsmenn allir, sem tilkvaddir eru af slökkviliðsstjóra, skulu skyldir að hlýða boðum hans og annarra yfirmanna sinna. Þeir skulu njóta verndar og réttinda opinberra starfsmanna, þá er þeir eru að starfi sínu. Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að eldvörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu vera slysatryggðir við æfingar og störf sín í þágu eldvarna, samkv. ákvæðum laga um slysatryggingu.

Þeir, sem skemma föt sín í þágu eldvarna, eiga rétt á að fá skemmdirnar endurgreiddar úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði, enda séu þau ekki vátryggð gegn eldtjóni í einhverju brunabótafélagi. Skemmdir skal meta, ef ekki næst samkomulag.

III. Um meðferð á eldi, ljósum, eldfimum efnum, eldfæraeftirlit o. fl.

10. gr.

Allir eru skyldir að fara varlega með eldspýtur, eld, ljós, lampa, eldfæri, hvers konar rafmagnsáhöld, eldfim efni og sjálfkveikjuefni og annað, sem valdið getur eldsvoða eða stuðlað að því, að hann komi upp. Húsbændur og húsmæður skulu hafa eftirlit með, að börn þeirra, heimilisfólk eða aðrir, sem í þeirra þjónustu fást við einhver störf í húsinu, hegði sér svo í þessu efni, að eigi verði að fundið. Í leiguhúsi skal eigandinn eða umráðamaður hans hafa gætur á því, að leigjendur hans og aðrir, sem búa í húsinu, vanræki ekki það, sem grein þessi skipar fyrir

um, og skulu þeir, eftir því sem unnt er, koma í veg fyrir það og hindra. Sérstaklega ber að gæta hinnar ýtrustu varúðar um meðferð kertaljósa á jólatrjám og ljósa eða elds í kringum þau.

Það er með öllu bannað:

1. Að leggja eldfima hluti, svo sem hamp, hey, fatnað og annað því um líkt, við eldstæði eða upp við reykháfa og reykpípur.
2. Að bera kerti að lampa, sem kveikt hefur verið á og eigi er byrgður í öruggu ljóskeri, glæður eða annan eld, nema í lokuðum járnkassa, um fjós, fjárhús, hesthús, heyhlöður, vinnustöðvar, eða um aðra staði, þar sem mikið er fyrirliggjandi af heyi, hefilspónum eða öðrum eldfimum efnum. Enn fremur að reykja tóbak eða kasta þar frá sér logandi eldspýtu, vindli eða vindlingi með glóð. Sérstaka aðgæzlu skal hafa þar, sem geymdar eru bifreiðar eða aðrar vélar, sem nota benzín eða annað eldfimt efni.
3. Að nota benzín innanhúss til þvotta eða til að hreinsa fatnað, nema smáskammta úr lyfjabúðum.
4. Að hella steinolíu eða benzíni í eldstæði, sem eldur eða eldglæður eru í.
5. Að geyma í húsum ösku og annan úrgang frá eldstæðum. Allan slíkan úrgang skal jafnóðum bera út og geyma þannig, að fyrirbyggð sé öll hætta á, að í því kvikni.
6. Að hleypa af skotvopnum nálægt húsum, heyhlöðum, móhlöðum eða öðru jafneldfimu.
7. Að kveikja skotelda og tendra bál, blys eða bikhringa, nema með leyfi lögreglustjóra, og er þá skylt að fara eftir reglum þeim, er hann setur.
8. Að láta kertaljós eða lampaljós standa í gluggum eða nærri súð eða lofti.

11. gr.

Bannað er að halda opinberar jólatréssamkomur, nema leyfi lögreglustjóra eða hreppstjóra komi til. Má ekki halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, meðal annars um útbúnað dyra, stiga og annarra skilyrða til útgöngu.

Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum yfirumsjónarmanns með brunavörnum, sett ákvæði um varúðarráðstafanir gegn eldsvoða, einkum þar, sem sérstök eldhætta er, svo sem í leikhúsum, kvikmyndahúsum, samkomuhúsum, á opinberum jólatréssamkomum og þar, sem jólatré með kertaljósum eru notuð, hvort sem er á samkomum eða í heimahúsum. Í reglugerð þessari má ákveða, að sérstakt eftirlit á kostnað eiganda eða þess, er samkomurnar heldur, skuli haft með opinberum leiksýningum og jólatrésskemmtunum að því er tekur til eldhættu. Í reglugerðinni má setja nánari reglur um útbúnað dyra og önnur skilyrði til útgöngu úr leikhúsum og samkomuhúsum, ef eldsvoða ber að höndum. Ber þá að taka sérstakt tillit til þess, hvort húsin sjálf eru úr timbri eða úr óeldfimu efni.

12. gr.

Sérhver húseigandi ber ábyrgð á því, að öllum eldstæðum, ofnum, hvort heldur hitaðir eru með kolum eða olíu, reykháfum og reykpípum sé haldið í tilhlýðilegu standi.

Hvers konar raflagnir, rafbúnaður, raftæki og rafvélar utanhúss og innan skal fullnægja gildandi lögum um raforkuvirki á hverjum tíma svo og reglugerðum og ákvæðum, sem rafmagnseftirlit ríkisins setur um tilhögun, gerð, frágang, viðhald og meðferð þeirra.

Leiguliði er meðábyrgur ásamt eigandanum, þegar hann hefur ekki í tæka tíð skýrt eigandanum frá einhverjum annmarka, sem honum er kunnugt um, eða byggingarnefnd, ef nauðsyn krefur.

13. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skipa sótara og eftirlitsmann með eldfærum eftir tillögum brunamálanefndar.

Reykháfa skal hreinsa svo oft sem þörf gerist og eigi sjaldnar en 3 sinnum á ári, ef þeir eru notaðir að staðaldri.

Um framkvæmd starfsins svo og gjöld fyrir það, er húseigendur greiði, skal setja nánari ákvæði í reglugerð. Gjöldin má taka lögtaki.

Eldfæraeftirlit skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári. Skal rannsaka öll eldstæði, reykháfa og reykpípur, hvort það fullnægi ákvæðum laga þessara um gerð og hreinsun, hirðu og umgengni. Jafnframt skal rannsakað, hvort slökkviáhöld þau, er húsum eiga að fylgja, eru fyrir hendi og í gildu ástandi. Eftirlitsmenn skulu halda skrár um skoðanirnar og tilgreina þar við hverja skoðun, hvort allt er eins og vera ber, eða hvort því er áfátt. Leiði skoðunin í ljós, að einhverju sé ábótavant, skal eftirlitsmaður heimta, að það sé lagfært þegar í stað, ef bein brunahætta stafar af því, ella innan ákveðins tíma. Skal hann síðan rannsaka, hvort skipuninni hefur verið fylgt. Hafi það eigi verið gert, skal hann tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra.

Hver sá, er óhlýðnast fyrirmælum skoðunarmanns eldfæra um að lagfæra það, sem ábótavant er, skal sæta sektum samkv. 52. gr. Auk þess er hann skyldur að viðlögðum dagsektum að lagfæra það, sem ábótavant er.

14. gr.

Ofna og eldavélar og pípur frá þeim til reykháfa skal hreinsa svo oft sem þörf er á, og er það á ábyrgð þeirra, sem búa í þeim herbergjum, sem ofnarnir eða eldavélarnar eru í.

15. gr.

Eigi má geyma birgðir af kolum, mó eða öðru eldsneyti fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir nefndin því aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldhætta að marki.

Innanhúss má geyma smáskammta af heimilisbirgðum, fjarri eldstæðum, þar sem ekki er íkveikjuhætta. Á sama hátt má geyma innanhúss allt að 200 lítra af steinolíu í tré- eða járnumbúðum.

Bannað er að geyma í heimahúsum sprengiefni af nokkru tagi, svo sem púður, flugelda o. fl. Þó skal þeim, er verzla með þessi efni, heimilt að geyma smáskammta innanhúss, enda samþykki slökkviliðsstjóri geymslustað og umbúnað.

16. gr.

Eigi má hafa birgðir af timbri, kolum, steinolíu, benzíni eða slíkum eldfimum vörum nema þar, sem eigi getur stafað af þeim sérstök brunahætta og brunamálanefnd eða slökkviliðsstjóri í umboði hennar samþykkir.

Tómar steinolíu- eða benzíntunnur má eigi geyma eða láta liggja við hús eða á almannafæri.

Í reglugerð skal ákveða nánar um meðferð og geymslu eldfimra efna.

17. gr.

Allar verksmiðjur, þar með taldar vinnustofur trésmiða og járnsmiða, þvottahús og fatahreinsunarstöðvar og bökunarhús, skulu háð sérstöku eftirliti lögreglustjóra eða hreppstjóra, og skal öllum skylt að fylgja bæði hinum almennu varúðarreglum og hinum sérstöku reglum, sem bæjarstjórn eða hreppsnefnd álítur nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir brunahættu. Sérstaklega skulu spænir úr trésmíðahúsum fluttir burt á hverjum degi og látnir þar, sem eigi er farið með eld eða ljós.

18. gr.

Öllum er skylt að gæta fyllstu varúðar með eld og eldfim efni, hvar sem er á víðavangi, sérstaklega þar, sem hætt er við íkveikju í þurrum mosa eða öðrum gróðri. Ef eldur kemur upp í gróðri á víðavangi, sem hætt er við, að breiðist út, skal sýslumaður eða hreppstjóri, ef þeim er kunnugt um eldinn, svo fljótt sem við verður komið gera ráðstafanir til að slökkva eldinn eða hindra frekari útbreiðslu hans. Skal það vera borgaraleg skylda hvers verkfærs manns, er sýslumaður eða hreppstjóri kveður til, að koma til aðstoðar. Allan kostnað við eldvarnarstarfið skal greiða úr sýslusjóði. Skylt er hverjum þeim, er verður slíks bruna var, að gera þær varúðarráðstafanir, er færar eru, svo og að gera sýslumanni eða hreppstjóra aðvart, eftir því sem við verður komið eða þurfa þykir.

IV. Um meðferð sprengiefna.

19. gr.

Engum er heimilt að búa til púður eða sprengiefni, nema hann hafi þar til leyfi ráðherra, sem þá setur jafnframt skilyrði til öryggis almenningi og þeim, er að slíkri framleiðslu vinna.

20. gr.

Hver sá, sem flytur inn púður eða sprengiefni, skal hafa til þess leyfi lögreglustjóra, og er skylt að skýra frá efnasamsetningu þess, ef óskað er. Ef sprengiefnið þykir sérstaklega háskalegt í meðförum, má banna innflutning þess.

21. gr.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um geymslu, meðferð og flutning púðurs og sprengiefna.

V. Um skyldur borgaranna, er eldsvoði kemur upp.

22. gr.

Skylt er hverjum, sem verður var við, að eldsvoði sé að koma upp, að hefja viðvörunarkall og gera slökkviliðinu aðvart á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt. Vegfarendur skulu víkja úr vegi fyrir slökkviliðinu og stöðva ökutæki sín. Bifreiðastjórum er skylt að aka slökkviliðsmanni á brunastað gegn venjulegu gjaldi.

23. gr.

Hver og einn skal, þá er eldur kemur upp í húsi hans eða híbýlum, þegar í stað aðvara þá, sem þar búa, einnig reyna með öllu móti, sem í hans valdi stendur, að slökkva eldinn þegar í stað. Samt má eigi fyrir þá sök láta hjá líða að segja til um brunann, eins og mælt er fyrir í næstu grein á undan.

24. gr.

Sérhver er skyldur til, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð með slökkvivélar og önnur áhöld og láta sér það lynda, að brotið verði niður og því rutt burt, sem til fyrirstöðu er. Ekki getur húseigandi bannað, að bygging, sem hann á, verði rifin, ef lögreglustjóri eða slökkviliðsstjóri álítur það nauðsynlegt til þess að stöðva útbreiðslu eldsins.

Slökkviliðið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld bæjarbúa, sem til næst og að gagni geta komið við slökkvistarfið.

25. gr.

Þær skemmdir, sem hljótast af ráðstöfunum þeim, sem getið er um í 24. gr., teljast brunaskemmdir. Sá, sem vill krefjast skaðabóta fyrir slíkar skemmdir, skal

svo fljótt sem auðið er og í síðasta lagi innan 8 daga frá því er bruninn varð, bera fram kröfur sínar fyrir lögreglustjóra, sem því næst sér um, að upphæð skaðabótanna verði ákveðin, að svo miklu leyti sem unnt er, í sambandi við virðingargerðir þær, sem fram fara til þess að meta brunatjónið til endurgjalds frá hlutaðeigandi ábyrgðarfélagi, og að öðrum kosti með því að láta 2 menn, sem sérstaklega þar til verða kvaddir, meta skaðann. Þóknun til matsmanna skal ákveða í reglugerð og greiðist, eins og aðrar brunaskemmdir, af hlutaðeigandi ábyrgðarfélagi. Sé tjón þetta þess eðlis, að það verði ekki bætt af vátryggingarfélögum, skal sveitarsjóður bæta tjónið eftir samkomulagi eða samkvæmt mati.

26. gr.

Það er skylda allra, þegar eldsvoða ber að höndum, að láta þá aðstoð í té til að slökkva eldinn, sem mögulegt er, eða bjarga úr eldi, hvort sem er með því að leggja sjálfur hönd á verkið eða með því að láta af hendi vatnsforða eða afnot vatnsveitu, slökkvitæki, hesta, vagna, bifreiðar eða aðra hluti. Skal koma fyrir greiðsla úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði. Náist ekki samkomulag, skal ákveða greiðsluna á sama hátt og mælt er fyrir í 25. gr.

27. gr.

Enginn má, þegar eldsvoða ber að höndum, undir nokkru yfirskini ryðjast inn fyrir verði þá, sem settir eru til þess að bægja óviðkomandi mönnum frá þeim stað, þar sem bruninn er, eða skorast undan að hlýða fyrirmælum lögreglustjórnarinnar eða slökkviliðsstjóra um að víkja burtu af svæði því, sem þannig er innibyrgt. Hvern þann, sem verður brotlegur gegn þessum fyrirmælum, má þegar taka fastan.

28. gr.

Við björgun muna úr eldi er skylt að gæta allrar nauðsynlegrar varúðar, sem við verður komið, til þess að forðast skemmdir.

29. gr.

Eigandi eða sá, sem kemur fram í hans stað, skal skyldur að hafa nákvæmt eftirlit með húsum þeim, sem eru svo skammt frá brunanum, að hætt er við, að eldurinn læsi sig í þau eða neistaflug nái til. Skal hann og gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir, að kvikni í húsunum, og sömuleiðis í tæka tíð skýra slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra frá, ef þess er kostur, að hætta vofi yfir.

30. gr.

Enginn má meina lögreglustjóra eða þeim, er kemur fram í umboði hans, hreppsnefndar eða bæjarstjórnar eða hlutaðeigandi vátryggingarfélags, inngöngu á lóð sína eða í hús sitt, þegar þeir koma til þess að halda rannsókn út af bruna eða til þess að sjá um, að því verði fylgt, sem fyrirskipað er í lögum þessum.

VI. Um brunavarnir.

31. gr.

Í öllum kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, sbr. 2. gr., skulu vera til hæfileg slökkviáhöld og tæki til björgunar úr eldi, svo og til að kalla saman slökkviliðið, miðuð við stærð hvers eins og brunahættu.

Þar, sem eru til vatnsveitur nothæfar til eldvarna, skulu þær svo búnar, að komið geti að sem beztum notum, ella skal skylt að tryggja sem bezt vatn til að slökkva eld, með brunnum, vatnsbróm, uppistöðum í lækjum o. s. frv.

Slökkviáhöld skal geyma á hentugum stað, í eldtraustum húsakynnum, eftir því sem við verður komið.

32. gr.

Í öllum skólum, sjúkrahúsum, gistihúsum, veitingahúsum og samkomuhúsum, svo og verksmiðjum og öðrum húsum, þar sem margt manna kemur saman eða þar sem sérstök brunahætta er, svo og á efri hæðum húsa, sem hærri eru en tvær hæðir, skal koma fyrir tækjum til brunavarna og björgunar úr eldi, eftir því sem fyrir er lagt af yfirumsjón brunavarna, svo og gera aðrar varúðarráðstafanir, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

33. gr.

Slökkviliðsstjóri hefur heimild til að veita aðstoð til að slökkva eld utan eigin bæjar- eða sveitarfélaga, ef hann telur áhættulítið að fara með slökkvitækin út fyrir umdæmi sitt. Kostnaður við slíka aðstoð, eftir sanngjörnum reikningi, telst til brunavarnakostnaðar í því sveitarfélagi, sem aðstoðina þiggur. Verði ágreiningur um kostnað, skal hlutaðeigandi dómari fella úrskurð um reikninginn.

VII. Tilkynning um eldsvoða og um réttarrannsókn.

34. gr.

Sá, er verður fyrir brunatjóni, eða sé hann ekki viðstaddur, þá sá, er kemur í hans stað, er skyldur að tilkynna brunann hlutaðeigandi vátryggingarfélagi eða umboðsmanni þess á staðnum, svo og lögreglustjóra eða hreppstjóra, svo fljótt sem unnt er.

35. gr.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri skal, svo fljótt sem við verður komið, halda réttarrannsókn út af brunanum, til þess að komast fyrir orsök hans og atvik öll. Skal hún haldin á brunastaðnum, ef við verður komið. Réttarrannsókn má þó falla niður, ef brunatjónið nemur ekki 500 krónum og ef eldsupptökin eru kunn, en þá skal tjónþoli, eða hafi hann ekki verið viðstaddur, einhver annar í hans stað, gefa, að viðlögðu drengskaparvottorði, nákvæma skýrslu um upptök eldsins og atvik öll, svo og um brunatjónið.

36. gr.

Við réttarrannsókn skal leita vitnisburðar allra, sem um upptök og framhald eldsins geta borið. Skal eftir föngum leita fulls samræmis í framburði hinna einstöku vitna og á milli vitna innbyrðis, ef á milli ber. Einnig skal leita upplýsinga um ástand eldfæra og raflagna, um daglegar venjur í umgengni með eld, eldstæði, eldfim efni, sprengiefni og sjálfkveikjuefni og yfir höfuð allt, sem getur orðið til að upplýsa orsök brunans og brunatjónið sjálft.

37. gr.

Nú kemur í ljós við réttarrannsókn, að sýnt hefur verið óleyfilegt hirðuleysi um atriði, sem skylt er að gæta eða eru bönnuð í lögum þessum, og skal viðkomandi þá látinn sæta ábyrgð, eftir því sem málefni þykja standa til.

38. gr.

Sé eða komi fram við rannsóknina nokkur grunur um, að um vísvitandi íkveikju sé að ræða, skal leita sérstaklega náinna upplýsinga um allt það, sem að því lýtur.

39. gr.

Afrit af brunaprófum er skylt að senda hlutaðeigandi vátryggingarfélagi.

VIII. Um gerð húsa með tilliti til brunavarna.

40. gr.

Þá er nýtt hús er reist, hvort heldur á sérstakri lóð eða þar, sem fleiri hús en eitt standa á sömu lóð, skulu vera auð bil milli þess og annarra húsa sem hér segir:

a. 12.5 m, ef bæði húsin eru úr timbri og ekki varin með járni eða múrhúð.
b. 9.5 m, ef annað húsið er úr steinsteypu, steini lögðum í sementsblöndu, torfi eða úr timbri, varið með járni eða múrhúð, en hitt úr timbri óvarið.
c. 6.3 m, ef bæði húsin eru úr steinsteypu, steini lögðum í sementsblöndu eða úr timbri, varin með járni eða múrhúð.
d. 3.15 m, ef eldvarnarveggur er á öðru húsanna, sem fullnægir ákvæðum í e-lið, enda séu þök beggja húsa varin með járni, öðrum málmi, steinhellum eða öðru ámóta eldtraustu efni.
e. Hús mega vera sambyggð, ef milli þeirra er eldvarnarveggur, að minnsta kosti 20 cm þykkur úr steinsteypu eða 30 cm úr steini lögðum í sementsblöndu og að minnsta kosti 30 cm hærri en þakbrún hærra hússins. Engin op mega vera á eldvarnarvegg né heldur neitt timbur eða annað eldfimt efni liggja inn í hann.
f. Nú er hús að nokkru leyti úr steinsteypu, steini lögðum í sement, torfi eða timbri óvörðu, og má þá enginn hluti þess vera nær öðru húsi en svo, að fullnægi þeim fjarlægðarákvæðum, er að framan greinir.

41. gr.

Þar, sem fjarlægð milli húsa, er lög þessi ganga í gildi, er minni en greinir í 40. gr., skal það heimilt, en þegar hús er endurreist eða nýtt hús reist, skal fylgja greindum ákvæðum.

42. gr.

Bæjarstjórnum eða hreppsnefndum er heimilt að setja sérstök skilyrði um fjarlægð þeirra húsa frá nágrannalóð og ráðstafanir gegn brunahættu, þar sem rekinn er iðnaður eða önnur atvinna, sem sérstök brunahætta stafar af. Úrskurði bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um þetta atriði má skjóta til ráðuneytisins til úrslita.

43. gr.

Í smiðjum og vinnustofum, þar sem eldstæði er eða farið er með eld, skulu veggir vera úr steinsteypu eða steini eða eldvarðir með asbestplötum, sementshúð eða öðru eldtraustu efni, ef þeir eru úr tré. Sama gildir um loft, séu þau ekki úr steinsteypu. Gólf skulu vera úr steinsteypu.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá þessu, ef smiðja eða vinnustofa er sérstakt hús eða er í húsi, þar sem eigi er íbúð né önnur eldstæði og eigi eru geymd eldfim efni, enda verði ekki talið, að öðrum húsum stafi brunahætta af.

Setja skal í reglugerð ákvæði um gerð, fyrirkomulag og umgengni í bifreiðaskýlum og bifreiðaverkstæðum, svo og öðrum vinnustofum, verksmiðjum og vörugeymsluhúsum.

44. gr.

Herbergi, sem geyma á í hey, hálm eða önnur eldfim efni, skulu aðgreind frá öðrum herbergjum þeim, er eldstæði eru í, með gólfi, veggjum og lofti, er að gerð fullnægi ákvæðum 43. gr. Dyr eða op mega ekki vera að slíkum herbergjum frá smiðjum eða vinnustofum, þar sem eldstæði eru.

45. gr.

Ráðuneytið setur í reglugerð ákvæði um umbúnað eldfæra, fjarlægð þeirra frá eldfimu gólfi og vegg, svo og annað, er nauðsynlegt þykir til öryggis.

46. gr.

Allir reykháfar skulu vera úr eldtraustu efni og standa á eldtraustri fastri undirstöðu.

Hliðar reykhafs skulu að minnsta kosti vera 12 cm á þykkt og vídd hans að innanmáli eigi minni en 23 cm á hvern veg. Þó má leyfa 18 cm vídd, ef eldstæði eru ekki fleiri en þrjú.

Reykháfur skal ná að minnsta kosti 65 cm upp fyrir húsmæni.

Ekki má þilja reykháf eða klæða hann eldfimu efni.

Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópop, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnumgerð.

Ekki má reykháfur vera í herbergi, þar sem geymt er hey eða ámóta eldfim efni, nema þiljað sé allt í kringum reykháfinn í því herbergi, að minnsta kosti 65 cm frá honum á hvern veg, svo að engin eldfim efni nái að komast að reykháfnum.

Ráðuneytið setur í reglugerð önnur ákvæði um gerð reykháfa og búnað, svo sem, þar sem hann er gegnum timburgólf, um styrkleik hans, um sérstaka hæð reykhafs, sem mikill reykur fer um, og fleira, er þurfa þykir.

47. gr.

Aðaldyr á samkomusölum og samkomuhúsum skulu vera minnst 1.5 m. breiðar. Hurðir skulu vera vængjahurðir, sem opnist út eða geti opnazt bæði út og inn.

Úr hverjum samkomusal skulu vera minnst 2 útgöngudyr, sín á hvorum vegg og svo langt á milli sem við verður komið.

48. gr.

Í húsum, þar sem íbúð er hærra en á 2. hæð, skulu vera minnst 2 stigar. Neðan á timburstiga upp á hæð, þar sem eru íbúðarherbergi, skal jafnan klæða með eldtraustu efni, svo sem asbestplötum, sementshúð á vírneti eða þvílíku.

49. gr.

Timburhús má ekki reisa stærra en 200 fermetra, né hærri en 2 hæðir með risi.

50. gr.

Ráðuneytið getur, ef bæjarstjórn eða hreppsnefnd og Brunabótafélag Íslands mælir með, veitt undanþágu frá ákvæðum 40—49. gr., ef sérstök nauðsyn þykir og eigi verður álitið, að aukin brunahætta stafi af.

IX. Sektir o. fl.

51. gr.

Ráðuneytið getur sett í reglugerð ákvæði, er þurfa þykir, til þess að auka öryggi gegn eldsvoða.

52. gr.

Brjóti nokkur gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, er settar verða samkvæmt þeim, skal hann sæta sektum 50—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Þar að auki má knýja þann, er brýtur gegn 40.—51. gr., með dagsektum til þess að bæta það, sem ábótavant er, svo að fullnægi þargreindum ákvæðum.

Hver sá, sem brýtur ákvæði 10.—21. gr. eða reglugerðar, sem sett kann að verða samkvæmt þeim, skal sæta sektum, jafnvel þótt ekkert tjón hafi af brotinu hlotizt.

Hafi sá, er hús lætur reisa, falið framkvæmdina smiðum, einum eða fleiri, bera þeir ábyrgðina, nema þeir hafi brotið ákvæði þessi beinlínis eftir skipun hans.

53. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum renna í bæjar- eða sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

54. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

55. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld eftirfarandi lög:

Lög nr. 28 8. nóv. 1883, um að stofna slökkvilið á Ísafirði.

Lög nr. 28 13. sept. 1901, um að stofna slökkvilið á Seyðisfirði.

Lög nr. 29 13. sept. 1901, um skipun sótara í kaupstöðum öðrum en Reykjavík.

Lög nr. 42 20. okt. 1905, um að stofna slökkvilið á Akureyri.

Lög nr. 85 22. nóv. 1907, um brunamál.

Lög nr. 27 9. júlí 1909, um að stofna slökkvilið í Hafnarfirði.

Lög nr. 17 15. júní 1926, um breyting á l. nr. 28 8. nóv. 1883, um að stofna slökkvilið á Ísafirði.

Lög nr. 27 14. júní 1929, um breyting á lögum um brunamál, nr. 85 22. nóv. 1907.

Lög nr. 93 23. júní 1936, um viðauka við lög nr. 85 22. nóv. 1907, um brunamál.

Lög nr. 28 12. febrúar 1945, um brunamál í Reykjavík.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni félagsmálaráðuneytisins, og hafa nefndarmenn óbundið atkvæði um einstök atriði.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Núgildandi lög um brunamál eru frá 1907 og því eðlilegt, að þau séu orðin mjög ófullnægjandi. Gerð húsa, byggingarlag og efni er mjög með öðrum hætti en þá var. Kröfur til öryggis eru meiri og eins tæki og aðferðir til brunavarna.

Þykir því nauðsynlegt, að sett verði ný lög um brunamál. Hefur í frumv. því, sem hér liggur fyrir og samið er að mestu leyti af vegamálastjóra, sem er verkfræðilegur ráðunautur Brunabótafélags Íslands, verið miðað við þessi nýju viðhorf og jafnframt höfð hliðsjón af svipaðri löggjöf á Norðurlöndum.

Í kaupstöðunum Hafnarfirði, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði hafa lengi gilt sérstök lög í hverjum þeirra um stofnun slökkviliðs, svo og sérstök lög frá 1901 um skipun sótara í kaupstöðum öðrum en Reykjavík. Þykir sjálfsagt, að öll þessi lög verði felld úr gildi, svo sem gert er í 55. gr. frumvarpsins.

Í Reykjavík gilda nú lög nr. 28 12. febr. 1945 um brunamál. Í frumvarpið hafa verið tekin upp öll ákvæði þeirra laga, og þykir þá rétt að fella þau lög einnig úr gildi, sbr. 55. gr. frv., enda eðlilegt, að ein heildarlög gildi um brunamál, en ekki sérlög fyrir Reykjavík.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

I. Stjórn brunamála.

Við 1. gr.

Brunamálin eru hér lögfest undir það ráðuneyti, sem fer með tryggingamál.

Í 2. mgr. er tekið upp ákvæði það, er felst í lögum nr. 27 14. júní 1929, um breyting á lögum um brunamál, nr. 85 22. nóv. 1907, um skipun sérstaks manns til að hafa yfirumsjón með, að lögunum sé hlýtt. Síðan 1929 hefur vegamálastjóri haft starf þetta á hendi.

Við 2. gr.

Í núgildandi lögum eru ýmis ákvæði þeirra bundin við 300 íbúa lágmark í kauptúni, en hér er það fært niður í 200 íbúa, eins og er í skipulagslögunum.

Við 3.—5. gr.

Hér eru ákvæði um skyldur sveitarstjórnar og um skipun og verksvið brunamálanefndar.

II. Um slökkvilið.

Við 6.—9. gr.

Flest ákvæðin eru ný eða breytt frá því, sem nú er. Þegnskylda slökkviliðsmanna er nú bundin við 20—60 ára aldur, en í frv. 18—55 ára.

III. Um meðferð á eldi, ljósum, eldfimum efnum, eldfæraeftirlit o. fl.

Við 10. gr.

Rétt þykir að gera ýtarlega grein fyrir því, sem sérstaklega er lögð áherzla á að banna að því er snertir óvarlega meðferð á eldi eða eldfimum efnum, svo og hverjir aðilar skuli bera ábyrgð, ef meðferð er óvarleg.

Við 11. gr.

Greinin er nær samhljóða núgildandi ákvæðum hér um í 2. gr. l. nr. 93 23. júní 1936. 1. gr. þeirra laga er felld inn aftast í 1. mgr. 10. gr. í frv.

Við 12.—14. gr.

Ákvæði um hreinsun eldfæra og reykháfa eru í frv. ýtarlegri og strangari en í núgildandi lögum, en þó ekki í verulegum atriðum breytt frá því, sem sett hefur verið í reglugerðum á síðustu árum. Ný ákvæði eru sett um öryggi raftækja og raflagna.

Við 15.—16. gr.

Hér eru ákvæði um geymslu heimilis- og verzlunarbirgða af eldsneyti og eldfimum efnum. Þykir réttara að marka í lögunum aðalstefnuna, en setja nákvæmari fyrirmæli í reglugerð.

Við 17. gr.

Greinin er lítt breytt frá 20. gr. laga um brunamál.

Við 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru ný og eru sett vegna þess, að nokkuð oft kemur fyrir, að kviknar í mosa eða gróðri á víðavangi.

IV. Um meðferð sprengiefna.

Við 19.—21. gr.

Greinar þessar eru að efni til svipaðar og 18. gr. brunamála. Ákvæðið í 19. gr. um ráðherraleyfi til þess að búa til sprengiefni er þó nýtt. Hentugt þykir að gera ráð fyrir, að sett verði í reglugerð öll nánari ákvæði um geymslu og meðferð sprengiefna.

V. Um skyldur borgaranna, er eldsvoði kemur upp.

Við 22.—30. gr.

Greinar þessar eru nokkuð breyttar frá 25.—33. gr. laga um brunamál.

VI. Um brunavarnir.

Við 31.—33. gr.

Ákvæði þessara greina eru að mestu nýmæli. Rétt þykir að setja ákvæði um, að vatnsveitur verði búnar tækjum til þess að koma sem bezt að notum í eldsvoða (31. gr.), svo og um að hæfileg slökkviáhöld og björgunartæki séu til. Að öðru

leyti verða framkvæmdir í þessu efni ákveðnar af sveitarstjórn með ráðum yfirumsjónarmanns brunamála.

Nauðsyn þykir að lögskipa sérstakar brunavarnir í húsum, þar sem margt manna kemur saman (32. gr.). Hefur að vísu í mörgum slíkum húsum verið komið upp sérstökum slökkvitækjum án þess að skylt væri, enda þá stundum fengizt afsláttur á iðgjöldum.

Um aðstoð slökkviliðs til nærliggjandi sveitarfélags eru nú engin ákvæði. Í 33. gr. er þó aðeins veitt heimild til slíkrar aðstoðar.

VII. Tilkynning um eldsvoða og um réttarrannsókn.

Við 34.—39. gr.

Núgildandi ákvæði þessa efnis eru í 36. gr. laga um brunamál og eru mjög ófullkomin. Eru þessi nýju ákvæði miðuð við reynslu Brunabótafélags Íslands.

VIII. Um gerð húsa með tilliti til brunavarna.

Við 40. gr.

Grein þessi hefur inni að halda svipuð ákvæði og 1. gr. laga um brunamál og þó vitanlega allmiklu fyllri og mikið breytt.

Við 41. gr.

Svipað ákvæði er í 5. gr. laga um brunamál, en þar er heimiluð undanþága frá ákvæðum um breidd milli húsa, er hús er endurreist, en hún er hér felld niður.

Við 42. gr.

Almenn ákvæði þessarar greinar eru ný. Þó eru í 23. gr. og 10. gr. laga um brunamál ákvæði í þessa átt, er snerta sérstakan atvinnurekstur.

Við 43.—44. gr.

Greinar þessar eru svipaðar og 6. og 7. gr. laga um brunamál.

Við 45. gr.

Í 8. gr. laga um brunamál eru ýtarlegar reglur um búnað eldfæra, sem ekki eiga lengur við. Þykir réttara að ákveða í lögunum, að slíkt ákvæði skuli koma í reglugerð

Við 46. gr.

Hér eru ákvæði um reykháfa nokkuð breytt frá gildandi ákvæðum í 9. gr. laga um brunamál.

Við 47.—49. gr.

Ákvæði þessara greina eru nýmæli.

Við 50. gr.

Rétt þykir að heimila ráðuneytinu að veita undanþágu frá ákvæðum 40.—49. gr., ef sérstakar ástæður eru til.

IX. Sektir o. fl.

Við 51. gr.

Rétt þykir að setja í lögin almenna heimild til að setja í reglugerð ákvæði til öryggis gegn eldsvoða, þar sem síðar geta komið fyrir þau atvik, er geri slíkt nauðsynlegt, og ekki verða beinlínis séð fyrir nú.

Ákvæði í 52. gr. um dagsektir eru svipuð og 12. gr. laga um brunamál.

Við 52. gr.

Í núgildandi lögum um brunamál eru sektarákvæði í 12., 21. og 35. gr., svo og í 3. gr. laga nr. 93 23. júní 1936. Í frv. eru þau sett aðeins í þessa grein.

Við 53. og 54. gr.

Samhljóða 37. og 38. gr. núgildandi laga um brunamál.

Við 55. gr.

Hér eru talin öll núgildandi lög um brunamál, sem felld verða úr gildi.

Nd. 686. Fyrirspurn

til atvinnumálaráðherra um sementsverksmiðju á Íslandi.

Frá Áka Jakobssyni.

Með því að fyrir lá, er núv. ríkisstjórn tók völd, álit sérfræðinga um, að rétt mundi að byggja sementsverksmiðju á Íslandi með 40 þús. tonna framleiðslugetu árlega og ekki færri en 50 fasta starfsmenn, í Önundarfirði skammt innan Flateyrar, er um það spurt, hvort ríkisstjórnin ætlar að hefjast handa um framkvæmdir og afla sér til þess heimildar á yfirstandandi þingi.

Nd. 687. Breytingartillögur

við frv. til l. um eftirlit með verzlun með fóðurvörur.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Tilraunaráð búfjárræktar, sem skipað er samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1940, skal hafa eftirlit með framleiðslu og verzlun fóðurvara, sem ætlaðar eru til skepnufóðurs, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Eftir gildistöku laga þessara má enginn framleiða til sölu né flytja inn fóðurblöndur, nema með leyfi landbúnaðarráðherra, sem veitir leyfin að fengnum tillögum tilraunaráðs búfjárræktar.
3. Við 4. gr.
   a. 4. liður orðist svo: Upplýsingar um hvaða búfjártegund blandan er ætluð.
   b. Í stað „Mve“ í b-lið kemur: Hve.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Þeir, sem verzla með fóðurblöndur, skulu ársfjórðungslega greiða eftirlitsgjald af hverri smálest, sem þeir selja. Landbúnaðarráðherra ákveður gjald þetta fyrir fram fyrir hvert ár. Heimilt er að leggja gjald þetta á vöruna.
5. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Trúnaðarmenn tilraunaráðs, er taka sýnishorn af fóðurblöndum til efnagreiningar, skulu minnst taka þau þrisvar árlega hjá hverjum framleiðanda. Sýnishornin skulu tekin á framleiðslustað úr lokuðum pokum, sem tilbúnir eru til afhendingar. Þess skal gætt, að framleiðendur fóðurblandna fái enga vitneskju um, hvenær sýnishornataka á að fara fram. Sýnishorn skal taka úr 10. hverjum poka að jafnaði, þó skal aldrei taka færri en 5 sýnishorn af hverri tegund. Sýnishorn skulu tekin með þar til gerðum bor.

Trúnaðarmönnum tilraunaráðs er heimilt, hvenær sem er, að taka sýnishorn af fóðurblöndum til efnagreiningar hjá verzlunum, sem verzla með þær vörur, svo og hjá einstökum bændum. Ekki skulu tekin færri sýnishorn en 3 af hverri tegund, og aðeins úr pokum, sem vissa er um, að hafi ekki verið opnaðir síðan þeir voru afhentir frá framleiðslustað.

6. Við 10. gr. Fyrsti málsl. greinarinnar orðist svo:
Þegar efnagreining hefur verið framkvæmd á sýnishornum, sem tekin eru til rannsóknar samkvæmt 9. gr., skal hverjum hlutaðeiganda send tilkynning um niðurstöður rannsóknanna.
7. Við 11. gr. Orðin „í búnaðarblaðinu Frey“ í fyrsta málsl. falli niður.
8. Við 13.—15. gr. Greinarnar falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.
9. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frumvarp til laga um eftirlit með framleiðslu og verzlun fóðurvara.

Sþ. 688. Tillaga til þingsályktunar

um, að ríkissjóður taki til bráðabirgða að sér allar nauðsynlegar kaupgreiðslur og viðhald á húsum og öðrum mannvirkjum héraðsskólanna og húsmæðraskóla sveitanna.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka að sér að greiða til bráðabirgða öll nauðsynleg útgjöld við kennslu og viðhald á húsum og öðrum mannvirkjum, sem tilheyra héraðsskólunum og húsmæðraskólum sveitanna.

Greinargerð.

Héraðsskólarnir og húsmæðraskólar sveitanna voru reistir fyrir forgöngu einstakra manna, kvenna og karla, með stuðningi ýmiss konar félaga, héraðsstjórna og ríkissjóðs. Allir þessir skólar voru sjálfseignarstofnanir með víðtækri sjálfstjórn og athafnafrelsi. Var skipulag þessara skóla eins og eyja af sokknu meginlandi frá þeim tíma, þegar mörgum þýðingarmiklum málum var ráðið til lykta heima í héruðum. Í öllum þessum skólum var kennaraval og kennararáðning í höndum héraðsvaldra skólanefnda. Ríkið styrkti þessa skóla eftir föstum reglum í samræmi við nemendatölu. Skipulag þessara sjálfstæðu skólaheimila gerði kleift að koma við margs konar tilbreytni: bókfræðslu, vinnu, íþróttum, búskap, gistihúshaldi, hvíldarvikum sveitafólks, héraðssamkomum o. s. frv. Öll þessi tilbreytni var framkvæmanleg með því móti einu, að skólaheimilin væru mjög frjáls um framkvæmdir og fólksráðningar. Samkvæmt lögum frá 1939 um skipulag héraðsskóla var ákveðið, að námstíminn skyldi skiptast nokkuð jafnt milli bóknáms, íþrótta og verklegrar fræðslu. Á þeim grundvelli, sem þar var lagður, var unnt að koma fyrir mjög fullkomnum uppeldisaðgerðum með þjóðlegu sniði, en í nánu samræmi við beztu fyrirmyndir frá helztu menntaþjóðum.

Stjórnmálaflokkur, sem vill gerbreyta íslenzku þjóðskipulagi eftir rússneskri fyrirmynd, fékk árið sem leið tækifæri til að koma öllum þessum sjálfstæðu stofnunum á vonarvöl. Allt sjálfstæði hefur verið af þeim tekið. Ríkisstjórnin veitir öll embætti til lífstíðar. Starf kennara og skólastjóra er bundið við venjulegan kennslutíma í skólum. Laun kennaranna voru ákveðin mjög há. Við einn húsmæðraskólann hafði úrvals forstöðukona fengið um 3000 krónur í árslaun, unað vel hag sínum og orðið áður landskunn fyrir stjórn sína og kennslustörf. En með lagabreytingunni,

sem eyðilagði frjálsu skólana í landinu, hækkuðu laun hennar og urðu 25000 kr. Hið nýja launakerfi er allt lært á sömu bók. Nú eru allir frjálsu skólarnir orðnir ríkisstofnanir og starfsliðið hálaunað embættisfólk. Að vonum segir kennaralið sveitaskólanna, að því beri vissulega ekki skylda til að vinna fyrir skóla sína að garðrækt, búskap, skógrækt eða gistihúshaldi fremur en kennurum við bæjaskólana. Með aðgerðum Alþingis gagnvart hinum frjálsu skólum sveitanna var allt hið blómlega athafnalíf þeirra lagt í dróma undir svefnværð embættismennskunnar. Hið nýja uppeldisskipulag stefnir sýnilega að því að gera sem flesta Íslendinga að doktorum í bóklegum fræðum, með því að öll snerting við efnisheiminn þykir of lágfleyg fyrir þá kynslóð, sem á að erfa landið.

Enn er ekki liðið nema eitt ár, síðan hin nýju skólalög voru samþykkt, en nægilega mikið af göllum er komið í ljós til þess, að allmargir, sem samþykktu þau, óska nú, að þeir hefðu þar hvergi nærri komið Ég vil sanna mál mitt með því að lýsa áhrifum skipulagsbreytingarinnar á tvo elztu skólana, héraðsskólann og húsmæðraskólann á Laugum í Þingeyjarsýslu. Sýslusjóður á nú að greiða nokkurn hluta kennaralauna við báða skólana og auk þess allmikið af viðhaldi húsa og mannvirkja. Sýslan hefur stutt báðar skólabyggingarnar með lágu fjárframlagi, en engum sýslunefndarmanni hefur komið til hugar, að sýslan tæki að sér kostnað af kennslu eða viðhaldi bygginganna. Allar tekjur sýslusjóðs í Þingeyjarsýslu eru um 70 þús. kr. Hins vegar eru þrír kennarar við skólana á Laugum, sem engin laun hafa fengið í vetur. Sú skuld mun vera um 60 þús. kr. Sýslan á að borga helminginn, en hefur engan eyri til þess. Ríkið greiðir ekki sinn helming nema sýslan reiði fram sinn tiltekna skammt. Niðurstaðan er sú, að yngstu kennararnir fá alls ekkert fyrir vetrarvinnu sína. Til sæmilegs viðhalds á báðum skólunum, þegar hvert viðvik er reiknað eftir hæsta taxta, má varla gera ráð fyrir minna en 40 þús. í hlut sýslunnar. Er þá svo komið, að allar tekjur sýslunnar ganga til að greiða útgjöld við tvo skóla, sem sýslunefnd hefur aldrei ætlað sér að kosta og getur ekki kostað. Nemendur beggja skólanna auk þess úr öllum sýslum landsins.

Hin nýju skólalög gera ráð fyrir, að einstök héruð taki að sér þessa skóla með öllum þeim skuldbindingum, er því fylgja. En þetta munu sýslufélögin ekki gera, nema ef eitthvert þeirra langar til að verða snarlega gjaldþrota. Hitt má telja sennilegt, að þegar til alvörunnar kemur, vilji ekkert hérað eiga Laugar, Laugarvatn, Reykholt, Reyki í Hrútafirði, Núp, Reykjanes, Varmahlíð og Skóga. Sömu örlög bíða allra húsmæðraskólanna í sveitum landsins. Konur á Suðurlandi hafa um margra ára skeið safnað fé til að reisa húsmæðraskóla í héruðum, en nú stöðvast þær framkvæmdir, því að enginn treystist til að taka ábyrgð á slíkri stofnun. Samt er þörfin fyrir slíkan skóla svo mikil, að árlega sækja 150 stúlkur um 20 kvenna deild á Laugarvatni.

Alþingi hefur gerbreytt öllu skipulagi héraðs- og húsmæðraskóla sveitanna upp á sitt eindæmi og án þess að fá samþykki héraðsstjórnanna um að taka sér á herðar veg og vanda af rekstri þessara skóla. Er sýnilegt, að annaðhvort grotna skólarnir niður og kennsla hættir eða að ríkið verður að taka að sér allan kostnað af kennslu og viðhaldi húsa og mannvirkja. Næsta skrefið verður að öllum líkindum stigið á Alþingi á hausti komanda: Að fella úr gildi alla hina vanhugsuðu skólalöggjöf frá tveim síðustu árum. Þá fá frjálsu skólarnir aftur óteljandi þróunarmöguleika, sem nú hafa í bili verið gerðir að engu.

Sþ. 689. Tillaga til þingsályktunar

um athugun kunnáttumanna á skilyrðum fyrir fiskvegi í sambandi við nýja rafstöð við Laxá í Þingeyjarsýslu.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að fela kunnáttumanni í þjónustu ríkisins að vera nú í sumar í ráðum með forstöðumanni rafmagnsmálanna um það, hversu reisa megi nýja rafstöð við Laxá í Þingeyjarsýslu og tryggja um leið góða aðstöðu til að koma upp öruggum fiskvegi fram hjá nýrri stöð.

Greinargerð.

Rafmagnseftirlitið ráðgerir að undirbúa nú í sumar byggingu nýrrar rafstöðvar fyrir Norðurland. Er búizt við, að þessi nýja stöð verði við neðsta hluta Laxárfossa, þar sem ekki hefur áður verið unnið að virkjun. Telur forstöðumaður rafmagnseftirlitsins mikinn styrk fyrir raffræðingana að njóta aðstoðar frá kunnáttumanni í laxamálum við þær ákvarðanir, sem að öllum líkindum verða gerðar í sumar, varðandi nýja stöð við Laxá. Alþingi hefur fyrr í vetur falið ríkisstjórninni að láta í sumar rannsaka hrygningarskilyrði í Laxá ofan við núverandi rafstöð hjá Brúum. Er þá mjög hentugt að láta gera báðar þessar athuganir í sömu ferð.

Nd. 690. Breytingartillögur

við frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Við 2. gr. Fyrsta málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 menn og jafnmarga varamenn í nefnd, sem nefnist **fjárhagsráð**. Kosningin gildir 2 ár í senn.
2. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Fjárhagsráð skal stuðla að því, að til bygginga og annarrar mannvirkjagerðar til tryggingar atvinnuvegum og samgöngubótum í sveitahéruðum landsins verði útvegað nægilegt efni, áhöld og lánsfé, svo að unnt verði að koma í veg fyrir áframhaldandi flutninga fólksins í hina stærstu kaupstaði. Skal fjárhagsráð vera í samráði við nýbýlastjórn ríkisins, raforkuráð, vegamálastjóra og vitamálastjóra varðandi þær framkvæmdir, sem þeim aðilum koma við.
   Ef skortur reynist á gjaldeyri, vinnuafli eða lánsfé til þess að fullnægja eftirspurn, er fjárhagsráði heimilt að takmarka byggingar og aðrar framkvæmdir í Reykjavík eftir því, sem nauðsynlegt reynist.

Sþ. 691. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr.	3. (Vörumagnstollur). Fyrir „12 000 000“ kemur	17 400 000
2.	—	2. —	4. (Verðtollur). Fyrir „50 000 000“ kemur	72 500 000

3.	Við 2. gr.	5. (Innflutningsgjald af benzíni). Fyrir „2 000 000“ kemur			5 800 000
4.	— 2. —	6. (Gjald af innlendum tollvörum). Fyrir „1 500 000“ kemur			3 000 000
5.	— 2. —	9. (Bifreiðaskattur). Fyrir „1 500 000“ kemur			3 300 000
6.	— 11. —	A. 10. d. Liðurinn orðist svo: Til byggingar fangahúsa			357 000
7.	— 11. —	B. 13. (Kostnaður við húsaleigunefndir). Fyrir „150 000“ kemur			100 000
8.	— 13. —	A. XI. Liðurinn orðist svo: Til ræktunarvega:			
		a. Í Vestmannaeyjum	30 000		
		b. Í Flatey á Breiðafirði	5 000		
		c. Í Flatey á Skjálfanda	3 000		
		e. Í Hrísey	4 500		45 500
		d. Í Grímsey	3 000		
9.	— 13. —	B. 1. b. Liðurinn orðist svo: : Til vöruflutninga til Öræfa í Austur-Skaftafellssýslu			29 800
10.	— 13. —	B. 2. (Til bátaferða etc.). Fyrir „500 000‘ kemur			916 200
11.	— 13. —	c. X. (Til hafnarbótasjóðs samkvæmt lögum).			
		a. Fyrir „800 000“ kemur			1 150 000
		b. Nýr liður: Til ferjuhafna:			
		1. Arngerðareyri	42 500		
		2. Gemlufall	17 000		
		3. Hvalfjörður	255 000		314 500
12.	— 14. —	B. II. c. Nýir liðir:			
		a. Til stúdentaskipta o. fl. samkv. ráðstöfun stúdentaráðs			10 000
		b. Til kaupa á herbergi í Árósaháskóla, til afnota fyrir íslenzka stúdenta			9 000
13.	— 14. —	B. XIV. 5. (Til framkvæmdar sundskyldu). Fyrir „120 000“ kemur			170 000
14.	— 15. —	A. IV.			
		a. Liðurinn orðist svo: Náttúrugripasafnið:			
		1. Laun:			
		a. Grunnlaun	19 200		
		b. Verðlagsuppbót	36 480		55 680
		2. Aðstoðarvinna skordýrafræðings og grasafræðings (tímavinna)		10 000	
		3. Til kaupa á náttúrugripum		6 000	
		4. Til kaupa á bókum, áhöldum og til viðgerða		6 000	
		5. Til fuglamerkinga		1 200	
		6. Til útgáfu á Acta naturalia islandica		3 000	
		7. Til að gefa út skýrslu um safnið og fuglamerkingarnar, — sérstaklega eða í félagi við Hið ísl. náttúrufræðifélag		3 000	84 880
		b. Nýr liður: Til hins íslenzka náttúrufræðifélags			9 000

15. Við 15. gr. A. VI. 33. d. Nýr liður:
Stykkishólmur 10 000
16. — 15. — A. VII. 5. Liðurinn orðist svo:
Til Hins íslenzka fræðafélags til útgáfustarfsemi 15 000
17. — 15. — A. VII. 20. Nýr liður:
Til ætt- og mannfræðifélagsins, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun félagsins 10 000
18. — 15. — A. VIII. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).
a. Grunnstyrkir. Fyrir „150 000“ kemur 175 000
b. Verðlagsuppbót. Fyrir „285 000“ kemur 332 500
19. — 15. — A. XI. 10. Nýr liður:
Til Þorsteins Hannessonar til söngnáms erlendis 6 000
20. — 15. — B. III. 2. (Rannsóknakostnaður).
Fyrir „25 000“ kemur 40 000
21. — 16. — A. 17. Nýir liðir:
a. Til sjóvarnargarðs á Álftanesi 51 000
b. Til sjóvarnargarðs á Garðskaga 42 500
22. — 16. — A. 18. Liðurinn orðist svo:
a. Laun:
1. Grunnlaun 40 375
2. Verðlagsuppbót 76 713
117 088
b. Skrifstofukostnaður 29 400
c. Til skógræktarfélaga 100 000
d. Til skóggræðslu og friðunar á skóglendi o. fl. 400 000
646 488
23. — 16. — A. 20. (Búreikningaskrifstofa).
Fyrir „40 000“ kemur 20 000
24. — 16. — A. 22. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til byggingar nýrra mjólkurstöðva, þó ekki yfir ¼ byggingarkostnaðar 400 000
25. — 16. — C. 6. Nýr liður:
Til tóvinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Svalbarðseyri við Eyjafjörð 30 000
26. — 16. — D. VI. 3. (Jarðboranir og gufuvirkjunarrannsóknir, annar kostnaður).
Fyrir „333 400“ kemur 623 400
27. Við 17. gr. 6. b. Nýr liður:
Til elliheimilisins á Seyðisfirði 2 000
28. — 17. — 9. (Kostnaður við barnaverndarráð).
Fyrir „40 000“ kemur 30 000
29. — 17. — 10. Nýr liður:
Til starfskvennaskóla Sumargjafar 20 000
30. — 17. — 12. Nýir liðir:
a. Til alþjóðaflóttamannastofnunarinnar 200 000
b. Til Geirs F. Sigurðssonar, fyrrv. lögregluþjóns (sjúkrastyrkur) 6 000
31. — 17. — 19. (Til kvennaheimilisins Hallveigarstaða).
Fyrir „50 000“ kemur 75 000
32. — 17. — 23. Nýr liður:
Til íbúðarhúsabygginga skv. 3. kafla l. nr. 44 7. maí 1946 400 000
33. — 18. — II. f. (Póstmenn).
Fyrir „37 500“ kemur 39 837

34. Við 18. gr. II. x. (Matsmenn).
Fyrir „20 555“ kemur 22 205
35. — 18. — II. y. 24. (Guðríður Jóhannsdóttir).
Liðurinn falli niður.
36. — 18. — II. y. 41. Liðurinn orðist svo:
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Vopnafirði 490
37. — 18. — II. y. 45. Liðurinn orðist svo:
Jóna Jónsdóttir, ljósm. frá Kóreksstaðagerði 490
38. — 18. — II. y. 61. Nýr liður:
Ragnheiður Jónasdóttir 3 000
39. — 20. — Út. V. c. (Til að gera nýja vita).
Fyrir „350 000“ kemur 680 000
40. — 20. — Út. VI. b. Nýr liður:
Flugskýli á Austurlandi 255 000
41. — 20. — Út. VIII. (Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri).
Fyrir „250 000“ kemur 552 500
42. — 20. — Út. XVI. (Til bygginga á prestssetrum).
a. Fyrir „450 000“ kemur 850 000
b. Nýir liðir:
1. Til byggingar stuttbylgjustöðvar í Gufunesi 425 000
2. Til dýpkunarskips 1 402 500
43. — 22. — VI. Fyrir „200 þús. kr.“ komi: 400 þús. kr.
44. — 22. — IX. Í stað „1946“ kemur: 1947.
45. — 22. — XII.. Nýir liðir:
a. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað, fyrir að kenna kennslukonuefnum vefnað.
b. Að greiða Matthíasi lækni Einarssyni prófessorslaun, er hann lætur af yfirlæknisstörfum í Landakotsspítala.
c. Að greiða allt að 300 þús. kr. í endurbyggingarstyrki til sveitabýla, ef framlagið í 16. gr. A. 7. c. hrekkur ekki til.
d. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Sláturfélag Austur-Húnvetninga, til þess að stofna mjólkurbú, allt að helmingi stofnkostnaðar. (Endurveiting).
e. Að greiða 6 þús. kr. til fyrirhleðslu í Staðará, gegn greiðslu ⅓ kostnaðar annars staðar að. (Endurveiting).
f. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1946 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í Eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
g. Að greiða fyrrv. sakadómara, Bergi Jónssyni, full laun fyrir árið 1947.
h. Að verja allt að 20 þús. kr. vegna þátttöku Íslendinga í málverkasýningu í Stokkhólmi og vegna sýningar á úrvali úr sömu sýningu í Reykjavík.
i. Að verja allt að 700 þús. kr. til endurbyggingar á Þjórsárbrú.
j. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs rekstrarlán fyrir Samband íslenzkra byggingarfélaga, allt að 750 þús. kr., gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.
k. Að veita Ingibjörgu Jóhannsdóttur allt að 50 þús. kr. byggingarstyrk til húsmæðraskóla að Löngumýri.
l. Að verja allt að 20 þús. kr. til þess að láta grafhellur á leiði nokkurra skálda.

m. Að verja allt að 225 þús. kr. til kaupa á Engey með öllu tilheyrandi.
n. Að verja allt að 500 þús. kr. til byggingar fávitahælis.
o. Að greiða allt að 100 þús. kr. til byggingar sjómannaheimilis í Vestmannaeyjum, gegn a. m. k. ⅖ hlutum annars staðar að, enda hafi bindindisfélögin í Vestmannaeyjum forgöngu og umsjón með rekstri hússins.
p. Að greiða Sigurði Guðmundssyni skólameistara full laun, ef hann lætur af embætti.
q. Að greiða Vigfúsi Einarssyni skrifstofustjóra full laun, ef hann lætur af embætti.
r. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs 400 þús. kr. lán fyrir Hveragerðishrepp til hitaveituframkvæmda, þó ekki yfir 85% af kostnaði við framkvæmdina, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.
s. Að ábyrgjast fyrir fiskiðjuver útvegsmanna og fiskimanna, á þeim stöðum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt, vegna þess að útvegsmenn geti eigi reist þau af eigin rammleik, allt að þriggja milljóna króna lán, er hvíli á öðrum veðrétti á iðjuverinu næst á eftir stofnlánadeildarláni, og megi lánin nema allt að 10% af stofnkostnaði þeirra, enda séu félögin stofnuð og rekin samkv. 3. gr. l. nr. 41 frá 29. apríl 1946.
t. Að greiða bætur samkv. gildandi slysatryggingalögum til ekkjunnar Guðríðar Ólafsdóttur, Ási, Hellum, N.-Múl., og barna hennar, vegna manns hennar, Guttorms Brynjólfssonar, er fórst ásamt þrem stúlkubörnum hinn 8. nóv. 1946, er sprengja, sem skilin hafði verið eftir við heræfingar, sprakk á mel rétt hjá bænum í Ási. Bætur þessar greiðir ríkissjóður þó því aðeins, að slysið fáist ekki bætt frá hernaðaryfirvöldum Bretlands og Bandaríkjanna.
u. Að selja strandferðaskipið „Súðina“, ef viðunanlegt boð fæst, og verja andvirðinu upp í greiðslu kostnaðar af byggingu hinna nýju strandferðaskipa, sem verið er að smíða fyrir ríkissjóð.

Sþ.

692. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1.	Við	3. gr.	A. 2. Út. II. (Til viðauka símakerfa o. s. frv.). Fyrir „1 500 000“ kemur	1 275 000
2.	—	3. —	A. 2. Út. III. (Talstöðvar í báta og skip). Fyrir „350 000“ kemur	297 500
3.	—	3. —	A. 2. Út. IV. (Loftskeytastöðvar í skip). Fyrir „250 000“ kemur	212 500
4.	—	3. —	A. 2. Út. V. (Nýjar landssímalínur). Fyrir „400 000“ kemur	340 000
5.	—	3. —	A. 5. Eignabreytingar. 2. (Útvarpshús í Reykjavík). Fyrir „1 120 000“ kemur	952 000
6.	—	12. —	VIII. (Læknisbústaðir og sjúkraskýli). Fyrir „1 100 000“ kemur	935 000
7.	—	12. —	IX. (Fjórðungssjúkrahús á Akureyri). Fyrir „400 000“ kemur	340 000

8. Við 13. gr. A. II. a. Liðurinn orðist svo:

Til nýrra akvega:

1.	Kjósarvegur		8 500
2.	Akrafjallsvegur		51 000
3.	Hvalfjarðarferjuvegur		212 500
4.	Svínadalsvegur		25 500
5.	Lundarreykjadalsvegur		25 500
6.	Bæjarsveitarvegur		29 800
7.	Hálsasveitarvegur		21 300
8.	Hvítársíðuvegur		38 300
9.	Álftaneshreppsvegur		68 000
10.	Hraunhreppsvegur		21 300
11.	Hnappadalsvegur		17 000
12.	Ólafsvíkurvegur		110 500
13.	Hellissandsvegur		25 500
14.	Fróðárhrepps-	17 000	
	og Eyrarsveitarvegur	42 500	
			59 500
15.	Skógarstrandarvegur		51 000
16.	Dalasýsluvegur		85 000
17.	Laxárdalsvegur		25 500
18.	Klofningsvegur		34 000
19.	Skarðsstrandarvegur		51 000
20.	Reykhólavegur		51 000
21.	Gufudalsvegur		42 500
22.	Barðastrandarvegur		255 000
23.	Tálknafjarðarvegur		51 000
24.	Rauðasandsvegur		76 500
25.	Bíldudalsvegur		51 000
26.	Dalahreppsvegur		38 300
27.	Rafnseyrarheiðarvegur		127 500
28.	Hjarðardalsvegur		25 500
29.	Botnaheiðarvegur		51 000
30.	Súðavíkurvegur		110 500
31.	Aðalvíkurvegur		17 000
32.	Þorskafjarðarheiðarvegur		42 500
33.	Ármúlavegur		38 300
34.	Bolungavíkurvegur		170 000
35.	Selstrandarvegur		21 300
36.	Reykjarfjarðarvegur		21 300
37.	Bitruvegur		170 000
38.	Bæjarhreppsvegur		17 000
39.	Miðfjarðarvegur		34 000
40.	Vesturhópsvegur		59 500
41.	Vatnsdalsvegur		17 000
42.	Svínvetningabraut		68 000
43.	Skagastrandarvegur		102 000
44.	Gönguskarðsvegur		85 000
45.	Sauðárkróksbraut		17 000
46.	Út-Blönduhlíðarvegur		42 500
47.	Hofsósvegur		42 500
48.	Hólavegur		42 500
49.	Siglufjarðarskarðsvegur		212 500
50.	Ólafsfjarðarvegur		340 000

51.	Hrísavegur	17 000
52.	Hörgárdalsvegur	17 000
53.	Öxnadalsheiðarvegur	637 500
54.	Laugalandsvegur	42 500
55.	Fnjóskadalsvegur	17 000
56.	Ljósavatnsskarðsvegur	34 000
57.	Kinnarbraut í Ljósavatnshreppi	68 000
58.	Bárðardalsvegur	21 300
59.	Hvammsheiðarvegur	25 500
60.	Tjörnesvegur	17 000
61.	Kelduhverfisvegur	34 000
62.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur	68 000
63.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar	17 000
64.	Langanesvegur	17 000
65.	Brekknaheiðarvegur	51 000
66.	Bakkafjarðarvegur	25 500
67.	Vopnafjarðarvegur	34 000
68.	Hróarstunguvegur	34 000
69.	Upphéraðsvegur	12 800
70.	Jökuldalsvegur	17 000
71.	Úthéraðsvegur	68 000
72.	Borgarfjarðarvegur	17 000
73.	Fjarðarheiðarvegur	106 300
74.	Skógavegur	29 800
75.	Eskifjarðarvegur	17 000
76.	Oddsskarðsvegur	255 000
77.	Fáskrúðsfjarðarvegur	85 000
78.	Stöðvarfjarðarvegur	63 800
79.	Berunesvegur	17 000
80.	Breiðdalsvíkurvegur	17 000
81.	Geithellnavegur	34 000
82.	Lónsheiðarvegur	42 500
83.	Almannaskarðsvegur	34 000
84.	Melatangavegur	25 500
85.	Innnesjavegur	17 000
86.	Mýravegur	17 000
87.	Suðursveitarvegur	17 000
88.	Öræfavegur	17 000
89.	Síðuvegur	25 500
90.	Skaftártunguvegur	25 500
91.	Landbrotsvegur	25 500
92.	Meðallandsvegur	21 300
93.	Mýrdalsvegur	51 000
94.	Eyjafjallavegur	34 000
95.	Syðri-Landeyjavegur	42 500
96.	Ytri-Landeyjavegur	63 800
97.	Rangárvallavegur	21 300
98.	Þykkvabæjarvegur	29 800
99.	Hagabraut	63 800
100.	Landvegur	29 800
101.	Gnúpverjahreppsvegur	17 000
102.	Grafningsvegur	25 500
103.	Hrunamannahreppsvegur	51 000
104.	Laugardalsvegur	29 800

105.	Skálholtsvegur	102 000	
106.	Partavegur	17 000	
107.	Selvogsvegur	340 000	
108.	(Austurlandsvegur) Mývatnsöræfavegur	42 500	
			6 546 000

9. Við 13. gr. A. III. Liðurinn orðist svo:
Brúargerðir:

1.	Reiðgil á Öxnadalsheiði	119 000	
2.	Holtakíll á Mýrum í A.-Sk.	55 300	
3.	Laxá í Lóni	68 000	
4.	Hörðudalsá í Dölum	97 800	
5.	Heinabergsvötn í Suðursveit	97 800	
6.	Tunguá í Lundarreykjadal	110 500	
7.	Brúará í Fljótshverfi	29 800	
8.	Álftá á Mýrum	42 500	
9.	Ósá hjá Bolungavík	46 800	
10.	Langadalsá á Skógarströnd	55 300	
11.	Þjórsá	29 800	
12.	Blanda hjá Löngumýri	233 800	
13.	Bakkadalsá í Arnarfirði	17 000	
14.	Skaftá undir Heiði	25 500	
15.	Múlakvísl (endurbygging)	136 000	
16.	Norðurá við Öxnadalsheiði	221 000	
17.	Haukadalsá á Haukadalsvegi í Dölum	28 100	
18.	Svínadalsá í Dalasýslu	63 800	
19.	Kleifá í Dalasýslu	46 800	
20.	Arnarbýlisá á Barðaströnd	63 800	
21.	Móra á Barðaströnd	63 800	
22.	Víðinesá á Hólavegi	63 800	
23.	Stafá í Fljótum	46 800	
24.	Jökulsá í Fljótsdal	106 300	
25.	Geitdalsá og Múlaá	76 500	
26.	Selá í Steingrímsfirði	127 500	
27.	Selá á Langadalsströnd	63 800	
28.	Ýmsar smábrýr	242 700	
			2 379 600

10. — 13. — A. V. (Fjallvegir).
Fyrir „120 000“ kemur 102 000

11. — 13. — A. XII. (Vegalagning á landi ríkissjóðs í Kópavogi).
Fyrir „50 000“ kemur 110 500

12. — 13. — C. VIII. Liðurinn orðist svo:
Til hafnargerða:

1.	Akranes	280 500
2.	Akureyri	280 500
3.	Bolungavík	255 000
4.	Dalvík	127 500
5.	Eskifjörður	63 800
6.	Flateyri	60 800
7.	Hafnarfjörður	280 500
8.	Hofsós	42 500
9.	Húsavík	280 500
10.	Ísafjörður	212 500
11.	Neskaupstaður	127 500
12.	Ólafsfjörður	280 500

13.	Ólafsvík	42 500
14.	Patreksfjörður	255 000
15.	Raufarhöfn	34 000
16.	Sauðárkrókur	212 500
17.	Seyðisfjörður	85 000
18.	Siglufjörður	280 500
19.	Skagaströnd	280 500
20.	Stykkishólmur	127 500
21.	Súgandafjörður	85 000
22.	Vestmannaeyjar	280 500
23.	Þingeyri	140 300
24.	Þórshöfn	63 800
25.	Höfn í Hornafirði	110 500
		4 292 700

13. Við 13. gr. C. IX. Liðurinn orðist svo:

Til lendingarbóta:

1.	Alviðruvör	8 500
2.	Arnarstapi	21 300
3.	Bakkafjörður	63 800
4.	Blönduós	42 500
5.	Borgarfjörður (eystra)	42 500
6.	Breiðdalsvík	55 300
7.	Búðardalur	17 000
8.	Bæir í Snæfjallahreppi	8 500
9.	Djúpivogur	42 500
10.	Drangsnes	63 800
11.	Eyrarbakki	42 500
12.	Flatey á Breiðafirði	85 000
13.	Flatey á Skjálfanda	21 300
14.	Gerðar í Garði	42 500
15.	Gjögur	21 300
16	Grafarnes í Grundarfirði	63 800
17.	Grenivík	34 000
18.	Grindavík (Járngerðarst.)	127 500
19.	Grímsey	21 300
20.	Hafnarnes	42 500
21.	Haganesvík	12 800
22.	Hvallátur	8 500
23.	Hvalsker	8 500
24.	Hvammstangi	59 500
25.	Kaldrananes	63 800
26.	Kópasker	21 300
27.	Mjóifjörður	42 500
28.	Reykjanes við Ísafjarðardjúp	42 500
29.	Sandgerði	127 500
30.	Staðarfell	8 500
31.	Stokkseyri	42 500
32.	Stöðvarfjörður	85 000
33.	Súðavík	59 500
34.	Tálknafjörður	21 300
35.	Vatnsfjörður	17 000
36.	Vogar	170 000
37.	Vopnafjörður	85 000
38.	Þorlákshöfn	280 500

			39. Örlygshöfn	17 000	
			40. Loðmundarfjörður	4 300	
					2 044 900
14.	Við	14. gr.	B. XIV. 6. (Bygging barnaskóla, íbúða fyrir skólastj. o.fl.). Fyrir „4 500 000“ kemur		3 825 000
15.	—	14. —	B. XV. 3. (Stofnkostnaður gagnfræða- og héraðsskóla). Fyrir „5 000 000“ kemur		4 250 000
16.	—	14. —	B. XVI. 2. (Bygging húsmæðraskóla). Fyrir „1 500 000“ kemur		1 275 000
17.	—	16. —	A. 6. (Til bygginga á Reykhólum). Fyrir „125 000“ kemur		106 300
18.	—	16. —	A. 10. (Framræsla á löndum ríkissjóðs á Stokkseyri og Eyrarbakka). Fyrir „100 000“ kemur		85 000
19.	—	16. —	A. 11. (Fyrirhleðsla á Þverá og Markarfljóti). Fyrir „300 000“ kemur		255 000
20.	—	16. —	A. 12. (Fyrirhleðsla í Kaldaklifsá undir Eyjafjöllum). Fyrir „50 000“ kemur		42 500
21.	—	16 —	A. 13. (Fyrirhleðsla fyrir Hólmsá á Mýrum í A.-Skaft.). Fyrir „12 000“ kemur		10 200
22.	—	16. —	A. 14. (Fyrirhleðsla í Jökulsá í Lóni). Fyrir „150 000“ kemur		127 500
23.	—	16. —	b. 4. (Bygging iðnskóla í Reykjavík). Fyrir „300 000“ kemur		255 000
24.	—	20. —	Út. II. 1. (Landssíminn, ný símakerfi o. fl.). Fyrir „2 500 000“ kemur		2 125 000
25.	—	20. —	Út. II. 2. (Ríkisútvarpið). Fyrir „1 120 000“ kemur		952 000
26.	—	20. —	Út. III. (Byggingar á jörðum ríkisins). Fyrir „350 000“ kemur		297 500
27.	—	20. —	Út. IV. (Viðbótarhúsnæði við ríkisspítalana). Fyrir „2 000 000“ kemur		1 700 000
28.	—	20. —	Út. V. a. (Til byggingar áhalda- og skrifstofuhúss). Fyrir „200 000“ kemur		170 000
29.	—	20. —	Út. V. b. (Til byggingar vitaskips). Fyrir „700 000“ kemur		595 000
30.	—	20. —	Út. V. d. (Til byggingar vitavarðarhúss á Reykjanesi). Fyrir „120 000“ kemur		102 000
31.	—	20. —	Út. VI. a. (Vestmannaeyjaflugvöllur). Fyrir „300 000“ kemur		255 000
32.	—	20. —	Út. VI. b. (Flugskýli og dráttarbraut á Ísafirði). Fyrir „100 000“ kemur		85 000
33.	—	20. —	Út. VII. (Til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík). Fyrir „500 000“ kemur		425 000
34.	—	20. —	Út. IX. (Til byggingar sjómannaskólans). Fyrir „1 000 000“ kemur		850 000
35.	—	20. —	Út. X. (Til byggingar íþróttakennaraskóla). Fyrir „255 000“ kemur		216 800
36.	—	20. —	Út. XI. (Til byggingar þjóðminjasafns). Fyrir „500 000“ kemur		425 000
37.	—	20. —	Út. XII. (Til byggingar skólastjórabústaðar á Hólum). Fyrir „100 000“ kemur		85 000
38.	—	20. —	Út. XIII. (Til byggingar kennarabústaðar á Hvanneyri). Fyrir „50 000“ kemur		42 500

39. Við 20. gr. Út. XIV. (Til byggingar bændaskóla í Skálholti).
Fyrir „500 000“ kemur 425 000
40. — 20. — Út. XV. (Til byggingar varðskipa).
Fyrir „1 000 000“ kemur 850 000

Nd. 693. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim l.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hafði þetta mál til athugunar og gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn (SK, PO og SkG) vildi láta fella frv., FJ taldi sig, er málið var til endanlegrar afgreiðslu í nefndinni (þann 11. apríl 1947) ekki reiðubúinn til að taka afstöðu í málinu. Minni hlutinn, ég undirritaður, legg til, að frv. verði samþykkt.

Nefndin sendi frv. þegar eftir að því var vísað til hennar eftirfarandi aðilum til umsagnar: Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sjómannafélagi Reykjavíkur og Sjómannafélagi Hafnarfjarðar. Landssambandið svaraði með bréfi, dags. 13. jan. s.l., sem prentað hefur verið sem fylgiskjal með áliti meiri hl. á þskj. 656. Sjómannafélag Hafnarfjarðar svaraði með bréfi, dags. 24. janúar s.l., en því fylgdi samþykkt, sem gerð var með samhljóða atkvæðum á fundi félagsins 9. des. s.l., þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja frv. þetta. Bréfið er birt sem fskj. hér á eftir. Sjómannafélag Reykjavíkur hefur ekki látið uppi neitt álit um frv.

Í frv. er gert ráð fyrir, að hvíldartími háseta á botnvörpuskipum verði aukinn úr 8 tímum í 12 tíma á sólarhring. Almennt séð er það ekki annað en sjálfsagður hlutur, að vinnutími á togurum verði styttur, einkum ef tekið er tillit til þess annars vegar, að vinnutími því nær allra launþega, sem í landi vinna, hefur verið styttur niður í 8 stundir og hins vegar er vinna á togurum viðurkennd sem ein erfiðasta og áhættusamasta vinna, sem til þekkist hér á landi.

Stytting á vinnutíma togarasjómanna er menningarmál, og það er blettur á íslenzku þjóðinni, ef málið nær ekki fram að ganga. Þjóðin hefur á undanförnum árum stöðugt verið að bæta kjör almennings, stytta vinnutímann, bæta aðbúð, auka hvers konar tryggingar. En á sama tíma er allt látið sitja við hið sama á togaraflotanum, en togaraútgerðin er einn þýðingarmesti þátturinn í sjávarútvegi landsmanna og framleiðir verulegan hluta af gjaldeyri þjóðarinnar. Sextán tíma vinna á sólarhring er fullkomin óhæfa, sem ekki er hægt að bjóða mönnum, eins og nú er komið. Þessi vinnuþrælkun hefur ekki verið eins tilfinnanleg á stríðsárunum, vegna þess að veiðar í salt lögðust þá niður, en mannskapurinn fékk hvíld eftir veiðina á meðan skipið var að sigla. En nú, þegar saltfiskveiðar hefjast á nýjan leik, þá verður það mjög aðkallandi að lengja hvíldartíma togarasjómanna.

Með 16 tíma vinnu á sólarhring dag eftir dag vikum og mánuðum saman er hverjum manni, hversu hraustur og þrekmikill sem hann er, ofboðið. Enda hefur reynslan sýnt það, að togarasjómenn bila að heilsu og slitna mjög um aldur fram. Það eru ekki fá dæmi þess, að togarasjómenn, sem hafa verið hraustleikamenn, missa heilsuna á miðri ævi og verða þá að fara í land og leita sér vinnu við einhver léttastörf, sem þeim gengur þá oft mjög erfiðlega að fá, enda margir ekki til slíkra starfa fallnir.

Vinnuþrælkunin á togurunum er smánarblettur á þjóðinni, sem ekki má lengur eiga sér stað. Slíkri vinnuþrælkun verður ekki heldur við haldið á þeim tímum, þegar nóga atvinnu er að fá í landi. Á atvinnuleysistímunum fyrir stríð mátti bjóða mönnum flest, enda voru þá engin vandkvæði á að fá menn á togarana. Nú er erfiðara að fá menn til að vinna við jafnósæmileg skilyrði og eru á togurunum.

Landssamband ísl. útvegsmanna hefur í bréfi sínu, sem birt er með nál. meiri hl., lagt til, að frv. verði fellt. Rökin fyrir þessari tillögu L. Í. Ú. eru þrenn. Í fyrsta lagi útheimtir frv., ef að lögum verður, 7—10 fleiri menn á skipin, í öðru lagi, að ekki sé til pláss á skipunum fyrir þessa menn, og loks að togaraútgerðin sé ekki fær um að standa undir þeim auknu útgjöldum, sem af framkvæmd frv. stafa. Um þessar röksemdir er það að segja, að ekki verður séð, að fjölga þurfi mönnum meira en 4—7, og ef ekki eru til pláss fyrir þessa menn, verður að útbúa þau, um annað er ekki að ræða. Það er hörmulegt til þess að vita, ef rétt er, að ekki sé nægilegt mannapláss í nýju togurunum til þess að kleift sé að lögfesta 12 stunda hvíldartíma. Í nefnd þeirri, sem sett var til þess að gera tillögur um fyrirkomulag nýju togaranna, var einn maður frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, Sigurjón Á. Ólafsson, svo að það hefði verið hægt að koma fram tillögum um aukið mannapláss, ef félagið hefði staðið á verði fyrir hagsmunum togarasjómanna í þessu máli.

En þó ekki sé tilbúið nægilegt mannapláss á nýju togurunum, verður að sjálfsögðu að útbúa það. Þessi tvenn rök eru ekki framfærileg gegn því mikla nauðsynja- og réttlætismáli, sem hér er á ferðinni. Þjóðin getur ekki sætt sig við þá vinnuþrælkun, sem á sér stað á togurunum, bara vegna þess, að skipin eru miðuð við hana. Það getur enginn verið með því, að sjómenn á togurum skuli vinna í 16 tíma á sólarhring, af því að skipin séu útbúin með það fyrir augum. Málið liggur þannig fyrir alþingismönnum: Vilja þingmenn láta togarasjómenn vinna sín erfiðu störf í 16 tíma á sólarhring, á sama tíma og 8 tíma vinnudagur er orðinn viðurkenndur í landi, eða vilja þeir það ekki

Það er ekki neinum vafa undirorpið, að vinnuafköst verða betri á togurum, ef hvíldartíminn er lengdur. Hve miklu þetta nemur, er að sjálfsögðu ekki hægt að segja, og verður reynslan að skera úr því, hve miklu það muni nema.

Stytting vinnutímans á togurunum er mannréttinda- og menningarmál, sem verður borið fram til sigurs fyrr eða síðar.

Mál þetta nýtur stuðnings alls þorra sjómanna á togaraflotanum, og má sjá vinsældir þess á því, að nú þegar liggja fyrir á lestrarsal þingsins áskoranir til Alþingis frá 310 starfandi sjómönnum af togaraflotanum um, að það samþykki frv. Sams konar áskorun liggur fyrir frá 38 nemendum stýrimannaskólans í Reykjavík.

Að öllu þessu athuguðu legg ég til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 20. apríl 1943.

Áki Jakobsson.

Fylgiskjal.

Hér með leyfum við okkur að senda háttvirtri sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis meðfylgjandi tillögur, er samþykktar voru á fundi félagsins þann 9. des. 1946. Og þar með álítum við, að við höfum svarað bréfi frá háttvirtri sjávarútvegsnefnd, dagsettu 8. janúar 1947.

Hafnarfirði, 24. jan. 1947.

Virðingarfyllst.

F. h. Sjómannafélags Hafnarfjarðar.

Borgþór Sigfússon,
formaður.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fundur haldinn í Sjómannafélagi Hafnarfjarðar 9. desember 1946 lýsir ánægju sinni yfir framkomnu frumvarpi Hermanns Guðmundssonar og Sigurðar Guðna-

sonar um aukinn hvíldartíma háseta á togurum og samþykkir að skora á Alþingi það, sem nú situr, að samþykkja það nú þegar á þessu þingi.

Kristján Eyfjörð.

Samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Nd. 694. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. 15. liður 1. gr. orðist svo:
   15. Nr. 4 og 5 í 45. kafla falli niður.
2. Á eftir 15. lið 1. gr. komi tvö ný númer, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):
   a. 16. Í stað nr. 9—11 í 45. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi:
      9. Landabréf alls konar, sjókort, stjörnukort og aðrir þess konar uppdrættir, ót. a. ..... tollfrjálsir.
   b. 17. Í stað nr. 12—13 í 45. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi:
      12. Myndir til kennslu í náttúrufræði, landafræði, sögu o. þ. h., ót. a. ..... tollfrjálsar.

3. Á eftir 24. lið 1. gr. komi nýr liður, svo hljóðandi: Númer 6—9 í 72. kafla orðist svo:	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
6 — kjötkvarnir, ót. a.	1 kg	2	8
7 — kaffikvarnir, ót. a.	—	2	8
8 — þvottavindur og þvottarullur og hlutar til þeirra ..	—	2	8
9 — annað	—	2	15
4. 25. liður 1. gr. orðist svo: Númer 37—45 í 73. kafla orðist svo: Búsáhöld og hlutar til þeirra:			
37 — eldavélar og bökunarofnar	—	2	8
38 — hitunar- og suðutæki, ót. a.	—	2	8
39 — strauvélar	—	2	8
40 — þvottavélar	—	2	8
41 — hrærivélar	—	2	8
42 — eldhúsvélar, ót. a.	—	2	8
43 — kæliskápar	—	2	8
44 — bónvélar, ryksugur og loftræsar	—	2	8
45 — önnur	—	2	15

Nd. 695. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft þetta frv. til athugunar, en gat ekki orðið sammála um það. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn, undirritaður, leggur til, að frv. verði fellt.

Í greinargerð þeirri, sem fylgdi frv. frá ríkisstjórninni, er það talin ein höfuðröksemdin fyrir því að leggja niður stjórn tunnuverksmiðju ríkisins og fela síldarútvegsnefnd störf hennar og þar með yfirstjórn yfir byggingu tunnuverksmiðjanna á Siglufirði og Akureyri, að af því muni leiða, að sparast muni mikil útgjöld. Þessi röksemd er alveg gripin úr lausu lofti, vegna þess að hvort sem síldarútvegsnefnd eða stjórn tunnuverksmiðja ríkisins annast rekstur tunnuverksmiðjanna, þarf að hafa marga góða starfsmenn í sambandi við tunnusmíðið, bæði fagmenn við vélasmiðjurnar, skrifstofufólk og sérstakan framkvæmdastjóra. Það eina, sem hægt er að kalla, að kunni að vera sparnaður, er að leggja niður þessa 3 manna stjórn, sem sett var yfir tunnuverksmiðjurnar með lögum nr. 33 frá 23. apríl 1946. Á móti þeim sparnaði kemur svo það, að síldarútvegsnefnd er ætið upptekin við öll mögguleg önnur störf í sambandi við sölu á saltsíld, öflun markaða, útreikning síldarverðs og úthlutun söluandvirðis, enn fremur skipulagningu söltunarinnar, stöðugt umfangsmikið starf og ýmislegt fleira, sem tengt er núverandi skyldustörfum síldarútvegsnefndar. Reynslan hefur sýnt, að síldarútvegsnefnd hefur ætíð átt fullt í fangi með sín störf, þó engu sé á hana bætt. Sífelldar kvartanir hafa verið hafðar uppi meðal saltenda yfir seinaganginum í störfum síldarútvegsnefndar, sem hefur valdið saltendum stórkostlegu óhagræði og töfum. Störfin hafa gengið svo seint, að oft hafa liðið mánuðir frá því, að síldarútvegsnefnd tók við andvirði síldar, sem hún hefur flutt út vegna saltenda, þar til hún greiddi það út. Á meðan stóðu saltendur í hinum mestu peningavandræðum. Gremja saltenda hefur verið einkum fyrir það, að á sama tíma, sem síldarútvegsnefnd hefur legið mánuðum saman með fjármuni þeirra, hafa þeir sjálfir orðið að taka dýr rekstrarlán í þeim bönkum, sem síldarútvegsnefnd geymdi peningana. Það er engum vafa undirorpið, að ef síldarútvegsnefnd hefði starfað betur og greitt saltendum jafnóðum og hún tók við fénu fyrir vöru þeirra, hefði það létt mjög mikið undir með þessum atvinnuvegi. Af þessu sést, að síldarútvegsnefnd má engan veginn við því að bæta á sig nýjum umfangsmiklum störfum. Við þetta bætist, að ef síldarútvegsnefnd rækir sæmilega starf sitt við að auka framleiðslu á saltsíld og bæta vinnuaðferðir, þá hefur hún engan tíma aflögu fyrir það umfangsmikla og þýðingarmikla verkefni, sem tunnuverksmiðja ríkisins bíður, að búa svo um hnútana, að Íslendingar smíði sjálfir allar síldartunnur, sem landið þarfnast, þannig að þjóðin geti verið óháð erlendum tunnuframleiðendum, og mun ég víkja nánar að þessu síðar.

Þær ástæður aðrar, sem nefndar eru í greinargerð frv. þessa um það, að síldarútvegsnefnd sé svo kunnug öllu, er lýtur að tunnum, bæði kaupum á tunnum og smíði þeirra, vegna þeirra tunnukaupa, sem nefndin hefur annazt, og vegna þess að hún hafi „ráð á mönnum með sérþekkingu á því, er að smíði síldartunna lýtur", eru algerlega rangar. Nefndin hefur ekki haft neina menn í þjónustu sinni, sem sérþekkingu hafa á tunnum, enda hafa tunnukaup hennar frá byrjun verið mjög tilviljunarkennd. Stundum hefur hún fengið góðar tunnur, en stundum hafa þær líka verið afleitar, einmitt vegna vöntunar hjá nefndinni á sérfróðum mönnum. Nefndin hefur heldur aldrei haft í þjónustu sinni menn, er hefðu þekkingu á tunnusmíði, enda ekkert við tunnusmíði fengizt og aldrei sýnt hinn minnsta áhuga fyrir innlendri tunnusmíði, og mun ég víkja nánar að því síðar.

Það er í alla staði óeðlilegt að sameina hjá sömu stofnun það að þurfa að semja um síldarsölu við erlenda síldarkaupendur, sem hafa hagsmuna að gæta í því að selja Íslendingum tunnur eins og einkum á sér stað með Svía, og yfirstjórn hinnar væntanlegu íslenzku tunnuframleiðslu, sem einmitt miðar að því að gera þjóðina óháða því að kaupa síldartunnur erlendis frá. Slíkt myndi valda ýmsum erfiðleikum bæði fyrir síldarsöluna og líka tunnusmíðina, erfiðleikum, sem hægt er að komast hjá, ef hafðar eru tvær stofnanir til að annast þessi störf.

Svo sem kunnugt er, var framleiðsla saltsíldar hér á landi stöðugt að vaxa á árunum milli heimsstyrjaldanna, að undanteknum verstu kreppuárunum. Síðustu árin fyrir stríð var svo komið, að síldarsöltunin var orðin veigamikill þáttur í

atvinnulífi Íslendinga. Auk þess var síldarsöltun orðin nokkuð öruggur atvinnuvegur, þar sem ekki þurfti að óttast stórvægilegar sveiflur. Þrátt fyrir vaxandi þýðingu síldarsöltunar hér á landi var ekkert gert af opinberri hálfu til þess að koma upp innlendum tunnuiðnaði. Það skal þó tekið fram, að Alþingi veitti í nokkur ár ríkisábyrgð fyrir rekstrarláni handa tunnuverksmiðju Siglufjarðar. Auðvitað var ekkert sjálfsagðara en að koma þá þegar upp innlendum tunnuiðnaði, það hefði bæði aukið öryggi síldarsöltunarinnar sem atvinnuvegar með því að tryggja ætíð nægar birgðir af tunnum, það hefði gert íslenzka saltendur óháða hinum erlendu síldarkaupendum, og loks hefði innlend tunnusmíði tryggt söltunarstöðvunum góðar tunnur, en eins og kunnugt er, var verulegur hluti þeirra tunna, sem inn voru fluttar, slæmur, t. d. frá Noregi voru oft fluttar tunnur, sem Norðmenn sjálfir hefðu ekki saltað í. Auk þessa var innlend tunnusmíði til þess fallin að skapa vetraratvinnu á síldarhöfunum norðanlands, en vetraratvinnuleysið hefur alltaf verið stærsta bölið, sem íbúar bæja og þorpa á Norðurlandi hafa átt við að stríða.

Ekkert var eðlilegra en að síldarútvegsnefnd hefði forgöngu um það, að hafin yrði hér tunnusmíði í stórum stíl. Hún átti að geta séð þýðingu þeirrar framleiðslu og hafði aðstöðu til að sannfæra ríkisstjórn og Alþingi um nauðsyn þess að hefja innlendan tunnuiðnað. Þetta gerði síldarútvegsnefnd ekki, heldur voru það allt aðrir aðilar, sem af áhuga og framsýni réðust í þennan iðnað við mjög erfiðar kringumstæður.

Fyrir stríð voru starfræktar tvær tunnuverksmiðjur norðanlands. Á Siglufirði var tunnuverksmiðja, sem samvinnufélagið Tunnuverksmiðja Siglufjarðar átti og rak. Þessi verksmiðja var búin góðum tækjum og gat því framleitt mjög góðar tunnur, en hún bjó við mjög slæman húsakost og átti í hinu mesta basli fjárhagslega, þannig að oft gat hún ekki greitt vinnulaun tímum saman. Afköst þessarar verksmiðju notuðust því ekki nema að litlu leyti. Á Akureyri var og tunnuverksmiðja, sem Akureyrarkaupstaður átti og rak, en sú verksmiðja var mjög úrelt og léleg, en var þó rekin af allmiklum myndarskap og veitti töluverða vinnu yfir vetrarmánuðina. Hins vegar átti bæjarstjórn Akureyrar stöðugt í hinum mestu vandræðum um sölu á tunnum sínum og varð því oft að liggja með miklar tunnubirgðir undir beru lofti, þannig að þær lágu undir skemmdum, eða lána saltendum þær, og var þá oft undir hælinn lagt, hvort þeir borguðu á tilsettum tíma.

Það hefði í alla staði verið eðlilegt, að síldarútvegsnefnd hefði stutt þessar tilraunir til innlends tunnuiðnaðar, og raunar bar nefndinni siðferðisleg skylda til þess. En það var eitthvað annað. Síldarútvegsnefnd sýndi þessum fyrirtækjum fulla óvild, hún rak beinlínis áróður gegn framleiðslu verksmiðjanna. Ýmsir síldarútvegsnefndarmenn og framkvæmdastjóri höfðu allt á hornum sér, er við þá var rætt um samstarf við þessar verksmiðjur. Tunnurnar voru lélegar, sögðu þeir, verðið of hátt, tunnukaup frá útlöndum áttu að gefa meiri markaðsmöguleika fyrir saltsíld og þar fram eftir götunum. Nefndin hafði ekki fyrir því að kynna sér aðstæður, heldur fordæmdi atvinnuveginn, hún vildi sýnilega ekki, að hér gæti risið upp tunnuiðnaður. Þrátt fyrir þetta komst síldarútvegsnefnd ekki hjá því að láta nokkuð undan fyrir kröfu tunnuframleiðenda og kaupa nokkuð af framleiðslunni.

Hin innlenda tunnusmíði átti í mjög miklum örðugleikum vegna samkeppni við erlenda síldarkaupendur, einkum sænsk síldarkaupafélög. Sænsku síldarkaupafélögin hafa frá upphafi bæði hér á landi og í Noregi rekið starfsemi sína á þann hátt, að þau hafa sjálf flutt inn tunnur, salt og krydd til söltunarinnar. Þetta hafa þeir svo lánað saltendum og gátu þá notað sér þessa aðstöðu til að keyra niður verðið á saltsíldinni. Margar söltunarstöðvar voru svo gersamlega á valdi Svíanna, að það var nafnið tómt, að um íslenzka síldarsöltunarstöð væri að ræða. Ástæðurnar fyrir því, að Svíarnir gátu haldið þessum undirtökum, voru í fyrsta lagi, að ekki var til innlend tunnuframleiðsla, þannig að þeir, sem neituðu að ganga að afarkostum Svíanna, áttu á hættu að fá engar tunnur, í öðru lagi var sú ástæða, að

ísl. bankar lánuðu svo lág rekstrarlán til síldarsöltunar, að langflestir saltendur urðu að þiggja það að fá tunnur, salt og krydd að láni. Einokunaraðstaða sú, sem sænsku síldarkaupendurnir höfðu á Íslandi fyrir stríð, skaðaði íslenzka síldarsaltendur um tugi milljóna og þjóðarbúið um samsvarandi upphæð í gjaldeyri.

Sænsku síldarkaupendurnir skildu vel, hver hætta þeim var að því, að hér á landi kæmist upp stórfelldur tunnuiðnaður, enda ráku þeir skarpan áróður gegn slíku og beittu alls konar verzlunarkúnstum til þess að torvelda starfsemi tunnuverksmiðjanna. Í þessu nutu þeir fulls stuðnings síldarútvegsnefndar, og segir það sig sjálft, að tunnuverksmiðjurnar hafa átt í vök að verjast. Eins og alltaf er, þegar erlendir fjármálamenn seilast til gróða eins og hér átti sér stað með Svíana, höfðu þeir lag á því að láta ýmsa menn vinna fyrir sig störf hér, svo sem afgreiða skip, geyma tunnur, annast móttöku vara fyrir sig, útskipun síldar o. s. frv., og svo borguðu þeir fyrir þessi störf misjafnlega hátt, eftir því hvað þýðingarmikill maður átti í hlut. Þessi hópur íslenzkra umboðsmanna gerðist svo talsmenn hinna sænsku gagnvart íslenzkum óánægjuröddum og tryggðu þar með áframhaldandi þetta ófremdarástand.

Sú aðstaða, sem Svíarnir höfðu fyrir stríð, gerði það að verkum, að þeir urðu mikils til alls ráðandi yfir síldarsöltuninni á Siglufirði og norðanlands yfirleitt. Yfir sumarmánuðina voru þeir húsbændur staðarins og gerðu sér dælt við saltendur, svo að þeir urðu flestir að sitja og standa eins og Svíarnir buðu og sæta því verði, sem þeir skömmtuðu. Mögnuð óánægja var meðal saltenda að þurfa að lúta boði Svíanna, og leituðu þá margir saltendur til síldarútvegsnefndar í þeirri von að fá þaðan þann styrk og forustu, sem þörf var á til þess að setja Svíana á sinn rétta stað. Frá síldarútvegsnefnd barst engin hjálp. Hún hossaði Svíunum hvað mest og lét það ekkert á sig fá, þó að þeir féflettu íslenzka saltendur og síldarframleiðendur, enda hélt síldarútvegsnefnd Svíum samfelldar stórveizlur á meðan þeir dvöldu hér, svo að þeim leiddist ekki. Þegar stríðið skall á, gafst Íslendingum óvænt tækifæri til þess að setja Svíum kosti um verð á saltsíldinni, og voru margir saltendur búnir að knýja þá til stórfelldrar hækkunar á verði saltsíldar, en þá greip síldarútvegsnefnd inn í og gerði í skyndi samning við Svíana um óverulega hækkun, og misstu þá saltendur þann eina möguleika, sem þeim gafst til að geta talað við Svíana um verð sem jafningjar þeirra.

Möguleikar Íslendinga til þess að afla sér markaðar fyrir saltsíld hafa aldrei verið eins miklir og nú eftir að stríðinu lauk. Það er ekki óvarlegt, þótt sagt sé, að Íslendingar eigi þess kost nú að afla sér markaða fyrir samtals á aðra milljón tunna af saltsíld í Sovétríkjunum, Póllandi, Tékkóslóvakíu, Finnlandi, Svíþjóð og ef til vill víðar. Að sjálfsögðu er hægt að framleiða svona mikið magn af saltsíld, ef gengið er að því með oddi og egg og samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun, að koma upp stórfelldum söltunarstöðvum í öllum bæjum og þorpum norðanlands, sem hafa aðstöðu til söltunar. En ef út í slíkt ætti að fara, verða tunnuvandræðin versti þröskuldurinn. Fyrsta verkefnið, ef auka á síldarsöltun, er að koma upp stórfelldum tunnuiðnaði fyrst og fremst á Siglufirði og Akureyri, en síðar á hverjum stað, sem hefur svo mikla söltun, að tunnuframleiðsla þar borgi sig, en það er talið að vera 20 þús. tunnur. Þegar mesti fituskorturinn er yfirunninn í heiminum, verður síldarsöltunin margfalt ábatasamari atvinnuvegur en síldarbræðslur, og þá gildir að vera búnir að auka framleiðsluna sem mest. Smíði tunnuverksmiðjanna þolir því enga bið. Á þeim tveim árum, sem liðin eru síðan stríðinu lauk, hafa Íslendingar fengið að súpa seyðið af vanrækslu sinni við að koma upp tunnuiðnaði fyrir stríð. Bæði Svíar og Norðmenn hafa reynzt þjóðinni mjög illa í því efni. Svíar vilja engar tunnur eða tunnuefni láta Íslendingum í té, heldur láta þeir síldarkaupmenn sína hafa þetta, til þess að þeir geti á ný náð þeirri aðstöðu, sem þeir höfðu á Íslandi fyrir stríð. Norðmenn hafa ekki heldur viljað láta þjóðinni í té tunnur eða tunnuefni, en kjósa heldur að láta Svía og Englendinga fá þær. Nýjustu fréttir frá Noregi

herma, að Svíar fái á þessu ári 150 þús. tunnur frá Noregi undir Íslandssíld, en við fáum þar enga tunnu keypta eins og er. Ef við ættum nú tunnuverksmiðjur, þá var hægt að fá tunnuefni bæði frá Finnlandi og Sovétríkjunum.

Þegar eftir að fyrrverandi ríkisstjórn tók við völdum, fól ég undirritaður einum bezta tunnugerðarmanni hér á landi, Haraldi Loftssyni, að rannsaka tunnuverksmiðjurnar á Siglufirði og Akureyri og gera tillögur um, hvernig þeim yrði bezt breytt í fullkomnar verksmiðjur og með hvaða rekstrarfyrirkomulagi væri bezt að reka þær. Haraldur framkvæmdi rannsókn sína og gerði tillögur, sem ríkisstjórnin lét þingmönnum í té. Í tillögum sínum lagði Haraldur til, að heppilegast væri, að ríkið ræki tunnuverksmiðjurnar og tæki algerlega að sér tunnuiðnaðinn. Eftir að þessum rannsóknum og öðrum undirbúningi var lokið, var málið lagt fyrir fyrrverandi ríkisstjórn, og varð þar samkomulag um frv., sem lagt var fyrir þingið s.l. vor, er var síðan afgreitt sem lög nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði. Var þá þegar hafizt handa um undirbúning. Á meðan málið var í meðförum þingsins, gerði ríkisstjórnin kaup á tunnuverksmiðjunni á Siglufirði, en síðar keypti ríkið góðar tunnugerðarvélar af litilli tunnuverksmiðju, sem var starfrækt í nokkur ár í Vestmannaeyjum. Þá keypti ríkið tunnuverksmiðjuna á Akureyri af Akureyrarkaupstað. Síðan hafa og verið keypt verksmiðju- og lagerhús tilbúin í Englandi, vegna þess að á Akureyri er nauðsynlegt að byggja lagerhús, en á Siglufirði bæði verksmiðju- og lagerhús. Þá hafa loks verið keyptar ýmsar vélar til beggja verksmiðjanna. Voru allar framkvæmdir miðaðar við það, að verksmiðjurnar gætu tekið til starfa að einhverju leyti næsta vetur. Með það fyrir augum var leitað kaupa á tunnuefni frá Sovétríkjunum í sambandi við samningana þar s. l. vor. Undirtektir Sovétstjórnarinnar voru hinar beztu, og gaf hún ádrátt um að selja Íslendingum efni í 200 þús. tunnur, ef samið væri fyrir skógarhöggstímann á þessum vetri, sem nú er að líða, og að sjálfsögðu að því tilskildu, að samkomulag yrði um einhverja heildarsamninga. Tækifærið til tunnuefniskaupa þar er gengið Íslendingum úr greipum á þessu ári vegna seinagangsins á samningunum við Sovétríkin.

Þrátt fyrir tafir, sem orðið hafa, vegna þess að ekki fékkst samkomulag við fyrrv. fjármálaráðherra um fjáröflun til tunnuverksmiðjunnar, hefur stjórn tunnuverksmiðja ríkisins, en hana skipa Tryggvi Helgason bæjarfulltrúi, Jón L. Þórðarson forstjóri og Gunnlaugur Hjálmarsson verkamaður, sýnt bæði dugnað og framsýni og er komin vel á veg með framkvæmdir.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að þessi stjórn sé sett af og síldarútvegsnefnd, sem aldrei hefur sýnt nokkurn áhuga fyrir því að koma upp innlendri tunnusmíði, falið að annast framkvæmdir. Það er rétt, að menn geri sér það ljóst, að frv. þetta er runnið undan rifjum þeirra manna, sem bera ábyrgð á því, að ekki var komið upp stórum tunnuverksmiðjum hér á landi fyrir stríð. Þessir menn, sem nú vilja setja frá stjórn Tunnuverksmiðja ríkisins, eru berir að því að hafa lagt hindranir í veg fyrir þá viðleitni til innlendrar tunnusmíði, sem átti sér stað fyrir stríð.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er borið fram fyrir atbeina þeirra manna, sem alltaf hafa verið því andvígir, að tunnuiðnaði væri komið upp í landinu. Hinn raunverulegi tilgangur frv. er því sá að stöðva smíði tunnuverksmiðjanna á Siglufirði og Akureyri. Ef ekki tekst að stöðva byggingu þessara verksmiðja með samþykkt þessa frv., þá er það eingöngu fyrir það, að málið var svo langt komið í skjóli fyrrv. ríkisstjórnar og fyrir dugnað núverandi stjórnenda tunnuverksmiðja ríkisins, að núverandi hæstv. ríkisstjórn telur sér ekki fært að stöðva byggingu verksmiðjanna.

Með tilvísun til þessa alls legg ég til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 21. apríl 1947.

Áki Jakobsson.

Ed. **696. Lög**

um breyting á lögum nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

(Afgreidd frá Ed. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 556.

Ed. **697. Lög**

um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

(Afgreidd frá Ed. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 470.

Nd. **698. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Ólafsfjarðarkaupstað jörðina Hringverskot í Ólafsfirði.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 64.

Nd. **699. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggvisstaði.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 460.

Sþ. **700. Breytingartillögur**

við brtt. 692 við frv. til fjárl. fyrir árið 1947.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

a. Við 8. 8. (13. gr. A. II. a. — Hvítársíðuvegur).
Fyrir „38 300“ kemur 21 300

b. Við 8. 10. (13. gr. A. II. a. — Hraunhreppsvegur).
Fyrir „21 300“ kemur 38 300

Nd. 701. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1.	Nr. 20 í 15. kafla falli niður.			
2.	Nr. 21 í 27. kafla falli niður.			
3.	Nr. 3 í 28. kafla orðist svo:			
	3 — kolsýra	1 kg	7	30
4.	Nr. 30 í 28. kafla orðist svo:			
	30 — saltpétur (kalíumnítrat)	—	2	8
5.	Orðin „og perbóröt“ í nr. 38 í 28. kafla falli niður.			
6.	Aftan við nr. 42 í 28. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	42a Perbóröt og peroxyd	—	7	8
7.	Nr. 60a í 28. kafla orðist svo:			
	60a Ester, etur og keton, sem notuð eru til upplausnar og mýkingar og talin eru í skrá, staðfestri af fjármálaráðherra, einnig cyclohexan	—	7	8
8.	Í stað nr. 12 í 30. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi:			
	Bronslitir, ót. a.:			
	12 — duft	—	7	8
	12a — aðrir	—	7	20
9.	Í stað nr. 7—11 í 39. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	Hjólbarðar og slöngur á ökutæki:			
	7 — á bifreiðar og bifhjól	—	7	10
	8 — á önnur farartæki	—	7	10
10.	Nr. 4 í 40. kafla orðist svo:			
	4 — — Þilfarsplankar ófasaðir og fasaðir úr oregonpine og pitchpine 3×5″ eða stærri ..... tollfrjálsir			
11.	Nr. 49 í 40. kafla orðist svo:			
	49 — húsgagnagrindur, ósamsettar, og einstakir húsgagnahlutar, svo sem stólfætur	—	7	30
12.	Nr. 23 í 44. kafla orðist svo:			
	23 Vélaþéttingar og pípur úr pappa og pappír	—	7	8
13.	Nr. 33 í 44. kafla falli niður.			
14.	Í stað nr. 1—3 í 45. kafla komi:			
	Bækur, blöð, tímarit og þess konar rit, ót. a., með fylgiskjölum og viðaukum, prentuð eða ljósprentuð erlendis:			
	— fyrir íslenzka útgefendur:			
	1 — — bundið	—	2	25
	2 — — annað	—	2	15
	3 — annað ..... tollfrjálst			
15.	Nr. 4 og 5 í 45. kafla falli niður.			
16.	Í stað nr. 9—11 í 45. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi:			
	9 Landabréf alls konar, sjókort, stjörnukort og aðrir þess konar uppdrættir, ót. a. ..... tollfrjálsir			
17.	Í stað nr. 12—13 í 45. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi:			
	12 Myndir til kennslu í náttúrufræði, landafræði, sögu o. þ. h., ót. a. ..... tollfrjálsar			
18.	Nr. 17 í 45. kafla falli niður.			

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
19.	Nr. 20a í 45. kafla falli niður.			
20.	Orðin „Áteiknaðir eða“ í nr. 42 í 52. kafla falli niður.			
21.	Nr. 5 í 58. kafla orðist svo:			
	5 Granít- og marmaraplötur, sléttar eða slípaðar	1 kg	7	30
	Aths. Ef þessar steintegundir eru einungis slípaðar á einni hlið og að öðru leyti aðeins sagaðar eða tilhöggnar, er heimilt að færa verðtollinn niður í 15%.			
22.	Nr. 30 í 58. kafla orðist svo:			
	30 Skraut- og glysvarningur úr steini og steinkenndum efnum	—	120	80
23.	Nr. 17 í 60. kafla falli niður.			
24.	Nr. 19 í 60. kafla orðist svo:			
	19 — annað	—	2	10
25.	Á eftir nr. 23 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	23a Olíugeymar, síldarolíugeymar og aðrir slíkir geymar	—	2	8
26.	Nr. 14 í 71. kafla orðist svo:			
	14 Myndamót (clichéer)	—	7	30
	Aths. Af myndamótum (clichéer) skal ekki greiða verðtoll,, ef þau eru lánuð eða leigð hingað til lands og endursend að notkun lokinni, enda fylgist tollyfirvöldin með því, að þau séu endursend.			
27.	Nr. 6—9 í 72. kafla orðist svo:			
	6 — kjötkvarnir, ót. a.	—	2	8
	7 — kaffikvarnir, ót. a.	—	2	8
	8 — þvottavindur og þvottarullur og hlutar til þeirra ..	—	2	8
	9 — annað	—	2	15
28.	Nr. 37—45 í 73. kafla orðist svo:			
	Búsáhöld og hlutar til þeirra:			
	37 — eldavélar og bökunarofnar	—	2	8
	38 — hitunar- og suðutæki, ót. a.	—	2	8
	39 — strauvélar	—	2	8
	40 — þvottavélar	—	2	8
	41 — hrærivélar	—	2	8
	42 — eldhúsvélar, ót. a.	—	2	8
	43 — kæliskápar	—	2	8
	44 — bónvélar, ryksugur og loftræsar	—	2	8
	45 — önnur	—	2	15
29.	Nr. 20 í 77. kafla orðist svo:			
	20 — aðrir hitamælar, ót. a.	—	7	8
30.	Í stað nr. 8 og 9 í 82. kafla komi þrír nýir liðir, svo hljóðandi:			
	Tilbúin, mótanleg efni, búin til úr kaseíni, gelatíni, sterkju, fenólum, þvagefni, ftalsýru, efnum leiddum af sellulósa, og önnur þess konar mótanleg efni, ót. a.:			
	8 — í plötum og stöngum	—	7	15
	9 — fatnaður, nema skófatnaður	—	7	40
	10 — aðrar vörur, ót. a.	—	7	30

2. gr.

Á 2. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Aftan við g-lið komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Nánari skilyrði fyrir undanþágu þessari má setja í reglugerð m. a. um það, að hlutaðeigendur leggi fram skilríki fyrir tilskildri dvöl sinni erlendis og að þeir hafi raunverulega notað erlendis hina innfluttu muni, að þeir leggi fram

skilríki fyrir búsetuheimild sinni hér og greiði gjald fyrir skoðun munanna. Þá skal og heimilt að ákveða, að undanþágan taki aðeins til heimilismuna að tilteknu verðmæti.

2. j-liður orðist svo:
   j. Vörur, sem eru endursendar hingað frá útlöndum vegna þess, að þær seldust ekki þar, eða endursendar eru hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan. Skilyrði undanþágunnar er, að vörurnar komi hingað aftur innan árs frá því þær fóru héðan.

3. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrsta málsgrein falli niður.
2. Í stað orðanna „Enn fremur er fjármálaráðuneytinu heimilt“ í upphafi 2. málsgr. komi: Fjármálaráðuneytinu er heimilt.
3. h-liður 3. gr. orðist svo:
   h. Að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum hampgarn til veiðarfæragerðar.
4. Á eftir h-lið greinarinnar komi fjórir nýir stafliðir, svo hljóðandi:
   i. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar.
   j. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af umbúðum um innlendar framleiðsluvörur, sem sendar eru til útlanda til sölu þar, og af vörum, sem notaðar eru í vörur þessar til þess að gera þær söluhæfari eða til þess að þær geymist betur.
   k. Meðan heimilt er að hækka gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. nú lög nr. 94 28. des. 1946, að hækka tilsvarandi aðflutningsgjöld af sömu vörutegundum aðfluttum.
   l. Að lækka eða fella niður aðflutningsgjöld af myndamótum, sem fréttablöðin fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi numin 3. gr. laga nr. 105 14. maí 1940, 3., 7., 17. og 29. liður laga nr. 96 9. júlí 1941, það sem segir um nr. 60a í 17. lið laga nr. 56 4. júlí 1942, lög nr. 56 14. apríl 1943, og 20., 21., 37. og 38. liður og það, sem segir um nr. 17 og 19 í 28. lið laga nr. 6 12. jan. 1945, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Sþ. 702. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947 og við brtt. á þskj. 691 og 692.

I. Frá *Gunnari Thoroddsen*.
   Við 13. gr. A. II. a. 12. Nýr liður:
   Útnesvegur (þar af 50 þús. til vegargerðar frá Hellissandi að flugvelli við Gufuskála) 100 000

II. Frá *Hermanni Guðmundssyni*.
   1. Við 13. gr. A. VI. 3. (Bókasafn verkamanna).
      Fyrir „4 000“ kemur 10 000
   2. Við brtt. 292,12. 7. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarfjörður).
      Fyrir „280 500“ kemur 600 000

III. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við brtt. 692,13. 16. (Við 13. gr. C. IX. — Grafarnes).
Fyrir „63 800“ kemur 100 000

IV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Arnfinni Jónssyni, Páli Þorsteinssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 14. gr. B. XXX. (Rannsóknir á þroskastigi skólabarna).
Nýr liður á eftir 2:
Vegna aðstoðarmanns 18 000

V. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við 15. gr. A. III. 9. Nýr tölul. (10):
Til viðhalds Snorragöngum í Reykholti 5 000

VI. Frá *Hermanni Guðmundssyni.*
Við 15. gr. A. VI. 30. Nýr liður:
Til lesstofu fulltrúaráðs verkalýðsfél. í Hafnarfirði ..... 5 000.
Til vara 3 000

VII. Frá *Bjarna Benediktssyni.*
Við 15. gr. A. VII. 11. Liðurinn orðist svo:
Til að þýða rit Jóns Dúasonar á enska tungu 25 000
enda telji lagadeild háskólans ritin þess eðlis, að rétt sé að gefa þau út að tilhlutun ríkisins.

VIII. Frá *Hermanni Guðmundssyni.*
Við 15. gr. A. X. 5. (Leikfél. Hafnarfjarðar).
Fyrir „3 000“ kemur 6 000

IX. Frá *Gunnari Thoroddsen, Gylfa Þ. Gíslasyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni* og *Birni Kristjánssyni.*
Við 15. gr. A. XI. 9. Nýr liður:
Til Karlakórs Reykjavíkur vegna söngfarar 1946, gegn jafnháu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur 40 000

X. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 20. gr. Út. VII. (Menntaskólahús í Rvík).
Fyrir „500 000“ kemur 1 000 000

XI. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að festa kaup á eða gera byggingarsamning um hafrannsóknaskip og verja til þess allt að 500 þús. kr.

XII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Arnfinni Jónssyni* og *Gunnari Thoroddsen.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að greiða stúdentagörðunum í Reykjavík 100 þús. kr. vegna stofnkostnaðar.

XIII. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við brtt. 691,45. f. (Við 22. gr. XII. — Vestmannaeyjalóðir). Upphaf liðarins skal orða svo:
Að verja lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum — o. s. frv.

XIV. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Gunnari Thoroddsen, Ásmundi Sigurðssyni* og *Páli Zóphóníassyni.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að veita Gunnlaugi Ó. Scheving listmálara allt að 25 þús. kr. lán til byggingar vinnustofu.

XV. Frá *Hermanni Jónassyni.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að veita Sigmundi Lýðssyni bónda, Einfætingsgili, Óspakseyrarhreppi, Strandasýslu, 5 þús. kr. styrk til að koma upp vélaverkstæði.

XVI. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 22. gr. XII. Nýir liðir:
1. Að veita forstöðumönnum skipulagsmála, vegamála, húsagerðar ríkisins, vitamála og rafmagnsmála 5000 kr. ferðastyrk hverjum til að kynna sér nýjungar í sérgreinum sínum á Norðurlöndum, Englandi eða Bandaríkjunum, og skulu útgjöld þessi talin með skrifstofufé þessara stofnana.
2. Að greiða til hæstaréttar 5 000 kr. utanfararstyrk fyrir elzta dómarann í réttinum.
3. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Kaupfélag Þingeyinga til að stofna mjólkurbú, allt að helmingi stofnkostnaðar.
4. Að verja 100 þús. kr. til fyrirhleðslu Fauska og annarra varnargarða við Markarfljót.

XVII. Frá *Katrínu Thoroddsen.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að verja allt að einni milljón króna til byggingar farsóttasjúkrahúss í Reykjavík, enda leggi Reykjavíkurbær fram ⅓ hluta byggingarkostnaðar.

XVIII. Frá *Pétri Magnússyni, Steingrími Steinþórssyni, Jóni Sigurðssyni, Jónasi Jónssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Þorsteini Þorsteinssyni, Barða Guðmundssyni, Einari Olgeirssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að greiða Sigurði Sigurðssyni listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk.

XIX. Frá *Sigfúsi Sigurhjartarsyni.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að taka allt að 15 millj. kr. lán til íbúðarhúsabyggingar samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946.

Sþ. 703. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 15. gr. A. VII. 4. Nýr töluliður:
Til Alþýðusambands Íslands:
a. Til útgáfu sögu verklýðshreyfingarinnar 12 000
b. Til útgáfu söngvasafns til söngiðkana á vegum verklýðshreyfingarinnar 40 000
2. — 17. — 10. Nýr liður:
Til starfskvennaskóla Sumargjafar 30 000
3. — 17. — 23. Nýr liður:
Til íbúðarhúsabygginga samkvæmt III. kafla l. nr. 44 7. maí 1946 ..... 800 000
4. — 22. — XII. Nýir liðir:
a. Að greiða allt að 300 þús. kr. sem fyrstu greiðslu til byggingar Búnaðarfélagshúss.
b. Að greiða allt að 300 þús. kr. sem fyrstu greiðslu til byggingar templarahallar í Reykjavík.

Sþ. **704. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947 og við brtt. á þskj. 691.

I. Frá *Eiríki Einarssyni, Jóni Sigurðssyni, Katrínu Thoroddsen, Jörundi Brynjólfssyni* og *Gísla Sveinssyni.*
Við 14. gr. B. XIX. (Til blindrastarfsemi).
Fyrir „15 000“ kemur 16 500

II. Frá *Þorsteini Þorsteinssyni.*
Við brtt. 691,17. (Við 15. gr. A. VII. 20. — Ætt- og mannfræðifélagið). Brtt. skal orða svo:
Til ætt- og mannfræðifélagsins, til útgáfu manntalsins frá 1816 10 000

III. Frá *Eiríki Einarssyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. A. 28. d. Nýr stafliður:
Til Ásgeirs Hraundal, Stokkseyri, í viðurkenningarskyni fyrir störf hans við húsdýralækningar 3 500

IV. Frá *Arnfinni Jónssyni* og *Barða Guðmundssyni.*
Við 17. gr. 12. a. (Rauðikrossinn).
Fyrir „15 000“ kemur 50 000

V. Frá *Katrínu Thoroddsen.*
Við 17. gr. 20. (Kvenréttindafélag Íslands).
Fyrir „15 000“ kemur 30 000

VI. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 20. gr. Út. VII. Liðurinn orðist svo:
Til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík 425 000
enda verði skólinn ekki fluttur úr miðbænum.

VII. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við 20. gr. Út. XI. Nýr liður:
Til byggingar listasafns ríkisins, fyrsta greiðsla af þremur .. 1 000 000
Jafnframt velji ríkisstjórnin stað fyrir safnið, í samráði við Bandalag íslenzkra listamanna og bæjarstjórn Reykjavíkur, og láti fara fram samkeppni um teikningu að safninu.

VIII. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 22. gr. XII. Nýir liðir:
1. Að fresta fjárframlögum til framkvæmda, sem ekki eru bundnar í öðrum lögum en fjárlögum, ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkisins gerir það nauðsynlegt. Ef fé er hins vegar fyrir hendi, en fresta verður framkvæmdum af öðrum ástæðum, skal það fé geymt, er til þeirra framkvæmda var ætlað, en þær að öðrum kosti látnar sitja í fyrirrúmi á árinu 1948.
2. Að taka allt að 25 milljón króna lán til þess að ljúka framkvæmdum, sem fé er veitt til í fjárlögum, ef tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum, en vinnuafl nægilegt atvinnuvegunum að skaðlausu.

IX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að greiða Jóni Sveinbjörnssyni, fyrrv. konungsritara, 5 þús. kr. eftirlaun.

X. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að verja fjárhæð þeirri, sem veitt var í fjárl. 1946 til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík, en ekki notuð, til að kaupa eða byggja rektorsbústað nærri skólanum.

XI. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að greiða 100 þús. kr. til byggingar Vatnsdalsárbrúar.

XII. Frá *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að greiða Jörundi Geststssyni, bónda á Hellu í Steingrímsfirði, allt að 5 þús. kr. styrk til þess að koma upp hjá sér verkstæði, sem annazt geti viðgerðir og smíði stærri báta.

XIII. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. XII. Nýir liðir:
1. Að láta byggja björgunar- og eftirlitsskip fyrir Vestfirði í samræmi við samning, sem ríkisstjórnin hefur gert við slysavarnasveitirnar á Vestfjörðum og Slysavarnafélag Íslands.
2. Að greiða Jóni M. Jónssyni, bónda í Engidal í Skutulsfirði, 12 þús. kr. í skaðabætur fyrir tjón, er hann beið af 12 ára sóttkvíun heimilis hans og afurðasölubanni sama tíma.

XIV. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Finni Jónssyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að verja allt að 25 þús. kr. til þess að liðsinna því fólki, sem tilfinnanlegast tjón beið við snjóflóðin, er féllu á Ísafirði í vetur.

Sþ. 705. Tillaga til þingsályktunar

um sölu á vélskipi til hlutafélagsins Borgey á Hornafirði.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að selja hlutafélaginu Borgey á Hornafirði 66 smálesta vélskip, er ríkisstjórnin hefur í smíðum, án þess að innheimta tilskilið framlag frá félaginu fyrr en að lokinni næstu síldarvertíð, enda verði skipið til afnota, ef þörf krefur, til vöruflutninga milli Hornafjarðar og annarra landshluta þá tíma árs, sem það stundar ekki veiðar.

Greinargerð.

Hlutafélagið Borgey á Hornafirði var stofnað vorið 1946 og gerðist þegar kaupandi að einu hinna sænsku vélskipa, er ríkisstjórnin hafði til sölu. Var hafin almenn hlutafjársöfnun í Hafnarhreppi til greiðslu á tilskildum hluta kaupverðs og heimsiglingarkostnaði frá Svíþjóð. Til þessa hvors tveggja hefur félagið greitt tæpar 90 þús. kr.

Með því hörmulega slysi, er varð, þegar vélskipið Borgey fórst, hefur félagið tapað þessu fé öllu. Var skipið vátryggt samkvæmt mati fyrir 500 þús. kr., þar af 10% eigin áhætta, sem skyldugt er. Mun vátryggingarféð auk framlags hlutafélagsins renna beint til ríkissjóðs upp í verð skipsins, þar sem félagið hafði ekki fengið afsal fyrir því, og var ríkissjóður því hinn raunverulegi eigandi þess.

Auk þessa hafði félagið greitt heimsiglingarkostnað, rúmar 31 þús. kr., auk ýmislegs annars kostnaðar.

Skipið stundaði síldveiðar s.l. síldarvertíð og vöruflutninga milli Hornafjarðar, Reykjavíkur og Austfjarða frá því að síldarvertíð lauk og þangað til það fórst. Þótt aflamagn skipsins yrði vel í meðallagi miðað við önnur skip, varð rekstrarhalli á starfseminni, er nam rúmum 36 þús. kr.

Hvíla því nokkrar skuldir enn þá á félaginu og munu ekki vera fyrir hendi möguleikar til að safna hlutafé að nýju til greiðslu á tilskildu framlagi á nýjan leik.

Kaup vélskipsins Borgeyjar var fyrsta tilraun til að efla atvinnulíf kauptúnsins með útgerð stærri vélskipa. Enn fremur bætti flutningastarfsemin mjög úr þeim erfiðleikum, sem héraðið á við að búa, hvað samgöngur snertir. Voru því mjög miklar vonir tengdar við þessa starfsemi, og væri það óbætanlegt tjón fyrir allt atvinnulífið á staðnum og þar með afkomu héraðsbúa, ef þessi fyrsta tilraun endar á þennan hátt.

Með tillögu þessari er þess farið á leit, að hið opinbera greiði fyrir félaginu með að eignast nýtt skip, með því að selja því eitt hinna stærri vélskipa, er smíðuð hafa verið innanlands á vegum íslenzku ríkisstjórnarinnar, án þess að krefjast greiðslu á hinu tilskilda framlagi fyrr en að lokinni næstu síldarvertíð. Þar sem útlit er fyrir hátt verð á síldarafurðum, eru mjög miklar líkur til, að félagið gæti þannig unnið sig upp fjárhagslega, ef það fær tækifæri til að hefja starfsemi að nýju.

Sþ. 706. Breytingartillaga

við brtt. 692,8. 29 (Fjárlög):

Frá fjárveitinganefnd.

Brtt. skal orða svo (leiðrétting):

Botnsheiðarvegur	76 500

Sþ. 707. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 702 (Fjárlög).

Frá Skúla Guðmundssyni, Barða Guðmundssyni og Sigfúsi Sigurhjartarsyni.

Við till. XVIII. á þskj. 702. Liðinn skal orða svo:

Að greiða Sigurði Sigurðssyni listmálara og Freymóði Jóhannssyni listmálara 15 þúsund krónur hvorum í byggingarstyrk.

Sþ. 708. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Við 22. gr. Nýr liður:

Að verja allt að 300 þús. kr. til stuðnings sveitarfélögum, er þurfa að koma upp vatnsveitum, ef lög um aðstoð við vatnsveitur verða sett á þessu ári.

Sþ. 709. Breytingartillaga

við brtt. 702 (Fjárlög).

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Gunnari Thoroddsen, Ásmundi Sigurðssyni og Páli Zóphóníassyni.

Við XVIII. Liðurinn orðist svo:
Að greiða Gunnlaugi Ó. Scheving, listmálara, Sigurði Sigurðssyni, listmálara, og Freymóði Jóhannssyni, listmálara, 15 þús. kr. byggingarstyrk hverjum.

Sþ. 710. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947.

Frá Steingrími Steinþórssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni og Jóni Sigurðssyni.

Við 15. gr. A. VII. 12. Nýr tölulíður:
Til Arnórs Sigurjónssonar, ritstyrkur 5 000

Sþ. 711. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 691 (Fjárlög).

Frá Áka Jakobssyni.

Við 45. s. (Nýr liður við 22. gr. XII. — Fiskiðjuver).
a. Á eftir „útvegsmanna og fiskimanna“ kemur: bæjar- og sveitarfélaga.
b. Fyrir „útvegsmenn“ kemur: þessir aðilar.

Sþ. 712. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947.

Frá fjármálaráðherra.

Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að taka allt að 6 milljón króna lán til greiðslu á verðuppbótum á ull samkv. l. nr. 58/1945.

Nd. 713. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

Við 1. gr.

	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
a. 27. liður orðist svo:			
Nr. 6—9 í 72. kafla orðist svo:			
6 — kjötkvarnir, ót. a.	1 kg	2	4
7 — kaffikvarnir, ót. a.	—	2	4
8 — þvottavindur og þvottarullur og hlutar til þeirra	—	2	4
9 — annað	—	2	4
b. 28. liður orðist svo:			
Nr. 37—45 í 73. kafla orðist svo:			
Búsáhöld og hlutar til þeirra:			
37 — eldavélar og bökunarofnar	—	2	4
38 — hitunar- og suðutæki, ót. a.	—	2	4
39 — strauvélar	—	2	4
40 — þvottavélar	—	2	4
41 — hrærivélar	—	2	4
42 — eldhúsvélar, ót. a.	—	2	4
43 — kæliskápar	—	2	4
44 — bónvélar, ryksugur og loftræsar	—	2	4
45 — önnur	—	2	4

Sþ. 714. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947.

Frá Emil Jónssyni og Steingrími Steinþórssyni.

Við 22. gr. Nýr liður:

Að veita Gunnlaugi Kristmundssyni fyrrv. sandgræðslustjóra full laun frá 1. apríl s. l.

Sþ. 715. Breytingartillaga

við brtt. 702 (Fjárlög).

Frá Þorsteini Þorsteinssyni og Jóni Sigurðssyni.

Við VII. (Við 15. gr. A. VII. 11. — Jón Dúason).

Fyrir orðin „að tilhlutun ríkisins“ kemur: með fjárstyrk úr ríkissjóði.

Sþ. 716. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Við 22. gr. XII. Nýr liður:

Að greiða tryggingarsjóði sjómanna í Bolungavík 33 þús. kr., enda verði samþykktir sjóðsins færðar til samræmis við lög nr. 109 1943.

Sþ. 717. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Utanfararstyrkur vegna alþjóðaskákmóta 5 000

Við 14. gr. XXV. (Skáksamband Íslands).
Liðurinn verði 1. tölul. og aftan við hann bætist nýr töluliður:

Sþ. 718. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 691 (Fjárlög).

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 41. (20. gr. Út. VIII. Heimavist Menntask. Ak.).
Fyrir „552 500“ kemur 650 000

Sþ. 719. Nefndarálit

um till. til þál. um endurskoðun siglingalaga og sjómannalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. apríl 1947.

Ingólfur Jónsson, form.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskr.	Finnur Jónsson, frsm.
Jón Sigurðsson.	Sigfús Sigurhjartarson.	Sigurður Bjarnason.
	Bernh. Stefánsson.	

Sþ. 720. Nefndarálit

um till. til þál. um gjaldeyri til kaupa á varahlutum til bifreiða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og fengið upplýsingar hjá viðskiptaráði um leyfisveitingar fyrir bifreiðavarahlutum að undanförnu. Það upplýstist einnig, að við síðustu áramót voru ónotuð gjaldeyrisleyfi fyrir bifreiðavarahlutum frá árinu 1946 að upphæð kr. 4 854 000.00.

Að fengnum þessum upplýsingum þótti nefndinni eðlilegast að vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að hún hlutist til um, að gjaldeyrir verði veittur til kaupa á bifreiðavarahlutum eftir því, sem nauðsynlegt er á hverjum tíma.

Alþingi, 27. apríl 1947.

Ingólfur Jónsson, form., frsm.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskr.	Finnur Jónsson.
Jón Sigurðsson.	Sigfús Sigurhjartarson.	Sig. Bjarnason.
	Bernh. Stefánsson.	

Ed. 721. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Frá fjárhagsnefnd.

Eftir að frv. var vísað til fjárhagsnefndar, gerðist það, að nokkur hluti nýreistrar mjölskemmu á Siglufirði hrundi. Þótti n. því nokkur hætta á, að lántökuheimild sú, er farið er fram á í frv., mundi eigi nægjanleg og ráðgaðist við fjármálaráðh. um málið. Mun hann hafa leitað umsagnar stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, og hefur nefndinni nú borizt afrit af svarbréfi verksmiðjustjórnar, dags. 18. þ. m. Er bréfið svo hljóðandi:

Reykjavík, 18. apríl 1947.

Ráðherra sjávarútvegsmála, Reykjavík.

Vér leyfum oss hér með að skýra yður frá, hæstvirtur ráðherra, að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins samþykkti eftirfarandi tillögu á fundi sínum í dag með öllum atkvæðum:

„Í sambandi við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur, sem nú liggur fyrir Alþingi, samþykkir stjórn Síldarverksmiðja ríkisins:

Þar sem ekki hefur verið reiknað með öllum þeim kostnaði, sem nú er fyrirsjáanlegur, í áætlun þeirri, sem Byggingarnefnd Síldarverksmiðja ríkisins gerði 30. nóv. 1946, telur stjórn Síldarverksmiðja ríkisins sig ekki geta komizt hjá að fara fram á hækkun ábyrgðarheimildarinnar úr 38 milljónum króna upp í 43 milljónir króna, til að fullgera nýju verksmiðjurnar á Siglufirði og Skagaströnd.

Liðir þeir, sem hækkun valda, eru aðallega:

1. Olíugeymar fyrir olíu til kyndingar.
2. Olíukyndingartæki.
3. 400 hestafla mótor með generator á Skagaströnd.
4. Kostnaður við að fullgera verksmiðjurnar og við ýmsar lagfæringar.
5. Hús fyrir framkvæmdastjóra á Skagaströnd.
6. Kostnaður í sambandi við hrun norðurhelmings mjölskemmunnar á Siglufirði og endurbygging hennar og lagfæring mjölgeymslu á Skagaströnd."

Virðingarfyllst.

F. h. stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins.

Sveinn Benediktsson.

Fjárhagsnefnd telur, að ekki verði hjá komizt að hækka lántökuheimildina svo sem verksmiðjustjórnin fer fram á og leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Í stað „38“ komi: 43.

Alþingi, 19. apríl 1947.

Pétur Magnússon, form., frsm.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, með fyrirvara.
Guðm. Í. Guðmundsson.	Brynj. Bjarnason.	

Sþ. 722. Nefndarálit

um till. til þál. um notkun á strandferðaskipum ríkisins til siglinga milli Íslands og útlanda, þegar sérstaklega stendur á.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leggur til, að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar til gaumgæfilegrar athugunar.

Alþingi, 26. apríl 1947.

Ingólfur Jónsson, form.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskr., frsm.	Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.
Jón Sigurðsson.	Sigurður Bjarnason.	Finnur Jónsson.
	Sigfús Sigurhjartarson.	

Nd. 723. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 1. gr.

Á eftir 25. tölul. komi nýir liðir, þannig:

	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
a. Nr. 52 í 63. kafla orðist svo:			
Olíuofnar, gasofnar, olíuvélar og gasvélar	1 kg	2	8
b. Nr. 61 í 63. kafla orðist svo:			
Kæliskápar og kælikassar, ót. a.	—	2	8
c. Nr. 3 í 66. kafla orðist svo:			
Plötur	—	7	

Nd. 724. Breytingartillaga

við frv. til l. um byggingu síldarverksmiðju á Norðurlandi sunnan Langaness.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Við 2. gr. Síðari málsl. gr. orðist svo: Undirbúningur skal gerður á árinu 1947, en byggingarframkvæmdir hafnar á árinu 1948.

Nd. **725. Breytingartillögur**

við frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðinu „leggja“ komi: mánaðarlega eftir á.
   b. Í stað „15%“ komi: 25%.
   c. Á eftir orðunum „sérstakan reikning“ komi: nýbyggingarreikning.
   d. Á eftir orðinu „erlendis“ komi: til viðbótar því, sem nú er á þeim reikningi eða samkvæmt lögum á að vera greitt inn á hann.
   e. Við greinina bætist: samkvæmt nánari ákvörðun fjárhagsráðs og í samræmi við áætlanir þess.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað 2. málsliðar 1. málsgreinar og upphafs 2. málsgreinar komi:
      Hlutverk ráðsins skal vera að semja og framfylgja heildaráætlunum um þjóðarbúskap Íslendinga. Séu áætlanir ráðsins tvenns konar:
      1. Áætlanir um nýsköpun íslenzka atvinnulífsins fyrir ákveðin tímabil, 5—10 ára, eftir nánari ákvörðun laga þessara, ríkisstjórnar og ráðsins.
      2. Áætlanir fyrir eitt ár í senn um allan þjóðarbúskapinn.

      Til þess að ná þeim tilgangi, sem lög þessi mæla fyrir um, að stefna skuli að með framkvæmd áætlana þessara, skal ráðið samræma og efla framtak jafnt einstaklinga, samvinnufélaga, sveitarfélaga og ríkisstofnana.

      Höfuðmarkmið ráðsins skal vera að tryggja sem fullkomnasta hagnýtingu auðlinda, framleiðslutækja, vinnuafls og fjármagns þjóðarinnar á grundvelli beztu rannsókna á þessum sviðum, sem hægt er að gera á hverjum tíma. Að öðru leyti skal ráðið miða störf sín við eftirfarandi:
   b. Við 2. gr. 2. Orðin „vinnandi“ í byrjun málsgreinarinnar og „óeðlileg“ í lok hennar falli burt.
3. Við 3. gr.
   a. 3. málsgr. orðist svo:
      Fjárhagsráð semji fyrir ár hvert heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs, magn og verðmæti, svo og um, til hvaða landa útflutningurinn fari og frá hvaða löndum innflutningurinn komi. Skal áætlun þessi miðast við það að hagnýta sem bezt markaðsmöguleika og fullnægja sem hagkvæmast innflutningsþörf landsmanna. Mánaðarlega skal ráðið endurskoða áætlun þessa og breyta henni svo sem nauðsynlegt kann að vera vegna viðskipta við útlönd og gjaldeyrisástands þjóðarinnar.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Fjárhagsráð skal um samning og framkvæmd útflutnings- og innflutningsáætlana sinna alveg sérstaklega stefna að því að afstýra því að atvinnulíf landsmanna verði fyrir kreppum, markaðsvandræðum og verðhruni, en beita sér fyrir því, að afkomuöryggi landsmanna verði tryggt með útvegun öruggra framtíðarmarkaða, m. a. með því að samið verði til nokkurra ára í senn um sölu afurða og kaup erlendra vara.
4. Á eftir 3. gr. komi eftirfarandi nýjar greinar, og breytist greinatalan samkvæmt því:
   a. (4. gr.) Á sviði sjávarútvegsins skal stefna fjárhagsráðs vera sú að ljúka fram að 1951 við höfuðframkvæmdir á því sviði og þá fyrst og fremst þessar:
      1. Öflun minnst 20 nýrra togara, þannig að Íslendingar eigi 1951 eigi færri en 75 togara.
      2. Koma upp fiskiðjuverum ríkisins á Hornafirði, Vestmannaeyjum, Ísafirði og einum stað á Suðurnesjum.

3. Stuðla að uppkomu fiskiðjuvera bæjarfélaga og samvinnufélaga fiskimanna á nokkrum öðrum hentugum stöðum.
4. Koma upp lýsisherzluverksmiðju ríkisins.
5. Koma upp síldarniðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju ríkisins.
6. Koma upp tunnuverksmiðjum þeim, sem ákveðið hefur verið að reisa á Siglufirði og Akureyri.
7. Koma upp síldarverksmiðju austan Langaness.
8. Stuðla að uppkomu hraðfrystihúsa og fiskimjölsvinnslu og að útvegunum tækja til hagnýtingar aflans á þeim stöðum, sem þess er þörf að áliti ráðsins.
9. Stuðla að uppkomu hafna og verbúða í samræmi við þörf og staðsetningu fiskiflotans.

Fjárhagsráð skal haga áætlunum sínum á öðrum sviðum atvinnulífsins í samræmi við það, að höfuðverkefninu um efling fiskiskipastóls og fiskiðnaðar sé lokið í bráð með þeim framkvæmdum, sem hér er gert ráð fyrir.

Fjárhagsráð skal hafa samstarf við samtök fiskimanna, sjómanna sem útvegsmanna, um ákvörðun og framkvæmd áætlana þessara.

b. (5. gr.) Fjárhagsráð skal undirbúa sem eitt aðalverkefni sitt uppkomu stóriðju í landinu á grundvelli ódýrrar raforku, og skal því leggja höfuðáherzlu á að láta fram fara nauðsynlegar undirbúningsrannsóknir og tilraunir, til þess að hægt verði á árabilinu 1950—55 að reisa slík raforkuver, er geti framleitt orkuna ódýrast og svo mikla, að hún nægi jafnt til sköpunar stóriðju hér sem til reksturs vélrekins landbúnaðar og fiskiðju. Skal hvort tveggja athugað til hlítar: að reisa stærstu vatnsvirkjunarstöð, er völ sé á með tilliti til framleiðslu mikillar ódýrrar orku sem og að hagnýta gufuhverina og jarðhitann í framleiðsluþarfir. Sérstaklega ber fjárhagsráði að sjá um, að viðkomandi ríkisstofnanir láti rannsaka til fulls virkjunarskilyrði við Urriðafoss í Þjórsá.

Þá skal ráðið annast rannsóknir á því, hverjum greinum stóriðju sé vænlegast að koma hér upp, bæði til framleiðslu fyrir innlendan markað (svo sem áburðarverksmiðju) og til útflutnings, og skulu í því sambandi einnig rannsakaðir möguleikar til innflutnings hráefna til þess að vinna úr hér, svo og vinnslu hvers konar efna úr sjó.

Ráðið skal að öðru leyti, hvað innlendan iðnað snertir, leggja áherzlu á, að upp komi sem fyrst sementsverksmiðja, er fullnægi þörfum landsmanna, og nægar verksmiðjur til þess að vinna úr allri ull, sem hér er framleidd. Á sviði þess iðnaðar, sem fyrir er, skal stefnt að því, að hagnýtt sé til fullnustu framleiðslugeta hverrar verksmiðju, þótt samfærsla framleiðslunnar í eina verksmiðju hljótist þar af, enda sé þess gætt, að hagsmunum þjóðarheildarinnar verði þannig bezt borgið.

Fjárhagsráð skal hafa samráð um samninga og framkvæmd áætlana þessara við samtök atvinnurekenda sem launþega í iðnaði og samtök sérfræðinga og áhugamanna í þessum greinum.

c. (6. gr.). Fjárhagsráð og Búnaðarfélag Íslands skulu í sameiningu gera rannsókn á núverandi ástandi og þróun íslenzks landbúnaðar og áætlun um þróun hans næstu 10 ár. Skal þar áætluð þörfin innanlands fyrir þær vörur, er landbúnaðurinn getur annazt um framleiðslu á, og athuguð skilyrði fyrir framleiðslu landbúnaðarvara til útflutnings. Skal síðan staðsetning framleiðslunnar miðuð, svo sem fært þykir á hverjum tíma, við þá áætlun, og eftir því hvers konar búskapur hentar bezt hverjum stað. Einnig skulu af sömu aðilum gerðar tilraunir um, hvaða stærð búa sé hagkvæmust. Skal lánaveitingum Ræktunarsjóðs hagað í samræmi við þessa heildaráætlun og þá staðsetningu framleiðsluaukningarinnar, sem er samkvæmt henni.

d. (7. gr.). Fjárhagsráð skal gera nákvæma áætlun um byggingu íbúðarhúsa fyrir næstu 5 ár, þar sem ákveðin sé gerð húsa og stærð og á hvaða stöðum þau skuli byggð, samkvæmt þörfinni fyrir íbúðir á hverjum stað, og skal miðað við það hvort tveggja að fullnægja íbúðarhúsaþörfinni fyrir þá staði, sem sérstaklega þurfa íbúðarhúsa vegna vaxandi framleiðslu, og svo hitt, að bæta sem skjótast úr húsnæðisvandræðum þeim, sem fyrir eru. Skal fjárhagsráð leita álits bæjar- og sveitarstjórna, svo og byggingarfélaga, áður en áætlunin er samin. Í samræmi við áætlun þess skal fjárhagsráð láta ráðstafa byggingarefninu til þessara staða. Skulu byggingarfélög launþega, samvinnubyggingarfélög og bæjar- og hreppsfélög hafa forgangsrétt að öllu efninu, enda myndi þau samtök sín á milli á hverjum stað til þess að annast byggingarnar og innkaup til þeirra í þeim tilgangi, að byggt verði sem ódýrast og bezt.

Þessi áætlun skal birt strax og hún hefur verið samin, og send þeim aðilum, er hún varðar, svo að þeir geti gert við hana athugasemdir og breytingartillögur. Eigi skal þó fjárhagsráð láta slíkar tillögur tefja framkvæmd áætlunarinnar, en endurskoða skal hana á hverju missiri í ljósi þeirrar reynslu, sem þá er fengin. Lánveitingum lánsstofnana til bygginga skal hagað í samræmi við þessa áætlun fjárhagsráðs um íbúðarhúsabyggingar.

Fjárhagsráði er heimilt að láta sérstaka starfsdeild, byggingardeild fjárhagsráðs, annast samning og framkvæmd þessarar áætlunar. Enn fremur að ákveða, að skömmtun og innflutningur byggingarefnis sé í höndum þessarar deildar.

e. (8. gr.). Fjárhagsráð skal auk þeirra sjónarmiða, sem ákveðin eru í 2. gr., stefna að því, hvað verzlunarrekstur landsmanna snertir, að spara fjármagn og vinnuafl það, sem nú er í verzluninni, svo sem verða má, og beina hvoru tveggja til framleiðslugreinanna. Skal það gert m. a. með því að takmarka með verðlagningarákvæðum og öðrum ráðstöfunum svo gróða þann, er ná megi í verzlunarrekstri, að svo miklu leyti sem hann er rekinn í gróðaskyni, að arðvænlegra þyki að setja fjármagn í framleiðsluatvinnugreinarnar.

f. (9. gr.). Fjárhagsráð skal auk heildaráætlana sinna og séráætlana fyrir einstakar atvinnugreinar semja sérstakar áætlanir um þróun hinna einstöku byggðarlaga og landsfjórðunga. Skulu þær almennt miðaðar við lengri tíma en séráætlanirnar, og sé tilgangur þeirra að tryggja samfellda þróun atvinnulífs, byggingarstarfsemi og opinberra framkvæmda í þessum byggðarlögum. Skal ráðið einnig í slíkum áætlunum gera ráðstafanir til heppilegastrar þróunar eða uppkomu allstórra bæja í hinum ýmsu landsfjórðungum.

g. (10. gr.). Fjárhagsráð skal að öðru jöfnu, þegar um er að ræða að koma upp nýjum fyrirtækjum, þar sem ekki er hagsýnt að hafa nema eitt, en fleiri keppast um að komast að, taka þau fyrirtæki, sem rekin eru með hag heildarinnar fyrir augum, svo sem fyrirtæki ríkis, bæjarfélaga, samvinnufélaga eða annarra almennra samtaka, fram yfir þau fyrirtæki, sem rekin eru af einstaklingum eða hlutafélögum í gróðaskyni.

5. Við 4. gr.

a. Aftan við 1. málsgr. bætist: Þá skal og ráðið hafa samstarf við samtök launþega, bænda, fiskimanna og annarra framleiðenda um samning áætlana sinna og framkvæmd þeirra.

b. Í 2. málsgrein bætist svo hljóðandi málsliður aftan við 1. málslið: Skulu lánsstofnanirnar síðan framfylgja fjárfestingaráætluninni og ákvörðunum hennar í lánastarfsemi sinni.

c. Aftan við greinina bætist svo hljóðandi málsgrein:

Fjárhagsráð skal beita sér fyrir og hafa forustu um skipulagningu þeirra átaka, er þjóðin gerir á sviði fjármála og atvinnulífs til þess að framfylgja á-

kvörðunum þess. Sérstaklega ber því að beita sér fyrir fjáröflun meðal þjóðarinnar til slíkra fyrirtækja og annast upplýsingastarfsemi um þau. Enn fremur skal ráðið gefa út leiðbeiningar til almennings um þær atvinnuhorfur, er séu í hinum ýmsu greinum eða ráðið hyggst að stuðla að.

6. Við 6. gr. Við greinina bætast nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Áætlanir fjárhagsráðs um heildarframkvæmdir hvers árs skulu, er þær hafa hlotið staðfestingu ríkisstjórnar, lagðar fyrir Alþingi í frumvarpsformi. Ber fjárhagsráði að leggja þær fyrir ríkisstjórn eigi síðar en 1. okt. ár hvert, og ber ríkisstjórn að hafa lagt þær fyrir Alþingi í því formi, er hún staðfestir þær, eigi síðar en 1. nóv., og er skylt að kveðja Alþingi til fundar um frumvörp þessi, ef þing er eigi háð á þeim tíma.

Séráætlanir fjárhagsráðs um þróun einstakra atvinnugreina eða byggðarlaga um ákveðin árabil er eigi skylt að leggja fyrir Alþingi, fyrr en fjárhagsráði og ríkisstjórn þykir henta. Rétt hafa þó einstakir fjárhagsráðsmenn að leggja fram tillögur um þessi mál á Alþingi, ef meiri hluti ráðsins eða ríkisstjórn hafa hafnað tillögum þeirra um að æskja löggildingar Alþingis á áætlununum.

7. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist:

Fjárhagsráð tekur við þeim verkefnum, sem nýbyggingarráði nú eru falin í ýmsum lögum, jafnskjótt og það hefur verið lagt niður.

8. Við 8. gr.

a. Aftan við 1. málsgr. bætist:

Óski verkamenn eða samtök þeirra eftir að fá að mynda á einstökum vinnustöðvum framleiðslunefndir, er hafi samstarf við viðkomandi atvinnurekendur um endurbætur þessar, skal þeim það heimilt, og skal fjárhagsráð þá að sínu leyti hafa samvinnu við slíkar framleiðslunefndir, jafnt sem atvinnurekandann um allt það, sem þá framleiðslu snertir. Slíkar framleiðslunefndir skulu hafa rétt til þess að fá aðgang að reikningum viðkomandi fyrirtækja til þess að geta gert tillögur um bætt rekstrarskipulag, betri hagnýtingu fjármagnsins, viturlegri innkaup eða sölu og sparnað við stjórn og rekstur fyrirtækisins.

b. Aftan við greinina bætist:

Nú sækir fjármagn og vinnuafl landsmanna meir inn á sérstök atvinnusvið utan beinnar framleiðslustarfsemi en þörf er fyrir frá þjóðhagssjónarmiði, og skal þá fjárhagsráð rannsaka orsakir slíks og gera tillögur til ríkisstjórnar og ráðstafanir, að svo miklu leyti sem í þess valdi stendur, til þess að draga úr slíku aðstreymi. Samstarf skal hafa við samtök verkalýðsins og eigendur fjármagnsins um þessar aðgerðir, eftir því sem kostur er á.

9. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Fjárhagsráði er heimilt að fela atvinnudeild háskólans og rannsóknarráði ríkisins svo og öðrum rannsóknar- og vísindastofnunum ríkisins sérstök verkefni, er snerta rannsókn á auðlindum landsins, jafnt í jörðu sem sjó, og að gera tilraunir og rannsóknir varðandi hagnýtingu lífrænna sem ólífrænna efna, sem gildi gætu haft fyrir atvinnulíf landsmanna.

10. Við 12. gr. Við tölulið 1. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir framleiðslutæki og annað, sem greiðast á af nýbyggingarreikningi, skulu yfirleitt veitt þeim, sem ætla sér að nota eða starfrækja tækin. Nýir aðilar skulu hafa sama rétt til kaupa á atvinnutækjum og þeir, sem fyrir eru.

Ed. 726. Breytingartillögur

við frv. til l. um innflutning búfjár.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Þorsteinn Þorsteinsson, Eiríkur Einarsson, Ásmundur Sigurðsson.

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum „hlutaðeigandi búfjárgrein“ komi: eftir því sem við verður komið.
2. Við 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Áður en búfé eða önnur dýr eru flutt inn samkvæmt lögum þessum, skal ríkið byggja sóttvarnarstöð, svo og setja saman bú o. s. frv.
3. Við 5. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Þegar búfé er keypt til innflutnings, skal hver einstök skepna skoðuð af viðurkenndum dýralækni, áður en hún er flutt úr landi, og skal vottorð um þá skoðun fylgja skepnunni hingað til lands. Enn fremur skal íslenzkur dýralæknir vera við skoðunina og hafa eftirlit með skepnunum á leiðinni til landsins. O. s. frv.
   b. Í stað orðanna „á land í eyju þeirri, sem sóttvarnarstöð ríkisins er á, sbr. 4. gr.“ komi: á land þar, sem sóttvarnarstöð ríkisins er, sbr. 4. gr.

Nd. 727. Lög

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 682.

Nd. 728. Breytingartillögur

við frv. til framfærslulaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Í stað orðsins „framfærsluþurfi“ komi alls staðar í frv.: styrkþegi.
2. Við 8. gr. Í stað „11. gr.“ í 2. mgr. komi 12. gr.
3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum 8. gr., ákveður yfirvald meðlag barna með foreldrum, kjörbarna með kjörforeldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru, upphæð barnsfararkostnaðar svo og barnalífeyri, eftir því sem mælt er í lögum um almannatryggingar og lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.
4. Við 10. gr.
   a. Fyrsta málsgr. orðist svo:
      Nú er meðlag, lífeyrir eða barnsfararkostnaður samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni, eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki hjá framfærslumanni samkvæmt lögum nr. 29 frá 16. des. 1885.
   b. 3. mgr. falli niður.

5. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Ekki er Tryggingastofnun ríkisins skylt að greiða aðrar eða hærri fjárhæðir samkvæmt úrskurði eða samningi um meðlag eða lífeyri með börnum en mælt er í lögum um almannatryggingar.
6. Við 36. gr. 2. málsl. orðist svo: Húsnæði það, sem styrkþega er útvegað og greitt er fyrir af opinberu fé eða sveitarstjórn leggur til, skal vera sómasamlegt að dómi héraðslæknis.
7. Við 38. gr. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo:
   Ef foreldrar, sem ekki þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, sem hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, skal sveitarstjórn taka þau af heimili foreldranna.
8. Við 40. gr. Greinin orðist svo:
   Sóknarprestar, kennarar og héraðslæknar skulu líta eftir því, að vel sé farið með alla styrkþega í umdæmum þeirra. Þyki einhverjum ofangreindra aðila misbrestur á því vera og geti hann eigi með umvöndun komið lögum á það, ber honum að kæra málið fyrir lögreglustjóra. Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra til lögreglustjóra vanrækslu sveitarstjórnar í þessu efni.
   Lögreglustjóri rannsakar kæru þegar í stað. Telji hann kæruna á rökum reista, ber honum að halda sveitarstjórn til að gæta skyldu sinnar. Hann skal og, ef ástæða er til, skýra félagsmálaráðuneytinu frá kærunni og því, sem rannsókn hans hefur leitt í ljós.
9. Við 41. gr. Greinin orðist svo:
   Sveitarstjórn er skylt að sjá um, að börn, sem eru undir hennar umsjón, njóti lögboðinnar skólafræðslu.
10. Í stað V. kafla, 42.—50. gr., komi 7 nýjar greinar, svo hljóðandi:

V. KAFLI

Um samskipti sveitarstjórna og styrkþega.

a. (42. gr.) Sá, sem fengið hefur framfærslustyrk, er endurgjalda skal, er háður þeim skyldum gagnvart sveitarstjórn, sem fyrir er mælt í lögum þessum.
b. (43. gr.) Er sveitarstjórn heimtir samkvæmt endurriti af viðskiptareikningi styrkþega styrk, sem honum ber að endurgjalda, getur hún beiðzt lögtaks hjá honum eftir fyrirmælum laga nr. 29 16. des. 1885.
   Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. laganna.
c. (44. gr.) Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp eignir styrkþega. Ef þinglýst er eftirriti af uppskriftargerðinni, leggst veðband á hinar uppskrifuðu eignir, er gengur fyrir öllum kröfum öðrum en eldri veðkröfum.
   Sveitarstjórn er heimilt að afla sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík sakadómara) um, að vinnuveitandi styrkþega skuli greiða henni kaup hans, ef hann vanrækir að framfæra með því þá, sem hann hefur á framfæri sínu. Ákvörðun valdsmanns má skjóta til ráðherra.
   Nú vanrækir vinnuveitandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá gagnvart sveitarstjórn ábyrgð á þeirri upphæð, er hann hefur greitt styrkþega eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.
   Lausafé og atvinnutæki, sem sveitarstjórn fær styrkþega í hendur eða styrkir hann til að kaupa, skulu vera eign sveitarsjóðsins.
d. (45. gr.) Skylt er að veita sveitarstjórnum hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum styrkþega og lögskyldra framfærslumanna hans, er þær óska. Vinnumiðlunarskrifstofur og atvinnurekendur eru og skyldir að láta þeim í té vinnuskýrslur og kaupskrár, þegar þess er óskað.

Bönkum og sparisjóðum er skylt að gefa sveitarstjórnum upplýsingar um inneignir styrkþega og framfærslumanna hans.

e. (46. gr.) Um fjárræði styrkþega fer að lögræðislögum.

f. (47. gr.) Sveitarstjórn er heimilt að afla sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík sakadómara) um, að styrkþega, sem er vinnufær og ekki aflar sér sjálfur atvinnu, sé skylt að gegna þeirri vinnu, sem sveitarstjórn vísar honum á og tilhlýðileg er eftir högum hans og honum ekki um megn. Ákvörðun valdsmanns má skjóta til ráðherra.

Sveitarstjórn er og heimilt að afla sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík sakadómara) um, að styrkþega, sem hefur ekki fyrir heimili að sjá, skuli skylt að vinna af sér á vinnuhæli meðlag eða barnalífeyri, sem sveitarsjóður hefur orðið að greiða með barni hans, skilgetnu eða óskilgetnu, enda þótt hann hafi verið til þess fær. Ákveður hlutaðeigandi valdsmaður, hve lengi vinnan skuli standa. Skal vinnutíminn miðaður við, að styrkþeginn hafi kaup, er sé eigi lægra en greitt er fyrir almenna verkamannavinnu í heimilissveit hans.

g. (48. gr.) Nú er hátterni manns gagnvart sveitarstjórn eða þeim, sem honum er skylt að framfæra, slíkt sem segir í 180. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19 1940, og getur sveitarstjórn þá kært hann til refsingar samkvæmt þeirri grein.

Nú vill maður, áður en til framkvæmdar refsingar kemur, sinna vinnu, sem honum er vísað á samkv. 47. gr., og skal þá fresta framkvæmd refsingarinnar.

11. Greinatala breytist, þannig að 51.—79. gr. verða 49.—77. gr.

12. Við 61. gr. Á eftir 6. tölulið komi nýr töluliður:

Framærslustyrk, veittan mæðrum, sem hafa fleiri en tvö börn á framfæri og aðeins stunda húsmóðurstörf á eigin heimili.

13. Við 70. gr. Í stað „68. gr.“ í 1. málsl. komi: 67. og 68. gr.

14. Upphaf 79. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.

15. Við ákvæði til bráðabirgða. 3. tölul. orðist svo:

Nú hefur móðir óskilgetins barns, sem hún kennir erlendum manni, fengið greitt meðlag með því af sveitarfé í dvalarsveit sinni, þegar lög þessi öðlast gildi, og er þá valdsmanni heimilt að úrskurða, að hún skuli fá greiddan barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, ef hún færir gildar líkur að faðerninu. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, svo og þau meðlög, sem sveitarsjóðir hafa greitt mæðrum slíkra barna fyrir gildistöku laga þessara.

Nd. 729. Breytingartillögur

við frv. til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 12. gr. Í stað „6 vikna“ í 2. málsgrein komi: 3 mánaða.
2. Við 14. gr. Greinin fellur niður.
3. Við 16. gr. Úr 1. málsgr. falli niður orðin: hvort sem hún hefur greitt tryggingariðgjald eða ekki.
4. 18. og 19. gr. falli niður.
5. Á eftir 21. gr. komi ný grein, er verði 22. gr., svo hljóðandi:

Nú lýsir maður, er kona hefur kennt óskilgetið barn sitt, því á varnarþingi sínu og lætur bóka, að hann eigi barnið, og öðlast barnið þá erfðarétt sem skilgetið væri gagnvart föður og föðurfrændum og þeir gagnvart því.

6. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
Ákvæði 21. gr. um erfðarétt óskilgetins barns eftir röður og föðurfrændur og þeirra eftir það gilda eigi um börn, sem fædd eru fyrir 1. nóvember 1922.
7. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
8. Aftan við frv. bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða.
Nú telur kona, sem óskilgetið barn hefur alið á tímabilinu frá 1. janúar 1941 til 31. desember 1947, að faðir barnsins sé erlendur maður, sem verið hafi hér á landi í þjónustu eða á vegum erlendra hernaðaraðila, og getur hún þá til ársloka 1949 snúið sér til dómara á varnarþingi sínu og krafizt rannsóknar um faðernið með sama hætti og þá er varnaraðili er farinn af landi burt. Dómari getur með rökstuddum úrskurði heimilað barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, ef hún hefur líkur með sér.
Þegar slíkur eiður hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins, eins og segir í 13. gr.
Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

Ed. 730. Nefndarálit

um frv. til laga um Kvikmyndastofnun ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og rætt það á nokkrum fundum. Munu allir nefndarmenn sammála um það, að vinna beri að því, að innflutningi kvikmynda og rekstri kvikmyndahúsa verði hagað á þann hátt, að af því verði sem mest menningarleg not fyrir þjóðina, en sá er tilgangur flutningsmanns með frv.

Hins vegar munu þó skoðanir nefndarmanna nokkuð skiptar um það, hvaða leiðir beri að velja til að ná því marki. Í annan stað líta flestir nefndarmanna svo á, að málið sé ekki nægilega undirbúið, ef samþykkja ætti frumvarpið nú, t. d. þyrfti að liggja fyrir ábyggileg áætlun um stofnkostnað og rekstur slíkrar stofnunar, sem ráðgerð er í frv., áður en ráðizt væri í að koma henni upp.

Af þessum ástæðum þykir nefndinni rétt, að málinu sé að þessu sinni vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari athugunar og undirbúnings, og leggur því til, að frv. sé afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin taki til rækilegrar athugunar, á hvern hátt menningarleg not þjóðarheildarinnar af kvikmyndasýningum verði sem bezt tryggð og að ríkisstjórnin hraði þeirri athugun svo sem verða má, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 26. apríl 1947.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Hannibal Valdimarsson, fundaskrifari, m. fyrirvara. Lárus Jóhannesson.
Eiríkur Einarsson. Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 731. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1947.

Eiríkur Einarsson, form. Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson. B. Kristjánsson.

Sþ. 732. Nefndarálit

um till. til þál. um hlutfallstölur tekna hjá þjóðfélagsstéttunum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa, og eru skoðanir nefndarmanna skiptar um hana. Samkomulag varð þó um að leggja til, að tillögunni yrði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari athugunar.

Alþingi, 26. apríl 1947.

Ingólfur Jónsson, form. Jörundur Brynjólfsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson, frsm.
Sigfús Sigurhjartarson. Sigurður Bjarnason.
Jón Sigurðsson.

Ed. 733. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 579 með þessum breytingum:

28. gr. hljóðar svo:

Nú hefur frumvarp til félagssamþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með ⅔ atkvæða allra mættra fulltrúa, og skal þá kjörstjórn sú, er kosin hefur verið samkvæmt ákvæðum 27. gr., senda það öllum hreppsnefndum í þeim hreppum eða hreppshlutum, er félagssvæðið nær yfir.

Hreppsnefnd skal þá skylt að boða fjáreigendur til fundar í hreppnum samkvæmt kjörskrá, er hún hefur samið, með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til stofnunar fjárskiptafélags liggi fyrir til atkvæðagreiðslu. Leiðrétting á kjörskrá má hlutaðeigandi kjörstjórn gera til kjördags.

Atkvæðisrétt um félagsstofnun og fjárskipti hafa fjáreigendur 18 ára eða eldri, þegar atkvæðagreiðsla fer fram, ef þeir hafa átt 15 kindur eða fleiri samkvæmt síðasta skattaframtali.

Afrit af kjörskrá skal fylgja fundarboðinu.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg. Skal um fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar hlíta ákvæðum 26. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar frá 23. júní 1936, eftir því sem við á.

Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar oddviti atkvæðaseðla og önnur kjörgögn, þar með kjörskrá, og sendir formanni kjörstjórnar fjárskiptasvæðisins.

37. gr. hljóðar svo:

Framlag ríkisins vegna fjárskipta á árunum 1947 og 1948 miðast við fjártölu eigenda samkvæmt skattaframtali á árinu 1946. Á árinu 1949 miðast við skattaframtal 1947 og svo áfram þannig, að fjárskiptaframlag miðast við skattaframtal tveim árum áður.

Réttur dánarbúa vegna fjárskipta yfirfærist á erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjárrækt á svæðinu.

Réttur manna, sem reisa bú eða eru að byrja fjáreign eftir gildistöku laga þessara án þess að vera erfingjar í dánarbúi á fjárskiptasvæði, byggist á næsta skattaframtali á undan fjárskiptum.

Þeir, sem eru hættir búskap og kaupa ekki lömb eða eru fluttir burtu af fjárskiptasvæðinu, þegar fjárskipti fara fram, fá ekki bætur.

Geitfé skal bæta eftir sömu reglu og sauðfé.

Ed. 734. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1.	Nr. 20 í 15. kafla falli niður.			
2.	Nr. 21 í 27. kafla falli niður.			
3.	Nr. 3 í 28. kafla orðist svo:			
	3 — kolsýra	1 kg	7	30
4.	Nr. 30 í 28. kafla orðist svo:			
	30 — saltpétur (kaliumnítrat)	—	2	8
5.	Orðin „og perbóröt“ í nr. 38 í 28. kafla falli niður.			
6.	Aftan við nr. 42 í 28. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	42a Perbóröt og peroxyd	—	7	8
7.	Nr. 60a í 28. kafla orðist svo:			
	60a Ester, etur og keton, sem notuð eru til upplausnar og mýkingar og talin eru í skrá, staðfestri af fjármálaráðherra, einnig cyclohexan	—	7	8
8.	Í stað nr. 12 í 30. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi:			
	Bronslitir, ót. a.:			
	12 — duft	—	7	8
	12a — aðrir	—	7	20
9.	Í stað nr. 7—11 í 39. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	Hjólbarðar og slöngur á ökutæki:			
	7 — á bifreiðar og bifhjól	—	7	10
	8 — á önnur farartæki	—	7	10
10.	Nr. 4 í 40. kafla orðist svo:			
	4 — — Þilfarsplankar ófasaðir og fasaðir úr oregonpine og pitchpine 3×5″ eða stærri	tollfrjálsir		

		Toll-eining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
11.	Nr. 49 í 40. kafla orðist svo:			
	49 — húsgagnagrindur, ósamsettar, og einstakir húsgagnahlutar, svo sem stólfætur	1 kg	7	30
12.	Nr. 23 í 44. kafla orðist svo:			
	23 Vélaþéttingar og pípur úr pappa og pappír	—	7	8
13.	Nr. 33 í 44. kafla falli niður.			
14.	Í stað nr. 1—3 í 45. kafla komi:			
	Bækur, blöð, tímarit og þess konar rit, ót. a., með fylgiskjölum og viðaukum, prentuð eða ljósprentuð erlendis:			
	— fyrir íslenzka útgefendur:			
	1 — — bundið	—	2	25
	2 — — annað	—	2	15
	3 — annað tollfrjálst			
15.	Nr. 4 og 5 í 45. kafla falli niður.			
16.	Í stað nr. 9—11 í 45. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi:			
	9 Landabréf alls konar, sjókort, stjörnukort og aðrir þess konar uppdrættir, ót. a. tollfrjálsir			
17.	Í stað nr. 12—13 í 45. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi:			
	12 Myndir til kennslu í náttúrufræði, landafræði, sögu o. þ. h., ót. a. tollfrjálsar			
18.	Nr. 17 í 45. kafla falli niður.			
19.	Nr. 20a í 45. kafla falli niður.			
20.	Orðin „Áteiknaðir eða“ í nr. 42 í 52. kafla falli niður.			
21.	Nr. 5 í 58. kafla orðist svo:			
	5 Granít- og marmaraplötur, sléttar eða slípaðar	—	7	30
	Aths. Ef þessar steintegundir eru einungis slípaðar á einni hlið og að öðru leyti aðeins sagaðar eða tilhöggnar, er heimilt að færa verðtollinn niður í 15%.			
22.	Nr. 30 í 58. kafla orðist svo:			
	30 Skraut- og glysvarningur úr steini og steinkenndum efnum	—	120	80
23.	Nr. 17 í 60. kafla falli niður.			
24.	Nr. 19 í 60. kafla orðist svo:			
	19 — annað	—	2	10
25.	Á eftir nr. 23 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	23a Olíugeymar, síldarolíugeymar og aðrir slíkir geymar	—	2	8
26.	Nr. 52 í 63. kafla orðist svo:			
	Olíuofnar, gasofnar, olíuvélar og gasvélar	—	2	8
27.	Nr. 61 í 63. kafla orðist svo:			
	Kæliskápar og kælikassar, ót. a.	—	2	8
28.	Nr. 3 í 66. kafla orðist svo:			
	Plötur	—	7	
29.	Nr. 14 í 71. kafla orðist svo:			
	14 Myndamót (clichéer)	—	7	30
	Aths. Af myndamótum (clichéer) skal ekki greiða verðtoll,, ef þau eru lánuð eða leigð hingað til lands og endursend að notkun lokinni, enda fylgist tollyfirvöldin með því, að þau séu endursend.			
30.	Nr. 6—9 í 72. kafla orðist svo:			
	6 — kjötkvarnir, ót. a.	—	2	8
	7 — kaffikvarnir, ót. a.	—	2	8
	8 — þvottavindur og þvottarullur og hlutar til þeirra	—	2	8
	9 — annað	—	2	15

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
31.	Nr. 37—45 í 73. kafla orðist svo:			
	Búsáhöld og hlutar til þeirra:			
	37 — eldavélar og bökunarofnar	1 kg	2	8
	38 — hitunar- og suðutæki, ót. a.	—	2	8
	39 — strauvélar	—	2	8
	40 — þvottavélar	—	2	8
	41 — hrærivélar	—	2	8
	42 — eldhúsvélar, ót. a.	—	2	8
	43 — kæliskápar	—	2	8
	44 — bónvélar, ryksugur og loftræsar	—	2	8
	45 — önnur	—	2	15
32.	Nr. 20 í 77. kafla orðist svo:			
	20 — aðrir hitamælar, ót. a.	—	7	8
33.	Í stað nr. 8 og 9 í 82. kafla komi þrír nýir liðir, svo hljóðandi:			
	Tilbúin, mótanleg efni, búin til úr kaseíni, gelatíni, sterkju, fenólum, þvagefni, ftalsýru, efnum leiddum af sellulósa, og önnur þess konar mótanleg efni, ót. a.:			
	8 — í plötum og stöngum	—	7	15
	9 — fatnaður, nema skófatnaður	—	7	40
	10 — aðrar vörur, ót. a.	—	7	30

2. gr.

Á 2. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Aftan við g-lið komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Nánari skilyrði fyrir undanþágu þessari má setja í reglugerð m. a. um það, að hlutaðeigendur leggi fram skilríki fyrir tilskildri dvöl sinni erlendis og að þeir hafi raunverulega notað erlendis hina innfluttu muni, að þeir leggi fram skilríki fyrir búsetuheimild sinni hér og greiði gjald fyrir skoðun munanna. Þá skal og heimilt að ákveða, að undanþágan taki aðeins til heimilismuna að tilteknu verðmæti.
2. j-liður orðist svo:
   j. Vörur, sem eru endursendar hingað frá útlöndum vegna þess, að þær seldust ekki þar, eða endursendar eru hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan. Skilyrði undanþágunnar er, að vörurnar komi hingað aftur innan árs frá því þær fóru héðan.

3. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrsta málsgrein falli niður.
2. Í stað orðanna „Enn fremur er fjármálaráðuneytinu heimilt“ í upphafi 2. málsgr. komi: Fjármálaráðuneytinu er heimilt.
3. h-liður 3. gr. orðist svo:
   h. Að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum hampgarn til veiðarfæragerðar.
4. Á eftir h-lið greinarinnar komi fjórir nýir stafliðir, svo hljóðandi:
   i. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar.
   j. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af umbúðum um innlendar framleiðsluvörur, sem sendar eru til útlanda til sölu þar, og af vör-

um, sem notaðar eru í vörur þessar til þess að gera þær söluhæfari eða til þess að þær geymist betur.

k. Meðan heimilt er að hækka gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. nú lög nr. 94 28. des. 1946, að hækka tilsvarandi aðflutningsgjöld af sömu vörutegundum aðfluttum.

l. Að lækka eða fella niður aðflutningsgjöld af myndamótum, sem fréttablöðin fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi numin 3. gr. laga nr. 105 14. maí 1940, 3., 7., 17. og 29. liður laga nr. 96 9. júlí 1941, það sem segir um nr. 60a í 17. lið laga nr. 56 4. júlí 1942, lög nr. 56 14. apríl 1943, og 20., 21., 37. og 38. liður og það, sem segir um nr. 17 og 19 í 28. lið laga nr. 6 12. jan. 1945, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Sþ. 735. Nefndarálit

um till. til þál. um nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf og reglugerðir um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og er samþykk henni að meginefni til, en telur ekki nauðsynlegt að skipa sérstaka nefnd til að framkvæma þá endurskoðun, er í tillögunni greinir.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

a. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara endurskoðun á gildandi lögum og reglugerðum um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Endurskoðuninni skal hraða sem verða má og árangur hennar lagður fyrir næsta reglulegt Alþingi.

b. Fyrirsögnin orðist svo:

Till. til þál. um endurskoðun gildandi laga og reglugerða um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Alþingi, 26. apríl 1947.

Ingólfur Jónsson, form.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.	Sigfús Sigurhjartarson, frsm.
Bernh. Stefánsson.	Jón Sigurðsson.	Finnur Jónsson.
	Sigurður Bjarnason.	

Ed. **736. Frumvarp til laga**

um innflutning búfjár.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Með lögum þessum er landbúnaðarráðherra heimilt að láta flytja til landsins búfé, önnur dýr og búfjársæði, eftir þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum og þeim reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra getur þó því aðeins notað heimild 1. gr. þessara laga, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn, enda sé farið eftir tillögum ráðunauta í hlutaðeigandi búfjárgrein, eftir því sem við verður komið, um val fénaðarins, sem fluttur er til landsins.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður, hvaða búfjártegundir og frá hvaða landi og héraði búféð er keypt, enda leiti yfirdýralæknir upplýsinga hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda búfjár um, að þar séu eigi til staðar þeir búfjársjúkdómar, er sérstaklega þarf að óttast hér á landi.

3. gr.

Allan kostnað við kaup búfjárins skal greiða úr ríkissjóði, enda sé hið innflutta búfé eign ríkisins.

4. gr.

Áður en búfé eða önnur dýr eru flutt inn samkvæmt lögum þessum, skal ríkið byggja sóttvarnarstöð, svo og setja saman bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur, þar sem hins innflutta fénaðar er gætt og hann ræktaður eins og lög þessi mæla fyrir um og þær reglugerðir, sem eftir þeim verða settar.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að kaupa eða leigja eyju eða eyjar til þessara þarfa.

5. gr.

Þegar búfé er keypt til innflutnings, skal hver einstök skepna skoðuð af viðurkenndum dýralækni, áður en hún er flutt úr landi, og skal vottorð um þá skoðun fylgja skepnunni hingað til lands. Enn fremur skal íslenzkur dýralæknir vera við skoðunina og hafa eftirlit með skepnunum á leiðinni til landsins.

Áður en fénaðurinn er fluttur úr landi, þar sem hann er keyptur, skal hann einangraður eigi skemur en 4 vikur undir eftirliti dýralæknis.

Áður en búféð er flutt í land, skal yfirdýralæknir skoða það og athuga heilbrigðisvottorð þess. Reynist ekkert athugavert við heilsufar búfjárins að lokinni skoðun yfirdýralæknis, skal skipa búfénu á land þar, sem sóttvarnarstöð ríkisins er, sbr. 4. gr., og er með öllu óheimilt, hvernig sem á stendur, að setja það á land annars staðar.

6. gr.

Einangra skal hið innflutta búfé á sóttvarnarstöðinni 16 vikna tíma undir stöðugu eftirliti yfirdýralæknis. Að þeim tíma liðnum ákveður yfirdýralæknir, hvort það skuli leyst úr sóttkví og látið ganga með búfé sömu tegundar á eynni eða haldið lengur í sóttkví.

Aldrei má flytja búfé af búi ríkisins á eynni í land eða á aðrar eyjar, þar sem búfé hefur samgang við búfé í landi.

Heimilt er þó með leyfi landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að flytja til landsins hunda, refi og önnur ræktuð rándýr, að loknum ákveðnum einangrunartíma.

7. gr.

Með sérstakri reglugerð skal ákveða allt, sem lýtur að rekstri búsins, sbr. 4. gr., þar á meðal, hvaða afurðir megi selja frá búinu í land og í hvernig ástandi, hvernig samgöngum við eyna verði örugglegast komið fyrir til að fyrirbyggja, að sjúkdómar, sem upp kynnu að koma, berist í land, svo og annað, er varðar búreksturinn og lýtur að því að gera hann sem nothæfastan fyrir landsmenn.

8. gr.

Á búi ríkisins á eynni skal hreinræktað hið erlenda búfé, en auk þess má gera þar hvers konar tilraunir með blöndun þess með innlendu búfé, eftir tillögum ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í hlutaðeigandi búgreinum.

9. gr.

Bústjórinn á eynni skal ráðinn með sérstöku erindisbréfi af landbúnaðarráðherra, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands og samþykki yfirdýralæknis. Skal hann sjá um og vera ábyrgur fyrir því, að öllum fyrirmælum um einangrun fénaðarins sé hlýtt út í æsar og að starfsemin fari nákvæmlega eftir lögum þessum og þeim reglugerðum og fyrirmælum, sem um þetta verða gefin.

10. gr.

Eftir að hið innflutta búfé hefur verið í eitt ár í einangrun með íslenzku búfé, má, ef það er heilbrigt og grunsamlegir sjúkdómar hafa ekki komið fram í hinum innlenda bústofni, sem með því hefur gengið, flytja sæði úr því til lands. Skal það gert eftir þeim varúðarreglum, er yfirdýralæknir setur, og af þeim mönnum, er hann samþykkir.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, allt að 20000 kr., og stöðumissi, ef sjúkdómur berst til lands vegna vanrækslu ábyrgra aðila, ef ekki liggur þyngri refsing við að lögum.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 8. sept. 1931, lög nr. 45 19. júní 1933, lög nr. 8 25. júlí 1934 og lög nr. 16 28. maí 1941.

Ed. 737. Framhaldsnefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Á fundi hinn 15. apríl s. l. samþykkti samgöngumálanefnd að mæla með frv. þessu óbreyttu. Við nánari athugun sýndist þó nefndinni, að það, sem frv. nú felur í sér umfram það, sem þegar er í lögum, sé svo óverulegt, að naumast taki því að gera lagabreytingu fyrir það eitt.

Það eitt er nú nýtt í frv., að ef sýslunefnd leggur á vegarskatt, sem nemur meira en 10‰ virðingarverðs lóða og landa, skal ríkissjóður leggja fram þrefalda fjárhæð móti því framlagi sýslunnar, sem umfram er 10‰. Nú er sýslunefndum hins vegar ekki leyft samkvæmt frv. að leggja á hærri skatt en 10‰, nema sérstakt leyfi ráðherra komi til í hvert sinn. Nýmæli frv. hefur þess vegna ekkert gildi, nema aðeins í undantekningartilfellum.

Jafnframt telur nefndin hæpið, að rétt sé að gefa ráðherra vald til þess að veita eftir eigin geðþótta stighækkandi fjárframlög úr ríkissjóði til vegagerða í einstök-

um sýslum, heldur eigi lögin að binda það alveg við ákveðið hámark, sem þá sé svo hátt, að sýslufélögin megi vel við una.

Nefndin gerir því við frumvarpið eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 1. gr.

a. Fyrir „10 af þúsundi“ komi: 12 af þúsundi.
b. Orðin „nema samþykki samgöngumálaráðherra komi til í hvert sinn“ falli niður.

Alþingi, 28. apríl 1947.

Eiríkur Einarsson, form. Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr., frsm. Hannibal Valdimarsson.

Þorst. Þorsteinsson. B. Kristjánsson.

Ed. 738. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

3. málsl. 1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegarskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærri en 12 af þúsundi.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkvæmt síðari málsgr. 6. gr. en svarar 2‰ af fasteignarverði lands og lóða og 1‰ af fasteignarverði húsa, og skal þá ríkissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2‰—4‰ af land- og lóðaverði og 1‰—2‰ af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði, móti framlagi, er nemur 4‰—10‰ af land- og lóðaverði og 2‰—5‰ af húsaverði, greiðist tvöfalt framlag úr ríkissjóði, en þrefalt á móti því, sem umfram er.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 121 12. des. 1945.

Ed. 739. Lög

um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, og útrýmingu þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 733 (sbr. 579).

Nd. 740. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 27. júní 1921, um breyt. á l. nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Fyrir orðin „kr. 1 milljón“ kemur: kr. 1½ milljón.

Ed. 741. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Til byrjunarframkvæmda samkvæmt 1. gr. heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að 43 millj. kr.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 57 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 742. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 669 (Bygging síldarverksmiðju á Norðausturlandi.)

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Við 1. tölulið. Aftan við liðinn bætist: Undirbúningi að byggingu verksmiðjunnar skal lokið á árinu 1947 og byggingarframkvæmdir hafnar 1948.

Sþ. 743. Tillaga til þingsályktunar

um ábyrgð ríkisins á láni handa Flateyjarhreppi til að koma upp frystihúsi og fiskiðjuveri í Flatey á Breiðafirði.

Frá Gísla Jónssyni.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 150 þús. króna lán, er Flateyjarhreppur hefur í hyggju að taka til þess að koma upp hraðfrystihúsi og fiskiðjuveri í Flatey á Breiðafirði.

Greinargerð.

Flateyjarhreppur réðist í það á s. l. ári að kaupa einn af Sviþjóðarbátunum í félagi við nokkra sjómenn þar á staðnum. Kom bátur þessi til landsins á s. l. sumri. Hefur honum verið haldið til veiða á Breiðafirði s. l. vetur og aflað með allra bezta móti. En vegna þes að enn er hvorki frystihús né önnur aðstaða í Flatey til þess að þar sé unnt að gera út slíkan bát, þótt hins vegar veiðiskilyrði séu þar hin ágætustu, hefur báturinn orðið að flytja sig til Stykkishólms til stórtjóns fyrir íbúa Flateyjar, sem treystu því fastlega, þegar þeir lögðu fram fé í þetta fyrirtæki, að báturinn yrði gerður út að fullu þar heima fyrir, enda var þá og jafnhliða ráðizt í að undirbúa byggingu á hraðfrystihúsi og fiskiðjuveri á eyjunni, svo tryggt yrði, að báturinn yrði gerður þaðan út.

Áætlað er, að fyrirtækið kosti um 600 þús. krónur. Hefur efnið í húsið svo og vélar allar verið pantað og er von á því öllu innan skamms. Jafnframt hefur verið unnið að því í vetur að undirbúa grunn hússins og annað í sambandi við bygginguna. Fjársöfnun hefur verið hafin heima fyrir. Hafa íbúar lofað 70 þús. kr. framlagi, kaupfélagið 130 þús. og hreppurinn 150 þús. En með því að hreppurinn hefur jafnframt mörgum öðrum verkefnum að sinna, svo sem fjárfrekum hafnarbótum, sem verður að fullgera áður en iðjuverið tekur til starfa og þegar hefur kostað á þriðja hundrað þús. krónur, vegargerð í sambandi við þessi mannvirki, sem kostað hefur um 50 þús. krónur, og ýmislegt fleira, er óhjákvæmilegt, að hreppurinn taki fé það að láni, er hann hefur lofað að leggja fram til frystihússins.

Um meira en heila öld hefur Flatey verið miðstöð verzlunar og framkvæmda fyrir norðurhluta Breiðafjarðar. Að henni liggja 4 hreppar, sem allir hafa skilyrði til þess að hafa verzlunar- og atvinnuviðskipti þar, ef aðeins er horfið að því að koma upp sams konar atvinnutækjum og almennt gerist á flestum öðrum stöðum á landi hér, þar sem fólk hefur tekið sér bólfestu. Þar eru hin ágætustu fiskimið og margvísleg önnur hlunnindi, bæði til lands og sjávar. En þó er það sýnt, að þessi staður ásamt aðliggjandi eyjum mun leggjast í eyði, nema tryggt verði, að þar komist upp atvinnutæki, er skapað geti íbúunum sömu lífsskilyrði og almennt gerist nú í landinu á öðrum stöðum. Íbúarnir hafa nú sjálfir ákveðið að koma upp slíkum atvinnutækjum. Í því trausti, að Alþingi meti þá viðleitni og vilji styrkja hana, er þáltill. þessi fram borin.

Sþ.

744. Fjárlög

fyrir árið 1947.

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1947 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	35 000 000	
2.	Stríðsgróðaskattur 6000000		
	Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 3000000		
		3 000 000	
			38 000 000
3.	Vörumagnstollur	17 400 000	
4.	Verðtollur	72 500 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	5 800 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	3 000 000	
			98 700 000
7.	Fasteignaskattur	600 000	
8.	Lestagjald af skipum	100 000	
9.	Bifreiðaskattur	3 300 000	
			4 000 000
10.	Aukatekjur	1 600 000	
11.	Stimpilgjald	4 000 000	
12.	Vitagjald	600 000	
13.	Leyfisbréfagjöld	100 000	
14.	Erfðafjárskattur	200 000	
15.	Veitingaskattur	1 000 000	
			7 500 000
	Samtals ...	. . .	148 200 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður áfengisverzlunar	36 000 000	
2. — tóbakseinkasölu	15 500 000	
3. — ríkisútvarps	1 551 072	
4. — ríkisprentsmiðju	287 000	
5. — landssmiðju	3 500	
		53 341 572
Samtals ...	. . .	53 341 572
Sundurliðun.		
1. Póstsjóður.		
I. Tekjur		6 400 000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	300 000	
2. Póststofan í Reykjavík	2 030 000	
3. Önnur pósthús	1 300 000	
4. Póstflutningar	1 600 000	
5. Önnur gjöld	366 000	
6. Fyrning	4 000	
7. Rekstrarkostnaður bifreiða	800 000	
		6 400 000
2. Landssíminn.		
I. Tekjur		17 200 000
II. Gjöld:		
a. Til notendasíma í sveitum	1 000 000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans 740000		
2. Ritsímastöðin í Reykjavík 2300000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík 200000		
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík 800000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði 2800000		
6. Áhaldahúsið 250000		
7. Ritsímastöðin á Akureyri 650000		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði 285000		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði 285000		
10. Símastöðin á Borðeyri 170000		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum 250000		
12. Símastöðin á Siglufirði 355000		
13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva 2565000		
	11 650 000	
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	300 000	
d. Viðbót og viðhald stöðva	900 000	
e. Viðhald landssímanna	2 400 000	
f. Framhaldsgjald	170 000	

3. gr.

		kr.	kr.
g.	Ýmis gjöld	100 000	
h.	Fyrning á húsum og áhöldum	200 000	
i.	Vextir af lánum	480 000	
			17 200 000
	Eignabreytingar landssímans.		
	Út.		
I.	Afborganir af lánum og til húsakaupa		600 000
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		1 275 000
III.	Til talstöðva í báta og skip		297 500
IV.	Til loftskeytastöðva í skip		212 500
V.	Til nýrra landssímalína		340 000
	Fært á 20. gr. Út I. 2. og II.	. . .	2 725 000
	3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I.	Tekjur (brúttó hagnaður)		38 915 000
II.	Gjöld:		
1.	a. Grunnlaun 338535		
	b. Verðlagsuppbót 643215		
		981 750	
2.	Kostnaður við áfengisútsölur	406 000	
3.	Annar rekstrarkostnaður	527 250	
4.	Útsvar	1 000 000	
			2 915 000
	Fært á 3. gr. A. 1	. . .	36 000 000
	4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I.	Tekjur (brúttó hagnaður)		16 940 000
II.	Gjöld:		
a.	Laun:		
1.	Grunnlaun 199725		
2.	Verðlagsuppbót 379191		
		578 916	
b.	Annar rekstrarkostnaður	561 084	
c.	Útsvar	300 000	
			1 440 000
	Fært á 3. gr. A. 2	. . .	15 500 000
	5. Ríkisútvarpið.		
I.	Tekjur:		
a.	Afnotagjöld	2 800 000	
b.	Aðrar tekjur	400 000	
			3 200 000

3. gr.

		kr.	kr.
II.	Gjöld:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 339180		
	2. Verðlagsuppbót 644442		
		983 622	
	b. Útvarpsefni	550 000	
	c. Skrifstofukostnaður	283 000	
	d. Húsaleiga, ljós og hiti	90 000	
	e. Til útvarpsstöðva	290 000	
	f. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.	35 000	
	g. Óviss útgjöld	25 000	
	h. Vextir	10 000	
	i. Fyrning á húsum og vélum	55 000	
			2 321 622
		. . .	878 378
III.	Rekstur viðtækjaverzlunar:		
	a. Tekjur	900 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 69000		
	b. Verðlagsuppbót 131100		
	200100		
	2. Annar kostnaður 132006		
		332 106	
			567 894
IV.	Rekstur viðgerðarstofu:		
	a. Tekjur	450 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 63000		
	b. Verðlagsuppbót 119700		
	182700		
	2. Efni 110000		
	3. Annar kostnaður 56000		
		348 700	
			101 300
V.	Rekstur viðtækjasmiðju:		
	a. Tekjur	155 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 25000		
	b. Verðlagsuppbót 47500		
	72500		
	2. Efni 50000		
	3. Annar kostnaður 29000		
		151 500	
			3 500
	Fært á 3. gr. A. 3	. . .	1 551 072

3. gr.

			kr.	kr.
Eignabreytingar:				
1. Afborgun af láni til stækkunar				89 100
2. Til byggingar útvarpshúss í Reykjavík				952 000
Fært á 20. gr. Út II.			. . .	1 041 100
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.				
I. Tekjur (prentvinna)				1 900 000
II. Gjöld:				
1. a. Laun starfsmanna:				
1. Grunnlaun	46900			
2. Verðlagsuppbót	89110			
		136010		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:				
1. Grunnlaun	346000			
2. Verðlagsuppbót	657400			
		1003400		
			1 139 410	
2. Efnivörur			300 000	
3. Vélarekstur og viðhald			45 090	
4. Annar kostnaður			100 000	
5. Fyrning			28 500	
				1 613 000
Fært á 3. gr. A. 4			. . .	287 000
7. Áburðarsala ríkisins.				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	25992			
2. Verðlagsuppbót	48385			
		74377		
b. Annar kostnaður		125623		
			200 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum			200 000	
8. Grænmetisverzlun ríkisins.				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	38988			
2. Verðlagsuppbót	74077			
		113065		
b. Annar kostnaður		106935		
			220 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum			220 000	

3. gr.

		kr.	kr.
9. Landssmiðjan.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum)			1 010 000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna:			
a. Grunnlaun	94245		
b. Verðlagsuppbót	155755		
		250 000	
2. Vextir		160 000	
3. Fyrning		300 000	
4. Annar kostnaður		296 500	
			1 006 500
Fært á 3. gr. A. 5		. . .	3 500
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar			10 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnistæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbankans, sem standa eiga undir og eru að veði fyrir lánum til veðdeildarbréfakaupa		58 760
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj.		180 000
3. Vextir af dönskum ríkisskuldabréfum		35 777
4. Arður af hlutafjáreign		263 570
5. Aðrir vextir		50 000
Samtals ...	. . .	588 107

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 100 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1947 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		882 788
2. Lán í dönskum krónum		236 405
3. Lausaskuldir		50 000
Samtals ...	. . .	1 169 193

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		362 603

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		1 500 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		13 406
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2 170
Samtals ...	. . .	1 515 576

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:			
1. Til ráðherra:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	90000		
2. Verðlagsuppbót	171000		
	261000		
b. Til risnu samkvæmt reikningi	25000		
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra	3000		
2. Húsaleiguuppbót	1110		
	4110		
		290 110	
2. Til ráðuneytanna:			
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	100800		
2. Verðlagsuppbót	191520		
	292320		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	83600		
2. Verðlagsuppbót	158840		
	242440		
c. Fjármálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	175213		
2. Verðlagsuppbót	332905		
	508118		
d. Utanríkisráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	97765		
2. Verðlagsuppbót	178155		
	275920		
e. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	18000		
2. Verðlagsuppbót	34200		
	52200		
f. Aðrir starfsmenn ráðuneytanna, laun:			
1. Grunnlaun	31200		
2. Verðlagsuppbót	59280		
	90480		
g. Annar kostnaður ráðuneytanna	300000		
		1 761 478	
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	105020		
2. Verðlagsuppbót	199538		
	304558		
b. Annar kostnaður	30000		
		334 558	
4. Ýmis kostnaður:			
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga	20000		

10. gr.

			kr.	kr.
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:				
1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	1200			
2. Til pappírs og prentunar	80000			
3. Til kostnaðar af sendingu með póstum	4500			
		85700		
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað		35000		
d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046		
			142 746	
				2 528 892
II. Hagstofan:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun		79717		
2. Verðlagsuppbót		151460		
			231 177	
b. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna			60 000	
c. Prentun eyðublaða			4 500	
d. Húsaleiga, hiti og ljós			12 000	
e. Annar kostnaður			4 000	
				311 677
III. Utanríkismál:				
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:				
a. Laun sendiherra skv. launalögum	12000			
b. Laun annarra starfsmanna skv. launalögum	15000			
		27000		
c. Risna og staðaruppbót á laun		62400		
d. Annar kostnaður		19000		
			108 400	
2. Sendiráðið í Stokkhólmi:				
a. Laun sendifulltrúa	10200			
b. Laun annarra starfsmanna	12400			
c. Laun starfsfólks utan launalaga	30324			
		52924		
d. Risna og staðaruppbót á laun		60420		
e. Annar kostnaður		34941		
			148 285	
3. Sendiráðið í London:				
a. Laun sendiherra	12000			
b. Laun annarra starfsmanna	29000			
c. Laun starfsfólks utan launalaga	8000			
		49000		
d. Risna og staðaruppbót á laun		137300		
e. Annar kostnaður		47500		
			233 800	

10. gr.

			kr.	kr.
4.	Sendiráðið í Washington:			
	a. Laun sendiherra skv. launalögum	12000		
	b. Laun annarra starfsmanna	9600		
	c. Laun starfsfólks utan launalaga	30500		
			52100	
	d. Staðaruppbót á laun		95400	
	e. Annar kostnaður		31200	
				178 700
5.	Sendiráðið í Moskva:			
	a. Laun sendifulltrúa skv. launalögum	7200		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	25500		
			32700	
	c. Staðaruppbót á laun		43100	
	d. Annar kostnaður		27500	
				103 300
6.	Sendiráðið í París:			
	a. Laun sendiherra samkvæmt launalögum	12000		
	b. Laun annarra starfsmanna samkvæmt launalögum	7800		
			19800	
	c. Staðaruppbót á laun		129400	
	d. Annar kostnaður		49530	
				198 730
7.	Aðalræðismannsskrifstofan í New-York:			
	a. Laun aðalræðismanns samkv. launalögum	10200		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	13500		
			23700	
	c. Staðaruppbót		44300	
	d. Annar kostnaður		22700	
				90 700
8.	Ferðakostnaður			50 000
9.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki			100 000
10.	Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum			250 000
				1 461 915
	Samtals ...		. . .	4 302 484

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstiréttur:		
	a. Laun hæstaréttardómara og hæstaréttarritara:		
	1. Grunnlaun 93600		
	2. Verðlagsuppbót 177840	271 440	
	b. Annar kostnaður	60 000	331 440
2.	Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 66491		
	2. Verðlagsuppbót 126333	192 824	
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	18 000	
	c. Annar kostnaður	12 000	222 824
3.	Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 76366		
	2. Verðlagsuppbót 145096	221 462	
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	10 800	
	c. Annar kostnaður	18 000	250 262
4.	Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 92841		
	2. Verðlagsuppbót 176399	269 240	
	b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	42 784	
	c. Annar kostnaður	80 000	392 024
5.	Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 83215		
	2. Verðlagsuppbót 158108	241 323	
	b. Ljós, hiti, ræsting, dyravarzla og húskostnaður ..	70 000	
	c. Annar kostnaður	30 000	341 323
6.	Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 229000		
	2. Verðlagsuppbót 435100	664 100	
	b. Skrifstofukostnaður:		
	1. Grunnlaun 306800		
	2. Verðlagsuppbót 582920		
	3. Annar kostnaður 232000	1 121 720	
			1 785 820

11. gr.

			kr.	kr.
7. Laun hreppstjóra:				
a. Grunnlaun			70 000	
b. Verðlagsuppbót			133 000	
				203 000
8. Lögreglukostnaður:				
a. Ríkislögregla:				
1. Laun lögregluþjóna:				
a. Grunnlaun	197900			
b. Verðlagsuppbót	376010			
		573910		
2. Annar kostnaður		293420		
			867 330	
b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík			400 000	
				1 267 330
9. Kostnaður við landhelgisgæzlu				3 000 000
10. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:				
a. Hegningarhúsið í Reykjavík:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	20625			
b. Verðlagsuppbót	39187			
		59812		
2. Annar kostnaður		57300		
		117112		
(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)				
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar		58556		
			58 556	
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	55200			
b. Verðlagsuppbót	104880			
		160080		
2. Annar kostnaður		176000		
		336080		
(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)				
÷ Tekjur		140000		
			196 080	
c. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	7800			
b. Verðlagsuppbót	14820			
		22620		
2. Annar kostnaður		7000		
		29620		
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar		14810		
			14 810	
d. Til byggingar fangahúsa			357 000	
				626 446
11. Kostnaður við sakamál og lögreglumál				200 000
12. Laun sjódómsmanna				6 000
13. Kostnaður við störf setu- og varadómara				15 000

11. gr.

		kr.	kr.
14. Kostnaður við félagsdóm:			
a. Laun félagsdómsmanna:			
1. Grunnlaun	17100		
2. Verðlagsuppbót	32490		
		49 590	
b. Annar kostnaður		3 000	
			52 590
15. a. Laun sáttamanna í vinnudeilum:			
1. Grunnlaun	5750		
2. Verðlagsuppbót	10925		
		16 675	
b. Annar kostnaður		5 000	
			21 675
Samtals A. ...		. . .	8 715 734
B. Opinbert eftirlit.			
1. Skipaskoðun ríkisins:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	33600		
2. Verðlagsuppbót	63840		
		97 440	
b. Ferðakostnaður		15 000	
c. Annar kostnaður		16 000	
			128 440
2. Eftirlit með verksmiðjum og vélum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	22750		
2. Verðlagsuppbót	43225		
		65 975	
b. Ferðakostnaður		9 000	
c. Annar kostnaður		17 400	
		92 375	
÷ Tekjur		92 375	
3. Bifreiðaeftirlit ríkisins:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	101400		
2. Verðlagsuppbót	192660		
		294 060	
b. Annar kostnaður		100 000	
		394 060	
÷ Tekjur		394 060	
4. Lögildingarstofan:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	31800		
2. Verðlagsuppbót	60420		
		92 220	
b. Annar kostnaður		30 000	
		122 220	
÷ Tekjur		122 220	

11. gr.

		kr.	kr.
5. Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	38400		
2. Verðlagsuppbót	72960		
		111 360	
b. Annar kostnaður		146 000	
		257 360	
÷ Tekjur		257 360	
6. Matvælaeftirlitið:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	7200		
2. Verðlagsuppbót	13680		
		20 880	
b. Annar kostnaður		25 000	
		45 880	
÷ Tekjur		45 880	
7. Kostnaður við mat á afurðum:			
a. Mat á saltfiski og ísvörðum fiski:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	50700		
b. Verðlagsuppbót	96330		
	147030		
2. Skrifstofukostnaður	11300		
		158 330	
b. Mat á freðfiski:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	30000		
b. Verðlagsuppbót	57000		
	87000		
2. Skrifstofukostnaður	26400		
3. Annar kostnaður	10000		
		123 400	
c. Síldarmat:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	31600		
b. Verðlagsuppbót	60040		
	91640		
2. Annar kostnaður	10500		
		102 140	
d. Laun kjötmatsmanna:			
1. Grunnlaun	3900		
2. Verðlagsuppbót	7410		
		11 310	
e. Laun ullarmatsamanna:			
1. Grunnlaun	6875		
2. Verðlagsuppbót	13062		
		19 937	

11. gr.

		kr.	kr.
f. Laun lýsismatsmanns:			
1. Grunnlaun	3000		
2. Verðlagsuppbót	5700		
		8 700	
g. Ferðakostnaður matsmanna		80 000	
			503 817
8. Kostnaður við vörumerkjaskráningu:			
a. Grunnlaun		2 000	
b. Verðlagsuppbót		3 800	
			5 800
9. Eftirlit með opinberum sjóðum:			
a. Grunnlaun		2 860	
b. Verðlagsuppbót		5 434	
			8 294
10. Kostnaður við eftirlit á vegum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	7800		
2. Verðlagsuppbót	14820		
		22 620	
b. Annar kostnaður		23 550	
			46 170
11. Eftirlit með sparisjóðum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	6600		
2. Verðlagsuppbót	12540		
		19 140	
b. Ferðakostnaður		5 000	
			24 140
12. Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum:			
Gjöld	2000000		
÷ Tekjur	2000000		
13. Kostnaður við húsaleigunefndir			100 000
14. Kostnaður við embættiseftirlitsferðir			10 000
Samtals B. ...		. . .	826 661
C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta.			
I. Tollar:			
a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:			
1. Laun tollstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	399522		
b. Verðlagsuppbót	759091		
	1158613		
2. Húsaleiga, ljós og hiti	45000		
3. Annar kostnaður	150000		
		1 353 613	
b. Tollgæzla:			
1. Í Reykjavík:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun	248716		
2. Verðlagsuppbót	472560		
	721276		
b. Húsaleiga, ljós og hiti	75000		
c. Annar kostnaður	185000		
		981 276	

11. gr.

		kr.	kr.
2. Utan Reykjavíkur:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun	91825		
2. Verðlagsuppbót	174467		
	266292		
b. Annar kostnaður	50000		
		316 292	
			2 651 181
II. Skattar:			
a. Ríkisskattanefnd:			
1. Laun nefndarmanna og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	61820		
b. Verðlagsuppbót	51768		
	113588		
2. Annar kostnaður	21600		
		135 188	
b. Skattstofan í Reykjavík:			
1. Laun skattstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	117600		
b. Verðlagsuppbót	223440		
	341040		
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	40500		
3. Tímavinna	285000		
4. Annar kostnaður	63000		
	729540		
÷ hluti bæjarsjóðs Reykjavíkur af kostnaðinum	243180		
		486 360	
c. Kostnaður við skattanefndir og skattstofur utan Reykjavíkur		500 000	
d. Kostnaður við nýbyggingarsjóðsnefnd		5 000	
e. Laun skattdómara:			
1. Grunnlaun	10200		
2. Verðlagsuppbót	19380		
		29 580	
f. Millimatskostnaður		50 000	
			1 206 128
Samtals C. ...		. . .	3 857 309
D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.			
1. Símakostnaður endurgreiddur embættismönnum og opinberum skrifstofum			400 000
2. Burðargjöld			150 000
3. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta			275 000
Samtals D. ...		. . .	825 000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

			kr.	kr.
I.	Landlæknisembættið:			
	a. Laun landlæknis og skrifstofumanns:			
	1. Grunnlaun	20800		
	2. Verðlagsuppbót	39520		
			60 320	
	b. Annar kostnaður		4 800	
				65 120
II.	Laun héraðslækna:			
	a. Grunnlaun		504 900	
	b. Verðlagsuppbót		959 310	
				1 464 210
III.	Ríkisspítalar:			
	A. Landsspítalinn:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	466100		
	b. Verðlagsuppbót	881090		
		1347190		
	2. Matvörur	795000		
	3. Annar kostnaður	1084700		
		3226890		
	Þar frá dragast tekjur	1805000		
	Rekstrarhalli		1 421 890	
	B. Ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólinn:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	10200		
	b. Verðlagsuppbót	16530		
		26730		
	2. Fæðiskostnaður hjúkrunarnema	42000		
	3. Annar kostnaður	4500		
		73230		
	÷ Tekjur	1000		
	Rekstrarhalli		72 230	
	C. Geðveikrahælið á Kleppi:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	375000		
	b. Verðlagsuppbót	712000		
		1087000		
	2. Matvörur	760000		
	3. Annar kostnaður	687000		
		2534000		
	÷ Tekjur	1848000		
	Rekstrarhalli		686 000	

12. gr.

		kr.	kr.
D. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	309000		
b. Verðlagsuppbót	586000		
		895000	
2. Matvörur		900000	
3. Annar kostnaður		720500	
		2515500	
÷ Tekjur		1533000	
Rekstrarhalli ...			982 500
E. Heilsuhælið á Kristnesi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	133000		
b. Verðlagsuppbót	252700		
		385700	
2. Matvörur		300000	
3. Annar kostnaður		191000	
		876700	
÷ Tekjur		551500	
Rekstrarhalli ...			325 200
F. Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	27100		
b. Verðlagsuppbót	51400		
		78500	
2. Matvörur		39000	
3. Annar kostnaður		48000	
Rekstrarhalli ...			165 500
G. Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	33000		
b. Verðlagsuppbót	62700		
		95700	
2. Matvörur		53000	
3. Annar kostnaður		39300	
		188000	
÷ Tekjur		159600	
Rekstrarhalli ...			28 400
H. Upptökuheimili í Elliðahvammi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	18000		
b. Verðlagsuppbót	34200		
		52200	

12. gr.

		kr.	kr.
2. Matvörur	28000		
3. Annar kostnaður	28800		
	109000		
÷ Tekjur	76650		
Rekstrarhalli		32 350	
I. Heilsuhælið í Kaldaðarnesi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	13200		
b. Verðlagsuppbót	25080		
	38280		
2. Matvara	72270		
3. Annar kostnaður	51000		
	161550		
÷ Tekjur	148000		
Rekstrarhalli		13 550	
			3 727 620
IV. Til berklavarna:			
a. Styrkur til berklasjúklinga		2 450 000	
b. Styrkur samkv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 66 1939		5 000	
c. Laun:			
1. Grunnlaun	32070		
2. Verðlagsuppbót	60933		
		93 003	
d. Annar kostnaður		32 000	
			2 580 003
V. Styrkur til sjúklinga samkv. lögum nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla			1 900 000
VI. Rekstrarstyrkir til sjúkrahúsa:			
a. Til sjúkrahúsanna á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, 100 kr. á rúm:			
1. Grunnstyrkur	12900		
2. Verðlagsuppbót	24510		
		37 410	
b. Til sömu sjúkrahúsa og sjúkrahúsanna á Siglufirði og í Vestmannaeyjum:			
1. Grunnstyrkur	40000		
2. Verðlagsuppbót	76000		
		116 000	
			153 410
Fjárhæð þessi skiptist á milli sjúkrahúsanna í hlutfalli við eðlilegan halla af vist innlendra utansveitarsjúklinga, enda samþykki heilbrigðisstjórnin daggjöld þeirra.			
VII. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum gegn tvöföldu framlagi annars staðar að			100 000
Skilyrði fyrir styrknum er það, að heilsuverndarstöðin reki berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og			

12. gr.

	kr.	kr.
eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og hagi störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.		
VIII. Styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga, annarra en ríkis- og fjórðungssjúkrahúsa		935 000
IX. Til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri ..		340 000
X. Bólusetningarkostnaður		7 000
XI. Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum laga nr. 65 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands		2 000
XII. Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum laga nr. 66 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		25 000
XIII. Styrkur til augnlækningaferða:		
a. Grunnstyrkur	2 400	
b. Verðlagsuppbót	4 560	
		6 960
XIV. Laun kynsjúkdómalæknis:		
a. Grunnlaun	8 370	
b. Verðlagsuppbót	15 903	
		24 273
XV. Til læknisvitjanasjóða skv. lögum nr. 59 4. júlí 1942		30 000
XVI. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		9 000
XVII. Til ýmissa heilbrigðisráðstafana		4 000
XVIII. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs:		
a. Grunnstyrkur	3 870	
b. Verðlagsuppbót	7 353	
		11 223
XIX. Styrkur til ýmissa sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis		15 000
XX. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra:		
a. Grunnstyrkur	80 000	
b. Verðlagsuppbót	152 000	
		232 000
Samtals ...	. . .	11 631 819

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
A. Vegamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	168800		
b. Verðlagsuppbót	318620		
		487 420	
2. Annar skrifstofukostnaður		75 000	
3. Ferðakostnaður verkfræðinga og til aðstoðar og mælinga		250 000	
			812 420
II. Þjóðvegir:			
a. Til nýrra akvega:			
1. Kjósarvegur	8500		
2. Akrafjallsvegur	51000		
3. Hvalfjarðarferjuvegur	212500		
4. Svínadalsvegur	25500		
5. Lundarreykjadalsvegur	25500		
6. Bæjarsveitarvegur	29800		
7. Hálsasveitarvegur	21300		
8. Hvítársíðuvegur	21300		
9. Álftaneshreppsvegur	68000		
10. Hraunhreppsvegur	38300		
11. Hnappadalsvegur	17000		
12. Ólafsvíkurvegur	110500		
13. Hellissandsvegur	25500		
14. Fróðárhreppsvegur 17000 og Eyrarsveitarvegur 42500	59500		
15. Skógarstrandarvegur	51000		
16. Dalasýsluvegur	85000		
17. Laxárdalsvegur	25500		
18. Klofningsvegur	34000		
19. Skarðsstrandarvegur	51000		
20. Reykhólavegur	51000		
21. Gufudalsvegur	42500		
22. Barðastrandarvegur	255000		
23. Tálknafjarðarvegur	51000		
24. Rauðasandsvegur	76500		
25. Bíldudalsvegur	51000		
26. Dalahreppsvegur	38300		
27. Rafnseyrarheiðarvegur	127500		
28. Hjarðardalsvegur	25500		
29. Botnsheiðarvegur	76500		
30. Súðavíkurvegur	110500		
31. Aðalvíkurvegur	17000		
32. Þorskafjarðarheiðarvegur	42500		
33. Ármúlavegur	38300		
34. Bolungavíkurvegur	170000		
35. Selstrandarvegur	21300		
36. Reykjarfjarðarvegur	21300		

		13. gr.	
		kr.	kr.
37.	Bitruvegur	170000	
38.	Bæjarhreppsvegur	17000	
39.	Miðfjarðarvegur	34000	
40.	Vesturhópsvegur	59500	
41.	Vatnsdalsvegur	17000	
42.	Svínvetningabraut	68000	
43.	Skagastrandarvegur	102000	
44.	Gönguskarðsvegur	85000	
45.	Sauðárkróksbraut	17000	
46.	Út-Blönduhlíðarvegur	42500	
47.	Hofsósvegur	42500	
48.	Hólavegur	42500	
49.	Siglufjarðarskarðsvegur	212500	
50.	Ólafsfjarðarvegur	340000	
51.	Hrísavegur	17000	
52.	Hörgárdalsvegur	17000	
53.	Öxnadalsheiðarvegur	637500	
54.	Laugalandsvegur	42500	
55.	Fnjóskadalsvegur	17000	
56.	Ljósavatnsskarðsvegur	34000	
57.	Kinnarbraut í Ljósavatnshreppi	68000	
58.	Bárðardalsvegur	21300	
59.	Hvammsheiðarvegur	25500	
60.	Tjörnesvegur	17000	
61.	Kelduhverfisvegur	34000	
62.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur	68000	
63.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar	17000	
64.	Langanesvegur	17000	
65.	Brekknaheiðarvegur	51000	
66.	Bakkafjarðarvegur	25500	
67.	Vopnafjarðarvegur	34000	
68.	Hróarstunguvegur	34000	
69.	Upphéraðsvegur	12800	
70.	Jökuldalsvegur	17000	
71.	Úthéraðsvegur	68000	
72.	Borgarfjarðarvegur	17000	
73.	Fjarðarheiðarvegur	106300	
74.	Skógavegur	29800	
75.	Eskifjarðarvegur	17000	
76.	Oddsskarðsvegur	255000	
77.	Fáskrúðsfjarðarvegur	85000	
78.	Stöðvarfjarðarvegur	63800	
79.	Berunesvegur	17000	
80.	Breiðdalsvíkurvegur	17000	
81.	Geithellnavegur	34000	
82.	Lónsheiðarvegur	42500	
83.	Almannaskarðsvegur	34000	
84.	Melatangavegur	25500	
85.	Innnesjavegur	17000	
86.	Mýravegur	17000	
87.	Suðursveitarvegur	17000	

13. gr.

		kr.	kr.
88.	Öræfavegur	17000	
89.	Síðuvegur	25500	
90.	Skaftártunguvegur	25500	
91.	Landbrotsvegur	25500	
92.	Meðallandsvegur	21300	
93.	Mýrdalsvegur	51000	
94.	Eyjafjallavegur	34000	
95.	Syðri-Landeyjavegur	42500	
96.	Ytri-Landeyjavegur	63800	
97.	Rangárvallavegur	21300	
98.	Þykkvabæjarvegur	29800	
99.	Hagabraut	63800	
100.	Landvegur	29800	
101.	Gnúpverjahreppsvegur	17000	
102.	Grafningsvegur	25500	
103.	Hrunamannahreppsvegur	51000	
104.	Laugardalsvegur	29800	
105.	Skálholtsvegur	102000	
106.	Partavegur	17000	
107.	Selvogsvegur	340000	
108.	(Austurlandsvegur) Mývatnsöræfavegur	42500	
			6 571 500
b.	Viðhald og endurbætur		9 000 000
			15 571 500
III.	Brúargerðir:		
1.	Reiðgil á Öxnadalsheiði		119 000
2.	Holtakíll á Mýrum í A.-Skaft.		55 300
3.	Laxá í Lóni		68 000
4.	Hörðudalsá í Dölum		97 800
5.	Heinabergsvötn í Suðursveit		97 800
6.	Tunguá í Lundarreykjadal		110 500
7.	Brúará í Fljótshverfi		29 800
8.	Álftá á Mýrum		42 500
9.	Ósá hjá Bolungavík		46 800
10.	Langadalsá á Skógarströnd		55 300
11.	Þórsá		29 800
12.	Blanda hjá Löngumýri		233 800
13.	Bakkadalsá í Arnarfirði		17 000
14.	Skaftá undir Heiði		25 500
15.	Múlakvísl (endurbygging)		136 000
16.	Norðurá við Öxnadalsheiði		221 000
17.	Haukadalsá á Haukadalsvegi í Dölum		28 100
18.	Svínadalsá í Dalasýslu		63 800
19.	Kleifá í Dalasýslu		46 800
20.	Arnarbýlisá á Barðaströnd		63 800
21.	Móra á Barðaströnd		63 800
22.	Víðinesá á Hólavegi		63 800
23.	Stafá í Fljótum		46 800
24.	Jökulsá í Fljótsdal		106 300
25.	Geitdalsá og Múlaá		76 500

13. gr.

	kr.	kr.
26. Selá í Steingrímsfirði	127 500	
27. Selá á Langadalsströnd	63 800	
28. Ýmsar smábrýr	242 700	
		2 379 600
IV. Til brúasjóðs samkvæmt lögum		450 000
V. Til fjallvega		102 000
VI. Til áhalda:		
1. Til verkfærakaupa	100 000	
2. Til kaupa á vegavinnuvélum	500 000	
3. Til bókasafns verkamanna	4 000	
		604 000
VII. Til sýsluvega:		
1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að	250 000	
2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 102 1933	500 000	
		750 000
VIII. Til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum og verzlunarstöðum af bifreiðaskatti		100 000
IX. Til ferjuhalds		5 000
X. Styrkur til vetrarflutninga		20 000
XI. Til ræktunarvega:		
a. Í Vestmannaeyjum	30 000	
b. Í Flatey á Breiðafirði	5 000	
c. Í Flatey á Skjálfanda	3 000	
d. Í Grímsey	3 000	
e. Í Hrísey	4 500	
		45 500
XII. Til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi		110 500
XIII. Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum		210 000
XIV. Til verkstjóranámskeiðs, eftir ráðstöfun vegamálastjóra og vitamálastjóra		5 000
XV. Til fyrrverandi vegaverkstjóra og til vegaverkstjóraekkna, eftir tillögum vegamálastjóra		14 000
XVI. Iðgjald til slysatryggingarinnar		125 000
XVII. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1943, um orlof verkamanna		450 000
XVIII. Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)		3 000
Samtals A ...	. . .	21 757 520

B. Samgöngur á sjó.

1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs	2 500 000	
(Þar af fyrning kr. 105000, sjá 20. gr.).		
b. Til vöruflutninga til Öræfa í Austur-Skaftafellssýslu	29 800	
		2 529 800
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		916 200
Skipaútgerð ríkisins hefur yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og		

13. gr.

		kr.	kr.
rekstrarreikningur 1946 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefur numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1947 og flutningsgjaldskrá sé samþykkt af póst- og símamálastjórninni og Skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu rík sé þörf á ferðum hvers þess báts, er styrks nýtur úr ríkissjóði. Skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyldir til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt. Eigi skal styrkurinn greiddur að fullu, fyrr en skilríki hafa legið fyrir Skipaútgerð ríkisins um afkomu hlutaðeigandi báta á styrktímabilinu, þeirra er varanlegum samgöngum halda uppi á ákveðnu svæði, svo að sýnt sé, að styrksins hefur verið þörf, eins og hann var ákveðinn.			
Samtals B. ...		. . .	3 446 000
C. Vitamál og hafnargerðir.			
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	148500		
b. Verðlagsuppbót	282150		
	430650		
÷ hluti af launum verkfræðinga o. fl. færðir á hafnir	150650		
		280 000	
2. Annar skrifstofukostnaður		50 000	
3. Ferðakostnaður og fæðispeningar		15 000	
			345 000
II. Laun vitavarða:			
a. Grunnlaun		85 000	
b. Verðlagsuppbót		161 500	
c. Aukagæzla og aðstoð		17 500	
			264 000
III. Rekstrarkostnaður vitanna:			
a. Vitaskipið		500 000	
b. Vitarnir		500 000	
			1 000 000
IV. Viðhald og endurbætur vitanna			100 000
V. Sjómerki og viðhald sæluhúsa			25 000
VI. Til áhalda			500 000
VII. Fyrning			80 000
VIII. Til hafnargerða:			
1. Akranes		280 500	
2. Akureyri		280 500	
3. Bolungavík		255 000	
4. Dalvík		127 500	
5. Eskifjörður		63 800	
6. Flateyri		63 800	

13. gr.

	kr.	kr.
7. Hafnarfjörður	280 500	
8. Hofsós	42 500	
9. Húsavík	280 500	
10. Ísafjörður	212 500	
11. Neskaupstaður	127 500	
12. Ólafsfjörður	280 500	
13. Ólafsvík	42 500	
14. Patreksfjörður	255 000	
15. Raufarhöfn	34 000	
16. Sauðárkrókur	212 500	
17. Seyðisfjörður	85 000	
18. Siglufjörður	280 500	
19. Skagaströnd	280 500	
20. Stykkishólmur	127 500	
21. Súgandafjörður	85 000	
22. Vestmannaeyjar	280 500	
23. Þingeyri	140 300	
24. Þórshöfn	63 800	
25. Höfn í Hornafirði	110 500	
		4 292 700
IX. Til lendingarbóta:		
1. Alviðruvör	8 500	
2. Arnarstapi	21 300	
3. Bakkafjörður	63 800	
4. Blönduós	42 500	
5. Borgarfjörður (eystra)	42 500	
6. Breiðdalsvík	55 300	
7. Búðardalur	17 000	
8. Bæir í Snæfjallahreppi	8 500	
9. Djúpivogur	42 500	
10. Drangsnes	63 800	
11. Eyrarbakki	42 500	
12. Flatey á Breiðafirði	85 000	
13. Flatey á Skjálfanda	21 300	
14. Gerðar í Garði	42 500	
15. Gjögur	21 300	
16. Grafarnes í Grundarfirði	63 800	
17. Grenivík	34 000	
18. Grindavík (Járngerðarst.)	127 500	
19. Grímsey	21 300	
20. Hafnarnes	42 500	
21. Haganesvík	12 800	
22. Hvallátur	8 500	
23. Hvalsker	8 500	
24. Hvammstangi	59 500	
25. Kaldrananes	63 800	
26. Kópasker	21 300	
27. Mjóifjörður	42 500	
28. Reykjanes við Ísafjarðardjúp	42 500	
29. Sandgerði	127 500	
30. Staðarfell	8 500	

		kr.	kr.
31.	Stokkseyri	42 500	
32.	Stöðvarfjörður	85 000	
33.	Súðavík	59 500	
34.	Tálknafjörður	21 300	
35.	Vatnsfjörður	17 000	
36.	Vogar	170 000	
37.	Vopnafjörður	85 000	
38.	Þorlákshöfn	280 500	
39.	Örlygshöfn	17 000	
40.	Loðmundarfjörður	4 300	
			2 044 900
X.	Til hafnarbótasjóðs samkvæmt lögum		1 150 000
XI.	Til ferjuhafna:		
1.	Arngerðareyri	42 500	
2.	Gemlufall	17 000	
3.	Hvalfjörður	255 000	
			314 500
	Samtals C. ...	. . .	10 116 100
	D. Flugmál.		
I.	Stjórn og undirbúningur flugmála:		
1.	Laun:		
a.	Grunnlaun ... 67000		
b.	Verðlagsuppbót ... 127300		
		194 300	
2.	Húsnæði, ljós, hiti, ræsting	24 000	
3.	Annar skrifstofukostnaður	16 000	
			234 300
II.	Ferðakostnaður og mælingar vegna flugvalla		44 400
III.	Til véla og áhalda		105 000
IV.	Fyrning		56 000
V.	Kostnaður við flugmálaráðstefnur og alþjóðaflugmálastofnunina		70 000
VI.	Styrkir til námsmanna og starfsemi áhugamanna		150 000
VII.	Til flugvalla og lendingarbóta:		
1.	Reykjavíkurflugvöllurinn, flughöfnin á Skerjafirði og fluggæzludeild:		
a.	Rekstrarkostnaður ... 3150000		
	÷ Tekjur ... 600000		
	2550000		
b.	Fyrning ... 700090		
		3 250 000	
2.	Aðrir flugvellir og lendingarbætur	350 000	
			3 600 000
	Samtals D. ...	. . .	4 259 700

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Kirkjumál.		
I.	Biskupsembættið:		
	1. Laun biskups og starfsmanna á skrifstofu hans:		
	a. Grunnlaun 25300		
	b. Verðlagsuppbót 48070		
		73 370	
	2. Risna:		
	a. Grunnlaun 2000		
	b. Verðlagsuppbót 3800		
		5 800	
	3. Annar skrifstofukostnaður	3 000	
	4. Ferðakostnaður biskups	5 000	
			87 170
II.	Embætti sóknarpresta og prófasta:		
	1. Laun sóknarpresta:		
	a. Grunnlaun 930000		
	b. Verðlagsuppbót 1767000		
	2697000		
	÷ framlag úr prestlaunasjóði 100000		
		2 597 000	
	2. Laun prófasta:		
	a. Grunnlaun 12600		
	b. Verðlagsuppbót 23940		
		36 540	
	3. Embættiskostnaður presta:		
	a. Grunnlaun 62000		
	b. Verðlagsuppbót 117800		
		179 800	
	4. Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum	200 000	
			3 013 340
III.	Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkv. lögum		10 000
IV.	Til söngmálastjóra þjóðkirkjunnar:		
	1. Grunnlaun	9 000	
	2. Verðlagsuppbót	17 100	
	3. Ferðakostnaður	2 400	
			28 500
V.	Til eflingar kirkjusöngs skv. ráðstöfun söngmálastjóra		15 000
VI.	Kostnaður við kirkjuráð		1 500
VII.	Til að gefa út ársskýrslu þjóðkirkjunnar		1 250
VIII.	Til styrktar málgagni fyrir hina íslenzku þjóðkirkju		5 000
	Samtals A ...	. . .	3 161 760
	B. Kennslumál.		
I.	a. Háskólinn:		
	1. Laun kennara og annarra starfsmanna:		
	a. Grunnlaun 377620		
	b. Verðlagsuppbót 717478		
		1 095 098	

14. gr.

	kr.	kr.
2. Hiti, ljós og ræsting	140 000	
3. Námsstyrkir	140 000	
4. Húsaleigustyrkir	50 000	
5. Til rannsóknastofu í líffæra- og lífeðlisfræði	20 000	
6. Til tannlækningastofu	3 000	
7. Til rannsóknarstofu í lyfjafræði	7 000	
8. Til rannsóknarstofu í heilbrigðisfræði	7 000	
9. Til íþróttakennslu	7 500	
10. Til verkfræðideildar, tímakennsla o. fl.	40 000	
11. Til áhaldakaupa læknadeildar	5 000	
12. Til námskeiða og heimsókna erlendra vísindamanna	30 000	
13. Ýmis útgjöld	75 000	
		1 619 598
b. Tilraunastofa Háskólans á Keldum:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun 28920		
b. Verðlagsuppbót 54948		
	83 868	
2. Annar kostnaður	40 000	
3. Til búfjársjúkdómarannsókna	50 000	
	173 868	
÷ Tekjur af afurðum	30 000	
		143 868
II. Til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis:		
a. Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum	150 000	
b. Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðs. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að þeir, sem styrks njóta, inni af hendi að loknu námi minnst 5 ára þjónustu í þágu landsins, ella endurgreiði þeir styrkinn.	350 000	
c. Til stúdentaráðs, til þess að starfrækja leiðbeiningaskrifstofu undir stjórn Lúðvíks Guðmundssonar:		
1. Grunnlaun 4500		
2. Verðlagsuppbót 8550		
	13 050	
d. Til stúdentaskipta o. fl. samkv. ráðstöfun stúdentaráðs	10 000	
e. Til kaupa á herbergi í Árósaháskóla, til afnota fyrir íslenzka stúdenta	9 000	
		532 050
III. Fræðslumálastjóraembættið:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun 57600		
b. Verðlagsuppbót 109440		
	167 040	
2. Annar kostnaður	60 000	
		227 040

14. gr.

		kr.	kr.
IV. Menntaskólinn í Reykjavík:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	122700		
2. Verðlagsuppbót	233130		
		355 830	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	82400		
2. Verðlagsuppbót	156560		
		238 960	
c. Hiti, ljós og ræsting		90 000	
d. Viðhald húsa og áhalda		60 000	
e. Náms- og húsaleigustyrkir		15 000	
f. Styrkur til bókasafns skólans		3 000	
g. Styrkur til bókasafnsins Íþöku		2 000	
h. Til prófdómara		25 000	
i. Vegna kostnaðar við skólastjórn:			
1. Grunnlaun	2000		
2. Verðlagsuppbót	3800		
		5 800	
j. Annar kostnaður		45 000	
k. Fyrning		3 540	
			844 130
V. Menntaskólinn á Akureyri:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	147900		
2. Verðlagsuppbót	281010		
		428 910	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	66500		
2. Verðlagsuppbót	126350		
		192 850	
c. Hiti, ljós og ræsting		60 000	
d. Viðhald húsa og áhalda		25 000	
e. Námsstyrkir		7 500	
f. Til bóka og áhalda		5 000	
g. Vegna kostnaðar við skólastjórn:			
1. Grunnlaun	2000		
2. Verðlagsuppbót	3800		
		5 800	
h. Annar kostnaður		45 000	
i. Fyrning		3 160	
			773 220
VI. Kennaraskólinn:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	69300		
2. Verðlagsuppbót	131670		
		200 970	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	20000		
2. Verðlagsuppbót	38000		
		58 000	

14. gr.

		kr.	kr.
c. Hiti, ljós og ræsting		20 000	
d. Bækur og áhöld		10 000	
e. Námsstyrkir		10 000	
f. Viðhald húsa og áhalda		15 000	
g. Annar kostnaður		25 000	
h. Fyrning		1 090	
			340 060
VII. Stýrimannaskólinn:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	37200		
2. Verðlagsuppbót	70680		
		107 880	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	50200		
2. Verðlagsuppbót	95380		
		145 580	
c. Hiti, ljós og ræsting		42 000	
d. Til áhaldakaupa		5 000	
e. Til útgáfu kennslubókar í siglingafræði		25 000	
f. Til námskeiða utan Reykjavíkur		40 000	
g. Annar kostnaður		11 500	
h. Fyrning		700	
			377 660
VIII. Vélstjóraskólinn:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	34800		
2. Verðlagsuppbót	66120		
		100 920	
b. Stundakennsla:			
1. Grunnlaun	9120		
2. Verðlagsuppbót	17328		
		26 448	
c. Hiti, ljós og ræsting		20 000	
d. Til áhaldakaupa		50 000	
e. Annar kostnaður		16 000	
			213 368
IX. Sjómannaskólahúsið:			
a. Laun húsvarðar:			
1. Grunnlaun	7400		
2. Verðlagsuppbót	14060		
		21 460	
b. Annar kostnaður		166 300	
c. Opinber gjöld		10 000	
d. Fyrning		10 000	
		207 760	
Endurgreiddur kostnaður af hita og ræsting	120500		
Húsaleigur	43000		
		163 500	
X. Búnaðarkennsla:			44 260
1. Bændaskólinn á Hólum:			
a. Föst laun:			
1. Grunnlaun	28200		
2. Verðlagsuppbót	53580		
	81780		

14. gr.

			kr.	kr.
b. Stundakennsla:				
1. Grunnlaun	10800			
2. Verðlagsuppbót	20520			
		31320		
c. Til verklegs náms		20000		
d. Hiti ljós og ræsting		25000		
e. Til verkfærakaupa		20000		
f. Til viðhalds		30000		
g. Til kaupa á 15 kilowatta mótorstöð		15000		
h. Annar kostnaður		5000		
i. Til kennsluáhalda		5000		
j. Fyrning		1226		
			234 326	
2. Bændaskólinn á Hvanneyri:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun	48700			
2. Verðlagsuppbót	92530			
		141230		
b. Til verklegs náms		20000		
c. Hiti, ljós og ræsting		25000		
d. Til verkfærakaupa		25000		
e. Til verkfærasafns		1000		
f. Annar kostnaður		50000		
g. Til viðgerðar á fjósi staðarins		100000		
h. Fyrning		2300		
			364 530	
3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum:				
a. Föst laun:				
1. Grunnlaun	30000			
2. Verðlagsuppbót	57000			
		87000		
b. Hiti, ljós og ræsting		15000		
c. Til kennsluáhalda		8000		
d. Viðhald skólahúsa		25000		
e. Til verkfærakaupa		12000		
f. Annar kostnaður		18000		
g. Fyrning		2500		
			167 500	
				766 356
XI. Iðnfræðsla:				
a. Til iðnskólahalds			250 000	
Ríkisstjórnin úthlutar styrk þessum að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og Landssambands iðnaðarmanna, þó ekki yfir ⅓ rekstrarkostnaðar til hvers skóla.				
Iðnskólarnir skulu senda fræðslumálastjórninni skýrslu um starf sitt.				
b. Til framhaldsnáms erlendis			30 000	
				280 000
XII. Verzlunarskólar o. fl.:				
a. Til Verzlunarskóla Íslands:				
130 króna styrkur með verðlagsuppbót fyrir hvern nemanda allt að			120 000	

14. gr.

		kr.	kr.
b.	Til Samvinnuskólans: 130 króna styrkur með verðlagsuppbót fyrir hvern nemanda allt að	30 000	
c.	Kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda:		
	1. Grunnlaun 500		
	2. Verðlagsuppbót 950		
		1 450	
			151 450
XIII.	Til Kvennaskólans í Reykjavík:		
a.	Húsnæðisstyrkur	5 000	
b.	Rekstrarstyrkur	80 000	
c.	60 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið	7 200	
d.	Námsstyrkur til sveitastúlkna	5 000	
			97 200
XIV.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Laun kennara í föstum skólum:		
	a. Grunnlaun 2000000		
	b. Verðlagsuppbót 3800000		
		5 800 000	
2.	Laun farkennara:		
	a. Grunnlaun 320000		
	b. Verðlagsuppbót 608000		
		928 000	
3.	Til aukakennara og stundakennslu	50 000	
4.	Til kennslueftirlits:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 52800		
	2. Verðlagsuppbót 100320		
	153120		
	b. Ferðakostnaður 50000		
		203 120	
5.	Til framkvæmdar sundskyldu í barnaskólum samkvæmt tillögum íþróttafulltrúa	170 000	
6.	Styrkur til byggingar barnaskóla, íbúða fyrir skólastjóra og kaupa á skólabílum	3 825 000	
7.	Til fyrrv. barnakennara eftir till. fræðslumálastjóra:		
	a. Grunnlaun 14000		
	b. Verðlagsuppbót 26600		
		40 600	
8.	Ráðskonukaup við heimavistarbarnaskóla:		
	a. Grunnlaun 50000		
	b. Verðlagsuppbót 95000		
		145 000	
9.	Bifreiðarstjórar á skólabílum:		
	a. Grunnlaun 10000		
	b. Verðlagsuppbót 19500		
		29 500	
10.	Endurgreiðsla á ¼ rekstrarkostnaðar barnaskólanna	700 000	
11.	Styrkur til tímaritanna „Menntamál“ og „Heimili og skóli“, kr. 3000 til hvors	6 000	
12.	Til kennaranámskeiðs eða utanfara	40 000	
			11 937 220

14. gr.

		kr.	kr.
XV.	**Unglinga- og alþýðuskólar:**		
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 24000		
	2. Verðlagsuppbót 45600		
	69600		
	b. Til verklegs náms og aukakennslu:		
	1. Grunnlaun 6000		
	2. Verðlagsuppbót 11400		
	17400		
	c. Hiti, ljós og ræsting 30000		
	d. Til kennsluáhalda 2000		
	e. Viðhald 7500		
	f. Til endurnýjunar á húsgögnum 15000		
	g. Annar kostnaður 10000		
	h. Fyrning 800		
	i. Til endurnýjunar og viðgerðar á rafstöðinni, gegn 12 þús. kr. framlagi frá ríkisútvarpinu 40000		
		192 300	
2.	Til héraðs- og gagnfræðaskóla samkv. l. nr. 48 1946:		
	a. Grunnlaun 667325		
	b. Verðlagsuppbót 1267917		
	c. Til stundakennslu o. fl. 370000		
		2 305 242	
3.	Stofnkostnaður gagnfræða- og héraðsskóla	4 250 000	
4.	Til námsstjóra við framhaldsskóla:		
	a. Grunnlaun 10200		
	b. Verðlagsuppbót 19380		
	29580		
	c. Ferðakostnaður 6000		
		35 580	
5.	Til Snorragarðs í Reykholti	10 000	
6.	Til Skallagrímsgarðs í Borgarnesi	1 000	
7.	Til framkvæmda á Rafnseyri í minningu Jóns Sigurðssonar (lokagreiðsla)	50 000	
8.	Til gagnfræðaskóla Reykvíkinga	100 000	
9.	Til unglingafræðslu utan kaupstaða samkv. lögum nr. 48 1930	80 000	
10.	Til bókasafna við unglingaskóla	2 500	
11.	Til alþýðuskólans í Reykjavík	4 000	
12.	Til handíðaskólans:		
	a. Grunnstyrkur 31000		
	b. Verðlagsuppbót 58900		
		89 900	
13.	Til námsflokkastarfsemi undir eftirliti fræðslumálastjórnarinnar:		
	a. Grunnstyrkur 13750		
	b. Verðlagsuppbót 26125		
		39 875	
			7 160 397

14. gr.

			kr.	kr.
XVI.	Húsmæðrafræðsla:			
	1. Styrkur til húsmæðraskóla skv. lögum:			
	a. Grunnlaun	194124		
	b. Verðlagsuppbót	368835		
	c. Stundakennsla o. fl.	115000		
			677 959	
	2. Til byggingar húsmæðraskóla		1 275 000	
	3. Til húsmæðrakennaraskólans:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun 15600			
	2. Verðlagsuppbót 31200			
		46800		
	b. Stundakennsla	15000		
	c. Annar kostnaður	38500		
			100 300	
XVII.	Til íþróttamála:			2 053 259
	1. Til íþróttakennaraskóla ríkisins:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun 15600			
	2. Verðlagsuppbót 29640			
		45240		
	b. Stundakennsla	20000		
	c. Íþróttatæki og húsmunir	11000		
	d. Ræsting o. fl.	15000		
			91 240	
	2. Til íþróttasjóðs		1 000 000	
	3. Til Íþróttasambands Íslands til þess að hafa fastráðinn framkvæmdastjóra		8 000	
	4. Laun Ólafs Pálssonar til eftirlits með sundkennslu og til prófdómarastarfa:			
	a. Grunnlaun	2925		
	b. Verðlagsupbót	5557		
			8 482	
	5. Laun Lárusar Rist, sundkennara:			
	a. Grunnlaun	2600		
	b. Verðlagsupbót	4940		
			7 540	
	6. Til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar:			
	a. Grunnstyrkur	5000		
	b. Verðlagsuppbót	9500		
			14 500	
	7. Til ferðakennslu í íþróttum		20 000	
	8. Til útgáfu kennslubókar um sund		10 000	
	9. Til undirbúnings þátttöku í Olympíuleikunum 1948		50 000	
				1 209 762
XVIII.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	26400		
	b. Verðlagsupbót	50160		
			76 560	
	2. Annar kostnaður		100 000	
	(Þar af fyrning húss kr. 550, sjá 20. gr.).			176 560

14. gr.

		kr.	kr.
XIX.	Til blindrastarfsemi ..... Ríkisstjórnin skipti styrknum milli Blindravinafélagsins og Blindrafélagsins.		15 000
XX.	Til Geirs Þormars, tréskurðarmeistara á Akureyri, til að halda uppi kennslu á Norðurlandi í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl:		
	a. Grunnstyrkur	900	
	b. Verðlagsuppbót	1 710	
			2 610
XXI.	Til Kristjáns Geirmundssonar til að setja upp fugla fyrir náttúrugripasafnið og skóla:		
	a. Grunnstyrkur	1 500	
	b. Verðlagsuppbót	2 850	
			4 350
XXII.	Til Sigurðar Skúlasonar til kennslu í framsagnarlist:		
	a. Grunnstyrkur	3 000	
	b. Verðlagsuppbót	5 700	
			8 700
XXIII.	Til Hallgríms Helgasonar tónskálds, til þess að vinna að endurbótum á söngkennslu í skólum í samráði við fræðslumálastjórnina:		
	a. Grunnstyrkur	3 500	
	b. Verðlagsuppbót	6 650	
	c. Ferðakostnaður	2 000	
			12 150
XXIV.	Til menningar- og fræðslusambands alþýðu		5 000
XXV.	Til skáksambands Íslands		1 600
XXVI.	Til menningarsjóðs blaðamannafélags Íslands ...		10 000
XXVII.	Til Alþýðusambands Íslands		10 000
XXVIII.	Til Sigursveins Kristinssonar, Ólafsfirði, til tónlistarnáms		6 000
XXIX.	Til Helga Tryggvasonar til hraðritunarkennslu ..		1 200
XXX.	Til rannsókna á þroskastigi íslenzkra skólabarna:		
	1. Laun dr. Matthíasar Jónassonar:		
	a. Grunnlaun 7500		
	b. Verðlagsuppbót 14250		
		21 750	
	2. Annar kostnaður	25 000	
			46 750
	Samtals B ...	. . .	29 070 818

15. gr.

Til bókmennta, lista og vísinda er veitt:

		kr.	kr.
A. Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi.			
I. Landsbókasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	61500		
b. Verðlagsuppbót	116850		
		178 350	
2. a. Til bóka-, tímarita- og handritakaupa	100000		
b. Til bókbands	50000		
		150 000	
3. Til Þorsteins Konráðssonar		400	
4. Til þess að semja spjaldskrá		1 200	
5. Til þess að semja og prenta skrá um handrit		5 000	
6. Til ritaukaskrár		8 000	
7. Til samningar íslenzkrar bókaskrár		10 000	
8. Ýmisleg gjöld		6 000	
			358 950
II. Þjóðskjalasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	39900		
b. Verðlagsuppbót	75810		
		115 710	
2. Til bókbands, bóka- og handritakaupa og til umbúnaðar skjala		12 000	
3. Ýmisleg gjöld		3 000	
			130 710
III. Þjóðminjasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	23700		
b. Verðlagsuppbót	45030		
		68 730	
2. Til aðstoðar, tímavinna		11 000	
3. Til þess að útvega gripi		5 000	
4. Til áhalda og aðgerða		2 200	
5. Til rannsókna og ferðakostnaðar		2 500	
6. Til sjóminjasafns		3 500	
7. Til viðgerðar á Hólakirkju		90 000	
8. Til viðhalds bæjarrústa í Stöng í Þjórsárdal		1 000	
9. Til viðhalds bæjarhúsa i Glaumbæ, Burstarfelli, Grenjaðarstað og Keldum		20 000	
			203 930
IV. Náttúrugripasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	19200		
b. Verðlagsuppbót	36480		
		55 680	
2. Aðstoðarvinna skordýrafræðings og grasafræðings (tímavinna)		10 000	
3. Til kaupa á náttúrugripum		6 000	
4. Til kaupa á bókum, áhöldum og til viðgerða		6 000	

15. gr.

		kr.	kr.
5.	Til fuglamerkinga	1 200	
6.	Til útgáfu á Acta naturalia islandica	3 000	
7.	Til að gefa út skýrslu um safnið og fuglamerkingarnar, — sérstaklega eða í félagi við Hið ísl. náttúrufræðifélag	3 000	
			84 880
V.	Til Hins íslenzka náttúrufræðifélags		9 000
VI.	Safnahúsið:		
1.	Laun dyravarðar:		
	a. Grunnlaun 6000		
	b. Verðlagsuppbót 11400		
		17 400	
2.	Til hita, ljósa og opinberra gjalda	30 000	
3.	Til viðhalds, áhalda og ræstingar	28 000	
4.	Fyrning	3 639	
			79 039
VII.	Styrkir til bókasafna og lesstofa:		
1.	Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð Stefánsson skáld hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 3245 króna grunnlaunum:		
	a. Laun bókavarðar:		
	1. Grunnlaun 3245		
	2. Verðlagsuppbót 6165		
	9410		
	b. Annar styrkur 2500		
		11 910	
2.	Til bókasafnsins á Ísafirði:		
	a. Laun bókavarðar:		
	1. Grunnlaun 3245		
	2. Verðlagsuppbót 6165		
	9410		
	b. Annar styrkur 2500		
		11 910	
3.	Til bókasafns Hafnarfjarðar, að því tilskildu, að Magnús Ásgeirsson skáld hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 3245 króna grunnlaunum:		
	a. Laun bókavarðar:		
	1. Grunnlaun 3245		
	2. Verðlagsuppbót 6165		
	9410		
	b. Annar styrkur 2500		
		11 910	
4.	Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði	6 250	
5.	Til bókasafns Neskaupstaðar	3 750	
6.	Til bókasafns Siglufjarðar	6 250	
7.	Til sjómannalesstofu á Bíldudal	1 200	
8.	Til bókasafns Vestmannaeyja	6 250	
9.	Til iðnbókasafns í Reykjavík	2 500	
10.	Til bæjarbókasafns Reykjavíkur, þó ekki yfir ⅙ kostnaðar	37 500	

15. gr.

		kr.	kr.
11.	Til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi	4 500	
12.	Til sýslubókasafnsins á Sauðárkróki	3 000	
13.	Til sýslubókasafnsins á Blönduósi	2 000	
14.	Til héraðsbókasafns Suðurlands	3 000	
15.	Til sýslubókasafna, gegn eigi minna tillagi frá sýslusjóðum	11 250	
16.	Til bókhlöðunnar á Húsavík	3 000	
17.	Til bókasafns Akraness	3 750	
18.	Til bókasafns í Flatey	1 250	
19.	Til bókasafns Ólafsfjarðar	2 500	
20.	Til bókasafns á Kópaskeri	1 000	
21.	Til sýslunefndar V.-Ísafjarðarsýslu vegna bókasafns Sighvats Grímssonar, enda sé það geymt hjá héraðsskólanum á Núpi	1 250	
22.	Til kaupa á bókum handa konunglega bókasafninu í Stokkhólmi	1 000	
23.	Til lesstofu fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík	5 000	
24.	Til lesstofu byggingarfélags alþýðu	1 250	
25.	Til lesstofu sjómannaheimilis á Siglufirði	5 000	
26.	Til lesstofu sjómannaheimilis á Raufarhöfn	1 000	
27.	Til lesstofu Sjómannafélags Reykjavíkur	3 750	
28.	Til lesstofu á Ísafirði	1 250	
29.	Til sjómannalesstofu K. F. U. M. í Vestmannaeyjum	2 000	
30.	Til sjómannalesstofu í Bolungavík	1 200	
31.	Til sjómannalesstofu í Höfn í Hornafirði	1 200	
32.	Til styrktarsjóðs lestrarfélaga skv. l. nr. 120 1943	50 000	
33.	Byggingarstyrkir til bókasafna:		
	a. Akranes 25000		
	b. Flatey 10000		
	c. Húsavík 10000		
	d. Ísafjörður 5000		
	e. Stykkishólmur 10000		
		60 000	
			268 580
VIII.	Styrkur til bókasafna o. fl.:		
1.	Til Hins íslenzka bókmenntafélags, til útgáfu fornbréfasafns og annarra rita:		
	a. Grunnstyrkur 15000		
	b. Verðlagsuppbót 28500		
		43 500	
2.	Til Þjóðvinafélagsins:		
	a. Grunnstyrkur 1400		
	b. Verðlagsuppbót 2660		
		4 060	
3.	Til Fornleifafélagsins:		
	a. Grunnstyrkur 3000		
	b. Verðlagsuppbót 5700		
		8 700	

15. gr.

		kr.	kr.
4.	Til Sögufélagsins til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirréttardóma o. fl.:		
	a. Grunnstyrkur 4000		
	b. Verðlagsuppbót 7600		
		11 600	
5.	Til Hins íslenzka fræðafélags til útgáfustarfsemi	15 000	
6.	Til Fornritaútgáfunnar:		
	a. Til útgáfu á Íslendingasögum:		
	1. Grunnstyrkur 4000		
	2. Verðlagsuppbót 7600		
	11600		
	b. Til útgáfu á Heimskringlu:		
	1. Grunnstyrkur 4000		
	2. Verðlagsuppbót 7600		
	11600		
		23 200	
7.	Til útgáfustarfsemi Þjóðvinafélagsins og menningarsjóðs, til útgáfu Íslendingasögu:		
	a. Grunnstyrkur 4000		
	b. Verðlagsuppbót 7600		
		11 600	
8.	Til Vísindafélags Íslendinga, til útgáfu rita:		
	a. Grunnstyrkur 3000		
	b. Verðlagsuppbót 5700		
		8 700	
9.	Til Steins Dofra, ættfræðings:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 9500		
		14 500	
	Styrkurinn veitist með því skilyrði, að, að honum látnum, verði ættfræðihandrit hans eign Landsbókasafnsins.		
10.	Til dr. Jóns Dúasonar, vegna útgáfu rita hans:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 9500		
		14 500	
11.	Til að þýða rit Jóns Dúasonar á enska tungu ..	25 000	
12.	Til samningar íslenzkrar samheitaorðabókar:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 9500		
		14 500	
13.	Til Björns Guðfinnssonar, utanfararstyrkur (endurveiting)	30 000	
14.	Til samningar íslenzkrar orðabókar, gegn jafnmiklu framlagi frá Sáttmálasjóði:		
	a. Grunnstyrkur 15000		
	b. Verðlagsuppbót 28500		
		43 500	
15.	Til útgáfu héraðssagnarita, eftir tillögum heimspekideildar háskólans:		
	a. Grunnstyrkur 5000		
	b. Verðlagsuppbót 9500		
		14 500	

15. gr.

	kr.	kr.
16. Til útgáfu á afmælisriti, Olgeirsrímum Guðmundar Bergþórssonar, til heiðurs William Craigie ..	20 000	
17. Til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn til útgáfu tímarits	5 000	
18. Til Norræna félagsins	5 000	
19. Til Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn	4 000	
20. Styrkur til Stúdentasambands Íslands, til að halda landsmót 1947	15 000	
21. Til ætt- og mannfræðifélagsins, til útgáfu manntalsins frá 1816	10 000	
		341 860
IX. Til skálda, rithöfunda og listamanna:		
a. Grunnstyrkir	175 000	
b. Verðlagsuppbót	332 500	
		507 500
Af fé þessu skal Gunnar skáld Gunnarsson njóta 6000 kr. heiðurslauna að viðbættri verðlagsuppbót og Steingrímur Matthíasson, fyrrum héraðslæknir, 5000 kr. heiðurslauna að viðbættri verðlagsuppbót.		
Að öðru leyti skal 4 manna nefnd, kosin af Alþingi, skipta fjárhæð þessari.		
X. Til vísindamanna og fræðimanna samkvæmt úthlutun menntamálaráðs:		
a. Grunnstyrkur	30 000	
b. Verðlagsuppbót	57 000	
		87 000
XI. Til leiklistarstarfsemi:		
1. Til leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur ..	30 000	
2. Til leikskóla Lárusar Pálssonar 3500 kr., til leiklistarskóla Soffíu Guðlaugsdóttur 2500 kr. og til leiklistarskóla Jóns Norðfjörðs 2500 kr.:		
a. Grunnstyrkur 8500		
b. Verðlagsuppbót 16150		
	24 650	
3. Til leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Akureyrar ..	6 000	
4. Til leikfélags Akureyrar vegna sýningar á leikritinu „Skálholt“	3 000	
5. Til leikfélags Hafnarfjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Hafnarfjarðar	3 000	
6. Til leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Ísafjarðar ..	1 500	
7. Til leikfélags Sauðárkróks, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
8. Til leikfélags Vestmannaeyja, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Vestmannaeyja	1 500	
9. Til leikfélags á Siglufirði, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
10. Til leikfélags Dalvíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 000	

15. gr.

		kr.	kr.
11.	Til leikfélags Eyrarbakka, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 000	
12.	Til leikfélags Akraness, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	1 500	
			76 150
XII.	Til tónlistarstarfsemi:		
1.	Til Tónlistarskólans, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur:		
	a. Grunnstyrkur 15000		
	b. Verðlagsuppbót 28500	43 500	
2.	Til tónlistarskóla á Akureyri, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	20 000	
3.	Til hljómsveitar Reykjavíkur	2 000	
4.	Til Lúðrasveitar Reykjavíkur, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að	25 000	
5.	Til Lúðrasveitar Akureyrar, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að	10 000	
6.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að starfa að tónlistarmálum og efla skilning alþýðu á tónmennt:		
	a. Grunnlaun 4620		
	b. Verðlagsuppbót 8778	13 398	
7.	Til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum, með umsjá söngmálastjóra þjóðkirkjunnar:		
	a. Grunnlaun 1950		
	b. Verðlagsuppbót 3705	5 655	
8.	Til sambands íslenzkra karlakóla:		
	a. Grunnstyrkur 6000		
	b. Verðlagsuppbót 11400	17 400	
9.	Til landssambands blandaðra kóra og kvennakóra:		
	a. Grunnstyrkur 3000		
	b. Verðlagsuppbót 5700	8 700	
10.	Til Páls Kr. Pálssonar, til tónlistarnáms í Stokkhólmi	6 000	
11.	Til Þorsteins Hannessonar til söngnáms erlendis	6 000	
			157 653
XIII.	Til listasafns Einars Jónssonar:		
1.	Laun Einars Jónssonar:		
	a. Grunnlaun 8245		
	b. Verðlagsuppbót 15665	23 910	
2.	Til eldiviðar og ljósa	7 000	
3.	Ýmis gjöld	20 000	
4.	Fyrning	711	
			51 621

15. gr.

			kr.	kr.
XIV.	Til Guðjóns Samúelssonar, í viðurkenningarskyni fyrir að uppgötva aðferð við múrhúðun, önnur greiðsla af fimm			10 000
XV.	Til Bandalags íslenzkra listamanna:			
	a. Grunnstyrkur		4 800	
	b. Verðlagsuppbót		9 120	
				13 920
XVI.	Til eflingar menningarsambandi við Vestur-Íslendinga (Þar af 5000 kr. til Þjóðræknisfélags Íslendinga.)			8 000
XVII.	Kostnaður við friðun Þingvalla, sbr. lög nr. 59 1928			8 000
XVIII.	Til umbóta á Þingvöllum			100 000
XIX.	Til Vesturheimsblaðanna Lögbergs og Heimskringlu, 10 000 til hvors.			20 000
	Samtals A. ...		. . .	2 516 793
	B. Til ýmissa rannsókna í opinbera þágu o. fl.			
I.	Atvinnudeild háskólans:			
1.	Iðnaðardeild:			
a.	Laun:			
1.	Grunnlaun 112565			
2.	Verðlagsuppbót 176795			
		289360		
b.	Annar kostnaður	224000		
		513360		
	÷ Tekjur af rannsóknum	113000		
			400 360	
2.	Fiskideild:			
a.	Laun:			
1.	Grunnlaun 64200			
2.	Verðlagsuppbót 121980			
		186180		
b.	Annar kostnaður	180000		
			366 180	
3.	Landbúnaðardeild:			
a.	Laun:			
1.	Grunnlaun 61800			
2.	Verðlagsuppbót .. 117420			
		179220		
b.	Annar kostnaður	509870		
		689090		
	÷ Tekjur	23920		
		665170		
c.	Fjárræktarbúið á Hesti:			
1.	Laun 87980			
2.	Annar kostnaður . 20000			
3.	Stofnkostnaður .. 25000			
		132980		
	÷ Tekjur	43000		
		89980		
			755 150	

15. gr.

		kr.	kr.
4. Sameiginlegur kostnaður:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	12225		
2. Verðlagsuppbót	22227		
	34452		
b. Til ræstingar	30000		
c. Til eldiviðar og ljósa	15000		
d. Annar kostnaður	43700		
	123152		
÷ Tekjur frá happdrætti Háskóla Íslands	80000		
		43 152	
			1 564 842
II. Rannsóknarstofa háskólans:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	116310		
b. Verðlagsuppbót	220989		
		337 299	
2. Annar kostnaður		150 000	
		487 299	
÷ tekjur af rannsóknum		200 000	
			287 299
III. Til rannsóknaráðs:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	17400		
b. Verðlagsuppbót	33060		
		50 460	
2. Rannsóknakostnaður		40 000	
			90 460
IV. Veðurstofa Íslands:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	215347		
b. Verðlagsuppbót	409159		
		624 506	
2. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.		115 000	
3. Til veðurskeyta o. fl.		140 000	
4. Til loftskeytatækja		5 000	
5. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		47 500	
6. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum, aukavinna o. fl.		10 000	
7. Úrkomumælingar á fjöllum		10 000	
8. Starfræksla landskjálftamæla		12 500	
9. Annar kostnaður		15 494	
			980 000
V. Til landmælinga			75 000
VI. Til jökulmælinga			1 500

15. gr.

		kr.	kr.
VII.	Til sjómælinga:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun	22000	
	b. Verðlagsuppbót	35340	
		57 340	
	2. Annar kostnaður	82 660	
			140 000
VIII.	Til húsameistara ríkisins:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun	65200	
	b. Verðlagsuppbót	123880	
		189 080	
	2. Annar kostnaður	40 000	
			229 080
	Samtals B. ...	. . .	3 368 181

16. gr.

Til atvinnumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Landbúnaðarmál.		
1. Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra fjárhagsáætlun félagsins		1 000 000
2. Til sama, til kynnisferða bænda		5 000
3. Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum:		
a. Jarðabótastyrkur	2 500 000	
b. Til verkfærakaupasjóðs	80 000	
c. Til vélasjóðs skv. lögum	50 000	
d. Til ræktunarframkvæmda vélasjóðs	300 000	
		2 930 000
4. Til búfjárræktar samkv. lögum nr. 32 1931		250 000
5. Til tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins		300 000
6. Til bygginga á Reykhólum		106 300
7. Framlag samkvæmt lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum:		
a. Vegna II. kafla: Um landnám	2 500 000	
b. Vegna III. kafla: Um byggingarsjóð	2 500 000	
c. Byggingarstyrkir samkvæmt núgildandi lögum	300 000	
		5 300 000
8. Til ræktunarsjóðs, vaxtatillag		3 312
9. Til áveitufélags Ölfusinga		20 000
10. Til framræslu á löndum ríkissjóðs á Stokkseyri og Eyrarbakka. Lokagreiðsla		85 000
11. Til fyrirhleðslu á Þverá og Markarfljóti		255 000
12. Til fyrirhleðslu í Kaldaklifsá undir Eyjafjöllum		42 500
13. Til fyrirhleðslu fyrir Hólmsá á Mýrum í A.-Skaft.		10 200
14. Til fyrirhleðslu í Jökulsá í Lóni		127 500
15. Til sjóvarnargarðs á Álftanesi		51 000
16. Til sjóvarnargarðs á Garðskaga		42 500
17. Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu, samkv. lögum nr. 68 1918 og lögum nr. 10 1926		4 000
18. Til vélasjóðs til verkfærakaupa		850 000
19. Til sandgræðslu:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun 15750		
2. Verðlagsuppbót 28025		
	43 775	
b. Til sandgræðslustöðva	195 000	
c. Til nýrra sandgræðslugirðinga	100 000	
d. Ýmis gjöld	80 000	
		418 775
20. Til skógræktar:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun 40375		
2. Verðlagsuppbót 76713		
	117 088	
b. Skrifstofukostnaður	29 400	
c. Til skógræktarfélaga	100 000	
d. Til skóggræðslu og friðunar á skóglendi o. fl.	400 000	
		646 488

16. gr.

		kr.	kr.
21.	Til Garðyrkjufélags Íslands		2 000
22.	Til búreikningaskrifstofu, sbr. lög nr. 35 1941		20 000
23.	Til mjólkurbúa og smjörsamlaga		80 000
24.	Styrkur til byggingar nýrra mjólkurstöðva, þó ekki yfir ¼ byggingarkostnaður		400 000
25.	Til verndunar æðarvarpi og uppeldisstöð fyrir æðarfugl		25 000
26.	Til klaksjóðs samkvæmt lögum nr. 36 1937		10 000
27.	Kostnaður vegna laga nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun ... 16200		
	2. Verðlagsuppbót ... 30780		
		46 980	
	b. Skrifstofukostnaður o. fl.	8 000	
	c. Ferðakostnaður	10 000	
	d. Annar kostnaður	10 000	
	e. Kostnaður vegna veiðimálanefndar og styrkir til fiskiræktar	30 000	
			104 980
28.	Til Loðdýraræktarfélags Íslands		6 000
29.	Til loðdýraræktar:		
	a. Laun ráðunautar:		
	1. Grunnlaun ... 8400		
	2. Verðlagsuppbót ... 15960		
		24 360	
	b. Annar kostnaður	15 000	
			39 360
30.	Til dýralækna:		
	a. Laun dýralækna:		
	1. Grunnlaun ... 41700		
	2. Verðlagsuppbót ... 79230		
		120 930	
	b. Styrkur til einstakra manna til að stunda dýralækningar, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að:		
	1. Grunnstyrkur ... 6500		
	2. Verðlagsuppbót ... 12350		
		18 850	
	c. Skrifstofukostnaður yfirdýralæknis	3 000	
	d. Til Páls Pálssonar dýralæknis samkvæmt samningi	6 000	
			148 780
31.	Til kláðalækninga		3 000
32.	Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar		2 800 000
34.	Til vélsmiðju í Hólmi í Landbroti		10 000
33.	Til Páls G. Jónssonar, Garði, Fnjóskadal		1 000
	Samtals A ...	**. . .**	**16 097 695**

16. gr.

	kr.	kr.
B. Sjávarútvegsmál.		
1. Til Fiskifélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins, og félagið sjái um útgáfu fiskimannaalmanaks á sinn kostnað		761 000
2. Til skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda		180 000
3. Til alþjóðahafrannsókna		13 500
4. Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins		10 000
Samtals B ...	. . .	964 500
C. Iðnaðarmál.		
1. Til Landssambands iðnaðarmanna		50 000
2. Til iðnlánasjóðs		300 000
3. Kostnaður við iðnráð		10 000
4. Styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík, ⅝ kostnaðar allt að		255 000
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að ríkisstjórnin láti endurskoða reikninga stofnunarinnar og árlega sé gefin skýrsla um starfsemina, samþykkt af endurskoðanda.		
5. Til Halldóru Bjarnadóttur til þess að vinna að eflingu heimilisiðnaðar:		
a. Grunnlaun	2 340	
b. Verðlagsuppbót	4 460	
		6 800
6. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði:		
a. Grunnstyrkur	900	
b. Verðlagsuppbót	1 710	
		2 610
7. Til tóvinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Svalbarðseyri við Eyjafjörð		30 000
8. Til Guðmundar Kristinssonar, myndskera:		
a. Grunnstyrkur	500	
b. Verðlagsuppbót	950	
		1 450
Samtals C ...	. . .	655 860
D. Raforkumál.		
I. Stjórn raforkumála:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun 139300		
b. Verðlagsuppbót 264690		
	403 990	

16. gr.

		kr.	kr.
2. Skrifstofukostnaður		204 010	
3. Ferðakostnaður, mælingar og aðstoð		209 000	
4. Vatnsrennslismælingar		94 000	
		911 000	
÷ Tekjur		720 000	
			191 000
II. Rafmagnsveitur ríkisins:			
Stjórn og rekstur rafmagnsveitnanna og undirbúningur nýbygginga.			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	139300		
b. Verðlagsuppbót	265000		
		404 300	
2. Skrifstofukostnaður		145 000	
3. Ferðakostnaður		60 000	
4. Vinnuvélar og bifreiðar		360 000	
5. Birgðaskemma		100 000	
6. Verkstæði		60 000	
7. Annar kostnaður		169 700	
8. Rekstrarkostnaður rafveitna:			
a. Reykjanesveita	600000		
b. Árnessýsluveita	204500		
c. Húsavíkurveita	164500		
		969 000	
9. Til nýrra raforkuframkvæmda		1 000 000	
		3 268 000	
÷ Tekjur:			
Tekur af vöruumsetningu o. fl.	700000		
Fært á nýbyggingar og viðhald	409000		
Tekjur Reykjanesrafveitu	432000		
Tekjur Árnessýslurafveitu	168500		
Tekjur Húsavíkurrafveitu	96500		
Bráðabirgðalán úr raforkusjóði til greiðslu á rekstrarhalla 1947	462000		
		2 268 000	
			1 000 000
III. Rafmagnseftirlit ríkisins:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	69900		
b. Verðlagsuppbót	132890		
		202 790	
2. Ferðakostnaður		69 000	
3. Áhaldakostnaður		30 000	
4. Annar kostnaður		90 210	
		392 000	
÷ Tekjur:			
Árgjöld rafveitna	170000		
Aðflutningsgjöld o. a.	140000		
		310 000	
			82 000

16. gr.

		kr.	kr.
IV.	Raforkuráð:		
	Þóknun og skrifstofukostnaður		15 000
V.	Raforkusjóður:		
	Tillag ríkissjóðs samkv. lögum nr. 12 2. apríl 1946 ..		2 000 000
VI.	Jarðboranir og gufuvirkjunarrannsóknir:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 17800		
	b. Verðlagsuppbót 33800		
		51 600	
	2. Bormannalaun	650 000	
	3. Annar kostnaður	623 400	
		1 325 000	
	÷ Tekjur:		
	Borkostnaður greiddur af einstaklingum og sveitarfélögum	585 000	
			740 000
	4. Til kaupa á einum höggbor og einum rannsóknarbor	200 000	
			200 000
	Samtals D. ...	. . .	4 228 000

17. gr.

Til félagsmála er veitt:

	kr.	kr.
1. Tillag til bjargráðasjóðs, samkv. l. nr. 45 1913		33 000
2. Til alþýðutrygginga:		
I. a. Framlag samkv. 116. gr. laga nr. 50/1946	16 550 000	
b. Framlag samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943	2 200 000	
		18 750 000
II. Endurgreiðsla samkv. 99. gr. laga nr. 50/1946 á framlagi Lífeyrissjóðs Íslands til ellilauna og örorkubóta samkv. 78. gr. laga nr. 74/1937		260 000
3. Gjöld samkvæmt lögum nr. 39 1935, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna		15 000
4. Gjöld samkvæmt 20. og 22. gr. framfærslulaga, nr. 52 1940		20 000
5. Til styrktar- og sjúkrasjóða samkv. úthlutun félagsmálaráðuneytisins		18 000
6. Gamalmennahæli:		
a. Til elliheimilisins Grundar í Reykjavík:		
Rekstrarstyrkur	7 000	
enda greiði vistmenn, sem framfærslusveit eiga utan Reykjavíkur, ekki hærra daggjald en bæjarmenn.		
b. Til sjö gamalmennahæla utan Reykjavíkur, 3000 kr. til hvers	21 000	
c. Til elliheimilisins á Seyðisfirði	2 000	
		30 000
7. Til sambands íslenzkra berklasjúklinga:		
a. Byggingarstyrkur	600 000	
b. Rekstrarstyrkur vegna læknislauna	32 190	
		632 190
8. Til sumardvalarheimila, dagheimila og vistarheimila fyrir börn úr bæjum og kauptúnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að		200 000
9. Kostnaður við barnaverndarráð		30 000
10. Til barnavinafélagsins Sumargjafar, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi frá Reykjavíkurbæ		150 000
11. Til starfskvennaskóla Sumargjafar		20 000
12. Til upptökuheimilis fyrir börn og unglinga		25 000
13. Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi:		
a. Til Rauðakross Íslands	15 000	
b. Til Sambands íslenzkra berklasjúklinga	3 000	
c. Til félagsins „Heyrnarhjálpar“	5 000	
d. Til félagsins „Sjálfbjargar“	2 000	
e. Til mæðrastyrksnefnda	50 000	
Þar af 15 þús. kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur. Ráðherra úthlutar fénu, að fengnum tillögum mæðrastyrksnefndar í Reykjavík.		
		75 000
14. Til alþjóðaflóttamannastofnunarinnar		200 000
15. Til Geirs F. Sigurðssonar, fyrrv. lögregluþjóns (sjúkrastyrkur)		6 000

17. gr.

	kr.	kr.
16. Til slysavarna:		
a. Til almennra slysavarna	100 000	
b. Endurbyggingarstyrkur vegna v/b Sæbjörg. Lokagreiðsla	200 000	
		300 000
17. Til umferðarslysavarna		50 000
18. Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis		5 000
19. Til Stórstúku Íslands til bindindisstarfsemi		200 000
Þar af til bindindisstarfsemi í skólum 15 000.		
20. Ungmennastarfsemi:		
a. Til Ungmennafélags Íslands	15 000	
Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um það, hvernig fénu er varið.		
b. Til Bandalags skáta	2 000	
c. Til Bandalags íslenzkra farfugla	1 500	
		18 500
21. Til Kvenfélagasambands Íslands, til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju		125 000
22. Til kvennaheimilisins Hallveigarstaða, byggingarstyrkur		75 000
23. Til Kvenréttindafélags Íslands		15 000
24. Til vinnumiðlunar		20 000
25. Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga		700 000
26. Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna		1 200 000
27. Til íbúðarhúsabyggingar skv. 3. kafla l. nr. 44 7. maí 1946		400 000
28. Til Bálfarafélags Íslands		35 000
29. Til Dýraverndunarfélags Íslands til dýraverndunarstarfsemi		5 000
30. Til kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, rekstrarhalli		20 000
Samtals ...	. . .	23 632 690

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
a.	Embættismenn:		
1.	Ari Arnalds, fyrrv. sýslumaður	1968.75	
2.	Ágúst H. Bjarnason prófessor	2405.00	
3.	Bogi Brynjólfsson, fv. sýslum.	1885.00	
4.	Dr. Einar Arnórsson, fv. hæstar.d. ..	15000.00	
5.	Einar Sæmundsen, fv. skógarvörður	2670.00	
6.	Guðm. Björnsson, fv. sýslum.	2502.81	
7.	Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslum. ..	2442.69	
8.	Guðm. Guðmundsson, fv. héraðsl.	1625.00	
9.	Guðm. Sveinbjörnsson, fv. skrifststj. .	1820.00	
10.	Halldór Kr. Júliusson, fv. sýslum. ..	1985.00	
11.	Halldór Steinsson, fv. héraðslæknir ..	1562.50	
12.	Ingólfur Gíslason, fv. héraðslæknir ..	1781.85	
13.	Jóhannes Jóhannesson, fv. bæjarfóg. .	7620.00	
14.	Jón Hermannsson, fv. tollstjóri	7620.00	
15.	Jónas Kristjánsson, fv. héraðslæknir .	1620.00	
16.	Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti	2374.48	
17.	Magnús Jónsson, fyrrv. bæjarfógeti .	6370.00	
18.	Magnús Torfason, fyrrv. sýslum.	3650.00	
19.	Ólafur Daníelsson, fv. yfirkennari ..	1812.50	
20.	Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir ..	1620.00	
21.	Ólafur Thorlacius, fv. héraðslæknir .	1397.50	
22.	Páll Einarsson, fv. hæstaréttardómari	15000.00	
23.	Sigurður Briem, fv. póstmeistari ...	7620.00	
24.	Sigurður Thoroddsen, fv. yfirkennari	1843.75	
25.	Sigurjón Jónsson, fv. héraðslæknir ..	1551.88	
26.	Sigurjón Markússon, fv. sýslumaður .	2145.00	
27.	Skúli Árnason, fv. héraðslæknir	1300.00	
28.	Steingrímur Jónsson, fv. bæjarfógeti ,	7120.00	
29.	Steingrímur Matthíasson, fv. héraðsl. .	1397.50	
30.	Þorbjörn Þórðarson, fv. héraðslæknir	1625.00	
31.	Þorkell Þorkelsson, fv. veðurstofustj.	11100.00	
			122 436
b.	Embættismannaekkjur:		
1.	Aðalbjörg Jakobsdóttir, læknisekkja .	710.94	
2.	Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja próf. Har. Níelss.	552.50	
3.	Álfheiður Briem	1015.63	
4.	Anna Gunnlaugsson, læknise., Vestm.	243.75	
5.	Anna Kl. Jónsson ráðherraekkja	1220.00	
6.	Cathinka Sigfússon kennaraekkja ...	390.00	
7.	Ellen Sveinsson	1164.40	
8.	Guðrún B. Gísladóttir læknisekkja ..	307.73	
9.	Guðrún Tulinius sýslumannsekkja ..	762.37	
10.	Ingibjörg Magnúsdóttir læknisekkja .	345.31	
11.	Ingibjörg Sigurðardóttir læknisekkja	243.75	
12.	Ingileif Aðils prófessorsekkja	552.50	
13.	Jenny Forberg landssímastjóraekkja .	812.50	

18. gr.

		kr.	kr.
14.	Jónasína E. Hallgrímsdóttir, ekkja Á. Þ., fv. menntaskólakennara	900.20	
15.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja ..	385.94	
16.	Margrete Kaldalóns læknisekkja	535.00	
17.	Margrét Árnadóttir sýslumannsekkja	568.75	
18.	Margrét Kr. Lárusdóttir læknisekkja .	243.75	
19.	Rannveig Tómasdóttir læknisekkja ..	304.69	
20.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja .	345.31	
21.	Sigríður H. Jensson yfirdómaraekkja	812.50	
22.	Sigríður Jónsdóttir prófessorsekkja ..	1539.20	
23.	Sigríður R. Pálsson yfirkennaraekkja	731.25	
24.	Sigrún Bjarnason yfirkennaraekkja ..	650.00	
25.	Soffía Guðmundsson ráðherraekkja ..	731.25	
26.	Solveig Eggerz	6570.00	
27.	Steinunn Frímannsdóttir skólameistaraekkja	1163.21	
28.	Súsanna Fr. Erlendsson læknisekkja	304.69	
29.	Theodóra Thoroddsen sýslum.ekkja .	869.65	
30.	Valgerður Sveinsdóttir læknisekkja .	568.75	
31.	Vigdís G. Blöndal læknisekkja	304.69	
32.	Þóra Gísladóttir læknisekkja	345.31	
33.	Þóra Magnússon ráðherraekkja	1950.00	
34.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja ..	511.88	
			28 657
c.	Prestsekkjur:		
1.	Anna Stefánsd. frá Stað í Súgandaf. ..	162.50	
2.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	162.50	
3.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagaf.	162.50	
4.	Björg Einarsdóttir Dvergasteini	417.37	
5.	Guðbjörg Hermannsd. frá Þingvöllum	192.24	
6.	Guðný Þorsteinsdóttir frá Nesi, Norðf.	205.47	
7.	Guðríður Helgad. frá Kvennabrekku .	273.00	
8.	Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík	220.58	
9.	Guðrún Hermannsd. frá Breiðabólsstað	346.03	
10.	Guðrún G. Jóhannesdóttir frá Bergst.	174.75	
11.	Guðrún Runólfsdóttir	267.27	
12.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	218.40	
13.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	313.63	
14.	Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað	118.53	
15.	Helga Stephensen frá Holti	299.59	
16.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	203.61	
17.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási ..	230.91	
18.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	162.50	
19.	Jóhanna Pálsdóttir frá Otradal	201.14	
20.	Jóhanna Magnúsd. frá Staðarhrauni..	364.00	
21.	Líney Sigurjónsdóttir frá Görðum ...	511.57	
22.	Margrét Jónasdóttir frá Stað	213.46	
23.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað á Reykjanesi	312.86	
24.	Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	213.46	

18. gr

		kr.	kr.
25. Sigríður Hansdóttir frá Djúpavogi ..	179.14		
26. Sigríður Jóhannesdóttir frá Hruna ..	210.31		
27. Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli ..	239.69		
28. Sigurlaug Árnad. Knudsen frá Breiðabólsstað	216.13		
29. Steinunn E. Stephensen frá Bjarnanesi	325.36		
30. Vilborg Jónsdóttir frá Prestbakka ..	166.81		
31. Þóra Jónsdóttir Auðkúlu	134.42		
32. Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka ..	162.50		
		7 582	
d. Framlag samkv. l. nr. 51 1921, 8. gr.			
1. Aldný Magnúsdóttir símritaraekkja ..	286.00		
2. Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	390.00		
3. Ásta Einarson dýralæknisekkja	325.00		
4. Ásta Halldórsdóttir póstafgrm.ekkja .	312.00		
5. Björg Jónsd. prestsekkja frá Vallanesi	260.00		
6. Guðbjörg Árnadóttir læknisekkja	455.00		
7. Guðbjörg Tómasdóttir læknisekkja ..	455.00		
8. Guðfinna Þórðard. vitavarðarekkja ..	117.00		
9. Harriet Jónsson lagaprófessorsekkja .	585.00		
10. Hedvig Blöndal póstritaraekkja	455.00		
11. Hrefna Jóhannesdóttir læknisekkja ..	390.00		
12. Ida Stefánsdóttir símamannsekkja ...	286.00		
13. Ingibjörg Guðjónsd. símritaraekkja ..	234.00		
14. Ingibjörg Ögmundsdóttir símstj.ekkja	234.00		
15. Kristín Guðmundsdóttir	195.00		
16. Lára Bjarnadóttir símritaraekkja	286.00		
17. Margrét Lárusdóttir læknisekkja	390.00		
18. Margrét Þórðardóttir læknisekkja	585.00		
19. María Guðmundsd. fiskmatsm.ekkja .	312.00		
20. María J. Klemens póstafgrm.ekkja ..	312.00		
21. Marta Eiríksdóttir læknisekkja	390.00		
22. Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	234.00		
23. Rigmor Ófeigsson yfirkennaraekkja .	442.00		
24. Sigríður Gilsdóttir fangavarðarekkja .	234.00		
25. Þrúður I. Jónsdóttir símstjóraekkja .	338.00		
26. Þuríður Benediktsdóttir læknisekkja .	390.00		
		8 892	
e. Verðlagsuppbót		318 378	
			485 945
II. Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Ari Arnalds, fyrrv. bæjarfógeti	4275,00		
2. Ágúst H. Bjarnason prófessor	5000,00		
3. Bogi Brynjólfsson, fyrrv. sýslumaður .	1040,00		
4. Einar Sæmundsen, fv. skógarvörður ..	1950.00		
5. Eiríkur Kjerúlf læknir	1625,00		
6. Guðmundur Björnsson, fyrrv. sýslum.	1625,00		
7. Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslumaður	2925,00		
8. Guðm. Guðmundsson, fv. héraðslæknir	4000,00		

18. gr.

		kr.	kr.
9.	Guðm. Sveinbjörnsson, fyrrv. skrifstofustjóri	7500,00	
10.	Halldór Kr. Júliusson, fyrrv. sýslum.	1300,00	
11.	Halldór Stefánsson læknir	1625.00	
12.	Halldór Steinsson, fyrrv. héraðslæknir	3245,00	
13.	Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir í Borgarnesi	1625,00	
14.	Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir á Djúpavogi, biðlaun, full embættislaun	10200.00	
15.	Jakob Kristinsson, fyrrv. fræðslum.stj., lögboðinn lífeyrir meðtalinn	7620,00	
16.	Jakob Jóh. Smári, adjunkt, biðlaun, ¾ embættislauna	7200,00	
17.	Jónas Kristjánsson, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
18.	Karl Finnbogason, fyrrv. skólastj.	2100,00	
19.	Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri	2515,00	
20.	Magnús Jónsson, fyrrv. bæjarfógeti	1200,00	
21.	Magnús Torfason, fyrrv. sýslumaður	2970,00	
22.	Ólafur Daníelsson, fyrrv. yfirkennari	3245,00	
23.	Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
24.	Ólafur Thorlacius, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
25.	Páll Halldórsson, fyrrv. skólastjóri	1625,00	
26.	Sigurður Thoroddsen, fyrrv. yfirkennari	3245,00	
27.	Sigurjón Markússon, fyrrv. sýslum.	4455,00	
28.	Skúli Árnason, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
29.	Steingrímur Matthíasson, fyrrv. héraðsl.	1625,00	
30.	Th. Krabbe, fyrrv. vitamálastjóri	2160,00	
31.	Þorbjörn Þórðarson, fv. héraðslæknir	1140,00	
			96 410
b.	Embættismannaekkjur og börn:		
1.	Aðalbjörg Jakobsdóttir læknisekkja	815,00	
2.	Aðalbjörg Sigurðardóttir	1950,00	
3.	Anna Ásmundsdóttir	1000,00	
4.	Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar	730,00	
5.	Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	975,00	
6.	Ásta Einarson	975,00	
7.	Camilla Hallgrímsson	1235,00	
8.	Cathinka Sigfússon	1625,00	
9.	Ellen Sveinsson	1622.50	
10.	Guðbjörg Tómasdóttir, 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	2445,00	
11.	Guðlaug Magnúsdóttir	3245,00	
12.	Guðrún Arinbjarnar læknisekkja	850.00	
13.	Harriet Jónsson	730,00	
14.	Helga Finnsdóttir	1950,00	
15.	Hrefna Jóhannesdóttir 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	1955,00	
16.	Ingileif Snæbjarnardóttir Aðils	650,00	
17.	Jenny Forberg	975,00	
18.	Jónasína E. Hallgrímsdóttir	1400.00	

18. gr.

		kr.	kr.
19.	Júliana Jónsdóttir, ekkja H. Jónssonar dýralæknis	815,00	
20.	Kristín Thorberg	600,00	
21.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja	975,00	
22.	Laufey Vilhjálmsdóttir	3870,00	
23.	Magnea Ásgeirsson	325,00	
24.	Margrete Kaldalóns	4565,00	
25.	Margrét Árnadóttir	975,00	
26.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Guðfinnssonar héraðslæknis	1140,00	
27.	Margrét K. Lárusdóttir læknisekkja	650,00	
28.	Margrét Þórðardóttir læknisekkja, 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	2445,00	
29.	Ragnheiður Jónasson sýslumannsekkja	1300,00	
30.	Rannveig Tómasdóttir	975,00	
31.	Rigmor Ófeigsson	1300.00	
32.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja	1300,00	
33.	Sigríður Finnbogadóttir	1300,00	
34.	Sigríður Fjeldsted	975,00	
35.	Sigríður Gilsdóttir	578,00	
36.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Sigurðar heit. Magnússonar, prófessors	2450.00	
37.	Sigríður Hjaltadóttir Jensson	1300,00	
38.	Sigrún Bjarnason	975,00	
39.	Sofia Guðmundsson	3245,00	
40.	Soffía Hjaltested	975.00	
41.	Stefanía Stefánsdóttir	400,00	
42.	Steinunn Frímannsdóttir	730.00	
43.	Súsanna Friðriksdóttir Erlendsson	815,00	
44.	Theodóra Thoroddsen	1950,00	
45.	Valgerður Sveinsdóttir, læknisekkja	1140,00	
46.	Vigdís Blöndal	815,00	
47.	Þóra Gísladóttir, læknisekkja	1465,00	
48.	Þórhildur Eiríksdóttir Magnús	975,00	
49.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja	650,00	
50.	Þrúður Ingibjörg Jónsdóttir	600,00	
51.	Þuríður Benediktsdóttir, læknisekkja, 1140 kr., auk 490 kr. með barni í ómegð	1630,00	
			69 331
c.	Uppgjafaprestar:		
1.	Árni Þórarinsson	945,00	
2.	Ásgeir Ásgeirsson, Hvammi	1025,00	
3.	Böðvar Bjarnason	1950,00	
4.	Einar Pálsson	1190,00	
5.	Einar Thorlacius	900,00	
6.	Dr. Eiríkur Albertsson, lögboðinn lífeyrir meðtalinn	7620,00	
7.	Friðrik Hallgrímsson, fyrrv. dómprófastur	7127,00	

18. gr.

		kr.	kr.
8.	Haraldur Þórarinsson	1625,00	
9.	Ingvar Nikulásson	1115,00	
10.	Jes A. Gíslason	815,00	
11.	Jón Norðfjörð Johannessen	1235,00	
12.	Kristinn Daníelsson	1335,00	
13.	Magnús Bjarnarson	1065,00	
14.	Matthías Eggertsson	1245,00	
15.	Ólafur Magnússon	685,00	
16.	Pálmi Þóroddsson	920,00	
17.	Runólfur Magnús Jónsson	1185,00	
18.	Sigtr. Guðlaugsson	4495,00	
19.	Stefán Kristinsson	1625,00	
20.	Theódór Jónsson	2330,00	
21.	Vigfús Þórðarson	2500,00	
22.	Þórður Ólafsson	1090,00	
23.	Þorsteinn Briem	9000,00	
24.	Þorvaldur Jakobsson	2070,00	
25.	Þorvarður Þorvarðsson	1260,00	
			56 352
d.	**Prestsekkjur:**		
1.	Anna Stefánsdóttir frá Stað	975,00	
2.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	975,00	
3.	Auður Gísladóttir	1140,00	
4.	Bergljót Blöndal	975,00	
5.	Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini	975,00	
6.	Björg Jónasdóttir frá Eskifirði	1140,00	
7.	Björg Jónsdóttir frá Vallanesi	1140,00	
8.	Dorothea Guðmundsson	1140,00	
9.	Guðbjörg Guðmundsdóttir	1300,00	
10.	Guðbjörg Hermannsdóttir	945,00	
11.	Guðný Þorsteinsdóttir	930,00	
12.	Guðríður Helgadóttir	1110,00	
13.	Guðríður Ólafsdóttir	915,00	
14.	Guðrún Hermannsdóttir	650,00	
15.	Guðrún J. Jóhannesdóttir	1790,00	
16.	Guðrún Jónsdóttir 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	4890,00	
17.	Guðrún P. Jónsdóttir frá Sauðlauksdal 1950 kr., auk 490 kr. með barni hennar til 16 ára aldurs	2440,00	
18.	Guðrún Runólfsdóttir	1140,00	
19.	Guðrún Torfadóttir	1140,00	
20.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	1140,00	
21.	Helga Skúladóttir	1020,00	
22.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	1140,00	
23.	Ingibjörg Magnúsdóttir	1140,00	
24.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	1140,00	
25.	Ingveldur Ólafsdóttir	975,00	
26.	Jóhanna Magnúsdóttir prófastsekkja	1140,00	
27.	Jóhanna Pálsdóttir frá Otradal	1140,00	
28.	Líney Sigurjónsdóttir	1465,00	

18. gr.

		kr.	kr.
29.	Margrét Björnsdóttir frá Bíldudal, 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barna hennar til 16 ára aldurs	3420,00	
30.	Margrét Jónasdóttir	1140,00	
31.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað	1140,00	
32.	Sigríður Hansdóttir	1275,00	
33.	Sigríður Jóhannesdóttir	1140,00	
34.	Sigríður Kjartansdóttir, 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barna sinna	3910,00	
35.	Sigrún Kjartansdóttir	1140,00	
36.	Sigurlaug Knudsen	1140,00	
37.	Stefanía Hjaltested	815,00	
38.	Steinunn Eiríksdóttir Stephensen	975,00	
39.	Steinunn Pétursdóttir	1140,00	
40.	Vilborg Jónsdóttir	1140,00	
41.	Þorbjörg Pálsdóttir	650,00	
42.	Þóra Jónsdóttir	1000,00	
			56 035
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:		
1.	Aðalbjörg Steinsdóttir	815,00	
2.	Ásdís Þorgrímsdóttir	490,00	
3.	Áslaug Thorlacius	1500,00	
4.	Ásta Magnúsdóttir	325,00	
5.	Brynjólfur Þorláksson söngkennari	1950,00	
6.	Elísabet Jónsdóttir	490,00	
7.	Friðrik Bjarnason tónskáld	1625,00	
8.	Geirlaug Stefánsdóttir	815,00	
9.	Guðbjörg Kristjánsdóttir	1950,00	
10.	Hallgrímur Jónsson skólastjóri	3635,00	
11.	Hildur Björnsdóttir	1282,00	
12.	Ingivaldur Nikulásson kennari	650,00	
13.	Ingunn Bergmann kennslukona	815,00	
14.	Lárus Bjarnason skólastjóri	5310,00	
15.	Lárus Rist kennari	975,00	
16.	Magdalena Ásgeirsdóttir, ekkja Bergsveins Haraldssonar kennara, kr. 200,00 og kr. 350,00 með hverju barni þeirra innan 16 ára	1600,00	
17.	Margrét Rasmus	4495,00	
	Sama, húsaleigukostn. (án verðl.uppb.)	1800,00	
18.	Ragnheiður Torfadóttir	650,00	
19.	Samúel Eggertsson	815,00	
20.	Sigurður Sigurðsson	1000,00	
21.	Sigurjón Rögnvaldsson	325,00	
22.	Steingrímur Arason	1500,00	
23.	Valdimar Snævarr	2680,00	
24.	Viktoría Bjarnadóttir	245,00	
25.	Vilborg Torfadóttir, ekkja Eyjólfs Sveinssonar kennara	490,00	
26.	Þorleifur Erlendsson	600,00	
			38 827

18. gr.

		kr.	kr.
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra, samkv. úthlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins eftir tillögum póst- og símamálastjóra	39 837	
g.	Sigurður Nordal, samkvæmt samningi	3 245	
h.	Ólafur Friðriksson	2 925	
i.	Dr. Helgi Péturss	7 620	
j.	Séra Guðmundur Einarsson	3 245	
k.	Sigurjón Friðjónsson	3 245	
l.	Páll E. Ólason dr. phil.	9 120	
m.	Árni Pálsson	6 605	
n.	Páll Sveinsson yfirkennari, biðlaun, full embættisl.	9 600	
o.	Árni Thorsteinsson tónskáld	4 495	
p.	Björgvin Guðmundsson tónskáld	3 000	
q.	Eggert Stefánsson söngvari	3 600	
r.	Sigurbjörn Sveinsson	3 245	
s.	Lárus Sigurjónsson skáld	2 440	
t.	Dr. Jón Stefánsson, London, án verðlagsuppbótar	3 146	
u.	Ekkjur og börn skálda og listamanna:		
	1. Anna Pálsdóttir 975 kr., auk 490 kr. með hvoru fósturbarna sinna 1955,00		
	2. Eleanor Sveinbjörnsson 1950,00		
	3. Guðrún Jónsdóttir Erlingsson 1625,00		
	4. Guðrún Oddsdóttir 1625,00		
	5. María Guðlaugsson, ekkja Jónasar Guðlaugssonar skálds 1200,00		
	6. Ólína Þorsteinsdóttir 1625,00		
	7. Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal 815,00		
	8. Sigríður Snæbjarnardóttir, ekkja Þór. B. Þorlákssonar málara 815,00		
	9. Sigurlaug G. Gröndal 650,00		
	10. Valborg Einarsson 1625,00		
	11. Valgerður Benediktsson 3870,00		
	12. Þórunn Pálsdóttir, ekkja Þorsteins Gíslasonar 1625,00		
		19 380	
v.	Hafnsögumenn, vitaverðir og vitavarðaekkjur, skv. úthlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, eftir tillögum vitamálastjóra	13 165	
x.	Matsmenn, samkv. úthlutun atvinnumálaráðuneytisins	22 205	
y.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
	1. Aðalheiður Pálsdóttir ljósmóðir 490,00		
	2. Ágústa Þ. Ólafsdóttir 490,00		
	3. Andrés Johnson, fornminjasafnari 6370,00		
	4. Anna Bjarnadóttir, ekkja Hj. Láruss. 490,00		
	5. Arndís Sigurðardóttir 490,00		
	6. Arnleif Kristjánsdóttir 490,00		
	7. Ásdís M. Sigurðardóttir ljósmóðir 490,00		
	8. Ásgeir Jónsson, Gottorp 490,00		
	9. Ásta Þorvaldsdóttir 490,00		
	10. Björg Guðmundsdóttir 650,00		

18. gr.

		kr.	kr.
11.	Björn Einarsson	3245,00	
12.	Davíð Gíslason	975,00	
13.	Eggert Brandsson, sjómaður	1950,00	
14.	Einar Markússon, fyrrv. ríkisbókari	3245,00	
15.	Einar E. Sæmundsen	1950,00	
16.	Elín Runólfsdóttir	300,00	
17.	Friðfinnur Guðjónsson leikari	1300,00	
18.	Gróa Dalhoff	1300,00	
19.	Guðbjörg Jónsdóttir ljósmóðir	490,00	
20.	Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti	650,00	
21.	Guðmundur Davíðsson, fv. umsjónarm.	2440,00	
22.	Guðm. Gestsson, fv. dyrav. Menntaskól.	1950,00	
23.	Guðríður Eiríksdóttir	815,00	
24.	Guðrún Egilson	3245,00	
25.	Guðrún Indriðadóttir leikkona	1300,00	
26.	Guðrún Ragúels	490,00	
27.	Gunnlaugur Kristmundsson	3000,00	
28.	Halldór Brynjólfsson blindi	570,00	
29.	Halldóra Þórðardóttir	975,00	
30.	Helga Ingibjörg Stefánsdóttir, loftskeytamannsekkja	490,00	
31.	Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður	1300,00	
32.	Henriette Kjær, fv. yfirhjúkrunarkona	975,00	
33.	Hlín Johnson	2925,00	
34.	Hólmfríður Björnsdóttir, ekkja G. Hjaltasonar	490,00	
35.	Hólmgeir Jensson	490,00	
36.	Ingibjörg Guðjónsdóttir	490,00	
37.	Ingibjörg Jakobsdóttir	600,00	
38.	Ingibjörg Lárusdóttir, Blönduósi	815,00	
39.	Ingibjörg Loftsdóttir, ljósmóðir	490,00	
40.	Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Vopnafirði	490,00	
41.	Ingiríður Helgadóttir ljósmóðir	490,00	
42.	Ingólfur Jónsson, fv. leiðsögumaður frá Ísafirði	815,00	
43.	Jón Bach, fyrrv. dyravörður	2000,00	
44.	Jóna Jónsdóttir, ljósm. frá Kóreksstaðagerði	490,00	
45.	Jóney Guðmundsdóttir, ekkja Guðjóns		
46.	Guðlaugssonar	975,00	
47.	Jónína Marteinsdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	490,00	
	Kristín Eiríksdóttir ljósmóðir	490,00	
48.	Kristín Guðmundsdóttir, ekkja E. Helgasonar	975,00	
49.	Kristjana Benediktsdóttir	650,00	
50.	Kristólína Kragh	650,00	
51.	Lára Bjarnadóttir	650,00	
52.	Margrét Ásmundsdóttir	650,00	
53.	María Sigurðardóttir	490,00	

18. gr.

		kr.	kr.
54.	Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	815,00	
55.	Matthías Þórðarson frá Móum	1950,00	
56.	Níelsína Ólafsdóttir, ekkja Daníels Daníelssonar	975,00	
57.	Ólafur Guðmundsson, fyrrv. ferjum.	1625,00	
58.	Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erlingssonar	815,00	
59.	Petrea Jónsdóttir	490,00	
60.	Ragnheiður Erlendsdóttir	490,00	
61.	Ragnheiður Jónasdóttir	3000,00	
62.	Sigríður Gísladóttir frá Skógarnesi, 490 kr., og 165 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	1150,00	
63.	Sigríður Gísladóttir	490,00	
64.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir frá Þórshöfn	490,00	
65.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir	490,00	
66.	Soffía Ásgeirsdóttir hjúkrunarkona	815,00	
67.	Steinunn Oddsdóttir	815,00	
68.	Valgerður Steinsson, fv. spítalaráðsk.	815,00	
69.	Þóra Sigurðardóttir	490,00	
			76 215
z.	Magnús Friðriksson hreppstjóri		3 870
þ.	Verðlagsuppbót		1 051 247
æ.	Framlag ríkissjóðs samkv. 10. gr. lífeyrissjóðslaga, nr. 101 1943 og 8. gr. laga nr. 102 1943		2 250 000
ö.	Framlag ríkissjóðs samkv. 6. gr. reglugerðar frá 24. nóv. 1944		200 000
			4 058 405
	Samtals		. . . 4 544 350

19. gr.

Til óvissra útgjalda ó. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til dýrtíðarráðstafana	35 000 000	
2. Til óvissra útgjalda	500 000	
		35 500 000
Samtals ...	. . .	35 500 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar:		
1. Samkvæmt 3. gr. A.	472 000	
2. — 11. — A.	7 500	
3. — 12. —	70 000	
4. — 13. —	894 000	
5. — 15. —	10 000	
6. — 16. —	40 000	
		1 493 500
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og dönskum ríkisskuldabréfum		2 343 000
III. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10 000
IV. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50 000
Samtals ...	. . .	3 896 500
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán 2572051		
b. Lán í dönskum krónum 473677		
	3 045 728	
2. Lán ríkisstofnana:		
a. Landssíminn (sjá 3. gr. A. 1.) 600000		
b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.) 89100		
	689 100	
		3 734 828
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
1. Landssíminn (ný símakerfi o. fl.)	2 125 000	
2. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.)	952 000	
		3 077 000
III. Til bygginga á jörðum ríkisins		297 500
IV. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana		1 700 000

	kr.	kr.
V. Til vitamála, eignaaukning:		
a. Til byggingar áhalda- og skrifstofuhúss	170 000	
b. Til byggingar vitaskips (lokagreiðsla)	595 000	
c. Til að gera nýja vita	680 000	
d. Til byggingar vitavarðarhúss á Reykjanesi	102 000	
		1 547 000
VI. Til flugvallagerða og lendingarbóta fyrir flugvélar:		
a. Vestmannaeyjaflugvöllur	255 000	
b. Flugskýli og dráttarbraut á Ísafirði	85 000	
c. Flugskýli á Austurlandi	255 000	
		595 000
VII. Til byggingar Menntaskólahúss í Reykjavík		425 000
VIII. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri		552 500
IX. Til byggingar sjómannaskólans		850 000
X. Til byggingar íþróttakennaraskóla		216 800
XI. Til byggingar þjóðminjasafns		425 000
XII. Til byggingar skólastjórabústaðar á Hólum		85 000
XIII. Til byggingar kennarabústaðar á Hvanneyri		42 500
XIV. Til byggingar bændaskóla í Skálholti		425 000
XV. Til byggingar varðskipa		850 000
XVI. Til bygginga á prestssetrum		850 000
XVII. Til byggingar stuttbylgjustöðvar í Gufunesi		425 000
XVIII. Til dýpkunarskips		1 402 500
Samtals ...	. . .	17 500 628

21. gr.
I. Rekstrar

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		148 200 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		53 341 572
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		588 107
5. gr.	Óvissar tekjur		100 000
	Samtals ...	. . .	202 239 679

II Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	202 239 679
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar	1 493 500
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	2 343 000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10 000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50 000
	Greiðslujöfnuður	7 890 795
	Samtals ...	214 026 974

irlit.
irlit.

			kr.	kr.
		Gjöld:		
. gr.		Vextir		1 169 193
. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		362 603
. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		1 515 576
. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		4 302 484
. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	8 715 734	
—	B.	Opinbert eftirlit	826 661	
—	C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	3 857 309	
—	D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	825 000	14 224 704
. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		11 631 819
. gr.	A.	Vegamál	21 757 520	
—	B.	Samgöngur á sjó	3 446 000	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	10 116 100	
—	D.	Flugmál	4 259 700	39 579 320
. gr.	A.	Kirkjumál	3 161 760	
—	B.	Kennslumál	29 070 818	32 232 578
. gr.	A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	2 516 793	
—	B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	3 368 181	5 884 974
. gr.	A.	Landbúnaðarmál	16 097 695	
—	B.	Sjávarútvegsmál	964 500	
—	C.	Iðnaðarmál	655 860	
—	D.	Raforkumál	4 228 000	21 946 055
. gr.		Til félagsmála		23 632 690
. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		4 544 350
. gr.		Óviss útgjöld		35 500 000
		Rekstrarafgangur		5 713 333
		Samtals ...	. . .	202 239 679

irlit.

			kr.
		Út:	
—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	196 526 346
		Aðrar útborganir:	
. gr.	1.	Afborganir lána og eignaaukningar skv. 20. gr. Út	17 500 628
		Samtals ...	214 026 974

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að greiða Kristjönu Jónsdóttur, skrifstofukonu í fræðslumálaskrifstofunni, hálf laun meðan hún er sjúklingur.

II. Að greiða Ágústu Erlendsdóttur símakonu 1 200 kr. á ári, meðan hún er sjúklingur.

III. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

IV. Að greiða Ólafi Magnússyni, fyrrv. prófasti í Arnarbæli, 1 400 kr. vegna vangoldinna þjónustulauna við Strandarkirkju í Selvogi.

V. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

VI. Að verja úr ríkissjóði allt að 400 þús. kr. til þess að reisa embættisbústaði fyrir héraðsdómara.

VII. Að verja allt að 4 000 kr. til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.

VIII. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

IX. Að greiða allt að 100 þús. kr. vegna rekstrarhalla, sem kynni að verða á fyrirhugaðri landbúnaðarsýningu í Reykjavík 1947.

X. Að lána Jóni Leifs tónskáldi allt að 60 þús. kr. til endurprentunar á tónverkum hans.

XI. Að verja allt að 100 þús. kr. til brúargerðar á Skjálfandafljóti í Bárðardal í Suður-Þingeyjarsýslu.

XII. Að láta Búnaðarfélagi Íslands í té ókeypis lóð milli Skúlagötu og Sölvhólsgötu í Reykjavík undir félagshús.

XIII. Að greiða tryggingarsjóði sjómanna í Bolungavík 33 þús. kr., enda verði samþykktir sjóðsins færðar til samræmis við lög nr. 109 1943.

XIV. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað, fyrir að kenna kennslukonuefnum vefnað.

XV. Að greiða 6 þús. kr. til fyrirhleðslu í Staðará, gegn greiðslu ⅓ kostnaðar annars staðar að. (Endurveiting).

XVI. Að greiða allt að 300 þús. kr. í endurbyggingarstyrki til sveitabýla, ef framlagið í 16. gr. A. 7. c. hrekkur ekki til.

XVII. Að greiða Gunnlaugi Ó. Scheving listmálara, Sigurði Sigurðssyni listmálara og Freymóði Jóhannssyni listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk hverjum.

XVIII. Að veita Ingibjörgu Jóhannsdóttur allt að 50 þús. kr. byggingarstyrk til húsmæðraskóla að Löngumýri.

XIX. Að verja allt að 20 þús. kr. til þess að láta grafhellur á leiði nokkurra skálda.

XX. Að greiða bætur samkv. gildandi slysatryggingalögum til ekkjunnar Guðríðar Ólafsdóttur, Ási, Fellum, N.-Múl., og barna hennar, vegna manns hennar, Guttorms Brynjólfssonar, er fórst ásamt þrem stúlkubörnum hinn 8. nóv. 1946, er sprengja, sem skilin hafði verið eftir við heræfingar, sprakk á mel rétt hjá bænum í Ási. Bætur þessar greiðir ríkissjóður þó því aðeins, að slysið fáist ekki bætt frá hernaðaryfirvöldum Bretlands og Bandaríkjanna.

XXI. Að verja allt að 20 þús. kr. vegna þátttöku Íslendinga í málverkasýningu í Stokkhólmi og vegna sýningar á úrvali úr sömu sýningu í Reykjavík.

XXII. Að verja allt að 700 þús. kr. til endurbyggingar á Þjórsárbrú.
XXIII. Að greiða allt að 100 þús. kr. til byggingar sjómannaheimilis í Vestmannaeyjum, gegn a. m. k. ⅔ hlutum annars staðar að, enda hafi bindindisfélögin í Vestmannaeyjum forgöngu og umsjón með rekstri hússins.
XXIV. Að verja allt að 500 þús. kr. til byggingar fávitahælis.
XXV. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1946 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
XXVI. Að verja allt að 225 þús. kr. til kaupa á Engey með öllu tilheyrandi.
XXVII. Að selja strandferðaskipið Súðina, ef viðunanlegt boð fæst, og verja andvirðinu upp í greiðslu kostnaðar af byggingu hinna nýju strandferðaskipa, sem verið er að smíða fyrir ríkissjóð.
XXVIII. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs rekstrarlán fyrir Samband íslenzkra byggingarfélaga, allt að 750 þús. kr., gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.
XXIX. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Sláturfélag Austur-Húnvetninga, til þess að stofna mjólkurbú, allt að helmingi stofnkostnaðar. (Endurveiting).
XXX. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs 400 þús. kr. lán fyrir Hveragerðishrepp til hitaveituframkvæmda, þó ekki yfir 85% af kostnaði við framkvæmdina, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.
XXXI. Að ábyrgjast fyrir fiskiðjuver útvegsmanna og fiskimanna á þeim stöðum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt, vegna þess að útvegsmenn geti eigi reist þau af eigin rammleik, allt að þriggja milljóna króna lán, er hvíli á öðrum veðrétti á iðjuverinu næst á eftir stofnlánadeildarláni, og megi lánin nema allt að 10% af stofnkostnaði þeirra, enda séu félögin stofnuð og rekin samkv. 3. gr. l. nr. 41 frá 29. apríl 1946.
XXXII. Að greiða Sigurði Guðmundssyni skólameistara full laun, ef hann lætur af embætti.
XXXIII. Að greiða Vigfúsi Einarssyni skrifstofustjóra full laun, ef hann lætur af embætti.
XXXIV. Að greiða fyrrv. sakadómara, Bergi Jónssyni, full laun fyrir árið 1947.
XXXV. Að greiða Jóni Sveinbjörnssyni, fyrrv. konungsritara, 5 þús. kr. eftirlaun.
XXXVI. Að veita Gunnlaugi Kristmundssyni fyrrv. sandgræðslustjóra full laun frá 1. apríl s. l.
XXXVII. Að fresta fjárframlögum til framkvæmda, sem ekki eru bundnar í öðrum lögum en fjárlögum, ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkisins gerir það nauðsynlegt. Ef fé er hins vegar fyrir hendi, en fresta verður framkvæmdum af öðrum ástæðum, skal það fé geymt, er til þeirra framkvæmda var ætlað, en þær að öðrum kosti látnar sitja í fyrirrúmi á árinu 1948.
XXXVIII. Að taka allt að 25 millj. króna lán til þess að ljúka framkvæmdum, sem fé er veitt til í fjárlögum, ef tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum, en vinnuafl nægilegt atvinnuvegunum að skaðlausu.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1946 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Sþ. 745. Breytingartillaga

við till. til þál. um nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf og reglugerðir um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Frá Gísla Jónssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd til þess að athuga og gera tillögur um endurbætur á löggjöf um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Skal nefndin skipuð þannig: Vinnuveitendafélag Íslands tilnefnir einn mann, Alþýðusamband Íslands annan, en þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndin skal miða tillögur sínar við það, að eftirfarandi árangur náist með löggjöfinni:

1. að tryggt sé svo sem frekast er unnt allt öryggi og allur aðbúnaður starfsfólks iðjuvera.
2. að tryggt sé að fullu allt hreinlæti, einkum þó í þeim iðjuverum, sem framleiða matvæli, af hvaða tegund sem er.
3. að íbúum byggða, sem iðjuver er í, sé tryggð full vernd gegn hávaða, óþverra eða hættum, sem frá því kann að stafa.

Nefndin skal einnig athuga það gaumgæfilega, hvort ekki sé eðlilegt og rétt að sameina eftirlit með verksmiðjum og vélum og skipaeftirlitið, og telji hún það hagkvæmara að athuguðu máli, þá að miða tillögur sínar við slíka sameiningu.

Nefndin skal hafa skilað áliti og tillögum fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Ed. 746. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með frumv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. — Einn nefndarmanna (PM) var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 2. maí 1947.

Gísli Jónsson, form. B. Kristjánsson, fundaskrifari, frsm. Sigurjón Á. Ólafsson.

Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 747. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 22 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Framan við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, er svo hljóðar:

Ríkissjóður leggur Samábyrgðinni til viðbótarstofnfé, kr. 1½ milljón, er greiðist eftir samkomulagi fjármálaráðherra og stjórnar Samábyrgðarinnar.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Samábyrgðin má hafa í eigin áhættu 25% af vátryggingarfjárhæð hvers skips, þó ekki hærri fjárhæð á einu skipi en 100 þús. kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru með þeim úr gildi numin lög nr. 37 27. júní 1941 og lög nr. 31 11. júní 1942.

Ed. 748. Breytingartillaga

við rökstudda dagskrá á þskj. 730 (Kvikmyndastofnun ríkisins).

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Á eftir orðunum „svo sem verða má“ komi: og undirbúi löggjöf um Kvikmyndastofnun ríkisins.

Ed. 749. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 748 (Kvikmyndastofnun ríkisins).

Frá Eiríki Einarssyni.

Í stað orðanna „um Kvikmyndastofnun ríkisins“ komi: um kvikmyndastarfsemi á Íslandi.

Nd. 750. Lög

um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 574 (sbr. 153).

Nd. 751. Lög

um breyting á lögum nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 522.

Nd. 752. Frumvarp til laga

um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um verzlun með fóðurblöndur.

1. gr.

Tilraunaráð búfjárræktar, sem skipað er samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1940, skal hafa eftirlit með framleiðslu og verzlun fóðurvara, sem ætlaðar eru til skepnufóðurs, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Landbúnaðardeild Atvinnudeildar háskólans skal annast allar efnarannsóknir í sambandi við eftirlitið, og starfsmenn hennar skulu taka sýnishorn hjá framleiðendum og innflytjendum í Reykjavík og á öðrum þeim stöðum, sem því verður við komið, eftir fyrirmælum tilraunaráðs, en ef hentugra þykir, getur tilraunaráð samið við aðra aðila að vera trúnaðarmenn sína um töku sýnishorna.

3. gr.

Eftir gildistöku laga þessara má enginn framleiða til sölu né flytja inn fóðurblöndur, nema með leyfi landbúnaðarráðherra, sem veitir leyfin að fengnum tillögum tilraunaráðs búfjárræktar.

4. gr.

Hver sá, sem fær leyfi til að framleiða til sölu eða flytja inn fóðurblöndur, er skyldugur að láta fylgja vörunni, efst í hverjum poka, seðil, þar sem gefin eru upp eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili framleiðanda.
2. Vikan, sem varan er framleidd í.
3. Nöfn þeirra fóðurtegunda, sem notaðar eru í fóðurblönduna.
4. Upplýsingar um, hvaða búfjártegund blandan er ætluð.
5. Meðalmagn af meltanlegri eggjahvítu í hverri fóðureiningu af fóðurblöndunni.
6. Hve mörg kg þarf af fóðurblöndunni í hverja fóðureiningu.
7. Sé framleitt vítamínfóður, skal gefa upp tegundir vítamína og magn af hverju fyrir sig.

Upplýsingar þessar ber að skoða sem skuldbindingu frá framleiðanda til tryggingar því, að um ákveðin fóðurgæði og samsetningu sé að ræða.

5. gr.

Þeir, sem verzla með fóðurblöndur, skulu ársfjórðungslega greiða eftirlitsgjald af hverri smálest, sem þeir selja. Landbúnaðarráðherra ákveður gjald þetta fyrir fram fyrir hvert ár. Heimilt er að leggja gjald þetta á vöruna.

6. gr.

Af gjöldum þeim, sem um ræðir í 5. og 10. gr., skal stofna sjóð, er nefnist eftirlitssjóður fóðurvara. Skal úr sjóði þessum greiða kostnað við eftirlit það, sem lög þessi fjalla um.

Tilraunaráð búfjárræktar annast rekstur sjóðsins, innheimtir gjöld til hans og greiðir kostnað við eftirlitið, svo sem töku sýnishorna og efnagreiningar. Gjöld af innfluttum fóðurblöndum skulu innheimt með öðrum innflutningsgjöldum, eftir fyrirmælum tilraunaráðs.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun til tilraunaráðs fyrir störf þess vegna eftirlitsins. Hann skipar einnig endurskoðendur eftirlitssjóðs. Nægi tekjur eftirlitssjóðs á einhverjum tíma ekki til þess að greiða kostnað við eftirlitið, greiðist það, sem á vantar, úr ríkissjóði. Tekjuafgangur rennur árlega í ríkissjóð.

7. gr.

Í fóðurblöndur má aðeins nota þær fóðurtegundir eða fóðurefni, sem eru hollar fyrir búfé til þrifa og afurðamyndunar að dómi tilraunaráðs. Eigi má nota fóðurtegundir, sem hafa minna fóðurgildi en sem svarar 55 fe. í 100 kg.

8. gr.

Við efnarannsókn á fóðurblöndum má hið reiknaða fóðurgildi ekki vera minna en 97% af tilgreindu fóðurgildi samkvæmt fylgiseðlinum, en magn eggjahvítu má ekki víkja meira en 12% frá tilgreindu meðaltali.

Sýni efnarannsóknir þrisvar í röð lægri fóðurgildistölu eða of mikið frávik frá eggjahvítumeðaltali en framleiðandi eða innflytjandi hefur tilgreint, skal tilraunaráð skylda hlutaðeigandi aðila til að breyta framleiðslunni til samræmis við hið tilgreinda meðaltal, en sé þess eigi kostur, skal fóðurgildistölum þeim, sem tilgreindar eru á fylgiseðlinum, breytt til samræmis við efnagreiningar þær, sem um er að ræða.

9. gr.

Trúnaðarmenn tilraunaráðs, er taka sýnishorn af fóðurblöndum til efnagreiningar, skulu minnst taka þau þrisvar árlega hjá hverjum framleiðanda. Sýnishorn skulu tekin á framleiðslustað úr lokuðum pokum, sem tilbúnir eru til afhendingar. Þess skal gætt, að framleiðendur fóðurblandna fái enga vitneskju um, hvenær sýnishornataka á að fara fram. Sýnishorn skal taka úr 10. hverjum poka að jafnaði, þó skal aldrei taka færri en 5 sýnishorn af hverri tegund. Sýnishorn skulu tekin með þar til gerðum bor.

Trúnaðarmönnum tilraunaráðs er heimilt, hvenær sem er, að taka sýnishorn af fóðurblöndum til efnagreiningar hjá verzlunum, sem verzla með þær vörur, svo og hjá einstökum bændum. Ekki skulu tekin færri sýnishorn en 3 af hverri tegund, og aðeins úr pokum, sem vissa er um, að hafi ekki verið opnaðir síðan þeir voru afhentir frá framleiðslustað.

10. gr.

Þegar efnagreining hefur verið framkvæmd á sýnishornum, sem tekin eru til rannsóknar samkvæmt 9. gr., skal hverjum hlutaðeiganda send tilkynning um niðurstöður rannsóknanna. Í fyrsta sinn, sem einhver fóðurblanda víkur óleyfilega frá tilteknu fóðurgildi, skal hlutaðeigandi aðila tilkynnt skriflega, hverju er áfátt og hverjar skaðabætur honum beri að greiða, ef eigi verður úr bætt. Í annað sinn eða síðar, sem efnarannsókn sýnir minna fóðurgildi en tilgreint er, skal hlutaðeigandi aðila skylt að greiða til eftirlitssjóðs verðmismun þann, er fram kemur, miðað við tilgreint fóðurgildi. Komi í ljós við efnarannsókn, að frávik eggjahvítu frá tilgreindu meðaltali sé meira en leyfilegt er, skal viðkomandi aðila skylt að greiða 1% af heildsöluverði fóðurblöndunnar til eftirlitssjóðs. Skal gjaldið miðast við selt vörumagn á tímabilinu milli töku sýnishorna.

Enn fremur skal framleiðandi greiða hlutaðeigandi kaupendum skaðabætur eftir útreikningi og mati tilraunaráðs, er nema að minnsta kosti tvöföldu verðmæti þess fóðurgildis, sem vantar á, að fóðurblandan reynist eins og tilskilið er á fylgiseðlinum. Sé um of mikið magn af eggjahvítu að ræða, getur kaupandi einnig

krafizt skaðabóta fyrir það, enda hafi hann að dómi tilraunaráðs orðið fyrir tjóni af þeim sökum.

Heimilt er aðilum að skjóta máli sínu til dómstólanna.

11. gr.

Tilraunaráð skal birta, eigi sjaldnar en tvisvar á ári, skrá yfir alla þá, sem hafa leyfi til að framleiða og flytja inn fóðurblöndur til sölu. Þar skal tekið fram um nafn og vörumerki hverrar tegundar, verð, tilgreint fóðurgildi og magn af eggjahvítu, enn fremur hvaða búfé hver fóðurblanda er ætluð. Jafnframt skal tilraunaráð birta niðurstöður af efnarannsóknum hverrar tegundar, sem sé meðaltal af þremur síðustu rannsóknunum, sem gerðar hafa verið.

II. KAFLI

Um verzlun með síldarmjöl og fiskimjöl.

12. gr.

Til fóðurs innanlands mega síldarverksmiðjur landsins aðeins selja það síldarmjöl, sem flokkað er í I. flokki til útflutnings. Ef um skort á I. fl. vöru er að ræða, getur landbúnaðarráðherra gefið heimild til að selja lakari vöru til fóðurs, enda skal það þá selt hlutfallslega lægra verði og vera greinilega merkt sem II. fl. vara.

13. gr.

Ekki má selja fiskimjöl til fóðurs á innlendum markaði, sem hefur undir 50% af hráeggjahvítu. Fiskimjöl, sem hefur 60% af hráeggjahvítu og þar yfir, er heimilt að selja í ákveðnum flokki. Landbúnaðarráðherra getur, eftir umsóknum frá framleiðendum og að fengnum tillögum tilraunaráðs búfjárræktar, leyft þeim að selja þetta mjöl allt að 10% hærra verði en annað fiskimjöl. Fiskimjöl þetta skal greinilega merkt eftir fyrirmælum tilraunaráðs, er það háð eftirliti á sama hátt og fóðurblöndur, og skulu framleiðendur þess greiða af því jafnhátt gjald til eftirlitssjóðs og greitt er af fóðurblöndum samkvæmt 5. gr.

14. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazt gildi, falla niður þau ákvæði laga nr. 28 frá 27. júní 1921, er varða verzlun með kjarnfóður, og lög nr. 41 frá 12. júní 1939.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 753. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekur m. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar hreppstjóri annast í umboði sýslumanns innheimtu ríkissjóðstekna eða iðgjalda til tryggingarsjóðs, ber honum ¾ þeirrar þóknunar, sem greidd er fyrir innheimtuna.

Nd. # 754. Nefndarálit

um frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar (EOl).

Þjóð vor tók við landi sínu frá forfeðrunum, er innlend stjórn komst aftur á eftir síðustu aldamót, í ömurlegu ástandi. Lélegur, gamall skipafloti, fá varanleg hús, lítið sem ekkert af verksmiðjum eða verkstæðum, vegir og brýr svo vart var teljandi að Ölfusárbrú undanskilinni.

Á tveim kynslóðum — kynslóð feðra vorra og vorri eigin — er verið að vinna stórvirki á landi voru. Þó hefur engin kynslóð haft betra tækifæri til þess að vinna slík stórvirki en einmitt vor eigin kynslóð nú á þessum árum, sökum bætts efnahags þjóðarinnar og tæknilegra framfara mannanna. Og engin kynslóð hefur frekar siðferðislega skyldu til þess en einmitt við **að vinna upp aldirnar**, sem þjóðin glataði, meðan hún var kúguð, **á örskömmum tíma, á nokkurra ára skeiði**, ef þjóðin aðeins leggst á eitt og beitir allri þeirri hagsýni, sem hún á til, — því að engri kynslóð hefur sem heild liðið efnahagslega betur á Íslandi en þessari.

En það er stórt land, sem vér þurfum að byggja, og miklar auðlindir, sem vér þurfum að virkja, með litlum mannafla og takmörkuðu fjármagni. Það má því ekkert fara forgörðum, ef vel á að fara. Þjóðin hefur ekki efni á að byggja tvær verksmiðjur til þess að framleiða sömu vöruna fyrir innanlandsmarkað, ef ein verksmiðja getur fullnægt. Hún hefur ekki efni á að leggja í lítið raforkuver, til þess að framleiða ófullnægjandi raforku og of dýra, ef hún getur framleitt ódýra orku með voldugri virkjun, þótt hún þurfi að leggja að sér til þess að koma henni upp. Og hún hefur ekki efni á að missa hraustustu sjómenn sína í sjóinn tugum saman á vertíð hverri, vegna þess að bátarnir eru of litlir og of gamlir, — þótt mjög stórir bátar séu dýrir í byrjun.

Einbeiting á allri orku þjóðarinnar að þeim verkefnum, sem hún nú þarf að leysa á sviði atvinnulífsins, er skilyrði þess, að fjármagn, vinnuafl og auðlindir hagnýtist sem bezt. Og slík einbeiting er óhugsandi án fullkomins áætlunarbúskapar með þjóðinni, sem ákveður fyrir fram með heildaráætlunum fyrir alllangt árabil aðalverkefnin og einbeitir kröftum þjóðarinnar að framkvæmd þeirra með nákvæmari áætlunum fyrir hvert ár í senn á grundvelli heildaráætlunarinnar. Þess vegna er fullkominn áætlunarbúskapur skilyrði fyrir skynsamlegri og árangursríkri framkvæmd þeirrar atvinnubyltingar, sem nú er kölluð nýsköpun atvinnulífsins og þjóðin í síðustu kosningum ákvað, að framfylgja skyldi.

Alþingi ber því að framkvæma þann vilja þjóðarinnar nú með setningu löggjafar, er tryggi sem hraðasta og bezta framkvæmd nýsköpunarinnar með fullkomnum áætlunarbúskap.

Þegar Alþingi ákveður, að þjóðarbúskapurinn skuli rekinn samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun og nýsköpun atvinnulífsins í heild sömuleiðis skipulögð um nokkurt árabil í einu, svo að samræmi sé þar, þá er það eðlilegt, að höfuðstefnan í þessu hvoru tveggja sé ákveðin í lögum þeim, er þingið setur, því að ella fengi það fjárhagsráð og sú ríkisstjórn, sem framfylgja skyldu slíkum áætlunum, svo víðtækt vald, að vart gæti samrýmzt lýðræðisþjóðfélagi. Því engum getur blandazt hugur um það, að stefna sú, sem ákveðin er um þróun þjóðarbúskaparins, og framkvæmd hennar, er langsamlega þýðingarmesta málið, fjárhagslegs eða atvinnulegs eðlis, sem Alþingi getur tekið ákvarðanir um. Alþingi, sem sjálft vill ákveða fjárlög ríkisins í hverjum einstökum lið og sníður með stjórnarskrá og lögum ríkisstjórninni á hverjum tíma mjög þröngan stakk í þessum málum, getur ekki farið inn á þá braut að gefa fjárhagsráði og ríkisstjórn svo að segja einræðisvald um

„fjárlög þjóðarbúskaparins“, heldur hlýtur fyrir fram að segja fyrir um höfuðstefnuna í þeim og nokkur allra þýðingarmestu atriðin.

Því hef ég í breytingartillögum mínum við frv. komið inn á nokkur allra þýðingarmestu stefnumálin í þjóðarbúskapnum og nýsköpun atvinnulífsins og skal hér gera nánari grein fyrir þeim.

Undirstaðan undir lífsafkomu og velmegun hverrar þjóðar er stórvirkt framleiðslukerfi réttilega einbeitt á fullkomna hagnýtingu auðlinda og vinnuafls þjóðarinnar.

Það er hægt fyrir þjóðina að skapa sér slíkt kerfi, segjum á 10 ára tímabili, 1946—1955, er geti orðið örugg undirstaða mun betri lífsafkomu en Íslendingar áður hafa þekkt, en til þess að skapa þetta kerfi þarf þjóðin að vera samtaka um að leggja að sér við að koma því upp gegn tryggingu um að fá að njóta afkomuöryggis og betri lífsskilyrða á eftir.

Í stórum dráttum hugsa ég mér þetta kerfi skapað á t. d. 10 ára tímabili á þann veg, er nú skal greina, og tel ég þá auðvitað með þær stórhuga framkvæmdir, sem nýbyggingarráð og síðasta ríkisstjórn skipulögðu og hófu með þeim mesta framfaratímabil í atvinnusögu Íslands, ef svo er áfram haldið sem þá var hafið.

Á fyrra helmingi þessa tímabils sé höfuðáherzla lögð á eflingu fiskiskipastólsins og fiskveiðanna, svo sem sjávarútvegsáætlun nýbyggingarráðs gerir ráð fyrir og unnið hefur verið að. Með því að efla sjávarútveginn á því tímabili svo sem ráð er þar fyrir gert, verður komið upp svo miklum fiskiskipastól, er einmitt hagnýtir markaðina, þegar þeir eru beztir og nauðsynlegast að ryðja íslenzkum fiski braut inn á þá, að þjóðin getur ausið upp auði á þessu tímabili, sem verður undirstaða stórvægilegra breytinga á öðrum atvinnusviðum, ef hún gætir þess að eyða honum ekki í annað. Með sjávarútveginum hafa Íslendingar alltaf náð fljótast miklu fé og getað notað það sem undirstöðu annarra framkvæmda, ef tækifærið er gripið. Þess vegna verður það að álítast rétt að keppast við að ljúka framkvæmdunum í öflun fiskiskipastóls og eflingu fiskiðnaðar 1950, eins og áætlun nýbyggingarráðs leggur til. Geri ég það því að einni aðaltillögu minni og læt áætlun nýbyggingarráðs um sjávarútveginn 1946—51 fylgja hér með sem fylgiskjal I. Ef þetta yrði framkvæmt samkvæmt þeirri áætlun, þá yrði á tímabilinu 1951—55 á sviði sjávarútvegsins fyrst og fremst viðhald á því gamla, en höfuðáherzlan yrði þá lögð á stóriðju, landbúnað og iðnað samkvæmt undirstöðu, sem lögð hefði verið á tímabilinu 1946—50 með rannsóknum, tilraunum, og á vissum sviðum stórfelldum framkvæmdum.

Í landbúnaðinum er nú þegar að gerast raunveruleg vélbylting. En strax og bændur hafa fengið dráttarvélar, sláttuvélar og önnur landbúnaðartæki sín, er þeir nú hafa keypt eða pantað í allstórum stíl, þá reka þeir sig á, að þeir þurfa margfalt stærra ræktað land en þeir hafa haft til þessa, ef þeir eiga að geta hagnýtt tæki þessi til hlítar og notið hinna margaúknu afkastamöguleika sjálfra sín í aukinni framleiðslu. Framræslu og allan annan undirbúning að margföldun hins ræktaða lands þarf að hefja nú þegar í eins stórum stíl og nokkur kostur er á, ef hægt á að verða að fullnægja þessum auknu kröfum landbúnaðarins til ræktaðs lands. Og þótt það sé gert, þá verður meginið af því nýbrotna landi ekki reiðubúið til hagnýtingar fyrr en eftir 1950. — Öll vélnýtingin í landbúnaðinum, — en þó sérstaklega heyþurrkunin, mjólkurframleiðslan, viðgerðarverkstæðin og svo sveitaheimilin sjálf — krefst gífurlega aukinnar raforkuframleiðslu.

Skortur á rafmagni stendur líka vexti og viðgangi alls iðnaðarins fyrir þrifum, — einnig þeim stóriðnaði, sem sérstaklega yrði tengdur landbúnaðinum, svo sem áburðarframleiðslu.

Stórvirkjanir til raforkuframleiðslu á fyrra tímabilinu fram að 1950 og þó sérstaklega áframhald á þeim á síðari hluta áratugsins eru því skilyrði fyrir framförunum í landbúnaði og iðnaði.

Raforkuframleiðslan, bæði virkjanir, leiðslur og tæki, er mjög gjaldeyrisfrek og krefst mikils sparnaðar í gjaldeyrisnotkun þjóðarinnar, ef framkvæma skal rafvirkjanirnar í svo stórum stíl og svo fljótt sem atvinnuvegirnir og lífskjör þjóðarinnar krefjast. Það er ekki nóg til þess að fullnægja þessum kröfum að fullvirkja Sogið og Laxá fyrir 1950, svo sem nú mun ráð fyrir gert. Það rafmagn, sem með því fæst, mun samstundis verða gleypt fyrir þann iðnað, landbúnað og sívaxandi heimilisnotkun, sem þá verður, — þannig að ekki verði afgangs hin mikla, ódýra raforka, sem aðeins fæst með allra stærstu og ódýrustu virkjun, sem hugsanleg er á landinu og ein getur myndað grundvöll að raunverulegri stóriðju. Hafi ekki rannsóknir og tilraunir með virkjun hveragufunnar leitt í ljós nýjan ódýrari aflgjafa en vatnsvirkjanir, þá er brýn nauðsyn að gera rannsóknir og áætlanir um þá stærstu og ódýrustu virkjun, er vér gætum framkvæmt á heppilegum stað. Mundi það líklega vera í Urriðafossi í Þjórsá, þar sem hægt mun vera að áliti norska verkfræðingsins Sætersmoen, sem rannsakaði vatnsvirkjunarmöguleika Þjórsár 1919, að virkja um 100 þús. kilowött. Um áætlun hans birtist hér bréf frá raforkumálastjórn sem fylkiskjal II. Með slíkri virkjun ætti að fást svo ódýrt rafmagn, að Ísland ætti ekki aðeins að geta framleitt handa sjálfu sér það, sem það þarf raforku við, ódýrar eins og áburðinn, heldur einnig að geta flutt inn hráefni til þess að vinna úr (t. d. bauxil til að vinna úr aluminium eða önnur þau hráefni, sem ýtarlegustu rannsóknir leiddu í ljós, að heppileg og arðvænleg væru og selja síðan út úr landinu fullunna vöru, líkt og Norðmenn gera. Einmitt vegna þess, hve fiskveiðar vorar geta verið stopular og auðlind sú, sem fiskimið vor nú eru, getur þorrið í framtíðinni, ef oss misheppnast að fá þau vernduð og meira eða minna einokuð fyrir sjálfa oss með milliríkjasamningum, þá er nauðsynlegt, að núlifandi kynslóð hagnýti þann auð, sem hún eys upp úr sjónum, til þess að skapa sem fullkomnast framleiðslukerfi á landi til hagnýtingar þeirra auðlinda, sem sjálf jörðin, fallvötnin og jarðhitinn er. Stóriðja á grundvelli ódýrrar raforku er raunhæft framtíðarmarkmið fyrir Íslendinga, sem nú þegar þarf að fara að gera að veruleika. Hún er lífsnauðsyn til þess að skapa jafnvægi í atvinnulíf vort og draga úr áhættum þess. Og stóriðja hér á landi á þessum grundvelli hefði einmitt nú á byltingatíma tækninnar því betri möguleika sem vér gætum byrjað með nýjustu og fullkomnustu tækni á hverju sviði. En skilyrði allra þessara framkvæmda er heildaráætlun um þær allar alllangt fram í tímann. Ella getur farið svo, að óvænlegt þyki að ráðast í stærstu virkjanir, af ótta við, að markað skorti fyrir raforkuna, — og samtímis þori menn ekki að leggja í stóriðju eins og t. d. áburðarverksmiðju, af því að rafmagnið sé of lítið og of dýrt, eða markaðurinn of lítill fyrir það mikla magn, sem framleiða þyrfti til þess að fá ódýra áburðarframleiðslu. En hins vegar gæti rannsókn miðuð við samfellda heildaráætlun leitt í ljós, að með stórvirkjun, er tilbúin væri t. d. 1952—53, fengist nógu ódýrt rafmagn handa áburðarverksmiðju (og auðvitað fleirum stórfyrirtækjum), og að slík áburðarverksmiðja gæti verið samkeppnisfær, ef landbúnaðurinn hefði þá t. d. fimm eða tíu sinnum meira ræktað land en nú og garðyrkja og gróðurhúsarækt hefðu margfaldazt. Og með því að þessar framkvæmdir á öllum þessum sviðum fylgdust að, yrðu þær allar mögulegar, — en einangraðar hver út af fyrir sig yrðu þær hins vegar ef til vill alls ekki gerðar.

Rauði þráðurinn í breytingartillögum mínum er því sá að tryggja, að stigið verði eitt spor áfram í áttina til fullkomins áætlunarbúskapar og stórfelldari nýsköpunar í atvinnulífi voru, en ekki eitt spor aftur á bak frá nýbyggingarlöggjöfinni 1944, eins og verða mundi með fyrirliggjandi frv. óbreyttu.

En eigi að vera hægt að setja eins mikið fjármagn í atvinnulíf vort, sérstaklega í raforkuver og stórar verksmiðjur, þá er alveg óhjákvæmilegt, að þjóðin spari svo mikið fé til þessara framlaga, að 25% af verðmæti útflutnings árs hvers séu lagðar til hliðar í þessu skyni. Með því að greiða aðeins 15% inn á nýbyggingarreikning, eins og 1. gr. gerir ráð fyrir, er aðeins tryggt sæmilegt viðhald og smá-

vægileg aukning, en með því að leggja 25% inn á nýbyggingarreikninginn árlega er tryggð hröð þróun. Það verður í þessu sambandi að reikna með því, að vatnsvirkjanirnar og leiðslunnar út frá þeim eru eitthvað gjaldeyrisfrekasta fyrirtæki, sem landið leggur í. Það væri því beinlínis blekking að ræða um stórvirkjanir á Íslandi og ætla þá möguleika, sem þær opna, án þess að gera um leið ráðstafanir til þess að leggja til hliðar nægilegan gjaldeyri fyrir þeim.

En slíkar ráðstafanir nægja þó ekki einar.

Verzlunarpólitík landsins út á við verður líka að vera slík, að kreppa eða markaðsörðugleikar geti ekki teflt atvinnulífinu í tvísýnu. Þess vegna miða breytingartillögurnar við 3. gr. að því að tryggja framkvæmd áætlunarbúskapar á sviði utanríkisverzlunarinnar og föst, varanleg viðskipti við trygg markaðslönd, m. a. á grundvelli viðskiptasamninga við einstök lönd til tveggja og þriggja ára í senn. Þess verðum vér Íslendingar að minnast, er vér nú ætlum að byggja upp stórrekstur í sjávarútvegi og iðnaði, að fái ægilegar viðskiptakreppur auðvaldsheimsins að koma við áhrifum sínum fullum og óskorðuðum hér á landi, þá geta þær feykt þessari nýbyggingu vorri um koll. Þess vegna er það eitt skilyrði þess, að glæsilegar framtíðarvonir vorar um nýbyggingu verði að veruleika, að verulegur hluti utanríkisviðskipta vorra sé við lönd, sem, sökum þess að þau hafa fullkominn áætlunarbúskap, eru ónæm fyrir viðskiptakreppum.

En til þess að tryggja þá einbeitingu fjármagns og vinnuafls innanlands, sem tillögur mínar gera ráð fyrir, þarf einnig þjóðfélagslegar ráðstafanir, og þá fyrst og fremst þær, að beina fjármagninu burt úr verzluninni og að framleiðslunni, svo sem ég legg til með brtt. 4. e. Án þess að gera þessar ráðstafanir róttækt og einbeitt verður öll nýsköpun atvinnulífs vors sífelld togstreyta milli atvinnulífsins og verzlunarinnar með stórskaða fyrir atvinnulífið, svo sem þegar hefur sýnt sig undanfarin ár með þeirri eyðslu á gjaldeyri til almennrar verzlunar, sem átt hefur sér stað, vegna þess hvernig fjármagn þjóðarinnar streymdi í verzlunina, sakir gróðamöguleikanna þar, og kallaði í sífellu á aukið vörumagn til að verzla með.

Það er tvennt, sem knúð hefur fram þennan mikla almenna vöruinnflutning áður: gróðavon verzlunarstéttarinnar og kaupgeta almennings. Ef fyrri ástæðunni er burtu kippt, mun aðalorsökin til of mikils innflutnings almennra og sumpart óþarfra vara brott fallin. — Þá þyrfti svo að vinna látlaust að því, með upplýsingastarfsemi o. fl., að beina kaupgetu fólksins að nytsamari hlutum, er eigi heimta eins mikla eyðslu útlends gjaldeyris, og fá það til meiri sparnaðar. En þetta krefst aukins samstarfs fjárhagsráðs við fólkið og samtök þess og traust fólksins á allri þeirri stefnu, er fjárhagsráðið framfylgir. Þess vegna beinast margar breytingartillögur mínar að því að skapa og auka slíkt samstarf.

En fleiri ráðstafana er þörf. Svo erfitt sem það er og þjóðinni dýrt að ætla að framkvæma nýsköpun atvinnulífsins í sífelldri baráttu og togstreitu milli nýsköpunarstefnu í atvinnulífinu og hagsmunastefnu verzlunarauðmagnsins, þá er það næstum ókleift, að ætla að framkvæma hana gegn vilja lánstofnananna. Þess vegna ber ég fram breytingartillögurnar 5. b. við 4. gr. til þess að tryggja, að lánsstofnanirnar framfylgi áætlununum, er þær hafa verið samdar. Hve nauðsynleg þessi ákvæði eru, sést m. a. af því, að sú töf, sem frumvarp nýbyggingarráðs um stofnlán handa sjávarútveginum varð fyrir sökum mótspyrnu bankastjórnar Landsbankans, þýddi raunverulega að lánsbréfamarkaður sá, sem var enn svo mikill og góður síðari hluta ársins 1945, varð eigi hagnýttur og stofnlánasjóður missti af möguleika til þess að selja bréf fyrir máske 50—100 milljónir króna. Og er hér þó aðeins eitt dæmi nefnt um skaðlegar afleiðingar skortsins á samstillingu lánsstofnana við nýsköpunarfyrirætlanir þjóðarinnar.

Að lokum skal minnzt á þá tillögu mína, að áætlanir fjárhagsráðs skuli, er þær hafa hlotið staðfestingu ríkisstjórnar, lagðar fyrir Alþingi. Áætlanir fjárhagsráðs eru þýðingarmeiri fyrir þjóðina en flest þau lög, sem samþykkt eru á

Alþingi, jafnvel fjárlögin sjálf ákvarða vart meir um afkomu þjóðarinnar. Þess vegna virðist það einsætt, að rétt sé, að Alþingi verði að ákveða endanlega áætlanir þessar, enda vart hægt að framfylgja til hlítar reglum lýðræðis í þeirri stjórn á þróun atvinnulífs vors, sem ákveðin væri með þessum lögum, ef Alþingi væri ekki látið hafa úrslitavaldið á þessu sviði.

Öðrum breytingartillögum mínum mun ég gera grein fyrir í framsögu.

Legg ég svo til, að frv. verði samþykkt með brtt. þeim, sem ég flyt á sérstöku þingskjali (725). (Við II.—IV. kafla frv. hefur mér ekki unnizt tími til að gera ýmsar breytingartillögur, er ég álít nauðsynlegar, en mun ýmist reyna það undir umræðum eða fylgja brtt., er fram kunna að koma.)

Alþingi, 3. maí 1947.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal I.

Áætlun og greinargerðir um sjávarútveg Íslendinga fram til ársins 1951.

Formáli.

Áætlanir og greinargerðir þær um sjávarútveg Íslendinga fram til ársins 1951, sem nýbyggingarráð hér með birtir, eru að mestu leyti gerðar vorið 1946. Ráðið hefur síðan haft þær til athugunar, og á nokkrum fundum, sem haldnir voru í nóvember 1946, var gengið frá áætlununum í því formi, sem þær birtast hér, þó að þróunin sé nú þegar, hvað einstök atriði snertir, komin lengra á veg en þegar greinargerðirnar voru skrifaðar. Áætlanirnar bera það með sér, að þær eru upprunalega gerðar með það fyrir augum, að ráðið gæti haft þær til hliðsjónar við leyfisveitingar og aðra daglega starfsemi sína, án þess þó að ráðið væri búið að binda sig við neina af hinum fimm mismunandi tillögum um stærð flotans, sem settar eru fram, og þá ekki heldur endanlega búið að taka ákvörðun um þær mörgu og mismunandi framkvæmdir í landi, sem verða að standa í nokkurn veginn réttu hlutfalli við stærð flotans.

Ráðið yfirvegaði gaumgæfilega kosti og galla hinna fimm upprunalegu áætlana um stærð og samsetningu skipaflotans. Í því sambandi varð að taka tillit til kostnaðar við kaup skipanna, nauðsynlegs mannafla, verðmætis aflans, kostnaðar við samrýmdar framkvæmdir í landi o. s. frv. Að öllu þessu athuguðu komst ráðið að þeirri niðurstöðu að binda starfsemi sína í framtíðinni við flota þann, sem nefndur er **áætlun II.**

Ráðið er þeirrar skoðunar, að floti samsettur líkt því og gert er ráð fyrir í áætlun II, verði hlutfallslega ódýrastur og að um leið verði raunverulega komizt nokkuð nálægt því markmiði, sem ráðið álítur, að gilda eigi fyrir sjávarútveg Íslendinga, sem sé það, að við getum að mestu, ef ekki að öllu leyti, tekið allan þann fisk á okkar miðum, sem taka má án þess að gengið sé á fiskistofninn.

Des. 1946.

Nýbyggingarráð.

Yfirlit yfir áætlanir nýbyggingarráðs um eflingu sjávarútvegsins 1946—51.

1. Ráðið er þeirrar skoðunar, að stefna beri að því, að stærð hins íslenzka fiskiflota sé sú, að þorsk- og flatfiskveiði hans samsvari því aflamagni, er veiða má á íslenzkum miðum, án þess að gengið sé á stofninn, en það mun verða um 600000 tonn miðað við fisk upp úr sjó, eða 500000 tonn, ef miðað er við slægðan fisk með haus.

2. Stofnsins vegna má auka síldveiðar stórkostlega frá því, sem er, en vegna þess að vart er hugsanlegt, að Íslendingar eignist mikið af skipum, sem eingöngu eru notuð til síldveiða, verður að miða stærð flotans við það, að hann hagnýti sem bezt þorsk- og flatfiskstofninn.

3. Ráðið áætlar, að skip og bátar af mismunandi stærð afli sem hér segir, miðað við slægðan fisk með haus:

Meðalefli eftir tegund og stærð skipa.

Tegund og stærð skipa	Ársafli í tonnum
Vélbátar 1—11 rúml.	100
— 12—19 rúml.	250
— 20—39 rúml.	380
— 40 rúml. og meira	520
Togarar ca. 320 rúml.	2600
— ca. 520 rúml.	3000

4. Ráðið hefur samið áætlanir, sem miðaðar eru við þorsk- og flatfiskafla, er nemur ca. 425000—500000 tonnum af slægðum fiski með haus.

Áætlanir nýbyggingarráðs um tölu skipa og burðarmagn fiskiflotans árið 1951.

	Meðal-rúml.	I.		II. (samþ. af Nýb.ráði)		III.		IV.		V.	
Vélbátar	tala	Tala	Rúml.	Tala	Rúml.	Tala	Rúml.	Tala	Rúml.	Tala	Rúml.
— 0—11 rúml. ca. . .	4	250	1000	250	1000	250	1000	250	1000	250	1000
— 12—19 — — . .	15	100	1500	100	1500	100	1500	100	1500	100	1500
— 20—39 — — . .	35	150	5225	150	5225	150	5225	150	5225	165	5225
— 40 rúml. og yfir ca.	65	300	19500	220	14300	360	23400	300	19500	200	13000
Togarar ca. 320–520		58	24560	75	30000	75	30000	90	34800	90	34800
Allur flotinn		858	51785	795	52025	935	61125	890	62025	805	55525

5. Áætlaður afli þessa flota sem hér segir:

	I.	II.	III.	IV.	V.
Þorsk- og flatfiskafli (1000 tonn) sl. með haus	426	428	501	509	463
Síldarafli (1000 mál)	3380	2560	3990	3380	2360

6. Ráðið hefur látið gera áætlanir um útflutningsverðmæti þessa afla, og eru þær sem hér segir:

Áætlað útflutningsverðmæti aflans 1951 (millj. kr.).

	I.	II.	III.	IV.	V.
Þorskur og flatfiskur	465	465	533	534	501
Síld	225	185	257	225	175
Alls	690	650	790	759	676

7. Ráðið áætlar, að um áramót 1950—1951 sé enn starfandi af flota þeim, er skrásettur var um áramót 1945—1946, sem hér segir:

250 bátar minni en 12 rúml.	samtals	1000 rúml.
96 — 12—19 rúml.	—	1473 —
88 — 20—39 rúml.	—	2234 —
73 — 40 rúml. og meira	—	5932 —
15 togarar	—	5000 —
	Samtals	15639 rúml.

Nú þegar (31. maí 1946) er fullvíst, að bætast muni við flotann sem hér segir:

	Tala	Rúml.
Vélbátar ca. 35 rúml.	28	971
— ca. 40—55 rúml.	36	1838
— ca. 60—80 rúml.	58	4281
Alls	122	7090
Togarar ca. 520 rúml.	30	15600
Alls	152	22690

Til þess að uppfylla áætlanir ráðsins vantar því sem hér segir:

Stærðarflokkar	Áætlun I. Tala	smál.	Áætlun II. Tala	smál.	Áætlun III. Tala	smál.	Áætlun IV. Tala	smál.	Áætlun V. Tala	smál.
Togarar 520 tn.	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
— 320 tn.	13	4160	30	9600	30	9600	45	14400	45	14400
Vélbátar ca. 35 tn.	32	1129	32	1129	32	1129	32	1129	47	1634
— yfir 40, að meðalt. 65 tn.	131	8506	51	3306	191	12406	131	8506	31	2006
Togarar samtals	13	4160	30	9600	30	9600	45	14400	45	14400
Vélbátar samtals	163	9635	83	4435	223	13535	163	9635	78	3660
Alls	176	13795	113	14035	253	23135	208	24035	123	18060

8. Með þeim forsendum, að 4000 rúml. báta, auk þeirra, sem þegar eru í smíðum, verði byggðir innanlands, áætlar ráðið, að öll gjaldeyrisnotkun við að auka flotann verði sem hér segir (millj. kr.):

	I.	II.	III.	IV.	V.
Skip og bátar, sem þegar er búið að ákveða	144.0	144.0	144.0	144.0	144.0
Viðbót til þess að ná áætlun	85.0	81.2	144.9	146.4	105.5
Alls	229.0	225.2	288.9	290.4	249.5

9. Ráðið áætlar, að mannaflaþörf flotans verði sem hér segir:

a. Áætluð mannaflaþörf á vetrarvertíð.

	1946	1947	1951 I.	II.	III.	IV.	V.
Sjómenn á togurum	800	1830	1830	2310	2310	2730	2730
— á vélbátum	1715	2325	2750	2750	3050	2750	2750
Sjómenn alls	2715	4155	4580	4660	5360	5480	5030
Landmenn á vélbátum	1715	2325	2750	2350	3050	2750	2030
Alls	4230	6480	7330	7010	8410	8230	7330

Mannaflaþörf á næstu árum umfram vetrarvertíð 1946 verður sem hér segir: 1947: 2250. 1951: Áætlun I: 3100, II: 2780, III: 4180, IV: 4000, V: 3100. Er þá reiknað með togurum á ísfiskveiðum, en á saltfiskveiðum vex mannaflaþörf þeirra um ca. 400—600 manns.

b. Áætluð mannaflaþörf yfir sumarmánuðina.

	I.	II.	III.	IV.	V.
Togarar	1830	2310	2310	2730	2730
Bátar á síldveiði	5230	4050	6150	5230	3830
— á þorskveiði	1040	1040	1040	1040	1040
Alls	8100	7400	9500	9000	7600

11. Ráðið er þeirrar skoðunar, að:
a) Vafasamt sé, að þörf á vélamönnum og vélstjórum með prófi frá Fiskifélagi Íslands muni verða fullnægt nema með sérstökum ráðstöfunum umfram þær, sem þegar hafa verið gerðar.
b) Tvö- eða þrefalda þurfi tölu vélstjóra með prófi frá Vélstjóraskóla Íslands.
c) Nokkur skortur virðist geta orðið á skipstjórum og stýrimönnum með fiskimannapróf.

12. Ráðið kemst að þeirri niðurstöðu, að auka þurfi sólarhrings afkastagetu síldarverksmiðjanna sem hér segir, og er þá miðað við, að aflabrögð verði sem árið 1944, þ. e. a. s. í mjög góðu síldarári:

Sólarhringsaukning í 1000 málum.

Þátttaka	I.	II.	III.	IV.	V.
Bátar og minni togarar	14	0	36	24	1
Bátar og allir togarar	24	10	46	38	12

13. Ráðið áætlar, að hraðfrystihúsin þurfi að geta tekið til meðferðar 150000 tonn af slægðum fiski með haus og geta skilað 60000 tonnum af flökum, og að áætlaður kostnaður við aukningu hraðfrystihúsanna til þess að ná þessu marki muni nema a. m. k. 45 millj. kr.

Við hvað eigum við að miða stærð fiskiflotans?

Fram að þessu hefur oftast verið hugsað og talað um fiskimið okkar eins og þau væru þrotlaus gullnáma. Menn hafa hugsað sem svo, að seint yrði sjórinn þurrausinn og að í sjónum mundi alltaf verða fiskur. En þegar betur er að gætt, kemur í ljós, að fiskgengdin og fiskveiðarnar eru bundnar við grunnin umhverfis landið, en þessi grunn eru alls álíka stór og landið sjálft.

Á síðari árum hefur sú skoðun orðið ráðandi meðal fiskifræðinga og fiskimanna, að hætta sé á, að veiði hér við land geti gengið til þurrðar fyrir of mikla veiði, og er talið, að þess sjáist þegar merki um einstakar fisktegundir. Talið var jafnvel fyrir ófriðinn 1914—18, að grunnmið hér við land væru tekin að spillast vegna yfirgangs erlendra fiskimanna, er hingað sóttu á stórum skipum á djúpmiðin og seildust einnig inn á grunnmiðin. En er ófriði þeim lauk, þótti hér hver fjörður fullur af fiski, enda fór þá í hönd hér við land mesta fiskveiðaöld, er sögur fara af. Síðustu árin fyrir síðari ófriðinn var svo talið, að fiskgengd hér við land væri aftur óðum að þverra, og aflamagn það, er við Íslendingar sjálfur drógum á land, var mjög miklu minna en verið hafði nokkrum árum fyrr, en það var mest um 1930. En af alþjóðafiskiskýrslum verður hins vegar ljóst, að afli annarra þjóða hér við land fór ekki minnkandi að sama skapi, og að minnkandi þorskafli okkar Íslendinga stafar að verulegu leyti af minnkandi sókn, einkum við togveiðar á aðalvertíðinni. Heildarafli hér við land fór stöðugt vaxandi áratuginn 1920—29, úr 314 þús. tonnum 1920 í 558 þús. tonn 1929, miðað við fisk upp úr sjó. Árið 1930 komst hann í hámark, var þá 648 þús. tonn. Annars var afli á þorskfiski hér við land 1930—38:

Afli alls við Ísland árin 1930—1938:

Ár	Afli alls	Þar af á íslenzk fiskiskip	
1930	648 þús. tonn	290.4 þús. tonn,	44.8%
1931	618 — —	241.5 — —	39 —
1932	616 — —	233.8 — —	38 —
1933	639 — —	272.0 — —	42.5—
1934	574 — —	253.4 — —	44.1—
1935	555 — —	210.0 — —	37.8—
1936	470 — —	150.9 — —	32.1—
1937	473 — —	148.1 — —	31.2—
1938	507 — —	163.7 — —	32.3—
Meðaltal áranna 1930—38	567 þús. tonn	218.0 þús. tonn,	38.0%

Lengra en til ársins 1938 ná ekki hinar alþjóðlegu skýrslur, en vitað er, að árið 1940 tekur að mestu fyrir þorskveiði útlendinga hér við land, en síðan hefur veiði okkar Íslendinga farið vaxandi ár frá ári. Þó að þetta alþjóðlega yfirlit yfir heildaraflann hér við land gefi nokkra bendingu um, að fiskimagn hér við land hafi eitthvað verið að ganga til þurrðar fyrir ófriðinn síðari, kemur það miklu glögglegar fram, þegar tekin er til athugunar veiði einstakra fisktegunda. Sérstaklega eru það þær fisktegundir, sem mest er eftir sótt, sem sýnast ganga til þurrðar, ýsa, heilagfiski og koli, einkum heilagfiski og koli.

Þannig veiddust 5—7 þús. tonn af lúðu hér á landi árlega árin 1922—1927, en síðan 1930 hefur aldrei veiðzt meir en rúmlega 3 þús. tonn (mest 3065 tonn 1933) og veiðin farið ofan í 2500 tonn.

Svipaða sögu er að segja af kolaveiðunum, að þar hefur aflamagnið farið talsvert þverrandi, og er þó lagt mjög vaxandi kapp á veiðarnar.

Um þorskinn er þess að geta, að þrátt fyrir það, að mest er af honum veitt allra fisktegunda, telja fiskifræðingar, að hann hafi ekki gengið til þurrðar á miðunum hér við land síðan 1930. Þorskurinn íslenzki er ekki eins og t. d. ýsan, heilagfiskið og kolinn þrælbundinn við miðin hér umhverfis landið, og getur, ef honum hentar, borið sig yfir djúpála á önnur grunn og hefur einmitt gert það nú á síðustu árum, er sjór tók að hitna við Grænland og í Barentshafi. Þorskur hefur t. d. tekið að hrygna við Grænland á síðustu árum, og hafa riðstöðvarnar þar notið tiltölulega góðs friðar. Fiskmerkingar hafa sýnt, að þorskstofninn við Grænland er raunverulega hinn sami og á grunnunum hér við land.

Samkvæmt áætlunum, sem Árni Friðriksson fiskifræðingur hefur gert um veiði á öðrum fisk en síld, má veiða árlega á miðunum hér við land allt að 450 þús. tonnum (af nýjum fiski upp úr sjó) án þess að fiskstofninn gangi til þurrðar, þar af a. m. k. 300 þús. tonn af þorski, 40 þús. tonn af ufsa, 20 þús. tonn af ýsu, 12 þús. tonn af lúðu og kola, 8 þús. tonn af steinbít, 30 þús. tonn af karfa, hitt af ýmislegum fiski öðrum. Þessi áætlun er miðuð við, að sjávarhiti haldist lítt breyttur frá því, sem er, og rétt er líka að gera sér ljóst, að hún getur ekki verið nákvæm, enda aðallega byggð á athugunum, sem gerðar hafa verið á tiltölulega fáum árum á áhrif veiðanna á fiskstofninn.

En eins og á fiskveiðamálunum er haldið, sýnist það enn eiga langt í land, að hægt verði að skipuleggja veiðina hér við land þannig, að þess verði gætt, að hún sé í hæfi fyrir fiskstofninn og miðin. Meðan það skipulagsleysi, sem nú er um þessi mál, er ráðandi, höfum við Íslendingar þann kost einan að ná svo miklu af fiskveiðunum hér við land í okkar hendur sem okkur er framast fært. Við verðum því hiklaust að efla fiskiflota okkar svo, að við getum sjálfir nytjað miðin, að svo miklu leyti, sem það stendur í okkar valdi, og til slíks fáum við aldrei þvílíkt tækifæri og nú, hvað þá betra. Ef við höfum á miðunum nægilegan fiskiflota, er aðrar þjóðir hafa búið sinn flota, er helzt nokkur von um, að við fáum að sitja einir að miðunum, og þá fyrst er ofurlítil von um, að hægt sé að nytja þau skynsamlega. En ef hinn hátturinn á að vera, að þau séu rænd og rupluð hispurs- og hlífðarlaust, er okkur ekki undankvæmt að taka þátt í ruplinu, enda er það eina leiðin, sem við höfum til þess að geta boðið í þrotabúið, þegar veiðinni lýkur, ræktað síðan upp miðin og hafið útgerð á þau að nýju, sem þá væri ekki vonlaust, að gæti orðið með skynsamlegri hætti.

Ef við miðum fiskiflota okkar við það, að við getum einir setið að miðunum hér við land, verðum við að geta veitt á hann 500—600 þús. tonn af þorskfiski og flatfiski á ári, því að búast má við, að það fiskimagn megi á miðunum veiðast næstu 10—12 ár. Ef við hugsum okkur að herja á miðin við Grænland, Bjarnarey og á Barentshafi, verðum við að bæta við skipum fyrir því, nema við búumst við að þurfa um leið að láta undan síga á okkar eigin sjó. Við Grænland hafa ekki fram að þessu verið fiskveiðar neitt í líkingu við það, sem verið hefur hér við land, en við Bjarnarey og á Barentshafi hafa aðrar þjóðir en Rússar (frá þeim eru ekki til skýrslur)

veitt álíka mikið fiskmagn og veiðzt hefur hér við land. Annars sýnist vonlítið, að við getum með öllu losnað við óvelkomna gesti af okkar miðum fyrst um sinn, og er því eðlilegast að hugsa sér útgerð til Grænlands, Bjarnareyjar og Barentshafs í stað þess, sem aðrir herja á okkar mið. Því sýnist næst hæfi að sníða okkar fiskiflota við það, að hann geti veitt 500 þús. tonn af þorskfiski í meðalári.

Þess hafa engin merki sézt, að síldveiðarnar hér við land hafi höggvið nokkurt skarð í síldarstofninn, og er óhætt að auka síldveiðina stórkostlega frá því, sem er. En ef veiðiflotinn er aukinn svo, að hann geti veitt 500 þús. tonn af þorskfiski, og sú aukning sé fjölgun togara og vélskipa yfir 30 rúmlestir, mundi auðvelt að auka síldveiðarnar þrefalt, þó að eigi væru skip til þeirra keypt sérstaklega. Vélskip, sem eru 40—150 rúmlestir og byggð til þorskveiða, eru yfirleitt jafnframt mjög vel til síldveiða fallin. Ef stækkun fiskiflotans er að verulegu leyti fólgin í fjölgun þeirra, getum við jafnvel sparað okkur með öllu að senda togara okkar á síldveiðar og aukið síldveiðarnar þó svo mikið, að ekki sýnist ástæða til að stefna hærra fyrst um sinn.

Stærð fiskiflotans og afköst á þorskveiðum.

Eins og sést á skýrslunni hér að framan, var samanlagt aflamagn íslenzkra og erlendra skipa á miðunum hér við land árin 1930—1938 470—648 þús. tonn árlega af þorskfiski. Skal nú hér á eftir gerð tilraun til að áætla, hversu mikinn fiskiflota við mundum þurfa til þess að veiða það fiskimagn á eigin skipum.

Aðalvandinn við þvílíka áætlun er sá að finna grundvöll fyrir því, hvað áætla má mikla veiði á hvert skip eftir stærð þess og veiðiaðferð.

Um veiði mótorskipanna miðað við stærð, hefur engin nákvæm athugun verið gerð nema athugun Nýbyggingarráðs á veiði þeirra eins og hún var 1939.

Samkvæmt þeirri athugun var meðalveiði á 12—19 rúmlesta báta (vegið meðaltal á öllu landinu) 165 tonn af slægðum fiski með haus, meðalveiði á 20—39 rúmlesta báta 255 tonn og á 40 rúmlesta báta og stærri 365 tonn. (Þessi vegnu meðaltöl eru fengin með áætlaðri skiptingu fiskiflotans eftir landshlutum samkvæmt áætlun nýbyggingarráðs.)

Árin 1944 og 1945 var veiði vélskipa um 50% meiri en árið 1939. Þessi aukning aflans stafar sumpart af aukinni fiskgengd en einnig að verulegu leyti af aukinni sókn hvers veiðiskips og enn að einhverju leyti af batnandi veiðiaðferðum.

Rétt þykir að gera ráð fyrir því í áætlununum um veiðimagn næstu ára, að veiðiskipin verði vel hagnýtt og að veiðiaðferðir, skip og önnur tæki við veiðarnar muni taka allverulegum framförum. Því er í þeim áætlunum, sem hér fara á eftir, gert ráð fyrir 50% meiri veiði á hvert vélskip en var 1939, en það er, eftir því sem næst verður komizt, svipuð veiði á hvert skip og árin 1944 og 1945.

Um áætlun á veiði togaranna hefur verið farin önnur leið. Upplýsingar eru til um veiði þeirra 1944 og 1945, en hún var 2800—2900 tonn að meðaltali, og er áætlað, að veiði okkar gömlu togara og nýrra togara af svipaðri stærð verði aðeins lítils háttar minni næstu árin, en veiði hinna stóru nýju togara (520 rúmlesta) verði hins vegar lítils háttar meiri.

Við áætlanir þær, sem hér fara á eftir, er því gert ráð fyrir meðalveiði á skip, allt miðað við slægðan fisk með haus, sem hér segir:

Vélbátar 1—11 rúmlesta	100 tonn
— 12—19 rúmlesta	250 —
— 20—39 rúmlesta	380 —
— 40 rúmlesta og stærri	520 —
Togarar, minni (ca. 320 smál.)	2600 —
— stærri (ca. 520 smál.)	3000 —

Áætlanir nýbyggingarráðs um tölu skipa, burðarmagn fiskiflotans og afla hans árið 1951.

Vélbátar	Meðalrúml. tala	I. Tala	I. rúml.	II. Tala	II. rúml.	III. Tala	III. rúml.	IV. Tala	IV. rúml.	V. Tala	V. rúml.
— 0—11 rúml. ca. ..	4	250	1000	250	1000	250	1000	250	1000	250	1000
— 12—19 — — ..	15	100	1500	100	1500	100	1500	100	1500	100	1500
— 20—39 — — ..	35	150	5225	150	5225	150	5225	150	5225	165	5225
— 40 rúml. og yfir ca.	65	300	19500	220	14300	360	23400	300	19500	200	13000
Togarar ca.	320–520	58	24560	75	30000	75	30000	90	34800	90	34800
Allur flotinn		858	51785	795	52025	935	61125	890	62025	805	55525

Áætluð veiði í smálestum.

Fiskur upp úr sjó	517000	514000	601000	611000	556000
— slægður með haus	426000	428000	501000	509000	463000

Eins og við blasir, þegar þessar áætlanir eru bornar saman, eru sumir liðirnir eins í þeim öllum. Er ekki gert ráð fyrir neinni aukningu smábátaflotans og jafnvel gert ráð fyrir, að mjög lítið verði smíðað af nýjum bátum í stað þeirra, sem farast og fyrnast. Sama máli gegnir með mótorbáta 12—19 lesta.

Í áætlunum I—IV er einmitt gert ráð fyrir lítilli fjölgun mótorskipa í stærðarflokknum 20—39 rúmlestir umfram það, sem þegar hafa verið gerðar ráðstafanir um. Er áætlað, að um 90 skip af þessari stærð, þeirra, sem nú eru í fiskiflotanum, verði ófyrnd í ársbyrjun 1950, en þegar hafa verið útveguð, pöntuð eða byrjað á smíði um 30 skipa af þessari stærð og gerð. Ástæðurnar til þess, að ekki þykir rétt að áætla verulega aukningu þessa flokks, eru aðallega tvær. Önnur er sú, að skip af þessum stærðarflokki, nema þá helzt hin allra stærstu þeirra, 35—39 rúmlesta skipin, þykja eigi veita sjómönnunum nægilegt öryggi í ósjó og ofviðrum. Hin er sú, að þau eru of lítil til að fara ein með nót á síldveiðum, a. m. k. eins og síldveiðarnar hafa verið reknar, en sjálfsagt þykir, að sem mest af aukningu mótorskipanna sé við það miðuð, að hin nýju skip geti stundað bæði þorskveiðar og síldveiðar.

Um togarana er hins vegar það að segja, að þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til að fá 30 nýja togara, sem eru um 520 rúml. hver, en sennilegt þykir, að aukning togaraflotans fram yfir þetta verði nokkurn veginn jöfnum höndum fólgin í kaupum togara af þeirri stærð og í kaupum togara af stærðinni 320—400 tonn. Áætlanir I og III eru gerðar með það mark fyrir augum að auka flotann aðallega með stórum mótorskipum, hæfilegum til síldveiða, áætlanir II, IV og V með það mark fyrir augum að auka aðallega togaraflotann. Áætlanir I og II eru við það miðaðar, að flotanum geti veiðzt ca. 500 þús. tonn, áætlanir III og IV við, að hann geti veitt ca. 600 þús. tonn, hvort tveggja af nýjum fiski, og áætlun V, sem eru fyrstu lauslegu frumdrögin að áætlun, er miðuð við ca. 550000 tonna veiði, er þar aðallega lögð áherzla á aukningu togaraflotans.

Við val á milli þessara áætlana kemur margt til greina auk afkastanna á þorskveiðum. Eitt er afkastageta á síldveiðum, annað tilkostnaður við aukningu flotans, þriðja rekstrarkostnaður hans, fjórða þörf hans fyrir vinnuafl, og mætti þó fleira telja.

Afköst fiskiflotans á síldveiðum.

Fyrst eftir að byrjað var að afla síld í bræðslu hér við land, þóttu togarar sæmilega hentug skip til síldveiða. Síldarverksmiðjur voru fáar og stundum langt að flytja síldina til þeirra, og reyndist því yfirleitt vel að hafa stór skip til veiðanna. Síðan síldarverksmiðjunum fjölgaði, hefur stærstu síldveiðiskipunum fækkað á veiðunum. Á síðustu árum hafa togarar ekki sinnt síldveiðum, og er það hvort tveggja, að þeir þykja ekki til þeirra hentugir, síðan verksmiðjum fjölgaði, og þeir hafa haft öðrum hlutverkum að gegna. Eins og nú horfir, virðast hentugust til síldveiða mótorskip, sem geta farið ein með nót, og mega þau helzt ekki vera minni en 40 rúmlestir,

og geti þó komið til greina 35—39 rúmlesta skip, ef ekki er völ nægilegra skipa stærri.[1]) Þegar gert er upp á milli áætlananna um þessi efni, þykir þó ekki ástæða til að reikna með meira en ca. ⅓ hluta mótorskipa 20—39 lesta.

Við áætlun þá, sem hér fer á eftir, er lögð til grundvallar meðalveiði á skip 1937—45, en hún var sem næst 5300 mál á skip 20—39 rúmlestir, og 8500 mál á mótorskip yfir 40 rúmlestir, en þessi áætlaða meðalveiði þó hækkuð um ca. 20% vegna þess, að vitað er, að aflinn hefði getað orðið allverulega hærri þessi ár, ef löndunarskilyrði og aðrar aðstæður í landi hefðu þá (1937—45) verið jafngóðar og þær eru nú. Samkvæmt því er þá reiknað með ca. 6400 málum á 20—39 rúml. bát, en ca. 10200 mál á báta yfir 40 rúml.

Síldveiði samkvæmt áætlunum.

	I.		II.		III.		IV.		V.	
	Tala skipa	Afli þús. mál	Tala skipa	Afli þús. mál	Tala skipa	Afli þús. mál	Tala skipa	Afli þús. mál	Tala skipa	Afli þús. mál
Vélbátar 20—39 lestir	50	320	50	320	50	320	50	320	50	320
— 40 lestir og stærri	300	3060	220	2240	360	3670	300	3060	200	2040
Alls	350	3380	270	2560	410	3990	350	3380	250	2360

Aldur fiskiskipa og endurnýjun.

Áður en tilraun er gerð til þess að áætla, hve mikið við þurfum að láta smíða fyrir áramót 1950—51 til þess að floti okkar verði af þeirri stærð, er gert er ráð fyrir í áætlununum I—V hér að framan, er nauðsynlegt að athuga, hve mörg skip, þeirra sem við nú eigum, verða nothæf um áramót 1950—51.

Við áramótin 1945—46 var yngsti togarinn í flotanum 17 ára gamall, en þeir næstyngstu 18, 20, 21 og 25 ára, einn togari á hverjum þessum aldri og allir hinir eldri. Allt eru þetta stálskip, og er talið hæfilegt að afskrifa stálskip á 20 árum, enda er langt síðan farið var að tala um togarana sem ryðkláfa. En á síðari árum hafa flestir þeirra verið gerðir vandlega upp, og hefur mikill meiri hluti af hverjum togara verið endurnýjaður, síðan hann var byggður. Er því talið, að margt togara okkar sé enn sæmilega góð skip, og ekki sýnist óeðlilegt að gera ráð fyrir, að rúmur helmingur þeirra, sem við áttum um síðustu áramót, verði enn í flotanum 1951, eða ca. 15 togarar, samtals 5000 rúmlestir. Fyrningin á þessum árum mundi þá vera 13 togarar 4383 rúmlestir.

Nýbyggingarráð hefur talið saman fiskiskip önnur en togara, sem horfið hafa úr veiðiskipaflotanum síðan 1935, eða síðustu 11 ár. Hafa þau reynzt 193, samtals 4779 rúmlestir. Auk þess eru samkvæmt sjómannaalmanakinu 1946 74 skip, sem talið er, að umbyggð hafi verið eða stækkuð frá því 1935, og eru þau 2160 rúmlestir eftir umbygginguna, og mun því ekki fjarri sanni að telja fyrningu á öðrum fiskiskipum en togurum síðastliðin 11 ár 267 skip, samtals 6939 rúmlestir, eða um 630 rúmlestir á ári. En gera verður ráð fyrir allmiklu meiri fyrningu á þessum hluta fiskiflotans á næstu árum en verið hafa síðastliðin 11 ár.

Allverulegur hluti flotans er nú á því aldursstigi, að gera verður ráð fyrir mikilli fyrningu, og svo hefur undanfarin ár verið svo lítil úrvöl að afla sér nýrra skipa, að reynt hefur verið að nota gömul skip, meðan þess er nokkur kostur, og mun því óhætt að hækka áætlaða fyrningu frá 630 rúml. á ári upp í 800—1000 rúml., eða 4—5000 rúml. alls á 5 árum.

Sé athugaður aldur skipanna eins og hann var um áramótin 1945—46, kemur í ljós, að 183 skip (önnur en togarar) eru byggð fyrir 1920 og ekki endurbyggð eftir

1) Ef tekin yrði upp hringnót í stað venjulegrar herpinótar, eða aðrar þær veiðiaðferðir, sem minni mannafla krefjast við veiðarnar, batnar mjög aðstaða hinna minni skipa, jafnvel minni skipa en 35 lesta.

1930. Rúmlestatala þessara skipa var 4877. Þetta þýðir, að ef skip, sem um áramót 1950—51 eru orðin 30 ára gömul (eða 20 ára, hafi þau verið umbyggð), séu horfin úr flotanum, þá samsvari það tæplega 5000 rúmlesta fyrningu.

Samkvæmt þessu má því búast við, að fyrning þess fiskiflota, sem við áttum um áramót, verði sem næst því, sem hér segir:

13 togarar	4383	rúmlestir
183 önnur skip	4872	—
Samtals	9255	rúmlestir

Ef hinn starfandi fiskifloti, skip 12 rúmlestir og stærri, við áramótin 1945—46 er talinn 23211 rúmlestir, ætti að verða eftir af honum í ársbyrjun 1950 14639 rúmlestir, þ. e. togarar 5000 rúml. og önnur skip 9639 rúmlestir.

Niðurstaðan af þessu er þá sú, að um áramót 1950—51 ættu eftirfarandi skip og bátar af þeim, sem skráð voru um áramót 1945—46, að vera nothæf:

96 skip 12—19 rúmlestir	samtals	1473	rúml.
88 skip 20—39 rúmlestir	—	2234	—
73 skip meir en 40 rúmlestir	—	5932	—
15 togarar	—	5000	—
352 skip	Alls	14639	rúml.

Þykir rétt að gera ráð fyrir, að þessi skip verði ófyrnd í ársbyrjun 1951 og megi draga þau frá þeim flota, sem við teljum okkur hæfilegt að eiga þá, þegar við reiknum, hvað við þurfum að auka flotann næstu 5 ár.

Hve mikið þarf að auka flotann?

Samkvæmt áætlun þeirri um fyrningu fiskiflotans á næstu árum, sem getið var í kaflanum hér að framan, var gert ráð fyrir, að eftir yrði í ársbyrjun 1951 af þeim flota, sem skrásettur er í ársbyrjun 1946, sem hér segir, og er þó bátum minni en 20 rúml. sleppt, þar sem engin hinna 5 áætlana gerir ráð fyrir neinni viðbót af þeirri stærð.

Áætlaðar leifar gamla flotans í ársbyrjun 1951.	Tala	Rúml.
Vélbátar 20—39 rúmlestir	88	2234
— 40 rúmlestir og stærri	73	5932
Alls	161	8266
Togarar	15	5000
Samtals	176	13266

Til þess að fiskiflotinn nái þeirri stærð árið 1950, sem gert er ráð fyrir í þeim áætlunum (I-IV), sem hér að framan hafa verið birtar, þarf að bæta við hann á næstu fimm árum svo sem eftirfarandi yfirlit sýnir:

Nauðsynleg viðbót árin 1945—1950 til þess að ná áætlun.

	Áætlun I.		Áætlun II.		Áætlun III.		Áætlun IV.		Áætlun V.	
	Tala	Rúml.	Tala	Rúml.	Tala	Rúml.	Tala	Rúml.	Tala	Rúml.
Vélbátar 35 tonna	60	2100	60	2100	60	2100	60	2100	75	2625
— yfir 40 tonn	225	14625	145	9425	285	18525	225	14625	125	8125
Vélbátar alls	285	16725	205	11525	345	20625	285	16725	200	10750
Togarar ca. 320—520 tonn	40	19760	60	25200	60	25200	75	30000	75	30000
Viðbót alls	325	36485	265	36725	405	45825	360	46725	275	40750

Af þessari viðbót er þegar fullvíst, að bætast muni við á næstu árum sem eftirfarandi yfirlit sýnir:

	Tala	Rúmlestir
Vélbátar ca. 35 tn.	28	971
— 40—59 tn.	36	1838
— 60—80 tn.	58	4281
Samtals	122	7090
Togarar ca. 520 tn.	30	15600
Alls	152	22690

Af bátum þeim, sem hér eru taldir, eru margir þegar komnir til landsins eða fullsmíðaðir innanlands. Á árinu 1945 bættust samtals 18 skip og 1184 rúml. við flotann af skipum, sem komust á skipaskrá 1946. Þessi skip eru talin með í eftirstöðvum hins skrásetta flota og reiknast því ekki með í þeim flota, sem þegar er kominn til viðbótar.

Á eftirfarandi yfirliti sést, hversu mikið þarf að bæta við flotann umfram það, sem þegar er vitað, að muni bætast við hann, til að uppfylla hinar áðurnefndu áætlanir (I—V).

Viðbót árin 1947—1950 umfram þegar ákveðna viðbót.

	Áætlun I.		Áætlun II.		Áætlun III.		Áætlun IV.		Áætlun V.	
	Tala	Smál.	Tala	Smál.	Tala	Smál.	Tala	Smál.	Tala	Smál.
Vélbátar ca. 35 tn.	32	1129	32	1129	32	1129	32	1129	47	1634
— yfir 40 tonn	131	8506	51	3306	191	12406	131	8506	31	2006
Vélbátar alls	163	9635	83	4435	223	13535	163	9635	78	3660
Togarar 320—520 tn.	13	4160	30	9600	30	9600	45	14400	45	14400
Viðbót alls	176	13795	113	14035	253	23135	208	24035	123	18060

Hlutfallslega vantar til uppfyllingar áætlunum sem segir í eftirfarandi yfirliti, miðað við tölu skipa:

	Áætl. I.	Áætl. II.	Áætl. III.	Áætl. IV.	Áætl. V.
Vélbátar ca. 35 tn.	53%	53%	53%	53%	63%
Vélbátar yfir 40 tn.	58%	35%	67%	58%	25%
Vélbátar alls	57%	40%	65%	57%	39%
Togarar	33%	50%	50%	60%	60%

Kostnaður við aukninguna.

Þau fiskiskip, sem bætzt hafa við íslenzka flotann síðan í ársbyrjun 1945, ásamt þeim skipum, sem nú þegar er búið að ákveða kaup eða smíði á og bætast munu við flotann á þessu og næsta ári, munu eftir því sem næst verður komizt, kosta nú í erlendum gjaldeyri sem eftirfarandi yfirlit sýnir:

	Tala	Smál.	Gjaldeyrir millj. kr.
Bátar í smíðum í Svíþjóð	50	3550	27.0
Bátar frá Danmörku	18	1020	5.6
Bátar, aðrir, erlendis frá	19	1385	5.8
Vélbátar erl. frá samtals	87	5955	38.4
Vélbátar smíðaðir innanlands	53	2361	12.3
Vélbátar alls	140	8316	50.7
Togarar	30	15600	90.0
Samtals	170	23916	140.7

Ekki mun allur þessi kostnaður falla undir nýbyggingarreikning, þannig munu sænsku bátarnir ekki verða greiddir af honum, nema þá að nokkru leyti, og engar slíkar greiðslur hafa farið fram enn. Ekki er heldur nema nokkur hluti þess erlenda gjaldeyris, sem fer til bátasmíða innanlands, sem koma mun á nýbyggingarreikning. Á hinn bóginn hefur hér verið gengið út frá þeim kostnaði, sem nú er vitað um, en hann mun geta hækkað nokkuð. Varla mun þó ástæða til að ætla, að það geti orðið öllu meira en ca. 10 millj. kr. Mundi þá kostnaðurinn við þessa aukningu fiskiflotans, sem þegar er ákveðinn, nema um það bil 150 millj. kr.

Þá er rétt að gera sér grein fyrir, hve mikið sú viðbót við fiskiflotann mundi kosta, sem vantar til uppfyllingar áðurnefndra áætlana, umfram það, sem þegar hefur verið keypt. Um þetta atriði hljóta allar ágizkanir að vera í meira lagi óvissar. Það eina, sem hægt er að fara eftir, er það verð, sem verið hefur á þeim flota, sem þegar hefur verið keyptur, og er þó hvergi nærri víst, hvað það verður. Hér hefur verið reiknað með, að verð togaranna verði 6000 kr. á tonnið. Er það heldur meira en verðið á tonn er á þeim 30 togurum, sem þegar hafa verið keyptir, en það er um 5800 kr. Ástæða er til að áætla verðið á þeim minni togurum, sem hér er reiknað með í áætlununum eitthvað hærra á tonn en á hinum stærri togurum, sem þegar hafa verið keyptir, þar sem reyndin er sú, að tonnið verður alltaf dýrara í minni skipum. Af þeim ástæðum hefur verið reiknað með 6000 kr. verði á tonnið. Hvað vélbátunum viðvíkur, þá er verð þeirra báta, sem keyptir hafa verið erlendis, ákaflega misjafnt. Þannig er verð 35 tn. báta keyptra í Danmörku nálægt því að vera 6600 kr. á tn., en 65 tn. báta keyptra þar 5800 kr. Svíþjóðarbátarnir verða allmiklu dýrari, eða að því sem nú verður komizt næst, 9000 kr. á tonnið fyrir 50 tonna báta og 7500 fyrir 80 tn. báta. Hér hefur verið reiknað með, að verð báta 40 smál. og stærri, sem keyptir eru erlendis, verði að meðaltali 7000 kr., en það mun láta nærri, að það hafi verið meðalverð þeirra báta, sem keyptir hafa verið hingað til. Í samræmi við þetta hefur verið reiknað með nokkru hærra verði á smálest fyrir 35 tn. báta keypta erlendis, eða 8000 kr., enda þótt engir bátar hafi verið keyptir erlendis frá af þessari stærð við því verði. Verð á bátum smíðuðum innanlands hefur verið áætlað 10000 kr. á smálest fyrir báta yfir 40 tn. og 11000 kr. á 35 tn. báta, en það mun láta nærri, að þeir bátar, sem nú eru smíðaðir innanlands kosti, er þessu nemur á hverja smálest. Enn fremur hefur verið reiknað með, að helmingurinn af þessum kostnaði sé bein erlend gjaldeyrisnotkun, en það eru efniskaup og sá hluti flutningskostnaðar og vátryggingar, sem gera má ráð fyrir, að greiðist í erlendum gjaldeyri. Þetta er vitaskuld mjög óvíst, en þó það, sem næst verður komizt eftir þeim kostnaðaráætlunum, sem fyrir liggja.

Ef gert er ráð fyrir, að öll sú viðbót flotans, sem þarf til að uppfylla áætlanirnar, sé byggð erlendis, verður kostnaðurinn og þá um leið gjaldeyrisnotkunin eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Áætluð gjaldeyrisnotkun til þess að uppfylla áætlanirnar, ef viðbótin er öll byggð erlendis.

	Áætl. I. millj. kr.	Áætl. II. millj. kr.	Áætl. III. millj. kr.	Áætl. IV. millj. kr.	Áætl. V. millj. kr.
Vélbátar ca. 35 tn.	9.0	9.0	9.0	9.0	13.2
— yfir 40 tn.	59.5	23.1	86.8	59.5	14.0
Vélbátar samtals	68.5	32.1	95.8	68.5	27.2
Togarar	25.0	57.6	57.6	86.4	86.4
Alls	93.5	89.7	153.4	154.9	113.6

Það má ganga að því vísu, að töluverður hluti þeirra vélbáta, er bætast flotanum á næstu árum, verði byggður innanlands. Ef gert er ráð fyrir, að umfram það,

sem nú er í byggingum innanlands, verði byggðar 4000 smálestir hér á næstu fimm árum, en öllu meira virðist ósennilegt, að hægt yrði að byggja, eftir því sem afkastageta skipasmíðastöðva er hér nú, yrði kostnaðurinn við byggingu þeirrar viðbótar, sem vantar til fyllingar áætlananna, eins og eftirfarandi yfirlit sýnir. Er þá gert ráð fyrir, að allir 35 smál. bátarnir verði byggðir innanlands og af stærri bátunum það, sem á vantar 4000 smálestirnar.

Áætlaður heildarkostnaður við að uppfylla áætlanirnar, ef 4000 tonn eru byggð innanlands.

	Áætl. I. millj. kr.	Áætl. II. millj. kr.	Áætl. III. millj. kr.	Áætl. IV. millj. kr.	Áætl. V. millj. kr.
Vélbátar ca. 35 tn.	12.4	12.4	12.4	12.4	18.2
— yfir 40 tn.	62.2	31.8	95.5	68.2	20.1
Vélbátar samtals	80.6	44.2	107.9	80.6	38.3
Togarar	25.0	57.6	57.6	86.4	86.4
Alls	105.6	101.8	165.5	167.0	124.7

Samkvæmt þessum forsendum verða vélbátarnir um það bil 12 millj. kr. dýrari samtals með því að láta smíða 4000 tonn af þeim innanlands en ef þeir væru allir smíðaðir erlendis.

Gjaldeyrisnotkunin mundi með þessum sömu forsendum og með því að reiknað sé með, að helmingur verðs báta smíðaðra innanlands sé bein notkun erlends gjaldeyris, verða sem hér segir:

Áætluð gjaldeyrisnotkun við að uppfylla áætlanirnar, ef 4000 tonn eru byggð innanlands.

	Áætl. I. 1000 kr.	Áætl. II. 1000 kr.	Áætl. III. 1000 kr.	Áætl. IV. 1000 kr.	Áætl. V. 1000 kr.
Vélbátar ca. 35 tn.	6200	6200	6200	6200	9100
— yfir 40 tn.	53800	17400	81100	53800	10000
Vélbátar samtals	60000	23600	87300	60000	19100
Togarar	25000	57600	57600	86400	86400
Alls	85 000	81200	144900	146400	105500

Samkvæmt þeim að mörgu leyti mjög vafasömu forsendum, sem hér hefur verið reiknað með, verður gjaldeyrissparnaðurinn við að byggja 4000 smálestir af vélbátum innanlands 8—9 millj. kr.

Ef gengið er út frá þeim forsendum, sem sennilegastar virðast, þ. e. að verulegur hluti, ca. 4000 tonn, af vélbátum verði smíðaður innanlands, verður sá erlendi gjaldeyrir, sem þarf til þess að uppfylla þessar áætlanir, 80—85 millj. kr. samkvæmt áætlunum I og II, ca. 145 millj. kr. samkvæmt áætlunum III og IV og um 105 millj. kr. samkvæmt áætlun V.

Notkun erlends gjaldeyris.

Þá er rétt að gera sér grein fyrir, hve miklu fjármagni íslenzka þjóðin hefur yfir að ráða í erlendum gjaldeyri nú og á næstu árum til þessarar viðbótar við flotann.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar var ákveðið að leggja 300 millj. kr. af hinum erlendu innstæðum á sérstakan reikning, nýbyggingarreikning, er verja skyldi til kaupa á framleiðslutækjum. Af þessum 300 millj. kr. var gert ráð fyrir, að 200 millj. kr. yrði varið til kaupa á fiski- og flutningaskipum, vélum í báta og skip o. þ. u. l. Af þessum 200 millj. kr. var hinn 1. apríl 1946 búið að veita gjaldeyrisleyfi fyrir 162.1 millj. kr., er skiptist þannig niður:

Flutningaskip og önnur skip en fiskiskip	55.6	millj. kr.
Togarar	76.9	— —
Fiskiskip 35—200 smálestir	17.1	— —
Efni til skipasmíða	4.1	— —
Bátavélar og varahlutir	8.3	— —
Alls	162.1	millj. kr.

Af þessum leyfum er þó nokkuð, sem vitað er, að ekki muni verða notað. Eru það nær eingöngu leyfi til fiskiskipa, samtals um það bil 4.9 millj. kr. Munu því hafa verið eftir óráðstafað hinn 1. apríl 1946 af hinum 200 millj. kr. á nýbyggingarreikningi, er verja átti til skipakaupa, um 43 millj. kr. En nú (1. nóv. 1946) má segja, að ekkert sé eftir af þessu, og stafar það bæði af verðhækkunum á togurunum og af nýjum leyfisveitingum.

Samkvæmt þessu verður því að telja, að ekkert sé eftir til ráðstöfunar af hinum upprunalegu 200 milljónum króna, sem lagðar voru á nýbyggingarreikning.

Samkvæmt lögum, sem samþykkt voru á haustþinginu 1945, skal leggja sem svarar 15% af útflutningsverðmæti hvers árs á nýbyggingarreikning. Ráðið er þeirrar skoðunar, að þessi 15% nægi aðeins til árlegs innflutnings á þeim tækjum, öðrum en skipum, er greiða skal af nýbyggingarreikningi, enda samsvara þau hlutfallstölu framleiðslutækja af innflutningi áranna fram til 1939. Það er því ljóst, að ef gjaldeyrir á að vera fyrir hendi til þess að halda áfram hinni fyrirhuguðu aukningu flotans, þá verður að auka þessa hundraðstölu mjög verulega. Ráðið er þeirrar skoðunar, að leggja þyrfti á nýbyggingarreikning 10% af andvirði útflutnings hvers árs til viðbótar, eða alls 25%.

Ef reiknað er með 300 millj. kr. árlegum útflutningi á næstu árum, mundi þannig vera til ráðstöfunar til hinnar eiginlegu nýsköpunar skipastólsins, að eðlilegri endurnýjun og viðhaldi ekki meðtöldu, alls 150 millj. kr. miðað við næstu fimm ár.

Sú viðbót, sem þegar hefur verið ákveðin á farflotanum, er álíka mikil og ráð var fyrir gert, að mundi þurfa í áætlun nýbyggingarráðs um flutningaflotann. Þessi viðbót er svo rífleg, að engin ástæða er til að reikna með, að nokkur veruleg viðbót verði við flutningaskipaflotann umfram þetta á næstu fimm árum. Er það ábyggilega mjög ríflega áætlað, ef reiknað er með 20 millj. kr. til kaupa á flutningaskipum umfram það, sem þegar hefur verið ákveðið. Eftir verða þá um 130 millj. kr. Nægir þetta til að uppfylla allar áætlanirnar og meira en það.

Samkvæmt þessu er það því sýnilegt, að skortur á erlendum gjaldeyri getur ekki hindrað framkvæmd þeirra áætlana um aukningu fiskiflotans, sem hér hefur verið gert ráð fyrir, ef þær forsendur, sem gengið hefur verið út frá, eru nokkurn veginn í samræmi við veruleikann.

Um þessar forsendur er það að segja, að allar kostnaðaráætlanir eru það háar, að ósennilegt virðist, að kostnaðurinn geti orðið öllu meiri. Sú forsenda, sem einna mests tvímælis getur orkað, er, að útflutningur landsins verði að meðaltali 300 millj. kr. á ári næstu fimm ár. Útflutningur ársins 1945 var um það bil 270 millj. kr. Ef þetta ár hefði verið sæmilegt síldarár, hefði hann orðið talsvert á fjórða hundrað millj. kr. Ekki er ósennilegt, að talsvert verðfall geti orðið á afurðum okkar, sérstaklega sumum, eins og ísfisknum. Hins vegar virðist allt benda til, að gífurleg eftirspurn muni verða á mörgum afurðanna á næstu árum, eins og t. d. síldarafurðum og lýsi, og því varla ástæða til að gera ráð fyrir miklu verðfalli á þeim. Hitt mundi einnig vega á móti, að fiskifloti okkar fer stöðugt vaxandi og fiskiðnaður ýmiss konar ris á fót, svo að framleiðslan eykst stöðugt bæði að magni og verðmæti. Sömuleiðis er sennilegt, að samfara verðfalli á útflutningsafurðum okkar verði einnig verðfall á innfluttum vörum, þótt ekki sé líklegt, að það verði eins mikið. Vegur þetta einnig á móti. Hins vegar geta og alltaf komið aflaleysisár, sem hrófla öllum áætlunum. Að þessu athuguðu virðist það alls ekki vera svo óvarlega áætlað að gera ráð

fyrir um 300 millj. kr. útflutningi að meðaltali næstu fimm árin, og ekki virðist ósennilegt, að um allmiklu hærri upphæð geti verið að ræða.

Mannafli flotans.

Hér skal tilraun gerð til að gera sér grein fyrir, hve mikinn mannafla muni þurfa á fiskiskipaflotann með þeirri aukningu, sem ráðgerð er í áætlununum hér að framan, og með þeirri aukningu, sem þegar er ákveðin. Ýmsir erfiðleikar eru á þessu, og þá fyrst og fremst þeir, hve mikill mismunur er á mannaflaþörfinni eftir því, hvaða veiðiaðferðir eru notaðar, og hve þær talnalegu heimildir, sem til eru, eru litlar, óhentugar og óáreiðanlegar.

Togararnir.

Skulu þá togararnir fyrst teknir til athugunar. Sem stendur er 26—30 manna áhöfn á togurunum við veiðar, allt eftir stærð þeirra, að meðaltali 28 menn. Af þeim siglir þó aðeins um það bil helmingurinn, eða 13 menn, til Englands. Gera verður ráð fyrir, að nokkru fleiri menn muni þurfa á þá nýju togara, sem eru allmiklu stærri en hér hafa áður tíðkazt, 520 smál. skipin, eða á að gizka 35 menn á ísfiskveiðar. Á saltfiskveiðum þarf talsvert stærri áhöfn, þar sem meira er þá gert að fiskinum um borð. Gera verður þar ráð fyrir 36 mönnum á minni togara, og 40 á þá stærri. Mannafli á togaraflotann samkvæmt hinum ýmsu áætlunum verður þá með þessum forsendum sem hér segir:

Mannafli á togaraflotann	Áætl. I.	Áætl. II.	Áætl. III.	Áætl. IV.	Áætl. V.
Á ísfiskveiðum	1830	2310	2310	2730	2730
Á saltfiskveiðum	2210	2820	2820	3360	3360

Áætlun I samsvarar þeim togaraflota, sem mundi verða hér á landi, ef öllum gömlu togurunum yrði haldið við, en engir nýir keyptir um fram þá, sem þegar hafa verið keyptir. Sú aukning mannafla, sem þar er gert ráð fyrir, er því nokkurn veginn sú aukning, sem gera verður ráð fyrir vegna þeirra ráðstafana, sem þegar hafa verið gerðar. Í ársbyrjun 1946 voru á landinu 28 togarar með um það bil 800 mönnum samtals. Sú viðbót, sem þarf umfram þetta til að uppfylla áætlanirnar, sést á eftirfarandi yfirliti.

Mannaflaaukning á togaraflotanum	Áætl. I.	Áætl. II.	Áætl. III.	Áætl. IV.	Áætl. V
Á ísfiskveiðum	1030	1510	1510	1930	1930
Á saltfiskveiðum	1410	2020	2020	2560	2560

Samkvæmt þessu verður að reikna með um það bil 1000 manna viðbót á togaraflotann eins og hann verður, þegar hinir nýju togarar bætast við, ef ekki heltist úr lestinni af þeim gömlu. Þetta er miðað við ísfiskveiðar. Á saltfiskveiðum verður að reikna með 400 mönnum til viðbótar. Þetta er sú áætlun, sem minnsts mannafla krefst á togaraflotann. Samkvæmt þeim hæstu, IV—V, þarf um 1900 menn til viðbótar á ísfiskveiðar og 2600 á saltfiskveiðar.

Togaraútgerð hér á landi náði hámarki sínu árið 1928. Þá voru gerðir hér út 47 togarar, og samkvæmt fiskiskýrslunum voru áhafnir þeirra samtals um það bil 1200 manns. Þessi tala mun vera eins konar meðaltala fyrir skipverjatölu á árinu. Það mun því láta nærri, að sá mannafli, sem gert er ráð fyrir í áætlun I, sé um 800 mönnum meiri en mest hefur hér verið sjómanna á togurum. Vegna þess, hve skipin í þessum áætlaða flota eru að meðaltali miklu stærri en í flotanum 1928, er aukning mannaflans hlutfallslega svo miklu meiri en aukning skipatölunnar. Þessi aukning um 800 menn er ca. 67%, eða allmiklu meiri en aukning íbúatölu landsins á sama tíma, sem mun vera nálægt 25% frá 1928 til ársloka 1946.

Vélbátarnir.

Hér skal gerð tilraun til að áætla, hve mikinn mannafla þurfi á vélbátaflotann yfir 12 smál., sé hann allur gerður út í einu á þorskveiðar. Mundi þetta nokkurn

veginn svara til þess mannafla, er þyrfti á vetrarvertíð, en þá mun yfirleitt verða að reikna með, að flestallir bátar af þessari stærð séu gerðir út, ef um nokkra verulega útgerð á þeim er að ræða.

Hér skal fyrst gengið út frá þeirri óraunhæfu forsendu, að allir bátarnir séu gerðir út á línuveiðar.

Tala þeirra, er vinna við vélbáta á línuveiðum bæði á sjó og landi, er lítið breytileg eftir stærð bátanna. Úr því að báturinn er yfir 12 smál. þarf um það bil 11—12 menn, 5 á sjó og 6—7 á landi. Á stærri línuveiðaskipum, sem ekki flytja afla sinn í land daglega, er talan svipuð, nema hvað þar eru hlutfallslega fleiri á sjó.

Samkvæmt þessu verður mannaflaþörfin á vélbátana, séu þeir allir gerðir út á línuveiðar, sem eftirfarandi yfirlit sýnir:

Mannaflaþörf á vélbáta á vetrarvertíð 1951.

	Tala báta	Sjómenn	Landmenn	Menn samtals
Áætlun I	550	2750	3850	6600
Áætlun II	470	2350	3290	5640
Áætlun III	610	3050	4270	7320
Áætlun IV	550	2750	3850	6600
Áætlun V	460	2300	3220	5520

Samkvæmt því, sem næst verður komizt, munu á að gizka 302 bátar yfir 12 smál. hafa verið gerðir út á vetrarvertíð 1946. Þar við bætast 41 skip, sem voru í flutningum, aðallega ísfiskflutningum. Sá nýi vélbátafloti, sem þegar er búið að leggja drög að, mun vera 122 skip, og má búast við, að flestöll þeirra verði komin hingað fyrir vetrarvertíð 1947. Með því að gera ráð fyrir eins og áður, að allur þessi floti verði á línuveiðum, fæst mannaflaþörfin á sama hátt og áður. Er þá ekki gert ráð fyrir neinni fyrningu á gamla flotanum til þess tíma. Þessi mannafli sést í eftirfarandi yfirliti. Þar sést einnig áætlaður mannafli á flotann eins og hann var á vetrarvertíð 1946, með því að reikna með öllum bátum á línuveiðum og með því, að 10 manna áhöfn sé að meðaltali á fiskflutningaskipum.

	Tala báta	Sjómenn	Landmenn	Menn alls
Vetrarvertíð 1946	343	1920	2110	4030
Vetrarvertíð 1947, áætluð	465	2330	3250	5580

Sú viðbót mannafla, sem nauðsynleg verður samkvæmt þessum forsendum, umfram þann, sem nú stundar atvinnu við vélbáta samkvæmt hinum ýmsu áætlunum, og þeim vélbátaflota, sem gert er ráð fyrir á vetrarvertíð 1947, sést í eftirfarandi yfirliti:

	Aukning báta	Aukning sjómanna	Aukning landmanna	Aukning samtals
Áætl. vetrarvertíð 1947	122	410	1140	1550
Áætl. I vetrarvertíð 1951	207	830	1740	2570
— II — —	127	430	1180	1610
— III — —	267	1130	2160	3290
— IV — —	207	830	1740	2570
— V — —	117	380	1110	1490

Skiptingin milli landmanna og sjómanna er hér mjög af handahófi gerð og útkoman beinlínis röng, hvað það snertir, þar sem reiknað hefur verið með 5 mönnum á sjó og 7 í landi á öllum bátastærðum, en á stærri bátum eykst tala sjómanna, og tala landmanna minnkar að sama skapi.

Samkvæmt þeim niðurstöðum, sem fást með þessum forsendum, sem áður hefur verið getið, þarf um það bil 1500—1600 menn til viðbótar við mannafla vélbátaflotans, þegar sú viðbót við flotann, sem þegar hefur verið ákveðin, kemur, þar af rúmlega 400 sjómenn og um 1100 landmenn. Þessi útkoma er önnur en fengist með því

að reikna beint með 12 mönnum, 5 á sjó og 7 í landi, á bátaviðbótina, vegna þess að fyrir vetrarvertíðina 1946 var reiknað með 10 sjómönnum á flutningaskipin, en engum á landi, en í öllum hinum áætlununum er gert ráð fyrir öllum skipum á línuveiðum með 5 menn á sjó og 7 á landi. Allir þessir útreikningar eru því ónákvæmir, og forsendurnar, sem þeir byggja á, að nokkru leyti óraunhæfar.

Sú viðbót, sem þarf samkvæmt áætlunum II og V, er mjög svipuð viðbótinni, sem þurfti til vetrarvertíðar 1947. Samkvæmt hinum áætlununum er viðbótin meiri, eða 2500—2600 samkvæmt áætlun I og IV, þar af rúml. 800 sjómenn, og um 3300 samkvæmt áætlun III, þar af rúml. 1100 sjómenn.

Mismunurinn á mannafla samkvæmt áætluninni fyrir vetrarvertíð 1947 og áætlunum fyrir vetrarvertíð 1951 sést á eftirfarandi yfirliti:

Aukning 1947—1951	Mismunur báta	Mismunur sjóm.	Mismunur landm.	Mismunur samtals
Áætlun I	85	420	600	1020
Áætlun II	5	20	40	60
Áætlun III	145	720	1020	1740
Áætlun IV	85	420	600	1020
Áætlun V	÷ 5	÷ 30	÷ 30	÷ 60

Í tímaritinu Ægi er á hverju ári birt yfirlit yfir tölu fiskiskipa og fiskimanna í hverjum mánuði. Ef reiknað er þar út fyrir árin 1943 og 1944 meðaltal skipverja á mótorbátum yfir 12 rúml. og línugufuskipum í mánuðunum janúar til júní, kemur í ljós, að þar er um allmiklu lægri tölu að ræða en hér hefur verið reiknað með. Með skipverjum eru þar einnig taldir landmenn. Meðaltal þetta sést af eftirfarandi yfirliti:

Ár	Jan.	Febr.	Marz	Apríl	Maí	Júní
1943	8.1	9.0	9.0	9.3	9.0	6.8
1944	10.5	8.6	9.8	9.6	8.9	7.1

Ástæðan fyrir því, að þessar tölur liggja þetta mikið fyrir neðan 12, er í fyrsta lagi sú, að ekki eru allir bátarnir á línuveiðum, heldur þó nokkrir á dragnóta- eða botnvörpuveiðum. Bátar á botnvörpuveiðum munu hafa verið um 50, þegar þeir voru flestir í maímánuði 1944. Er það svipuð tala og gert var ráð fyrir á vetrarvertíð 1946. Dragnótabátarnir voru einnig um 50 í maímánuði 1944, en einhverjir þeirra munu hafa verið undir 12 lestum. Annars er veiði á dragnótabáta mest yfir sumarmánuðina. Á botnvörpuveiðum er skipshöfnin frá 5—9 manns eftir stærð bátsins, og á dragnótaveiðum 4—5 manns, en landmenn engir. Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir 100 bátum á þessum veiðum með að meðaltali 5 manna skipshöfn, er það ekki nóg til að skýra, hve meðaltölin í Ægi liggja langt fyrir neðan 12. Sé landmannatölunni sem verið hefði, ef þessir bátar hefðu verið á línuveiðum, þ. e. a. s. 700 mönnum, bætt við skipverjafjöldann, verður meðaltalið samt ekki nema 10.9 fyrir maímánuð 1944. Hér kemur því fleira til greina. Mun það aðallega vera það, að landmenn séu ekki að fullu framtaldir í gögnum Fiskifélagsins. Sérstaklega í sumum landshlutum er þessi vinna (beitingar) að talsverðu leyti stunduð af konum, unglingum og börnum, sem þá eru ekki ráðin upp á hlut og ekki talin með í skýrslunum til Fiskifélagsins.

Til þess að forðast þá skekkju, sem kemur af því að gera ráð fyrir öllum flotanum á línuveiðum, mun hér verða gerður annar útreikningur, þar sem reiknað er með 10 mönnum við hvert skip. Þessi tala liggur nálægt meðaltali Fiskifélagsins, og þær niðurstöður, sem fást með henni, eru því raunverulega byggðar á þeim forsendum, að svipuð hlutfallstala flotans verði á botnvörpu- og dragnótaveiðum og var 1944 og að svipuð hlutfallstala landmanna verði ekki fullgildur vinnukraftur og teljist ekki með.

Niðurstöður þessara reikninga sjást í eftirfarandi yfirliti, og hefur þar verið reiknað með 5 mönnum á sjó að meðaltali á bát, en það er alger lágmarkstala, og þá 5 mönnum á landi.

	Tala báta	Sjómenn	Landmenn	Samtals
Vetrarvertíð 1946	343	1715	1715	3430
Áætlun, vetrarvertíð 1947	465	2325	2325	4650
Áætlun I vetrarvertíð 1951	550	2750	2750	5500
— II — —	470	2350	2350	4700
— III — —	610	3050	3050	6100
— IV — —	550	2750	2750	5500
— V — —	460	2300	2300	4600

Tala sjómanna verður hér sú sama og í útreikningunum hér að framan, þar sem forsendurnar eru þær sömu, hvað þá snertir. Minnkunin kemur öll fram á landmönnum. Mismunurinn á útkomu þessara tveggja reikningsaðferða er sem hér segir:

	Mismunur
Vetrarvertíð 1946	600
Áætlun, vetrarvertíð 1947	930
Áætlun I vetrarvertíð 1951	1100
— II — —	940
— III — —	1220
— IV — —	1100
— V — —	920

Sú viðbót, sem samkvæmt þessum útreikningi þarf fram yfir þann mannafla, sem gert var ráð fyrir á vetrarvertíð 1946 samkvæmt hinum ýmsu áætlunum, sést í eftirfarandi yfirliti:

	Aukning báta	Aukning sjóm.	Aukning landm.	Aukning alls
Áætlun vetrarvertíð 1947	122	610	610	1220
Áætlun I vetrarvertíð 1951	207	1035	1635	2070
— II — —	127	635	635	1270
— III — —	267	1335	1335	2670
— IV — —	207	1035	1035	2070
— V — —	117	585	585	1170

Samkvæmt þessu er sú aukning mannafla, sem þarf á vélbátaflotann, um það bil 1200 menn samkv. áætlun fyrir vetrarvertíð 1947 og áætlunum II og V, þar af um 600 sjómenn. Samkvæmt áætlun I og IV er þessi aukning 2000—2100 menn, þar af rúmlega 1000 sjómenn. Samkvæmt hæstu áætluninni, áætlun III, er hún 2600—2700, þar af rúmlega 1300 sjómenn.

Niðurstöður þessa síðari útreiknings eru hvað aukninguna snertir því um það bil 300—400 mönnum lægri en fyrri útreikningurinn fyrir áætlunina fyrir vetrarvertíð 1947 og áætlanir II og V, um það bil 500 mönnum lægri fyrir áætlanir I og IV og 600—700 mönnum lægri fyrir áætlun III. Forsendur þær, sem liggja til grundvallar þessum síðari útreikningi, verða að teljast raunhæfari en fyrri forsendurnar.

Sé gengið út frá þessum síðari útreikningi og tala allra þeirra, er beint vinna við fiskiflotann, bæði á togurum og vélbátum samkvæmt hinum ýmsu áætlunum reiknuð út, fást þær niðurstöður, er sjást í eftirfarandi yfirliti, er þá reiknað með öllum togurunum á ísfiskveiðum.

	Vetrar-vertíð '46	Áætluð vetrar-vert. '47	Vetrarvertíð 1951 Áætl. I.	Áætl. II.	Áætl. III.	Áætl. IV.	Áætl. V.
Sjómenn á togara	800	1830	1830	2310	2310	2730	2730
Sjómenn á vélb.	1715	2325	2750	2350	3050	2750	2300
Sjómenn samtals	2515	4155	4580	4660	5360	5480	5030
Landmenn á vélb.	1715	2325	2750	2350	3050	2750	2300
Alls	4230	6480	7330	7010	8410	8230	7330

Sú aukning, sem nauðsynleg verður samkvæmt hinum ýmsu áætlunum frá því, sem nú er á fiskiflotanum, sést á eftirfarandi yfirliti:

	Áætluð vetrar-vert. '47	Vetrarvertíð 1951 Áætl. I.	Áætl. II.	Áætl. III.	Áætl. IV.	Áætl. V.
Sjómenn á togara	1030	1030	1510	1510	1930	1930
Sjómenn á vélb.	610	1035	635	1335	1035	585
Sjómenn samtals	1640	2065	2145	2845	2965	2515
Landmenn á vélb.	610	1035	635	1335	1035	585
Alls	2250	3100	2780	4180	4000	3100

Samkvæmt þessu verður að gera ráð fyrir, að um 2200—2300 menn þurfi til viðbótar á fiskiskipaflotann yfir 12 rúml., þegar hin nýju skip, sem þegar hefur verið fest kaup á, bætast við. Samkvæmt hinum ýmsu áætlunum fyrir vetrarvertíð 1951 er viðbótin enn meiri, eða 2800 samkv. áætlun II, 3100 samkvæmt áætlunum I og V, 4000 samkv. áætlun IV og 4200 samkv. áætlun III, sem er sú mannaflafrekasta. Hér hefur verið reiknað með öllum togurunum á ísfiskveiðum. Sé hins vegar reiknað með þeim öllum á saltfiskveiðum, verður enn að bæta við um það bil 400 mönnum fyrir vetrarvertíð 1947 og fyrir vetrarvertíð 1951 samkvæmt áætlun I, 500 mönnum samkvæmt áætlun II og III. Þá verður mannaflaþörfin samtals sem hér segir:

	Áætl. vetrar-vert. '47	Vetrarvertíð 1951 Áætl. I.	Áætl. II.	Áætl. III.	Áætl. IV.	Áætl. V.
Mannafli samtals	2650	3500	3300	4700	4600	3700

Mannafli á síldveiðum.

Þær áætlanir, sem gerðar hafa verið hér að framan, hafa allar verið miðaðar við þorskveiðarnar. Hér skal gerð tilraun til að áætla, hve mikinn mannafla muni þurfa til síldveiðanna. Er þá gengið út frá því, að mannaflaþörf togaranna sé óbreytt á þeim tíma árs, sem síldveiðar eru stundaðar. Þeir séu annaðhvort ekki á slíkum veiðum eða að því leyti, sem þeir eru það, sé mannaflaþörf þeirra óbreytt, sem mun láta nærri. Eru því vélbátarnir einir teknir til athugunar. Gert er ráð fyrir, að allir vélbátar 40 smál. og þar yfir stundi síldveiði með herpinót, og ⅓ báta 20—39 smál., en engir minni bátar. Þetta er byggt á reynslu undanfarinna ára. Af ca. 116 ekki ónýtum skipum 40 smál. og þar yfir, sem eru á skipaskrá 1946, hafa 103 skip verið gerð út á síld sumarið 1945, en af þessum 116 skipum munu um það bil 9 ekki hafa verið komin til landsins eða fullsmíðuð fyrir síldarvertíð. Lætur því nærri, að öll skip 40 smál. og þar yfir hafi verið gerð út á síldveiðar þetta ár. Af ca. 122 skipum í stærðarflokknum 20—39 smál., sem teljast verða í sæmilegu ásigkomulagi og eru á skipaskrá 1946, hafa um það bil 33 verið gerð út á síld sumarið 1945, eða um það bil ¼. Þar sem hin nýju skip, sem bætast við í þessum stærðarflokki, eru að meðaltali nokkru stærri en þau, sem fyrir eru, þykir rétt að áætla þetta nokkru hærra, eða ⅓ í stað ¼.

Hér hefur þó ekki verið reiknað með neinum tví- eða þrílembingum.

Samkvæmt tölum þeim, sem birtar eru í Ægi, hefur meðaltala sjómanna á herpinótaskipum verið 14—15 árin 1943—45. Í eftirfarandi áætlun er reiknað með tölunni 15.

Sú skipatala, sem með áður greindum forsendum verður að reikna með á síldveiðum samkvæmt hinum ýmsu áætlunum, sést í eftirfarandi yfirliti, og sömuleiðis sá mannafli, sem þarf á þennan flota, og sú viðbót, sem um er að ræða frá árinu 1945, en þá voru á veiðum 167 skip með 2426 menn.

Síldarvertíð 1951.

	Tala skipa	Mann-afli	Viðbót frá 1945 Skip	Menn
Áætlun I	350	5250	183	2820
— II	270	4050	103	1620
— III	410	6150	243	3720
— IV	350	5250	183	2820
— V	255	3825	88	1100

Samkvæmt þessum niðurstöðum er aukning mannafla frá því, sem var 1945, 1600 samkv. áætlun II, en samkv. áætlun V nokkru minni, um 1100 manns, og allmiklu hærri samkvæmt hinum áætlununum, 2800 samkv. I og IV, og 3700 samkv. III.

Sá mannafli, sem þarf á síldveiðiflotann samkvæmt þessu, er ekki miklu minni en þarf á þorskveiðiflotann yfir 12 smálestir á vetrarvertíð.

Sé gert ráð fyrir, að þau skip, sem ekki fara á síld, séu öll gerð út á þorskveiðar yfir sumarmánuðina, en samkvæmt reynslu undanfarinna ára (sjá Ægi) eru aðeins um það bil 30—40 vélbátum yfir 12 rúml. færra gert út yfir sumarmánuðina en á vetrarvertíð, þá verður að bæta við um 1000 mönnum á flotann, þó ekki sé reiknað með nema 5 mönnum á bát, sem er það allra minnsta, þar sem eitthvað af bátunum verður alltaf gert út á línu.

Af þessu er ljóst, að með þessum forsendum verða það sumarmánuðirnir, sem krefjast mests mannafla á íslenzka fiskiflotann. Hingað til hefur vetrarvertíðin verið sá tími árs, sem mannfrekastur hefur verið. Þessi breyting, sem hér verður að gera ráð fyrir, er afleiðing af hinum breyttu stærðarhlutföllum í flotanum. Þar sem sumarmánuðirnir einnig eru sá tími ársins, sem framkvæmdir á öðrum sviðum atvinnulífsins, byggingar, vegagerðir, heyskapur o. s. frv., standa hæst, verður þörfin á vinnuafli yfir þennan tíma enn meiri en nokkru sinni áður.

Hvar á að taka þennan mannafla?

Samkvæmt þeim niðurstöðum, sem fengizt hafa hér að framan, verður, vegna þeirra ráðstafana um skipakaup, sem þegar hafa verið gerðar, að reikna með um 2200—2300 manna viðbót á þorskveiðiflotann á næsta ári umfram það, sem verið hefur. Þá hefur ekki verið reiknað með neinni fyrningu á gamla flotanum. Sennilegt er, að reyndin verði sú, að talsverður hluti gamalla og lélegra skipa verði ekki gerður út, þegar hin nýju bætast við, og að skorturinn á mannafla leysist að einhverju leyti á þann hátt. Í áætlununum I—V hefur hins vegar verið gert ráð fyrir til þess að gera mjög mikilli fyrningu á gamla flotanum, og í þeim áætlunum er beinlínis gert ráð fyrir, að flota af ákveðinni stærð verði haldið út. Samkvæmt þeim áætlunum þarf tala sjómanna og landmanna við þorskveiðar á togurum og vélbátum yfir 12 smál. að vera 7—8 þúsund, eða 3—4 þúsundum hærri en hún er nú. Á síldveiðum verður að reikna með 4—6 þúsund á vélbátaflotann, eða á milli 2- of 3-földun frá því, sem var sumarið 1945. Slík viðbót við flotann, sem gert er ráð fyrir í þessum áætlunum, mundi því þýða allt að því tvöföldun fiskimannastéttarinnar á fáum árum. Hér hefur þó ekki verið tekið tillit til þeirrar aukningar flutningaskipaflotans, sem mun eiga sér stað á sama tíma og krefjast fjölda sjómanna. Það er auðséð, að framkvæmd slíkra áætlana sem hér hefur verið gert ráð fyrir, mundi vera sú stórkostlegasta breyting, sem átt hefði sér stað á atvinnuháttum íslenzku þjóðarinnar á jafnskömmum tíma. Það er þá eðlilegt, að spurt sé: Er slíkt framkvæmanlegt? Mun ekki framkvæmd slíkra áætlana, sem hér hafa verið dregnar upp, stranda á fólkseklu, þótt ekki væri öðru til að dreifa? Skal hér leitazt við að benda á nokkur þýðingarmikil atriði í þessu sambandi, þó að ekki verði spurningunni svarað til hlítar.

Tæknileg framþróun.

Á það skal fyrst bent, að allir útreikningar, sem hér að framan hafa verið gerðir, hafa byggzt á þeirri forsendu, að aðferðirnar við fiskveiðarnar séu óbreyttar. Það

þurfi jafnmarga menn eins og hingað til á hvert skip. Nýjar veiðiaðferðir geta á skömmum tíma rutt sér til rúms og breytt öllu hér að lútandi. Það er allt útlit fyrir, að slík breyting muni vera í aðsigi hvað síldveiðarnar snertir, bæði með notkun hringnótar og öðrum nýjum aðferðum.

Við þorskveiðar á vélbátum eru nú þegar notaðar veiðiaðferðir, sem krefjast miklu minni mannafla en línuveiðarnar, en það eru botnvörpu- og dragnótaveiðar. Sá galli er á gjöf Njarðar, að þessar veiðiaðferðir fara mjög illa með miðin, og er því ekki hægt að mæla með verulega aukinni notkun þeirra. Enn er ekki kunnugt, að nein sú breyting vinnubragða við línuveiðar sé í aðsigi, sem að verulegu leyti gæti sparað vinnukraft við þær. Slík nýjung, t. d. nothæf beitingarvél, getur þó komið, þegar minnst varir, og gerbreytt viðhorfinu.

Það er því ljóst, að þær tölur, sem reiknað hefur verið með hér að framan, eru hámarkstölur, miðaðar við óbreyttar veiðiaðferðir. Í reyndinni má búast við breytingum á næstu árum, sem spöruðu vinnuafl að einhverju leyti.

Í þessu sambandi er vert að benda á eitt þýðingarmikið atriði. Því meiri sem aukning flotans er, því meira sem sverfur að með mannafla á flotann, því meiri og ákveðnari tilraunir verða gerðar til að finna upp nýjar vinnusparandi aðferðir og taka í notkun þær, sem þegar eru þekktar. Með því að setja markið nógu hátt og hærra en að óbreyttum aðstæðum er framkvæmanlegt, getum við beinlínis stuðlað að því að knýja fram breyttar vinnuaðferðir og náð hærra marki en annars hefði verið mögulegt. Það er einnig nauðsynlegt, að mikil áherzla, miklu meiri en hingað til hefur verið, verði á það lögð, að hið opinbera styrki og stuðli að öllum tilraunum til bættra veiðiaðferða. Nú þegar er búið að leggja grundvöll að rannsóknarstofnunum bæði á sviði fiskifræði og fiskiðnfræði. Hins vegar vantar alveg rannsóknarstofnun, sem fjallar um sjálfar veiðiaðferðirnar, þann lið í framleiðslukeðjunni frá því fiskurinn er í sjónum og þar til hann kemur á land. Full nauðsyn virðist vera á stofnun, er sérstaklega fjallaði um þessi mál. Það er fyrst eftir ýtarlegar rannsóknir, sem hægt er að segja, hvaða möguleikar eru hér fyrir hendi.

Þrátt fyrir það, að þannig megi búast við nýjum veiðiaðferðum, sem mundu spara talsvert vinnuafl, er það þó auðsætt, að framkvæmd þeirra áætlana, er hér að framan hefur verið getið, mundu krefjast stórkostlegrar aukningar fiskimanna á skipum yfir 12 rúml. Hvaðan getur sú aukning komið

Mannafli smábátanna.

Sá mannafli, sem er eðlilegasta og sjálfsagðasta varaliðið, eru þeir, sem stundað hafa veiðar á smábátum. Veiðar á þessum bátum eru afkastalitlar og áhættusamar, það verður því að teljast sjálfsagt, að þær hverfi smám saman úr sögunni, þegar ný og stærri skip bætast í hópinn. Þetta hefur líka stöðugt verið að eiga sér stað undanfarna áratugi. Samkvæmt skýrslum Ægis hafa á milli 1600 og 1700 manns stundað veiðar á vélbátum undir 12 rúml. í maímánuðum 1943 og 1944, en á þeim tíma árs er þessi tala hæst. Ýmsar ástæður liggja þó til þess, að ekki er hægt að gera ráð fyrir, að allur þessi fjöldi geti bætzt við mannafla flotans yfir 12 rúml. Útgerð báta af þessari stærð er að miklu leyti bundin við vissa staði og vissa landshluta, þar sem hafnarskilyrði eru þannig, að ekki er hægt að stunda útgerð á stærri bátum. Þar að auki er þessi útgerð að miklu leyti stunduð sem íhlaup manna, sem aðalatvinnu hafa af öðrum atvinnugreinum, sérstaklega landbúnaði. Í þriðja lagi má búast við, enda þótt ekki liggi fyrir um það talnalegar upplýsingar, að þeir, sem sjómennsku stunda á þessum bátum, séu að verulegu leyti annar aldursflokkur, eldri menn en sjó stunda á stærri bátum. Allt þetta torveldar mjög, að þessi flokkur geti flutzt yfir á stærri báta á skömmum tíma. Það er því varla undir neinum kringumstæðum hægt að gera ráð fyrir, að meira en svo sem helmingurinn af þessum mannafla, eða um það bil 800—900 menn, geti bætzt við á stærri skipin.

Fjölgun starfandi fólks.

Þeim hluta íslenzku þjóðarinnar, sem er á því skeiði ævinnar, þegar starfskraftanna nýtur til fulls, fer nú mjög ört fjölgandi. Það er eðlilegt að líta fyrst og fremst til þessarar viðbótar, þegar um er að ræða aukningu mannafla vissra atvinnugreina. Þessi viðbót getur öll farið til einnar vissrar atvinnugreinar, án þess að um nokkurn samdrátt þurfi að vera að ræða hjá öðrum. Það þótti því rétt að gera sér grein fyrir, um hve mikla viðbót hér geti verið að ræða. Gengið var út frá manntalinu 2. des. 1940 og reiknað út, hve mikið af hverjum aldursflokki karla væri eftir árin 1945 og 1950. Við þá reikninga voru notaðar töflur þær, er Kr. Guðmundur Guðmundsson hefur reiknað út og birtar eru í „Almannatryggingar á Íslandi". Eru þær töflur byggðar á reynslu áranna 1921—30. Sú útkoma, sem fæst með þessu móti, mun því vera of lág, þar sem dánartíðni hefur minnkað talsvert á þessu tímabili, sérstaklega fyrir þá aldursflokka, sem hér um ræðir. Niðurstöður þessara útreikninga sjást í eftirfarandi yfirliti:

	Tala karla		
	1940	1945	1950
Aldursfl. 17—29 ára	13610	14400	15150
— 30—39 ára	8520	8850	9270
— 17—39 —	22130	23290	24420
— 40—59 —	11650	12990	14090
— 17—59 —	33780	36280	38510

Sú aukning, sem samkvæmt þessu er sennilegt, að hafi orðið í þessum aldursflokkum árin 1940—1945 og sennilegt er, að verði á næstu fimm árum, sést í eftirfarandi töflu:

	Aukning alls	
Karlar	1940—'45	1945—'50
Aldursfl. 17—29 ára	830	710
— 30—39 ára	330	420
— 17—39 —	1160	1130
— 40—59 —	1340	1100
— 17—59 —	2500	2230

Ef við teljum starfandi aldursflokka vera frá 17—59 ára, en slík skipting er vitaskuld ætíð af nokkru handahófi gerð, þá er aukningin í þessum aldursflokkum 2200—2300 karlmenn árin 1945—50.

Þessi tala getur því bætzt við tölu þeirra, sem sjávarútveg stunda, án þess að nokkur mannafli sé dreginn frá öðrum atvinnugreinum. Þetta mundi þýða það, að hlutfallslega miklu stærri hluti þeirra árganga, er bætast við tölu hins starfandi fólks, færi til sjávarútvegsins en verið hefur undanfarin ár. Það eru þessir ungu aldursflokkar, sem auðveldast er að beina í ákveðna farvegi. Þetta er fólk, sem ekki nema að litlu leyti er fastbundið við ákveðna staði og atvinnugreinar. Hverjar ráðstafanir er þá hægt að gera til að beina verulegum hluta, að minnsta kosti ⅓, af þeim 1200—1300 karlmönnum, sem eru í hverjum aldursflokki um tvítugt, til sjávarútvegsins? Fyrsta skilyrðið virðist vera það, að þessi atvinnugrein, sem er erfiðari og áhættusamari en flestar aðrar, gefi þeim, er hana stunda, meira í aðra hönd en aðrar atvinnugreinar, og að aðbúnaður og öryggi við þessa atvinnu sé eins gott og föng eru á. Við komu hinna nýju skipa og þá hlutfallslegu aukningu skipastærðar, er þá verður, má reikna með, að miklu meira öryggi skapist en verið hefur hingað til, og einnig, að aðbúnaður á skipunum batni mjög. Aðbúnað í verstöðvum þarf að stórbæta með beinum aðgerðum hins opinbera í sambandi við byggingar hafna, og þá sérstaklega landshafna. Það verður síðan að stefna að því marki, að fiskimenn hafi sæmilegt öryggi fyrir því að bera talsvert meira úr býtum en menn í öðrum atvinnugreinum.

Í sambandi við aðgerðir til að beina ungum mönnum til sjávarútvegsins má benda á fleiri atriði. Hingað til hefur það verið að miklu leyti þannig, að íslenzk

æska hefur alizt upp í náinni kynningu við tvo aðalatvinnuvegi landsins og tekið þátt í störfum þeirra og lært handbrögðin þegar í barnæsku. Þannig er þetta enn þá hvað snertir sveitirnar, sjávarþorpin og að talsverðu leyti minni kaupstaðina. Um Reykjavík, en þar býr nú sem kunnugt er ⅓ þjóðarinnar, gegnir talsvert öðru máli. Þar hefur sams konar breyting orðið á og í erlendri borgarmenningu. Æskulýðurinn vex upp án beinnar kynningar við og þátttöku í atvinnuvegunum. Í stað þess lærdóms, sem fæst með hinni beinu þátttöku, hefur orðið að koma skólanám af ýmsu tagi. Það virðist því eðlilegt, að tilraunir séu gerðar til að koma þessari reyknisku æsku þegar á unga aldri í nánari kynningu við sjómennsku og sjávarútveg. Þetta yrði sennilega fyrst og fremst að verða þannig, að í hinni svokölluðu verknámsdeild gagnfræðaskólanna, sem samkvæmt hinni nýju skólalöggjöf er gert ráð fyrir, verði sérstök sjómanna- og fiskimannadeild og í sambandi við hana skólaskip, þar sem grundvallaratriði sjómennsku og þýðingarmestu vinnubrögð væru kennd.

Viðbót frá öðrum atvinnugreinum.

Hér að framan hefur aukning mannaflans í sjávarútveginum eingöngu verið rædd út frá því sjónarmiði, hversu mikill mannafli væri til staðar, án þess að nokkuð væri dregið frá öðrum atvinnugreinum. Með því er ekki átt við, að stefna bæri að því, að þessar atvinnugreinar héldu óbreyttu vinnuafli frá því, sem nú er, heldur var aðeins farin sú leið að athuga fyrst aðra möguleika.

Hér er fyrst á það að benda eins og áður, að um snögga tæknilega framþróun getur verið og er sennilegt að verði að ræða í ýmsum þessara atvinnugreina. Í vegagerð hefur t. d. orðið hrein bylting á undanförnum árum. Enginn vafi er á því, að í byggingariðnaðinum eru stórkostlegar tæknilegar framfarir mögulegar hér á landi, er sparað gætu mikinn vinnukraft. Í landbúnaðinum hefur notkun véla stóraukizt á undanförnum árum, og mun sú þróun halda áfram næstu ár með enn meiri hraða. Það mun því mikill vinnukraftur geta sparazt frá þessum öðrum atvinnugreinum, án þess að um minnkun framleiðslu eða framkvæmda þurfi þar að vera að ræða. Í þeim iðnaðarlöndum, sem lengst eru á veg komin, hefur það sýnt sig, að þessi þróun hefur verið nokkuð jöfn. Það má áætla, að framleiðslan á vinnustund aukist um vissa procenttölu á ári hverju, og áætla þannig, hversu mikið framleiðslan getur aukizt að óbreyttu vinnuafli, eða hve mikið vinnuafl sparast að óbreyttri framleiðslu. Hér á landi er þessu á allt annan veg farið. Atvinnulífið er það fábrotið, að breyting á einu einasta sviði hefur miklu meiri áhrif en í landi, þar sem atvinnulífið er fjölbreyttara. Við erum líka langt á eftir öðrum þjóðum í tæknilegu tilliti, og tileinkun nýrra vinnuhátta eftir erlendum fyrirmyndum ætti að geta skeð tiltölulega mjög fljótt, ef inn á þá braut er farið, eins og að nokkru leyti hefur sýnt sig á stríðsárunum. Af þessu leiðir, að um þetta atriði er ekki hægt að gera neinar áætlanir, en að allar líkur benda til þess, að hér geti orðið um stórkostlegar breytingar að ræða á næstu árum, er mundu geta sparað mikið vinnuafl í sumum greinum. Um slíkar breytingar gildir, eins og áður hefur verið tekið fram, að því meiri skortur sem er á vinnuafli, því meiri og örari má búast við, að slíkar breytingar verði.

Það er alkunna, að síðastliðin 15 ár hefur sú þróun orðið í íslenzku atvinnulífi, að sjávarútveginum hefur hrakað hlutfallslega miðað við aðra atvinnuvegi sjávarsíðunnar. Að vísu hefur orðið mikil aukning á hraðfrysti- og síldariðnaði, en sú aukning hefur hvað tölu verkafólks í þessum greinum snertir varla gert meira en að vega upp á móti þeirri minnkun, sem á sama tíma hefur orðið við fiskverkunina. Á sama tíma hefur vaxið upp iðnaður, sérstaklega í Reykjavík og á Akureyri, sem að nokkru leyti byggist á innlendum hráefnum, en að verulegu leyti á útlendum. Sjálfsögð afleiðing af stefnu núverandi ríkisstjórnar hlýtur að verða, að á næstu árum fari aukning fólks á starfandi aldursskeiðum til sjávarútvegsins, en það virðist heldur ekkert óeðlilegt við það, að iðnaður og verzlun skili aftur til sjávarútvegsins einhverju af þeim mannafla, sem þessar greinar hafa dregið til sín undanfarin ár. Það er erfitt að réttlæta það, að fólk svo þúsundum skipti fáist við frá þjóðfélagslegu

sjónarmiði séð vafasaman iðnað, meðan verðmæti, sem skipta tugum og hundruðum milljóna, fara forgörðum í sjónum kringum landið.

Ýtarleg atvinnustatistik er ekki til hér á landi, en til þess að hægt sé að gera sér áreiðanlega hugmynd um möguleikana á flutningi fólks milli atvinnugreina, þyrfti að hafa upplýsingar um fjölda starfandi manna í hverri starfsgrein, aldur þeirra, fyrri störf og sérþekkingu. Það þýðir vitaskuld ekkert að ætlast til, að menn af léttasta skeiði fari allt í einu að fara til sjós. Aftur á móti ætti flutningur til fiskiðnaðar frá öðrum iðngreinum að vera sæmilega auðveldur, þar sem oft er um lík störf að ræða.

Til þess að gera sér nokkra hugmynd um atvinnuskiptinguna við sjávarsíðuna er hér birt tafla yfir atvinnuskiptingu skattþegna í kauptúnum og kaupstöðum. Er hún byggð á þjóðartekjurannsókn skipulagsnefndar atvinnumála. Til landbúnaðar eru taldir atvinnurekendur við landbúnað, loðdýrarækt, alifuglarækt og garðrækt, ráðunautar, starfsfólk við mjólkurbú, garðyrkju o. fl. Til sjávarútvegs og siglinga eru taldir atvinnurekendur, forstjórar og skrifstofufólk við fiskveiðar og skipaútgerð, yfirmenn og hásetar á skipum og bátum ásamt landmönnum við báta, enn fremur menn, sem bæði vinna fyrir sér með sjómennsku og verkamannavinnu og fá eigi minna en ¼ hluta tekna sinna af öðru hverju starfinu. Til iðnaðar og iðju teljast atvinnurekendur, forstjórar, skrifstofufólk og fastir starfsmenn í þeim greinum, faglærðir iðnaðarmenn og ófaglært verkafólk í verksmiðjum og verkstæðum, þar með talinn fiskiðnaður. Til verzlunar teljast atvinnurekendur, forstjórar og starfsfólk við verzlun og viðskipti (þ. á m. banka og tryggingafélög) og einnig við veitingar og matsölu. Til almennrar verkamannavinnu og flutninga í landi teljast bifreiðastjórar, verkamenn við byggingar, hafnarvinnu og aðra algenga verkamannavinnu, enn fremur í setuliðsvinnu. Til flokksins opinber störf og þ. u. l. teljast fastir starfsmenn hjá ríki og bæjarfélögum, aðrir en þeir, sem starfa við atvinnurekstur rekinn af ríki eða bæjarfélögum, enn fremur menn við sjálfstæða, ólíkamlega vinnu (læknar, lögfræðingar, listamenn o. fl.). Í flokknum „annað", sem er mjög sundurleitur, eru talin heimilishjú, sjálfstæðar saumakonur, þeir, sem lifa af eignum sínum, fólk án atvinnu eða með mjög lágar tekjur, enn fremur nemendur.

Atvinnuskipting skattþegna 1942.

	Kaupt.	%	Kaupst.	%	Rvík	%	Alls	%
Landbúnaður	1006	14.7	196	2.3	180	0.9	1382	3.9
Sjávarútv. og siglingar	1941	28.3	1969	22.7	1442	7.3	5352	15.2
Iðnaður og iðja	590	8.6	1840	21.2	4678	23.8	7108	20.2
Verzl. og því um líkt	469	6.8	975	11.2	3218	16.4	4662	13.3
Alm. verkam.vinna og flutn. á landi	1863	27.2	2071	23.8	4934	25.1	8868	25.2
Opinber störf og þ. u. l.	270	3.9	538	6.2	1490	7.6	2298	6.5
Annað	722	10.5	1102	12.7	3678	18.7	5502	15.7
Samtals	6861	100.0	8691	100.1	19620	99.8	35172	100.0

Af þessu yfirliti sést, að í öllum kauptúnum og kaupstöðum, að Reykjavík meðtalinni, er flokkurinn „almenn verkamannavinna og flutningar á landi" fjölmennastur, eða um 25%, síðan kemur iðnaður og iðja með um 20%, þá blandaði flokkurinn „annað" með um 16%, sjávarútvegur og siglingar 15%, verzlun 13% og að lokum opinber störf með 6.5% og landbúnaður 4%. Af þessu ætti að vera ljóst, hvað fátt fólk í raun og veru starfar beint að sjávarútvegi á Íslandi. Að vísu mun talsverður hluti verkamanna hafa vinnu í beinu sambandi við sjávarútveg og siglingar, og enn fremur er fiskiðnaður talinn undir iðju og iðnað. Samanburður á kauptúnum, kaupstöðum og Reykjavík gefur einnig ýmsa athyglisverða hluti til kynna. Í kauptúnunum er sjávarútvegurinn aðalatvinnuvegurinn, af honum hafa beint atvinnu um 28%, og þar að auki má gera ráð fyrir, að verulegur hluti verkamannavinnu sé í nánu sambandi við hann, og enn fremur mun mikill hluti iðnaðarins vera fiskiðn-

aður. Verzlun og iðnaður er á þessum stöðum lítilfjörlegar atvinnugreinar, 9% og 7%. Í kaupstöðunum er sjávarútvegur einnig aðalatvinnuvegurinn, 23%, þó að iðnaður fari mjög að skáka honum, 21%. Verzlun er hér einnig allmiklu meiri, 11%, einnig opinber störf, 6%, og flokkurinn „annað“ 13%. Ef kaupstaðirnir væru athugaðir hver í sínu lagi, mundi það koma í ljós, að Akureyri sker sig mjög úr, er iðnaðar- og verzlunarbær, en hinum kaupstöðunum svipar meir til kauptúnanna. Í Reykjavík er myndin allt önnur. Að „höfuðatvinnuvegur“ Reykjavíkur sé sjávarútvegur, er hin mesta firra. Beint við sjávarútveg og siglingar starfa aðeins um 7%, og af þeim án efa mikill hluti við siglingar. Af mönnum, er stunda almenna verkamannavinnu, mun lítill hluti vinna beint í sambandi við sjávarútveg, heldur flestir við byggingarvinnu og flutninga. Iðnaðurinn er hér aðalatvinnuvegurinn, 24%, og við verzlun og því um líkt starfa meir en helmingi fleiri en við sjávarútveg og siglingar, 16%, og opinberir starfsmenn og því um líkt eru einnig fjölmennari en þeir, sem sjávarútveg og siglingar stunda, tæp 8%. Hinn blandaði og að verulegu leyti óstarfandi flokkur, „annað“, er hér einnig mjög stór, 19%. Þessi mismunur á atvinnuskiptingu Reykjavíkur og annarra bæja og kauptúna landsins er að vissu leyti mjög eðlilegur. Stjórn landsins og verzlun er að mestu þar, og því ekki nema eðlilegt, að atvinnuskipting sé önnur, höfuðatvinnuvegirnir vegi minna, en yfirbyggingin sé meiri. Þessi atvinnuskipting Reykjavíkur og annarra bæja og kauptúna landsins sýnir, að breyting á atvinnuskiptingu þjóðarinnar sjávarútveginum í vil hlýtur að þýða annað hvort eða hvort tveggja stöðvun á vexti Reykjavíkur eða breytingu á atvinnuháttum höfuðstaðarins, svo að sjávarútvegurinn aukist á kostnað hinna atvinnuveganna.

Því yfirliti yfir atvinnuskiptingu bæja og kauptúna, sem hér hefur verið gefið, er ætlað að sýna, hve tiltölulega litla hlutdeild sjávarútvegurinn raunverulega á í atvinnulífi þeirra, og þá sérstaklega Reykjavíkur og sumra annarra kaupstaða, og hve miklir möguleikar þar af leiðandi eru til þess að draga fólk frá þessum öðrum atvinnugreinum yfir til sjávarútvegsins.

Þörfin á sérmenntuðu fólki.

Hér að framan hefur verið rætt um þörfina á mannafla og hvaðan væri hægt að taka þann mannafla, án nokkurs tillits til annars en sjálfs fjöldans. Hitt sjónarmiðið er ekki síður þýðingarmikið, þeir eiginleikar og sú sérþekking, sem þetta fólk verður að hafa, og sá fjöldi, sem til er af fólki með slíka eiginleika og sérþekkingu.

Sé fyrst athuguð almenn sjómennskukunnátta, þá virðist líklegt, að henni sé mjög ábótavant hjá meiri hluta þeirra, sem hér hafa verið taldir koma til greina sem mannaflaaukning fiskiflotans. Þetta er að verulegu leyti afleiðing þeirra breyttu þjóðfélagshátta, sem íslenzka þjóðin á nú við að búa, og þróunar atvinnuveganna síðastliðin 15 ár. Eins og áður hefur verið drepið á, alast unglingar bæjanna, og þá sérstaklega Reykjavíkur, upp án þeirrar nánu kynningar af sjávarútveginum, sem áður tíðkaðist og tíðkast enn í sjávarþorpum og smærri kaupstöðum. Enn fremur hefur stöðnun sjávarútvegsins haft þær afleiðingar, að sjómannastéttinni hefur ekki fjölgað jafnt og stöðugt. Af þessu súpum við nú seyðið. Í stað lítillar árlegrar viðbótar óvanra manna, þarf nú skyndilega að bæta við miklum fjölda. Kunnugir menn telja, að að því hafi verið nokkur brögð undanfarið, að áhafnir skipa væru óvanar og lélegar, og svo mun verða í enn ríkara mæli, er hin mikla viðbót kemur við flotann. Á hitt ber þó einnig að líta, að nú hlýtur að vera í landi mikill fjöldi vanra sjómanna, sem flutzt hafa í land á stríðsárunum, er nóg vinna skapaðist í landi. Aðaláherzluna verður að leggja á það, að minnsta kosti fyrstu árin, að fá þessa menn á sjóinn aftur, þar sem þeir ásamt áhöfnum smábátanna eru eina varaliðið af æfðum sjómönnum, sem við eigum.

Síðan verður að gera róttækar ráðstafanir til að stuðla að uppeldi nýrra sjómanna, eins og áður hefur verið drepið á.

Er þá næst að athuga þörfina á sérmenntuðum mönnum, sem verða að hafa lokið sérstökum prófum, en það eru sérstaklega skipstjórar, stýrimenn og vélstjórar.

Vélstjórar.

Vélstjóramenntun hér á landi fer fram hjá tveimur stofnunum, námskeiðum Fiskifélags Íslands og í vélstjóraskólanum. Hjá báðum þessum stofnunum eru tekin tvenns konar próf, hið minna og meira. Námskeið Fiskifélagsins eru nokkra mánuði, nám vélstjóraskólans 1—3 ára og krefst langrar vinnu í smiðjum og við kyndingu í skipum til undirbúnings. Hér skulu ekki rakin þau flóknu ákvæði, sem eru í gildi um réttindi vélstjóra, heldur aðeins birtar niðurstöður þeirra athugana, sem gerðar hafa verið um þörfina á vélstjórum. Þessi athugun er byggð á núgildandi lögum. Í eftirfarandi töflu sjást niðurstöður þessara athugana hvað snertir þörfina á vélstjórum með prófi frá námskeiðum Fiskifélags Íslands. Er þar miðað við þann flota, sem vitað er með vissu, að gerður hefur verið út á vetrarvertíð 1946 eða verið í flutningum, og hefur honum verið skipt niður eftir stærð vélar og þörfin á vélstjórum reiknuð út samkvæmt því. Enn fremur sést í þessari töflu sú viðbót vélstjóra, sem nauðsynleg verður, þegar sá nýi floti, sem þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til að útvega, bætist við.

Þörf á vélamönnum og vélstjórum með próf frá Fiskifélagi Íslands.

Vetrarvertíð 1946:	Vélamenn m/ vottorði	Vélstj. m/ minna pr. F. Í.	Vélstj. m/ meira pr. F. Í.	Alls
Vélamenn	186	„	„	186
Undirvélstjórar	„	400	14	414
Yfirvélstjórar	„	268	14	282
Alls	186	668	28	882
Nauðsynleg viðbót:				
Undirvélstjórar	„	82	40	„
Yfirvélstjórar	„	82	40	„
Alls á nýjum skipum	„	164	80	244
Samtals	186	832	108	1126

Samkvæmt þessu mun þurfa um 670 vélstjóra með minna prófi Fiskifélags Íslands og 28 með meira prófi á flotanum eins og hann er nú, og um 830 og rúmlega 100, þegar viðbótin kemur til sögunnar, ef ekki verður þá þegar um verulega fyrningu á gamla flotanum að ræða, sem hér er varla rétt að reikna með. Viðbótin er því um 160 menn með minna próf og 80 með meira próf. Samkv. upplýsingum fiskiféjlagsins hafa frá 1931 samtals lokið minna prófi 863 menn og meira prófi frá 1937 111 menn. Á námskeiðunum í vetur luku minna prófi 65 nemendur og meira prófi 46. Sést af þessu, að tala þeirra, sem lokið hafa þessum prófum frá upphafi, er svipuð og þörfin verður, þegar viðbótin kemur við flotann. Þar sem talsvert af þessum mönnum hefur dáið eða yfirgefið sjómennsku að fullu og öllu, sést, að talsverð vöntun verður á mönnum með þessari menntun. Á hinn bóginn mun talsverður hluti viðbótarinnar við flotann ekki koma fyrr en á næsta ári, og margir menn munu útskrifast á námskeiðum næsta vetur. Þar sem námið er stutt og aðgangur að námskeiðunum allgreiður, virðist ekki ástæða til fleiri ráðstafana í þessu skyni en þegar hafa verið gerðar með rýmkun réttindanna, enda er þá gert ráð fyrir, að þeir, sem ljúka námi, bætist sjávarútveginum, en fari ekki í aðra atvinnu, eins og mikil brögð hafa verið að undanförnu.

Skal hér þá einnig gerð lausleg áætlun um þörf vélstjóra á vetrarvertíð 1951, samkvæmt hinum ýmsu áætlunum I—V hér að framan. Í þessum útreikningum hefur verið gert ráð fyrir, að ⅗ hlutar nýrra báta yfir 40 smál hefðu vélar í styrkleikaflokkunum 50—249 hestöfl, en ⅖ í flokkunum 250—599, en það er svipað hlutfall og í þeim flota, sem þegar hefur verið keyptur. Niðurstöður þessara útreikninga sjást í töflunni hér á eftir.

Vélstjórar með minna prófi Fiskifélags Íslands.

	Áætl. I.	Áætl. II.	Áætl. III.	Áætl. IV.	Áætl. V.
Undirvélstjórar	490	442	526	490	445
Yfirvélstjórar	384	336	420	384	339
Samtals	874	778	946	874	784

Vélstjórar með meira prófi Fiskifélags Íslands.

	Áætl. I.	Áætl. II.	Áætl. III.	Áætl. IV.	Áætl. V.
Undirvélstjórar	102	70	126	102	62
Yfirvélstjórar	102	70	126	102	62
Samtals	204	140	252	204	124

Af þessu sést, að ekki er um neina verulega aukningu að ræða frá þeirri þörf vélstjóra, sem verður, þegar sú viðbót, sem þegar hefur verið keypt, bætist við flotann. Hvað vélstjóra með minna próf snertir, er viðbótin frá þessu hæst rúmlega 100 manns samkvæmt áætlun III, um 40 samkv. I og IV, og minnkun samkvæmt hinum. Þörfin á vélstjórum með meira prófi verður hins vegar um það bil helmingi meiri samkvæmt áætlunum I, III og IV en verður, þegar viðbótin við flotann kemur nú, eða aukning um það bil 100 manns. Samkvæmt áætlunum II og V er aukningin hins vegar mjög óveruleg. Er þetta mjög lítilfjörleg aukning yfir jafnmörg ár og hér er gert ráð fyrir og mundi því ekki geta skapað nein vandræði.

Eftir er þá að athuga þörfina á vélstjórum með próf frá vélstjóraskólanum. Hefur það verið gert á svipaðan hátt og hér að framan. Sá floti eimskipa og vélskipa með yfir 600 hestafla vél, sem nú er til, bæði fiskiskip og önnur skip, hefur verið flokkaður niður eftir styrkleika vélar og þörfin á vélstjórum verið reiknuð út samkvæmt því, eftir þeim kröfum, sem gerðar verða með þeim lagabreytingum, sem samþykktar voru á Alþingi vorið 1946.

	Minna próf	Meira próf	Samtals
Vetrarvertíð 1946:			
Undirvélstjórar	38	23	61
Yfirvélstjórar	38	15	53
Alls	76	38	114
Viðbót 30 nýrra togara:			
Undirvélstjórar	„	60	„
Yfirvélstjórar	„	30	„
Alls á nýjum togurum	„	90	90
Samtals	76	128	204

Samkvæmt upplýsingum frá Vélstjórafélagi Íslands skiptust félagar þess, en í því eru allir, sem lokið hafa prófi frá vélstjóraskólanum, niður í starfsgreinar á eftirfarandi hátt í júlímánuði 1945:

Fiskiskip, togarar	39	vélstjórar
Fiskiskip og í landi	9	—
Verzlunar- og varðskip	52	—
Vélsmiðjur, bílaverkstæði og annar iðnaður	55	—
Síldarverksmiðjur	13	—
Rafmagnsstöðvar	12	—
Í landi við verzlunar- og umsjónarstörf	9	—
Olíustöðvar	7	—
Frystihús	4	—

Hitaveita	3	—
Ýmis atvinnurekstur	7	—
Lítil atvinna	5	—
	Alls 215	vélstjórar

Á þeim 29 togurum, sem þá voru gerðir héðan út, sigldu aðeins 39 vélstjórar, þ. e. a. s. á þeim sigldu 19 menn með undanþágu. Meira en helmingur þeirra vélstjóra, er þá voru til, voru starfandi í landi en ekki til sjós. Af þessu er ljóst, að nú þegar er mikill skortur vélstjóra á flotann, hvað þá þegar nýju togararnir koma og öll flutningaskipin, sem hér hefur ekki verið tekið tillit til. Frá vélstjóraskólanum útskrifast á ári hverju aðeins 10 menn. Sú viðbót hrekkur því skammt til að uppfylla þær miklu þarfir, sem hér eru fyrir hendi. Hér er því um mjög aðkallandi vandamál að ræða, sem sú rýmkun á réttindum, sem nú er lögtekin, leysir ekki á neinn hátt.

Á stríðsárunum hefur siglt á togaraflotanum og siglir enn fjöldi próflausra manna. Fyrsta skrefið virðist eiga að vera að veita þessum mönnum réttindi að afloknum einhverjum styttri námskeiðum. Annað skrefið verður að vera það að stórrýmka inngönguskilyrði í vélstjóraskólann með styttingu hins fjögurra ára verklega náms, sem nú er krafizt til inngöngu í skólann. Þetta mál þyrfti að taka upp sem allra fyrst í samráði við stjórn skólans og stéttarsamtök vélstjóra, því að einmitt á þessu sviði er þörfin allra mest aðkallandi, þar sem vélstjóra mun vanta ekki aðeins á togaraflotann, heldur einnig á flutningaskipin og við ýmiss konar atvinnurekstur í landi.

Hér skal einnig lauslega áætlaður sá fjöldi vélstjóra, sem mun þurfa á togaraflotann samkvæmt hinum ýmsu áætlunum. Er þá ráð fyrir því gert, að 15 af gömlu togurunum verði eftir 1950, þar af 6 með vél ekki yfir 600 hestöflum, en að þeir nýju togarar, sem keyptir verða af svipaðri stærð og gömlu togararnir, verði allir með vél yfir 600 hestöfl að styrkleika. Niðurstöður þessara lauslegu áætlana sjást í eftirfarandi töflu, en þar sést enn fremur þörfin á vélstjórum á togaraflotanum eins og hann er nú.

Togaraflotinn 1951.

	Togaraflotinn 1945	Áætl. I.	Togaraflotinn 1951 Áætl. II.	Áætl. III.	Áætl. IV.	Áætl. V.
Minna próf:						
Undirvélstjórar	21	6	6	6	6	6
Yfirvélstjórar	21	6	6	6	6	6
Alls	42	12	12	12	12	12
Meira próf:						
Undirvélstjórar	7	82	99	99	114	114
Yfirvélstjórar	7	52	69	69	84	84
Alls	14	134	168	168	198	198
Samtals	56	146	180	180	210	210

Samkvæmt þessu þarf að auka vélstjóratöluna frá því, sem nú er á togurunum, um 90 samkv. áætlun I, 124 samkv. áætlun II og III, og 154 samkvæmt áætlun IV og V. Þessi aukning á togaraflotanum einum saman er 2—3 sinnum meiri en tala þeirra, sem útskrifast munu úr vélstjóraskólanum næstu fimm ár, miðað við þá tölu, 10, sem útskrifazt hefur síðustu ár og mun útskrifast á næstu árum.

Sýnir þetta glögglega, hversu þörfin er aðkallandi á þessu sviði.

Skipstjórar og stýrimenn.

Samkvæmt núgildandi lögum um atvinnu við siglingar eru gerðar eftirfarandi kröfur til yfirmanna á fiskiskipum af ýmsum stærðum:

Skip 1—5 rúml.: Engin ákvæði.

Skip 6—29 rúml.: 1 skipstjóri með vottorði frá siglingafróðum manni.

Skip 30—299 rúml.: 1 skipstjóri (skal hafa lokið fiskimannaprófi og verið 18 mánuði stýrimaður), 1 stýrimaður (skal hafa lokið fiskimannaprófi og verið 36 mánuði háseti).

Skip 300 rúml. og þar yfir: 1 skipstjóri og 2 stýrimenn með sömu hæfni og að ofan greinir.

Nám það, er krafizt er til fiskimannaprófs, tekur tvö ár.

Sá fiskifloti, sem nú er til hér á landi og með vissu gerður út, annaðhvort á þorskeða síldveiðar eða til flutninga, hefur verið flokkaður niður eftir stærð og fjölda skipstjóra á skipum undir 30 rúml., sem ekki þurfa að hafa fiskimannapróf, og hér eru kallaðir formenn, og fjöldi stýrimanna og skipstjóra með fiskimannapróf verið reiknaður út samkvæmt því. Á sama hátt hefur sá fjöldi stýrimanna og skipstjóra, sem þarf á hina fyrirhuguðu viðbót við flotann, verið reiknaður út, og sá fjöldi, sem þarf á allan flotann, þegar viðbótin kemur, að gamla flotanum ófyrndum. Sömuleiðis hefur þörfin á formönnum, stýrimönnum og skipstjórum samkvæmt hinum ýmsu áætlunum I—V verið reiknaður út á sama hátt og að ofan greinir. Niðurstöður þessara útreikninga sjást í eftirfarandi töflu.

	Fiski-flotinn 1946	Áætlun 1947 Gömul skip	Ný skip	Alls skip	Áætlun 1951 Áætl. I.	Áætl. II.	Áætl. III.	Áætl. IV.	Áætl. V.
Stýrimenn	207	207	182	389	496	450	590	560	475
Skipstjórar	179	179	152	331	438	375	515	470	385
Alls m. fiskimannaprófi	386	386	334	720	934	825	1105	1030	860
Formenn	286	286	0	286	209	209	209	209	209
Samtals	672	672	334	1006	1143	1034	1314	1239	1069

Niðurstöður þessara útreikninga bera það með sér, að samkvæmt núgildandi lagaákvæðum þarf á íslenzka fiskiflotann eins og hann er núna um 390 menn með fiskimannaprófi, þar af 210 stýrimenn og 180 skipstjóra, og um 300 formenn án prófs. Ef halda á út öllum gamla flotanum, þegar hin nýju skip koma, verður tala skipstjóra og stýrimanna með fiskimannapróf hart nær að tvöfaldast, við verða að bætast um 180 stýrimenn og 150 skipstjórar, samtals um 330. Formannatalan er hins vegar óbreytt, þar sem ekkert bætist við flotann fyrir neðan 30 smálestir. Í eftirfarandi yfirliti sést, hve viðbótin er mikil frá því, sem nú þarf á flotann samkvæmt hinum ýmsu áætlunum og flotanum eins og hann verður, þegar hin nú þegar ákveðna viðbót kemur til sögunnar:

Áætlun 1951. Breyting frá fiskiflotanum 1946.

	Áætl. 1947	Áætl. I.	Áætl. II.	Áætl. III.	Áætl. IV.	Áætl. V.
Stýrimenn	+ 182	+ 289	+ 243	+ 383	+ 353	+ 268
Skipstjórar	+ 152	+ 259	+ 196	+ 336	+ 291	+ 206
Alls með fiskimannaprófi	+ 334	+ 548	+ 439	+ 719	+ 644	+ 474
Formenn	0	÷ 77	÷ 77	÷ 77	÷ 77	÷ 77
Samtals	+ 334	+ 471	+ 362	+ 642	+ 567	+ 397

Af þessu yfirliti sést, að hér er um mjög mikla viðbót að ræða þegar vegna þess flota, sem nú er keyptur, og enn meira samkvæmt hinum ýmsu áætlunum fyrir árið 1951. Hve aukningin samkvæmt áætlununum er mikil, er að nokkru leyti vegna þess, að ráð er fyrir því gert, að minni bátar, sem fyrnast, verði endurnýjaðir sem stærri bátar. Aukningin er um 330 á þann nýja flota, sem vitað er, að bætist við, og frá um 440 til 720 samkvæmt hinum ýmsu áætlunum fyrir 1951.

Frá stýrimannaskólanum munu nú útskrifast um 60 menn með fiskimannapróf

á ári hverju. Þeir nýju menn, sem útskrifast á næstu 5 árum, verða því um það bil 300 með sömu viðkomu. Það nægir því ekki til þeirrar aukningar, sem verða mun á flotanum þegar á næsta ári, hvað þá til uppfyllingar hinum ýmsu áætlunum. Aftur á móti verður einnig að taka það með í reikninginn, að á undanförnum árum mun hafa verið offramleiðsla á mönnum með fiskimannapróf, þannig að allmargir menn með þessa menntun hafi unnið sem hásetar.

Hvað hér er um fjölmennt varalið að ræða, er erfitt að segja. Samkvæmt upplýsingum frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands er meðlimatala í skipstjóra- og stýrimannafélögum innan sambandsins rúmlega 800. Þessi tala er nálægt því helmingi hærri en þörfin er fyrir skipstjóra og stýrimenn, eins og íslenzki flotinn er nú. Engar skýrslur eru til um starfsskiptingu þessara manna, og félagatalan sjálf raunar mjög óábyggileg, svo að ómögulegt er að gera neina ágizkun um, hve margir þeirra stunda sjómennsku, eða hægt mundi vera að reikna með sem skipstjórum og stýrimönnum, þegar aukningin verður á flotanum. Til þess að geta gert sér einhverja hugmynd um, hve mikið varalið er til af mönnum með fiskimannapróf, þarf miklu ýtarlegri rannsókn en hér hafa verið tök á að gera.

Samkvæmt þessu má því búast við, að talsverður skortur geti orðið á skipstjórum og stýrimönnum með fiskimannaprófi, bæði þegar viðbótin kemur nú við flotann og eins seinna samkvæmt hinum ýmsu áætlunum, enda þótt erfitt sé að segja nokkuð ákveðið um það, þar sem ekki er vitað, hve stórt varalið slíkra manna er til í landinu.

Niðurstöður.

Niðurstöður athugananna hér að framan eru í stuttu máli þær, að ef gengið er út frá því, að þeim flota, sem nú er til á landinu, verði haldið út á næsta ári og þar að auki þeirri aukningu flotans, sem þegar er búið að gera ráðstafanir til, að komi til landsins, verður tala sjómanna á skipum stærri en 12 smálestir að aukast um 2200—2300 manns á vetrarvertíð. Ef sú aukning útgerðar, sem möguleg er með hinum nýja flota, á að geta átt sér stað, verður þessi viðbót að koma að mestu leyti beint frá öðrum atvinnugreinum, og hlýtur þá fyrst og fremst að vera um sjómenn að ræða, sem flutzt hafa í land á undanförnum árum. Það er sennilegt, að hér sé um allfjölmennan hóp að ræða, að á flotanum hafi á stríðsárunum að verulegu leyti orðið fullkomin mannaskipti. Þennan hóp verður nú að fá út á sjóinn aftur frá landvinnunni, og það verður ekki hægt með öðru móti en að sjávarútvegurinn geti boðið þeim að verulegu leyti betri kjör en aðrar atvinnugreinar.

Þegar litið er á málið yfir dálítið lengra árabil og athuguð sú aukning mannafla, sem verður að eiga sér stað til þess að árið 1951 sé hægt að halda úti flota af þeirri stærð, sem gert er ráð fyrir í hinum ýmsu áætlunum I—V, þá er þar um enn þá meiri aukningu að ræða, eða frá tæplega 3000 upp í rúml. 4000 menn, þar af 1000—2000 á togara, og 2000—3000 á vélbáta, eftir því, hvernig hlutföllin verða milli þessara skipategunda. Þegar athugað er, hvar hægt mundi vera að taka þennan mannafla, kemur í ljós, að sé miðað við þetta 5 ára bil, muni vera hægt að ná þessari tölu að mestu, án þess að dregið sé frá öðrum atvinnugreinum, ef reiknað er með, að um helmingur sjómanna á smábátum flytjist yfir á stærri skipin og að öll viðbót karlmanna á aldursskeiðunum 17—59 ára bætist við þennan atvinnuveg einan. Með því móti fást um 3000 manns. Ef þar að auki er reiknað með, að bættar veiðiaðferðir og hentugri vinnubrögð gætu sparað þó ekki væri nema 1—2 menn við hvert skip, þá mundi það vera 500—1000 manns. Er þá tölunni 3000—4000 mönnum náð, án þess að nokkurt vinnuafl hafi verið dregið frá öðrum atvinnugreinum, enda þótt þeim vitaskuld hefði hrakað í samanburði við sjávarútveginn. Hér hefur þó ekki verið tekið neitt tillit til þeirrar mannaflaaukningar, sem yrði að eiga sér stað við vinnslu fisksins í landi, hraðfrystingu, saltfiskverkun, niðursuðu o. þ. u. l., ekki heldur til þeirrar mannaflaaukningar, sem verða yrði í öðrum atvinnugreinum nátengdum sjávarútveginum, svo sem t. d. við viðgerðir báta, framleiðslu og viðgerðir veiðarfæra og því

um líkt. Mannaflaaukning þessara atvinnugreina yrði, að því leyti sem um karlmenn væri að ræða, að koma frá öðrum atvinnugreinum.

Hvað menn með sérmenntun snertir, hefur þörfin á vélstjórum, skipstjórum og stýrimönnum sérstaklega verið tekin til athugunar. Niðurstöðurnar eru þær, að varla geti verið um verulegan skort á vélstjórum með prófi frá Fiskifélagi Íslands að ræða, ef tryggt er, að þeir að loknu námi hverfi ekki til annarra atvinnugreina, eins og átt hefur sér stað á undanförnum árum. Námið er einnig það stutt, að úr skorti er hægt að bæta á til þess að gera stuttum tíma.

Skorturinn á vélstjórum með prófi frá vélstjóraskólanum verður hins vegar mjög mikill, og er það raunar nú þegar. Viðkoman er ekkert nálægt því að geta bætt úr því. Hér þarf því skjótra og róttækra aðgerða við. Hvað skipstjóra og stýrimenn með fiskimannapróf snertir, þá mun tala þeirra þurfa hart nær að tvöfaldast, þegar viðbótin við flotann kemur til landsins. Hins vegar er sennilegt, að talsvert sé af slíkum mönnum til, sem nú vinna sem hásetar eða í landi, enda þótt erfitt sé að segja, hve miklu það nemur, og mun það vega upp á móti þessu.

Framleiðsluverðmæti aflans.

Eftir að gerðar hafa verið áætlanir um afla fiskiflotans samkvæmt áætlunum um aukningu hans fram til 1951, skal hér gerð tilraun til að áætla framleiðsluverðmæti þessa afla. Auðvitað mál er það, að ekki verður framleiðsluverðmæti fyrir ókominn tíma áætlað svo, að um nokkra nákvæmni geti orðið að ræða. Er það hvort tveggja, að verð framleiðsluvöru okkar, í því ástandi, er við seljum hana nú, er á hverfanda hveli, og hitt, að það tekur örum breytingum, hvernig við tilreiðum aflann sem markaðsvöru. Um verð framleiðsluvörunnar hefur sá kostur verið tekinn, sem einfaldastur er, að gera ráð fyrir nokkurn veginn sama útflutningsverði og á yfirstandandi ári (1946). Um tilreiðslu aflans fyrir markaðinn er vitanlega ekki unnt að gera ráð fyrir neinum nýjum verkunaraðferðum, því að þá er ekkert til að miða verðið við. Mundi þó vera unnt að gera aflann að verulegum mun verðmeiri með breytingum á verkuninni. Þannig mundi t. d. vafalaust mega gera þorskaflann miklu verðmeiri með betri nýtingu úrgangs við hraðfrystingu, og er slíkt þegar í undirbúningi. Er að vísu lítils háttar gert ráð fyrir umbótum í þessu efni í áætlunum þeim, er hér fara á eftir, þar sem reiknað er með, að 40% af fiskinum slægðum notist sem hraðfryst fiskflök í stað 37—38%, sem nú er algengast. Einnig mætti nefna það, sem raunar er enn meira atriði um þessi efni, að búast má við því, að síldarlýsið mundi verða allt að því helmingi verðmætara, ef það yrði hreinsað og hert, í stað þess að nú er það flutt út óhreinsað. Margt fleira er þessu líkt, sem ekki hefur þótt fært að reikna með í áætlunum þeim, sem á eftir fara.

Hins vegar hefur þótt sjálfsagt að gera ráð fyrir, að breytingar yrðu á því, hvernig aflinn skiptist í markaðsvörur eftir tilreiðslu hans. Sumt af þessu er fyrirsjáanlegt að meira eða minna leyti, þótt ekki verði um það gerðar áætlanir af neinni nákvæmni. Sem dæmi þeirra breytinga, sem fyrirsjáanlegar má telja, er það, að gera verður ráð fyrir mjög aukinni söltun síldar frá því, er verið hefur, eða þá að öðrum kosti nýrri verkun síldarinnar sem matvöru, og mundi þá óhætt að gera ráð fyrir, að síldin yrði a. m. k. eins verðmæt með þeirri nýju verkun og söltun. Ástæðan til þess, að síld, er veiðzt hefur undanfarin ár, hefur því nær öll farið í bræðslu, er sú, að við höfum ekki getað náð til markaðslandanna fyrir saltaða síld og eigi heldur getað fengið tunnur eða efni í tunnur undir síld nema mjög takmarkað. En þessari markaðslokun mun nú brátt lokið, og þykir þá eigi mjög djarft að áætla, að við getum selt árlega um 500 þús. mál, verkað sem saltsíld, niðurlagt í dósir, soðið niður o. s. frv. Þann síldarafla, sem er umfram þetta, er hins vegar líklegt, að verði að bræða á líkan hátt og verið hefur, og er það áætlað þannig hér á eftir. — Um þorskaflann er það að segja, að gera má ráð fyrir því sem nærri sjálfsögðu, að markaður fyrir ísvarinn fisk þrengist að verulegum mun. Í áætlunum hér á eftir er ráð fyrir gert, að útflutningur á ísvörðum fiski minnki af þessum sökum um nálega helming frá því, er var síðast

liðið ár, eða niður í 70 þúsund tonn, en það svarar til hér um bil 100 þús. tonna af nýjum fiski upp úr sjó. Um þetta atriði er vitanlega mjög blint í sjóinn rennt, og reyndar sýnist hætta á, að markaður fyrir ísvarinn fisk þrengist mun meira en þetta, ef á það er litið, hversu þröngur þessi markaður var fyrir stríðið. Það af togaraaflanum, sem ekki er selt sem ísvarinn fiskur, verður eins og nú horfir að selja sem saltfisk eða harðfisk, og er hér ráð fyrir því gert. Til þess að gera sér hægara fyrir um útreikninga, er hér allur sá afgangsafli reiknaður sem saltfiskur. Mundi og fást mjög svipað verð fyrir sama fiskmagn sem harðfisk, ef gert er ráð fyrir sama hlutfalli á verði saltfisks og harðfisks og var þau ár, er harðfiskur var helzt seldur úr landi héðan. Ekki er gert ráð fyrir í þessum áætlunum, að nokkuð af bátafiski verði selt sem ísfiskur, en allt að 150 þús. tonn bátafisksins sé hraðfryst, en hitt verkað sem saltfiskur. Því þykir ekki rétt að gera ráð yrir, að meira bátafisksins en 150 þús. tonn sé verkað sem hraðfrystur fiskur, að varla er hægt að gera ráð fyrir því, að hraðfrystihúsin verði miðuð við afla hverrar verstöðvar eins og hann verður mestur á vertíð hverri, heldur við meðalafla vertíðarinnar í meðalaflaári eða tæplega það, og mundi þá nokkuð af fiskinum ganga af til saltfiskverkunar í aflahrotunum, og því meira sem aflinn verður meiri yfir vertíðina.

Við áætlanir þær, er hér fara á eftir, er því þessum reglum fylgt:

Afli.

Reiknað er með því, að síldarafli skipa í ýmsum stærðarflokkum verði um það bil 20% hærri en meðalafli skipa í þeim stærðarflokki var árin 1937—45, samkvæmt eftirfarandi töflu.

Afli í málum (135 kg).

Stærð skipa	Meðaltal 1937—'45	Áætlað 1951
20—39 smálesta skip	5300	6400
40 smál. skip og stærri	8500	10200

Reiknað er með því, að þorskfiskafli skipa í ýmsum stærðarflokkum verði líkur og verið hefur árin 1944—45.

Verð.

Bæði síldfiski og þorskfiski er áætlað með líku verði og verið hefur 1946, eftir því sem frekast var vitað, þegar þessi áætlun var gerð.

Skipting aflans.

Síldinni sé skipt þannig, að til söltunar eða annarrar þeirrar verkunar, sem skilar jafnmiklu verðmæti fyrir hvert mál, séu tekin frá 500000 mál, en hitt brætt.

Þorskfiski sé skipt þannig, að 70000 tonn sé flutt út ísvarið, en 150000 tonn sé fryst, afgangurinn sé saltaður, eða unninn á annan hátt, er skili jafnmiklu verðmæti á tonn af slægðum fiski.

Áætlun I.

Floti samkv. áætlun I, áætluð veiði (án síldar) 426000 tonn, slægður fiskur með haus, áætlaður síldarafli 3380000 mál.

Magn	Framleiðsluverðmæti
Ísfiskur 70000 tonn á kr. 1200	84.0 millj. kr.
Freðfiskur 60000 tonn á kr. 2450	147.0 — —
Saltfiskur 100000 tonn á kr. 1700	170.0 — —
Lýsi 12500 tonn á kr. 4500	56.0 — —
Fiskimjöl, hrogn o. fl.	8.0 — —
Alls	465.0 millj. kr.

Síld.

Magn	Framleiðsluverðmæti
Söltuð, niðurs. og öðruv. verkuð, 500000 mál á kr. 160.00	80.0 millj. kr.
Síldarmjöl (22 kg úr máli), 63000 tonn á kr. 700.00 ..	44.0 — —
Síldarlýsi (22 kg úr máli). 63000 tonn á kr. 1600.00 ..	101.0 — —
Alls	225.0 millj. kr.
Framleiðsluverðmæti alls	690.0 millj. kr.

Áætlun II.

Floti samkv. áætlun II, áætluð veiði (án síldar 428000 tonn slægður fiskur með haus, áætlaður síldarafli 2560000 mál.

Magn	Framleiðsluverðmæti
Ísfiskur 70000 tonn á kr. 1200	84.0 millj. kr.
Freðfiskur 60000 tonn á kr. 2450	147.0 — —
Saltfiskur 100000 tonn á kr. 1700	170.0 — —
Lýsi 12500 tonn á kr. 4500	56.0 — —
Fiskimjöl, hrogn o. fl.	8.0 — —
Alls	465.0 millj. kr.

Síld.

Magn	Framleiðsluverðmæti
Söltuð, niðurs. og öðruv. verkuð, 500000 mál á kr. 160.00	80.0 millj. kr.
Síldarmjöl (22 kg úr máli), 45000 tonn á kr. 700.00 ..	32.0 — —
Síldarlýsi (22 kg úr máli). 45000 tonn á kr. 1600.00 ..	73.0 — —
Alls	185.0 millj. kr.
Framleiðsluverðmæti alls	650.0 millj. kr.

Áætlun III.

Floti samkvæmt áætlun III, áætluð veiði (án síldar), 501000 tonn slægður fiskur með haus, áætlaður síldarafli 3990000 mál.

Magn	Framleiðsluverðmæti
Ísfiskur 70000 tonn á kr. 1200	84.0 millj. kr.
Freðfiskur 60000 tonn á kr. 2450	147.0 — —
Saltfiskur 133000 tonn á kr. 1700	226.0 — —
Lýsi 14700 tonn á kr. 4500	66.0 — —
Fiskimjöl, hrogn o. fl.	10.0 — —
Alls	533.0 millj. kr.

Síld.

Magn	Framleiðsluverðmæti
Söltuð, niðurs. og öðruv. verkuð, 500000 mál á kr. 160.00	80.0 millj. kr.
Síldarmjöl (22 kg úr máli), 77000 tonn á kr. 700.00 ..	54.0 — —
Síldarlýsi (22 kg úr máli). 77000 tonn á kr. 1600.00 ..	123.0 — —
Alls	257.0 millj. kr.
Framleiðsluverðmæti alls	790.0 millj. kr.

Áætlun IV.

Floti samkv. áætlun IV, áætluð veiði (án síldar) 509000 tonn, slægður fiskur með haus, áætlaður síldarafli 3380000 mál.

Magn	Framleiðsluverðmæti
Ísfiskur 70000 tonn á kr. 1200	84.0 millj. kr.
Freðfiskur 60000 tonn á kr. 2450	147.0 — —
Saltfiskur 133000 tonn á kr. 1700	226.0 — —
Lýsi 14900 tonn á kr. 4500	67.0 — —
Fiskimjöl, hrogn o. fl.	10.0 — —
Alls	534.0 millj. kr.

Síld.

Magn	Framleiðsluverðmæti
Söltuð, niðurs. og öðruv. verkuð, 500000 mál á kr. 160.00	80.0 millj. kr.
Síldarmjöl (22 kg úr máli), 63000 tonn á kr. 700.00 ..	44.0 — —
Síldarlýsi (22 kg úr máli). 63000 tonn á kr. 1600.00 ..	101.0 — —
Alls	225.0 millj. kr.
Framleiðsluverðmæti alls	759.0 millj. kr.

Áætlun V.

Floti samkvæmt áætlun V, áætluð veiði (án síldar) 463000 tonn, slægður fiskur með haus, áætlaður síldarafli 2360000 mál.

Magn	Framleiðsluverðmæti
Ísfiskur 70000 tonn á kr. 1200	84.0 millj. kr.
Freðfiskur 60000 tonn á kr. 2450	147.0 — —
Saltfiskur 117000 tonn á kr. 1700	200.0 — —
Lýsi 13600 tonn á kr. 4500	61.0 — —
Fiskimjöl, hrogn o. fl.	9.0 — —
Alls	501.0 millj. kr.

Síld.

Magn	Framleiðsluverðmæti
Söltuð, niðurs. og öðruv. verkuð, 500000 mál á kr. 160.00	80.0 millj. kr.
Síldarmjöl (22 kg úr máli), 41000 tonn á kr. 700.00 ..	29.0 — —
Síldarlýsi (22 kg úr máli). 41000 tonn á kr. 1600.00 ..	66.0 — —
Alls	175.0 millj. kr.
Framleiðsluverðmæti alls	676.0 millj. kr.

Til þess að gera þessar áætlanir enn auðveldari til samanburðar og skilnings, skal það rifjað upp, að áætlun I og II er miðuð við fiskiflota, sem við líkan afla og verið hefur tvö síðastliðin ár mundi veiða um 500 þúsund tonn af þorskfiski óslægðum með haus, eða um 425 þús. tonn af slægðum fiski m. haus. Áætlun III og IV við fiskiflota, sem við sama afla mundi veiða um 600 þús. tonn af óslægðu, eða um 500 þús. slægðu. Áætlun V við fiskiflota, sem mundi veiða um 550 þús. tonn af óslægðu eða um 560 þús. slægðu. Munurinn á I og II og eins III og IV er sá, að í I og III er gert ráð fyrir að efla fiskiflotann frá því, sem nú er, aðallega með mótorskipum yfir 40 tonn, en í II, IV og V með togurum.

Hraðfrystihúsin.

Þegar fiskimálanefnd hóf starf sitt í ársbyrjun 1935, var raunverulega allt þorskfiski flutt út héðan annaðhvort saltað eða ísvarið. Reyndar var hér komið allstórt hraðfrystihús, Sænsk-íslenzka frystihúsið, sem hafði pækilfryst nokkuð af fiski, en útflutningur og sala á þeim fiski hafði misheppnazt svo, að það litla, sem selt hafði

verið á útlendum markaði, hafði verið selt sem sams konar vara og ísvarinn fiskur og jafnvel lægra verði. Það varð aðalhlutverk fiskimálanefndar að koma hér upp hraðfrystingu á fiski og afla þeirri vöru markaðs erlendis. Í fyrstu var þetta að mestu rekið sem eins konar tilraunastarfsemi, en þó var það komið á nokkuð fastan rekspöl fyrir ófriðinn. Nokkur hraðfrystihús, að vísu smávirk, höfðu þá verið reist, og öruggur markaður að vísu ekki mikill, hafði fengizt í Englandi. En eftir að ófriðurinn hófst, var í þessa slóðina farið. Fyrstu ófriðarárin reyndist nokkur tregða um markað fyrir hraðfrystan fisk, en árið 1941 tók mjög úr að greiðast, og síðan hefur hvert hraðfrystihúsið risið af öðru. Enn er gert ráð fyrir því, að þrengjast muni markaður fyrir ísvarinn fisk, og verði þá að auka hraðfrystingu og söltun fisks þess vegna, auk þess, sem gert er ráð fyrir auknum fiskiflota og auknum afla þar með á næstu árum. Verður af þessum sökum að gera sér það sem ljósast, hvers þau hraðfrystihús, sem við höfum nú, megna, og hverju þarf við að bæta, svo að ekki standi á að gera þann fisk, er á land berst, að hæfri söluvöru.

Samkvæmt skýrslu, sem fiskimálanefnd hefur látið í té, voru í byrjun aprílmánaðar 1946 fullfær frystihús eða frystihús í þann veginn að taka til starfa sem segir í eftirfarandi skýrslu:

Nöfn hraðfrystihúsa og staður 1/4 '46	Geymslurúm. Tonn af frystum flökum	Afköst á sólarhring Tonn af fr. flökum
Faxaflói og Suðurnes:		
Hraðfrystihús Grindavíkur, Grindavík	250	5
Hafnir h/f, Höfnum	250	7
Miðnes h/f,Sandgerði	950	15
Garður h/f, Sandgerði	50	9
Hraðfrystihús Gerðab., Garði	400	10
Frosti h/f, Keflavík	700	15
Hraðfrystistöð Keflavíkur, Keflavík	250	15
Jökull h/f, Keflavík	70	4
Hraðfrystihús Keflavíkur, Keflavík	450	17
Keflavík h/f, Keflavík	550	10
Karvel Ögmundsson, Ytri-Njarðvík	450	12
Eggert Jónsson, Innri-Njarðvík	1000	30
Vogar h/f, Vogum	250	10
Frost h/f, Hafnarfirði	400	12
Íshús Hafnarfjarðar h/f, Hafnarfirði	300	6
Hraðfrystihús Árna Böðvarssonar, Kópavogi	1200	10
Kirkjusandur h/f, Reykjavík	600	24
Ísbjörninn, Seltjarnarnesi, Reykjavík	1000	15
Hraðfrystistöðin h/f, Reykjavík	1800	16
Ísbjörninn (fiskimálanefnd), Reykjavík	150	8
Fiskur h/f, Reykjavík (Klapparstíg)	200	10
Sænsk-íslenzka frystihúsið, Reykjavík	4000	14
Haraldur Böðvarsson, Akranesi	1650	30
Heimaskagi h/f, Akranesi	600	20
Ís og Fiskur h/f, Akranesi	500	20
	18020	344
Breiðafjörður:		
Kaupfélag Stykkishólms, Stykkishólmi	140	5
Sigurður Ágústsson, Stykkishólmi	200	15
Hraðfrystihús Grundarfjarðar, Grundarfirði	300	7½
Hraðfrystihús Ólafsvíkur, Ólafsvík	300	15
Hraðfrystihús Hellissands, Hellissandi	240	5
	1180	47½

Nöfn hraðfrystihúsa og staður 1/4 '46	Geymslurúm. Tonn af frystum flökum	Afköst á sólarhring. Tonn af fr. flökum
Vestfirðir:		
Frosti h/f, Súðavík	200	7
Kaupfélag Ísfirðinga, Langeyri	140	8
Íshúsfélag Ísfirðinga, Ísafirði	500	10
Norðurtanginn h/f, Ísafirði	500	10
Hraðfrystihúsið h/f, Hnífsdal	150	5
Íshúsfélag Bolungavíkur, Bolungavík	200	5
Ísver h/f, Súgundafirði	100	5
Ísfell h/f, Flateyri	200	10
Snæfell h/f, Flateyri	200	7
Hraðfrystihús Dýrfirðinga, Þingeyri	300	15
Hraðfrystihúsið h/f, Bíldudal	400	10
Kaldbakur h/f, Patreksfirði	300	15
Hraðfrystihús Patreksfjarðar, Patreksfirði	250	10
	3440	117
Norðurland:		
Kaupfélag Langnesinga, Þórshöfn	110	4
Kaupfélag Þingeyinga, Húsavík	100	4½
Hraðfrystihús, Grímsey	400	10
Kaupfélag Eyfirðinga, Akureyri	700	4½
Kaupfélag Eyfirðinga, Hrísey	150	4½
Kaupfélag Eyfirðinga, Dalvík	50	4½
Kaupfélag Eyfirðinga, Ólafsfirði	40	4½
Hraðfrystihús Ólafsfjarðar, Ólafsfirði	200	10
Hraðfrystihús A. P., Siglufirði	230	7
Hraðfrystihúsið Ísafold, Siglufirði	250	7
Hrímnir h/f, Siglufirði	400	12
Kaupfélag Skagfirðinga, Hofsósi	200	5
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki	50	7½
Frystifélag Sauðárkróks h/f, Sauðárkróki	100	7½
Hólanes h/f, Skagaströnd	480	10
Kaupfélagið, Skagaströnd	80	3
Fjölnir h/f, Drangsnesi	200	9
Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Hólmavík	300	12
	4040	116½
Austfirðir:		
Hraðfrystihús Fáskrúðsfjarðar, Fáskrúðsfirði	270	7
Hraðfrystihús Eskifjarðar, Eskifirði	600	10
Íshúsfélag Norðfirðinga, Neskaupstað	300	10
Síldarbræðslan h/f, Seyðisfirði	250	10
	1420	37
Suðurland:		
Hraðfrystihús Eyrarbakka, Eyrarbakka	200	10
Hraðfrystihús Stokkseyrar, Stokkseyri	90	3
Hraðfrystistöð Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum	1500	45
Ísfélag Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum	1300	8
Fiskur og Ís h/f, Vestmannaeyjum	500	15
Hraðfrystihús Vöruhús, Vestmannaeyjum	300	10
	3800	91

Yfirlit:	Tala húsa	Geymslurúm, tn. af fr. flk.	Afköst á sólarhring, tn. af fr. flökum
1. Suðurnes og Faxaflói	25	18620	344
2. Breiðafjörður	5	1180	47
3. Vestfirðir	13	3440	117
4. Norðurland	18	4040	116
5. Austfirðir	4	1420	37
6. Suðurland	6	3800	91
	71	38500	752

Skýrsla þessi er gerð eftir heimildum frá eigendum frystihúsanna, og getur verið að geymslurúm og afkastageta frystihúsanna sé ekki alls staðar nákvæmlega fram talin eftir sömu reglum. En í aðalatriðum eru reglurnar um þau framtöl þær, að geymslurúmið er talið svo sem framast má verða og afköstin þannig, að gert er ráð fyrir, að unnið sé að frystingu allan sólarhringinn, og getur þó verið, að um framtal afkastanna sé sums staðar miðað við, að unnið sé eina vöku (dagsafköst), því ætti þess vegna að mega treysta, að afköstin eru ekki oftalin sem fyllstu afköst, en um það, hvað geymslurnar rúma, getur auðvitað nokkuð farið eftir því, með hverjum hætti umbúðir fisksins eru o. fl.

Eins og fyrr segir, eru flest frystihúsin reist á styrjaldarárunum. Þá mátti við öllu búast um það, hvernig takast mundi um flutning framleiðsluvörunnar frá húsunum, og oft var það svo, að geyma varð hann þar á annað missiri eða meir. Því eru geymslurúm frystihúsanna víða við það miðuð, að þau geti geymt alla framleiðslu ársins, og ætti það þó að vera þarflaust á friðartímum, ef séð er fyrir sæmilegum skipakosti til flutnings á henni til markaðslandanna. Sum frystihúsin, sem nú eru til, ætti því að mega gera nokkru afkastameiri, með því einu að fá mikilvirkari frystivélar, og mundi það geta sparað verulegar fjárupphæðir, þar sem geymslurnar eru mikill hluti af verði húsanna. Í öðrum frystihúsum mundi þetta hins vegar verða örðugt vegna þrengsla í vélahúsi og vinnusölum eða annarra svipaðra ástæðna.

Þó að vitað sé um afköst hraðfrystihúsanna á sólarhring, er ekki þar með fengin vitneskja um, hversu mikil raunveruleg afköst má ætla þeim yfir árið. Eins og kunnugt er, lætur nærri, að telja megi, að aðalvertíð á hverjum stað sé 3—4 mánuðir, en ekki getur það talizt reglubundið, nema helzt sunnan lands og vestan. En auk aðalvertíðarinnar er víðast um að ræða nokkurn og jafnvel allverulegan þorskafla aðra tíma árs. Hins vegar er á það að líta, að jafnvel á aðalvertíð ganga venjulega frá eigi allfáir dagar, er lítill eða enginn fiskur berst á land, ýmist fyrir gæftaleysi eða þá að svo dregur úr fiskgengd, að róðrar falla niður að verulegu leyti þess vegna. Þar sem ekki er hægt að geyma þann fisk, sem taka skal til frystingar, nema stuttan tíma, hlýtur frysting að falla niður öðru hverju af þessum sökum.

Samkvæmt rannsókn, sem nýbyggingarráð hefur látið gera um afkastagetu hraðfrystihúsanna árið 1944 og um raunveruleg afköst þeirra á sama ári, hafa frystihúsin við Faxaflóa eigi þurft nema 42 sólarhringa fullkomna starfrækslu, frystihúsin á Snæfellsnesi 41 sólarhring, á Vestfjörðum 39 sólarhringa, á Norðurlandi 21 sólarhring, á Austfjörðum aðeins 4 sólarhringa og frystihúsin á Suðurlandi 37 sólarhringa til þess að frysta allan þann afla, er þau tóku til vinnslu það ár. Að meðaltali á öllu landinu hefði ekki þurft að starfrækja frystihúsin nema tæplega 36 sólarhringa með fyllstu afköstum til þess að vinna úr því hráefni, sem þeim barst árið 1944.

En nú er ýmislegt, sem til athugunar kemur, ef leggja á þetta til grundvallar við að reikna út raunveruleg ársafköst. Fyrst er það, að nokkur hraðfrystihúsanna — og gætir þess mest á Norðurlandi — hafa fyrst og fremst það hlutverk að hægfrysta og geyma kjöt og þar næst að hraðfrysta og geyma beitu. Alls munu það vera nál. 10% af frystihúsunum, sem ýmist er ætlað þetta hlutverk aðallega eða að einhverju leyti, og hafa mörg þau frystihús ýmist verið lítið eða ekki starfrækt 1944 til fryst-

ingar á fiski til útflutnings. Annað er það, — og er það miklu mikilvægara, — að víða mun meiri áherzla hafa verið á það lögð 1944 að selja fisk í ís en að hraðfrysta. Það er því enginn efi á, að hraðfrystihúsin hefðu getað afkastað meiru árið 1944 en raun varð á, ef fyllsta kapp hefði verið lagt á starfrækslu þeirra. Hins vegar er þess að gæta, að aðstaða flestra þeirra til mikilla afkasta var að því leyti góð 1944, að af miklu hráefni var að taka.

Þegar alls er gætt, sýnist muni vera óhætt að ætla hraðfrystihúsunum sem ársafköst 50-föld hámarksafköst á sólarhring. Þó að þetta næðist ekki — og ekki nærri því — 1944, sýnist það eiga að vera sæmilega auðvelt að ná því, a. m. k. í flestum árum, ef áherzla er á slíkt lögð. Hins vegar sýnist ekki vogandi að ætla þeim meiri hlut, fyrr en einhver reynsla er fengin fyrir því, að slíkt sé óhætt. Samkv. þessu ætti því að mega ætla þeim hraðfrystihúsum, sem hinn 1. apríl 1946 voru tekin til starfa, ársafköst, sem nema um 37.5 þús. tonnum af frystum flökum. Eftir reynslunni 1944 ætti það að svara til ca. 92 þús. tonna af nýjum slægðum fiski með haus og ca. 110 þús. tonna af nýjum, óslægðum fiski.

Rétt þykir að benda á, að samkvæmt þessari áætlun um ársafköst frystihúsanna er geta þeirra til frystingar á fiskflökum á ári hverju nokkurn veginn jöfn getu þeirra til að geyma þessa framleiðslu þeirra. M. ö. o., þau gætu nokkurn veginn geymt ársframleiðslu sína, svo framarlega sem hægt væri að flytja fisk milli húsa og verstöðva, en í framtíðinni mun slíkt ekki verða leyft nema í örfáum tilfellum, þar sem slíkur flutningur milli verstöðva, að áliti fræðfiskmatsins, getur orsakað miklar skemmdir á vörunni.

Með þeirri aukningu fiskiflotans, sem ýmist er ráðin eða ráðgerð, verðum við auðvitað að auka frystihúsakostinn að miklum mun. Ef við fáum til veiða öll þau skip, sem eru í byggingu innanlands og utan, til aukningar fiskiflotanum, og eiga að vera komin til gagns fyrir vetrarvertíð 1947, má gera ráð fyrir, að um 220 þús. tonn miðað við slægðan fisk með haus veiðist á önnur skip en togara. Þar sem búast má við, að markaður fyrir ísvarinn fisk hljóti að þrengjast, er þörf á að geta tekið móti að minnsta kosti 150 þús. tonnum af þessum afla til hraðfrystingar þegar á næstu árum. Ef við gerum ráð fyrir þeirri eflingu fiskiflotans, er hér hefur verið ráð fyrir gert í öðrum áætlunum, þurfum við að vera viðbúnir að taka jafnvel enn meiri afla til hraðfrystingar frá 1951. Þó þykir ekki ástæða til þess fyrst um sinn, fram til 1951, að stefna að hærra marki með eflingu hraðfrystihúsanna en svo, að þau geti skilað um 60 þús. tonnum af hraðfrystum flökum á ári. En styrkar stoðir sýnast undir það renna, að við þurfum að ætla þeim svo mikinn hlut. Það mundi svara til 1200—1500 tonna afkasta húsanna samanlagt á sólarhring eða krefjast aukningar afkasta þeirra frá því, sem var 1. apríl 1946, um 60—100%.

Nokkuð af þessari aukningu er þegar í undirbúningi eða ráðgert. Fiskimálanefnd hefur í byggingu stórt frystihús í Reykjavík, og á það að geta hraðfryst 30 tonn af flökum á sólarhring, — og er þá samt aðeins miðað við 15 klst. starfrækslu, svo að raunar er réttara að telja afkastagetu þess húss um 40 tonn. Í undirbúningi er bygging álíka mikilvirks frystihúss í Neskaupstað. Telja má víst, að lokið verði byggingu þessara tveggja stóru frystihúsa fyrir árslok 1947. Þá mun og hafa komið til umræðu að hefja innan skamms tíma byggingu tveggja stórra frystihúsa, annars í Vestmannaeyjum, hins á Ísafirði, og á hvort þeirra að geta hraðfryst 30 tonn af flökum á sólarhring. Þegar þessi fjögur frystihús eru öll upp komin, er það viðbót við afkastagetu hraðfrystihúsanna, er nemur 120—130 tonnum af frystum flökum.

Auk þess eru í undirbúningi og til umræðu bygging smærri frystihúsa á ýmsum stöðum, sem enn hafa eigi komið upp frystihúsum. Þau frystihús eru flest fyrir smáútgerðarstöðvar, þar sem aðallega er rekin útgerð á opnum vélbátum (trillum) og smáum vélbátum, og er nauðsynlegt, að þau verði reist, ef útgerð á þessum stöðum á ekki að leggjast niður. Hins vegar er rétt að gera sér það ljóst, að ársafköst þessara fystihúsa hljóta að verða mjög lág, bæði móts við afköst þau, sem þeim eru ætluð á sólarhring hverjum, og móts við það fjármagn, sem í þau er lagt.

Þá er á það að líta, hvort ekki mundi mega auka afköst þeirra frystihúsa, sem þegar eru til, með því að auka vélakost þeirra, skipta um vélar (fá stórar fyrir smærri) eða með bættum útbúnaði og vinnubrögðum. Eftir því, sem kunnugir menn herma, eru mörg frystihúsanna þannig byggð, að erfitt er að auka vélakost þeirra eða setja í þau stærri vélar til þess að auka afköst þeirra að mun með því. Önnur, einkum sum nýjustu húsin, eru hins vegar auðveldari viðfangs að þessu leyti, og sum eru jafnvel þannig byggð, að til þess er ætlazt, að auðvelt sé að auka afköst þeirra með þessum hætti, og kæmi það þá að góðum notum, að þau hafa yfir miklum og góðum geymslum að ráða. Þvílík aukning á afkastagetu húsanna væri hin allra ákjósanlegasta. Stofnkostnaður við hana mundi verða a. m. k. helmingi minni en við þá aukningu, sem fengist með því að reisa frystihús af grunni, þar sem vélarnar eru aldrei fullkomlega helmingur af stofnkostnaði frystihúss. Þar að auki eru stór frystihús ódýrari í rekstri en smá, og það sem mestu varðar, við stórvirk frystihús er miklu auðveldara að koma við nýtingu á öllum fiskúrgangi en við hin smávirku. Eflaust má auka afköst frystihúsanna nokkuð með bættum útbúnaði og tækjum, svo sem færiböndum og flökunarvélum, sömuleiðis með bættum vinnuafköstum, en annars mundu allar slíkar umbætur fyrst beinast að því að koma fram sparnaði á vinnuafli við frystiiðnaðinn, Þó sýnist ekki til mjög mikils ætlazt, að með stækkun véla og bættum tækjum og starfsaðferðum mætti auka afköst þeirra frystihúsa, sem nú eru til, um a. m. k. 150 tonn á sólarhring og að við þá afkastaaukningu yrði stofnkostnaðurinn a. m. k. helmingi minni en við það að byggja ný frystihús með jafnmiklum afköstum. Enn sýnist þó vanta frystihús með 450 tonna afköst á sólarhring til þess að nægilega sé séð fyrir því, að ekki þurfi á hraðfrystingunni að standa, ef við viljum auka fiskiflotann og aflamagnið svo sem hér hefur verið ráð fyrir gert.

Búast má við, að þessi aukning á afköstum hraðfrystihúsanna, sem hér hefur verið talin nauðsynleg, þyki ærið stórkostleg og að menn geri ráð fyrir, að hún kosti miklar fjárupphæðir. En kostnaður við hana er alls ekki því líkur sem í fljótu bragði mætti við búast. Samkvæmt áætlun, sem fiskimálanefnd hefur gert um stofnkostnað frystihúsa, áætlar nefndin stofnkostnaðinn að meðaltali sem hér segir:

Afköst á sólarhring, tonn	Geymslurúm, tonn	Verð byggingar kr.	Verð véla kr.	Verð samtals kr.
5—6 tonn	300	225000	125000	350000
10—12 —	500	350000	225000	550000
35—40 —	1500	750000	600000	1350000

Að áliti ráðsins munu þessar áætlanir vera í lægra lagi, sérstaklega með tilliti til þeirrar hækkunar á vinnulaunum, sem átt hefur sér stað síðan þær voru samdar, en með því að gera ráð fyrir því, að nokkur hluti afkastaaukningar hraðfrystihúsanna megi verða án verulegrar aukningar á geymslurúmi, en að öðru leyti verði afkastaaukningin aðallega með byggingu stórra frystihúsa, má gera ráð fyrir, að 750 tonna afkastaaukning á sólarhring þyrfti samt ekki að kosta meira en ca. 45 millj. kr. miðað við núgildandi verðlag. Allverulegur hluti vélanna er innlend smíði, svo að líklega kæmi ekki yfir ⅓ af þessum stofnkostnaði á nýbyggingarreikning, eða ca. 15 millj. króna. En vitanlega þyrfti auk þess að greiða allverulegan hluta af byggingarkostnaðinum, þ. e. verð timburs, sement o. fl. efnisvörur, með erlendum gjaldeyri, svo að gera má ráð fyrir, að þessi aukning mundi kosta alls í erlendum gjaldeyri 20—25 millj. kr., þ. e. ca. helmingur stofnkostnaðar aukningarinnar á afkastagetu frystihúsanna yrði að greiðast í erlendum gjaldeyri. Enn er þess að geta, að hagkvæmt mundi þykja og allt að því sjálfsagt við hin stærri frystihús að hafa tæki til ísframleiðslu og ca. 200 tonna ísgeymslu. Auknar byggingar þess vegna eru áætlaðar fyrir hvert hús ca. 120000 kr. og vélar 150000 kr. En þetta ber að skoða sem aðra aukningu við hraðfrystihúsin en þá, sem hér hefur verið til umræðu.

Eins og högum okkar er nú komið, sýnist stofnkostnaður hraðfrystihúsanna

því ekki svo geysilegur, að hann þurfi að standa okkur verulega í vegi fyrir því, að afköst þeirra í heild séu aukin eins og þörfin kallar. Hins vegar mætti sýnast nokkur hætta á, að okkur gæti skort mannafla til starfrækslu þeirra, þegar hún færist í aukana með auknum fiskiflota og aukinni sókn á fiskveiðar. Eins og starfrækslu frystihúsanna er háttað nú, mun það láta nærri, að við hús, sem frystir um 10 tonn af flökum á sólarhring, sé starfsfólkið alls um 40, og að af því sé um ⅔ fullvinnandi karlar, hitt konur og unglingar. Þetta er þó talsvert misjafnt eftir því, hversu mikilli hagsýni er beitt við starfræksluna og hve góð vinnuskilyrði eru á hverjum stað. En ef meðaltal er tekið, mundi starfsfólkið líklega frekar reynast fleira en færra en þetta við hús af þessari tilgreindu stærð. Við frystihús, sem afkasta minna en 10 tonnum á sólarhring, þarf hlutfallslega heldur fleira fólk móts við afköstin, en heldur færra fólk móts við afköst, ef húsin eru stærri. Samkvæmt þessu virðist þurfa um 3000 manns í vinnu við frystihús þau, sem nú eru komin upp, ef þau væru starfandi öll í senn, þar af 200 fullvinnandi karlmenn. Hér er að vísu alls ekki um fullkomið ársstarf að ræða fyrir allt þetta fólk, en mestur hluti þess þarf að vera viðbúinn því að geta mætt til starfs í frystihúsunum, hvenær sem til þess er kallað, yfir aðalvertíðina a. m. k. um allt að fjögurra mánaða tíma á S.-vestur- og Vesturlandi, en þar er fiskimagnið mest frá janúarbyrjun til miðs maímánaðar. — Jafnvel þó að við gerðum ráð fyrir, að sú afkastaaukning hraðfrystihúsanna, sem hér hefur verið talin nauðsynleg á næstu árum, yrði að mjög verulegu leyti fólgin í stækkun þeirra, sem fyrir eru, og byggingu stórra frystihúsa, verðum við að gera ráð fyrir, að fjölga yrði starfsfólkinu um a. m. k. 2000 manns að óbreyttum vinnubrögðum við hraðfrystinguna. Þó er ekki þar með gert ráð fyrir nokkrum umbótum á nýtingu fisksins frá því, sem nú er, en þar er einmitt geysilegt verkefni fyrir höndum. Þetta ætti okkur ekki að verða óviðráðanlegt, þar sem vinna í hraðfrystihúsum þeim, sem vinna með nýtízku tækjum getur orðið að allverulegu leyti framkvæmd af kvenfólki.

En til þess að svo geti orðið, þarf stórum bætt vinnuskilyrði og vinnuaðferðir við hraðfrystinguna. Enginn efi er á því, að í þeim efnum mætti gera stórkostlega hluti á stuttum tíma. Kunnur útgerðarmaður, sem nýlega hefur fengið góðan færibandsútbúnað í frystihús sitt, hefur í fögnuði sínum yfir þeirri umbót sagt, að eftir að frystihúsið hafi fengið þennan bætta umbúnað, geti það eins auðveldlega tekið 50 tonn af fiski til verkunar með 50 manna starfsliði eins og það hafði áður — án færibandanna — tekið á móti 45 tonnum með 85 manna starfsliði. Þetta væri nú hvorki meira né minna en allt að 90% starfsaukning vegna færibandanna, eða ef það væri tekið á hinn veginn, allt að 45% vinnusparnaður. En enginn efi er á, að draga má talsvert frá því, sem hér hefur verið haft eftir útgerðarmanninum, fyrir fögnuðinum yfir góðri umbót. En óhætt mun að mega gera ráð fyrir a. m. k. 25% vinnusparnaði við sömu afköst, og er réttara við það að miða, þar sem ekki er hægt að auka hámarksafköst frystihúsanna með færiböndunum einum saman. Þá er og fullvíst, að koma má við geysilegum vinnusparnaði í frystihúsunum með flökunarvélum, en ekki er reynsla fyrir því fengin, hve miklu sá sparnaður gæti numið. En því fer fjarri, að óhugsandi sé, að svo miklum vinnusparnaði megi koma við í frystihúsunum, að afköst þeirra aukist um helming eða meir án fjölgunar á starfsfólki.

Vegna þeirrar hættu, að æskileg efling sjávarútvegsins hér á landi geti stöðvazt vegna skorts á vinnuafli, er nauðsynlegt að taka fyrst og fremst til athugunar í sambandi við aukningu afkastagetu frystihúsanna:

1. Að tekin séu upp færibandakerfi í sem flestum hraðfrystihúsum og að flökunarvélum sé komið fyrir í fiskmóttökustöðum á hinum stærri útgerðarstöðum, en minni flökunarvélum komið í hraðfrystihús á þeim stöðum, þar sem aðeins er um eitt hús að ræða.
2. Að tekin sé upp ákvæðisvinna með vökuskiptum við hraðfrystihúsin.
3. Að stefnt sé að því, að ekki séu byggð hér eftir minni hraðfrystihús en að þau geti fryst 30—40 tonn af flökum á sólarhring, nema hvað undantekningar mætti gera

frá þessari reglu á smáverstöðvum, þar sem afli allra fiskiskipa er úr verstöðinni sækja, er minni samanlagt en þetta. Í sambandi við öll frystihús, sem hér eftir eru reist, sé sem fullkomnust vinnsla á öllum innyflum, beinum og öðru því, sem nú er kallaður „úrgangur“ úr fiskinum.

Síldveiði og síldarverksmiðjur.

Í eftirfarandi kafla hefur síldveiði sú, sem gera má ráð fyrir á veiðiskipaflotann samkvæmt áætlunum I—V, verið reiknuð út, og afkastaketa sú, sem síldarverksmiðjurnar yrðu að hafa til að geta annað því magni, verið áætluð.

Áætlunin um veiðina byggir á þeirri athugun um síldarafla skipa af ýmsum stærðum í meðalaflaári, sem gerð er grein fyrir í kaflanum um síldarafla flotans (bls. 35), og á athugun, sem ráðið hefur látið gera um veiði í góðu aflaári (1944).

Í eftirfarandi töflu sjást niðurstöður þessara útreikninga. Hefur síldveiðin þar verið reiknuð út bæði samkvæmt meðalafla áranna 1937—45, að viðbættum 20% og samkvæmt afla ársins 1944. Reiknað hefur verið með því, að allir vélbátar 40 smálestir og stærri verði á síldveiðum og ⅓ hluti báta af stærðinni 20—39 smálestir.

Afli í málum.

	Bátar alls	Bátar og allir botnvörp.
Áætlun I:		
Afli 1937—45	3380000 mál	4200000 mál
Afli 1944	4200000 —	5300000 —
Áætlun II:		
Afli 1937—45	2560000 —	3700000 —
Afli 1944	3200000 —	4600000 —
Áætlun III:		
Afli 1937—45	3990000 —	5000000 —
Afli 1944	5000000 —	6400000 —
Áætlun IV:		
Afli 1937—45	3380000 —	4700000 —
Afli 1944	4200000 —	6000000 —
Áætlun V:		
Afli 1937—45	2360000 —	3700000 —
Afli 1944	3000000 —	4700000 —

Miðað við þann síldarafla, sem raunverulega hefur veiðzt mestur hér við land, en hann var um 1500000 mál árið 1944, er hér um gífurlega aukningu að ræða, eða nokkuð minna en þreföldun samkvæmt áætlunum I og IV, og meira en þreföldun samkv. áætlun III, allt miðað við svipuð aflabrögð á skip og var sumarið 1944. Í öllum tölunum í þessum yfirlitum hefur verið gert ráð fyrir ⅓ af bátaflotanum í stærðarflokkunum 20—39 smál. á síldveiðum, en sé reiknað með helmingi hans á veiðum, verða allar tölurnar að hækka um 135000 í meðalári og 180000 í hámarksári í áætlunum I—IV og um 175000 í meðalári og 238000 í hámarksári í áætlun V.

Hér að framan hefur verið áætlað allt það síldarmagn, sem veiðist, en ekki það, sem á að fara í bræðslu. Það magn verður nú áætlað hér með því að gera ráð fyrir að 500000 mál verði verkuð á annan veg og dragist þess vegna frá. Með þeim forsendum verður það síldarmagn, sem fer til bræðslu samkvæmt hinum ýmsu áætlunum, eins og eftirfarandi yfirlit sýnir:

Síld í bræðslu.

	Bátar alls	Bátar og allir botnvörp.
Áætlun I:		
Afli 1937—45	2880000 mál	3700000 mál
Afli 1944	3700000 —	4800000 —
Áætlun II:		
Afli 1937—45	2060000 —	3200000 —
Afli 1944	2700000 —	4100000 —

	Bátar alls	Bátar og allir botnvörp.
Áætlun III:		
Afli 1937—45	3490000 —	4500000 —
Afli 1944	4500000 —	5900000 —
Áætlun IV:		
Afli 1937—45	2880000 —	4200000 —
Afli 1944	3700000 —	5500000 —
Áætlun V:		
Afli 1937—45	1860000 —	3200000 —
Afli 1944	2500000 —	4200000 —

Samkvæmt rannsókn, sem ráðið hefur látið gera um væntanlega afkastagetu síldarverksmiðjanna næsta ár (1947), mun afkastageta verksmiðjanna, að Skagastrandarverksmiðjunni og stækkun Rauðku meðtalinni, vera um það bil 3600000 mál yfir síldveiðitímann, og er þá gert ráð fyrir sama hlutfalli milli sólarhringsafkasta og heildarvinnslu og var 1944. Þessi afkastageta reyndist vera nóg fyrir þann flota, sem gert var ráð fyrir á síld 1946, jafnvel þótt um hámarksafla hefði verið að ræða. Í eftirfarandi yfirliti sést, hve afkastageta síldarverksmiðjanna þyrfti að aukast mikið til þess að geta annað þeim bræðslusíldarafla, sem gert er ráð fyrir í hinum ýmsu áætlunum.

Aukning afkastagetu síldarverksmiðjanna í málum.

	Bátar alls	Bátar og allir botnvörp.
Áætlun I:		
Afli 1937—45	0 mál	100000 mál
Afli 1944	100000 —	1200000 —
Áætlun II:		
Afli 1937—45	0 —	0 —
Afli 1944	0 —	500000 —
Áætlun III:		
Afli 1937—45	0 —	900000 —
Afli 1944	900000 —	2300000 —
Áætlun IV:		
Afli 1937—45	0 —	0 —
Afli 1944	100000 —	1900000 —
Áætlun V:		
Afli 1937—45	0 —	0 —
Afli 1944	0 —	600000 —

Sé reiknað með, að vinnslutími verksmiðjanna sé um 50 dagar, en það er það hlutfall, sem hér hefur verið gert ráð fyrir, verður að bæta við sólarhringsafkastagetu verksmiðjanna sem eftirfarandi yfirlit sýnir:

Aukning afkastagetu á sólarhring í málum.

	Bátar alls	Bátar og allir botnvörp.
Áætlun I:		
Afli 1937—45	0 mál	2000 mál
Afli 1944	2000 —	24000 —
Áætlun II:		
Afli 1937—45	0 —	0 —
Afli 1944	0 —	10000 —
Áætlun III:		
Afli 1937—45	0 —	18000 —
Afli 1944	18000 —	46000 —
Áætlun IV:		
Afli 1937—45	0 —	0 —
Afli 1944	2000 —	38000 —

Áætlun V:	Bátar alls	Bátar og allir botnvörp.
Afli 1937—45	0 —	0 —
Afli 1944	0 —	12000 —

Af þessu er ljóst, að sú afkastageta, sem verksmiðjurnar munu hafa á næsta ári, er hér um bil næg til þess að taka á móti bræðslusíldarafla á meðalári frá öllum þeim skipaflotum, sem hér er gert ráð fyrir í áætlununum. Í hámarksaflaárum — og við það verður að miða afkastagetu síldarverksmiðjanna, vantar á hinn bóginn talsvert á, að núverandi afkastageta sé nægileg. Það virðist á hinn bóginn ekki sennilegt, að hinir nýju stóru togarar, 520 smálestir, verði sendir á síldveiðar, nema þá því aðeins, að veiðiaðferðir stórbreytist eða síldin verði veidd lengra frá landinu en nú er. Það er því varla ástæða til að reikna með þeim 30 togurum af þessari stærð, sem þegar er vitað að komi, á síldveiðum næstu árin, þar sem reiknað var með því, að um 580000 mál veiddust á þessa 30 togara, virðist því réttara að draga þá frá, en reikna fyrst um sinn, þar til nánara verður ákveðið um stærð þeirra togara, sem væntanlega bætast flotanum umfram þessa 30, með þeirri viðbót. Viðbót við afkastagetu síldarverksmiðjanna yrði þá að verða 14000 mál samkvæmt áætlun I, 26000 samkvæmt áætlun IV, 36000 samkvæmt áætlun III, og engin samkvæmt áætlunum II og V. Sé aðeins reiknað með bátunum, en engum togurum, er viðbótin allmiklu minni, eða 2000 mál samkvæmt áætlunum I og IV, 18000 samkvæmt áætlun III og engin samkvæmt áætlunum II og V.

Þessar aukningar eru ekki stórvægilegar, jafnvel sú hæsta, 36000 mál, er minni en sú afkastaaukning, sem orðið hefur á árunum 1945 og 1946, sem mun vera nálægt 38000 mála afköst á sólarhring. Hitt verður þó einnig að taka til greina, að þó að heildarafköst verksmiðjanna séu nóg til að taka á móti heildaraflanum, þá er ekki víst, að nóg sé til af verksmiðjum á hverjum landshluta til að taka á móti aflahrotunum þar. Það getur verið, að afköst verksmiðjanna verði að vera nokkru meiri en þyrfti til að taka á móti öllum aflanum, til þess aðeins að dreifing þeirra eftir ströndinni verði nægilega mikil. Það er þá sérstaklega Norðausturlandið, sem kemur til greina, en þar eru nú á Seyðisfirði, Raufarhöfn og Húsavík verksmiðjur með aðeins um það bil 6500 mála afköstum á sólarhring.

Allir þessir útreikningar byggjast á þeim afla, sem veiddist á báta af ýmsum stærðum 1937—45. Mörg þessara ára er vitað, að aflinn hefði getað orðið að verulegu leyti hærri, ef afköst síldarverksmiðjanna hefðu verið meiri. Þetta hefur hér ekki verið tekið með í reikninginn, þegar miðað er við árið 1944, þótt nokkurt tillit til þess hafi verið tekið, þegar miðið er við meðalafla á skip eftir reynslu áranna 1937—45, með því að hækka áætlaðan afla um ca. 20%, eins og nefnt var að framan. Það má því búast við, að aukning síldarverksmiðjanna þurfi að verða þó nokkru hærri en hér hefur verið gert ráð fyrir. Um það er ekki hægt að segja, hve miklu þetta nemur, en reynsla næstu ára verður að skera úr um það, hversu langt þarf að fara í verksmiðjubyggingum umfram það, sem hér hefur verið gert ráð fyrir. Hér hefur ekki heldur verið tekið tillit til þess, að sumar verksmiðjanna eru orðnar gamlar, óhentugar og úr sér gengnar og verða að endurnýjast af þeim ástæðum. Hér er þó raunverulega ekki um mjög mikið að ræða, þar sem þær verksmiðjur, eins og Krossanesverksmiðjan, sem sennilega verða ekki reknar í sumar, hafa ekki verið taldar með í heildarafköstum verksmiðjanna. Hér er því sennilega ekki um miklu meir að ræða en gömlu verksmiðjuna á Raufarhöfn, 1200 mál, og verksmiðjurnar á Húsavík og Seyðisfirði, samtals 1000 mál, eða alls um 2000—3000 mál.

Hafnargerðir, fiskmóttökustöðvar og verbúðir.

Hafnargerðir.

Samkvæmt framanskráðum áætlunum er ráð fyrir gert að efla skipaflota Íslendinga stórkostlega, og er það nú þegar að miklu leyti komið til framkvæmda eða verið að framkvæma. Þykir nú auðsætt, að óhjákvæmilegt verði annað en gera mynd-

arlegt átak í hafnarmálum landsmanna. Undanfarin ár hefur venjan verið sú að veita fé til opinberra framkvæmda nokkuð í hlutfalli við það, er áður tíðkaðist, en ekki að veita til dæmis meira fé til hafnarmannvirkja, en aftur minna til vegagerða, símalagninga o. m. fl.

Nýbyggingarráð er þeirra skoðunar, að fyrst og fremst þurfi að veita fé til að bæta hafnarskilyrði á hinum ýmsu stöðum kringum landið, en láta aðrar opinberar framkvæmdir heldur sitja á hakanum í bili.

Eitt af fyrstu skilyrðunum fyrir því, að bátafloti landsmanna skili miklum afla, arði og gjaldeyri, er, að hafnarskilyrði fyrir þennan stóra fiskiflota séu góð og þá um leið aðbúnaður í landi til að taka á móti aflanum, en um það hefur verið rætt í öðrum köflum hér að framan sérstaklega. Svo þarf að bæta og víða að byggja að nýju verbúðir, beitingarpláss og aðgerðarhús, þar sem svo hagar til, að bátar róa daglega úr landi (landróðrarbátar) og koma með afla að kvöldi. Má gera ráð fyrir, að þeir útgerðarmenn, sem næg fjárráð hafa, leysi þetta vandamál hver á sínum stað, en víðast hvar mun hagur útgerðarmanna eigi leyfa neinar stórframkvæmdir á þessu sviði, og verður því óhjákvæmilegt annað en hið opinbera hafi hér um fulla forgöngu.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um hafnargerðir og lendingarbætur. Eru þar 3 hafnir, sem ætlað er, að ríkissjóður greiði ⅖ af kostnaði við byggingu, en ábyrgist ⅗. Í annan máta er ráð fyrir gert, að á 68 stöðum greiði ríkissjóður helming kostnaðar við lendingarbætur, en ábyrgist hinn helminginn. Hins vegar er í lögum þessum — af eðlilegum ástæðum — ekkert um það, á hvaða staði skuli leggja mestu áherzluna.

En með tilliti til hins stóraukna skipaflota og hinna sérstaklega auðugu fiskimiða á vissum stöðum hér við land vill nýbyggingarráð leggja áherzlu á, að sérstakir staðir verði teknir út úr og nægu fé veitt til tafarlausra framkvæmda þar og vinnu við hafnarmannvirki á þeim hraðað svo sem frekast er unnt. Enn fremur að bæta við einum stað, sem er Rif á Snæfellsnesi.

Skulu nú þessir staðir athugaðir hver fyrir sig. Koma þá fyrst til greina þessir tveir staðir: Höfn í Hornafirði og Rif á Snæfellsnesi, þar sem ráðið telur, að byggja beri landshafnir. Höfn í Hornafirði er gamall útgerðarstaður, og hafa margir Austfjarðabátar haft þar viðlegu, en aðeins takmörkuð stærð báta getur komizt þar að vegna hinna illu hafnarskilyrða. Við Suðausturlandið eru einhver hin aflasælustu mið við strendur þessa lands, og margir eru þeirrar skoðunar, að á vetrarvertíðinni sé þorskmergðin þarna mest og dreifð um mjög stórt svæði. Gengur fiskurinn þarna alveg fast að landi, og má geta þess, að lýsið úr honum er hið allra verðmætasta sökum hinna miklu bætiefna, sem lifrin inniheldur.

Útgerð þarna hefur gengið saman hin síðustu ár sökum þess, að smærri bátarnir ganga úr sér og lítið aukið við, og einnig erfitt að fá mannafla á þá, en eins og áður segir, ómögulegt að gera þarna út stóra mótorbáta.

Við höfum ekki efni á því lengur að láta þessa gullkistu við Suðausturlandið vera að mestu lokaða. Við verðum að opna hana. Og er þá fyrst að skapa bátum skilyrði bæði hvað snertir góða og örugga höfn sem og góða aðbúð í landi. Má eflaust gera ráð fyrir, að a. m. k. 50—75 mótorbátar gætu haft þarna viðlegu á vetrarvertíð, og má fullvíst telja, að hlutur þeirra yrði eigi minni en víða annars staðar.

Skal þá næst nefnt Rif á Snæfellsnesi. Samkvæmt upplýsingum vitamálaskrifstofunnar hefur hafnarstæði þarna verið athugað, og benda þær rannsóknir í þá átt, að bátahöfn fyrir hina venjulegu fiskibáta okkar (frá 35—70 tonn) sé þarna hin ákjósanlegasta, með ekki afar miklum kostnaði við byggingu hafnargarða. Landrými að höfninni er mikið, og staðurinn liggur við hin fiskauðugu mið í kringum Snæfellsnes. Geta 50—60 tonna bátar sótt á mið norður á Breiðafjörð, út af Snæfellsnesi og suður fyrir „Nesið“.

Að þessu athuguðu er það skoðun nýbyggingarráðs, að á Alþingi því, er nú situr, eigi að lögfesta að byggja landshöfn á báðum þessum stöðum, þannig að framkvæmdir geti hafizt strax á næsta ári.

Eins og kunnugt er, er þegar hafinn undirbúningur að hafnargerð í Þorlákshöfn. Hafa sýslunefndir Árnes- og Rangárvallasýslu ásamt áhugamönnum austanfjalls hafizt handa um framkvæmd málsins. Mun verkinu eflaust verða haldið áfram á næstu árum, en nýbyggingarráð telur, að í Þorlákshöfn þurfi að hraða mjög framkvæmdum og sjá þurfi um, að nægilegt fé verði fyrir hendi til þessara framkvæmda.

Úti fyrir Þorlákshöfn liggja auðug fiskimið, einhver auðugustu fiskimið þessa lands á vetrarvertíðum, en hafnleysið við alla suðurströnd landsins, að Vestmannaeyjum einum undanteknum, hefur hamlað sjósókn á þessi mið og þar með nýtingu miðanna. Á þessu þarf að verða breyting, og verður að vinna markvisst að því, að bæta fyrst og fremst hafnarskilyrðin, þar sem mest er fengs von.

Þessar 3 hafnir, sem áður hafa verið nefndar, liggja allar að auðugum fiskimiðum, og þess vegna leggur nýbyggingarráð fyrst og fremst áherzluna á þessa 3 staði. Ýmsir halda því fram, að frekar bæri að efla hafnarskilyrði við Faxaflóa, svo að hinir mörgu bátar víðs vegar af landinu gætu haft aðsetur hér á vertíð. Þessi rök eru á fullum misskilningi byggð, og er þá bezt að spyrja fiskimennina sjálfa um álit þeirra á því að stefna mestum mótorbátaflota landsmanna á einn stað. Er enginn efi á því, að svarið yrði á þá leið, að slikt væri alveg ótækt. Sá bátafloti, sem undanfarið hefur stundað veiðar á veiðistöðvunum við Faxaflóa, er það stór, að ekki má miklu við bæta, til að svo verði þröngt á miðunum í Faxaflóa og út af Reykjanesi, að vandræði hljótist af. Afli verður tregari og veiðarfæratjón alltaf miklu meira, þegar þröngt er á þeim miðum, þar sem allir bátar róa með línu.

Það er því skoðun nýbyggingarráðs, að þessum stóra fiskiskipaflota þurfi á vetrarvertíðinni markvisst að dreifa á þá staði, sem auðugustu fiskimiðin liggja að. Má skipta þessum veiðisvæðum aðallega í fernt:

1. Faxaflói og miðin út af Reykjanesi.
2. Miðin í kringum Snæfellsnes og á Breiðafirði.
3. Miðin suður af Reykjanesi og austur með landinu og Selvogsbanka.
4. Miðin við Suðausturlandið.

Öll þessi svæði þurfum við að hagnýta eftir því, er bezt verður á kosið, og þyrftu sem fyrst að koma góðar hafnir á alla þessa staði, með góðum skilyrðum í landi, bæði hvað fiskmóttöku snertir og aðbúnað skipshafna.

Nýbyggingarráð er þeirrar skoðunar, að eins mikil nauðsyn sé til þess að hraða byggingu hafnarmannvirkja á þessum þremur áðurnefndu stöðum og að koma upp landshöfn í Njarðvík, því að eins og áður segir, getur það orðið útgerðinni hættulegt, ef allur mótorbátaflotinn hefði aðsetur við Faxaflóa.

Fyrst þegar landshafnarhugmyndinni í Njarðvík skaut upp, var ekki fyrirhuguð sú aukning á fiskiflota landsmanna, sem nú er orðin eða væntanlega verður á næstu árum, og var þá hugmynd þeirra manna, er fyrst beittu sér fyrir málinu að bæta aðstöðu þeirra báta, sem þá voru til og sóttu eftir að stunda veiðar við Flóann.

Ef nú yrði hraðað landshöfninni í Njarðvík og áðurnefndar þrjár hafnir látnar sitja á hakanum eða alls ekki um þær hugsað í bili, og viðlegupláss skapaðist fyrir marga tugi báta í landshöfninni í Njarðvík, þá má búast við stórum minnkandi meðalafla á bát við Flóann, sem og meira veiðarfæratjóni, sem eins og áður segir, beinbeinlínis orsakaðist af þrengslum á miðunum.

Þær þrjár hafnir, sem hér eru að framan nefndar, eru fyrst og fremst hugsaðar til að nýta sem allra bezt hin auðugu fiskimið og um leið dreifa mótorbátaflotanum. En nýbyggingarráð telur og gerir fyllilega ráð fyrir, að hafnir í öllum kaupstöðum landsins verði auknar, byggðar og endurbættar svo sem þörf krefur. Sama má og segja um kauptúnin Húsavík og Keflavík. Öðru máli er aftur að gegna um höfnina við Höfðakaupstað. Á byggingu hennar þarf að leggja mikla áherzlu, og til þess að þau mannvirki, sem nú þegar eru byggð þar, nýtist fullkomlega og til þess að það fé, sem ríkið leggur þar í uppbyggingu staðarins, beri skjótlega ávöxt, þá er góð höfn höfuðskilyrði þess, að svo geti orðið.

Löggjafinn hefur ákveðið að byggja þarna fyrirmyndarbæ með nýtízku sniði, þar sem allt sé skipulagt frá upphafi, höfnin, mannvirkin, götur, byggingar o. fl. o. fl., má því af þeirri ástæðu einni á engan hátt draga á langinn hinn raunverulega fyrsta áfanga í hafnarmálum við Höfðakaupstað. Góð höfn þar mundi líka skapa smáútgerð góð skilyrði við land, enda eru miðin í Húnaflóa og út af Skaga fiskisæl mjög. Ráðið mun því hafa vakandi auga með því, að framkvæmdum við höfnina verði haldið áfram, eftir því, er frekast þykir fært.

Þá vill nýbyggingarráð taka hér upp nokkrar hafnir og útgerðarstaði, sem það telur, að veita beri fé til, svo að framkvæmdir geti haldið áfram eða hafizt hið fyrsta, og hefur flokkað þessa staði í tvo flokka. Í fyrri flokknum eru þeir staðir, sem ráðið telur sérstaklega nauðsynlegt, að teknir verði fyrst og fremst til greina við samning fjárlaga fyrir árið 1947.

I. flokkur:

1. Bolungavík.
2. Sauðárkrókur.
3. Grindavík.
4. Sandgerði.
5. Þórshöfn á Langanesi.

II. flokkur:

1. Dalvík.
2. Patreksfjörður.
3. Suðureyri við Súgandafjörð.
4. Gerðar í Garði.
5. Höfn í Bakkafirði.
6. Vogar.
7. Vopnafjörður.
8. Suðureyri í Tálknafirði (bryggjubygging).
9. Hofsós.

Viðvíkjandi II. flokki hér að framan vill nýbyggingarráð taka fram, að það telur fulla nauðsyn á að flýta framkvæmdum á þessum stöðum, en vill þó leggja meiri áherzlu á staði þá, er nefndir eru í fyrri flokknum.

Þó að nýbyggingarráð hafi vegna sérstakrar nauðsynjar tekið hér upp nokkra útgerðarstaði, sem það telur, að leggja beri fyrst og fremst áherzlu á, að þar sé framkvæmdum hraðað, þá má á engan hátt skilja það svo, að það telji aðra staði óverðuga að hljóta stuðning þess opinbera, en að sinni mun ráðið eigi nefna fleiri staði en að framan greinir, nema sérstakt tilefni gefist til.

Fiskmóttökustöðvar.

Mikil breyting er nú að verða um aðstæður allar við útgerð vélbáta hér á landi. Á árunum fyrir stríð var afli vélbáta að mestu verkaður sem saltfiskur, hver útgerðarmaður hafði þá sín eigin fiskverkunar- og geymsluhús, sína eigin fiskreiti og sá um verkun fisksins sjálfur. Vélbátar voru þá að meðaltali miklu minni en nú er orðið og verða mun á næstu árum og dreifðir mjög á smáhafnir hringinn í kringum landið. Vinnuafl var ódýrt og enginn hörgull á því, og þess vegna lítt hugsað um fyrirkomulag og tækni, er til vinnusparnaðar yrði. Á stríðsárunum verða þær breytingar á hvað fiskverkunina snertir, að saltfiskframleiðslan lagðist að mestu niður, en í stað hennar kom hraðfrystingin og þó langmest bein afhending aflans í fiskmóttökuskip vegna flutninga til Englands. Þannig hafa aðstæður verið fram á síðustu vetrarvertíð (1946). Það er þó fyrirsjáanlegt, að á þessu muni verða stórbreyting þegar á næstu vetrarvertíð og að sú breyting muni verða varanleg. Reikna verður fastlega með því, að sala ísvarins vélbátafisks hverfi að mestu úr sögunni, en í stað hennar komi aukning hraðfrystingar og að verkun saltfisks og að einhverju leyti harðfisks muni stóraukast að nýju. Vegna þess að flest þeirra húsa, sem áður voru notuð til

söltunar, fiskgeymslu o. s. frv., hafa víða verið rifin eða eru orðin ónýt eða tekin til annarrar notkunar, og vegna þess hve snögglega þessi breyting mun eiga sér stað, hlýtur hún að skapa margháttaða erfiðleika, þar sem þessar verkunaraðferðir krefjast miklu meiri aðbúnaðar og vinnu í landi en ísfiskverkunin. Á sama tíma hafa ýmsar þær aðrar aðstöðubreytingar átt sér stað, er bæði torvelda þessi umskipti á verkunaraðferðum og skapa útveginum enn önnur vandamál. Bátarnir eru nú orðnir miklu stærri en fyrr, en það gerir það aftur að verkum, að þeir þyrpast saman á þeim fáu höfnum, sem geta tekið á móti stórum bátum, og skapar það þrengsli bæði á höfnunum sjálfum og ekki síst hvað snertir aðbúnað í landi, beitingar- og aðgerðarpláss, geymslur allar og mannahíbýli. Vinnuafl er af mjög skornum skammti og dýrt, og stendur útvegurinn mjög höllum fæti í samkeppninni um það, bæði vegna þeirrar áhættu og þægindaskorts, sem eru þessari atvinnugrein samfara, og vegna þess, að verðlag á sjávarafurðum er ákveðið á erlendum markaði.

Það er því bersýnilegt, að hið bráðasta verður að skapa útgerðinni miklu betri aðstöðu í landi en verið hefur til þessa, bæði hvað snertir beitingar- og aðgerðarpláss, geymslur allar, móttöku fisksins og verkun hans sem saltfisks. Um hraðfrystinguna er talað annars staðar. Það virðist líka vera augljóst, að lausn þessa máls verður að vera með nokkrum öðrum hætti en hér hefur áður tíðkazt, vegna þeirra breyttu aðstæðna, sem nú eru fyrir hendi. Ef hver útgerðarmaður á að leysa vandamálið hvað hann sjálfan snertir upp á eigin spýtur, eru á því ágallar, sem eins og nú horfir við eru meiri en nokkru sinni áður. Allur stofnkostnaður verður hærri en ef um sameiginlegar byggingar væri að ræða, en þó sennilegt, að allt yrði af meiri vanefnum gert, og enn fremur verður erfitt eða ómögulegt að koma að ýmiss konar vinnusparandi tækni við sjálfa framleiðsluna, sem annars væri hugsanlegt.

Nýbyggingarráð hugsar sér, að nú þegar verði hafizt handa um að koma þessum málum svo fyrir í hinum stærri verstöðvum sem hér segir: Í hverri verstöð verði sameiginleg fiskmóttökustöð fyrir vélbáta, er liggi sem næst og hentugast við bryggjum. Allur fiskur færi óaðgerður beint úr bátunum til þessarar móttökustöðvar, og hafi sjómennirnir og einstakir útgerðarmenn ekki af honum meiri bein afskipti. Í þessum móttökustöðvum fari fram öll aðgerð á fiskinum, þar sé hann slægður og hausaður, þveginn, flattur og flakaður, eftir því sem við á, og við þá aðgerð sé notuð sú fullkomnasta tækni, sem völ er á. Allur flutningur fari fram á flutningsböndum, þvottavélar og stórvirkar flökunarvélar notaðar. Úrgangur fari á flutningsböndum til þeirrar vinnslu, sem honum er ætlaður. Lifur til bræðslu, bein til mölunar, hrogn til söltunar eða niðursuðu, og þyrfti þeim vinnslustöðvun að vera fyrir komið sem næst og haganlegast sjálfri móttökustöðinni. Fiskurinn sjálfur fari síðan til þeirrar verkunar, sem honum er ætluð. Sá hluti hans, sem salta á, fari flattur til söltunar í sjálfri móttökustöðinni eða til sérstakrar söltunarstöðvar í sambandi við hana. Flök til hraðfrystingar séu flutt til frystihúsanna. Fiskur, er flytja á út ísvarinn, fari í skip. Beitingarhús, bjóða- og veiðarfærageymslur séu byggðar í sambandi við fiskmóttökustöðina, og hefði þar hver bátur sinn stað, að minnsta kosti á meðan engin ný tækni hefur rutt sér til rúms við beitingu.

Með þessu fyrirkomulagi mundi mikið vinnast. Í fyrsta lagi yrði allur stofnkostnaður minni en ef hver hátur eða fáir saman byggðu aðgerðarhús sér í lagi. Í öðru lagi væri hægt að koma við því hentuga vinnufyrirkomulagi og þeirri notkun stórvirkra véla, svo sem flökunarvéla, sem stórrekstur gerir kleift. Með því móti væri hægt að spara vinnuafl og lækka tilkostnað allan. Í þriðja lagi sköpuðust möguleikar á því að vanda vöruna betur og hafa betra eftirlit með vöruvöndun. Í fjórða lagi mundi fiskmóttökustöðin sjá um sölu á fiskinum og skiptingu hans eftir mismunandi verkunaraðferðum. Eru þetta bæði þægindi og vinnusparnaður og tryggir fyllstu hagnýtingu aflans.

Rekstur þessara fiskmóttökustöðva gæti ýmist verið í höndum samtaka útgerðarmannanna og fiskimanna sjálfra, bæjar- og sveitarfélaga, ríkisins eða einhverra þessara aðila í sameiningu, og mundi það að miklu leyti fara eftir því, hvernig

hagaði til á hverjum stað. Ekki virðist eðlilegt eða sennilegt, að slíkar stöðvar væru eign eins eða fárra manna og reknar af þeim. Stafar þetta af þeirri einokunaraðstöðu, sem þannig mundi skapast gagnvart útgerðinni og hætt væri við, að yrði misnotuð, og eins af því, hve mikið fjármagn þyrfti til þeirra. Samtök útgerðarmanna og fiskimanna sjálfra, rekin á samvinnugrundvelli, sem væru opin öllum fiskframleiðendum og greiddu arðinn af starfseminni til félagsmanna sinna eftir því fiskmagni, sem þeir hefðu lagt inn, virðist hentugasta fyrirkomulagið. Bæjar- eða sveitarfélög gætu einnig rekið slíkar stöðvar, þar sem það teldist heppilegt, eða verið þátttakendur í þeim ásamt samtökum útgerðarmanna og fiskimanna. Þar, sem þannig hagar til, að mestur hluti báta eru aðkomubátar, sem e. t. v. skipta títt um verstöðvar, og það fyrirkomulag, sem hér fyrst er nefnt, gæti ekki komið til greina, væri eðlilegt, að ríkið sjálft reisti og ræki slíkar fiskmóttökustöðvar. Það fyrirkomulag væri eðlilegast þar, sem byggðar eru landshafnir eða ríkið reisir fiskiðjuver. Væri slíkur rekstur á svipuðum grundvelli og nú er um síldarverksmiðjur ríkisins. Það er skoðun nýbyggingarráðs, að stefna beri að því, að það fyrirkomulag um fiskmóttökustöðvar, sem hér hefur verið lýst, verði upp tekið í hinum stærri verstöðvum hið fyrsta og að stofnlánadeildin ætti að styðja slíkar framkvæmdir með lánveitingum, þar sem samtök útgerðarmanna sjálfra eða bæjar- og sveitarfélög vilja takast á hendur forgöngu um málið. Þar, sem öðruvísi hagar til, verður ríkið sjálft að taka forustuna, eins og áður er vikið að.

Verbúðir.

Til þess að sjávarútvegurinn geti dregið til sín nóg vinnuafl, þegar næg atvinna er ríkjandi í landi, er það óumflýjanleg nauðsyn, þegar til lengdar lætur, að kjör og aðbúnaður þeirra, er þessa atvinnugrein stunda, séu ekki miklu lakari en annars staðar. Nú hefur það löngum verið svo hér á landi, að mikill hluti þeirra, er sjó stunda á bátum, flyzt landshluta á milli eftir vertíðum og býr því mikinn hluta ársins fjarri heimilum sínum. Það verður því að stefna að því, að þessi heimkynni, verbúðirnar, séu sem vistlegastar og hafi til að bera nokkur lífsþægindi. Sem stendur er því víðs fjarri, að svo sé. Í verbúðunum er fjölda fólks hrúgað saman í þröngum og lélegum húsakynnum, þar sem einföldustu kröfur heilsufræðinnar um rými og hollustuhætti hvergi nærri eru uppfylltar, hvað þá að um nokkurs konar þægindi geti verið að ræða. Í sömu þröngu húsakynnunum verður skipshöfn, landmenn og ráðskona að sofa, matast og eyða tómstundum sínum, og þar verður einnig öll matreiðsla að fara fram.

Um lausn þessa máls má líkt segja og áður um fiskmóttökustöðvarnar, að heppilegast virðist, að hún verði meir á félagslegum grundvelli en áður hefur tíðkazt hér. Í stað þess að hver bátur byggi sína verbúð eða tveir og þrír bátar saman, er heppilegra, að sameiginlega séu reistar stærri byggingar, þar sem séu íbúðarherbergi, matsalir, eldhús og setustofur.

Forgöngu um slíkar byggingar verða ýmsir aðilar að hafa, eftir því hvernig til hagar á hverjum stað, ýmist samtök útgerðarmanna sjálfra, bæjar- eða sveitarfélög eða ríkið sjálft. Fé til þessara framkvæmda verður að fást með beinni aðstoð ríkisins þar, sem þessar framkvæmdir heyra undir hafnarlög, en annars frá stofnlánadeildinni, auk framlags frá hlutaðeigandi aðilum.

Nýbyggingarráð mun í sambandi við áætlanir sínar til stofnlánadeildarinnar gera nánari tillögur um staðsetningu bæði fiskmóttökustöðva og verbúða, og sérstakar tillögur til ríkisstjórnarinnar varðandi þá staði, þar sem það telur heppilegast, að ríkið sjálft hafi forgöngu um þessi mál.

Fylgiskjal II.

Raforkumálastjóri hefur samkvæmt ósk minni látið eftirfarandi upplýsingar í té:

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Virkjun Þjórsár.

Þjórsá var athuguð og mæld af G. Sætersmoen sumurin 1915, 1916 og 1917. Honum hafði verið falið að gera virkjunaráætlanir af firmanu A/S Titan í Danmörku, en það firma hafði þá eignazt vatnsréttindin í ánni. Niðurstöður rannsókna Sætersmoens voru birtar í bókarformi árið 1918. Skal hér í stuttu máli skýrt frá því helzta, sem þar stendur:

Tungnaá og efri Þjórsá renna saman um 100 km frá upptökum hvorrar árinnar fyrir sig og er Tungnaá vatnsmeiri. Nýtilegt fall í Þjórsá er að finna á milli Urriðafoss og Klofaeyjar eða um 20 til 85 km frá sjó, mælt meðfram ánni. Fall árinnar á þessu bili er 236 m. Stærstu fossarnir eru Tröllkonuhlaup, Þjófafoss, Hagaeyjarfoss, Búðafoss, Hestafoss og Urriðafoss. Í áætlunum Sætersmoens er gert ráð fyrir að nýta 190 m af öllu fallinu. Auk þessa er hægt að nýta 96 m fall í Hrauneyjarfossi í neðri hluta Tungnaár.

Vatnsmælingar í Þjórsá eru mjög ófullnægjandi. Sætersmoen setti upp vatnsmerki og mældi vatnið á árunum 1915—17. Samkvæmt þeim mælingum komst hann að þeirri niðurstöðu, að með **vatnsmiðlun í Þórisvatni og í Fiskivötnum** væri hægt að reikna með 300 m³/sek. vatnsrennsli 5 þurrustu mánuði ársins og 500 m³/sek. hina 7 mánuðina, í neðri hluta árinnar allflest ár. Í Þjórsá við Búrfell svarar það til 285 m³/sek. og 480 m³/sek. Í neðri hluta Tungnaár telst honum til, að nýta megi 120—150 m³/sek.

Í eftirfarandi töflu er gefið yfirlit yfir hina ýmsu virkjunarstaði.

Orkuver	Fjarlægð frá Reykjavík	Nýtanlegt fall	Hestöfl á túrbínuás Í 5 mán.	Í 7 mán.
1. Urriðafoss	67,5 km	30 m	96 000	160 000
2. Hestafoss	87,5 —	18 —	57 000	95 000
3. Þjórsárholt	94,3 —	18 —	57 000	95 000
4. Skarð	98,5 —	13 —	42 000	70 000
5. Búrfell	118,5 —	111 —	330 000	550 000
6. Hrauneyjarfoss	145,0 —	96 —	115 000	144 000
		Samtals	697 000	1 114 000

Samkvæmt skýrslunni er reiknað með eftirfarandi afli hinna ýmsu virkjana, miðað við fulla virkjun:

	Túrbínu-hö.	Afl frá rafölum hö.	Áspennt afl hö.	Flutt afl hö.	Afspennt afl í Reykjavík hö.
1. Urriðafoss	160 000	152 000	148 400	139 000	136 000
2. Hestafoss	95 000	90 000	88 000	82 000	80 500
3. Þjórsárholt	95 000	90 000	88 000	82 000	80 500
4. Skarð	70 000	66 000	64 000	59 000	57 500
5. Búrfell	550 000	530 000	520 000	480 000	470 000
6. Hrauneyjarfoss	144 000	138 000	135 600	124 000	122 000
Samtals	1 114 000	1 066 000	1 044 000	966 000	946 500
		kw			kw
1. Urriðafoss		112 000			100 000
2. Hestafoss		66 000			59 000
3. Þjórsárholt		66 000			59 000

	kw	kw
4. Skarð	48 500	42 500
5. Búrfell	390 000	345 000
6. Hrauneyjarfoss	101 000	90 000
Samtals kw	783 500	695 500

Sé miðað við 10% af stofnkostnaði sem árlegum rekstursútgjöldum verður sjálfskostnaður á hvert árshestafl eins og hér segir (skv. skýrslunni). Miðað er við fullar virkjanir.

	Urriðafoss	Hestafoss	Þjórsárholt	Skarð	Búrfell	Hrauneyjarfoss
1. Við stöðvarvegg miðað við aflið í 7 mán. kr/ha.	16,10	24,00	24,40	28,50	12,60	22,90
2. Við stöðvarvegg miðað við meðalafl kr/ha ...	19,40	28,80	29,30	34,20	15,20	25,10
3. Afspennt í Reykjavík meðalárshestafl kr/ha	30,30	42,50	43,30	51,50	29,00	41,90

Meðalafl er reiknað út á eftirfarandi hátt

$$\frac{7 \times \text{afl í 7 mán.} + 5 \times \text{afl í 5 mán.}}{}$$

og er % af mesta afli fyrir öll orkuverin að Hrauneyjarfossi undanskildum, þar 5%.

Sé reiknað í árskílówöttum, en ekki í hestöflum verður sjálfskostnaðarverð eins og hér segir:

	Mesta afl við stöðvarvegg	Meðalafl við stöðvarvegg	Meðalafl afspennt í Rvík
1. Urriðafoss	21,90 kr/kwár	26,40 kr/kwár	41,30 kr/kwár
2. Hestafoss	32,60 —	39,20 —	57,80 —
3. Þjórsárholt ...	33,20 —	39,80 —	59,00 —
4. Skarð	38,80 —	46,50 —	70,10 —
5. Búrfell	17,10 —	20,70 —	39,50 —
6. Hrauneyjarfoss	31,20 —	34,20 —	57,00 —

Í greinargerð Sætersmoens er stofnkostnaður allra 6 orkuvera háspennulína og aðalspennistöðva áætlaður 276,9 millj. kr. Reiknist reksturskostnaður árlega 10% af þeirri upphæð eins og að ofan, er sjálfskostnaðarverð hverrar afleiningar árlega fyrir allar virkjanir eins og hér segir:

Afspennt afl í Reykjavík:

1. Miðað við mesta afl (í 7 mán.) kr. 29,30 pr. ha. ár eða kr. 39,90 pr. kwár.
2. — — meðalafl — 34,80 — — — — — — 47,30 — —

Með stuðningi af greinargerð Sætersmoens má gera nokkurn samanburð á hinum ýmsu virkjunum. Virkjanirnar við Búrfell og Urriðafoss virðast lang hagkvæmastar. Sjálfskostnaðarverð hvers árskílówatts við stöðvarvegg er lægst frá Búrfelli um 28% hærra frá Urriðafossi og mun hærra frá hinum virkjunarstöðunum. Vegna þess hve notkunarstaður (Reykjavík) er miklu nær Urriðafossi en Búrfell, jafnast þessi kostnaður að mestu leyti út, þegar tekið er tillit til orkuflutningskostnaðarins og miðað við orkuverð í Reykjavík. Munurinn á einingaverðunum er þar kominn niður í 4,5%.

Ef Þjórsá væri virkjuð nú, mundi ýmsu fyrirkomulagi verða hagað nokkuð á annan veg en gert er ráð fyrir í greinargerðinni. Er í eðli sínu erfitt að gera sér fyllilega grein fyrir virkjunarkostnaði án þess að gera allnákvæma áætlun um framkvæmdirnar. Slíkt er töluvert verk og verður ekki gert nema með allmiklum tilkostnaði. Með hliðsjón af greinargerð og áætlunum Sætersmoens, má þó gizka á virkjunarkostnað eins og hann mundi verða nú. Hefur verið farið nokkuð í gegn um

áætlunina um Urriðafoss, og má ætla, að virkjunarkostnaður þar verði um 110 millj. kr. Aðalspennistöðvar og háspennulínur mundu kosta um 35 millj. kr. nú (ágizkað verð). Sé hækkunin áætluð í svipuðum hlutföllum áætlast virkjunarkostnaður eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

	Orkuver millj. kr.		Háspennulínur og aðalspennistöðvar millj. kr.		Samtals millj. kr.	
	1918	1947	1918	1947	1918	1947
1. Urriðafoss	24,5	110	10,0	35	34,5	145
2. Hestafoss	21,6	97	6,8	24	28,4	121
3. Þjórsárholt	22,0	99	7,0	24	29,0	123
4. Skarð	18,8	85	5,9	21	24,7	106
5. Búrfell	66,8	300	46,6	165	113,4	465
6. Hrauneyjarfoss ...	31,6	142	15,3	53	46,9	195
Samtals millj. kr.	185,3	833	91,6	322	276,9	1155

Sé gengið út frá sömu forsendum og í greinargerðinni, verður sjálfskostnaðarverð fyrir hverja afleiningu árlega eins og hér segir:

	Mesta afl við stöðvarvegg	Meðalafl við stöðvarvegg	Meðalafl afspennt í Rvík
1. Urriðafoss	98 kr/kwár	118 kr/kwár	174 kr/kwár
2 Hestafoss	147 —	177 —	246 —
3. Þjórsárholt	150 —	180 —	250 —
4. Skarð	175 —	210 —	300 —
5. Búrfell	77 —	92 —	162 —
6. Hrauneyjarfoss	140 —	168 —	237 —

Eins og að framan er getið mundi varla vera virkjað á þann hátt í dag sem Sætersmoen reiknaði með árið 1918. Tæknilegar framfarir hafa verið miklar á síðustu 30 árum, svo hægt er að reikna með færri og stærri samstæðum í orkuverum nú en hann treysti sér til á sínum tíma. Ekki skal hér freistað til að áætla kostnað af virkjunum með öðru fyrirkomulagi, enda hvíla verðágizkanir hér að framan á mjög lauslegum útreikningum og eru aðeins ætlaðar til að gefa lauslegt yfirlit um kostnaðinn og ber þess vegna alls **ekki að skoða sem kostnaðaráætlanir,** heldur frekar sem tilraun til að gera sér nokkra hugmynd um virkjunarkostnað og orkuverð, ef Þjórsá yrði virkjuð nú.

Reykjavík, 5. maí 1947.

Jakob Gíslason.

Páll Sigurðsson.

Ed. 755. Nefndarálit

um frv. til laga um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og rætt það mjög ýtarlega alls á 10 fundum. Ræddi hún málið einnig við sjávarútvegsnefnd Nd. svo og við forstjóra og stjórn Samábyrgðarinnar.

Nefndinni hefur þótt nauðsynlegt að leggja til, að margvíslegar breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Eru nokkrar þeirra á orðalagi aðeins og leiðréttingar, en aðrar verulgar efnisbreytingar. Hefur nefndin reynt að fá samkomulag um þær, til

þess að tryggja framgang frumvarpsins á þessu þingi, en á það leggur nefndin megináherzlu, að svo megi verða. Um flestar þessar breytingar hefur náðst samkomulag við viðkomandi aðila, en þó hefur ekki náðst samkomulag um brtt. nefndarinnar við 22. gr. og 32. gr. Hefur form. sjávarútvegsnefndar Nd. tjáð sig andvígan þessum breytingum. Verða því atkvæði þingmanna að skera úr um þau atriði.

Skal gerð hér nokkur grein fyrir þeim brtt., sem nefndin er sammála um að leggja til, að samþykktar verði.

Samkvæmt 6. og 7. gr. frv. eins og þær eru nú á þskj. 336 er gert ráð fyrir því, að eigendur hinna vátryggðu skipa kjósi félagsstjórnirnar, en þær skipi síðan skoðunar- og virðingarmenn hver á sínu tryggingarsvæði. En með því að Samábyrgðinni er gert að skyldu að taka í endurtryggingu 85% hjá hverju félagi, þykir nefndinni eðlilegt og sjálfsagt, að aðili, sem skyldur er að taka á sig svo stóra áhættu, fái einnig þátttöku í stjórn félaganna. Hér er því lagt til, að Samábyrgðin velji jafnan einn af þremur stjórnendum hvers félags. Skapar þetta fyrirkomulag tvímælalaust miklu meiri skilning á hinum ýmsu verkefnum og tengir félögin nánari böndum við Samábyrgðina. Þá þykir nefndinni og rétt, að Samábyrgðin tilnefni jafnan annan skoðunar- og virðingarmanninn, til þess m. a. að fá meira samræmi í virðingargerðir og mat en verið hefur. Hefur mjög borið á því, að skip og bátar hafi eigi ávallt verið metnir eftir sama verðmælikvarða hvar sem er á landinu, en að því ber að stefna, að þannig verði matið samræmt í framtíðinni. Ein leiðin til þess er að skipa matsmennina á þann hátt, sem nefndin leggur til. Þá eru einnig dæmi til þess, að skip, sem jafnvel hafa verið ný, hafa ekki verið metin á fullu kostnaðarverði, og eigendur því borið verulegt tjón af því fram yfir eigin áhættu samkv. fyrirmælum laganna. Ætti mun minni hætta að vera á þessu, ef matsmenn eru skipaðir á þann hátt, sem nefndin leggur til. Með þessu fyrirkomulagi á ekki að vera nauðsynlegt að meta skip upp að nýju, þótt það skipti um tryggingarsvæði, eins og gert er ráð fyrir í 12. gr. frv. Samkvæmt 11. gr. frv. á þskj. 382 er gert ráð fyrir því, að ef iðgjald er ekki greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga, þá verði tjón, sem eftir þann tíma verða, ekki bætt, fyrr en iðgjald hefur verið greitt Er þetta að sjálfsögðu gert til þess að tryggja betur iðgjaldagreiðslur. Mun þess og vera full þörf, því að eftir því sem upplýst er, mun Samábyrgðin hafa átt útistandandi um 3.5 millj. kr. í iðgjöldum samanlagt hjá hinum ýmsu félögum. Nefndin getur þó ekki fallizt á, að þetta ákvæði nái tilgangi sínum, auk þess sem vafasamt er, hvort skip telst veðhæft, ef slíkt ákvæði yrði jafnan gert gildandi. Hún leggur því til, að í stað þessa verði ráðuneytinu heimilað að leggja félag niður og ráðstafa tryggingunum á annað félagssvæði, ef iðgjöld eða endurtryggingargjöld eru ekki greidd eins og tilskilið er. Telur nefndin, að slík ákvæði tryggi að fullu iðgjaldagreiðslur, en á það verður að leggja megináherzlu, að gjöldin verði innheimt eins og lög standa til, þar sem það er grundvallaratriði fyrir starfsemi tryggingarinnar.

Gerðar eru till. um nokkrar breytingar á 13. gr. Aðallega í sambandi við skoðanir tjóna til samræmingar þeim breytingum, sem lagt er til, að gerðar verði á öðrum greinum frv. um þetta atriði. Þá er einnig lagt til, að niður falli úr þessari grein einhliða réttur til niðurfellingar á samningi um tjónsbætur. Þá er einnig lagt til, að þær breytingar verði gerðar á 17. gr., að vátryggður hafi rétt til bóta fyrir algerðan skipstapa, ef kostnaður við björgun á skipi og viðgerð fer fram úr vátryggingarupphæð skipsins, svo og að stytta frest til björgunar á skipi úr 10 mánuðum í 6 mánuði.

Samkvæmt 22. gr. frv. á þskj. 382 er greiðsla fyrir björgun mjög takmörkuð, og auk þess svo fyrir mælt, að hún skuli metin á allt annan hátt en samkv. l. nr. 56 30. nóvember 1914. Nefndin getur ekki fallizt á, að rétt sé að halda þessum ákvæðum í frv., heldur beri að fylgja hér almennum ákvæðum um björgunarlaun. Séu þau álitin almennt óeðlilega há, þá beri að endurskoða þau lagaákvæði, sem gilda hér um, skapa ekki hér sérreglur fyrir ákveðinn flokk skipa í landinu. Mætti það jafnvel verða til þess, að björgun á þeim flokki skipa yrði síður sinnt en skyldi, og hagur-

inn því mjög vafasamur, enda vill nefndin ekki stuðla að því, að dregið yrði úr björgunartilraunum manna og skipa fyrir slík ákvæði í lögunum. Hún leggur því til, að þessari grein verði breytt í það horf, að hér um gildi hinar almennu reglur um björgunarlaun.

Í 26. gr. frv. hefur 4. lína 2. mgr. flutzt fram fyrir mgr. Með því að gera má ráð fyrir, að þetta verði lagað með uppprentun á þskj., er ekki gerð tillaga til breytingar.

Lagt er til, að sú efnisbreyting verði gerð á 24. gr., að fullar bætur verði greiddar fyrir tjón á opnum vélbátum á sama hátt og öðrum bátum. Þá er og lagt til, að sú efnisbreyting verði gerð á 32. gr., að úrskurði gerðardóms megi áfrýja beint til hæstaréttar. Nefndin lítur svo á, að þar sem hér geti verið um að ræða bótaskyldur, er nemi jafnvel hundruðum þúsunda, þá sé ekki rétt, að út um það sé gert aðeins á einu dómsstigi, heldur að réttur sé til áfrýjunar, ef annarhvor aðili vill ekki sætta sig við dóminn.

Þá gat nefndin ekki fallizt á, að rétt væri að lögfesta venjur Samábyrgðarinnar, sem ekki er vitað almenningi, hverjar eru. Hitt sé eðlilegra, að ráðuneyti setji reglugerð í samræmi við lögin og taki þar þá upp það, sem því þykir máli skipta hér um og á stoð í lögunum.

Einn nefndarmanna (PM) var fjarstaddur vegna veikinda, er endanlega var gengið frá tillögunum.

Með tilvísun til þessa leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „skip og bátar“ komi: fljótandi för.
2. Við 3. gr. Í stað orðsins „Atvinnumálaráðherra“ í 1. mgr. komi: Ráðherra.
3. Við 5. gr. Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra í 1. mgr. komi: ráðherra.
4. Við 6. gr. 1.—3. mgr. orðist svo:

   Vátryggingarfélögum, sem starfa samkvæmt lögum þessum, skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Er einn þeirra formaður, kosinn af nefndinni, og tveir meðstjórnendur. Eigendur hinna vátryggðu skipa velja tvo stjórnarnefndarmennina, en Samábyrgðin þann þriðja. Á sama hátt skal velja 3 stjórnarnefndarmenn til vara. Stjórnarnefndin kýs framkvæmdastjóra fyrir félagið.

   Kosning stjórnarnefndarmanna fer fram á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn. Þá skal einnig kjósa tvo endurskoðendur og tvo til vara til sama tíma. Þóknun til stjórnenda og endurskoðenda ákveður aðalfundur.

   Stjórnarnefnd hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún hefur daglegt eftirlit með rekstri félagsins og úrskurðar skaðabótagreiðslur. Þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef stjórnarnefndin er ekki sammála um bótagreiðslurnar.
5. Við 7. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:

   Stjórn félagsins og Samábyrgðin skipa hvor um sig einn skoðunar- og virðingarmann fyrir hvert félag og einn til vara, til að framkvæma skoðunar- og virðingargerðir samkvæmt fyrirmælum þessara laga.
6. Við 11. gr.
   a. Í stað orðanna „en þeir skulu skipaðir“ og til enda 1. mgr. komi: sbr. 7. gr.
   b. 2. málsl. 4. mgr. orðist svo: Þó er aðilum heimilt að krefjast þess, að skoðun og mat fari fram, hvenær sem þeim þykir ástæða til.
   c. Í stað síðari málsl. í 9. mgr. kemur ný mgr., er orðist svo:

      Nú hefur vátryggingarfélag ekki innheimt tryggingargjöld eins og tilskilið er í lögum þessum og stendur jafnframt ekki í skilum við Samábyrgðina með endurtryggingargjöldin, og skal þá ráðuneytinu heimilt að leggja félagið niður og ráðstafa vátryggingunum yfir á annað félagssvæði eða beint til Samábyrgðarinnar. Öðlast þá sá aðili, sem tekur við tryggingunum, allar

eignir félagsins, kröfur og réttindi, enda taki hann og að sér allar skuldbindingar þess.

d. Síðari málsl. 10. mgr. falli niður.

7. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi og skrásetningarstjóri tilkynna það viðkomandi vátryggingarfélögum og Samábyrgðinni. Vanræksla á tilkynningu varðar sektum frá 1000—5000 krónum. Ábyrgð fyrra félags fellur niður jafnskjótt og skip hefur verið skrásett á öðru félagssvæði.

8. Við 13. gr.

a. Í stað tveggja síðustu málsliða 4. málsgr. koma tvær málsgr., svo hljóðandi:

Ef skip er statt utan vátryggingarsvæðis félags síns, þegar það verður fyrir tjóni, skulu skoðunarmenn þess félagssvæðis, sem skipið er statt á, framkvæma skoðunina. Sé skipið statt erlendis, ber að tilkynna Samábyrgðinni tjónið símleiðis, sem þá ákveður skoðunarmenn í samráði við stjórn félagsins.

Skipaeigendur annast sjálfir um aðgerðir skipa sinna, nema félagsstjórnin ákveði annað, enda sé sýnt, að aðgerð verði þá ódýrari.

b. Við 5. mgr. bætist: eða samkomulag hafi orðið við félagsstjórnina um frestun á viðgerðinni.

c. Síðasti málsl. síðustu mgr. falli niður.

9. Við 17. gr.

a. Í stað orðanna „fer fram úr verði skipsins í viðgerðu ástandi“ í 3. tölul. 1. mgr. komi: að viðbættum björgunarkostnaði fer fram úr vátryggingarupphæð skipsins.

b. 3. mgr. („Félög skulu“ o. s. frv.) falli niður.

c. Í stað orðanna „10 mánuðum“ í síðustu mgr. komi: 6 mánuðum.

10. Við 22. gr. Greinin orðist svo:

Kostnað vegna björgunar eða aðgerðar á skipi greiðir vátryggingarfélagið eftir mati eða dómsúrskurði, ef eigi næst samkomulag um fjárupphæðina.

11. Við 24. gr.

a. Orðin „ef báturinn ferst“ og til enda 2. mgr. falli niður.

b. Upphaf 3. mgr. orðist svo: Félagið skal ávallt.

12. Við 29. gr.

a. Síðari málsl. 1. mgr. orðist svo: Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laga um eftirlit með skipum, eins og þau eru á hverjum tíma.

b. Í stað orðanna „verður fyrir“ í lok 2. mgr. komi: verður talinn eiga sök á.

c. 3. mgr. falli niður.

13. Við 30. gr.

a. Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytinu“ í 1. mgr. komi: ráðuneytinu.

b. Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytisins í 2. mgr. komi: ráðuneytisins.

14. Við 31. gr. Á eftir orðunum „hafnaráhættu (revier)“ í síðustu mgr. komi: og bruna.

15. Við 32. gr. Síðasta mgr. orðist svo:

Dómi uppkveðnum samkvæmt þessum ákvæðum má þó áfrýja beint til hæstaréttar, enda sé það gert innan 30 daga frá birtingu dómsins.

16. Við 36. gr. Greinin orðist svo:

Ráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

17. Við bráðabirgðaákvæði. Síðasti málsliður falli niður.

Alþingi, 5. maí 1947.

Gísli Jónsson, form., frsm. B. Kristjánsson, fundaskr., með fyrirvara. Sigurjón Á. Ólafsson.

Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 756. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkv. lögum þessum, skal varið sem hér segir:

1. 45% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið eftir því, sem fyrir verður mælt í lögum um þjóðleikhús.
2. 45% skattsins renni í félagsheimilasjóð, og skal honum varið eftir því, sem fyrir verður mælt í lögum um félagsheimili.
3. 10% renni til lestrarfélaga og kaupa á kennslukvikmyndum, og skulu ⅔ hlutar þessa fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en ⅓ til kennslukvikmyndasafns, sbr. lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir nr. 1/1944.

2. gr.

Heiti laganna verði: Lög um skemmtanaskatt, rekstrarsjóð þjóðleikhúss, félagsheimilasjóð o. fl.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frv. þetta er fram borið í sambandi við frv. til laga um þjóðleikhús og frv. til laga um félagsheimili. Eru þau frv. lögð fyrir þingið samtímis þessu.

Í frv. þessu er lagt til, að skemmtanaskatturinn renni frá 1. janúar 1948 í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, félagsheimilasjóð og til lestrarfélaga og kennslukvikmyndasafns.

Um teknaþörf rekstrarsjóðs þjóðleikhússins er erfitt að fullyrða, en sómasamlegt virðist að ætla honum þann hlut, er frv. ráðgerir, og sem nema mun, miðað við reynslu síðasta árs (1946), á að gizka 816750 krónum árlega.

Oftar en einu sinni hafa á Alþingi komið fram tillögur um að verja hluta af skemmtanaskatti til að koma á fót félagsheimilum, og hefur þá verið drepið á nauðsyn þess, að löggjafarvaldið rétti á þenna hátt hjálparhönd til að auka fjölbreytni í skemmtana- og menningarlífi þjóðarinnar.

Þykir nú tímabært að leggja til, að myndaður verði í þessu skyni sérstakur sjóður af nokkrum hluta skemmtanaskattsins, þar sem byggingu þjóðleikhússins er senn lokið og til hennar mun nægja fé það, sem þegar er fyrir hendi og safnast mun á þessu ári, því að skemmtanaskattinum er til næstu áramóta ætlað að renna á sama hátt og áður í sjóð þjóðleikhússins.

Nd.

757. Frumvarp til laga

um þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Þjóðleikhúsið skal vera ríkisstofnun og lúta yfirstjórn menntamálaráðherra.

2. gr.

Í þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem tengdar eru leiksviði. Starfsemi þessa skal leikhúsið rækja svo, að hún verði sem öflugust stoð íslenzkri menningu. Höfuðhlutverk leikhússins skal vera að:

1. flytja íslenzka og erlenda sjónleiki og enn fremur söngleiki og leikdansa eftir því sem við verður komið;
2. vera til fyrirmyndar um meðferð íslenzkrar tungu;
3. halda skóla til eflingar íslenzkri leikmennt.

Þjóðleikhúsið skal og annast flutning leikrita í ríkisútvarpinu, sbr. 10. gr. Það skal enn fremur, eftir því sem við verður komið, flytja sjónleiki utan Reykjavíkur og vinna að eflingu leiklistar hvarvetna á landinu.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar þjóðleikhússtjóra og skrifstofustjóra.

Enn fremur skipar menntamálaráðherra fimm menn í þjóðleikhúsráð, fjóra samkvæmt tillögum fjögurra fjölmennustu stjórnmálaflokkanna á Alþingi, en einn samkvæmt tillögu félags íslenzkra leikara. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins. Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri þjóðleikhússins, bæði fjárhag þess og efnisvali. Leita skal tillagna þjóðleikhúsráðs um allar meiri háttar ákvarðanir, er stofnunina varða.

Þjóðleikhússtjóri ræður fasta leikara til fimm ára í senn og gerir við þá ráðningarsamninga, enda samþykki þjóðleikhúsráð og menntamálaráðherra fjölda þeirra og ráðningarkjör. Skylt skal þeim að taka endurgjaldslaust þátt í flutningi þeirra leikrita, er þjóðleikhúsið skuldbindur sig til að láta ríkisútvarpinu í té samkv. 10. gr.

Þjóðleikhússtjóri ræður og aðra starfsmenn, en leita skal hann samþykkis leikhúsráðs og menntamálaráðherra, að því er snertir fjölda þeirra og ráðningarkjör.

Í reglugerð, er menntamálaráðherra setur, skal mælt fyrir um verkefni starfsmanna þjóðleikhússins hvers um sig og annað, er að stjórn og fyrirkomulagi leikhússins lýtur og þörf þykir að setja um fastar reglur.

4. gr.

Laun fastráðinna starfsmanna skulu ákveðin í launalögum. Þangað til það verður gert, skulu þau ákveðin af menntamálaráðherra með hliðsjón af ákvæðum launalaganna.

Leikhúsráð skal vera ólaunað.

5. gr.

Þeir starfsmenn þjóðleikhússins, sem ráðnir eru til minnst eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, skulu greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóta þar sömu réttinda og aðrir starfsmenn ríkisins.

6. gr.

Við þjóðleikhúsið skal starfa leikritanefnd, og eiga í henni sæti þjóðleikhússtjóri, fulltrúi frá leikhúsráði og fulltrúi frá fastráðnum leikurum, og skulu hinir tveir síðarnefndu kjörnir til þessa starfa til tveggja ára í senn. Nefndin skal ræða þau leikrit, er þjóðleikhússtjóri hyggst taka til sýningar, og skulu fulltrúar leikhúsráðs og leikara vera honum til aðstoðar við val leikrita.

7. gr.

Leikár telst frá 1. júlí til 30. júní.
Skipun starfsmanna þjóðleikhússins skal miða við leikár.

8. gr.

Þjóðleikhússtjóri skal fyrir lok júnímánaðar ár hvert afhenda menntamálaráðherra til athugunar og samþykktar frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár.
Í lok hvers leikárs skal þjóðleikhússtjóri afhenda menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skýrslu og reikning um rekstur þjóðleikhússins á liðnu starfsári.

9. gr.

Við þjóðleikhúsið skal starfa leikskóli. Þjóðleikhússtjóri ræður kennara og annað starfslið hans.
Um rekstur hans skal kveða á í reglugerð.

10. gr.

Náið samstarf skal vera milli þjóðleikhússins og ríkisútvarpsins, eftir því sem ráðherra kveður á um. Þjóðleikhúsinu skal skylt að láta ríkisútvarpinu í té til flutnings ákveðinn fjölda leikrita á hverju leikári. Skulu þjóðleikhússtjóri og formaður útvarpsráðs velja leikritin í sameiningu og gera samning um flutning þeirra í upphafi hvers leikárs.

11. gr.

Þegar leikhúsið er ekki notað til leiksýninga, má nota það til hljómleikahalds og kvikmyndasýninga.

12. gr.

Verði tekjuafgangur af rekstri þjóðleikhússins, skal hann lagður í varasjóð þess. Verði rekstrarhalli, skal hann greiddur úr rekstrarsjóði þjóðleikhússins.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmda laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í febrúar 1945 skipaði þáverandi menntamálaráðherra nefnd til þess að undirbúa rekstur þjóðleikhússins, og áttu þessir menn sæti í henni: Þorsteinn Ö. Stephensen, formaður, Brynjólfur Jóhannesson, Halldór Kiljan Laxness, Jakob Möller og Ólafur Björnsson. Er Jakob Möller varð sendiherra í Danmörku, lét hann af störfum í nefndinni, en Hörður Bjarnason tók þar sæti í hans stað. Nefnd þessi samdi frv. til laga um þjóleikhús, og hefur það verið lagt til grundvallar við samningu þessa frv.

Samkvæmt frv. skal þjóðleikhúsið vera ríkisstofnun og lúta yfirstjórn menntamálaráðherra. Höfuðhlutverk þess skal vera að flytja íslenzka og erlenda sjónleiki og enn fremur söngleiki og leikdansa, eftir því sem við verður komið. Jafnframt er heimilað að nota það til hljómleikahalds og kvikmyndasýninga, og í sambandi við það skal starfa leikskóli til eflingar íslenzkri leiklist. Enn fremur skal þjóðleikhúsið annast flutning leikrita í útvarp og vinna að eflingu leiklistar hvarvetna á landinu.

Lagt er til, að stjórn þess annist þjóðleikhússtjóri, en við hlið hans starfi leikhúsráð, skipað 5 mönnum, og skal einn þeirra vera fulltrúi félags íslenzkra leikara. Hlutverk leikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi þjóðleikhússins, fjárhag þess og rekstri. Við leikhúsið skal einnig starfa leikritanefnd, skipuð þjóðleikhússtjóra og

fulltrúum frá leikhúsráði og föstum leikurum. Skal hún fjalla um leikrit þau, er leikhússtjórinn hyggst taka til sýningar.

Þjóðleikhússtjóri ræður leikara og aðra fasta starfsmenn. Fjöldi þeirra, sem og ráðningarkjör, skal háður samþykki leikhúsráðs og menntamálaráðherra, en hann verður að sjálfsögðu að miða við þarfir stofnunarinnar og fjárhagsgetu hennar. Gert er ráð fyrir, að laun fastráðinna starfsmanna verði ákveðin í launalögum, en þangað til það verður gert, skal menntamálaráðherra ákveða laun þeirra með hliðsjón af ákvæðum gildandi launalaga.

Gera má ráð fyrir, að nokkur halli verði á rekstri hins nýja þjóðleikhúss. Jafnhliða þessu frv. leggur ríkisstjórnin því fyrir Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og er þar gert ráð fyrir, að frá 1. janúar 1948 renni 45% skemmtanaskattsins í sérstakan sjóð, rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal halli sá, er verður á rekstri þess, greiddur úr honum. Erfitt er að áætla með nákvæmni, hver muni verða rekstrarafkoma leikhússins, og verður reynslan að skera úr ýmsum atriðum í því sambandi. Að sjálfsögðu verður þessi stofnun eins og aðrar að sníða sér stakk eftir vexti, og fjárframlög til hennar úr ríkissjóði hljóta að miðast við fjárhagsgetu þjóðarinnar. En mjög er þýðingarmikið, að þjóðleikhúsið geti hafið starf sitt af sem mestum myndarskap. Til þess hafa um langan aldur staðið miklar vonir. Er fé það, sem rekstrarsjóði leikhússins er ætlað, svo ríflegt, að það ætti að geta orðið.

Frumvarp undirbúningsnefndar rekstrar þjóðleikhússins er prentað hér með sem fylgiskjal ásamt greinargerð nefndarinnar.

Fylgiskjal.

Lög um þjóðleikhús.

1. gr.

Þjóðleikhúsið skal rekið sem ríkisstofnun undir yfirumsjón menntamálaráðherra.

2. gr.

Í þjóðleikhúsinu skal fara fram iðkun leiklistar almenningi til menntunar og yndisauka, svo og annarra þeirra listgreina, sem leiksviði eru bundnar. Í þeim tilgangi ber þjóðleikhúsinu að

1. flytja á listrænan hátt sjónleiki, skáldskaparlegs gildis,
2. flytja sjónleiki í formi sönglistar og danslistar, eftir því sem við verður komið,
3. vera til fyrirmyndar um meðferð íslenzkrar tungu,
4. halda skóla til eflingar íslenzkri leikmennt.

Starfsemi þjóðleikhússins er ætlað að ná til allra landshluta.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar leikhússtjóra, er hefur æðsta framkvæmdavald um allar ráðstafanir leikhússins. Enn fremur skipar menntamálaráðherra þessa starfsmenn við þjóðleikhúsið: leikstjóra, bókmenntaráðunaut og skrifstofustjóra. Leikhússtjóri, leikstjóri og bókmenntaráðunautur skulu skipaðir til 5 ára í senn.

Í reglugerð, er menntamálaráðherra setur, skal skipað fyrir um starf þessara starfsmanna hvers um sig og um annað, er að stjórn og fyrirkomulagi leikhússins lýtur, og þörf þykir að setja fastar reglur um.

Leikhússtjóri ræður allt að 20 fasta leikara til 5 ára í senn og gerir við þá ráðningarsamninga, enda samþykki ráðuneytið ráðningarkjör þeirra.

Framangreindum fastráðnum starfsmönnum má segja upp starfi, hvenær sem er með missiris fyrirvara til loka leikárs. Leikhússtjóri ræður enn fremur allt annað nauðsynlegt starfsfólk við leikhúsið.

4. gr.

Ráðherra ákveður laun fastráðinna starfsmanna að fengnum tillögum leikhússtjóra.

5. gr.

Starfsmenn þjóðleikhússins, sem ráðnir eru til minnst eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, skulu greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóta þar sömu réttinda og aðrir starfsmenn ríkisins.

Þeir af fastráðnum starfsmönnum þjóðleikhússins, sem áður hafa unnið hliðstæð störf í þágu íslenzkrar leiklistar, skulu einnig njóta eftirlaunaréttar fyrir þann starfstíma. Ráðherra ákveður réttindatíma hvers og eins að fengnum upplýsingum og tillögum félags íslenzkra leikara.

6. gr.

Við þjóðleikhúsið skal starfa leikritanefnd. Í nefnd þessari eiga sæti leikhússtjóri, leikstjóri, bókmenntaráðunautur og tveir fulltrúar, er fastráðnir leikarar kjósa til tveggja ára í senn (sbr. 7. gr.).

Leikritanefnd skal aðstoða leikhússtjóra við val leikrita.

7. gr.

Leikárið telst frá 1. júlí til 30. júní næsta ár. Leiksýningar skulu að jafnaði hefjast um miðjan september og ljúka um mánaðamót maí—júní. Skipun starfsmanna þjóðleikhússins skal miða við leikárið.

8. gr.

Leikhússtjóri skal fyrir lok júnímánaðar ár hvert afhenda menntamálaráðherra til athugunar og samþykktar uppkast að fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár.

Í lok hvers leikárs skal leikhússtjóri afhenda menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skýrslu og reikning yfir rekstur þjóðleikhússins á liðnu starfsári.

9. gr.

Við þjóðleikhúsið skal starfa leikskóli. Leikhússtjóri ræður forstöðumann, kennara og annað starfslið leikskólans.

Um kennslu, kennara og nemendur skal ákveðið í reglugerð.

10. gr.

Náið samstarf skal vera milli þjóðleikhússins og ríkisútvarpsins eftir því sem ráðherra kveður á um.

11. gr.

Þegar leikhúsið er ekki notað til leiksýninga, má nota það til hljómleika til þroska tónlistarmenningu í landinu, svo og til kvikmyndasýninga.

Tekjur af leigu hússins til hljómleika og af kvikmyndasýningum ganga til reksturs leikhússins.

12. gr.

Skemmtanaskatti samkv. lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús og síðari breytingum, skal varið óskertum til reksturs þjóðleikhússins. Að svo miklu leyti sem skemmtanaskattur og aðrar tekjur leikhússins hrökkva ekki til rekstursins, skal rekstrshallinn greiddur úr ríkissjóði. Verði tekjuafgangur af rekstri þjóðleikhússins, skal hann lagður í varasjóð leikhússins.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um alla framkvæmd þessara laga, svo sem um störf starfsfólks, skyldur þess og réttindi, leiksýningar o. fl.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar frv. það til laga um þjóðleikhús, sem hér liggur nú fyrir Alþingi, kemur fram, ber svo við, að merk tímamót hafa orðið í sögu íslenzkrar leiklistar. Fimmtíu ár eru liðin síðan Leikfélag Reykjavíkur var stofnað. Þetta voru fyrstu félagssamtökin sem efnt var til með því takmarki að gangast fyrir skipulegu leiklistarstarfi í höfuðstað landsins. Nokkrir áhugamenn um leiklist, sem höfðu æft og sýnt sjónleiki í ýmsum menningar- og stéttarfélögum bæjarins, en aðrir leikið sem skólasveinar og jafnvel samið leikrit, áttu frumkvæðið að stofnun leikfélagsins. Fram að þessu hafði leikstarfsemi, eins og að líkum lætur, verið háð tilviljunum og ekki miðað að ákveðnu marki, enda verið iðkuð við hin óhagstæðustu skilyrði, lélegan húsakost, skort kunnáttumanna til leiðbeininga og önnur vanefni. Þetta óskipulagða samstarf áhugamanna hafði þó þegar borið góðan ávöxt. Nokkrum mönnum og konum hafði gefizt tækifæri til að sýna ótvíræða hæfileika til þessarar listar, iðkendur hennar höfðu skilið hve gott og þroskandi viðfangsefni hún var og almenningur sýndi einstakan áhuga fyrir leiksýningum. Líklegt má telja, að ekki hafi öllum þeim, er frumkvöðlar gerðust að stofnun Leikfélagsins, verið það jafnljóst hvert menningarmál hér var um að ræða, en nú, eftir hálfrar aldar starf Leikfélagsins, játa allir, að hér var grundvöllurinn lagður að merkum þætti í íslenzku menningarlífi.

Forvígismönnum þessa máls mun þó snemma hafa orðið það ljóst, að betur þyrfti að búa að leiklistinni en enn hafði verið gert, ef keppa átti að eðlilegum framförum í þessari grein. Húsnæði það, sem Leikfélagið varð að notast við, var mjög gallað og ófullkomið og þau kjör, sem leikurunum voru búin í starfi þeirra, urðu að breytast mikið til batnaðar ef vel átti að fara. Mjög snemma á starfskeiði félagsins hafa hinir glöggskyggnustu menn innan þess séð, að stefna varð að hærra marki en því, að fámennur hópur áhugaleikara, sem litla möguleika hafði til nauðsynlegrar endurnýjunar, héldi áfram að iðka leik í tómstundum sínum, í ófullkomnum húsakynnum, þar sem vali viðfangsefna voru þau takmörk sett, að óviðunandi hlaut að verða til frambúðar. Jafnhliða því sem leiklistinni fór fram og fleiri hæfileikamenn gengu henni á hönd, jókst skilningurinn á því hlutverki sem hún var kjörin til að rækja í þágu almennrar menningar. Það takmark, sem stefna varð að, hlaut að vera það, að koma málefni leiklistarinnar á svipaðan grundvöll hér og aðrar menningarþjóðir höfðu fyrir löngu gert hjá sér. Reisa varð fullkomið leikhús, þar sem þeir menn, er fremstir voru í þessari grein, og höfðu með góðum hæfileikum, þrautseigju og ástundun náð ágætum árangri í list sinni, gætu helgað henni krafta sína alla og óskipta, og þar sem skilyrði yrðu sköpuð til þess að nýir kraftar kæmu fram, er fengju nauðsynlega menntun og lífvænleg starfskjör.

Með þetta takmark fyrir augum hóf Indriði Einarsson baráttu sína fyrir þjóðleikhúsi í Reykjavík og meðan hann lifði stóð hann fremstur í flokki áhugamanna fyrir þessu máli. Hinn fyrsti raunhæfi ávöxtur þeirrar baráttu, er hann og samherjar hans háðu fyrir þjóðleikhúsmálinu, voru lögin um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, sem sett voru af Alþingi árið 1923. Í þeim er ákveðið að stofna skuli þjóðleikhússjóð og skuli skemmtanaskattur af öllu landinu renna í hann. Þjóðleikhússjóði skal varið til þess að koma upp þjóðleikhúsi í Reykjavík og til að styrkja sjónleiki, sem að staðaldri verða sýndir í því húsi. Með þessu hafði mikill sigur unnizt fyrir málefni leiklistarinnar. Alþingi hafði ekki aðeins viðurkennt, að reisa þyrfti nýtt og fullkomið leikhús, heldur einnig sýnt framsýni og skilning á því að hér nægði ekki húsið eitt, heldur varð að tryggja að það starf, sem þar átti að vinna, bæri raunverulegan ávöxt fyrir menningu þjóðarinnar. Fyrirmæli laganna um það að skemmtanaskatturinn skyldi vera fastur tekjustofn þjóðleikhússins, þegar það væri tekið til starfa, var skýlaus viðurkenning á því takmarki, sem stefnt hafði verið að. Leiklistin var menningargrein, sem þjóðin hafði hæfileika til að iðka og njóta, framtíð hennar varð að tryggja.

Nú hófst saga byggingamálsins og verður farið fljótt yfir hana, þar sem hún er öllum kunn. Fyrstu árin gengu til undirbúnings málinu og olli ágreiningur um það hvar húsið skyldi standa, of langri töf. Árið 1928 var byrjað á byggingunni og áður en nýir erfiðleikar kæmu til sögunnar tókst að koma henni undir þak. Árið 1932 stöðvaðist verkið af þeim sökum, að þjóðleikhússjóðurinn var sviptur tekjum vegna fjárhagskreppu ríkisins. Þegar landið var hernumið á styrjaldarárunum tók brezkt setulið húsið til sinna afnota, og tókst ekki, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af hálfu þjóðleikhúsnefndar, Félags ísl. leikara, Leikfélags Reykjavíkur og stjórnarvaldanna að fá setuliðið til að rýma bygginguna fyrr en á árinu 1945. Var þá hafizt handa að ljúka smíði leikhússins. Nægilegt fé var í sjóði, þar sem Alþingi hafði samþykkt árið 1940, að skemmtanaskattur skyldi að nýju renna í þjóðleikhússjóð. Smíði hússins er nú það langt komið, að öruggt má telja að leiksýningar geti hafizt þar fyrir næstu áramót. Þann 19. febr. 1945 skipaði þáv. menntamálaráðherra, Brynjólfur Bjarnason, 5 manna nefnd, þá Þorstein Ö. Stephensen, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Brynjólf Jóhannesson, Halldór Kiljan Laxness, Jakob Möller og Ólaf Björnsson, til þess að gera tillögur um og hafa með höndum undirbúning að rekstri þjóðleikhússins. Þegar Jakob Möller fór af landi burt var Hörður Bjarnason skipaður í nefndina í hans stað. Í nóvember s. l. varð Ólafur Björnsson að hætta störfum í nefndinni vegna brottfarar af landinu. Nefndin hefur eftir föngum aflað sér vitneskju um rekstur leikhúsa í nágrannalöndunum til að hafa til hliðsjónar við áætlanir sínar og tillögur um rekstur þjóðleikhússins.

Nú, þegar sú stund nálgast, að þjóðleikhússbyggingin verður fullbúin til afnota, er nauðsynlegt að almenningur í landinu, ekki síður en þing og stjórn, geri sér þess grein, hverjar kröfur og skyldur stofnun þjóðleikhúss hefur í för með sér fyrir ríkið.

Föst starfræksla þjóðleikhúss, með starfsári, þar sem gert er ráð fyrir að minnsta kosti 4 sýningum vikulega, getur ekki með nokkru móti orðið tómstundavinna nokkurra áhugamanna, manna, sem að loknum vinnudegi í óskyldum starfsgreinum eiga að hefja nýjan vinnudag við orkufrek og kröfuhörð liststörf um það bil, sem aðrir menn ganga til hvíldar.

Fast þjóðleikhús stendur og fellur með því, að til sé flokkur atvinnuleikara og annarra fastráðinna starfsmanna, sem geti unnið í þágu stofnunarinnar á venjulegum vinnutíma og séu tiltækir til nauðsynlegra æfinga á hvaða tíma dags sem er. Leikhús, sem hefur þó ekki sé nema þrjú leikrit í gangi í senn, hlýtur að gera kröfu til að ráða yfir föstum starfsmannaflokki, sem helgað geti stofnuninni allan vinnutíma sinn. Ef í þessu efni væri gert ráð fyrir einhverri annarri tilhögun, hlyti það að tákna uppgjöf allra þeirra hugmynda um þjóðleikhús, sem frá upphafi hafa vakað fyrir framkvöðlum þjóðleikhússbyggingarinnar og forvígismönnum leikmenntar í landinu, enda fjarri anda og ákvæðum laga um þjóðleikhússjóð. Það er ekki hugsanlegt, að nokkurt áhugamannafélag hafi vilja né getu til að leigja eða kaupa hús það, sem ríkið hefur byggt með nafni þjóðleikhúss, enda óhugsandi, að rekin verði í húsi þessu leikstarfsemi, sem sé einkafyrirtæki tómstundaleikara, leikhúsrekstur í svo dýrri byggingu og frekri á starfsmannahald mundi ekki freista einkafyrirtækja, allra sízt fátækra áhugalistamanna.

Þannig kemur upp spurningin um „að vera eða vera ekki“ í þessu máli: spurningin um að stofna þjóðleikhús eða gefast upp við þjóðleikhúshugmyndina að öðrum kosti, og láta húsið.

Hins vegar er engin sjáanleg ástæða til þess, að ríkið, sem hefur reist þjóðleikhúsið, kippi að sér hendi, þegar á að fara að koma á fót þeirri starfsemi, sem húsinu var ætlað að þjóna. Stofnun íslenzks þjóðleikhúss virðist aftur á móti eðlilegt tákn þess menningarlega vorhuga, sem vaxandi fjárhagsgeta þjóðarinnar gefur tilefni til, og sjálf þjóðleikhúsbyggingin tjáir.

Við einstakar greinar frumvarpsins er þetta að athuga:

Um 1. gr.

Frá því undirbúningur var fyrst hafinn til byggingar þjóðleikhússins, var til þess ætlazt, að leikhúsið yrði ríkisstofnun, enda gert ráð fyrir því í lögum um skemmtanaskatt og þjóðleikhús frá 1923. Ógerlegt er að reka leikhúsið á þann hátt sem gert er ráð fyrir í 2. gr. öðruvísi en sem ríkisstofnun.

Um 2. gr.

Um leikskólann vísast til greinargerðar um 9. gr.

Annars skýrir greinin sig sjálf að öðru leyti en því, að með niðurlagsákvæði hennar er ætlazt til að leikhúsið sendi leikflokka út um byggðir landsins til að sýna þar sjónleiki. Þetta yrði einkum gert að vorinu til, svo og öðrum árstímum eftir því sem ástæður leyfðu. Enn fremur er svo til ætlazt, að þjóðleikhúsið sendi leikstjóra til að leiðbeina leikflokkum utan Reykjavíkur.

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um skipan starfsmanna við þjóðleikhúsið. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi leikhússtjóra, leikstjóra, bókmenntaráðunaut og skrifstofustjóra, en allir aðrir starfsmenn verði ráðnir af leikhússtjóranum, sem ber ábyrgð á gengi leikhússins, bæði fjárhagslegu og menningarlegu. Til þess að tryggja það, að þessum störfum gegni jafnan hæfustu menn, sem leggi alla krafta sína fram í þágu leikhússins, er svo ákveðið, að skipunartími leikhússtjóra, leikstjóra og bókmenntaráðunautar, er ráðherra skipar, svo og fastráðinna leikara, séu bundin við 5 ár, þó þannig að hægt sé að segja þeim upp starfi hvenær sem er með missiris fyrirvara til loka leikárs. Hins vegar þykir rétt að skrifstofustjóri verði ráðinn á sama hátt og aðrir starfsmenn ríkisins. Við öll meiri háttar leikhús er talið sjálfsagt að stjórn leikhússins hafi sér við hönd sérfræðing í bókmenntum. Gert er ráð fyrir að starf bókmenntaráðunautar sé ekki aðalstarf. Óhjákvæmilegt er að við leikhúsið starfi sérstakur leikstjóri, en að sjálfsögðu verður öðrum einnig falin leikstjórn. Þess skal getið, að við erlend leikhús starfa jafnan fleiri leikstjórar, auk þess sem leikstjórar við önnur leikhús innanlands og utan eru fengnir til að stjórna einstökum leiksýningum.

Á vegum Leikfélags Reykjavíkur starfa að jafnaði 40 leikarar. Við þjóðleikhúsið í Osló starfa 45 fastráðnir leikarar, sem ekki gegna öðrum störfum, og álíka margir við þjóðleikhús hinna Norðurlandanna. Gert er ráð fyrir, að á hverjum tíma séu sýnd tvö leikrit samhliða og að jafnframt sé verið að æfa önnur tvö leikrit. Leikendur verða að stunda æfingar að minnsta kosti 5 tíma á dag og leika að kvöldinu, auk heimavinnu við hlutverk sín. Af þessu má bert vera, að til þess að tryggja öruggan rekstur leikhússins verður ekki hjá því komizt að allt að 20 fastráðnir leikarar, sem ekki hafa öðrum störfum að gegna, starfi við leikhúsið.

Þar sem leikhússtjórinn ber veg og vanda af starfsemi leikhússins er sjálfsagt að hann ráði starfsfólkið.

Um 4. gr.

Leikarar hafa nú nær allir leikstarfsemina í hjáverkum. Flestir þeirra gegna sæmilega launuðum störfum. Til þess að þeir helgi leikhúsinu óskipta starfskrafta sína verður að greiða þeim góð laun, sérstaklega þar sem hér er ekki um öruggt framtíðarstarf að ræða. Hins vegar er ekki talið fært að svo stöddu að ákveða launin með lögum, heldur verði laun hvers einstaks ákveðin af ráðherra. Laun annarra starfsmanna en leikara verða ákveðin í samræmi við svipuð störf annars staðar. Gengi leikhússins er fyrst og fremst undir því komið, að því takizt að fá í þjónustu sína hæfustu leikarana, sem völ er á á hverjum tíma.

Um 5. gr.

Enda þótt ákveðið sé, að leikarar og aðrir listamenn þjóðleikhússins verði ráðnir til takmarkaðs tíma, má þó gera ráð fyrir því, sökum mannfæðarinnar, að

flestir þeirra vinni mest af sínu listamannsstarfi á vegum þjóðleikhússins. Það er því eðlilegt, að þeir fái sama rétt á eftirlaunum og öðrum tryggingum eins og aðrir starfsmenn ríkisins.

Þeir, sem fyrst verða ráðnir til starfa við þjóðleikhúsið, verða að sjálfsögðu sömu mennirnir og undanfarið hafa haldið uppi leikstarfsemi í landinu við örðug skilyrði, en fyrir litla þóknun. Margir þeirra eru nú rosknir menn og mundu því ekki öðlast nema lítinn eftirlaunarétt, ef eingöngu væri miðað við starfstímann hjá þjóðleikhúsinu. Til þess að ráða bót á þessu, er hér ákveðið, að réttindi verði veitt fyrir fyrri starfstíma. Ráðherra ákveður réttindatímann í hverju einstöku tilfelli í samráði við Félag íslenzkra leikara. Með lögum nr. 40 frá 15. febr. 1945 var fjölmörgum opinberum starfsmönnum veittur hliðstæður réttur. Þar sem leikararnir hafa að mestu unnið störf sín án launa, þótti þó ekki rétt, að láta þá borga fyrir þessi réttindi á sama hátt og aðra, heldur taki ríkið á sig þann kostnað, sem af því kann að leiða, og veiti mönnunum þar með nokkra viðurkenningu fyrir brautryðjendastarf þeirra.

Um 6. gr.

Við mörg stærri leikhús erlendis eru skipaðar sérstakar leikritanefndir. Hjá Leikfélagi Reykjavíkur hefur undanfarin ár verið starfandi slík nefnd félagsstjórninni til aðstoðar við val leikrita. Þessi skipan hefur gefizt vel, og er sjálfsagt að halda henni. Hins vegar er hér fylgt meginreglunni, að leikhússtjóri hafi úrslitavaldið um val leikrita eins og önnur málefni leikhússins.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að leiksýningar hefjist um miðjan september og ljúki um mánaðamótin maí—júní. Reynslan hefur sýnt, að almenningur sækir síður leiksýningar á sumrin heldur en á öðrum árstímum og leikarar og aðrir starfsmenn þurfa þá að fá hvíld frá störfum. Þó leiksýningar falli niður yfir sumarmánuðina fá leikarar lítið lengra sumarfrí en venjulegt er um opinbera starfsmenn. Fyrri hluta sumars sendir leikhúsið leikflokka til leiksýninga utan Reykjavíkur, en seinni hluti sumarsins verður notaður til þess að undirbúa leiksýningar fyrir næsta leiksýningartíma.

Um 8. gr.

Ákvæði fyrstu málsgreinar eiga að tryggja það, að menntamálaráðherra fylgist með starfi leikhússins. Sjálfsagt þykir að menntamálaráðherra samþykki fjárhagsáætlun leikhússins. Eins og öllum má vera ljóst, er eins og sakir standa miklum örðugleikum bundið að áætla fjárhagsafkomu leikhússins. Þrátt fyrir þessa örðugleika verður hér á eftir gerð slík áætlun og eru þá reikningar Leikfélags Reykjavíkur og þjóðleikhúsanna á Norðurlöndum hafðir til hliðsjónar.

Gjöld: (Miðuð við núv. verðlagsvisitölu.)

Laun leikara og aukaleikara	kr.	850 000
Laun leikhússtjóra, leikstjóra, skrifstofustjóra, bókmenntaráðunauta og skrifstofufólks	—	200 000
Til hljómlistar	—	200 000
Ljósamenn, smiðir, málarar, tjaldamenn o. fl.	—	300 000
Húsvörður, dyraverðir, gangaverðir, aðgöngumiðasalar, fatavarzla o. fl.	—	300 000
Leikskóli	—	50 000
Höfundalaun	—	50 000
	Kr.	1 950 000

Ljós	kr.	50 000
Hiti	—	100 000
Ræsting	—	100 000
Viðhald eigna	—	100 000
	Kr.	2 300 000
Leiktjöld, húsgögn o. fl.	—	150 000
Búningar	—	100 000
Auglýsingar	—	50 000
	Kr.	2 600 000
Óviss útgjöld	—	100 000
	Samtals kr.	2 700 000

Tekjur:

Í leikhúsinu eru áætluð 683 sæti. Leiksýningar áætlaðar 150 á ári (4 á viku á leikárinu). Aðgangseyrir að meðaltali kr. 15.00. 150 sýningar × 500 sýningargestir að meðaltali á 15 kr. sætið	kr.	1 125 000
Skemmtanaskattur, miðað við árið 1945	—	1 582 892
	Samtals kr.	2 707 829

Þess skal getið, að verð aðgöngumiða er nú hjá Leikfélagi Reykjavíkur kr. 23.00 til 27.00, en hér er reiknað með kr. 15.00 fyrir hvert sæti að meðaltali, til þess að allur almenningur hafi efni á að sækja leikhús.

Um 9. gr.

Til þess að skapa öruggan grundvöll undir leikstarfsemina í landinu er óhjákvæmilegt að við leikhúsið starfi leikskóli. Gert er ráð fyrir að námstíminn verði 3 ár. Í skólanum er ætlazt til að kennt verði að leika og lesa upp, íslenzkt mál, leikbókmenntir, líkamsæfingar o. fl. Forstöðumaður og flestir kennarar verða valdir meðal fastráðinna leikara. Undanfarin ár hefur Lárus Pálsson, leikari, rekið leikskóla í Reykjavík, en frá honum hafa nú komið nokkrir ungir og efnilegir leikarar til starfa hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Auk þess hafa aðrir leikarar haft á hendi kennslu í leiklist, sem á sama hátt hefur styrkt leikstarfið.

Um 10. gr.

Þjóðleikhúsið og ríkisútvarpið eru nátengdar menningarstofnanir, sem geta á margan hátt styrkt hvor aðra. T. d. má hugsa sér að þessar stofnanir sameinist um að koma á fót fullkominni hljómsveit. Til þess að tryggja gott samstarf þessara stofnana er til þess ætlazt, að ráðherra geti sett nauðsynlegar reglur á hverjum tíma.

Um 11. gr.

Sjálfsagt er að leikhúsið verði notað eftir því sem föng eru á til hljómleikahalds, að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við leikstarfsemina. Hins vegar er það mjög vafasamt hvort hagkvæmt verður að hafa kvikmyndasýningar í leikhúsinu, en úr því verður reynslan að skera.

Um 12. gr.

Í 6. gr. laga nr. 56 1927 er svo ákveðið, að „skemmtanaskatturinn rennur í sérstakan sjóð, „þjóðleikhússjóð“. Honum skal varið til þess að koma upp „þjóð-

leikhúsi" í Reykjavík og til að styðja sjónleika, sem sýndir verða að staðaldri í því húsi". 12. gr. frv. er því staðfesting á téðu lagaákvæði.

Um 13. og 14. gr.

Greinar þessar þurfa ekki skýringa við.

Nd. 758. Frumvarp til laga

um félagsheimili.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi 1947.)

1. gr.

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög og hvers konar önnur menningarfélög, sem standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi.

2. gr.

Félagsheimilasjóði, sem nokkur hluti skemmtanaskatts rennur í, sbr. lög nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús og breytingu á þeim lögum, skal varið til þess að styrkja byggingu félagsheimila samkv. 1. gr. Ekki má þó styrkur til hvers félagsheimilis nema hærri fjárhæð en svarar 40% af byggingarkostnaði þess. Ekki má heldur styrkja byggingu nema eins félagsheimilis í hverju sveitarfélagi, meðan þörfum annarra sveitarfélaga fyrir slík hús hefur ekki verið fullnægt. Styrkinn má hins vegar veita, hvort heldur eitt slíkra félaga, sem um ræðir í 1. gr., stendur að byggingu félagsheimilis eða fleiri í sameiningu.

Nú hefur félagsheimili notið eða nýtur byggingarstyrks úr ríkissjóði auk þess, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og má þá styrkur samkvæmt þeim ekki nema meiru en svo, að hann ásamt ríkisstyrknum nemi 40% af byggingarkostnaði.

3. gr.

Stjórn félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann styrki úr sjóðnum smkvæmt 2. gr., að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar. Umsóknir um styrki skulu sendar íþróttanefnd og fylgi uppdráttur að húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á þeim stað, sem um er að ræða, og ýtarleg lýsing á fyrirhugaðri notkun þess. Við veitingu styrks getur menntamálaráðherra gert það að skilyrði, að húsið sé byggt samkvæmt ákveðinni teikningu og yfirleitt sett þau skilyrði önnur viðvíkjandi gerð og notkun félagsheimilanna, sem hann telur nauðsynleg til þess að þau komi að sem beztum notum og séu sem mest við hæfi þess bæjar eða þeirrar byggðar, þar sem þau eru reist. Menntamálaráðherra getur og gert það að skilyrði fyrir styrkveitingu, að sveitarfélag, þar sem félagsheimili á að byggja, láti ókeypis í té viðunandi byggingarlóð.

4. gr.

Nú hefur sveitarfélag eða sveitarfélög forgöngu um byggingu félagsheimilis, og skal þá heimilt að styrkja hana úr félagsheimilasjóði, enda sé þá húsið til afnota í þágu slíkrar starfsemi, sem félög þau, sem um ræðir í 1. gr., hafa með höndum.

Áskilji sveitarfélag sér rétt til þess að nota húsið að meira eða minna leyti í öðru skyni, skal draga frá byggingarkostnaði þess fjárhæð, sem telja má hæfilega vegna þessara nota, og má styrkurinn ekki nema meiru en 40% af því, sem þá verður

eftir. Án leyfis menntamálaráðherra er sveitarfélagi óheimilt að taka síðar að nota aukinn hluta hússins til annars en um ræðir í 1. málsgr. Leyfi menntamálaráðherra slíkt, skal sveitarfélagið endurgreiða tiltölulegan hluta styrksins. Vilji það síðar láta aukinn hluta hússins eða það allt til þeirrar starfsemi, sem um ræðir í 1. málsgr., má veita því viðbótarstyrk, svo sem um nýbyggingu væri að ræða.

5. gr.

Eigendum félagsheimila, sem notið hafa byggingarstyrks úr félagsheimilasjóði, skal skylt að heimila slíkum félögum, sem um ræðir í 1. gr., í sama bæ eða sömu byggð afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef það fer ekki í bága við eðlilega þörf þeirra sjálfra fyrir það. Fræðslumálastjóri getur með samþykki menntamálaráðherra ákveðið hámark afnotagjalds slíkra félaga af félagsheimilum, sem styrkt hafa verið úr ríkissjóði. Verði ágreiningur um, hvort félag eigi rétt á afnotum af félagsheimili, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðherra.

Nú verður samkomulag um það milli eigenda félagsheimilis og annars slíks félags eða félaga, sem um ræðir í 1. gr., að það verði meðeigandi að félagsheimilinu, og skal þá við ákvörðun þeirrar fjárhæðar, er það greiðir, miða við, að það verði hluttakandi í þeim styrk, sem veittur hefur verið til byggingar hússins úr félagsheimilasjóði eða ríkissjóði. Menntamálaráðherra skal samþykkja slík kaup.

6. gr.

Óheimilt er að selja félagsheimili, sem styrkt hafa verið úr félagsheimilasjóði, án leyfis menntamálaráðherra. Leyfi hann slíka sölu, skal félagsheimilasjóði endurgreiddur styrkur sá, sem úr honum hafði verið veittur til byggingar hússins. Óheimilt er að veðsetja félagsheimili, sem styrkt hafa verið samkvæmt lögum þessum, nema fyrir láni til greiðslu byggingarkostnaðar eða vegna endurbóta á eigninni. Veðlán þessi mega aldrei nema meiru en ⅓ hluta byggingarkostnaðar og ½ endurbótakostnaðar.

7. gr.

Nú er eitt eða fleiri af félögum þeim, sem staðið hafa að byggingu félagsheimilis, lagt niður, og skal þá það eða þau félög, sem starfa áfram, eiga kost á að taka við húsinu með öllum réttindum og skyldum. Vilji þau það ekki eða séu öll félögin, sem staðið hafa að byggingu félagsheimilisins, lögð niður, skal sveitarstjórn, þar sem félagsheimilið er, eiga þess kost að fá það, ef hún skuldbindur sig til þess að reka það í þágu þeirrar starfsemi, sem um ræðir í 1. gr. Nú neitar sveitarstjórn að taka við félagsheimili til rekstrar eða vill hætta rekstri félagsheimilis, sem hún hefur áður tekið að sér að reka eða haft forgöngu um að byggja, og skal menntamálaráðherra þá skipa 3 manna nefnd, er gera skal tillögur um, hvernig ráðstafa skuli húsinu. Einn nefndarmanna skal skipaður samkv. tilnefningu félaga þeirra, sem síðast höfðu umráð yfir húsinu, annar eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, en hinn þriðji án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Menntamálaráðherra ákveður síðan um ráðstöfun hússins, og er honum heimilt að fá það til rekstrar félagi eða félögum, sem um ræðir í 1. gr., eða að láta selja það til lúkningar áhvílandi skuldum og endurgreiðslu byggingarstyrks til félagsheimilasjóðs. Það, sem umfram kann að verða, rennur í félagsheimilasjóð.

8. gr.

Sérhvert félagsheimili, sem byggt er með styrk úr félagsheimilasjóði, skal vera sjálfstæð stofnun, og skulu settar reglur um rekstur og afnot þess, hvers og eins, og menntamálaráðherra staðfesta þær.

9. gr.

Ágreiningi, sem verður um skilning á lögum þessum eða um framkvæmd þeirra, má skjóta til ráðherra.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948. Er samkvæmt þeim heimilt að veita styrk úr félagsheimilasjóði til byggingar félagsheimila, sem hafin hefur verið bygging á eftir 1. janúar 1944, en er ekki lokið, þegar lög þessi öðlast gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á því Alþingi, er nú starfar, hafa þingmenn borið fram frumvörp til laga um félagsheimili og fjárhagslegan stuðning við þau. Ríkisstjórnin hefur fellt þær tillögur saman í þessu frumvarpi.

Engin þörf er að rekja hér í löngu máli nauðsyn þess, að ýmis menningarfélög, — ungmennafélög, íþróttafélög, skátafélög, svo að nokkur séu nefnd, — eigi kost húsnæðis við hæfi starfsemi sinnar. Sú þörf er alkunn og viðurkennd. En tækifæri virðist betra nú en oft áður til að leysa þau vandkvæði, sem skortur samkomuhúsa veldur víða um land. Þjóðleikhúsið er senn fullgert. Þangað hefur skemmtanaskattur runnið um skeið nær óskertur. Þegar rekstur leikhússins hefst, sem verða mun á þessu ári, má telja fullvíst, að enga nauðsyn beri til jafnmikilla tekna af skattinum í sjóð þess og áður. Virðast því rétt rök hníga að því, að hluta skemmtanaskattsins verði varið til samkomuhúsagerðar eftir 1. janúar 1948, svo sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Hefur ríkisstjórnin lagt annað frv. fyrir Alþingi samhliða þessu, um breyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, þar sem félagsheimilasjóði er tryggður hluti skemmtanaskattsins, ef að lögum verður. Úr sjóði þeim skal menntamálaráðherra veita styrki, allt að 40% af byggingarkostnaði félagsheimila, með skilyrðum, sem greind eru í frv.

Skemmtanaskattsins er þannig aflað, að eðlilegast er að eyða honum í þágu skemmtanalífsins og freista með bættum húsakosti að lyfta því á hærra menningarstig.

Sþ. 759. Tillaga til þingsályktunar

um styttan starfstíma Alþingis.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að stilla svo til með undirbúning þingmála fyrir reglulegt Alþingi 1947 og um vinnubrögð á því þingi, að fjárlögum og annarri nauðsynlegri lagasetningu verði lokið fyrir 20. des. það ár, enda hafi þingið ekki setið nema 10 vikur.

Greinargerð.

Alþingi hefur nú setið átta mánuði og mun væntanlega þurfa enn einn mánuð til að ljúka störfum. Þarf ekki miklu við að bæta, frá því sem nú er, til að þingið verði að starfi allt árið, að fráskildum hæfilegum orlofstíma mitt um sláttinn. Árið sem leið var þingfararkaup þeirra þingmanna, sem búsettir eru í Reykjavík, 13 þús. kr. og allur annar tilkostnaður eftir því. Útgjöld ríkisins við störf Alþingis eru nú þegar orðin allt of mikil fyrir þjóð, sem er ekki nema 130 þús. Þó er hitt öllu verra, að hin langa þingseta hlýtur meir og meir að útiloka borgara landsins frá þingstörfum, nema þeir vilji gerast atvinnuþingmenn eða lifa á snöpum í námunda við

þingstörfin, en hvorugt mun bæta stjórnarfar landsins. Reynslan hefur margsannað, að löng þingvinna tryggir ekki trausta löggjöf og að hin stærstu mál eru að öllum jafnaði afgreidd úr þinginu á mjög stuttum tíma. Fjárlög yfirstandandi árs voru að vísu 8 mánuði í smíðum, en þegar leið að lokasamþykkt, kom í ljós, að á síðustu stundu varð af öryggisástæðum að klípa 15% af öllum framlögum ríkissjóðs til verklegra framkvæmda, en meginvinnan við undirbúning fjárlaganna var einmitt við ákvörðun þessara útgjalda. Málið var þó ekki komið í höfn með þessum aðgerðum, heldur varð til frekara öryggis að gefa ríkisstjórninni almenna heimild til að greiða aðeins þær fjárkröfur, sem ekki yfirstíga fjármálagetu ríkissjóðs. Eftir 8 mánaða strit við fjárlögin kemur í ljós, að þingið verður að fela ríkisstjórninni að stýra landinu af skynsamlegu viti, eins og engin fjárlög væru til. Á hinn bóginn voru langsamlega stærstu ákvarðanir þingsins í vetur teknar með stuttum fyrirvara. Ábyrgð á söluverði sjávaraflans var samþykkt á einum sólarhring. Var þar þó um að ræða fjárhæð, þar sem tapmöguleikarnir nema tugum milljóna. Nokkru síðar lagði Alþingi á borgarana skatta, ca. 40 milljónir króna, og var meðferð þess máls lokið á þrem dögum. Úr því að þingið hefur þann sið að ljúka hinum mestu málum á mjög stuttum tíma, er sýnilega óþarft að eyða mánuðum og jafnvel missirum til að ræða og samþykkja smámál.

Telja má fullvíst, að lagasmíði Alþingis hafi verið jafngott og nú, meðan árlegur starfstími þess var ekki nema 8—10 vikur. Núverandi skipulag er mjög dýrt fyrir ríkið, neyðir ríkisstjórnina til verkleysis, útilokar að mestu, að athafnamenn úr dreifbýlinu vilji taka þátt í löggjafarstarfinu og freistar manna til að gerast atvinnuþingmenn, en það er talið óæskilegt í lýðræðislöndum. Hníga öll rök að því, að þjóðinni verði happadrýgst að halda við forna venju: Hafa þingin stutt en starfsöm og sækjast eftir, að þingmenn séu framkvæmdaforkólfar, búsettir víða um land, með þingstörfin sem áhugaverk fremur en atvinnuleit.

Sþ. 760. Nefndarálit

um till. til þál. um endurskoðun gildandi lagaákvæða um kirkjuleg málefni.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað tillöguna og lítur svo á, að enda þótt hin gömlu og úreltu ákvæði hamli ekki starfi kirkjunnar svo vitað sé, þá sé þó fyllilega tímabært að hefja þá endurskoðun, sem um ræðir í tillögunni. Á hitt getur nefndin ekki fallizt, að hraða beri endurskoðuninni, svo að henni verði lokið fyrir næsta Alþingi. Til þess er tíminn allt of skammur. Allsherjarnefnd leitaði álits biskups um tillöguna, og mælir hann með samþykkt hennar með nokkurri breytingu. Álit biskups fylgir hér með. Nefndin mælir því með, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða öll eldri gildandi lagaákvæði um málefni kirkjunnar, þannig að þau verði færð í einn lagabálk, er síðan verði lagður fyrir Alþingi að lokinni endurskoðun.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun eldri gildandi lagaákvæða um kirkjuleg málefni.

Alþingi, 5. maí 1947.

Ingólfur Jónsson, form.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.	Jón Sigurðsson, frsm.
Sigfús Sigurhjartarson.	Finnur Jónsson.	Bernh. Stefánsson.

Fylgiskjal.

BISKUPINN YFIR ÍSLANDI

Reykjavík, 18. des. 1946.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur með bréfi, dags. 16. þ. m., sent mér til umsagnar þingsályktunartillögu um endurskoðun lagaákvæða um kirkjuleg málefni.

Ég er flutningsmanni þakklátur fyrir að hafa borið fram þessa tillögu. Eins og hann réttilega tekur fram í greinargerð, eru fyrirmæli um kirkjuleg mál mjög á víð og dreif og ýmis þeirra gömul og úrelt bæði að formi og efni. Af þessu leiðir, að oft getur verið örðugt að átta sig á, hvað séu gildandi lög um ýmislegt varðandi kirkjuna.

Hefur oft á undanförnum árum, bæði á synodus og á héraðsfundum, verið vakið máls á því, að mesta nauðsyn væri á að gera hina kirkjulegu löggjöf einfaldari og skýrari og gefa hana síðan út sérprentaða.

Þess vegna er það bæði mér og að ég hygg öllum prestum og sóknarnefndum landsins gleðiefni, að tillaga þessi er komin fram, og vænti ég þess, að hún hljóti góðar undirtektir á Alþingi.

Hitt er aftur álitamál, hvort rétt muni eða heppilegt að steypa allri hinni kirkjulegu löggjöf saman í einn lagabálk. Ég hygg, að það mundi reynast bæði umfangsmikið og ekki alls kostar heppilegt. Virðist mér og ekki nein knýjandi ástæða vera fyrir hendi til þess að endurskoða sérstaklega hina yngri löggjöf um kirkjumál.

Hins vegar tel ég, að brýna nauðsyn beri til að setja hið allra fyrsta lög um þessi atriði sérstaklega:

1. Skyldur og réttindi presta og prófasta.
2. Kirkjur og kirkjueignir.
3. Stjórn safnaðarmála.
4. Utanþjóðkirkjumenn.

Væru samdir og samþykktir ýtarlegir lagabálkar um þessi efni, hygg ég, að kirkjulöggjöfin væri þar með orðin sæmilega heilsteypt og skýr, og jafnframt mundu þá falla úr gildi flest eða öll þau gömlu lagaákvæði, sem flutningsmaður tillögunnar getur í greinargerð sinni.

Í samræmi við það, sem hér að framan er sagt, leyfi ég mér að mæla eindregið með því, að þingsályktunartillagan á þingskjali 188 verði samþykkt þannig breytt:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar hefja endurskoðun gildandi lagaákvæða um kirkjumál í því skyni að gera þá löggjöf heilsteyptari og skýrari, og verði lagabálkur um þessi efni lagður fyrir næsta Alþingi.

Sigurgeir Sigurðsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Sþ. 761. Þingsályktun

um endurskoðun löggjafar um meðferð opinberra mála.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 674.

Sþ. 762. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun gildandi laga og reglugerða um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara endurskoðun á gildandi lögum og reglugerðum um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Endurskoðuninni skal hraða sem verða má og árangur hennar lagður fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Sþ. 763. Þingsályktun

um endurskoðun siglingalaga og sjómannalaga.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 523.

Ed. 764. Lög

um viðauka við lög nr. 32. 14. júní 1929, um loftferðir.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 532.

Ed. 765. Frumvarp til laga

um söngskóla þjóðkirkjunnar.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Stofna skal og starfrækja í Reykjavík skóla, er nefnist söngskóli þjóðkirkjunnar. Þar skal kenna nemendum guðfræðideildar háskólans, væntanlegum kirkjuorganistum svo og söngkennaraefnum orgelspil og söng, tónfræði, tónlistarsögu, söngstjórn o. fl., er að tónmenntun lýtur.

2. gr.

Fræðslumálastjórnin í samráði við biskup Íslands hefur á hendi yfirumsjón skólans og setur honum reglugerð. Allur kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar hefur á hendi forstöðu skólans og annast kennslu, eftir því sem við verður komið, án sérstaks endurgjalds. Hann ræður í samráði við yfirstjórn skólans stundakennara eftir því, sem þörfin krefur.

4. gr.

Námstími skal vera 2—4 ár, og starfar skólinn 6 mánuði árlega. Enn fremur er heimilt að halda í sambandi við skólann námskeið í söng og orgelleik fyrir kirkjuorganista, kirkjukóra og söngkennara.

5. gr.

Nánari ákvæði um kennslutilhögun, námstíma, inntökuskilyrði og próf skulu sett með reglugerð.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra. Einstöku nefndarmenn áskilja sér óbundin atkvæði um málið. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Undanfarin ár hefur söngmálastjóri þjóðkirkjunnar, Sigurður Birkis, kennt nemendum guðfræðideildar tón, liturgíu og sálmasöng yfir vetrarmánuðina og söngkennaraefnum úr kennaraskólanum bæði söng og söngstjórn. Enn fremur hefur hann kennt fólki úr kirkjukórum höfuðstaðarins söng og raddbeitingu.

Meginhluti þessarar kennslu hefur farið fram á heimili söngmálastjórans við erfið skilyrði og ónóg húsakynni. Enn fremur hefur kennsla þessi verið stopulli vegna þess, að Birkis hefur vegna starfs síns í þágu kirkjusöngsins orðið að fara ýmsar ferðir að vetrinum til þess að heimsækja hina dreifðu söfnuði landsins, bæði til þess að kenna þar söng og stofna kirkjukóra.

Er auðsætt, að söngmálastjórinn getur ekki annað svo margþættum og umfangsmiklum störfum, nema starfsskilyrði hans hér í Reykjavík verði bætt að verulegu leyti, enda varla til þess hægt að ætlast, að hann, auk ókeypis kennslu, leggi einnig fram bæði húsnæði og áhöld til kennslunnar, enda margháttaðir erfiðleikar á því að halda uppi slíkri kennslu á einkaheimili.

Af þessum sökum var það, að söngmálastjóri ritaði í janúarmánuði síðastliðnum biskupi Íslands ýtarlegt bréf, þar sem hann sýndi fram á nauðsyn þess, að komið yrði á fót hið allra fyrsta skóla, þar sem nemendum guðfræðideildar, organistum og söngkennaraefnum yrði kennt tón, orgelspil, söngur og söngstjórn.

Á síðustu prestastefnu flutti hann síðan erindi um þetta mál, og samþykkti prestastefnan í því sambandi svo hljóðandi tillögu:

„Prestastefna Íslands telur nauðsynlegt, að stofnaður verði í Reykjavík söngskóli fyrir þjóðkirkjuna, þar sem kennt sé söngur og orgelspil nemendum guðfræðideildar háskólans og söngkennara- og organistaefnum, er síðar taki að sér söngstjórn og orgelspil í kirkjum landsins, svo og þeim barna- og unglingakennurum, sem söngkennslu mundu hafa á hendi í þeim skólum.

Telur prestastefnan, að stofnun slíks skóla mundi ekki hafa verulegan kostnað í för með sér, þar sem einn liður í starfi söngmálastjóra þjóðkirkjunnar mundi verða sá að veita skólanum forstöðu og annast þar kennslu að verulegu leyti.

Fyrir því leyfir prestastefnan sér að beina þeirri ósk til kirkjumálaráðherra og ríkisstjórnarinnar í heild að beita sér fyrir því, að slíkum skóla verði komið á fót þegar á næsta hausti.“

Þetta eru í stuttu máli rökin fyrir því, að þetta frumvarp er fram borið.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir ekki ástæða að ræða sérstaklega.

Kostnaður við skóla þennan verður aðallega fólginn í því að sjá honum fyrir húsnæði og nauðsynlegustu kennslutækjum, svo og greiðslu til stundakennara. Þessi kostnaður getur naumast orðið ríkissjóði mjög tilfinnanlegur. Húsakynni þurfa að vísu að vera hentug, en engan veginn mjög stór. Og þar sem til þess er ætlazt, að söngmálastjórinn kenni ókeypis og annist kennsluna að verulegu leyti, getur greiðsla til 1—2 stundakennara ekki orðið tilfinnanlegur útgjaldaliður.

Hins vegar er nauðsynin á því að koma á fót slíkum skóla, sem hér um ræðir, svo brýn og skorturinn á hæfum organistum og söngkennurum svo mikill bæði í söfnuðum og skólum landsins, að mál þetta þolir eigi lengri bið.

Nd. 766. Breytingartillaga

við frv. til laga um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „verzlun fóðurvara“ komi: sölu fóðurvara.

Ed. 767. Frumvarp til laga

um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um verzlun með fóðurblöndur.

1. gr.

Tilraunaráð búfjárræktar, sem skipað er samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1940, skal hafa eftirlit með framleiðslu og sölu fóðurvara, sem ætlaðar eru til skepnufóðurs, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Landbúnaðardeild Atvinnudeildar háskólans skal annast allar efnarannsóknir í sambandi við eftirlitið, og starfsmenn hennar skulu taka sýnishorn hjá framleiðendum og innflytjendum í Reykjavík og á öðrum þeim stöðum, sem því verður við komið, eftir fyrirmælum tilraunaráðs, en ef hentugra þykir, getur tilraunaráð samið við aðra aðila að vera trúnaðarmenn sína um töku sýnishorna.

3. gr.

Eftir gildistöku laga þessara má enginn framleiða til sölu né flytja inn fóðurblöndur, nema með leyfi landbúnaðarráðherra, sem veitir leyfin að fengnum tillögum tilraunaráðs búfjárræktar.

4. gr.

Hver sá, sem fær leyfi til að framleiða til sölu eða flytja inn fóðurblöndur, er skyldugur að láta fylgja vörunni, efst í hverjum poka, seðil, þar sem gefin eru upp eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili framleiðanda.
2. Vikan, sem varan er framleidd í.
3. Nöfn þeirra fóðurtegunda, sem notaðar eru í fóðurblönduna.
4. Upplýsingar um, hvaða búfjártegund blandan er ætluð.
5. Meðalmagn af meltanlegri eggjahvítu í hverri fóðureiningu af fóðurblöndunni.
6. Hve mörg kg þarf af fóðurblöndunni í hverja fóðureiningu.
7. Sé framleitt vítamínfóður, skal gefa upp tegundir vítamína og magn af hverju fyrir sig.

Upplýsingar þessar ber að skoða sem skuldbindingu frá framleiðanda til tryggingar því, að um ákveðin fóðurgæði og samsetningu sé að ræða.

5. gr.

Þeir, sem verzla með fóðurblöndur, skulu ársfjórðungslega greiða eftirlitsgjald af hverri smálest, sem þeir selja. Landbúnaðarráðherra ákveður gjald þetta fyrir fram fyrir hvert ár. Heimilt er að leggja gjald þetta á vöruna.

6. gr.

Af gjöldum þeim, sem um ræðir í 5. og 10. gr., skal stofna sjóð, er nefnist eftirlitssjóður fóðurvara. Skal úr sjóði þessum greiða kostnað við eftirlit það, sem lög þessi fjalla um.

Tilraunaráð búfjárræktar annast rekstur sjóðsins, innheimtir gjöld til hans og greiðir kostnað við eftirlitið, svo sem töku sýnishorna og efnagreiningar. Gjöld af innfluttum fóðurblöndum skulu innheimt með öðrum innflutningsgjöldum, eftir fyrirmælum tilraunaráðs.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun til tilraunaráðs fyrir störf þess vegna eftirlitsins. Hann skipar einnig endurskoðendur eftirlitssjóðs. Nægi tekjur eftirlitssjóðs á einhverjum tíma ekki til þess að greiða kostnað við eftirlitið, greiðist það, sem á vantar, úr ríkissjóði. Tekjuafgangur rennur árlega í ríkissjóð.

7. gr.

Í fóðurblöndur má aðeins nota þær fóðurtegundir eða fóðurefni, sem eru hollar fyrir búfé til þrifa og afurðamyndunar að dómi tilraunaráðs. Eigi má nota fóðurtegundir, sem hafa minna fóðurgildi en sem svarar 55 fe. í 100 kg.

8. gr.

Við efnarannsókn á fóðurblöndum má hið reiknaða fóðurgildi ekki vera minna en 97% af tilgreindu fóðurgildi samkvæmt fylgiseðlinum, en magn eggjahvítu má ekki víkja meira en 12% frá tilgreindu meðaltali.

Sýni efnarannsóknir þrisvar í röð lægri fóðurgildistölu eða of mikið frávik frá eggjahvítumeðaltali en framleiðandi eða innflytjandi hefur tilgreint, skal tilraunaráð skylda hlutaðeigandi aðila til að breyta framleiðslunni til samræmis við hið tilgreinda meðaltal, en sé þess eigi kostur, skal fóðurgildistölum þeim, sem tilgreindar eru á fylgiseðlinum, breytt til samræmis við efnagreiningar þær, sem um er að ræða.

9. gr.

Trúnaðarmenn tilraunaráðs, er taka sýnishorn af fóðurblöndum til efnagreiningar, skulu minnst taka þau þrisvar árlega hjá hverjum framleiðanda. Sýnishorn skulu tekin á framleiðslustað úr lokuðum pokum, sem tilbúnir eru til afhendingar. Þess skal gætt, að framleiðendur fóðurblandna fái enga vitneskju um, hvenær sýnishornataka á að fara fram. Sýnishorn skal taka úr 10. hverjum poka að jafnaði, þó skal aldrei taka færri en 5 sýnishorn af hverri tegund. Sýnishorn skulu tekin með þar til gerðum bor.

Trúnaðarmönnum tilraunaráðs er heimilt, hvenær sem er, að taka sýnishorn af fóðurblöndum til efnagreiningar hjá verzlunum, sem verzla með þær vörur, svo og hjá einstökum bændum. Ekki skulu tekin færri sýnishorn en 3 af hverri tegund, og aðeins úr pokum, sem vissa er um, að hafi ekki verið opnaðir síðan þeir voru afhentir frá framleiðslustað.

10. gr.

Þegar efnagreining hefur verið framkvæmd á sýnishornum, sem tekin eru til rannsóknar samkvæmt 9. gr., skal hverjum hlutaðeiganda send tilkynning um niðurstöður rannsóknanna. Í fyrsta sinn, sem einhver fóðurblanda víkur óleyfilega frá tilteknu fóðurgildi, skal hlutaðeigandi aðila tilkynnt skriflega, hverju er áfátt og hverjar skaðabætur honum beri að greiða, ef eigi verður úr bætt. Í annað sinn eða síðar, sem efnarannsókn sýnir minna fóðurgildi en tilgreint er, skal hlutaðeigandi aðila skylt að greiða til eftirlitssjóðs verðmismun þann, er fram kemur, miðað við tilgreint fóðurgildi. Komi í ljós við efnarannsókn, að frávik eggjahvítu frá tilgreindu meðaltali sé meira en leyfilegt er, skal viðkomandi aðila skylt að greiða 1% af heildsöluverði fóðurblöndunnar til eftirlitssjóðs. Skal gjaldið miðast við selt vörumagn á tímabilinu milli töku sýnishorna.

Enn fremur skal framleiðandi greiða hlutaðeigandi kaupendum skaðabætur eftir útreikningi og mati tilraunaráðs, er nema að minnsta kosti tvöföldu verðmæti þess fóðurgildis, sem vantar á, að fóðurblandan reynist eins og tilskilið er á fylgiseðlinum. Sé um of mikið magn af eggjahvítu að ræða, getur kaupandi einnig krafizt skaðabóta fyrir það, enda hafi hann að dómi tilraunaráðs orðið fyrir tjóni af þeim sökum.

Heimilt er aðilum að skjóta máli sínu til dómstólanna.

11. gr.

Tilraunaráð skal birta, eigi sjaldnar en tvisvar á ári, skrá yfir alla þá, sem hafa leyfi til að framleiða og flytja inn fóðurblöndur til sölu. Þar skal tekið fram um nafn og vörumerki hverrar tegundar, verð, tilgreint fóðurgildi og magn af eggjahvítu, enn fremur hvaða búfé hver fóðurblanda er ætluð. Jafnframt skal tilraunaráð birta niðurstöður af efnarannsóknum hverrar tegundar, sem sé meðaltal af þremur síðustu rannsóknunum, sem gerðar hafa verið.

II. KAFLI

Um verzlun með síldarmjöl og fiskimjöl.

12. gr.

Til fóðurs innanlands mega síldarverksmiðjur landsins aðeins selja það síldarmjöl, sem flokkað er í I. flokki til útflutnings. Ef um skort á I. fl. vöru er að ræða, getur landbúnaðarráðherra gefið heimild til að selja lakari vöru til fóðurs, enda skal það þá selt hlutfallslega lægra verði og vera greinilega merkt sem II. fl. vara.

13. gr.

Ekki má selja fiskimjöl til fóðurs á innlendum markaði, sem hefur undir 50% af hráeggjahvítu. Fiskimjöl, sem hefur 60% af hráeggjahvítu og þar yfir, er heimilt að selja í ákveðnum flokki. Landbúnaðarráðherra getur, eftir umsóknum frá framleiðendum og að fengnum tillögum tilraunaráðs búfjárræktar, leyft þeim að selja þetta mjöl allt að 10% hærra verði en annað fiskimjöl. Fiskimjöl þetta skal greinilega merkt eftir fyrirmælum tilraunaráðs, er það háð eftirliti á sama hátt og fóðurblöndur, og skulu framleiðendur þess greiða af því jafnhátt gjald til eftirlitssjóðs og greitt er af fóðurblöndum samkvæmt 5. gr.

14. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazt gildi, falla niður þau ákvæði laga nr. 28 frá 27. júní 1921, er varða verzlun með kjarnfóður, og lög nr. 41 frá 12. júní 1939.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 768. Lög

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 738.

Nd. 769. Breytingartillaga

við frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

Við 12. gr. Á eftir 2. málsgr. I. liðar komi:

Samvinnufélög skulu eiga kost á að fá að minnsta kosti sömu hlutdeild í heildarinnflutningi vefnaðarvöru, búsáhalda, skófatnaðar og byggingarefnis, sem þau hafa í matvöruinnflutningi á hverjum tíma, enda séu engar hömlur lagðar á matvörukaup þeirra.

Nd. 770. Breytingartillögur

við frv. til laga um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Áka Jakobssyni.

1. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Fjárhagsráð starfrækir innflutnings- og gjaldeyrisdeildir á eftirtöldum stöðum: Í Reykjavík, á Ísafirði, á Akureyri og í Neskaupstað.

Í Reykjavík skal deildin skipuð 5 mönnum og jafnmörgum til vara, en 3 mönnum á hverjum hinna staðanna og jafnmörgum til vara.

Fjárhagsráð skipar menn í innflutnings- og gjaldeyrisdeildirnar og skulu þeir vera búsettir á starfssvæði viðkomandi deildar.

Reykjavíkurdeildin gegnir hlutverki sínu skv. 12. gr. 1—2 í þessum sýslum og kaupstöðum: Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi, Vestmannaeyjum, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.

Ísafjarðardeildin í: Ísafirði, Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.

Akureyrardeildin í: Siglufirði, Akureyri, Ólafsfirði, Vestur- og Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu.

Neskaupstaðardeildin í: Neskaupstað, Seyðisfirði, Norður- og Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu.

Fjárhagsráð ákveður fyrir hvert ár í senn hlutdeild þá, sem hverri innflutnings- og gjaldeyrisdeild ber af gjaldeyri þeim, sem ráðstafa á til vörukaupa erlendis. Við skiptingu á gjaldeyri milli gjaldeyris- og innflutningsdeildanna skal fjárhagsráð einkum taka tillit til íbúafjölda og þess, hve mikill gjaldeyrir verður til á starfssvæðinu.

Innflutnings- og gjaldeyrisdeildin í Reykjavík hefur með höndum allt verðlagseftirlit.

2. Við 11. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

Innflutnings- og gjaldeyrisdeildinni í Reykjavík er heimilt, ef nauðsyn krefur, að ákveða vöruskömmtun, að fengnu samþykki fjárhagsráðs.

Ed. 771. Nefndarálit

um frv. til l. um fiskiðjuver ríkisins á Ísafirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og rætt það á nokkrum fundum. Sendi hún frv. til umsagnar til Landssambands ísl. útvegsmanna og til nýbyggingarráðs. Er umsögn nýbyggingarráðs birt hér með sem fylgiskjal. Umsögn frá Landssambandinu hefur nefndinni ekki borizt enn þá.

Samkvæmt beiðni fyrrv. atvinnumálaráðherra flutti sjávarútvegsnefnd Nd. á yfirstandandi þingi frumvarp til laga um fiskiðjuver ríkisins. Fyrr en séð verður, hvaða afgreiðslu það mál fær, verður ekkert um það sagt, hvort Alþingi aðhyllist þá stefnu almennt, að ríkið skuli koma upp fiskiðjuverum á ýmsum stöðum á landinu á líkan hátt og síldarbræðslustöðum, og þótt sú stefna yrði aðhyllzt, er enn algerlega órannsakað, hvers konar fiskiðjuver ættu þá að ganga fyrir og hvar þau þá skyldu helzt reist, og kemur margt til athugunar, áður en slíkt yrði ákveðið. Þykir því eðlilegt, að nánari rannsókn fari fram á málinu, áður en þingið tekur efnislega afstöðu til einstakra fiskiðjuvera.

Í 22. gr. fjárlaga XXXI er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður styrki að mjög verulegu leyti aðila, sem koma vilja upp fiskiðjuverum, auk þess fjárhagslega styrks, sem gert er ráð fyrir, að veittur sé með lögum um stofnlánadeildina. Er því ljóst, að bygging fiskiðjuvera þarf á engan hátt að stöðvast, þótt samþykkt þessa frv. dragist, þar til frekari rannsókn hefur farið fram á málinu í heild. Þykir nefndinni rétt, að rannsakað yrði, eftir því sem unnt væri, hvers konar fiskiðjuver væri mest aðkallandi að reisa, hvar helzt ætti að reisa þau og í hvaða röð, og hvort heppilegra þætti, að einstaklingar og félög hefðu um það forgöngu með þeirri aðstoð ríkisins, sem heitin er í gildandi lögum, eða ríkið hefði alla forgöngu um framkvæmdir. Mætti vænta þess, að Fiskifélag Íslands og Landssamband ísl. útvegsmanna gætu aðstoðað ríkisstjórnina um allar nauðsynlegar upplýsingar hér að lútandi.

Nefndin leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti athuga fyrir næsta reglulegt Alþingi, hvaða tegund fiskiðjuvera sé mest aðkallandi að reisa, og þá jafnframt, á hvaða stöðum á landinu, svo og hvort nauðsynlegt sé, að ríkissjóður veiti til þess frekari stuðning en fyrir er mælt nú í gildandi lögum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. maí 1947.

Gísli Jónsson, form., frsm. — B. Kristjánsson, fundaskr. — Pétur Magnússon.

Steingr. Aðalsteinsson, með fyrirvara. — Sigurjón Á. Ólafsson.

Fylgiskjal.

NÝBYGGINGARRÁÐ

Reykjavík, 20. febr. 1947.

Nýbyggingarráð hefur móttekið bréf háttv. sjávarútvegsnefndar Alþingis, þar sem fyrir er spurzt um álit ráðsins á meðsendu frumvarpi um fiskiðjuver ríkisins á Ísafirði, á þingskjali nr. 149.

Nýbyggingarráð hefur haft frumvarp þetta til athugunar og getur ekki að svo komnu máli mælt með framgangi þess, af þeirri ástæðu fyrst og fremst, að meðan engin athugun af hálfu þess opinbera hefur fram farið um, hvort sú leið, er frumvarpið gerir ráð fyrir, verður yfirleitt farin í uppbyggingu fiskiðnaðarins á Íslandi, þá getur eigi komið til mála að taka eitt útgerðarpláss út úr, að lítt rannsökuðu máli, og ákveða, að ríkið reisi þar fiskiðjuver. Verði þessi leið, sem frumvarpið um getur, farin, þá kemur mjög til álita, hvaða staður hér á landi skuli valinn, þar sem slíkt iðjuver yrði fyrst reist. Væri Nýbyggingarráði skylt og jafnframt ljúft að rannsaka, hvar slík tilraun yrði gerð, ef þess væri óskað.

Hins vegar lítur Nýbyggingarráð svo á, að taka beri til sérstakrar athugunar þá staði, sem virðast eiga framtíðarvaxtarskilyrði og eru vel í sveit settir, og viðbúið er að leggist í auðn að miklu eða mestu leyti, vegna þess, að aðstæður til nýtingar sjávarafla eru eigi fyrir hendi og fjárhagur viðkomandi staða leyfir eigi að byggja upp fullkomin fiskiðjuver af eigin rammleik. Gæti þar sérstaklega komið til greina veruleg afskipti ríkisvaldsins slíkum stöðum til fjárhagslegs stuðnings.

Nýbyggingarráð gerir hins vegar ráð fyrir, að háttv. sjávarútvegsnefnd sé kunnugt um, að stofnuð hafa verið 2 félög á Ísafirði; annað er samlag útgerðar- og fiskimanna, hitt hlutafélag, og eru hluthafar í því félagi Ísafjarðarkaupstaður, nokkrir útgerðarmenn þar, auk manna búsettra utan Ísafjarðar. Bæði þessi félög hafa sótt um meðmæli Nýbyggingarráðs til Stofnlánadeildarinnar um stofnlán, sem og annan stuðning við fyrirtækin. Nýbyggingarráði var ljóst, að báðir þessir aðilar ætluðu að byggja tiltölulega stór iðjuver, og eigi gat komið til mála að veita þeim báðum aðstoð, hins vegar skoraði Nýbyggingarráð á stjórnir beggja félaganna að vinna að sameiningu þeirra og skapa þannig traustari grundvöll fyrir eitt slíkt fyrirtæki á Ísafirði.

Enn hefur þetta eigi tekizt, og gæti svo farið, að Nýbyggingarráð neyddist til að veita öðru félaginu stuðning, en hinu eigi, til þess að tefja eigi nauðsynlegar framkvæmdir úr hömlu. En miklu æskilegra væri, að bæði þessi félög leystu þetta nauðsynjamál sitt í fullum friði og vinsemd heima í héraði sínu á félagslegum grundvelli án íhlutunar annarra og án aðstoðar ríkisins, nema með venjulegum tilskildum lánum úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins, því að Nýbyggingarráð gerir ráð fyrir — og er það samkvæmt viðtali við forsvarsmenn beggja þessara félaga —, að nægilegt fé verði til heima fyrir, ef bæði félögin sameinist í eitt og byggi þannig fyrirtækið upp í sameiningu.

Að þessu athuguðu vill Nýbyggingarráð leggja til, að nefnt frumvarp nái eigi fram að ganga eitt út af fyrir sig, heldur verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem feli það í sér, að ríkisstjórninni sé falið að láta Nýbyggingarráð rannsaka og gera tillögur um, hvar reisa skuli fiskiðjuver ríkisins, þannig að frumvarp um það efni megi leggja fyrir næsta þing.

Með sérstakri virðingu,

Nýbyggingarráð

Jóhann Þ. Jósefsson.

Bragi Kristjánsson.

Til sjávarútvegsnefndar Efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Ed. 772. Breytingartillögur

við frv. til l. um fyrningarsjóð ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr. Á eftir „fasteignir ríkissjóðs“ komi: aðrar en jarðeignir.
2. Við 4. gr. Á eftir „ávöxtun hans, og“ komi: sé hann.
3. Við 7. gr. Í stað „1945“ komi: 1946.

Ed. 773. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 frá 16. desember 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Lögtaksrétturinn fylgir skuldakröfunni, og ber hann því hverjum þeim, er hann síðar eignast. Rétturinn helzt þangað til 2 ár eru liðin frá gjalddaga. Þó er það nóg, að lögtaksgerð sé byrjuð innan tveggja ára frestsins, enda sé lögtakinu haldið áfram með hæfilegum hraða. Séu gjalddagar lögtakskröfu fleiri en einn, skal þó telja frestinn frá síðari eða síðasta gjalddaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni dómsmálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundið atkvæði um einstök atriði.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Breytingin, sem hér er lagt til, að gerð verði á lögtakslögunum, er um nánari ákvörðun þess tímabils, er líða má frá gjalddaga kröfu þar til lögtaksgerð er byrjuð.

Samkvæmt núgildandi lögum er nægilegt, að lögtaks sé beiðzt innan eins árs frá gjalddaga og lögtakinu síðan framfylgt með hæfilegum hraða. Hefur því tíðkazt að framkvæma lögtak, þótt liðið væri talsvert fram yfir ársfrestinn, enda tekur það mikinn hluta úr ári að framkvæma lögtök fyrir gjöldum í hinum fjölmennari lögsagnarumdæmum, en vegna gjaldendanna þykir ekki fært að byrja lögtök fyrr en alllangur tími er liðinn frá gjalddaga. Er ársfresturinn því orðinn of stuttur.

Lagt er til, að bætt verði úr þessu með því að lengja lögtaksfrestinn upp í 2 ár, en jafnframt sett það skilyrði fyrir lögtaksréttinum, að lögtak hjá hinum einstöku gjaldendum sé byrjað innan þessa frests.

Er lögtakslögin voru sett, var einn gjalddagi á hverju einstöku opinberu gjaldi, en nú eru þeir í ýmsum tilfellum orðnir margir. Þykir því rétt, að lögtaksfresturinn miðist nú við síðasta gjalddaga hverrar kröfu, og er ákvæði um það sett í niðurlag greinarinnar.

Nd. **774. Frumvarp til laga**

um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um fjárhagsráð og fjárfestingu.

1. gr.

Af andvirði útflutnings hvers árs skal jafnan leggja 15% á sérstakan reikning erlendis, og skal verja því fé eingöngu til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar 5 manna nefnd, er nefnist fjárhagsráð. Hlutverk þess er að samræma framkvæmdir einstaklinga og almannavaldsins, meðan hinar miklu framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi standa yfir, þannig að þær verði gerðar eftir fyrirfram saminni áætlun fjárhagsráðs, er ríkisstjórnin staðfestir.

Fjárhagsráð miði störf sín við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.
2. Að öllum vinnandi mönnum, og þó sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku.
3. Að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands gerð eins ódýr og hagkvæm og frekast er unnt.
4. Að áframhald verði á öflun nýrra og fullkominna framleiðslutækja til landsins, eftir því sem gjaldeyrisástæður og vinnuafl leyfir frekast, enda verði tryggt fé til framkvæmdanna jafnóðum.
5. Að byggðar verði verksmiðjur og iðjuver til þess að vinna sem mest og bezt úr öllum framleiðsluvörum til lands og sjávar, þannig að þær séu seldar úr landi eins fullunnar og frekast er kostur og við staðsetningu verksmiðjanna verði tekið tillit til hvors tveggja í senn, framleiðsluskilyrða og atvinnuþarfa einstakra byggðarlaga.
6. Að bæta starfsskilyrði iðjuvera, sem framleiða vörur, er spara þjóðinni gjaldeyri.
7. Að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á sem hagkvæmastan hátt á arðbærum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar.
8. Að húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa.

3. gr.

Fjárhagsráð semur fyrirfram fyrir ár hvert áætlun um heildarframkvæmdir. Fyrir yfirstandandi ár semur ráðið áætlun þessa svo fljótt sem auðið er og að svo miklu leyti sem við verður komið.

Í áætlun þessari skal gerð grein fyrir kostnaði við allar stærri framkvæmdir, svo og með hverjum hætti fjár skuli aflað, enda skal kveða á um það, í hverri röð framkvæmdir skuli verða, svo að vinnuafl og fjármagn hagnýtist þannig, að sem mest not verði að.

Enn fremur semur fjárhagsráð fyrir ár hvert heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs, magn og verðmæti. Skal áætlun þessi miðast við það að hag-

nýta sem bezt markaðsmöguleika og fullnægja sem hagkvæmast innflutningsþörf landsmanna.

4. gr.

Fjárhagsráð leitar samvinnu um samning heildaráætlunar við opinberar stofnanir, félög og einstaklinga, sem framleiðslu, verzlun, iðnað eða annan atvinnurekstur hafa með höndum, er fjárfestingu þarf til. Skulu þessir aðilar senda fjárhagsráði fyrir þann tíma, er það ákveður, áætlun um stofnfjárþörf sína, lánsfjárþörf, gjaldeyrisþörf og vinnuaflsþörf.

Enn fremur skal fjárhagsráð hafa samvinnu við lánsstofnanir í landinu um samningu og framkvæmd fjárfestingaráætlunar, og ber þeim að skýra fjárhagsráði frá fjármagni því, er þær hafa yfir að ráða. Nú telur fjárhagsráð eigi nægilega séð fyrir fjárþörf fyrirtækja, er það telur nauðsyn til að stofnsetja, og skal það þá leita samvinnu við ríkisstjórn, lánsstofnanir og aðra aðila, er hlut gætu átt að máli, um fjáröflun til þessara fyrirtækja.

5. gr.

Til hvers konar fjárfestingar einstaklinga, félaga og opinberra aðila, hvort sem er til stofnunar nýs atvinnurekstrar, til aukningar á þeim, sem fyrir er, húsbygginga eða annarra mannvirkja, þarf leyfi fjárhagsráðs, og gildir þetta einnig um framhald þeirra framkvæmda, sem þegar eru hafnar.

Þó skal ákveðið í reglugerð, að tilteknar minni háttar framkvæmdir séu heimilar án fjárfestingarleyfis. Nánari ákvæði um fjárfestingarleyfi séu sett í reglugerð.

6. gr.

Jafnhliða því sem fjárhagsráð semur áætlun þá um heildarframkvæmdir, er áður greinir, skal það og gera sérstaka áætlun um framkvæmdir ríkisins áður en fjárlög eru samin ár hvert, og sé við samningu þeirrar áætlunar, er ríkisstjórnin og Alþingi geti haft til hliðsjónar, stefnt að því að tryggja landsmönnum öllum næga atvinnu, en koma jafnframt í veg fyrir ofþenslu.

7. gr.

Fjárhagsráð og þeir aðilar, er það felur umboð til þess, hafa með höndum framkvæmd áætlunarinnar, veiting fjárfestingarleyfa, innflutningsleyfa, gjaldeyrisleyfa og verðlagseftirlit, sbr. II. og III. kafla laga þessara.

8. gr.

Fjárhagsráð skal beita sér fyrir samvinnu atvinnurekenda og verkamanna um bætta aðstöðu verkafólks á vinnustöðum, betri hagnýtingu vinnuafls og aukin vinnuafköst.

Fjárhagsráði er heimilt að leggja fyrir vinnumiðlunarskrifstofur landsins að láta fara fram skrásetningu verkafólks almennt eða í einstökum starfsgreinum á þeim tíma og eftir þeim reglum, er fjárhagsráð ákveður.

9. gr.

Ríkisstjórnin í heild hefur yfirstjórn fjárhagsráðs og tekur ákvarðanir um höfuðatriði og sker úr um ágreiningsmál, sem einhver fjárhagsráðsmaður skýtur til hennar.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð ákvæði um skipan, stjórn og starfssvið hinna einstöku deilda fjárhagsráðs, að fengnum tillögum þess.

II. KAFLI
Um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

10. gr.

Fjárhagsráð starfrækir innflutnings- og gjaldeyrisdeild, er einnig hefur með höndum verðlagseftirlit.

11. gr.

Engar vörur má flytja til landsins, nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Frá þessu getur fjárhagsráð gefið undanþágu með auglýsingu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

Innflutnings- og gjaldeyrisdeild er heimilt, ef nauðsyn krefur, að ákveða vöruskömmtun, að fengnu samþykki fjárhagsráðs.

12. gr.

Hlutverk innflutnings- og gjaldeyrisdeildar er að framkvæma í umboði fjárhagsráðs og í samráði við það heildaráætlun þá, er gera ber samkvæmt 3. gr., þar í innifalið:

1. Að úthluta til innflytjenda innflutnings- og gjaldeyrisleyfum á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og setja þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.
   Sé úthlutun leyfanna við það miðuð, að verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu.
2. Að ráðstafa gjaldeyri til vörukaupa erlendis fyrir þær vörur, sem eigi eru háðar innflutningsleyfi, svo og til annarra nauðsynja.
3. Að ráðstafa, ef því þykir nauðsyn bera til, farmrými í skipum, er annast eiga vöruflutninga til landsins og eru eign íslenzkra aðila eða á vegum þeirra.
4. Að fara með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit.
5. Að fara með vöruskömmtun eftir því, sem ákveðið verður.

13. gr.

Engan gjaldeyri má láta af hendi án leyfis innflutnings- og gjaldeyrisdeildar, nema greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vexti og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands h/f og Búnaðarbanki Íslands hafa einir kauprétt á erlendum gjaldeyri.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h/f og Búnaðarbanka Íslands þannig, að Útvegsbankinn fær 28% og Búnaðarbankinn 16% gjaldeyris, ef þeir óska, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, sem hver banki fær, getur ríkisstjórnin breytt, ef allir bankarnir samþykkja. Enginn hefur rétt til að selja erlendan gjaldeyri nema þeir þrír bankar, sem nefndir eru hér að framan. Þó er póststjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ríkisstjórnin setur.

Bannað er að flytja íslenzkan eða erlendan gjaldmiðil úr landi, nema nauðsynlegan fararеyri, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur.

Ráðherra setur með reglugerð fyrirmæli til tryggingar því, að íslenzk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna. Enn fremur ákvæði um það, að allur annar gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

14. gr.

Hver sá, sem innflutningsleyfi eða gjaldeyrisleyfi fær, greiði fjárhagsráði ½% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 1 krónu fyrir hvert ein-

stakt leyfi. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af fjárhagsráði og framkvæmd þessara laga. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

III. KAFLI
Um verðlag.

15. gr.

Innflutnings- og gjaldeyrisdeild skal í umboði fjárhagsráðs og í samráði við það hafa með höndum eftirlit með öllu verðlagi og skal miða verðlagsákvarðanir við þörf þeirra fyrirtækja, sem hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Hefur deildin, bæði af sjálfsdáðum og að fyrirlagi fjárhagsráðs eða ríkisstjórnar, vald og skyldu til að ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, sem máli skiptir um verðlag í landinu. Svo getur innflutnings- og gjaldeyrisdeild úrskurðað um aðra kostnaðarliði, sem máli skipta um verðlagningu á vörum. Þá getur og innflutnings- og gjaldeyrisdeild ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagningar, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Þá getur innflutnings- og gjaldeyrisdeild og ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun og aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

16. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum fjárhagsráðs, verðlagsstjóra, sem gerir tillögur til innflutnings- og gjaldeyrisdeildar um verðlagsákvæði og hefur á hendi framkvæmd þeirra og eftirlit með, að þeim sé hlýtt. Hann skipar trúnaðarmenn um land allt til verðlagseftirlits. Hann hefur á hendi allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið. Ef upp rís ágreiningur um skilning á verðlagsákvæðum, sker innflutnings- og gjaldeyrisdeild úr.

Þeir, sem með verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsynleg í starfi sínu.

17. gr.

Í innflutnings- og gjaldeyrisdeild ræður afl atkvæða, og eru úrskurðir hennar og ályktanir fullnaðarúrslit einstakra verðlagsmála. Þó má taka mál til meðferðar af nýju, ef ástæður hafa breytzt eða nýjar skýrslur komið fram, er máli skipta.

18. gr.

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis eða smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

19. gr.

Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af innflutnings- og gjaldeyrisdeild, skulu birtar af verðlagsstjóra þegar í stað, og ganga þær í gildi jafnskjótt og gilda, þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar á þann hátt, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

20. gr.

Eftir gildistöku þessara laga má verðlag ekki hækka á neinu því, sem háð er verðlagseftirliti samkvæmt 15. gr., nema með leyfi innflutnings- og gjaldeyrisdeildar. Bann þetta gildir þó ekki um vörur, sem verðlagðar eru samkvæmt gildandi verðlagsákvæðum.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

21. gr.

Fjárhagsráðsmönnum, innflutnings- og gjaldeyrisdeildarmönnum, verðlagsstjóra og starfsmönnum þessara aðila er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem látnar eru í té samkvæmt lögum þessum, að því leyti, sem þau varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

22. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði, innflutnings- og gjaldeyrisdeild eða embættismönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 20—200 kr. dagsektum. Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

23. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem tekjur fjárhagsráðs hrökkva ekki til. Ef tekjuafgangur verður, rennur hann í ríkissjóð.

24. gr.

Fjárhagsráð hefur rétt til þess að ráða sérfræðinga og annað starfsfólk í þjónustu sína.

25. gr.

Með reglugerð setur ríkisstjórnin nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

26. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag, lög nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, lög nr. 117 31. des. 1945, um breyting á lögum nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, lög nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, lög nr. 88 30. nóv. 1946, um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, og lög nr. 2 31. jan. 1947, um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, svo og önnur lög, er kunna að koma í bág við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, falla niður umboð nýbyggingarráðs og viðskiptaráðs og starfsmanna þeirra, þó ekki fyrr en ríkisstjórnin hefur skipað svo fyrir.

Nd. 775. Breytingartillögur

við frv. til framfærslulaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 55. gr. Fyrir orðið „þá“ í upphafi 2. málsl. 1. málsgr. kemur: þó.
2. Við ákvæði til bráðabirgða. 1. töluliður orðist svo:

Hafi sveitarfélag, sem á árinu 1946 greiddi ellilaun og örorkubætur fyrir fram, greitt slíkar bætur fyrir janúar 1947 samkvæmt tilkynningu félagsmálaráðuneytisins til sveitarstjórna, dags. 24. des. 1946, endurgreiðir ríkissjóður helming bótanna eftir sömu reglum og giltu árið 1946.

Nd. 776. Breytingartillögur

við frv. til l. um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 4. gr. Á eftir „landbúnaðarverkfæra“ í 1. mgr. kemur: íbúðarhúsa og verkstæða fyrir iðnaðarmenn í sveitum.
2. Við 8. gr. Í stað upphafsorða greinarinnar, „Seðladeild Landsbanka Íslands skal skylt“, kemur:

Ríkissjóður aflar Ræktunarsjóði lánsfjár að upphæð tíu milljónir króna, með 1½% vöxtum. Sjóðurinn endurgreiðir lánið með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Þó er seðladeild Landsbanka Íslands skylt, ef ríkisstjórnin óskar heldur að útvega lánsféð á þann hátt, — o. s. frv.

Nd. 777. Frumvarp til laga

um fyrningarsjóð ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Allar fasteignir ríkissjóðs skal telja til eignar á ríkisreikningi með fasteignamatsverði. Þeim ríkisstofnunum, sem ekki hafa sameiginlegan fjárhag við ríkissjóð, er þó heimilt að telja fasteignir sínar til eignar með kostnaðarverði.

2. gr.

Árlega ber að fyrna fasteignir ríkissjóðs, aðrar en jarðeignir, þannig, að af húsverði þeirra afskrifast af steinhúsum 1% og af timburhúsum 2%.

3. gr.

Af fyrningum þessum skal mynda sérstakan sjóð, „fyrningarsjóð ríkisins“, sem nota skal til endurbyggingar hinna afskrifuðu fasteigna.

4. gr.

Sjóður þessi skal vera í vörzlum fjármálaráðuneytisins, sem sér um ávöxtun hans, og sé hann fráskilinn ríkissjóði.

5. gr.

Nú hrekkur ekki fyrningarfé fasteignar fyrir endurbyggingu hennar, eða reisa þarf nýja byggingu, og er þá fjármálaráðherra heimilt að lána af sameiginlegu fé

sjóðsins til þeirra framkvæmda, eftir því sem fé er fyrir hendi og þörf krefur. Slík lán skulu veitt til 40 ára með vöxtum, sem fjármálaráðherra ákveður í hvert skipti.

6. gr.

Í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, skal setja nánari reglur um bókhald fyrir sjóðinn og framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við samning ríkisreikningsins fyrir árið 1946.

Ed. 778. Lög

um breyting á lögum nr. 22 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 747.

Ed. 779. Nefndarálit

um frv. til laga um bæjarstjórn á Sauðárkróki.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það við dómsmálaráðherra, sem hefur tjáð sig því fylgjandi, að málið næði fram að ganga. Nefndin hefur borið frv. saman við gildandi lög um Ólafsfjarðarkaupstað, er samþykkt voru á síðasta aðalþingi, og séð, að það er í öllum meginatriðum samhljóða því, eftir því sem við á.

Nefndin leggur til, að gerðar verði tvær breytingar á frv., er báðar eru aðeins leiðréttingar. Leggur hún því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 17. gr. Í stað orðsins „atriði“ í síðustu málsgrein, komi: aðalatriði.
2. Við 21. gr. Í stað orðanna „8. gr.“ í meginmálsgreininni komi: 7. gr.

Alþingi, 7. maí 1947.

Brynjólfur Bjarnason, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.
Hermann Jónasson.	Hannibal Valdimarsson.	

Ed. 780. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Við 1. málsgr. 1. gr. laganna bætist nýr töluliður, þannig:

7. Á Norðausturlandi sunnan Langaness 5 þúsund mála verksmiðju. Undirbúningi að byggingu verksmiðjunnar skal lokið á árinu 1947 og byggingarframkvæmdir hafnar 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd.

781. Frumvarp til laga

um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Þau börn teljast óskilgetin, sem hvorki fæðast í hjónabandi foreldra sinna né svo skömmu eftir hjúskaparslit þeirra, að þau geti verið getin í hjónabandinu.

2. gr.

Nú giftast karl og kona, sem átt hafa saman óskilgetið barn, og skal þá barn þeirra talið skilgetið.

3. gr.

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni þess fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins.

Nú er sambúð karls og konu óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 2 árum eftir hana, og jafngildir hún þá faðernisjátningu.

4. gr.

Gangist karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, ekki við faðerni þess, má höfða mál til sönnunar faðerninu. Um réttarfar í slíkum málum fer að réttarfarslögum.

5. gr.

Móðir er skyld að framfæra og ala upp óskilgetið barn sitt sem skilgetið væri, enda er afstaða óskilgetins barns gagnvart móður þess söm sem afstaða skilgetins barns gagnvart foreldri.

6. gr.

Nú hefur karlmaður gengizt við faðerni óskilgetins barns, verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall eða eiður fallið á hann, og er honum þá, jafnt móður þess, skylt að kosta framfærslu barnsins og uppeldi.

7. gr.

Heimilt er barnsmóður eða öðrum framfæranda óskilgetins barns, þar á meðal sveitarstjórn, að semja fyrirfram jafnvel fyrir barnsburð um greiðslu meðlags og kostnaðar vegna barnsburðarins. Slíkur samningur er því aðeins gildur, að valdsmaður staðfesti hann. Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, og fara skal með slíkt fé, ef fyrirfram er greitt, sem fé ófjárráða.

8. gr.

Valdsmanni í heimilissveit barnsföður, eða þess, sem dæmdur er meðlagsskyldur, er heimilt að úrskurða hann til meðlagsgreiðslu. Við ákvörðun meðlagsupphæðar skal hafa hliðsjón af högum beggja foreldra og miða meðlagsgreiðsluna við hag þess foreldris, sem betur er stætt. Nú má ætla, að barnið sé ávöxtur af samförum án vilja móður þess eða að óvilja hennar, enda hafi faðirinn við réttarrannsókn orðið sannur að slíku tilræði við móðurina, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barnsins að öllu leyti. Í meðlagsúrskurði skal tilgreina aldur barnsföður (meðlagsskylds), fæðingarstað og framfærslusveit.

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma.

9. gr.

Nú sýkist barn á ómagaaldri eða andast, og er valdsmanni þá heimilt, ef móðir þess krefst, að úrskurða föður þess eða þann, sem dæmdur er meðlagsskyldur, til

þess að leggja fram fé til hjúkrunar, lækningar og greftrunar barnsins. Sama rétt hefur sá, er tekur að sér framfærslu barnsins að móðurinni látinni eða af öðrum ástæðum, þar á meðal sveitarstjórn.

10. gr.

Meðlag með óskilgetnu barni skal greiða mánaðarlega fyrirfram. Þó er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða meðlag óskilgetins barns fyrirfram fyrir allt að sex mánuði í senn.

11. gr.

Nú deyr faðir óskilgetins barns (meðlagsskyldur) og skal þá greiða af fé dánarbúsins sem eindagaða skuld meðlag með barninu til 16 ára aldurs, en þó aldrei lægri upphæð en barnalífeyri skv. lögum um almannatryggingar og ekki hærri upphæð en barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri. Skiptaráðanda er jafnan skylt að lýsa slíkri kröfu í dánarbú, viti hann, að hinn látni hafi látið eftir sig óskilgetið barn. Nú situr ekkja barnsföður í óskiptu búi, og skal hún þá greiða meðlag það, er á barnsföður hvíldi, nema valdsmaður ákveði annað með rökstuddum úrskurði. Nú er slík greiðsla af hendi innt í einu lagi eftir lát barnsföður (meðlagsskylds) og fer þá um hana sem segir í niðurlagi 7. gr. Deyi óskilgetið barn, áður en eytt er fé það, sem greitt hefur verið með því úr dánarbúi föður þess (meðlagsskylds), kemur það, sem óeytt er, til skipta milli erfingja hans.

12. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða móður óskilgetins barns, sem á framfærslurétt hér á landi, meðlag með barni hennar og annan kostnað vegna barnsins samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó ekki meira en barnalífeyri samkv. lögum um almannatryggingar og ekki lægri upphæð, þótt úrskurður eða samningur ákveði annað.

Kröfu barnsmóður til Tryggingastofnunarinnar skal fylgja meðlagsúrskurður, löglega birtur, og lífsvottorð barnsins. Tryggingastofnuninni er þó ekki skylt að greiða meðlag, sem eindagað er meira en 12 mánuðum áður en krafa barnsmóður kom fram, og skylt er Tryggingastofnuninni að gera dvalarsveit móður eða framfærslusveit föður barnsins (meðlagsskylds) kunnugt um greiðsluna innan 3 mánaða frá greiðslu, ella fellur endurkröfuréttur Tryggingastofnunarinnar niður. Eigi barnsfaðir (meðlagsskyldur) framfærslurétt erlendis, skal ríkissjóður endurgreiða Tryggingastofnuninni úrskurðarupphæðirnar.

13. gr.

Nú hefur móðir óskilgetins barns fært sönnur á faðerni þess samkv. 3. gr. að dómi valdsmanns, þar sem hún á heima, en meðlagsúrskurður verður þó ekki út gefinn, og skal þá valdsmaður úrskurða henni meðlag og kostnað samkv. 11. og 15. gr. á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

14. gr.

Sama rétt og móðir óskilgetins barns hefur samkvæmt framansögðu hafa og þeir, er annast framfærslu barnsins að móðurinni látinni eða af öðrum lögmæltum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess.

15. gr.

Nú elur kona óskilgetið barn, og á hún þá rétt til greiðslu af tryggingafé samkv. 34. gr. laga nr. 50 1946, um almannatryggingar, en rétt er valdsmanni að úrskurða barnsföður (meðlagsskyldan) til að greiða tryggingaiðgjöld hennar um eins árs bil og framlag til hennar, er nemi því, sem á kann að vanta, að hún fái hámarksgreiðslu samkv. nefndri lagagrein.

Nú sýkist kona vegna meðgöngunnar eða barnsfaranna, og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður (meðlagsskyldan) til að greiða henni mánaðarlegan styrk

til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en í 6 mánuði eftir barnsburð, að því leyti, sem sá kostnaður verður ekki greiddur af tryggingarfé.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að sliku tilræði við barnsmóður, sem um getur í fyrri mgr. 8. gr., skal valdsmaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað, er af meðgöngunni og barnsförunum leiðir.

16. gr.

Allur kostnaður og meðlag, er valdsmaður úrskurðar barnsmóður til handa, er gjaldkræfur á hendur Tryggingastofnun ríkisins næstu 12 mánuði eftir að úrskurður var út gefinn eða dómur gekk í barnsfaðernismáli, enda verði barnsmóður ekki um kennt, að málið var ekki fyrr dæmt eða úrskurðað.

17. gr.

Barnaverndarnefnd er jafnan heimilt að úrskurða, að óskilgetið barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldri, ef þar fer vel um það, enda þótt sá, er foreldraráð hefur yfir barninu, kalli eftir því.

18. gr.

Óskilgetið barn erfir móður og móðurfrændur sem skilgetið væri, svo og föður sinn og föðurfrændur, hafi hann gengizt við faðerni þess eða verið dæmdur faðir þess.

Móðir og móðurfrændur erfa óskilgetið barn sem skilgetið væri, svo og faðir og föðurfrændur, hafi barnið átt erfðarétt eftir þá.

19. gr.

Nú lýsir maður, er kona hefur kennt óskilgetið barn sitt, því á varnarþingi sínu og lætur bóka, að hann eigi barnið, og öðlast barnið þá erfðarétt sem skilgetið væri gagnvart föður og föðurfrændum og þeir gagnvart því.

20. gr.

Afstaða óskilgetins barns fer að íslenzkum lögum, hafi móðir þess íslenzkan ríkisborgararétt. Svo er og, ef ekki verður upplýst um ríkisborgararétt hennar eða barnsins og það dvelur hér á landi.

21. gr.

Ákvæði 18. gr. um erfðarétt óskilgetins barns eftir föður og föðurfrændur og þeirra eftir það gilda eigi um börn, sem fædd eru fyrir 1. nóvember 1922.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, lög nr. 39 28. jan. 1935, lög nr. 61 27. júní 1941 og lög nr. 55 14. apríl 1943, öll um breyting á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú telur kona, sem óskilgetið barn hefur alið á tímabilinu frá 1. janúar 1941 til 31. desember 1947, að faðir barnsins sé erlendur maður, sem verið hafi hér á landi í þjónustu eða á vegum erlendra hernaðaraðila, og getur hún þá til ársloka 1949 snúið sér til dómara á varnarþingi sínu og krafizt rannsóknar um faðernið með sama hætti og þá er varnaraðili er farinn af landi burt. Dómari getur með rökstuddum úrskurði heimilað barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, ef hún hefur líkur með sér.

Þegar slíkur eiður hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins, eins og segir í 13. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

Ed. 782. Frumvarp til framfærslulaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar eða framfærslunefndar, og honum haga svo sem hún telur rétt vera, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefur áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, er ekki hafa náð þeim aldri, enda hafi hún foreldraráð yfir þeim, og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur, ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefur og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefur átt með annarri konu, áður en hún giftist honum. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins.

6. gr.

Börn skulu ala önn fyrir foreldrum sínum, ef þau eru til þess fær, að svo miklu leyti sem lífeyrir samkv. lögum um almannatryggingar og aðrar tekjur hrökkva ekki til. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri. Sama skylda hvílir á kjörforeldrum og kjörbörnum.

7. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka á heimili sitt þau skyldmenni sín, sem honum er lögskylt að framfæra, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum og heimili framfærslumannsins ekki aðfinnsluverður dvalarstaður styrkþegans.

Ef styrkþegi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlag af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á styrkþegi tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar sem styrkþegi á lögheimili eða er staddur, skera úr.

8. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður ekki framfærsluskyldu sinni eða veitir ekki styrkþega sínum góða aðbúð, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærsluna gegn endurgjaldi frá framfærslumanni. Endurgjaldið ákveður yfirvald með úrskurði, eftir efnum og ástæðum framfærslumanns, og má skjóta slíkum úrskurði til ráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna á milli, barna yngri en 16 ára né um framfærslu samkvæmt 12. gr.

9. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum 8. gr., ákveður yfirvald meðlag barna með foreldrum, kjörbarna með kjörforeldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru, upphæð barnsfararkostnaðar svo og barnalífeyri, eftir því sem mælt er í lögum um almannatryggingar og lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

10. gr.

Nú er meðlag, lífeyrir eða barnsfararkostnaður samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni, eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki hjá framfærslumanni samkvæmt lögum nr. 29 frá 16. des. 1885.

Ef ekki er greidd í gjalddaga fúlga sú, sem framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum, eða stjúpbarni sínu á sama aldri, þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu.

11. gr.

Ekki er Tryggingastofnun ríkisins skylt að greiða aðrar eða hærri fjárhæðir samkvæmt úrskurði eða samningi um meðlag eða lífeyri með börnum en mælt er í lögum um almannatryggingar.

12. gr.

1. Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sifjalögum og almannatryggingalögum, að því leyti, sem lög þessi ná ekki til.
2. Um framfærsluskyldu húsbænda gagnvart hjúum sínum fer eftir hjúalögum.
3. Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir sjómannalögum.
4. Um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart iðnnemum fer eftir lögum um iðnaðarnám.

Framfærslumaður eða framfærslusveit hjúa, skipverja og iðnnema á sömu framfærslukröfur á hendur húsbónda, útgerðarmanni og lærimeistara eins og aðili sjálfur, ef hann neytir ekki réttar síns.

II. KAFLI
Um framfærslurétt.

13. gr.

Sérhver íslenzkur ríkisborgari, eldri en 16 ára, á framfærslurétt í heimilissveit sinni, en heimilissveit er sá kaupstaður eða hreppur, þar sem maður á lögheimili. Þar er lögheimili manns, er hann hefur fast aðsetur.

Verði eigi upplýst um lögheimili manns, er leitar framfærslustyrks, þá skal sú sveit, er hann dvelur í, þegar hann verður styrkþurfi, teljast framfærslusveit hans.

14. gr.

Nú flyzt maður milli sveita, og skal hann þá eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flyzt í, þegar er hann hefur tekið sér þar lögheimili, nema öðruvísi sé fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum. Enginn öðlast þó framfærslurétt í annarri sveit með dvöl sinni þar í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Meðan hann dvelst þar á hann framfærslurétt í þeirri sveit, er hann átti framfærslurétt í, er slík dvöl hans hófst, en öðlast framfærslurétt í heimilissveit sinni að dvölinni lokinni, er hann hefur komizt af styrklaust í 2 ár óslitið. Sá, er dvalið hefur í skóla, öðlast þó þegar framfærslurétt í þeirri sveit, er hann tekur sér lögheimili í að skólavistinni lokinni.

15. gr

Nú flyzt milli sveita maður, er þegið hefur framfærslustyrk á síðustu 2 árum áður en hann flutti, og skal hann þá halda óbreyttri sveitfesti, þar til hann hefur komizt af styrklaust í 2 ár óslitið í hinni nýju heimilissveit.

16. gr.

Um framfærslurétt hjóna, sem skilið hafa samvistir, gilda ákvæði 13., 14. og 15. greinar. Skilgetin börn undir 16 ára aldri eiga framfærslurétt í framfærslusveit foreldra sinna. Séu hjónin skilin eða sambúð þeirra slitið, á barnið framfærslurétt í framfærslusveit þess foreldrisins, er foreldraráðin hefur eða það fylgir, og helzt sá framfærsluréttur, þótt foreldrið deyi.

Nú hafa hjón skilið samvistir án þess að úrskurðað hafi verið um foreldraráð yfir barni þeirra, er hjá hvorugu dvelur, og á barnið þá framfærslurétt í framfærslusveit föður síns eða þeirri sveit, er hann átti síðast framfærslurétt í, sé hann dáinn.

Óskilgetin börn innan 16 ára aldurs eiga framfærslurétt í framfærslusveit móður sinnar.

17. gr.

Nú hefur lögskyldur framfærslumaður barns komið því í fóstur og þangað er lagður með því lögákveðinn barnalífeyrir, eða sveitarstjórn hefur ráðstafað barni með ákveðinni meðgjöf umfram barnalífeyri, og er þá eigi heimilt að taka barnið frá fósturforeldri, hafi það dvalizt þar eigi skemur en þrjú ár, ef þar fer vel um það, að dómi barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barnið dvelur og fósturforeldrarnir vilja halda því, enda krefjist þeir ekki hærri meðgjafar með barninu en lögboðins barnalífeyris.

18. gr.

Nú verður barn munaðarlaust, en munaðarlaust telst það barn, sem engan lögskyldan framfærslumann á, þann er vitað sé um eða til verði náð, og er þá sveitarstjórn í dvalarsveit barnsins skylt að annast framfæri þess fyrst um sinn, þar til úr því er skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit þess samkvæmt lögum þessum, og skal sú sveit þá taka við framfærslu barnsins, þó með þeim takmörkunum, er segir í næstu grein á undan.

Verði eigi úr því skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit barns, er dvalarsveit þess skylt að annast framfærslu þess. Framfærslustyrkur umfram barnalífeyri veittur samkvæmt þessari grein telst styrkur veittur munaðarlausu barni.

19. gr.

Útlendingar, heimilisfastir hér á landi, eignast framfærslurétt hér, þegar þeir fá íslenzkan ríkisborgararétt.

20. gr.

Maður, sem öðlazt hefur framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann missir íslenzks ríkisfangs, enda hafi hann öðlazt ríkisborgararétt í öðru ríki. En öðlist hann aftur íslenzkan ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í heimilissveit sinni.

21. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurétt hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í heimilissveit hans eða dvalarsveit, en endurgreiða skal ríkissjóður framfærslustyrkinn.

22. gr.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslenzks ríkisborgara, og ráðherra álítur, að ekki verði hjá því komizt að veita honum viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum með fjölskyldu, ef nokkur er, á þá sveit, er styrkþegi til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum fyrsta árið, er hann dvelst þar, skal henni endurgoldinn úr ríkissjóði.

23. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis, og skal þá endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Kostnaður við heimflutning frá útlöndum greiðist sömuleiðis úr ríkissjóði fyrir þann styrkþega og skyldulið hans, sem ofangreindir umboðsmenn annast, ef kostnaðurinn fæst ekki á annan hátt greiddur.

III. KAFLI

Um stjórn framfærslumála.

24. gr.

Ráðherra hefur yfirstjórn allra framfærslumála í landinu.

25. gr.

Framfærslumálum heima í héraði stjórna bæjarstjórnir og hreppsnefndir hver í sínu umdæmi.

26. gr.

Í kaupstöðum kýs bæjarstjórn sérstaka nefnd, er nefnist framfærslunefnd, til þess að annast framkvæmdir framfærslumála kaupstaðarins.

Framfærslunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, er bæjarstjórn kýs með hlutfallskosningu. Jafnmargir skulu kosnir til vara. Heimilt skal formanni barnaverndarnefndar að sitja fundi framfærslunefndar og bera fram tillögur, er sérstaklega varða börn samkvæmt lögum um barnavernd.

Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil annarra fastra nefnda bæjarstjórnar.

Nefndin kýs sér sjálf formann.

27. gr.

Hreppsnefndum er heimilt að kjósa framfærslunefnd, og fer þá um skipun hennar og verksvið eins og í kaupstöðum, nema að formaður skólanefndar kemur þar í stað formanns barnaverndarnefndar.

28. gr.

Í kaupstöðum og hreppum, þar sem framfærslunefndir eru, skal hver sá, er þarfnast opinberrar hjálpar, snúa sér til formanns framfærslunefndar, eða í skrifstofu nefndarinnar, og skýra frá ástæðum sínum. Framfærslunefnd skal þá, svo

fljótt sem við verður komið, halda fund um málið, sé það þannig vaxið, að það geti eigi orðið afgreitt án sérstaks fundar eða beðið reglulegs fundar í nefndinni, og ákveða, hverja hjálp nauðsynlegt sé að veita, og skal sú hjálp látin í té af bæjar- eða sveitarsjóði eftir fyrirmælum nefndarinnar.

29. gr.

Framfærslunefnd skal eigi halda sjaldnar fundi en einu sinni í viku. Skal hún þá afgreiða öll þau erindi, er til hennar hafa borizt, og geta hvers einstaks erindis í gerðabók sinni og hvaða afgreiðslu það hafi hlotið.

Nú þykir styrkþega rétti sínum hallað eða eigi nógu vel fyrir þörfum sínum séð af framfærslunefnd, og má hann þá skjóta máli sínu til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Sérhverjum, er ekki vill una þeirri afgreiðslu, sem mál hans hefur fengið hjá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er heimilt að áfrýja því til yfirstjórnar framfærslumálanna, er þá skal fullnaðarúrskurð á leggja.

30. gr.

Framfærslunefnd er skylt að veita hverjum þeim, sem til hennar leitar, allar upplýsingar og leiðbeiningar um framfærslumál, eftir því sem í hennar valdi stendur, og sjá um, að styrkþegi fái komið fram réttmætum kröfum sínum eða fengið þann framfærslustyrk, sem honum ber, óskertan.

Hún skal einnig sjá um, að þeir, sem fara þurfa til dvalar í sjúkrahús eða aðra stofnun, fái ábyrgð fyrir dvöl sinni þar frá sveitarfélagi sínu eða sjúkrasamlagi, nema því sé áður ráðstafað á annan hátt.

31. gr.

Skylt er framfærslunefnd að stuðla að því eftir megni, að fólk þurfi ekki að leita framfærslustyrks, svo sem með því að hvetja það til að greiða tryggingariðgjöld sín á réttum tíma, brýna fyrir því reglusemi, hjálpa því til að komast í atvinnu, benda hreppsnefnd, bæjarstjórn, atvinnubótanefnd eða vinnumiðlunarskrifstofu á, hvar svo bágar séu kringumstæður, að nauðsyn sé fyrir vinnu, koma börnum til sumardvalar á góð sveitaheimili og eiga frumkvæði að öðru því, er í einstökum tilfellum og almennt gæti orðið til þess að forða því frá að þiggja framfærslustyrk.

32. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur setur, að fengnum tillögum framfærslunefndar þar, nánari reglur um tilhögun á framkvæmdum framfærslumála í kaupstaðnum.

33. gr.

Í hreppum, sem eigi kjósa framfærslunefnd, annast hreppsnefnd framkvæmd framfærslumála og gegnir þar skyldum framfærslunefndar samkvæmt lögum þessum, svo sem við á þar.

IV. KAFLI

Um tilhögun styrkveitinga.

34. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé hvors tveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar styrkþega.

35. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu styrkþega.

36. gr.

Styrkþegum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé veittur þeim í matvælum, fatnaði og öðrum nauðsynjum, eða greiddur þeim í peningum, allt eftir

því, sem framfærslunefnd eða hreppsnefnd telur bezt henta. Húsnæði það, sem styrkþega er útvegað og greitt er fyrir af opinberu fé eða sveitarstjórn leggur til, skal vera sómasamlegt að dómi héraðslæknis. Þar sem almenningsmötuneyti er starfrækt, er framfærslunefnd eða hreppsnefnd heimilt að mæla svo fyrir, að styrkþegar skuli fá mat sinn þar, enda sé mötuneytið að dómi heilbrigðisnefndar að öllu svo útbúið, að sómasamlegt sé, og að matur skuli sendur heim þeim fjölskyldum, sem að dómi framfærslunefndar og héraðslæknis eiga erfitt um að sækja mat þangað.

37. gr.

Nú þarf að ráðstafa styrkþega, og skal honum þá komið fyrir á góðu heimili, þar sem vel fer um hann, hann látinn fara í sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða honum komið fyrir á vinnuhæli eða framfærslu eða atvinnustofnun, sem er undir opinberri umsjón.

Hafi sveitarstjórn ráðstafað styrkþega eða barni til dvalar utan heimilis, á hæli eða annars staðar, og greiðir þar meðlag eða ábyrgist greiðslu þess, þá ber Tryggingastofnun ríkisins að greiða sveitarstjórn bætur styrkþegans eða lífeyri barnsins frá þeim tíma, er henni barst tilkynning um ráðstöfun sveitarstjórnarinnar.

38. gr.

Nú þurfa foreldrar, er mikla ómegð hafa, að leita framfærslustyrks til viðbótar barnalífeyri þeim, er þeim ber að lögum, og skal þeim þá lagður hann á heimili þeirra, ef börnin fá þar sómasamlegt uppeldi og vel fer um þau.

Börn má ekki taka frá foreldrum án samþykkis þeirra, nema framfærslu og uppeldi barnanna sé áfátt á þann hátt, er segir í næstu málsgrein.

Ef foreldrar, sem ekki þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, sem hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, skal sveitarstjórn taka þau af heimili foreldranna. Eigi slík börn að lögum rétt á barnalífeyri, skal hann lagður til fósturs þeim, en umframstyrkur, ef greiddur er, svo og meðgjöf, sem greidd er með slíkum börnum, ef þau eiga ekki rétt til barnalífeyris, skal talið framfærslustyrkur veittur foreldrum eða öðrum lögskyldum framfærslumönnum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

Sveitarstjórn skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum börnum, er hún annast framfærslu á.

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum án leyfis þeirra.

39. gr.

Þegar um ráðstafanir er að ræða eftir 38. gr., skulu þær eigi framkvæmdar fyrr en barnaverndarnefndir í kaupstöðum og skólanefndir í sveitum hafa haft málið til meðferðar og reynt að leysa það samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, ef það fellur undir ákvæði þeirra, og skal farið eftir tillögum þeirra að því leyti, sem við verður komið. Hið sama gildir um ráðstöfun fávita og vanþroska unglinga, sem nauðsyn krefur, að hið opinbera ráðstafi eða hafi afskipti af.

40. gr.

Sóknarprestar, kennarar og héraðslæknar skulu líta eftir því, að vel sé farið með alla styrkþega í umdæmum þeirra. Þyki einhverjum ofangreindra aðila misbrestur á því vera og geti hann eigi með umvöndun komið lögum á það, ber honum að kæra málið fyrir lögreglustjóra. Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra til lögreglustjóra vanrækslu sveitarstjórnar í þessu efni.

Lögreglustjóri rannsakar kæru þegar í stað. Telji hann kæruna á rökum reista ber honum að halda sveitarstjórn til að gæta skyldu sinnar. Hann skal og, ef ástæða er til, skýra félagsmálaráðuneytinu frá kærunni og því, sem rannsókn hans hefur leitt í ljós.

41. gr.

Sveitarstjórn er skylt að sjá um, að börn, sem eru undir hennar umsjón, njóti lögboðinnar skólafræðslu.

V. KAFLI

Um samskipti sveitarstjórna og styrkþega.

42. gr.

Sá, sem fengið hefur framfærslustyrk, er endurgjalda skal, er háður þeim skyldum gagnvart sveitarstjórn, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

43. gr.

Er sveitarstjórn heimtir samkvæmt endurriti af viðskiptareikningi styrkþega styrk, sem honum ber að endurgjalda, getur hún beiðzt lögtaks hjá honum eftir fyrirmælum laga nr. 29 16. des. 1885.

Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. laganna.

44. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp eignir styrkþega. Ef þinglýst er eftirriti af uppskriftargerðinni, leggst veðband á hinar uppskrifuðu eignir, er gengur fyrir öllum kröfum öðrum en eldri veðkröfum.

Sveitarstjórn er heimilt að afla sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík sakadómara), um, að vinnuveitandi styrkþega skuli greiða henni kaup hans, ef hann vanrækir að framfæra með því þá, sem hann hefur á framfæri sínu. Ákvörðun valdsmanns má skjóta til ráðherra.

Nú vanrækir vinnuveitandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá gagnvart sveitarstjórn ábyrgð á þeirri upphæð, er hann hefur greitt styrkþega eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

Lausafé og atvinnutæki, sem sveitarstjórn fær styrkþega í hendur eða styrkir hann til að kaupa, skulu vera eign sveitarsjóðsins.

45. gr.

Skylt er að veita sveitarstjórnum hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum styrkþega og lögskyldra framfærslumanna hans, er þær óska. Vinnumiðlunarskrifstofur og atvinnurekendur eru og skyldir að láta þeim í té vinnuskýrslur og kaupskrár, þegar þess er óskað.

Bönkum og sparisjóðum er skylt að gefa sveitarstjórnum upplýsingar um inneignir styrkþega og framfærslumanna hans.

46. gr.

Um fjárræði styrkþega fer að lögræðislögum.

47. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að afla sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík sakadómara) um, að styrkþega, sem er vinnufær og og ekki aflar sér sjálfur atvinnu, sé skylt að gegna þeirri vinnu, sem sveitarstjórn vísar honum á og tilhlýðileg er eftir högum hans og honum ekki um megn. Ákvörðun valdsmanns má skjóta til ráðherra.

Sveitarstjórn er og heimilt að afla sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík sakadómara) um, að styrkþega, sem hefur ekki fyrir heimili að sjá, skuli skylt að vinna af sér á vinnuhæli meðlag eða barnalífeyri, sem sveitarsjóður hefur orðið að greiða með barni hans, skilgetnu eða óskilgetnu, enda þótt hann hefi verið til þess fær. Ákveður hlutaðeigandi valdsmaður, hve lengi vinnan skuli standa. Skal vinnutíminn miðaður við, að styrkþeginn hafi kaup, er sé eigi lægra en greitt er fyrir almenna verkamannavinnu í heimilissveit hans.

48. gr.

Nú er hátterni manns gagnvart sveitarstjórn eða þeim, sem honum er skylt að framfæra, slíkt sem segir í 180. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 1940, og getur sveitarstjórn þá kært hann til refsingar samkvæmt þeirri grein.

Nú vill maður, áður en til framkvæmdar refsingar kemur, sinna vinnu, sem honum er vísað á samkv. 47. gr., og skal þá fresta framkvæmd refsingarinnar.

VI. KAFLI

Um viðskipti sveitarstjórna og endurgreiðslu framfærslustyrks.

49. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá veittur honum af heimilissveit hans.

50. gr.

Nú er manni veittur framfærslustyrkur utan þeirrar sveitar, er hann á framfærslurétt í, og skal framfærslusveit hans þá endurgreiða styrkinn að ⅔ hlutum, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í þessum lögum. Þó skulu greiðslur eftir yfirvaldsúrskurði endurgreiðast að fullu.

Ríkissjóður ábyrgist þessar endurgreiðslur.

51. gr.

Verði maður styrkþurfi utan heimilissveitar sinnar sökum slysa, veikinda, atvinnuleysis eða af öðrum orsökum, er dvalarsveitinni skylt að veita þá aðstoð, sem nauðsynleg er, til þess að styrkþurfinn fái þá læknishjálp og hjúkrun, sem þarf, eða hann komist heim til sín, en endurgreiða skal heimilissveitin dvalarsveit þann kostnað að fullu, og ábyrgist ríkissjóður greiðsluna.

52. gr.

Kröfur um endurgreiðslu á framfærslustyrk, sem eitt sveitarfélag á á hendur öðru, skal gera innan 6 vikna frá styrkveitingu, ella fellur endurkröfurétturinn niður.

Skylt er sveitarstjórn að svara slíkri kröfu innan 6 mánaða frá því að henni barst tilkynning um styrkveitingu, ella fellur niður réttur hennar til mótmæla gegn réttmæti skuldarinnar.

53. gr.

Sá, sem þegið hefur framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er endurkræfur eftir þessum lögum eða öðrum. Því aðeins er þó sveitarstjórn heimilt að gera fjárnám í eignum eða tekjum styrkþega, að afkomu hans framvegis sé með því eigi stefnt í þá hættu, að hann þurfi aftur á framfærslustyrk að halda.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldrinu, sem er á lífi, ef annað er dáið, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

Nú nægir eigi lögákveðinn barnalífeyrir til þess að greiða kostnað við uppeldi og framfærslu barns, og skal þá telja þann styrk, sem umfram þarf að veita, veittan móður barnsins, sé hún á lífi.

54. gr.

Nú hefur einhver, sem samkvæmt dómi eða samningi er skyldur til framfærslugreiðslu lögum samkvæmt, vanrækt að gera skyldu sína í þessu efni, og framfærslustjórn hefur þess vegna orðið að greiða þeim, sem réttinn hefur, framfærslustyrk, og telst þá sá styrkur ekki framfærslustyrkur til styrkþega, ef styrkurinn fer ekki fram úr hinni umsömdu eða úrskurðuðu upphæð, heldur framfærslustyrkur til þess, sem vanrækt hefur greiðslur.

55. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana, báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau þá voru í, og ekkert á ekkju, ef hún hefur einn eða fleiri skylduómaga.

Nú hefur dvalarsveit barnsmóður eða framfærslumanns barns orðið að endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins lögákveðinn barnalífeyri, og skal þá framfærslusveit sú, er barnsfaðir á, er lífeyririnn féll í gjalddaga, skyld að endurgreiða dvalarsveitinni meðlagið að fullu, og skal telja það framfærslustyrk veittan barnsföður.

Hafi dvalarsveit barnsmóður eigi fengið barnalífeyri endurgreiddan fyrir þá sök, að ókunnugt hafi verið um dvalarstað barnsföður, eða hann hefur komizt undan lagaaðförum, er þeirri sveit heimilt, er hann kemur síðar fram, að ganga að þeim framfærslusveitum, er hann kann að hafa átt meðan ekki náðist til hans.

56. gr.

Skylt er barnsföður að endurgreiða framfærslusveit sinni lífeyri með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, sé hann þess umkominn að dómi sveitarstjórnar. Innheimtumaður, sem annast innheimtu á endurgreiðslukröfum vegna barnalífeyris, getur leitað aðstoðar lögreglunnar til þess að ná til skuldarans.

Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn samkvæmt kröfu hennar kaup eða aflahlut manna þeirra, er um ræðir í 1. málsgr., til lúkningar úrskurðuðum meðlögum.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á meðlagsskuldinni, allt að þeirri upphæð, er hann hefur greitt barnsföður, eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

57. gr.

Þegar dvalarsveit hefur greitt barnalífeyri, sem innheimta ber hjá öðru sveitarfélagi, skal sveitarstjórn dvalarsveitar, innan sex vikna frá móttöku kvittunar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir greiðslunum, senda til sveitarstjórnar framfærslusveitar kröfu um endurgreiðslu, og skal þá greiða skuldina innan sex mánaða frá móttöku kröfunnar. Kvittun Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja kröfu sveitarstjórnar dvalarsveitarinnar.

Nú vanrækir sveitarstjórn framfærslusveitar að sinna kröfunni, og getur sveitarstjórn dvalarsveitar þá krafizt greiðslu úr ríkissjóði samkv. 50. gr. þessara laga.

58. gr.

Nú hrekkur barnalífeyrir, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir samkv. almannatryggingalögunum, ekki til framfærslu munaðarlauss barns innan 16 ára aldurs, og skal þá framfærslusveit þess greiða það, sem til vantar, að barnið fái sómasamlega framfærslu, og telst það styrkur veittur munaðarlausu barni.

59. gr.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefja styrkþega endurgreiðslu á styrk, veittum af sveitarfé, til að greiða:

1. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kennsluáhöld handa börnum á skólaskyldualdri.
2. Greftrunarkostnað styrkþega, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.
3. Fæðingarhjálp, sem barnsföður er ekki skylt að endurgreiða.
4. Greiðslur til munaðarlausra barna samkv. lögum þessum.
5. Útgjöld vegna útbúnaðar og sendingar barns, sem komið er til dvalar af barnaverndarnefnd eða framfærslunefnd utan heimilissveitar sinnar.
6. Framfærslustyrk veittan mönnum 60 ára eða eldri.

7. Framfærslustyrk, veittan mæðrum, sem hafa fleiri en tvö börn á framfæri og aðeins stunda húsmóðurstörf á eigin heimili.
8. ⅕ hluti af kostnaði við langvinna sjúkdóma, samkv. l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Allur sá styrkur, sem hér um ræðir, skal þó í bókum sveitarinnar talinn framfærslustyrkur veittur á því ári, sem hann er greiddur úr sveitarsjóði.

60. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn framfærslustyrk.

61. gr.

Nú hefur styrkþega verið ráðstafað af framfærslunefnd eða hreppsnefnd í annað framfærsluhérað, og vinnur hann sér þá eigi sveit í hinu nýja héraði fyrr en í fyrsta lagi að 6 árum liðnum. Ber þeirri sveit, er ráðstafaði honum til dvalar, að kosta framfærslu hans fyrstu 4 árin, ef með þarf, hvort sem hann þarf árlegan styrk eða ekki, og eftirleiðis þangað til hann hefur komizt af tvö ár óslitið án framfærslustyrks.

62. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks áður en 2 ár eru liðin frá því að hann fluttist til þess framfærsluhéraðs, er hann á heima í, án þess um ráðstöfun samkv. 61. gr. sé að ræða, og skal þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd láta valdsmann, ef ástæða er til, rannsaka eftirfarandi atriði:

1. Hvar styrkþegi átti áður heimilissveit.
2. Hvort hann þáði þar framfærslustyrk, og hve mikinn.
3. Hvenær hann síðast þáði framfærslustyrk þar.
4. Hvort sveitarstjórn fyrrv. heimilissveitar hans eða einstakir sveitarstjórnarmenn, eða aðrir áhrifamenn, hafi hvatt styrkþega til að flytja búferlum, lagt fram fé í því skyni eða á annan hátt beint eða óbeint stutt að för hans, svo sem með gjöfum eða samskotum, svo af því megi ætla, að þær ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að losa fyrrverandi heimilissveit við verandi eða væntanleg þyngsli vegna styrkþegans eða fjölskyldu hans.
5. Önnur atriði, er sveitarstjórn eða framfærslunefnd telur nauðsynlegt að upplýsa í þessu sambandi.

63. gr.

Sannist það við rannsókn þessa, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar styrkþegans, eða einstakir áhrifamenn í sveitarfélaginu, hafi komið því til leiðar, að styrkþegi flutti búferlum í aðra sveit og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 61. gr., skal þeirri sveit, er hann flutti úr, skylt að endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hann eða fjölskylda hans þarf að þiggja í framfærslustyrk meðan hann dvelur þar.

Sama gildir, ef það sannast, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar hafi lagt fram fé, beint eða óbeint, til þess að styrkþegi gæti komizt hjá því að biðja um framfærsluhjálp fyrstu tvö árin.

64. gr.

Nú verður sveitarstjórn uppvís að því að hafa stuðlað að flutningi manns til annars sveitarfélags, og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 63. gr., og skal þá ríkissjóður endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hún leggur út hans vegna, og innheimta síðan upphæðina hjá fyrrverandi heimilissveit mannsins.

VII. KAFLI

Um jöfnun framfærslukostnaðar.

65. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og eigi síðar en 1. júní næsta ár, senda bæjarstjórnir og hreppsnefndir til ráðuneytisins skýrslu yfir framfærslukostnað í kaupstaðnum eða hreppnum umliðið ár og í því formi, sem ráðuneytið ákveður.

Skýrslunni skal fylgja vottorð, staðfest af bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra, um, hve margir karlar og konur á aldrinum 18—60 ára eiga heimili í kaupstaðnum eða hreppnum.

66. gr.

Sýslumenn skulu fyrir 15. júlímánaðar ár hvert senda ráðuneytinu skýrslu um samanlagðar skattskyldar tekjur allra íbúa hvers einstaks hrepps sýslunnar samkvæmt skattskrá fyrir umliðið ár, svo og um skuldlausar eignir samkvæmt sömu skattskrá og loks um skattmat allra fasteigna í hverjum hreppi, sem skatt ber að greiða af síðastliðið ár. Á sama hátt ber bæjarfógetum í kaupstöðum og skattstjóranum í Reykjavík að senda ráðuneytinu tilsvarandi skýrslur úr umdæmum þeirra.

67. gr.

Framfærsluhéruðum landsins skal skipta í tvo flokka. Eru í öðrum flokknum allir kaupstaðirnir og kauptún þau, sem hafa yfir 500 íbúa og eru sérstök sveitarfélög, en í hinum flokknum eru öll önnur sveitarfélög.

68. gr.

Eftir skýrslum þeim, sem um getur í 65. og 66. gr., reiknar ráðuneytið út, hver er meðaltalsframfærslukostnaður í hvorum jöfnunarflokknum fyrir sig. Skal það gert á þann hátt að miða að ⅓ hluta við tölu þeirra karla og kvenna, sem eru á aldrinum 18—60 ára, að ⅓ hluta við skattskyldar tekjur, að ⅙ hluta við skuldlausar eignir og ⅙ hluta við fasteignamat.

69. gr.

Nú fer samanlagður framfærslukostnaður sveitarfélags fram úr meðaltali framfærslukostnaðar í þeim jöfnunarflokki, sem sveitarfélagið tilheyrir, reiknað á sama hátt og segir í næstu grein á undan, og fá sveitarfélögin þá endurgreiðslu úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, þannig, að hvert sveitarfélag greiðir meðaltalsframfærslukostnað í sínum flokki að frádregnum 10% og fær endurgreidda ⅔ hluta þess, sem umfram er. Minni upphæð en 100 krónur greiðast þó aldrei neinu bæjar- eða sveitarfélagi.

Hrökkvi tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga ekki til þess að endurgreiða fátækrajöfnunarfé, greiðir ríkissjóður það, sem á vantar, þar til full endurgreiðsla er fengin samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.

70. gr.

Nú eru skýrslur þær, er um ræðir í 65. og 66. gr., eigi komnar til ráðuneytisins á þeim tíma, sem þar er tiltekinn, og skal þá með símskeyti eða á annan fulltryggan hátt tilkynna hreppsnefndum, bæjarstjórnum og embættismönnum þeim, sem þar eru tilgreindir, að skýrslur þeirra skuli afhendast fyrir nánar tiltekinn dag.

Nú verður misbrestur á því, að skýrslur komi þrátt fyrir tilkynningu samkvæmt 1. málsgr., og skal þá við útreikning nota tilsvarandi skýrslu síðastliðins árs, en hreppar þeir og kaupstaðir, sem vanrækslu hafa sýnt, missa rétt til endurgreiðslu fyrir það ár, þótt þeir ættu tilkall til hennar samkvæmt útreikningi.

71. gr.

Ráðuneytið skal hafa lokið skiptingu framfærslufjár milli bæjar- og sveitarfélaga í fyrsta flokki eigi síðar en 1. ágúst og í öðrum flokki eigi síðar en 1. október.

72. gr.

Ráðuneytið hefur úrskurðarvald um sérstaka reikninga yfir veittan framfærslustyrk og um reikninga sveitarfélaga yfir framfærslukostnað í heild sinni.

Sannist það á einhverja sveitarstjórn, að hún vísvitandi gefi rangar skýrslur eða upplýsingar í þeim tilgangi að öðlast endurgreiðslu frá ríkissjóði, missir viðkomandi sveitarfélag rétt til allrar endurgreiðslu frá ríkissjóði það ár, auk þeirrar hegningar,

sem sveitarstjórnin kann að baka sér með slíku athæfi samkvæmt ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

73. gr.

Nú hafa sveitarstjórnir gert samninga sín á milli um framfærslu styrkþega, áður en lög þessi koma til framkvæmda, og skulu þeir samningar þá haldast, ef þeir brjóta eigi í bág við ákvæði þessara laga eða almannatryggingalaga.

Um styrkþurfa, sem ráðstafað hefur verið utan sveitar af sveitarstjórn, áður en lög þessi öðlast gildi, skal fara sem segir í 61. gr. þessara laga.

74. gr.

Úrskurðir yfirvalds, uppkveðnir fyrir gildistöku þessara laga, um meðlög með skilgetnum eða óskilgetnum börnum, svo og staðfestir samningar um sama efni, halda gildi sínu með þeim breytingum, að meðlagsfúlgan fer eftir lögum um almannatryggingar og verður jafnhá barnalífeyri eins og hann er ákveðinn í þeim lögum á hverjum tíma, og að meðlagsgreiðslan fer fram mánaðarlega.

75. gr.

Nú hefur framfærsluþurfi misst rétt til bóta eða lífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar, vegna vanskila á iðgjaldi, og getur sveitarstjórn þá keypt honum full réttindi samkvæmt þeim lögum með því að greiða vangoldin iðgjöld hans, en þó ekki hærri upphæð en svarar til 5 ára iðgjalds.

76. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim, séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafið er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðila varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

79. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru frá sama tíma úr gildi felld framfærslulög, nr. 52 12. febr. 1940, svo og önnur ákvæði eldri laga, er brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Hafi sveitarfélag, sem á árinu 1946 greiddi ellilaun og örorkubætur fyrir fram, greitt slíkar bætur fyrir janúar 1947 samkvæmt tilkynningu félagsmálaráðuneytisins til sveitarstjórna, dags. 24. des. 1946, endurgreiðir ríkissjóður helming bótanna eftir sömu reglum og giltu árið 1946.
2. Við ákvörðun örorkustyrks samkv. 3. bráðabirgðaákvæði laga um almannatryggingar skal þess gætt, að þeir öryrkjar, er þar greinir og fengið hafa örorkubætur árið 1946, missi einskis í við, að lögin um almannatryggingar koma til framkvæmda, enda greiði ríkissjóður það, sem til kann að vanta, að fjárveitingin úr tryggingarsjóði hrökkvi.

   Ákvæði þetta gildir þó aðeins til ársloka 1948.
3. Nú hefur móðir óskilgetins barns, sem hún kennir erlendum manni, fengið greitt meðlag með því af sveitarfé í dvalarsveit sinni, þegar lög þessi öðlast gildi, og er þá valdsmanni heimilt að úrskurða, að hún skuli fá greiddan barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, ef hún færir gildar líkur að faðerninu. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, svo og þau meðlög, sem sveitarsjóðir hafa greitt mæðrum slíkra barna fyrir gildistöku laga þessara.

Ed. 783. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er gert tvennt í senn: lækkaðar kröfur, sem gerðar eru til skipstjórnar á væntanlegum ferjum á Hvalfirði, svo að ekki yrði krafizt meiri þekkingar við þetta starf en nú er krafizt til formennsku á 6—30 smálesta fiskibát, og vikið frá lagaákvæðum um tölu yfirmanna eftir því, sem ráðherra þætti rétt á hverjum tíma. Í greinargerð eru ekki færð nein rök fyrir því, að hér sé um knýjandi þörf að ræða, t. d. vöntun á fullgildum mönnum, enda er það fullvíst, að mikill fjöldi eldri skipstjóra mundi þykja vel að geta á seinni árum haft svo rólegt starf sem hér um ræðir. Sýnist því engin ástæða að breyta lögunum af þeim ástæðum, enda sjálfsagt óverulegur sparnaður í launagreiðslum til skipstjóra, þótt fallizt yrði á að gera til hans hinar lægstu kröfur, sem gerðar eru til skipstjórnarmanna. Jafnframt og rétt þykir að benda á, að þótt leið sú, sem hér um ræðir, sé stutt, þá kann hún að verða mjög fjölfarin skipaleið í framtíðinni, þar sem verið er að koma upp í Hvalfirði bæði olíustöð og hvalveiðistöð. Umferð sú, sem við það væntanlega skapast, gæfi fullkomlega tilefni til þess, að ferja sú, sem flytji á milli 10—20 þús. manns á ári, væri jafnan undir stjórn manns með fullkominni skipstjórnarþekkingu, eins og krafizt er á þessari stærð skipa samkvæmt lögum, hvað sem fyrir kynni að koma. Þess má og geta, að meðal annarra þjóða munu sömu kröfur vera gerðar til skipstjórnar á slíkum ferjum og almennt eru gerðar til hafnsögumanna, og það alveg eins þótt ferjurnar fari yfir enn miklu skemmri leið en yfir Hvalfjörð. Hitt, að láta ráðherra ákveða tölu yfirmanna á þessum ferjum frekar en á öðrum skipum, sýnist einnig algerlega ástæðulaust. Fyrirmæli gildandi laga um fjölda yfirmanna eru sett að fenginni reynslu manna, sem á þessum málum hafa meiri þekkingu en ráðherrar hafa almennt.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði fellt.

Einn nefndarmanna (PM) var ekki á fundi, er gengið var frá málinu, og tók því ekki þátt í afgreiðslu þess.

Alþingi, 7. maí 1947.

Gísli Jónsson, form., frsm.	B. Kristjánsson, fundaskr.	Sigurjón Á. Ólafsson.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Nd. 784. Breytingartillaga

við frv. til l. um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 3. gr. 3. Fyrir orðin „0,5 millj. kr.“ komi: 1 milljón kr.

Nd. 785. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. lagði til, að frv. yrði samþykkt óbreytt, en minni hl., ég undirritaður, leggur til, að það verði fellt.

Í greinargerð frv. á þskj. 521 er reynt að telja fram rök fyrir því að breyta lögunum um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins á þann hátt að fela stjórn S.R. að annast byggingu og rekstur hinnar fyrirhuguðu verksmiðju.

Þar er í fyrstu því haldið fram, að stjórn S.R. hafi styrkt ísl. námsmann til að nema fiskiðnað í Bandaríkjunum. Hér mun átt við dr. Jakob Sigurðsson. Hann ferðaðist um og kynnti sér niðursuðuiðnað Bandaríkjanna með einhverjum styrk frá S.R., er hann hafði lokið námi. Þegar hann kom hér upp, urðu það honum mikil vonbrigði, að meiri hl. stjórnar S.R. hafði engan áhuga fyrir því að hagnýta þekkingu hans og koma upp síldarniðursuðuiðnaði. Þó starfaði dr. Jakob að tilraunum með niðursuðu á síld á vegum stjórnar S.R. við gersamlega óhæf skilyrði og tókst þó að leiða í ljós, að hér væri um framtíðaratvinnuveg að ræða. Í greinargerð frv. er það fram talið sem ein röksemdin fyrir nauðsyn frv., að kunnáttu vegna þurfi ekki að setja sérstaka stjórn, því að kunnáttu hafi stjórn S.R. Þetta verður ekki skilið á annan veg en þann, að dr. Jakob og hans kunnátta sé eign stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins. Hér virðist seilzt nokkuð langt til raka. Dr. Jakob Sigurðsson er formaður í núverandi stjórn síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins og framkvæmdastjóri hennar, en er á engan hátt í þjónustu stjórnar S.R. og fullkomin óvissa um það, að hann gangi í þjónustu þess fyrirtækis. Með frv., ef að lögum verður, er því beinlínis verið að taka framkvæmdir í niðursuðumálinu af dr. Jakob og fá þær í hendur stjórn S.R., sem ekkert vit hefur á þessum málum og engan mann hefur í þjónustu sinni, sem kann til niðursuðu. Þegar þetta er athugað, kemur greinilega í ljós, hver raunverulegur tilgangur frv. er. Hann er sá að stöðva byggingu niðursuðuverksmiðjunnar. Meiri hl. stjórnar S.R. er ætlað að leggjast á málið og sjá um, að ekkert verði úr framkvæmdum. Núverandi ríkisstjórn er hrædd um, að niðursuðuverksmiðjustjórnin undir forustu dr. Jakobs muni brjótast í að koma verksmiðjunni upp, jafnvel þó að reynt verði að hindra hana í því.

Önnur þau rök, sem talin eru í grg. frv., eru eftir þessu. Það á að spara mikið fé að leggja niður stjórn niðursuðuverksmiðjunnar, sem hefur sérþekkingu, og setja verksmiðjuna undir stjórn S.R., sem enga þekkingu hefur á málunum og verður að sjá allt með annarra augum. Ég fullyrði, að stjórnarkostnaður verksmiðjunnar verður hærri hjá stjórn S.R. en hjá sérstakri stjórn. En það þarf sennilega ekki að gera því skóna, að til þess komi, af því að stjórn S.R. er aðeins trúað fyrir því að hindra allar framkvæmdir og það ætti ekki að þurfa að vera kostnaðarsamt.

Þá er bent á, að auðveldast sé að fá hráefni fyrir niðursuðuverksmiðjuna, ef hún er rekin í sambandi við S.R. Þetta er algert öfugmæli. Til þess að tryggja verksmiðjunni hráefni þarf að reka hana í sambandi við söltunarstöð, og er þá eðlilegast, að verksmiðjan salti sjálf síld til niðurlagningar að vetrinum, og hefur raunar alltaf verið út frá því gengið. Með þessu móti yrði verulegur hluti af störfum niðursuðuverksmiðjustjórnarinnar að annast síldarsöltun og niðurlagningu, en það eru störf, sem stjórn S.R. hefur aldrei skipt sér af.

Til þess að skýra þetta niðursuðuverksmiðjumál nánar vil ég rekja nokkuð gang þess og afskipti stjórnar S.R. af því. Er dr. Jakob Sigurðsson hafði lokið námi í fiskiðnaði í Bandaríkjunum, samdist svo um milli hans og framkvæmdastjóra S.R., Jóns Gunnarssonar, að hann dveldi nokkurn tíma þar vestra og kynnti sér

sérstaklega niðursuðu síldar, með það fyrir augum, að koma upp slíkum iðnaði, er hann kæmi heim, ef tiltækilegt reyndist að fá hér hráefni, sem heppilegt væri. Þegar dr. Jakob kom heim veturinn 1944—45, gaf hann strax skýrslu um málið til stjórnar S.R. og afhenti hana form. stjórnarinnar. Svo leið og beið án þess að nokkuð væri að gert. Um sumarið framkvæmdi dr. Jakob á vegum S.R. niðursuðutilraunir, sem gáfu mjög góða raun. Að þeim loknum eða haustið 1945 var kominn tími til þess að hefjast handa. Tilraunirnar höfðu leitt í ljós, að ísl. norðurlandssíld var gott hráefni til síldarniðursuðu, en vitanlega var ekki hægt að slá neinu föstu um framleiðslukostnað fyrr en stórvirk tæki væru reynd, en hinsvegar engin ástæða til að ætla, að ísl. verkafólk gæti ekki skilað sömu framleiðsluafköstum og gæðum og verkafólk t. d. í Bandaríkjunum, ef það hefði sams konar tæki. Vitað var, að þó vélar hefðu verið pantaðar þá strax haustið 1945, þá mundi það taka upp undir tvö ár að koma verksmiðjunni upp. Hún hefði í fyrsta lagi verið komin í gang fyrir síldarvertíð 1947. Þó hefði verið hægt að hefja niðurlagningu í stórum stíl fyrir þann tíma, en hvað atvinnu snertir er niðurlagning meira virði, vegna þess að hún veitir vetraratvinnu. Dr. Jakob vildi láta festa kaup á vélum haustið 1945, en halda svo að sjálfsögðu áfram tilraunum allan tímann, þangað til verksmiðjan væri komin upp.

Meiri hluti stjórnar S.R. var hins vegar ekki á þessari skoðun. Í fyrstu vildi hann ekki algerlega neita að hefjast handa, heldur var farið undan í flæmingi, þar til loks í des. 1945, að stjórnin samþykkti að fresta málinu, en halda áfram lítilfjörlegum tilraunum. Þá var séð, að meiri hluti stjórnar S.R. mundi ekki fáanlegur til þess að ráðast í framkvæmdir, að þetta síldarniðursuðuverksmiðjumál mundi kvoðna upp í höndum stjórnar S.R. Þegar svo var komið, tók ég til minna ráða og tók málið úr höndum stjórnar S.R. og lagði fyrir þingið í des. 1945 frv. til laga um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins. Frv. þetta náði fram að ganga á því þingi um vorið 1946. Skömmu eftir það var dr. Jakob Sigurðssyni falið að annast undirbúningsframkvæmdir, og aflaði hann tilboða í vélar og athugaði staðsetningu og annað, er þurfa þótti, en framkvæmdir töfðust, vegna þess að fyrrv. fjármálaráðherra aflaði ekki þeirra lána, sem lögin gerðu ráð fyrir, að tekin yrðu til að standast kostnað við byggingu verksmiðjunnar.

Þannig stendur málið nú, að hægt er að hefja framkvæmdir strax í vor, og ætti þá verksmiðjan að geta verið tilbúin fyrir vertíð 1948. Það mun koma á daginn, að frv. þetta, ef samþykkt verður, mun hafa í för með sér, að tækifærin verði ónotuð og engar framkvæmdir hafnar í vor.

Eins og ég hef tekið fram hér að framan, er frv. það, sem hér liggur fyrir, einn liður í kerfisbundnum ráðstöfunum núverandi hæstvirtrar ríkisstjórnar til að skapa atvinnuleysi í landinu. Það er meining ríkisstjórnarinnar að stöðva svo sem frekast er unnt byggingu nýrra atvinnutækja í landinu, og er það álit hennar, að of mikið hafi verið gert að því að koma þeim upp á undanförnum tveim árum. Í þessari áætlun ríkisstjórnarinnar að hindra byggingu atvinnutækja hefur stjórn S.R. fengið það verkefni að koma síldarniðursuðuverksmiðjunni fyrir kattarnef. Reynsla sú, sem fengin er af stjórn S.R., er sú, að meiri hluti hennar hafði ekki áhuga fyrir því að koma henni upp haustið 1945, þegar málið var tekið úr höndum stjórnarinnar, og verður því fylgzt vel með tiltektum hennar í þessu máli.

Það er hörmulegt til þess að vita, að svo skuli fara, að hætt sé við byggingu síldarniðursuðuverksmiðjunnar á Siglufirði. Þessari verksmiðju var ætlað að verða upphaf að stórfelldum atvinnuvegi, sem hefði getað veitt mikla atvinnu í öllum sjávarplássum á Norðurlandi. Ef starfræksla verksmiðju þessarar gengi að óskum, þá var skilyrði fyrir því, að ríkið kæmi upp slíkum síldarniðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjum víða á höfnum norðanlands. Hafnir, sem þar hafa sérstaklega komið til greina, eru Hólmavík, Skagaströnd, Sauðárkrókur, Hrísey, Dalvík, Ólafsfjörður og Húsavík. Fólk á þessum stöðum öllum á mikið undir því, að ekki séu stöðvaðar

framkvæmdir í þessu máli, því að allir þessir staðir eru í hinum mesta vanda hvað atvinnuhorfur áhrærir, einkum og sér í lagi yfir vetrarmánuðina.

Á það hefur verið bent, að sú starfsemi, sem hér er verið að leggja undir stjórn S.R., er fullkomlega óskyld öllum þeim störfum, er verksmiðjurnar annast nú. Að sínu leyti væri það mikið eðlilegra, að síldarútvegsnefnd hafi með stjórn síldarniðursuðuverksmiðju og síldarniðurlagningarverksmiðju að gera, og er það mikið skyldara starfssviði hennar en síldarverksmiðja ríkisins. Hins vegar liggja fyrir síldarverksmiðjum ríkisins stórfelld verkefni á sviði síldarbræðslu og frekari vinnslu á afurðum síldarverksmiðjanna, svo sem lýsisherzlu o. fl. Stjórn S.R. stendur frammi fyrir svo stórfelldum verkefnum í þessum efnum, að henni er ekki ætlandi meira en að glíma við þau, þó að hún fari ekki að fást við gersamlega óskyld efni, eins og síldarniðursuðu og síldarniðurlagningu. Þegar það er hugleitt, hvernig stjórn S.R. hefur á undanförnum árum staðið í stykkinu við að fylgjast með verklegum framförum á sviði síldarbræðslu, þá verður það ljóst, að ekki er á bætandi.

Ég tel óhjákvæmilegt að ræða nokkru nánar um störf stjórnar S.R. á undanförnum árum og framkomu hennar í sambandi við byggingu hinnar nýju síldarverksmiðju á Siglufirði og Skagaströnd, vegna þess að það skýrir betur en nokkuð annað hver hinn raunverulegi tilgangur er með að fela stjórn S.R. að annast stjórn á byggingu og rekstri síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins. Starfsaðferðir meiri hl. stjórnar S.R. og áhugaleysi hennar fyrir hvers konar framförum á sviði síldarbræðslu mun sanna það, að í þessu máli, sem hér liggur fyrir, er henni ætlað að koma góðu framfaramáli fyrir kattarnef.

Af þeim tæknilegu framförum á sviði síldarbræðslu, sem fyrir liggur að gera og stjórn S.R. ber skylda til að hafa forustu um, eru það einkum þessar:

Frá síldarverksmiðjunum renna í hinu svonefnda slamvatni úrgangsefni mjög proteinrík fyrir hundruð þúsunda og ef til vill milljónir króna árlega. Menn, sem koma til Siglufjarðar yfir síldveiðitímann, hafa séð, að allur Siglufjörður og hafið fram af honum er mjólkurlitað af þessu efni og allar fjörur og bryggjur eru smurðar þykku fitulagi. Þarna eru dýrmæt efni, sem fara til spillis vegna þess, að stjórn verksmiðjanna hefur ekki hagnýtt sér þau tæki, sem til eru til að vinna þessi efni. Í Ameríku er löngu farið að vinna þessi efni með sérstökum tækjum, sem eima þetta úrgangsvatn, þannig að innihald fastra efna í því verður 50%. Þá verður þetta vatn kvoða, sem er sérstaklega vel fallið til skepnufóðurs. Í Ameríku er þetta skepnufóður flutt langar leiðir í tunnum eða tankvögnum, og nú er svo komið, að síldarverksmiðjur eru yfirleitt ekki starfræktar á þeim grundvelli, að ekki sé unnið úr þessu úrgangsefni. Hér á Íslandi er árlega notað ca. 10 þús. tonn af síldarmjöli til skepnufóðurs, ef hinsvegar væri farið að vinna úrgangsefnin, sem renna frá síldarverksmiðjunum, má búast við, að hér innanlands gæti sú fóðurblanda, sem úr þeim er unnin, komið í stað verulegs hluta þess síldarmjöls, sem nú er notað til fóðurs. Ekkert væri eðlilegra en að stjórn S.R. hefði forustu í þessu máli og gengi á undan við að láta gera tilraunir og afla véla til þessarar vinnslu. En því er ekki að heilsa. Þrátt fyrir það, þó að ísl. fræðimaður, dr. Þórður Þorbjarnarson, hafi kynnt sér þetta mál og bent á nauðsyn þess að nota þessi úrgangsefni, hefur stjórn S.R. ekkert raunhæft gert. Ef að líkum lætur, má búast við því, að síldarverksmiðjur ríkisins komi upp hjá sér slíkri vinnslu úrgangsefna, þegar aðrar verksmiðjur eru búnar gera það í nokkur ár.

Þá liggur ætíð fyrir stofnun eins og síldarverksmiðjum ríkisins að vera á hnotskóg eftir hvers konar tæknilegum framförum á sviði síldarbræðslu og tileinka sér þær. Í stað þess að hafa forystu hafa síldarverksmiðjur ríkisins drattazt á eftir og ekki tekið upp nýbreytni fyrr en aðrar verksmiðjur voru búnar að hagnýta hana með árangri og ekki varð lengur staðið á móti. Mörg dæmi mætti nefna þessu til sönnunar. Þetta hefur orsakað það, að rekstur síldarverksmiðja ríkisins hefur

ailtaf orðið dýrari heldur en rekstur annarra verksmiðja, en þegar þær ákváðu svo síldarverðið, gáfu þær þar með einkaverksmiðjunum óhemju gróðamöguleika í skjóli sínu.

Árið 1938 ákvað bæjarstjórn Siglufjarðar að reka sjálf síldarverksmiðju sína, Rauðku, sem bærinn hafði frá því hann eignaðist hana 1934 leigt einstaklingum. Verksmiðjan Rauðka var elzta síldarverksmiðja landsins, byggð 1911, og þrátt fyrir það þó að margar endurbætur hefðu verið á henni gerðar, var hún mjög gamaldags um margt, og þurfti mikið vinnuafl miðað við afköst, en þau voru lítil, eða um 1000 mál á sólarhring. Sá atburður, að bæjarstjórn Siglufjarðar hóf rekstur síldarverksmiðju, hefur haft mjög djúptæk áhrif á þróun síldarverksmiðja á Íslandi og það svo mikil, að ekki er hægt að ganga fram hjá afskiptum Siglufjarðarkaupstaðar af síldarverksmiðjumálum, þegar rætt er um þróun síldarverksmiðja ríkisins.

Þegar eftir að bæjarstjórn hóf rekstur Rauðku, varð henni ljóst, að ekki væri til frambúðar að reka þessa gömlu verksmiðju, og sneri sér að því þegar á fyrsta rekstursári að láta gera uppdrátt og áætlanir að nýrri verksmiðju með það fyrir augum að byggja hana fyrir vertíð 1940. Tilboða var aflað í vélar frá Noregi, og þar fekkst líka loforð um lán fyrir því, sem kaupa þurfti erlendis frá, en loforð hafði fengizt um lán hér innanlands fyrir því, sem greiða þurfti í innlendri mynt, svo sem vinnlaun. Ef þessi verksmiðja hefði verið byggð með 5000 mála afköstum, eins og ráð var fyrir gert, hefði hún kostað fullsmíðuð 1.5—2 millj. króna. Siglufjarðarkaupstaður sótti um leyfi til þáv. atvinnumálaráðherra, Ólafs Thors, um að fá að byggja verksmiðjuna, en hann sendi málið til umsagnar stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins. Meiri hluti verksmiðjustjórnar lagðist á móti málinu, taldi ekki þörf fyrir nýjar verksmiðjur og lagði til, að leyfið yrði ekki veitt. Bæjarstjórn hafði sent atvinnumálaráðherra beiðni sína í aprílmánuði, en í ágúst svaraði hann fyrst og veitti þá til málamynda leyfi fyrir 2500 mála verksmiðju, sem aldrei hafði verið beðið um, enda var þá tíminn forhlaupinn og þáverandi ríkisstjórn, þjóðstjórnin fræga, búin að sauma svo að þeim, sem ætluðu að lána bænum peninga, að þeir drógu sig í hlé. Þannig tókst að hindra byggingu Rauðku fyrir atbeina þáverandi ríkisstjórnar með aðstoð stjórnar S.R. Þetta athæfi er búið að skaða Siglufjarðarkaupstað um milljónir króna og útveginn og þjóðarheildina um tugi milljóna króna.

En þrátt fyrir það, þó ekkert yrði úr hinum stórhuga fyrirætlunum Siglufjarðarkaupstaðar í það sinn, urðu þær til mikillar blessunar fyrir þennan atvinnuveg. Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hafði nefnt það sem eina höfuðástæðu fyrir því, að ekki skyldi leyft að byggja Rauðku, að afköst síldarverksmiðjanna væru nægilega mikil. Þessi röksemd var svo rækilega rekin ofan í verksmiðjustjórnina, að einmitt sumarið 1939 varð stórkostleg löndunarstöðvun hjá síldarverksmiðjunum og slíkt hið sama endurtók sig sumarið 1940. Síðan hafa hvað eftir annað endurtekið sig löndunarstöðvanir og veiðibönn og í öngþveitinu hefur stjórn S.R. orðið að fyrirskipa útgerðarmönnum að henda afla skipa sinna.

Það tiltæki stjórnar S. R. að leggjast gegn byggingu Rauðku spurðist því afar illa fyrir, enda varð reiðin svo almenn meðal útgerðarmanna og sjómanna, að stjórnin sá sér ekki annað fært en að leita heimildar ríkisstjórnarinnar til þess að hefja byggingu viðbótarverksmiðju.

Þannig varð Siglufjarðarkaupstaður til þess að reka stjórn S.R. út í það að byggja nýju verksmiðjuna á Raufarhöfn og framkvæma stækkunina á dr. Pauls verksmiðjunni á Siglufirði. Árið 1939 voru aðalverksmiðjur Síldarverksmiðja ríkisins þessar: ein úrelt og ævagömul verksmiðja á Raufarhöfn og þrjár verksmiðjur á Siglufirði, þar af tvær gamlar og úreltar og ein (S.R.N.) stórgölluð, vegna þess að stjórn Síldarverksmiðjanna var óánægð yfir því, að hún hefði ekki annazt byggingu hennar, heldur sérstök byggingarnefnd og hafði því umturnað öllu vélafyrirkomulagi með þeim árangri, að S.R.N. verksmiðjan hefur löngum verið gallagripur. Samtímis þessum úreltu og ófullkomnu verksmiðjum S.R., sem ákveður verð fersksíldar til sjómanna samkv. vinnslukostnaði sínum, höfðu svo tvö gróða-

félög, h/f Kveldúlfur á Hjalteyri og h/f Djúpavík í Djúpuvík, komið sér upp fullkomnum nýtízku verksmiðjum og gátu því grætt óhóflega í skjóli þeirrar lélegu og úreltu verksmiðja, sem S.R. rak.

Eitt gleggsta dæmið um viðhorf stjórnar S.R. til verklegra framkvæmda er það, að í mörg ár eftir að verksmiðjur einstaklinga voru búnar að koma upp hjá sér sjálfvirkum löndunartækjum, héldu þær áfram að landa síld með hinni gömlu aðferð, að skipa henni upp í tunnum og láta síðan aka henni upp í þrær. Löndunin var óhemjulega erfið, tók langan tíma og það, sem verst var, eftir að verksmiðjur einstaklinga voru farnar að mæla síldina eins og gert er í sjálfvirkum löndunartækjum, þá högnuðust þær um 5% af andvirði síldarinnar, vegna þess að verðákvörðun Síldarverksmiðja ríkisins var miðuð við vigt. Síldarverksmiðja Siglufjarðarkaupstaðar lét setja upp hjá sér löndunartæki þegar á öðru starfsári, og varð það til þess, að stjórn S.R. sá sér ekki annað fært en að hefja undirbúning undir að setja upp löndunartæki og gerði það nokkrum árum síðar. Áður hafði stjórnin ætíð borið því við, að ekki væri hægt að koma við löndunartækjum á Siglufirði, vegna þess hve ókyrrt væri í sjó. Það kom síðar á daginn, að þetta reyndist fyrirsláttur einn, og hefur ekki komið að sök svo orð sé á gerandi.

Þrátt fyrir þær stækkanir, sem ráðizt var í árið 1940 fyrir tilstuðlan síldarverksmiðjunnar Rauðku, þá kom það í ljós, að enn var verksmiðjukostnaðurinn alltof lítill, einkum fyrir það að stækkunin á dr. Pauls verksmiðjunni á Siglufirði reyndist mjög misráðið fyrirtæki, bæði dýrt og ófullkomið, og náði sú verksmiðja alls ekki þeim afköstum, sem búizt hafði verið við. Því var það árið 1942, að borið var fram um það frv. á Alþingi, að reistar skyldu nokkrar nýjar verksmiðjur í Norðurlandi. Alþingi afgreiddi þetta mál þannig að ákveða, að byggðar skyldu síldarverksmiðjur á Hólmavík, Skagaströnd, Sauðárkróki og Húsavík og auk þess 10 þús. mála verksmiðja á Siglufirði.

Er frv. hafði verið samþykkt í þinginu, fól þáverandi atvinnumálaráðherra, Magnús Jónsson, stjórn S.R. að hefja undirbúning að byggingu verksmiðjunnar á Siglufirði. Stjórn S.R. mun þá þegar hafa leitað fyrir sér með kaup á síldarvinnsluvélum frá Ameríku, en það reyndist árangurslaust vegna stríðsins, þó keyptu þær tvo dieselmótora, sem áttu að vera í nýju verksmiðjuna. Þegar ekki fengust vinnsluvélar voru mótorarnir settir í hinar eldri verksmiðjur S.R., annar á Siglufirði og hinn á Raufarhöfn. Jafnframt þessum vélakaupum lét stjórn S.R. fara fram verðlaunasamkeppni um uppdrátt að 10 þús. mála síldarverksmiðju á Siglufirði. Verðlaun voru veitt þáverandi framkvæmdastjóra S.R., Jóni Gunnarssyni. Uppdrættir Jóns Gunnarssonar voru af úreltri verksmiðju. Þar var engar framfarir að finna, ekkert spor fram á við. Verksmiðja byggð eftir þessari teikningu hefði verið úrelt og mjög dýr í rekstri, enda voru allir sammála um það vorið 1945, þegar hafin var smíði verksmiðjunnar á Siglufirði, að ekkert vit væri í því að fylgja teikningu Jóns Gunnarssonar.

Þetta eru framkvæmdir stjórnar S.R. á því verkefni að hefja undirbúning undir byggingu verksmiðju á Siglufirði. Í full tvö ár er stjórnin að þessu eða með öðrum orðum, stjórn S.R. lét tímann frá því um haustið 1942 fram á haust 1944 líða án þess að gera nokkuð raunhæft í því að undirbúa byggingu þessarar verksmiðju. Þarna var dýrmætur tími glataður, og hefur það kostað ísl. útveg mjög mikið, að það skyldi hafa verið látið afskiptalaust, að stjórn S.R. hafðist ekki handa um byggingu verksmiðju, eins og Alþingi ætlaðist til. Stjórn S.R. einblíndi allan þennan tíma á það, að ekki væri hægt að byggja síldarverksmiðjur hér á landi með öðrum hætti en þeim, að allar vinnuvélar væru keyptar erlendis frá. Það hvarflaði ekki að stjórninni, að hægt væri að smíða þessar vélar innanlands. Þessi trú stjórnar S.R. gerði það að verkum, að hún sló því föstu, að ekki væri hægt að byggja síldarverksmiðjur hér á landi fyrr en eftir stríð, enda var allt háttalag stjórnarinnar miðað við þessa trú.

En þegar stjórn S.R. hafði þannig sannfært sig um það, að ekki væri hægt að

byggja síldarverksmiðju á Íslandi fyrr en stríðinu væri lokið, skarst síldarverksmiðjan Rauðka enn í leikinn og vakti stjórn S.R. heldur hastarlega af værum blundi. Veturinn 1943—44 ákvað Siglufjarðarkaupstaður að hefja smíði 5—10 þús. mála verksmiðju, í stað hinnar gömlu og úreltu Rauðkuverksmiðju, og það sem merkilegra var, að láta smíða allar vinnsluvélar innanlands. Það hafði aldrei hvarflað að stjórn S.R., að hægt væri að smíða vinnsluvélarnar innanlands. Stjórnin starblíndi á það að fá vélarnar erlendis frá, og fyrst það var ekki hægt fyrr en að loknu stríðinu, var hún búin að sætta sig við að fást ekkert meira við byggingu síldarverksmiðja fyrr en því var lokið.

En Siglufjarðarkaupstaður lét það ekkert á sig fá, þó ekki væri hægt að fá vinnsluvélar erlendis frá, heldur réðst í að láta smíða þær hér innanlands. Smíði hinnar nýju Rauðku var hafin vorið 1944, og var verksmiðjan tilbúin til vinnslu á síldarvertíðinni 1945, en eins og kunnugt er, var það eitt mesta síldarleysisár, sem komið hefur, og gafst því ekki fullt tækifæri til að reyna vélarnar. Með smíði síldarvinnsluvéla hér innanlands var stigið eitt mesta framfaraspor, sem stigið hefur verið hér á landi í vélamenningu. Það var ekki einasta, að það tókst að smíða nothæfar vinnsluvélar hér innanlands, heldur reyndust þessar vélar betri en allar þær erlendu vélar, sem reyndar hafa verið hér á landi. Með smíði Rauðku hættu Íslendingar að renna í slóð erlendra þjóða hvað viðvíkur smíði síldarvinnsluvéla, heldur fara fram úr því bezta, sem þekktist erlendis á þessu sviði. Sá maður, sem fyrst og fremst ber heiður af þessu afreki er Snorri Stefánsson, sem átti bæði hugmyndina að því að láta smíða vélarnar innanlands, sagði fyrir um tilhögun þeirra í höfuðdráttum og gat vegna þess álits og trausts, sem hann nýtur á Siglufirði, fengið bæjarstjórnina þar til að ráðast í þetta djarfa fyrirtæki. Það skal og fram tekið, að Snorri Stefánsson naut mjög þýðingarmikillar aðstoðar Þórðar Runólfssonar vélaverkfræðings, sem gerði vinnuteikningu að vélunum og sagði nánar fyrir um smíði þeirra. Auðvitað hefði ekki verið hægt að smíða þessar vélar innanlands, hefði ekki notið bráðsnjallra smiða, einkum að smíði pressanna. Bygging síldarverksmiðjunnar Rauðku sannaði, að það var hægt að byggja hér síldarverksmiðju, þó að stríðið stæði, hún sannaði, að aðgerðaleysi stjórnar S.R. var ástæðulaust og stafaði eingöngu af úrræðaleysi, dugleysi og þröngsýni.

Þegar nýsköpunarstjórnin tók við völdum í október 1944, var það eitt allra þýðingarmesta verkefni hennar að hefja byggingu nýrra síldarverksmiðja samkv. lögunum frá 1942. Hin stórfellda aukning bátaflotans, sem sú stj. réðst í, gerði byggingu síldarverksmiðjanna enn þá þýðingarmeiri og gerði það óhjákvæmilegt, að hafizt yrði þegar handa og síldarverksmiðjur reistar með eins miklum hraða og frekast væri unnt. Nú allt í einu vaknaði stjórn S.R. úr dáinu og sýndi þegar eftir stjórnarmyndunina 21. okt. 1944, að henni var ljóst, að ekki myndi það lengur verða liðið, að setið væri aðgerðalaust. Á nokkrum dögum eftir stjórnarmyndunina gerði stjórnin samþykktir varðandi byggingu nýrra síldarverksmiðja, sem eru að mörgu leyti merkilegar, einkum fyrir það, að í samþykktum þessum er stjórn S.R. raunverulega að telja upp þau nauðsynjaverk, sem hún átti að framkvæma á árunum 1942—44, en hafði vanrækt. Samþykktir stjórnar S.R. eru sem hér segir:

I. Þann 26. okt. 1944:

„Stjórn S.R. skorar á Alþingi að samþykkja frv. á þskj. 433 um hafnargerð á Skagaströnd og veita svo ríflegt fé til verksins, að hafnargerðinni geti orðið lokið fyrir síldarvertíð 1946. Með tilvísun til laga um nýjar síldarverksmiðjur frá 1942 telur stjórn S.R. brýna nauðsyn á því, að 5—10 þús. mála verksmiðja verði reist á Skagaströnd fyrir síldarvertíð 1946, en verksmiðjubyggingin er því aðeins möguleg, að hafnargerðinni verði lokið jafnhliða."

II. Þann 27. okt. 1944:

„Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins samþykkir að leita enn á ný fyrir sér um kaup á vélum og efni í hina fyrirhuguðu 10 þús. mála síldarverksmiðju á

Siglufirði. Enn fremur um kaup á vélum og efni í verksmiðju á Skagaströnd (Höfðakaupstað) með 5—10 þús. mála afköstum á sólarhring, að fengnu leyfi ríkisstjórnarinnar og aukinni lánsheimild.“

III. Úr bréfi til atvinnumálaráðherra, dags. 2. nóv. 1944:

„Í stuttu máli er ætlun stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins:

1) að leggja áherzlu á, að afkastaaukningin á Siglufirði um 3500—4000 mál á sólarhring, komist upp fyrir næstu síldarvertíð.
2) að hin nýja 10 þúsund mála verksmiðja á Siglufirði verði reist fyrir síldarvertíð 1946.
3) að hin nýja verksmiðja í Höfðakaupstað verði reist eins fljótt og hafnarskilyrði þar leyfa, helzt fyrir síldarvertíð 1946.
4) að halda síðan áfram nýbyggingum síldarverksmiðja, sbr. l. nr. 93/1942, eftir því sem aðstæður leyfa.“

Þessar samþykktir og yfirlýsingar sýna betur en nokkuð annað, að stjórn S.R. hefur fundið til sektar út af aðgerðaleysi sínu í verksmiðjubyggingunum. Enda er það ekki að furða, þegar það er athugað, að 1942 voru samþykkt lög um að reisa verksmiðjur á 6 stöðum á Norðurlandi, og þegar eftir setningu laganna var stjórn S.R. falið að hefja undirbúning, sem hún sveikst um að gera með þeirri afsökun, að ekki væri hægt að fá vélar, sem síldarverksmiðjan Rauðka sannaði, að ekki hafði við rök að styðjast.

Þegar nýsköpunarstjórnin settist að völdum, var fyrir fram vitað, að ráðizt yrði í byggingu síldarverksmiðja með meiri krafti en áður hafði þekkzt, og þá vildi stjórn S.R. láta svo sem hún hefði alltaf verið að hugsa um þessi mál og undirbúa byggingu verksmiðjanna. Samþykktirnar og yfirlýsingarnar frá stjórn S.R. voru í því einu skyni gerðar að reyna að eigna sér heiður af verkum, sem hún sá fyrir, að yrðu framkvæmd, hvað sem hún segði, eftir að hún hafði vanrækt þau í tvö ár.

En samþykktir þessar bera það og með sér, að stjórn S.R. var enn ákveðin í því að hafa að engu þá reynslu, sem fengizt hafði við byggingu Rauðku, í smíði vinnsluvéla hér innanlands, og kaupa áfram erlendar vinnsluvélar, það sýnir samþykktin frá 27. okt. 1944. Það er gamla sagan hjá stjórn S.R., að streitast á móti öllum framförum, ríghalda sér í það gamla, hvað sem reynslan sýndi. Samþykktin frá 27. okt. 1944 var því vísbending um það, að ef stj. S.R. væri látin stjórna byggingu hinna nýju verksmiðja, mundi hún kaupa allar vinnsluvélar erlendis frá, þó að þær væru miklu ófullkomnari og til þess eyddist miklu meiri gjaldeyrir. Auk þess var allt í fullkominni óvissu um möguleikana á því að fá vélarnar í tæka tíð, þá var stríðinu ekki lokið og ómögulegt að treysta neinum samningi við verksmiðjur í Ameríku um vöruafhendingu.

Ég átti á þessu tímabili oft tal við stjórn S.R. og lagði þá áherzlu á, að mikil nauðsyn væri á því, að byggingu síldarverksmiðjanna á Siglufirði og Skagaströnd yrði lokið, svo að verksmiðjurnar gætu orðið til á síldarvertíð 1946. Stjórn S.R. lét líklega um, að hún hefði áhuga á þessu, en það kom þó greinilega í ljós, að meiri hluti hennar hafði ekki áhuga fyrir þessu, og kom það bezt fram, er stjórn S.R. kom saman á fund í Reykjavík í ársbyrjun 1945 og sat hér á mörgum fundum til þess að taka ákvarðanir um byggingu skrifstofuhúss. Með bréfi til mín, dags. 12. febr. 1945, fór stjórn S.R. fram á að fá að byggja þetta skrifstofuhús, en í því áttu líka að vera búningsherbergi og böð fyrir verkamenn, og var byggingarkostnaður áætlaður 1.5 millj. króna, og var sú áætlun að áliti verkfræðinga allt of lág. Ég benti stjórn S.R. á, að verksmiðjubyggingarnar yrðu að sitja fyrir öllu öðru og ekki mætti ráðast í neitt það, sem gæti tafið fyrir því, að þær kæmust upp fyrir vertíð 1946. En mér fannst þessi mikli áhugi ríkisverksmiðjustjórnar fyrir byggingu skrifstofuhúss einmitt benda til þess, að áhuginn fyrir verksmiðjubyggingunum væri takmarkaður.

Þannig leið tíminn frá því að ríkisstjórnin var mynduð í okt. 1944 fram á vor, að ríkisverksmiðjustjórnin, þrátt fyrir þær samþykktir, sem hún gerði um haustið,

eyddi tíma sínum í ýmis önnur störf en þau að undirbúa byggingu verksmiðjanna. Það var fyrst þegar komið var fram á vor, að hún byrjaði að ræða fyrirkomulag verksmiðjanna og gerði tillöguriss um þær. Undirbúningur undir verksmiðjubyggingarnar var allur í molum, og raunar ekki hægt að sjá, hvað fyrir stjórn S.R. vekti hvað byggingarnar snerti. Um mánaðamótin apríl—maí átti form. stjórnar S.R., Sveinn Benediktsson, viðtal við mig og tjáði mér, að nú væri útséð um, að stækkun sú, sem var verið að framkvæma á S.R 30 verksmiðjunni, sem um ræðir í 1. lið í bréfi verksmiðjanna, dags. 2. nóv. 1944, gæti ekki orðið til fyrir vertíð 1945, eins og gert hafði verið ráð fyrir, og yrði ekki til fyrr en fyrir vertíð 1946. Kenndi Sveinn töfum á afgreiðslu véla í Ameríku um þetta. Taldi hann, að þetta yrði til þess, að ekki væri viðlit að byggja hina nýju verksmiðju á Siglufirði hraðar en það, að hún yrði til fyrir vertíð 1947 og þá Skagastrandarverksmiðjan fyrir vertíð 1948. Varð mér nú ljóst, að þess var ekki að vænta, að stjórn S.R. byggði verksmiðjurnar með þeim hraða, að þær gætu verið tilbúnar fyrir vertíð 1946, og fékk nú raunar nokkra skýringu á því tómlæti, sem stjórn S.R. sýndi í undirbúningi verksmiðjubygginganna. Ég var löngu orðinn leiður á þessu tómlæti stjórnarinnar og tjáði Sveini Benediktssyni, að ég mundi skipa sérstaka nefnd til þess að annast byggingu hinnar nýju verksmiðju bæði á Siglufirði og Skagaströnd. Ég ræddi þetta mál svo nánar við stjórn S.R., og náðist fullt samkomulag við stjórnina um skipun byggingarnefndar fyrir hinar nýju verksmiðjur. Það skal fram tekið, að um þetta leyti hafði stjórn S.R. mikið annríki vegna ýmissa ráðstafana, sem gera þurfti í sambandi við rekstur síldarverksmiðjanna, og hafði hún þá lítinn tíma aflögu til að sinna undirbúningi nýju verksmiðjanna.

Hinn 15. maí 1945 skipaði ég byggingarnefnd til þess að annast byggingu nýju verksmiðjanna á Siglufirði og Skagaströnd. Í nefndinni áttu sæti fjórir menn, og voru þeir þessir:

Trausti Ólafsson prófessor, sem var tilnefndur af stjórn S.R., og var hann jafnframt formaður byggingarnefndarinnar.

Magnús Vigfússon byggingameistari, tilnefndur af stjórn S.R.

Þórður Runólfsson vélaverkfræðingur án tilnefningar og

Snorri Stefánsson framkvæmdastjóri Rauðku-verksmiðjunnar án tilnefningar.

Allt voru þetta þjóðkunnir menn. Trausti Ólafsson efnafræðingur hafði fylgzt með þróun síldariðnaðar á Íslandi frá byrjun. Magnús Vigfússon hafði verið starfsmaður hjá Síldarverksmiðjum ríkisins um nokkurt skeið og staðið þar fyrir alls konar byggingarframkvæmdum. Þórður Runólfsson vélaverkfræðingur er sá af ísl. verkfræðingum, sem mesta þekkingu hefur á síldarverksmiðjum, og Snorri Stefánsson er sá maður, sem einna lengst hefur stjórnað síldarverksmiðju á Íslandi, fylgzt með í þróun þeirra og átti frumkvæði að því að smíða vinnsluvélar hér innanlands.

Verkefni byggingarnefndarinnar voru þau, að byggja 10 þúsund mála verksmiðju á Siglufirði og 5 þúsund mála verksmiðju á Skagaströnd með þeim hraða, að þær gætu orðið til fyrir síldarvertíð 1946, ef þess væri nokkur kostur. Var fyrir byggingarnefndina lagt að hafa samráð við stjórn S.R. um framkvæmdir. Tíminn var orðinn naumur, svo að ljóst var, að það hlyti að vera miklum örðugleikum bundið að koma verksmiðjunum upp á jafnskömmum tíma. Er óhætt að fullyrða, að aldrei hefur nokkur byggingarnefnd fengið eins erfitt verk, einkum þegar tekið er tillit til þess, að undirbúningur var sem sagt enginn. Byggingarnefndin varð að hefja starf sitt með því að ákveða endanlega stað verksmiðjanna og teikna verksmiðjuhúsin. Síðan var það jafnsnemma, að byggingarnefndin gerði samning við byggingarfélag um framkvæmdir á byggingum, samninga um smíði vinnsluvéla og stórfelld innkaup á efni og vélum, sem kaupa þurfti erlendis frá, enn fremur á stálgrindahúsum til mjölgeymslu. Allt þetta gerði byggingarnefndin umsvifalaust og mátti ekki heldur tæpara standa, að innkaup væru gerð og byggingarframkvæmdir hafnar.

Byggingarnefnd var falið að freista þess að ljúka byggingu verksmiðjanna á

Siglufirði og Skagaströnd fyrir síldarvertíð 1946. Þetta þýddi það að sjálfsögðu, að til þess var ætlazt, að byggingarnefndin legði höfuðáherzlu á byggingarhraðann, og hlaut það óhjákvæmilega að hafa það í för með sér, að verksmiðjurnar yrðu nokkuð dýrari en ella hefði getað orðið. Ég vil sérstaklega taka það fram, að það er ég, sem ber ábyrgð á því, að lögð var áherzla á að hraða byggingu og þá einnig á þeim kostnaðarauka, sem af því stafaði, en ekki byggingarnefndin. Hins vegar tók byggingarnefndin ákvarðanir um öll teknisk atriði í sambandi við byggingu verksmiðjanna, annaðist öll vöru- og vélainnkaup og samningsgerðir, enn fremur að sjálfsögðu öll fjárhagsmál og ber ábyrgð á þeim, og verður þó í þeim efnum að taka tillit til þess, hve mjög verkinu var hraðað.

Eins og að líkum lætur, þegar framkvæmd eru önnur eins stórvirki og bygging síldarverksmiðjanna á Siglufirði og Skagaströnd og það á rösku ári, geta komið fyrir atriði, sem menn hafa skiptar skoðanir um, hvernig haga skuli. Ég býst við því, að ef verk byggingarnefndarinnar eru skoðuð æsingalaust, þá muni allir viðurkenna, að henni hafi tekizt mjög vel í starfi sínu. Þrátt fyrir þetta hefur verið þyrlað upp hinu mesta moldviðri út af störfum hennar, og hefur nefndin verið látin gjalda þess, að ýmsir pólitískir andstæðingar mínir hafa talið sig þurfa að ná sér niðri á mér. Í greinargerð byggingarnefndar, sem prentað er sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti, gerir byggingarnefnd grein fyrir ýmsum þeim málum, sem dregin hafa verið inn í ádeilur á hana. Út af árásum þeim, sem gerðar hafa verið á byggingarnefndina, vísa ég til þessarar greinargerðar, en þó vil ég ræða sérstaklega um nokkur atriði:

Eitt helzta árásarefni á mig og byggingarnefndina er það, að byggingarkostnaður hafi farið fram úr áætlun. Um þetta er það að segja, að ekki vannst neinn tími til þess að gera áætlun um byggingarkostnað, vegna þess að byggingarnefndin hafði ekki nema röskt ár til stefnu til að koma verksmiðjunum upp. Hins vegar hefur í sambandi við afgreiðslu Alþingis á lántökuheimild þrisvar verið rætt um byggingarkostnað. Fyrst kemur málið fyrir þingið fyrir árslok 1944, þannig að farið er fram á, að 10 millj. kr. lántökuheimildin, sem var í lögum um nýjar síldarverksmiðjur frá 1942, verði hækkuð upp í 20 millj. króna. Þetta frv. var samið af stjórn S.R. og lagt fyrir þingið án þess að séð verði, að stjórn S.R. hafi lagt nokkra áætlun til grundvallar hækkunartillögunni. Vorið 1945 er aftur lagt fyrir þingið frv. um hækkun lánsheimildarinnar upp í 27 millj. króna, og var það samkvæmt áliti byggingarn. talið mundu nægja til að ljúka við verkið. Þetta hefur reynzt rangt. og gerir bygginarnefnd grein fyrir því, í hverju það liggur, að byggingarkostnaðurinn reyndist 38 millj. kr. Út af þessu hefur verið gerður mikill úlfaþytur og haldnar langar ræður um óstjórn og óhófseyðslu o. s. frv.

Þau mistök að komast ekki nær endanlegum byggingarkostnaði verksmiðjanna, er lánsheimildin var hækkuð upp í 27 millj. króna, er í sjálfu sér mjög leiðinleg, en þessi mistök hafa engin áhrif haft á hinn raunverulega byggingarkostnað. Það hefur verið reynt að telja fólki trú um, að það, sem byggingarkostnaður fór fram úr 27 millj. kr. lánsheimildinni, sem veitt var vorið 1945, stafi af óhófi og óstjórn minni eða byggingarnefndar, og hefur þessi fullyrðing verið margtuggin í þeirri von, að fólk, sem ekki þekkir til málanna, festi trúnað á þetta. Þessi fullyrðing er algerlega gripin úr lausu lofti og styðst ekki við nein rök, enda eingöngu borin fram í blekkingarskyni, og hafa höfundar hennar ekki einu sinni reynt að rökstyðja þennan áburð. Nú hefur þingið hækkað heimildina um 5 millj. króna enn þá samkv. beiðni stjórnar S.R., en í bréfi því, sem stjórn S.R. hefur ritað ráðherra um þetta, dags. 18. apríl s. l., kemur í ljós, að meginið af þessum 5 millj. króna á að nota til framkvæmda, sem ekki standa í sambandi við byggingu hinna nýju verksmiðja.

En vegna þess að svo mjög hefur verið rætt um byggingarkostnað nýju verksmiðjanna og hve mikið hann á að hafa farið fram úr áætlun, tel ég rétt að bera saman byggingarkostnað verksmiðjunnar á Siglufirði við áætlun, sem Jón Gunn-

arsson, fyrrv. framkvæmdarstj., samdi. Hinn 17. janúar 1944 lagði hann fram áætlun sína og taldi, að verksmiðja með 10 þús. mála afköst mundi kosta 15½ millj. króna, og miðaði hann þá við ófullkomna og gamaldags verksmiðju. Hin nýja verksmiðja á Siglufirði hefur 12 þús. mála afköst, er miklu fullkomnari að öllum vélabúnaði og kostar rétt um 20 millj. króna. Getur hver maður séð í hendi sinni, hver munur er hér á. Í raun og veru er byggingarkostnaður Siglufjarðarverksmiðjunnar í samræmi við áætlun Jóns Gunnarssonar.

Þá hefur verið um það rætt, að hinar nýju verksmiðjur séu svo dýrar, að þær muni verða byrði fyrir sjómenn. Út af þessu er rétt að benda á, að heildarafköst þessara tveggja verksmiðja eru 19 þúsund mál á sólarhring. Ef nægileg síld veiðist og verksmiðjurnar eru starfræktar í 40 sólarhringa, geta þær unnið úr samtals um 760 þús. málum. Ef miðað er við 40 kr. verð á mál, — þó er ástæða til að ætla, að verðið verði hærra, — þá mun heildarvinnslan röskar 30 millj. kr. Miðað við, að 200 skip leggi upp hjá Síldarverksmiðjum ríkisins þá auka hinar nýju síldarverksmiðjur veiðimöguleika hvers skips um ca. 3800 mál síldar að meðaltali, eða um ca. 150 þús. kr. Miðað við þetta er aukin vaxta- og afborganabyrði vegna nýju verksmiðjanna smámunir, einkum vegna þess að hinar nýju verksmiðjur eru ódýrari í rekstri vegna tæknilegra nýjunga.

Byggingarnefnd Síldarverksmiðja ríkisins hefur með byggingu verksmiðjanna á Siglufirði og Skagaströnd, sem henni tókst að framkvæma á rösku ári, unnið afrek, sem er algerlega einstætt hér á landi. Með byggingu þessara verksmiðja eru raunverulega mörkuð tímamót í þróun síldariðnaðar á Íslandi, enda eru verksmiðjur þessar vafalaust hinar fullkomnustu á þessi sviði, þó að víðar væri leitað en hér á landi. Byggingarnefndin á miklar þakkir skilið fyrir afrek sitt.

Ég hef rætt svo ýtarlega um hinar nýju síldarverksmiðjur og afskipti stjórnar S.R. ef þeim einmitt vegna þess, að fátt sýnir betur, hversu litils frumkvæðis og dugnaðar er að vænta hjá stjórn S.R. til þess að hrinda fram nýmælum. Þessi afskipti sýna það, að ekki er hægt að búast við því, að stjórn S.-R. vinni nokkuð að því að koma upp þeirri síldarniðursuðuverksmiðju, sem verið er að fela henni að annast með frv. því, sem hér liggur fyrir. Með samþykkt frv. er því raunverulega verið að slá síldarniðursuðuverksmiðjumálinu á frest um óákveðinn tíma. Með tilliti til alls þessa er ég andvígur frv. og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 9. maí 1947.

Áki Jakobsson.

Fylgiskjal.

BYGGINGARNEFND SÍLDARVERKSMIÐJA RÍKISINS

Reykjavík, 20. marz 1947.

Út af ummælum, sem komið hafa fram á Alþingi um byggingu nýju síldarverksmiðjanna á Siglufirði og Skagaströnd, og blaðaskrifum, sem af þeim hefur leitt, vill byggingarnefnd umræddra verksmiðja leyfa sér að bera fram eftirfarandi athugasemdir og upplýsingar:

1. Byggingarkostnaður verksmiðjanna.

Í sambandi við byggingarkostnað verksmiðjanna hefur nefndin sýnt fram á, að hann sé fyllilega sambærilegur við byggingarkostnað Raufarhafnarverksmiðjunnar, sem reist var fyrir síðustu heimsstyrjöld, og Ingólfsfjarðarverksmiðjunnar, sem byrjað var að reisa meðan á stríðinu stóð. Engin minnsta tilraun hefur verið gerð til að hnekkja þessu, en í þess stað er sú aðferð notuð, að menn, sem lítil skilyrði virðast hafa til að vera dómbærir í þessu efni, býsnast yfir háum byggingarkostnaði, og síðan tekur hver upp eftir öðrum athugunarlaust.

Vegna tilvitnana í 20 millj. kr. lánsheimild frá þinginu 1944 verður að geta

þess, að verksmiðjur þær, sem reistar hafa verið, eru mun afkastameiri en verksmiðjur þær, sem upphaflega var gert ráð fyrir, að reistar yrðu.

Þegar lánsheimild til þess að byggja 10 þús. mála verksmiðju á Siglufirði og 5 þús. mála verksmiðju á Skagaströnd var hækkuð úr 10 upp í 20 millj. kr., mun hafa verið reiknað með því, að sú upphæð nægði. Engin raunveruleg áætlun mun þó hafa verið gerð í þessu efni, og mátti því heita einkennileg tilviljun og undantekning frá almennri reynslu, ef upphæð þessi hefði dugað. Þetta verður enn þá ólíklegra, þegar athuguð er hækkun vísitölunnar úr 270 haustið 1944 upp í 300 sumarið 1946. Fullyrðingar um kostnað tveggja umræddra verksmiðja (10 — 5 þús. mála afköst) á árunum 1945—47 virðast vera gripnar úr lausu lofti.

Nú er þess að gæta, að samkvæmt tillögum eða með samþykki stjórnar S.R. voru afköst verksmiðjanna ráðgerð 17500 mál á sólarhring í stað 15000. En ógerningur var að binda sig nákvæmlega við þessi afköst, heldur varð að laga sig eftir þeim stærðum á aðalvinnsluvélum, sem um var að ræða. Sem dæmi má nefna þurrkara og pressur. Fyrir verksmiðju, sem á að vera órugg með t. d. 7500 mála meðalafköst, hefðu varla nægt minna en 5 Kalifornïupressur eða 3 Myrens pressur af stærstu gerð, en þetta voru þær erlendu tegundir, sem fyrst og fremst komu til greina. Á Héðins pressunum var ekki fengin sú reynsla, að öruggt þætti að reikna með allt að 4000 mála meðalafköstum, og af því að Myrens pressa var ódýrari en Héðins pressa, var samþ. að taka eina af þeirri gerð til viðbótar tveim Héðins pressum á Skagaströnd. Ekki komu þar til mála minna en tveir Héðins þurrkarar, sem væntanlega má reikna með að minnsta kosti 4000 mála afköstum hvorn. Mjölkvarnir varð að taka tvær, en þeim er ætlað að samsvara þurrkurunum, og þannig bindur hvað annað. Ástæðulaust væri t. d. að spara kaup á fáeinum skilvindum, og allir mundu telja það fjarri sanni að láta afköst hrapa niður vegna gufuskorts.

Afleiðing af þessu varð sú, að ekki mun fjarri sanni að telja Siglufjarðarverksmiðjuna 12000 mála verksmiðju í stað 10000 og Skagastrandarverksmiðjuna um 8000 í stað 7500. Samtals verða þetta um 20 þús. mál á sólarhring móti 15 þús., sem fyrst var ætlað og 20 millj. kr. lánsheimildin var miðuð við. Hefði því lánsheimildin með tilliti til þeirra verksmiðja, sem reistar hafa verið, átt að verða 26—27 millj. kr.

Við þetta bætist svo sú ákvörðun að reisa Skagastrandarverksmiðjuna með stækkun fyrir augum, með tiltölulega litlum aukakostnaði. En þessu er þann veg farið, að til þess að Skagastrandarverksmiðjan komist upp í sömu afköst og Siglufjarðarverksmiðjunni eru ætluð, þarf í aðalatriðum að bæta við einni Héðins pressu, einum þurrkara, einni mjölkvörn, um 8 skilvindum og auk þess breikka verksmiðjuhúsið um 6 metra, tvær hæðir. Ef til vill þyrfti að bæta við mjölgeymsluplássi. Með því að fullbyggja Skagastrandarverksmiðjuna strax upp í 12 þús. mála afköst, hefði byggingarkostnaður beggja verksmiðjanna varla orðið yfir 40 millj. kr. Samkvæmt 20 millj. kr. áætlun fyrir 15 þús. mála verksmiðjur hefði kostnaður vegna 24 þús. mála verksmiðju átt að vera nálægt 30 millj., og fer þá ekki að bera eins mikið á milli og sumir vilja vera láta.

En eins og áður hefur verið bent á, er engin trygging fyrir því, að 20 millj. kr. áætlunin um byggingarkostnað 10 og 5 þús. mála verksm. hafi verið nærri lagi, og er því tilgangslaust að vitna í hana í ádeiluskyni á byggingarnefndina.

Það er fullyrt, að þegar verið var að byggja verksmiðjuna „Rauðku“ á Siglufirði (fyrir tveim til þrem áðum?), **hafi forráðamenn S.R. talið byggingarkostnað 10 þús. mála verksmiðju á Siglufirði vera um 16 millj. kr. Það vill nú svo einkennilega til, að þetta samsvarar því nær alveg áðurnefndum byggingarkostnaði nýju verksmiðjanna.** Af þessu getur hver og einn dregið sínar ályktanir, en þær verða aldrei byggingarnefndinni í óhag.

2. Kostnaður við byggingarnefndina.

Þeim ósannindum hefur verið haldið fram, að kostnaður við bygginarnefndina hafi orðið 450 þús. kr. Í reikningsyfirliti b.n. er skýrt tekið fram, að í þessum

lið séu innifalin laun umsjónarmanna, teikningar, skrifstofukostnaður, ferðakostnaður o. fl., sem ekki eru líkur til, að komizt hefði orðið hjá, þótt engin byggingarnefnd hefði verið skipuð. Mætti t. d. í sambandi við kvörtun hr. alþm. Skúla Guðmundssonar yfir því, að stjórn S.R. var ekki falin umsjá með byggingu verksmiðjanna, benda á ummæli eins af blöðum höfuðstaðarins um ferðakostnað og aðrar fjárgreiðslur til sumra manna í stjórn S.R. Þóknun sú, sem byggingarnefnd mun taka, verður vart yfir ⅕ hluta þeirrar upphæðar, sem háttvirtur þingmaður V.-Húnvetninga og síðan aðrir eftir honum telja kostnað við b.n. Er þetta aðeins um 30% hærra en flokksblað þingmannsins taldi, að formaður stjórnar S.R. einn hefði fengið greitt á einu ári.

3. Þóknun verktaka.

Það hefur verið nefnt sem dæmi um óeðlilega háa liði í byggingarkostnaðinum, að Almenna byggingarfélagið (A.B.F.) átti að fá 800 þús. kr. fyrir að sjá um byggingarframkvæmdir allar hér að lútandi. Byggingarnefndin hefur bent á, að hinn algengi taxti er 15% af greiddum vinnulaunum. Þetta hefur t. d. húsameistari ríkisins greitt A.B.F. við spítalabygginguna að Kleppi, og þetta er greitt við byggingu hraðfrystihúss fiskimálanefndar, sem í smíðum hefur verið undanfarið. Fróðlegt væri fyrir bændur landsins að heyra eitthvað um taxtann við byggingu hinnar nýju mjólkurstöðvar, og þannig mætti lengi telja. En b.n. hefur bent á, að hundraðshluti sá, sem nefnt félag hefur borið úr býtum með hinu fasta gjaldi, er um var samið, er mjög langt fyrir neðan hið vanalega gjald, enda þótt félagið greiði kostnaðarliði, sem verktaka ber alls ekki skylda til að sjá um fyrir 15% taxtann. Má hér tilnefna laun og dvalarkostnað aðalverkstjóra og skrifstofumanns á hvorum stað (Siglufirði og Skagaströnd) auk skrifstofukostnaðar, símakostnaðar og dýrra ferðalaga, sem telja má að mestu leyti fram yfir það, sem vanalegt er, t. d. þegar verk eru unnin hér í Reykjavík eða grennd. Byggingarnefnd hefur óskað þess, að fjárhagsnefnd Alþingis léti rannsaka þetta mál, og mun þá, ef ekki fyrr, falla um sjálfa sig árás sú, sem gerð hefur verið á b.n. í þessu efni. En kannske verður sá kostur tekinn að gera árásir á fleiri en byggingarnefnd S.R.

4. Afskipti verksmiðjustjórnar af véla- og efniskaupum og síendurteknar fullyrðingar hennar um, að verksmiðjubyggingunum hafi seinkað, af því að hennar ráðum hafi ekki verið fylgt.

Á s.l. sumri, um það leyti, sem síðustu átökin til þess að gera verksmiðjurnar starfhæfar stóðu yfir, veittist stjórn S.R. og einstakir meðlimir hennar að byggingarnefnd, aðallega vegna þess að verksmiðjurnar voru ekki að fullu búnar þegar í vertíðarbyrjun. Þessi ásökun stangast reyndar illa við þá vantrú, sem ríkt hafði frá upphafi í verksmiðjustjórn á því, að mögulegt yrði að koma verksmiðjunum upp fyrir seinustu síldarvertíð, og áhuga hennar yfirleitt á því að koma verksmiðjunum upp fyrir þann tíma. Má í þessu sambandi vitna í bréf verksmiðjustjórnar, dags. 18. maí 1945. Samkvæmt því áttu framkvæmdir sumarið 1945 „síðast en ekki sízt“ að vera þær „að safna saman nauðsynlegu byggingarefni, innlendu og útlendu, og festa kaup á vélum, sem ekki hafa verið pantaðar“. Þetta voru lausnarorðin, þegar byggingarnefnd var að athuga möguleikana á því að byrja á stærstu og nauðsynlegustu byggingunni á Siglufirði, sjálfu verksmiðjuhúsinu. Það átti að mega bíða fram á haust, að það verk yrði hafið, og þurfti þá að byrja á því að rífa eldri mannvirki. Þrátt fyrir góða tíð framan af vetri hefði þessi ráðagerð orðið til þess, að verksmiðjuhúsið hefði ekki komizt upp fyrr en vorið 1946, og má hver sem vill trúa því, að þetta hefði verið þjóðráð til þess að koma einmitt þessari verksmiðju upp fyrir síldarvertíð samsumars. Fleira mætti nefna um áhuga fyrir byggingarframkvæmdum árið 1945, svo sem ummæli form. verksmiðjustjórnar við formann byggingarnefndar að kvöldi þess 12. maí 1945. Þau voru á þá leið, að það þýddi ekkert að vera að byrjast við að koma þessu upp fyrir vertíðina 1946, það ætti að

nota sumarið til undirbúnings og fara rólega að öllu, svo að verksmiðjurnar kæmust upp fyrir vertíð 1947. Formaðurinn sagði að vísu síðar, þegar verkið var vel á veg komið, að hann hefði aðeins átt við Skagastrandarverksmiðjuna, en það kom ekki fram upphaflega. Stjórn S.R. telur sig hafa í byrjun marzmánaðar 1946 gert rökstudda tillögu um það til atvinnumálaráðherra, að hægt mundi að hafa aðra verksmiðjuna tilbúna nægilega snemma, með því að láta hana sitja fyrir um fagmenn, vélar og efni, og hefur fullyrt, að þetta hefði mátt verða (ætlazt var til, að lögð yrði aðaláherzla á smíði Siglufjarðarverksmiðjunnar, en hin látin sitja á hakanum).

Byggingarnefnd benti á, að engin trygging væri fyrir því, að önnur verksmiðjan kæmist upp frekar en báðar, sökum þess að verstar horfur væru með ýmsar vélar og efni, sem koma ætti frá útlöndum, og bitna mundi jafnt á báðum verksmiðjunum, enda varð sú raunin á. Stjórninni getur varla verið ókunnugt um, að 8. júní náðist til Reykjavíkur með mestu herkjum og vegna alveg sérstakra ráðstafana mikið af rafmótorum til beggja verksmiðjanna, enda þótt þeir væru pantaðir í apríl 1945. Nokkrir mótorar, sem sagðir höfðu verið á leið beint til Siglufjarðar, komu loks til Reykjavíkur 12. júlí.

Þá er það alkunnugt, hve tæpt stóð með gufukatla til beggja verksmiðjanna. Þeir voru pantaðir frá U.S.A. fyrir milligöngu Jóns Gunnarssonar, sem búsettur var í New York, en honum treysti verksmiðjustjórn manna bezt til allrar forgöngu í þessum málum. Með bréfi, dags. 21. jan. 1946, var byggingarnefnd tilkynnt, að annar ketillinn yrði tilbúinn til sendingar í lok jan., en hinn um 20. febr. Endirinn varð sá, að katlarnir, að undanskildum kyndibúnaði og einangrun, komu í þrennu lagi, seinasti hlutinn til beggja katlanna kom loks á Reykjavíkurhöfn 22. júní og upp úr skipi 4—5 dögum síðar. Ekki þarf að efa, að J.G. hafi gert það, sem unnt var, til að flýta fyrir, en þetta nægir til að sýna, að það hefur ekki við rök að styðjast, sem stjórnin hefur sagt um þessi mál, þar á meðal það, að verkinu hefði verið fyrr lokið, ef meira hefði verið pantað af vélum frá útlöndum, í stað þess að smíða þær hér á landi.

Í blöðum hefur það verið haft eftir hr. alþm. Finni Jónssyni, að verksmiðjustjórn hafi verið búin að undirbúa byggingu verksmiðjanna mjög mikið með því að panta vélar og efni. Byggingarnefnd er ekki kunnugt um nein efniskaup stjórnarinnar í þessu skyni, og seinustu vélar, sem hún hafði fest kaup á, voru skilvindur og rafmótorar. Hvorug þessi pöntun flýtti hið minnsta fyrir byggingunum vegna langrar vinnustöðvunar í Svíþjóð, en vitanlega gat verksmiðjustjórn ekki við neitt slíkt ráðið, frekar en byggingarnefnd gat séð fyrir eða ráðið við vanefndir á því, sem hún festi kaup á. Hins vegar má geta þess, að byggingarnefnd pantaði til viðbótar skilvindur, sem námu 50% af því, sem verksmiðjustjórnin hafði pantað, og bætti einnig við allmiklu af rafmótorum.

5. Hættan á því, að verksmiðjurnar verði ekki tilbúnar fyrir næstu síldarvertíð, afköst nýju verksmiðjanna síðastl. sumar og reynslan, sem fékkst við vinnslu Kollafjarðarsíldar.

Allir, sem til þekkja, vita, að milli vertíða er ávallt nóg að gera í öllum síldarverksmiðjum við ýmsar lagfæringar og endurbætur. Mönnum, sem setið hafa í verksmiðjustjórn árum saman, ætti einnig að vera vel kunnugt um það, að nýbyggðar síldarverksmiðjur eru engin undantekning í þessu efni. Verk manna hafa ekki reynzt fullkomnari en það, við síldarverksmiðjubyggingar frekar en annað, að oftast má deila um það, hvernig ýmsu verði bezt fyrir komið, og eru þá gerðar breytingar eftir því, sem bezt sýnist. Það er ekki óalgengt, að nýr maður, sem kemur að einhverju starfi, vilji hafa eitthvað á annan veg en fyrirrennari hans.

B.n. er það ljóst, að hefði nógur tími verið til stefnu og enginn skortur á neinu, kynni eitt eða annað að hafa verið gert á annan veg en raun varð á í hinum nýju

verksmiðjum. En það er vandi að sjá, hvaða ástæðu verksmiðjustjórnin hefur til þess að hefja bumbuslátt út af nokkrum atriðum, sem b.n. og framkvæmdastjóri verksmiðjanna ræddu um í fullri einingu, og samkomulag varð um að starfsmenn verksmiðjanna ynnu eftir því, sem tími yrði til. Flest af þessu var mjög smávægilegt og er þegar lokið, og það ætti að mega hafa til marks um, að engin ástæða er til að óttast um óstarfhæfni verksmiðjanna næsta sumar, að nú þegar 4 mán. voru til vertíðar var tekin síld í þrær nýju verksmiðjunnar á Siglufirði og ákveðið að setja pressur hennar í gang til vinnslu. Sannleikurinn er sá, að hvorki S.R.N. né S.R. 30, er varið hefur verið mörgum milljónum til endurbóta og viðgerðar á síðastliðin ár, voru starfhæfar vegna yfirstandandi aðgerða, en engin ástæða er þó til að ætla, að þær komist ekki í gang á næstu vertíð.

Það verður ekki annað sagt en stjórn S.R. hafi verið mjög óheppin með að hefja einmitt nú árásir sínar á b.n. út af hinum margumtöluðu óleystu verkefnum, en upptalning þeirra átti að sannfæra menn um, að nýju verksmiðjurnar væru óstarfhæfar eins og er og yrðu það ef til vill næsta sumar, nema forsjár stjórnarinnar nyti við. Þetta gat litið vel út á pappírnum, en reynslan hefur nú skorið úr um það, að fullyrðingar stjórnar S.R. voru ekki réttar, að því er S.R. 46 snerti, eins og brátt mun sýnt fram á, en enginn mun treysta sér til að kveða upp þann dóm, að Skagastrandarverksmiðjan sé verr á sig komin en S.R. 46.

Til þess að S.R. 46 gæti starfað með öllum sínum vinnslutækjum vantar naumast annað en snígilflytjara milli tveggja af pressunum og þurrkara. Er þetta full sönnun þess, að annaðhvort hljóta hin upptöldu atriði að vera smávægileg og ekki því til hindrunar, að vélakerfið starfi með góðum árangri, eða þá að þau hljóta að snerta eitthvað, sem engin áhrif hefur á vinnslu verksmiðjunnar. Svo er t. d. um það, að nokkrar járnplötur vantar á þök mjölhúsanna, sem eru um 6500 m² að flatarmáli, og fleira mætti nefna af því tagi. Annars má geta þess í sambandi við þau ummæli alþm. Finns Jónssonar, að ekki væri hægt að geyma einn einasta mjölpoka í mjölhúsunum á Siglufirði, að þar var nýlega staflað um 7000 sekkjum, sem framleiddir voru í nýju verksmiðjunni, og án þess að nokkur vandræði hlytust af, enda þótt blindhríð væri öðru hverju.

Um afköst verksmiðjanna s.l. sumar segir Finnur Jónsson, að þau hafi verið 1000—1200 mál á sólarhring. Vinnslustjórinn á Skagaströnd, Benóný Benediktsson, hefur látið svo um mælt, að hann telji verksmiðjuna þar hafa komizt upp í sem svarar ca. 7000 mála vinnslu, þó ekki væri nema stuttan tíma. Við þetta má b.n. vel una, því að alkunnugt er, að jafnvel fyrsta vinnsluár nægir ekki til þess að koma slíkum verksmiðjum upp í full afköst, hvað þá heldur fáeinir dagar við slitrótta vinnslu og að langmestu leyti með óvönu fólki. Er ekki ástæða til að fjölyrða um þetta atriði.

Nú hafa verið unnin 28651 mál síldar í S.R. 46. B.n. hefur ekki í höndum fullkomna skýrslu um vinnsluna, t. d. um orsakir allra tafa o. fl. Í skýrslu, sem stjórn S.R. hefur afhent til birtingar í blöðum og útvarpi, er getið um síldarmagn og vinnslutíma, vinnslutafir og afurðamagn. Þá eru nokkrar upplýsingar um mestu vinnslu á vakt. Skýrsla þessi er þannig, að hún stingur mjög í stúf við moldviðri það, sem þyrlað var upp meðan á vinnslunni stóð. En sá einkennilegi ljóður er þó á, að hvergi er þess getið, með hvaða vélum unnið var, en að sjálfsögðu er það veigamikið atriði.

Í umræddri verksmiðju eru þrjár Héðins pressur og ein Myrens pressa, en við vinnsluna var aðeins notuð ein Héðins pressan og stundum Myrens pressan með henni. Oftast munu hafa verið notaðir tveir þurrkarar, en tilraun var þó gerð með afköst eins þurrkara. Hvað notað var af öðrum tækjum, skiptir ekki miklu máli.

Fyrri vikuna, sem unnið var, hafa vinnslutafir orðið hlutfallslega miklar, en síðara tímabilið (nokkuð á þriðja sólarhring) mjög litlar. Er þetta allt mjög eðlilegt og sýnir meðal annars, að síðara tímabilið hafa starfsmenn verið farnir að venjast vinnslutækjunum.

Af því, sem komið hefur í ljós við vinnsluna, má nefna þetta:

Ein Héðins pressa hefur komizt upp í 1425 mála vinnslu á 6 klst. eða sem svarar 5700 málum á sólarhr. (Þetta er í góðu samræmi við það, sem fékkst í „Rauðku“ s.l. sumar.)

Héðins og Myrens pressa saman hafa komizt upp í nærri 2100 mál á 6 klst., eða um 8300 mál á sólarhr.

Af því, sem fyrir liggur um þurrkarana, virðist mega ætla hverjum þeirra full 4000 mál á sólarhr. En eftir fréttum að dæma má ætla, að einn þurrkari hafi komizt, þó ekki væri nema stuttan tíma, upp í afköst, sem samsvara um 5000 málum á sólarhr.

Við vinnslu í langan tíma er, svo sem kunnugt mun flestum, ekki hægt að búast við, að tækin skili mestu afköstum.

Að öllu samanlögðu mun engum dómbærum manni blandast hugur um, að vinnslutæki verksmiðjunnar hafi, sem betur fer, gefið mjög góða raun.

Meðan á tilraunavinnslunni stóð, voru gefnar út tilkynningar handa áróðursliði verksmiðjustjórnar, og skorti þar ekki á endurtekningar um það, hve verksmiðjunni væri í miklu ábótavant og hve margt hefði þurft að lagfæra. Nú er hægt að gera sér nokkra grein fyrir því, hver ósköp var hér um að ræða, og lítur dæmið þannig út:

Síðara vinnslutímabilið var 54 klst., og teljast stöðvanir þá hafa orðið 3¾ klst. Er þetta ekki umtalsvert.

Fyrra tímabilið var 126 klst., en af því fóru 43 klst. í lagfæringar, sem reyndist vera 34% af tímanum, hvorki meira né minna, enda hefur því líka verið óspart hampað. En engar óskapa lagfæringar geta það talizt á vinnslukerfi jafnstórrar verksmiðju, þótt til þess hefðu farið 43 klst.

Nú er hins vegar ekki úr vegi að upplýsa, hvaða ástæður voru til nokkurra framangreindra rekstrartruflana. Kemur þá í ljós, að eftirtekjan verður næsta rýr hjá hinum „vammlausu“, sem róið hafa að því öllum árum að breiða út óhróður um ástand véla í nýju verksmiðjunum.

Fyrstu vaktirnar, sem verksmiðjan var látin ganga, kom það 4 sinnum fyrir, að sama keðjuhjólið í sköfuflytjara þróarinnar brotnaði, og einu sinni sópuðust fjalir úr sama flytjara. Fréttist, að járnbútur, sem komst í flytjarann, hefði valdið þessari bilun. Ekki bar neitt á veilum í þessum vélahlutum við 11 þús. mála vinnslu s.l. sumar. Er augljóst, að óeðlileg átök eru að verki, þegar slík óhöpp verða, enda er það upplýst af tæknilegum framkvæmdastjóra S.R., að óeðlilega mikilli síld hafi verið rutt í flytjarann. Var líka aðstaða öll slæm úti við í frosti og blindhríðum.

Þá má geta þess, að vegna slæmrar þurrkunar hlóðst mjög í einn flutningssnigil, með þeim afleiðingum, að hann snerist sundur.

Héðins pressan mun hafa stöðvast nokkrum sinnum vegna of harðrar pressunar, en ekki er hægt að gefa pressunni sök á slíku.

Eigi að fara í „lúsaleit“ út af umræddum 43 klst., er nauðsynlegt að fá upplýst, hve löng stöðvun hefur orðið vegna ófullkomins frágangs á vélakerfi verksmiðjunnar og hve löng vegna mistaka við gæzlu vélanna, sem aftur má sennilega rekja til þess, að starfsmenn voru óvanir bæði tækjum og hráefni því, sem verið var að vinna.

Í skýrslu verksmiðjustjórnar er getið um afurðaútkomu í S.R.P. og S.R. 46 við vinnslu á sunnansíldinni. Niðurstaðan er sú, að í S.R. 46 var nokkru minna mjöl og talsvert minna lýsi en í S.R.P. Engin skýring er látin fylgja, og er því vart hægt að verjast þeirri hugsun, að hér sé um ákveðinn tilgang að ræða, sem sé að sverta nýju verksmiðjuna, enda hefur aðaláróðursmaður stjórnar S.R. kveðið upp úr með þetta í grein, sem birtist í Alþbl. 18. þ. m. En slíkri fáfræði, sem þar lýsir sér um þetta o. fl., mætti búast við af öðrum en manni, sem setið hefur árum saman í verksmiðjustjórn og jafnvel gegnt þar formannsstarfi. F. J. virðist ekki geta áttað sig á því, að lýsisútkoma er mismunandi mikil eftir fitumagni síldarinnar fyrst og fremst, en fleira kemur þar einnig til greina.

Framkvæmdastj. S.R. hefur upplýst, að fitumagn þeirrar síldar, sem unnin var í S.R. 46, hafi verið mun minna en fitumagn síldarinnar, sem unnin var í S.R.P. Munu þessar upplýsingar nægja öllum nema til til vill hinum ofstækisfyllstu. Mjölútkomu er ekki hægt að bera saman nema þekkt sé efnasamsetning mjölsins (vatnsmagn o. fl.), en um þetta hefur byggingarnefnd ekki upplýsingar. Af lauslegum upplýsingum má þó ráða, að síldin hafi verið harðara pressuð í S.R. 46 en í S.R.P., en við það verður mjölmagnið minna en ella. Pressuninni ræður pressumaðurinn, eftir því sem hann getur. Hingað til hefur það þótt kostur á hverri pressu, að hægt væri að ná með henni harðri pressun, en of mikið má að öllu gera, þannig að hörð pressun getur skemmt pressuna auk þess að minnka mjölmagnið. Hins vegar eykst þá jafnan lýsismagnið lítið eitt, og sé hátt verð á lýsi, er það einfalt reikningsdæmi að finna, hvernig skuli haga vinnslunni að þessu leyti, Þetta ætti að nægja um dylgjur F. J. út af afurðamagninu.

6. Hvað þarf að panta frá útlöndum?

Þess hefur verið getið í blöðum og hr. alþm. Finnur Jónsson borinn fyrir, að ýmislegt þyrfti að panta frá útlöndum, ef nauðsynlegar „lagfæringar" ættu að fást á verksmiðjunum. Byggingarnefnd er ekki kunnugt um þetta. Hér mun sennilega vera átt við það, að nokkur af þeim tækjum, sem setja átti í samband við síldarpressur og sjóðar, til þess að hægt væri að breyta snúningshraða þeirra eftir vild, fengust ekki afgreidd í tæka tíð s.l. vor. Hins vegar var ekkert því til fyrirstöðu að reka verksmiðjurnar s.l. sumar, þótt ekki væru öll þessi tæki komin. Gat aðeins verið um það að ræða, að ekki næðust full afköst pressanna með skemmda og gamla síld. Af því, sem eftir var, er nú eitt tæki komið fyrir alllöngu, en hin, 4 að tölu, ættu að koma í tæka tíð, eftir því sem umboðsmaður hlutaðeigandi verksmiðju hefur upplýst.

Annað, sem ókomið var s.l. ár, en hafði þó engin bein áhrif í starfhæfni verksmiðjanna, voru sekkjaflutningstæki í mjölskemmurnar. Mestur hluti þessara tækja er væntanlegur frá Gautaborg með næstu skipsferð (Selfoss). Þó að uppsetning þeirra taki nokkurn tíma, er engin ástæða til að ætla, að þau komist ekki auðveldlega upp á réttum tíma. Þess má geta, að nú þegar eru til laus stöflunartæki í mjölskemmunum (og voru einnig s.l. sumar), ef á þarf að halda.

Sjálfvirkir rofar, sem ekki fengust s.l. ár, koma frá Svíþjóð til uppsetningar í rafmagnskerfið. Enda þótt þeir kæmu ekki, væru verksmiðjurnar starfhæfar.

Það, sem nú hefur verið sagt, ætti að nægja til þess að sýna, hver ástæða hefur verið til þess að ræða um verksmiðjubyggingarnar á þann veg, sem raun ber vitni, enda má það í minnum hafa, að tveir menn úr verksmiðjustjórninni hófu eða létu hefja æsingaskrif um málið í sambandi við kosningarnar s.l. sumar. Það var fyrst og fremst gert í þeim tilgangi að sverta þáverandi atvinnumálaráðherra, sem stóð fyrir skipun byggingarnefndar, í því augnamiði, ef unnt væri, að koma verksmiðjunum upp svo tímanlega, að þær gætu komið að notum á vertíðinni 1946. Byggingarnefndin gat að sjálfsögðu að órannsökuðu máli engin loforð gefið í þessu efni, en allt útlit var fyrir, að þetta yrði miklum erfiðleikum bundið. Eftir að nefndin hafði leitað tilboða og kynnt sér málið nánar, var þó öll ástæða til að ætla, að þetta mætti takast, ef allir, sem hlut áttu að máli, legðust á eitt, og á þessum grundvelli var unnið. Ef ekki hefðu komið fyrir óvæntar tafir á afgreiðslu véla og efna, vegna verkfalla og annars, hefði þetta tekizt vel. En vegna þessara afgreiðslutafa varð að vinna nætur- og eftirvinnu, og hlauzt af því nokkur aukakostnaður. Þess má þó geta, að sá kostnaðarauki mun fyllilega hafa unnizt upp miðað við tveggja ára áætlun við byggingarnar, sökum hækkunar á vélum og efni, er orðið hefði að greiða, ef ekki var lögð sú áherzla sem gerð var á að ná til landsins veturinn og vorið 1946 því, sem pantað hafði verið.

Áætlanir í apríl 1946 og nóvember 1946.

	Áætlun apríl 1946 millj. kr.	Áætlun nóv. 1946 millj. kr.
1. Héðinn: Vélar smíðaðar hér á landi, efni og uppsetning véla	kr. 6 650	kr. 11 163
2. Vélar og efni, pantað erlendis frá af byggingarnefnd og Héðni, ásamt flutningsgjaldi, tollum og öðrum kostnaði	— 7 698	— 8 485
3. Verk A.B.F. Vinnulaun og efni, mötuneytiskostnaður o. fl., ásamt þóknun verktaka	— 11 067	— 14 207
4. Raflagnir (efni og vinna)	— 600	— 1 186
5. Bifreiðar og vinnuvélar	— 235	— 300
6. Ýmislegt (nefndar- og skrifstofukostnaður, eftirlitsmenn, ferðakostnaður o. fl.)	— 400	— 450
7. Bankakostnaður (vextir og lántökugjald)	— 350	— 1 700
8. Mannvirki, lóðir o. fl. á Siglufirði	— „	— 443
	Kr. 27 000	Kr. 37 934

Aðalhækkunin hefur verið á lið 1, 4 513 millj., sem skipta má þannig: ca. 1,2 millj. smíðaðar vélar og tæki, ca. 1,3 millj. ýmiss konar efni og tæki af lager vélsmiðjunnar, svo sem allt efni í vatns- og gufuleiðslur og margt fleira. Af þessu efni er að vísu mjög mikið ónotað, sennilega 300—400 þús. kr. að verðmæti, sem verksmiðjurnar taka við að mestu leyti að minnsta kosti. Hið þriðja, sem aðalaukningin (ca. 2 millj.) kemur á, er vinna fagmanna og verkamanna við alla véla- og mannvirkjauppsetningu, t. d. olíugeyma og stálgrind mjölhúsanna. Það, sem hér hefur aðallega gert strik í reikninginn, er vinna verkamanna til aðstoðar fagmönnum við öll þessi verk. Hún reyndist full 1 millj. kr., en var ekki reiknuð nema mjög lítill hluti af því.

Um hækkunina á lið 2 er ekki sérstök ástæða að ræða, með því að hún er hlutfallslega lítil (liðlega 10%).

Hækkun á lið 3 er 3,14 millj., og þó hún sé vitanlega há að krónutölu, er hún ekki það há hlutfallslega, að sérstaka undrun þurfi að vekja, þegar allra aðstæðna er gætt. Í þessum lið eru líka mannvirki og vinnuvélar (á Skagaströnd), sem sennilega má reikna, að kostað hafi um 0,8 millj., og hafði nefndin reiknað með, að þetta yrði ekki talinn byggingarkostnaður verksmiðjunnar á Skagaströnd, heldur yrði það annað hvort selt eða Síldarverksmiðjur ríkisins tækju við þessu með kostnaðarverði, eða eftir því, sem um semdist.

Fjórði liður, raflagnir — bæði efni og vinna — fóru hlutfallslega mest fram úr því, sem ætlað hafði verið, og var það þó hækkað stórkostlega frá því, sem rafvirkjameistarinn hafði áætlað. Kom nefndinni því mjög á óvart hækkun sú, sem á þessu varð. Þess má þó geta, að talsvert raflagnarefni er ónotað.

Um 5. og 6. lið er ekki ástæða að ræða.

Bankakostnaðurinn er miklum mun hærri en ætlað var. Stafar það fyrst og fremst af því, að í síðara skiptið er hann reiknaður til ársloka 1946, en í fyrra skiptið mun hafa verið talið, að á byggingarkostnað féllu ekki nema vextir til ársloka 1945. Mismunur er hér 1,35 millj.

Um 8. liðinn lá ekkert fyrir í apríl 1946, og kemur hann því algerlega aukreitis í síðara skiptið.

Hér að framan hefur verið minnst á mannvirki, vélar og efnivörur, sem til eru og ekki ættu að teljast til stofnkostnaðar verksmiðjanna. Auk þess er af byggingarefni, sement og járn, að verðmæti 100—150 þús. Allt er þetta í þeim 38 millj., sem um er að ræða. En byggingarnefndin telur ekki rétt að reikna með því, að eiginlegur stofnkostnaður geti lækkað sem þessu nemur, heldur sé rétt fyrst um sinn að ætla þetta til þess að mæta ýmsu ófyrirséðu.

Nefndin hafði reiknað með því, að einhver lækkun gæti komið til greina á ýmsum reikningum vélsmiðjunnar Héðins. En aðstaða verður allmiklu verri, vegna þess að byggingarnefnd hefur ekki getað staðið í skilum við þetta fyrirtæki, með því að það mun telja sig hafa orðið fyrir miklum óþægindum og skaða af nefndum ástæðum.

Nd. 786. Breytingartillögur

við frv. til laga um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „skal jafnan leggja 15% á sérstakan reikning“ komi: skal jafnan leggja eigi minna en 15% ársfjórðungslega eftir á á sérstakan reikning.
2. Við 13. gr. Á eftir annarri málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Ráðherra er heimilt að setja millibankanefnd, sem ákveður, í hvaða röð erlendar ábyrgðir eru teknar og gjaldeyrisleyfi afgreidd, önnur en samkvæmt 1. gr. Ráðherra setur reglur um störf nefndarinnar. Skylt er bönkunum að selja hver öðrum gjaldeyri, svo að rétt röð geti haldizt í afgreiðslum.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Aftan við greinina bætist: og tekur fjárhagsráð þá við öllum eignum og verkefnum þeirra, sem þeim nú eru falin í ýmsum lögum.

Nd. 787. Nefndarálit

um frv. til l. um embættaveitingar og ráðning opinberra starfsmanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og telur, að þörf sé á lagaákvæðum um veiting embætta og ráðning opinberra starfsmanna, og enn fremur að í lög verði tekið ákvæði um réttindi og skyldur embættismanna. En nefndin telur, að hæpið sé, þó að þetta frv. verði að lögum, að sá tilgangur náist, sem hv. flm. hefur með frv. um embættaveitingar. Það má t. d. á það benda, að nokkuð kann það að vera hæpin leið, að undirmenn eigi að gera tillögu um, hver skuli verða yfirmaður starfsins, o. fl. o. fl.

Hins vegar telur nefndin, að vinna beri að því, svo fljótt sem tök eru á, að undirbúa löggjöf um veiting embætta og ráðning starfsmanna þess opinbera, réttindi þessara manna og skyldur þeirra við starfa sinn.

Nefndin leggur því til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar, í trausti þess að hún láti undirbúa málið rækilega, svo fljótt sem hún hefur tök á. — Hermann Guðmundsson var fjarstaddur vegna veikinda, þegar ákvörðun var tekin um málið.

Alþingi, 6. maí 1947.

Garðar Þorsteinsson, form.	Finnur Jónsson, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.
	Jóhann Hafstein.	

Sþ. 788. Tillaga til þingsályktunar

um ferjur á Hornafjörð og Berufjörð.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ásmundur Sigurðsson, Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvers konar ferjur muni bezt henta til flutninga yfir Hornafjörð og Berufjörð. Skal athugun þessari lokið og áætlun gerð um kostnað ferjunnar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Aðalakvegur Austur-Skaftafellssýslu vestan Hornafjarðarfljóta liggur austur á melana sunnan Hornafjarðar, þar sem önnur leið er lokuð bifreiðum sökum vatna. Verður að ferja farþega og flutning yfir fjörðinn andspænis kauptúninu Höfn. Fara verður þessa leið með alla flutninga milli verzlunarstaðarins og Borgarhafnarhrepps. Á melunum sunnan fjarðarins er enn fremur aðalflugvöllurinn á Suðausturlandi. Eru flugferðir þangað tíðar, og mun þeim þó fara fjölgandi á næstunni. Í sambandi við allar flugferðir verður að nota ferju yfir fjörðinn.

Síðast liðin sumur hafa bílar farið frá Reykjavík um Norðurland og Austurland allt suður að Berufirði. Þá mætir örðugur farartálmi, þar sem ekki er bílfært umhverfis fjörðinn. Til þess að yfirstíga þann farartálma, eins og vegarsambandi er nú háttað, þarf að vera hægt að ferja bíla yfir fjörðinn.

Af þessu er ljóst, að nauðsyn ber til að fá góðar ferjur, sem flutt geta bifreiðar bæði yfir Hornafjörð og Berufjörð. Hér er því farið fram á, að ríkisstjórnin láti athuga þegar á þessu sumri, hvers konar ferjur muni bezt henta á þessa staði, og láti jafnframt gera áætlun um, hvað þær muni kosta.

Sþ. 789. Tillaga til þingsályktunar

um byrjun framkvæmda samkvæmt l. nr. 32 1946, um Austurveg.

Flm.: Eiríkur Einarsson, Jörundur Brynjólfsson, Ingólfur Jónsson, Helgi Jónasson, Gunnar Thoroddsen, Sigfús Sigurhjartarson, Gísli Sveinsson, Sigurður Guðnason, Jóhann Hafstein, Einar Olgeirsson, Hallgrímur Benediktsson, Katrín Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á þessu sumri hefja framkvæmdir samkvæmt lögum nr. 32 frá 1946, um Austurveg. Skal vegagerðin byrjuð á kaflanum frá vegamótum núverandi Suðurlandsbrautar í miðju Svínahrauni um Þrengsli að vegamótum Selvogsvegar hjá Þurá í Ölfusi.

Til greiðslu á vegagerðarkostnaði á þessu sumri samkvæmt ofanskráðu er ríkisstjórninni einnig falið að taka nú þegar allt að 2,2 millj. kr. lán, í samræmi við heimild þá, sem til þess er veitt í fyrrnefndum lögum, nr. 32 frá 1946.

Greinargerð.

Það virðist með öllu óþarft að fara hér mörgum orðum um tillögu þessa henni til skýringar. Lagasetningin um Austurveg, er þingsályktunartillagan byggist á, er svo ný, og ágreiningslaust álit milliþinganefndar, sem þau lög voru samin í samræmi við, hlýtur að vera þingmönnum svo í fersku minni, að nóg á að vera að vísa til þess trausta undirbúnings, sem þessar mikilsverðu aðgerðir hafa notið.

Nd. 790. Breytingartillaga

við frv. til l. um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 7. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943 má lána út á jarðir í opinberri eign á sama hátt og aðrar jarðir, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Sþ. 791. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun á löggjöf um sölu lyfja.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar, Katrín Thoroddsen, Garðar Þorsteinsson, Páll Zóphóníasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm manna milliþinganefnd til að endurskoða löggjöf um sölu lyfja og leggja fyrir næsta Alþingi heildarlöggjöf um það efni.
Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu þannig: Stjórn Apótekarafélags Íslands tilnefnir einn mann, stjórn Lyffræðingafélags Íslands annan, stjórn Læknafélags Íslands þriðja, og skal hann vera héraðslæknir með lyfsalaréttindum, hæstiréttur tilnefnir þann fjórða, og skal hann vera lögfræðingur og jafnframt formaður nefndarinnar. Landlæknir er sjálfkjörinn sem fimmti maður nefndarinnar.
Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

6. ágúst 1942 lagði landlæknir það til í bréfi til heilbrigðismálaráðherra Jakobs Möllers, að hann skipaði nefnd til að endurskoða lyfsölulöggjöfina. Við þessu varð ráðherrann og skipaði 26. s. m. nefnd til þessa. Nefndin skilaði áliti sínu 1943 og lagði fram frumvarp til lyfsölulaga og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.
Þessi frumvörp voru send mönnum úr heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. Alþingis 1944 af landlækni með tilmælum um, að þeir flyttu þau á Alþingi. Um það náðist þó ekki samkomulag þá. Apótekara- og Lyffræðingafélögum Íslands líkaði ekki þessi frumvörp og þótti, að þeirra sjónarmiða, sem þeir töldu, að þyrfti að taka tillit til við samning slíkra frumvarpa, hefði lítið gætt. Fyrir því skipuðu þessi félög sameiginlega nefnd, og samdi hún nýtt frumvarp, er var sent heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. til flutnings á síðastliðnu þingi. Fyrrverandi félagsmálaráðherra hafði hins vegar sent heilbrigðis- og félagsmálanefnd Ed. frumvarp það, sem nefndin, er ráðherra skipaði 1942, samdi, lítið breytt, og mæltist til, að nefndin flytti það.
Við lestur beggja þessara frumvarpa um lyfsölu kemur í ljós, að mikill skoðanamunur er hjá þeim, sem frumvörpin hafa samið. Sá mismunur skal ekki rakinn hér, en þar sem ekki hafa verið gerðar verulegar tilraunir til að samrýma þau ólíku sjónarmið, er fram koma í frumvörpunum, þótti meiri hluta heilbrigðis- og félagsmálanefnda beggja deilda ástæða til að láta reyna til þrautar, hvort ekki væri hægt að semja eitt frumvarp um lyfsölu, sem allir mættu una sæmilega við, og lagði því til, að milliþinganefnd yrði kosin í málið. Þingsályktunartillaga um þetta efni var

borin fram í Sþ. Allsherjarnefnd fékk tillöguna til meðferðar og lagði einróma til, að hún yrði samþykkt með þeirri einu breytingu, að læknirinn, sem ætlazt var til, að Læknafélag Íslands tilnefndi, væri héraðslæknir með lyfsalaréttindum, en lengra komst tillagan ekki á því þingi.

Mörg þau ákvæði, sem nú gilda um lyfsölu, eru orðin gömul og úrelt og þurfa bráðra breytinga við, en eins og málefni standa til í þessum efnum, leggjum vér til, að milliþinganefnd sé skipuð í málið, eins og í ofangreindri þáltill. getur. Með tilliti til þess, að málið hefur fengið sæmilegan undirbúning með samning áðurnefndra frumvarpa, telja flutningsmenn, að nefndin geti lokið störfum fyrir 1. okt. n. k., svo að málið megi koma fyrir næsta Alþingi og þá væntanlega fá afgreiðslu á því þingi.

Nd. 792. Breytingartillögur

við frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Undir yfirstjórn fjárhagsráðs starfar innflutnings- og gjaldeyrisdeild, og hefur hún einnig með höndum verðlagseftirlit. Störf deildarinnar annast 5 menn, er ríkisstjórnin skipar.
2. Við 12. gr. 2. málsgr. 1. töluliðar orðist svo:
   Sé úthlutun leyfanna við það miðuð, að verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst. Skal innflutnings- og gjaldeyrisdeild, eftir því sem frekast er unnt, láta þá sitja fyrir leyfum, sem gera bezt og hagkvæmust innkaup. Lýsi umsækjendur því yfir, að þeir séu reiðubúnir til þess að annast dreifingu þeirrar vöru, sem þeir hyggjast flytja inn, fyrir lægri álagningu en heimiluð er, skal innflutnings- og gjaldeyrisdeild að jafnaði láta þá sitja fyrir leyfum, sem eru reiðubúnir til að annast dreifinguna fyrir lægsta álagningu, enda séu innkaup þeirra jafnhagstæð og annarra. Heimilt er þá að setja það skilyrði við veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfis, að álagning á hina innfluttu vöru fari ekki fram úr vissu marki.
3. Við 22. gr. 2. málsgr. orðist þannig:
   Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum, settum samkvæmt þeim, sem og skilyrðum, sem innflutnings- og gjaldeyrisdeild hefur sett við veitingu leyfa, varða sektum allt að 500 þús. kr. Sektir fyrir verðlagsbrot skulu þó aldrei nema lægri upphæð en svarar til þess ólöglega hagnaðar, sem uppvíst hefur orðið um. Ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Óheimilt er innflutnings- og gjaldeyrisdeild að veita innflutnings- og gjaldeyrisleyfi aðila, sem gerzt hefur brotlegur við lög þessi og hlotið 25000 kr. sekt eða meir, eða gerzt tvívegis brotlegur og hlotið 5000 kr. sekt eða meir í hvort sinn. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Ed. 793. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna hljóðar svo:

Hreppstjórar hafa laun í hlutfalli við íbúatölu umdæmis síns sem hér segir: Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 500 kr. Í hreppi með 101—150 íbúa 560 kr. Í hreppi með 151—200 íbúa 620 kr. og svo framvegis, þannig að launin hækki um 60 kr. fyrir hverja 50 íbúa.

Leggi hreppstjóri niður sýslan eða deyi fyrir lok fardagaárs, ber honum eða búi hans ½ árslauna fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hefur gegnt hreppstjórn á fardagaárinu. Árslaun greiðir sýslumaður hreppstjóra á manntalsþingi fyrir hvert liðið fardagaár.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanns, að ákveða hreppstjóra hærri laun en segir í 2. málsgr., ef hann fer með sýslan í kauptúni, þar sem eru fleiri en 400 íbúar og lögreglustjóri er eigi búsettur í því kauptúni.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Af aukatekjum þeim, sem taldar eru í 3. til 8. gr. og 10. gr. laganna, greiðir gjaldandi einnig verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma.

Þegar hreppstjóri annast í umboði sýslumanns innheimtu ríkissjóðstekna eða iðgjalda til tryggingarsjóðs, ber honum ¾ þeirrar þóknunar, sem greidd er fyrir innheimtuna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal greiða samkvæmt þeim hreppstjóralaun þau, er í gjalddaga falla á næstu manntalsþingum 1947.

Nd. 794. Frumvarp til laga

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af öllum íslenzkum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, er nemi 1¾% af verði afurðanna.

2. gr.

Greiða skal, auk gjaldsins skv. 1. gr., útflutningsgjald af öllum sjávarafurðum, öðrum en síldarafurðum, er nemi ½% af verðmæti afurðanna.

3. gr.

Af hverjum 100 kg af síldarmjöli skal greiða í ríkissjóð kr. 1.00. Af hverjum 100 kg af óþurrkuðum fiskúrgangi kr. 0.50. Af hverjum 100 kg af síld, sem flutt er út óunnin til bræðslu, kr. 0.25. Af hverjum 100 kg af fiskúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óunnum, kr. 3.00, þó þannig, að ef þessar afurðir eru skatt-

lagðar með útflutningsgjaldi til bæjarsjóðs eða hafnarsjóðs, þá greiðist í ríkissjóð gjald, er nemur því, sem á vantar kr. 3.00 af 100 kg.

Brot úr tolleiningu, sem er ½ eða meira, telst heil tolleining, en minna broti skal sleppt.

4. gr.

Ríkissjóður sér um innheimtu gjaldanna, en gjöldin samkv. 1. og 2. gr. skiptast þannig milli eftirtaldra aðila:

1. Af gjaldinu samkv. 1. gr. skal renna:
   a. Til Fiskveiðasjóðs Íslands 1½%.
   b. Til að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsókna og fiskifræðirannsókna, sem reist verður á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans, ⅛% fram til ársloka 1949, en eftir þann tíma rennur þessi hluti gjaldsins til fiskimálasjóðs.
   c. Til Landssambands íslenzkra útvegsmanna ⅛%.
2. Gjaldið samkvæmt 2. gr. skal renna til fiskimálasjóðs.

5. gr.

Gjald það, sem ræðir um í 1. og 2. gr., skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er þær fyrst fara frá, eða söluverð erlendis (cif), að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi. Ef afurðir eru sendar óseldar, skal lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs ákveða gjaldið eftir því, sem ætla má, að verðar séu með umbúðum, fluttar um borð. Sendandi eða umboðsmaður hans er skyldur til að gefa lögreglustjóra vottorð, að viðlögðum drengskap, um, hvort hið senda er selt eða ekki, og ef selt er, þá söluverð og söluskilmála.

6. gr.

Nú sannar sendandi það, áður 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á hinar útfluttu óseldu fiskiafurðir, sé hærra en hann hefur selt þær, og er þá fjármálaráðuneytinu heimilt að endurgreiða mismuninn.

7. gr.

Til afurða þeirra, er í 1. og 2. gr. getur, telst og afli skipa, er eigi eru skrásett hér á landi, sem verkaður er eða fluttur milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni, þótt veiddur sé utan landhelgi.

Hvers konar aðgerð á afla telst verkun, t. d. ef afli er saltaður, ísaður, slægður o. s. frv.

Til téðra afurða telst enn fremur afli hér við land af skipum, sem ekki eru skrásett hér á landi, en hafa þó rétt til að veiða og verka afla í landhelgi. Ríkisstjórninni er þó heimilt, ef hún telur það nauðsynlegt vegna gagnkvæmra viðskiptasamninga, að undanþiggja gjaldi þessu þau þessara skipa, sem ekki taka höfn hér á landi á því almanaksári, sem þau að einhverju leyti stunda veiðar á hér við land.

8. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Gjaldið greiðist lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs þar, sem varan er tekin, eða ef hún er eigi flutt úr landi, þá þar, sem skipið leggur frá landi.

9. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, er út

hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

10. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

11. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldunum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—50000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur grun um, að skilríki þau, er um getur í 6. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: lög nr. 47 frá 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, l. nr. 63 frá 1935, um útflutningsgjald, 2. tölul. 13. gr. l. nr. 75 frá 1937, um fiskimálanefnd o. fl., og ákvæði til bráðabirgða við l. nr. 41 frá 1946.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um innheimtu og skiptingu útflutningsgjalda af sjávarafurðum, framleiddum árið 1947, skv. ákvæðum þessara laga.

Greinargerð.

Mál þetta er flutt eftir beiðni sjávarútvegsmálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afgreiðslu þess. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Með lagafrumvarpi þessu er leitazt við að draga saman í eina heild (ein lög) ákvæði þau um greiðslu og innheimtu útflutningsgjalda sjávarafurða, sem hingað til hefur verið að finna í fjölda laga- og reglugerðarákvæða og valdið óþægindum, sérstaklega fyrir gjaldendur. Frumvarp þetta felur hins vegar í sér litlar breytingar frá fyrri ákvæðum laga og reglugerða um útflutningsgjald sjávarafurða, aðrar en þær, að samkvæmt því er gert ráð fyrir, að lítill hluti útflutningsgjaldanna renni hér eftir til heildarsamtaka útvegsmanna. Tekjur Fiskveiðasjóðs Íslands eru í engu skertar við þessa breytingu, enda mun sjóðnum full þörf á óbreyttum tekjum til þess að rækja skyldur sínar gagnvart nýsköpun atvinnuveganna. Með lagafrumvarpi þessu eru hins vegar lítillega skertar tekjur fiskimálasjóðs, en það ætti þó ekki að

koma að sök, þar sem sjóðurinn býr nú við góð efni og honum er með frumvarpi þessu tryggðar áfram ríflegar og nægjanlegar tekjur til þess að rækja þær skyldur og það hlutverk, sem honum er ætlað með lögum nr. 75 frá 1937.

Það er nýmæli í frumvarpi þessu, að með því er ætlazt til, eins og áður segir, að lítill hluti útflutningsgjaldsins renni til heildarsamtaka útvegsmanna hér á landi. Þykir það ekki ótilhlýðilegt, þar sem 1) hér er um sérskatt útvegsmanna um land allt að ræða, 2) þar sem sambandið hefur með höndum síaukin verkefni bæði vegna útvegsins sjálfs og ríkisvaldsins í heild, og 3) þó ekki síst vegna þess, að meginþáttur af starfsemi samtakanna beinist að því að gera útgerðinni kleift að rækja hlutverk sitt í þjóðfélaginu og þar með að tryggja afkomu þjóðarinnar allrar.

Um einstakar greinar þykir rétt að taka þetta fram:

Um 1.—3. gr.

Heildarupphæð útflutningsgjaldanna á sjávarafurðir samkv. greinum þessum er næstum alveg óbreytt frá því, sem verið hefur í framkvæmd. Ákvæði 3. gr. eru óbreytt úr 2. gr. l. nr. 63 frá 1935, um útflutningsgjald. Ákvæði 2. gr. kemur í stað gjaldheimtunnar í 2. tölul. 13. gr. l. nr 75 frá 1937, um fiskimálanefnd o. fl. — Gjaldið samkv. 1. gr. felur í sér eldra ákvæði 1. gr. l. nr. 63 frá 1935 um 1½% útflutningsgjald til Fiskveiðasjóðs. Enn fremur ⅛% til að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsókna o. fl., sbr. bráðabirgðaákvæði l. nr. 41 frá 1946. Vantar þá ⅛% á gjaldhæðina samkv. 1. gr., en það samsvarar næstum því ½‰ gjaldi, sem innheimt hefur verið samkv. reglugerð nr. 168 frá 1939 og gert er ráð fyrir, að falli niður, ef frv. þetta verður að lögum, — ½‰ gjaldi, sem innheimt hefur verið án lagaheimildar með samkomulagi ríkisstjórnar og útflytjanda, svo kallað „viðskiptanefndargjald", sem einnig mundi niður falla. Þessi tvö síðast töldu gjöld samsvara ⅒%, svo að mismunurinn í heild verður aðeins ¼₀ hækkun gjaldanna.

Um 4. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um skiptingu útflutningsgjaldanna. Gjaldið til Fiskveiðasjóðs er óbreytt frá því, sem nú er. Einnig er gjaldið til rannsóknarstofnunarinnar óbreytt frá núgildandi reglum. Fiskimálasjóður fær sama gjald og áður samkvæmt 2. gr., þ. e. ½% af öllum sjávarafurðum, öðrum en síldarafurðum. En jafnframt er gert ráð fyrir, að eftir árslok 1949 renni til fiskimálasjóðs ⅛% af öllum sjávarafurðum til viðbótar, eftir að það gjald hættir að renna til byggingar til fiskiðnrannsókna o. fl. Þá er Landssambandi ísl. útvegsmanna tilskilinn ⅛% af útflutningsgjaldinu samkv. 1. gr., en það samsvarar þeim gjöldum, sem áður voru innheimt í ríkissjóð, þ. e. ½‰ samkvæmt reglugerð nr. 168 frá 1939 og ½‰ „viðskiptanefndargjaldi".

Um 5.—13. gr.

Greinar þessar fjalla um framkvæmdaratriði við innheimtu gjaldsins og eru í samræmi við tilsvarandi greinar l. nr. 47 frá 1930 og l. nr. 63 frá 1935.

Um 14. gr.

Felur í sér niðurfellingu þeirra eldri lagaákvæða, sem ákvæði frv. þessa koma í staðinn fyrir.

Um 15. gr.

Rétt þykir, að ákvæði laga þessara taki til framleiddra sjávarafurða árið 1947.

Nd. 795. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og lögum nr. 94 14. maí 1940, um breyt. á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 6. gr. Síðasta málsgrein falli burt.
2. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Loðdýraræktarráðunauturinn skal annast eyðingu villiminka og annarra loðdýra, er sloppið hafa úr haldi. Skal hann vera í samvinnu við sýslunefndir landsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.
3. Við 7. gr. Greinin falli burt.

Ed. 796. Frumvarp til laga

um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI
Stofnun og verksvið.

1. gr.

Skip merkir í lögum þessum öll fljótandi för, stór og smá, sem sigla undir íslenzkum fána, innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

2. gr.

Allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta með þilfari, allt að 100 rúml. brúttó að stærð, sem aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir til að vátryggja þá hjá vátryggingarfélagi, sem starfar samkv. lögum þessum innan þess svæðis, sem báturinn er skrásettur í, og með þeim skilmálum, sem settir eru í lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim.

Þó má víkja frá þessari reglu, ef vátryggður og vátryggingarfélög þau, sem hlut eiga að máli, verða ásátt um annað.

Neiti einhver skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags og vátryggt sem önnur tryggingarskyld skip, og iðgjaldið innheimt með lögtaki samkv. 30. gr., ef þörf krefur.

Heimilt er vátryggingarfélögunum að vátryggja fiskiskip, sem eru yfir 100 rúml. brúttó, en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum áður en slík skip eru tekin í tryggingu, og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við Samábyrgðina.

Heimilt er félögunum einnig að taka til vátryggingar opna vélbáta, að fengnu samþykki Samábyrgðarinnar.

Enn fremur er félögunum heimilt að vátryggja afla, veiðarfæri og lausa muni skips og skipshafnar, ef um algerðan skiptapa er að ræða eða spjöll verða á hinu vátryggða vegna strands, elds eða ásiglingar.

3. gr.

Landinu skal skipt í vátryggingarsvæði. Ráðherra ákveður takmörk þeirra í samráði við Samábyrgðina.

Á hverju vátryggingarsvæði skal vera eitt vátryggingarfélag fyrir vélbáta. Allir eigendur vátryggingarskyldra vélbáta á hverju vátryggingarsvæði eru skyldir til að vera í félagi því, sem þar starfar.

Lög félaganna verða að vera í samræmi við lög Samábyrgðarinnar og samþykkt af stjórn hennar.

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með 800000 kr., að félögin fullnægi skuldbindingum sínum. Geti þau ekki af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, sem þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, en þó aldrei meira en áður nefnda upphæð.

Ef eitthvert félaganna hefur orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða tjónbætur, skal styrkur sá, er það hefur þegið af ríkissjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiddur smám saman, eftir því sem efni þess leyfa.

5. gr.

Bátaábyrgðarfélögin mega ekki hafa meira en 15% af vátryggingarupphæð hvers skips í eigin ábyrgð. Þó má áhætta á einstöku skipi aldrei fara fram úr fjárhæð, sem ráðherra ákveður fyrir hvert félag í samráði við Samábyrgð Íslands.

Félögin skulu endurtryggja hjá Samábyrgðinni þann hluta áhættunnar, sem þau bera ekki sjálf, og getur hún ekki undan því skorazt.

Félögin greiða Samábyrgðinni jafnhá iðgjöld af þessum fjárhæðum og þau taka sjálf.

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd eru Samábyrgðinni, skulu ákveðin í samningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

II. KAFLI

Stjórn og reikningshald félaganna.

6. gr.

Vátryggingarfélögum, sem starfa samkvæmt lögum þessum, skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Er einn þeirra formaður, kosinn af nefndinni, og tveir meðstjórnendur. Eigendur hinna vátryggðu skipa velja tvo stjórnarnefndarmenn, en Samábyrgðin þann þriðja. Á sama hátt skal velja 3 stjórnarnefndarmenn til vara. Stjórnarnefndin kýs framkvæmdastjóra fyrir félagið.

Kosning stjórnarnefndarmanna fer fram á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn. Þá skal einnig kjósa tvo endurskoðendur og tvo til vara til sama tíma. Þóknun til stjórnenda og endurskoðenda ákveður aðalfundur.

Stjórnarnefnd hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún hefur daglegt eftirlit með rekstri félagsins og úrskurðar skaðabótagreiðslur. Þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef stjórnarnefndin er ekki sammála um bótagreiðslurnar.

Stjórnarnefndin skal halda fundabók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Framkvæmdastjóri annast allan daglegan rekstur félagsins, gefur út og undirritar vátryggingarskírteini, innheimtir iðgjöld, annast reikningshald og hefur á hendi fjárvörzlu félagsins. Stjórnin ákveður þóknun til hans. Endurskoðendur skulu endurskoða reikninga félagsins og hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar félaganna liggja frammi hjá framkvæmdastjóra frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

Samábyrgðin ákveður form fyrir rekstrar- og efnahagsreikning svo og tjónbótareikning og lætur félögunum þessi eyðublöð í té gegn greiðslu.

7. gr.

Stjórn félagsins og Samábyrgðin skipa hvor um sig einn skoðunar- og virðingarmann fyrir hvert félag og einn til vara, til að framkvæma skoðunar- og virð-

ingargerðir samkvæmt fyrirmælum þessara laga. Skal annar þeirra vera fróður um byggingu skipa og hinn vélfróður. Þeir skulu, áður en skip er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um matið.

Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat.

Skoðunar- og virðingarmenn skulu einnig skoða og meta hvert það tjón, er vátryggt skip verður fyrir, áður en aðgerð á skipinu hefst, og gefa skriflega, sundurliðaða skýrslu um mat sitt á tjóninu. Þeir skulu einnig skoða sömu skipin, eftir að aðgerð hefur farið fram, og gefa skriflega skýrslu um, hvort þau eru komin í samt lag aftur eftir aðgerðina.

Til tryggingar því, að skilyrðum þeim, sem vátryggða eru sett, sé fullnægt, getur stjórnin skipað eftirlitsmenn, og ákveður hún þóknun til þeirra.

8. gr.

Aðalfund skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafund, þegar stjórnin telur þess þörf eða ⅕ hluti skipaeigenda fer þess á leit. Til aðalfundar skal boðað með skriflegri eða símaðri tilkynningu til skipaeigenda, eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafund skal halda svo fljótt sem auðið er eftir að stjórn félagsins hefur fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

Á aðalfundi skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og kosin stjórn og endurskoðendur samkv. 6. gr.

Atkvæðisrétt á fundum hafa allir skipaeigendur, sem skip eiga í tryggingarfélaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 5000 krónur eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn fyrir sjálfan sig og aðra en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins.

Eitt atkvæði er fyrir hvert skip, þótt vátryggingarfjárhæð þess sé undir 5000 krónum.

Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum sameignarmanni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins, þegar vátrygging fer fram eða mannaskipti verða.

Atkvæðisréttur fyrir hvert skip er tryggingarupphæð skipsins deild með 5000. Brot, sem nemur ½ eða meira, gefur atkvæði.

Eigi má fela utanfélagsmanni að fara með umboð félagsmanna á fundum, nema veðhafi sé í skipi, sem vátryggt er hjá félaginu.

Fundur er lögmætur, ef mætt er með helming allra atkvæða á fundinum. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði mætt er á þeim fundi.

Senda skal Samábyrgðinni afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðalfundi ár hvert.

9. gr.

Eignum félaganna má eingöngu verja samkvæmt tilgangi þeirra, og skulu þær ávaxtaðar í innlendum bönkum eða sparisjóðum, er ráðherra samþykkir.

10. gr.

Í reikningum félaganna ár hvert skal færa til skuldar ógreiddar tjónbætur, eftir því sem stjórnir félaganna telja nauðsynlegt, til vara fyrir óbættum tjónum og telja þá upphæð til tekna í næsta ársreikningi þar á eftir.

III. KAFLI
Um vátryggingar skipa.

11. gr.

Áður en skip er vátryggt, skal það skoðað og metið af þar til skipuðum skoðunar- og matsmönnum, sbr. 7. gr.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt, áður en skipið er tekið í tryggingu.

Skoðunarmenn skulu láta álit sitt og mat í ljós skriflega á þar til gerð eyðublöð. Þóknun skoðunarmanna ákveður stjórn félagsins, og greiðist hún af eiganda skipsins.

Skoðun skipa gildir til tveggja ára í senn. Þó er aðilum heimilt að krefjast þess, að skoðun og mat fari fram, hvenær sem þeim þykir ástæða til. Öll áhöld, sem á skipi eru, skulu talin með í virðingarupphæð skipsins. Undantekið er þó: bækur og sjókort, einnig olíur, farvi og brennsluforði.

Nú er eigandi óánægður með skoðun og mat á skipi, og skal hann þá kæra mál sitt fyrir stjórn félagsins, en hún sker úr um skoðunina og matið.

Vátryggður getur krafizt yfirmats, og skal það þá framkvæmt af tveimur dómkvöddum mönnum. Ef matið breytist meira en um 10%, greiðir félagið matskostnaðinn, en vátryggður ella.

Þegar skip er tryggt í fyrsta sinn í einhverju félagi, skal auk iðgjaldsins greiða félaginu í inntökugjald allt að 1% af vátryggingarupphæð skipsins. Ef vátryggingarupphæð skips hækkar, skal því aðeins greiða viðbótarinntökugjald af hækkuninni, að hún stafi af verulegum umbótum á skipinu, en ekki verðhækkun eða þess háttar.

Vátryggja skal 9/10 hluta virðingarverðs hvers skips. Þann 1/10 hluta, sem þá verður eftir, má hvergi vátryggja.

Stjórn félagsins gefur út vátryggingarskírteini fyrir hvert skip um sig til eins árs í senn. Skírteini þessi eru undanþegin stimpilgjaldi. Iðgjald skal greiða fyrirfram fyrir ákveðið tímabil í senn, eftir því sem ákveðið er í reglugerðum.

Nú hefur vátryggingarfélag ekki innheimt tryggingargjöld eins og tilskilið er í lögum þessum og stendur jafnframt ekki í skilum við Samábyrgðina með endurtryggingargjöldin, og skal þá ráðuneytinu heimilt að leggja félagið niður og ráðstafa vátryggingunum yfir á annað félagssvæði eða beint til Samábyrgðarinnar. Öðlast þá sá aðili, sem tekur við tryggingunum, allar eignir félagsins, kröfur og réttindi, enda taki hann og að sér allar skuldbindingar þess.

Nú þykir Samábyrgðinni einhver skoðunar- eða matsgerð eigi framkvæmd sem skyldi, og getur hún þá krafizt yfirskoðunar og yfirmats dómkvaddra manna, enda hafi yfirmat samkv. 6. málsgr. þessarar greinar ekki farið fram.

12. gr.

Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi og skrásetningarstjóri tilkynna það viðkomandi vátryggingarfélögum og Samábyrgðinni. Vanræksla á tilkynningu varðar sektum frá 1000–5000 krónum. Ábyrgð fyrra félags fellur niður jafnskjótt og skip hefur verið skrásett á öðru félagssvæði.

IV. KAFLI
Um sjótjón.

13. gr.

Þar, sem annað er ekki ákveðið í lögum þessum, reglugerðum, sem út kunna að verða gefnar, eða vátryggingarskírteinum, bæta félögin tjón það, sem verður af sérhverri þeirri hættu, sem skip lendir í á vátryggingartímabilinu. Félögin greiða þannig tjón, sem verður af völdum storms, sjávar, straums, íss, jarðskjálfta, elds, eldingar, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, ásiglingar eða sjóráns.

Það hefur engin áhrif á skaðabótaskyldu félagsins, þótt svo kunni að standa á, að tjónbóta verði krafizt af þriðja aðila, og eigi heldur, þótt skipstjóri eða skipshöfn hafi valdið tjóninu (sbr. þó 25. gr.).

Óbein tjón, svo sem aflatjón og veiðarfæratjón, bæta félögin aðeins, þegar svo stendur á, að bátar verða fyrir slíkum tjónum vegna þess, að þeir veittu aðstoð bátum, sem tryggðir eru hjá bátaábyrgðarfélögunum. Slíkar tjónbætur skulu jafnan metnar af tveimur dómkvöddum mönnum, og er óheimilt að greiða meira en 50% af matsverði og þó aldrei meir en 5000 kr.

Hvert sinn, er skip verður fyrir bótaskyldu tjóni, skal það skoðað og tjónið metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags, áður en aðgerð hefst.

Ef skip er statt utan vátryggingarsvæðis félags síns, þegar það verður fyrir tjóni, skulu skoðunarmenn þess félagssvæðis, sem skipið er statt á, framkvæma skoðunina. Sé skipið statt erlendis, ber að tilkynna Samábyrgðinni tjónið símleiðis, sem þá ákveður skoðunarmenn í samráði við stjórn félagsins.

Skipaeigendur annast sjálfir um aðgerðir skipa sinna, nema félagsstjórnin ákveði annað, enda sé sýnt, að aðgerð verði þá ódýrari.

Ef aðgerð hefur ekki farið fram innan árs, frá því að tjónið varð, verður það ekki tekið til greina, nema vátryggður sanni, að drátturinn hafi verið honum óviðráðanlegur, eða samkomulag hafi orðið við félagsstjórnina um frestun á viðgerðinni.

Tjónbætur greiðast samkvæmt mati á tjóninu, nema viðgerðarkostnaður verði lægri en matið. Þá skal greiða tjónið samkvæmt viðgerðarreikningi.

Vátryggður getur krafizt yfirmats á tjónmati á sama hátt og segir í 11. gr.

Nú óskar vátryggður að fá tjónbætur greiddar, án þess að viðgerð á tjóninu fari fram, og hafi skipið þó ekki verið dæmt óbætandi (condemnerað), og er þá heimilt að semja um bæturnar eftir atvikum, en aldrei mega þær vera eins háar og matsupphæð á tjóninu.

14. gr.

Þegar greiddar eru tjónbætur fyrir viðgerðir, skal ávallt draga frá viðgerðarkostnaði eða matsverði sem hér segir:

Frá tjónbótum fyrir skip, sem er:

a.	6 rúmlesta eða minna	400 kr.
b.	6—12 rúmlesta	600 —
c.	12—20 —	800 —
d.	20—30 —	1000 —
e.	Yfir 30 rúmlesta	1400 —

Verði viðgerð á skemmdum frestað án samþykkis félagsstjórnarinnar, bætist ekki sá tjónauki, sem af drættinum kann að hafa hlotizt.

15. gr.

Tjón á vélum, ásamt ásum og skrúfum eða öðrum útbúnaði, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu, sem ekki stafar frá vélinni.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

Við niðurjöfnun á slíkum tjónum reiknast frádráttur samkv. 14. gr.

16. gr.

Tjón á seglum, ábreiðum, köðlum, reiða og öðrum lausum áhöldum, útbúnaði í herbergjum skipverjanna, þó ekki á föstum tré- eða málmhlutum, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins eða áhalda þess á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

17. gr.

Vátryggður hefur rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, þegar:

1. Skipið týnist algerlega.
2. Skipið sekkur, strandar eða á annan hátt verður fyrir tjóni, þannig að ekki telst hægt að bjarga því né endurbæta það á staðnum eða flytja það á annan stað til viðgerðar.
3. Skipið er löglega dæmt óbætandi, þ. e. hefur orðið fyrir svo miklum skemmdum vegna sjótjóns, að aðgerð á því borgar sig ekki, þar eð kostnaðurinn við aðgerð á skemmdunum að viðbættum björgunarkostnaði fer fram úr vátryggingarupphæð skipsins, að frádregnu verði þess óviðgerðs.

Greiði félagið bætur fyrir algerðan skiptapa, ber því hlutfallslegur hluti af andvirði þess, er inn kann að koma fyrir leifar þess.

Nú sekkur skip, strandar eða verður fyrir öðru tjóni, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. þessarar greinar, og vátryggjandi vill eigi að síður reyna björgun á því á eigin ábyrgð og gerir slíka tilraun, án þess að óþarfur dráttur verði á, og á þá vátryggður því aðeins rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, að björgun skipsins sé ekki lokið í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að áfallið varð, eða björgunartilraunum sé áður hætt.

18. gr.

Nú hefur ekki spurzt til skips í 3 mánuði frá því það lagði síðast úr höfn til fiskveiða hér við land, og skal þá líta svo á, að það hafi farizt algerlega, og skal greiða bætur fyrir það sem algerlega tapað. Sé skipið í utanlandssiglingum, lengist þessi frestur í 6 mánuði.

Nú er skipið yfirgefið af áhöfn úti á rúmsjó og því hefur ekki verið bjargað innan 3 mánaða frá því það var yfirgefið, og á vátryggður þá kröfu til bóta sem um algerðan skiptapa væri að ræða.

19. gr.

Bætur, sem vátryggður hefur orðið að greiða þriðja manni vegna tjóns af árekstri (þegar skipið eða áhöld þess hafa rekizt á annan fastan eða fljótandi hlut), enn fremur kostnað við málarekstur, gerðardóm eða samkomulag vegna þess greiðir félagið, en þó ekki fram yfir það, sem vátryggingarfjárhæð skipsins hrekkur til.

Ef skip verður fyrir slíku tjóni í utanlandssiglingum, að nauðsynlegt er að senda skipverja heim, greiðir félagið fargjöld fyrir þá með járnbraut og skipi, svo og nauðsynlega gistingu og fæðispeninga.

Bætur fyrir tjón á lífi manna eða fyrir meiðsli eru vátryggingarfélögunum óviðkomandi.

20. gr.

Sameiginlegt sjótjón (havari grosse) skal leitt til lykta samkvæmt York-Antverpen ákvæðunum frá 1924.

21. gr.

Þetta skal ekki bæta sem sjótjón:

1. Tjón, sem verður vegna þess, að skip var, þegar það lagði síðast úr höfn, ekki sjófært, hæfilega útbúið, mannað eða lestað.
2. Tjón, sem verður vegna þess, að skipið hefur ekki verið í gildu ástandi, þegar því var lagt upp, eða ekki frá því gengið svo sem vera bar eða haft undir nægilegu eftirliti, nema vátryggða verði ekki gefin sök á því.
3. Tjón, sem verður á skipi, sem með vitund vátryggða liggur mannlaust við bryggju eða hafnarvirki. Undanþágu frá þessu geta félögin veitt með samþykki Samábyrgðarinnar.
4. Ef skip er að staðaldri notað til einhvers, sem er óviðkomandi fiskveiðum, er tjón, sem það veldur eða hlýtur, því aðeins bótaskylt, að vátryggjandi hafi samþykkt notkunina.

5. Tjón á áhöldum eða skipshluta, sem orsakast af almennri notkun hlutaðeigandi skipshluta eða áhalds.
6. Tjón, sem orsakast af hernaði, borgarastyrjöld eða þess háttar.

Ef tjón verður vegna smíðisgalla eða efnisgalla, verður tjón á hlutum þeim, sem gallinn er á, ekki bætt.

Ef tjón verður vegna slits, fúa, ryðs, tæringar, maðkskemmda, rottu, músa eða af öðrum slíkum orsökum, verður tjón á þeim hlutum, sem áður nefndar orsakir hafa valdið, ekki bætt.

22. gr.

Kostnað vegna björgunar eða aðgerðar á skipi greiðir vátryggingarfélagið eftir mati eða dómsúrskurði, ef eigi næst samkomulag um fjárupphæðina.

23. gr.

Þegar gert er við skip, sem orðið hefur fyrir tjóni, sem vátryggjendum ber að greiða, greiðir félagið ekki þann aukakostnað, sem stafar af eftir- eða helgidagavinnu, nema að svo miklu leyti sem við þá vinnu sparast önnur útgjöld fyrir vátryggjendur.

Kostnað við gæzlu skips meðan á viðgerð stendur, ef skipið er ekki sett á land, greiðir félagið því aðeins, að það hafi samþykkt, á hvern hátt gæzlunni skuli hagað og hvað greitt skuli fyrir hana.

Leifar skips, sem farizt hefur eða dæmt hefur verið ónýtt, svo og verð braks, sem rifið er úr skipi, sem gert er við á kostnað vátryggjanda, er eign vátryggjanda að réttri tiltölu við virðingarupphæð þess, sem vátryggt er.

24. gr.

Opnir vélbátar eru allir þeir vélbátar, sem ekki eru með fullu þilfari. Fyrir þá gilda þessi ákvæði sérstaklega:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti skal greiða samkvæmt sömu reglum sem um aðra vélbáta.

Félagið skal ávallt greiða að sínum hluta kostnað við björgun á opnum vélbáti, sem orðið hefur fyrir áfalli, og skaða, er hlýzt af nauðlendingu, enda fari kostnaðurinn ekki fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

Stjórn félagsins getur krafizt þess, að opnir vélbátar séu settir á land eftir hverja notkun í sjóferð. Hafi félagsstjórn krafizt þessa, verða engar bætur greiddar fyrir tjón, sem af því kann að leiða, ef út af er brugðið.

25. gr.

Nú sannast það, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða í sviksamlegum tilgangi valdið tjóninu, og má þá draga allt að 20% af skaðabótafénu, enda þótt vátryggðum annars hefði borið fullar bætur. Hafi vátryggður sjálfur í sviksamlegum tilgangi tvítryggt hið sama, eða hafi hann gerzt valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir hirðuleysi, er félagið laust allra mála um skaðabótaskyldu gagnvart honum.

Hins vegar skal félaginu ávallt skylt að greiða svo mikið af skaðabótafénu sem þarf til að greiða lán, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum, enda skerða ákvæði laga þessara um niðurfall skaðabótaskyldu vátryggingarfélaga að einhverju eða öllu leyti í einstökum tilfellum aldrei rétt veðhafa til innheimtu vátryggingarfjárins hjá félaginu.

Skaðabætur greiðast þó aldrei, ef tjón verður af þeim orsökum, er greinir í 21. gr., 5. og 6. tölulið.

Félagið á ætíð endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er samkvæmt fyrri hluta þessarar greinar.

26. gr.

Öll skjöl og reikninga snertandi tjón og aðgerð á skipi skal þegar að aðgerðinni lokinni afhenda hlutaðeigandi félagi. Skal tjónið þá gert upp innan eins mánaðar frá afhendingu skjalanna. Félagið og skipseigandi koma sér saman um það, hversu aðgerð skuli hagað, og greiða kostnaðinn í hlutfalli við áhættu sína.

Aðgerðarreikningar, sem ekki eru komnir í hendur stjórnar félagsins, áður en einn mánuður er liðinn frá því að aðgerðinni er lokið, verða ekki teknir til greina, nema sannað sé fyrir stjórn félagsins, að gildar ástæður séu, að hennar dómi, fyrir þeim drætti, sem orðið hefur á því að gera kröfu.

Sama gildir um aðrar kröfur vegna sjótjóns, ef þær eru ekki komnar félagsstjórninni í hendur innan mánaðar frá því að tjónið varð.

Afrit af tjónbótaniðurjöfnun skal ávallt senda Samábyrgðinni.

V. KAFLI

Skyldur vátryggða.

27. gr.

Þegar vátryggt skip verður fyrir tjóni, sem bótaskylt er samkvæmt lögum þessum, skal eigandi skipsins, eða formaður þess í hans stað, þegar í stað tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi félagsstjórnar og gefa nákvæma skýrslu um atvikin. Skýrslan skal rituð á þar til gerð skýrsluform, er Samábyrgðin semur og lætur vátryggjendum í té.

Tjón, sem ekki hefur verið tilkynnt innan hálfs mánaðar frá því að það vildi til, getur félagsstjórnin neitað að taka til greina, nema sannað sé fyrir henni, að óviðráðanlegar orsakir séu til dráttarins.

28. gr.

Skylt er bæði skipstjóra og útgerðarmönnum að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr tjóni, svo að það verði sem allra minnst. Þeim ber að hlíta þeim ráðstöfunum, sem stjórn félagsins kann að gera í því skyni.

Á vátryggðum hvílir skylda til þess að færa sönnur á tjónið og hve miklu það hefur numið.

29. gr.

Skipstjórar á hinum vátryggðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir stjórna, og í þeim siglingum, sem þau eru í. Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laga um eftirlit með skipum, eins og þau eru á hverjum tíma.

Félögin og Samábyrgðin geta hvort um sig neitað skipstjórn þess skipstjóra, sem þrisvar, vegna ógætni eða vanrækslu, hefur orðið fyrir bótaskyldu tjóni á skipum, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum. Ef eigandi skips hlítir ekki fyrirmælum um þetta, verða ekki bætt þau tjón, er sá skipstjóri verður talinn eiga sök á.

VI. KAFLI

Um iðgjöld og endurgreiðslu iðgjalda.

30. gr.

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af ráðuneytinu, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og starfandi vátryggingarfélaga fiskiskipa.

Þar, sem sérstaklega stendur á að dómi ráðuneytisins og Samábyrgðarinnar, skal heimilt að ákveða iðgjöldin með hliðsjón af því áhættusvæði, þar sem skipinu er ætlað að vera í förum.

Vátryggingarfélag hefur lögveð í skipi og lögtaksrétt fyrir inntökugjaldi, skoðunarkostnaði og vátryggingariðgjöldum, þó eigi fyrir lengra tímabil en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Vátryggingin gengur í gildi, þegar áskilið iðgjald og stofnsjóðsgjald er ákveðið, og eiga félögin kröfu á að fá greitt iðgjald fyrir vátryggt skip frá þeim tíma, er beðið var um vátrygginguna.

31. gr.

Endurgreiða skal iðgjald fyrir skip, sem staðið hefur í landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem stjórn félagsins tekur gildan, ef slík landstaða eða hafnlega hefur varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt. Ef tjónbætur á vátryggingarárinu fara fram úr helmingi hins greidda iðgjalds, fellur endurgreiðsla niður fyrir það vátryggingarár. Ef skip hefur orðið fyrir tjóni sem nemur minna en helmingi greidds ársiðgjalds, má endurgreiða iðgjald, þó aldrei meir en svo, að samanlögð endurgreiðsla og tjónbætur fari aldrei fram úr helmingi ársiðgjalds. Ef skip hækkar í tryggingu meðan það var í hafnlegu eða landsátri, skal reikna endurgreiðslu hlutfallslega miðað við tryggingarupphæð, iðgjald og tíma. Sömu reglur gilda um endurgreiðslu, ef skip flyzt milli vátryggingarfélaga eða hættir að vera vátryggingarskylt.

Endurgreiðslu þessa skal reikna hlutfallslega af hinu greidda ársiðgjaldi.

Vottorð tveggja manna, sem stjórn félagsins tekur gilda, um uppistöðu eða hafnlegu þá, er hér um ræðir, skal afhenda stjórn félagsins og er skilyrði fyrir, að endurgreiðsla verði látin af hendi.

Skipin eru þó alltaf tryggð fyrir venjulegri hafnaráhættu (revier) og bruna, þegar þau liggja uppi. En fyrir þá áhættu skal greiða iðgjald eins og ákveðið verður í iðgjaldaskránni.

32. gr.

Ágreining milli félags og skipseiganda, milli félaga, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar, annan en þann, sem um ræðir í 2. mgr. 22. gr. laga þessara, skal leggja í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af hæstarétti.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

Í gerðardómnum skal það ákveðið, hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila, eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðila.

Dómi uppkveðnum samkvæmt þessum ákvæðum má þó áfrýja beint til hæstaréttar, enda sé það gert innan 30 daga frá birtingu dómsins.

33. gr.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins. Þegar vátryggingarfé er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka, hverjir hafi þinglesin veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.

34. gr.

Ef einstök félög leggjast niður vegna þess, að tvö eða fleiri félagssvæði sameinast, ganga eignir þeirra til þess félags, er tekur við tryggingarstarfsemi á félagssvæðinu.

35. gr.

Vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin gjöldum til bæjar- og sveitarsjóða, svo og undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs.

36. gr.

Ráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

37. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 11. júní 1942.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði:

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga til ársloka 1948. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna.

Nd. 797. Breytingartillaga

við frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 13. gr. 2. málsgr. orðist svo:
Landsbankinn einn hefur rétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri.

Nd. 798. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 12. febr. 1946, um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin ræddi mál þetta á nokkrum fundum. Urðu nefndarmenn sammála um, að síðari málsl. 1. gr. frv. þyrfti gagngerðari athugunar en nefndin hafði tök á að láta fram fara, ef frumvarpið ætti að verða að lögum á þessu þingi. Málsliðurinn fjallar um framlög úr hafnarbótasjóði til nýbygginga, án framlags á móti frá sveitarfélagi. Nefndin leggur því til, að efni það, er í þessum málslið felst, falli burt úr frumvarpsgreininni.

Nefndin tekur fram, að ekkert það, sem telja má viðhald hafnar og hafnarvirkja, er styrkhæft samkv. frumvarpsgreininni. T. d. ekki það að halda við dýpi hafnarinnar.

Samkvæmt ofanskráðu leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hafa af óviðráðanlegum orsökum, öðrum en venjulegri fyrningu, orðið skemmdir á hafnarmannvirkjum á einhverjum stað, og er ríkisstjórninni þá heimilt, að fengnum tillögum vitamálastjóra, að verja fé úr hafnarbótasjóði til nauðsynlegra bóta á slíkum skemmdum.

Alþingi, 9. maí 1947.

Sig. Kristjánsson, form., frsm.	Lúðvík Jósefsson, fundaskr.	Pétur Ottesen.

Skúli Guðmundsson.

Ed. 799. Frumvarp til laga

um bæjarstjórn á Sauðárkróki.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 301 með þessum breytingum:

17. gr. hljóðar svo:

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjórn fyrir lok marzmánaðar. Lætur bæjarstjóri reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda, — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga —, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að auglýsa ágrip af honum, er bæjarstjóri semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

21. gr. hljóðar svo:

Með samþykkt þeirri, er um getur í 7. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

Ed. 800. Nefndarálit

um frv. til laga um innkaupastofnun ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Leggur meiri hl. (PM, ÞÞ og GÍG) til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nefndarmanna (BrB) vill gera breytingu á frv. Bernharð Stefánsson var fjarverandi úr bænum, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 9. maí 1947.

Pétur Magnússon, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.	Brynjólfur Bjarnason.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Ed. 801. Breytingartillögur

við frv. til l. um innkaupastofnun ríkisins.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Aftan við 1. gr. bætist eftirfarandi:
   Enn fremur skal hún annast innkaup á vörum fyrir aðra aðila, ef þeir óska þess.
2. Eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að sameina innkaupastofnun ríkisins þær ríkiseinkasölur, sem nú eru starfandi, svo og þær, sem stofnaðar kunna að verða.
   b. (3. gr.) Innkaupastofnun ríkisins skal hafa forgangsrétt um gjaldeyri til vörukaupa sinna, enda geti hún útvegað vörur þær, er hún annast innkaup á, við verði, sem er sambærilegt við lægsta verð annarra innflytjenda.

Ed. 802. Frumvarp til laga

um sölumeðferð bifreiða innanlands.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Hermann Jónasson, Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Hvert gjaldeyris- og innflutningsleyfi, sem hér eftir verður veitt fyrir bifreið, skal bundið því skilyrði, að ríkið eitt eigi kauprétt að bifreiðinni, ef eigandi hyggst skrá hana á annars nafn eða selja hana.

Verð slíkrar bifreiðar skal miðast við kaupverðið að frádreginni hæfilegri upphæð fyrir skemmdum og sliti og ákveðst með mati af bifreiðaskoðun ríkisins á hverjum stað.

2. gr.

Þær bifreiðar, sem ríkið þannig eignast, skulu seldar á fyrrnefndu matsverði að viðbættum kostnaði, sem á það hefur fallið vegna eigendaskipta, geymslu, flutnings eða þess háttar.

3. gr.

Stofnun sú, sem á hverjum tíma veitir innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir bifreiðum, annast einnig úthlutun bifreiða þeirra, er ríkið á þennan hátt verður eigandi að.

4. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara verða sett með reglugerð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarpsins er sá að reyna að binda endi á hinn hneykslanlega „svarta markað", sem átt hefur sér stað með bifreiðar á undanförnum árum. Það er alkunna, að bifreiðar, sem keyptar hafa verið inn fyrir 15—20 þúsund krónur, hafa þráfaldlega verið seldar aftur manna á milli fyrir 50—60 þúsund krónur.

Þannig hefur það viðgengizt, að þeir, sem orðið hafa þeirrar náðar aðnjótandi að fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir bíl, hafa með einni bílsölu tekið 30—40 þúsund króna ágóða svo að segja fyrirhafnarlaust, en það er, eins og menn vita, álíka upphæð og verkamaðurinn fær fyrir tveggja til þriggja ára daglegt strit í sveita síns andlitis.

Sumir hafa selt leyfin þegar í stað, og dæmi munu þess, að jafnvel háttlaunaðir embættismenn hafa í skjóli aðstöðu sinnar fengið bíla tvisvar eða þrisvar sinnum og selt þá síðan aftur með slíkum ofurgróða sem að ofan greinir.

Það er smánarblettur á þjóðfélaginu, að slíkt og þvílíkt okur skuli geta átt sér stað. Og sýnist vera sjálfsagt, að gerðar verði ráðstafanir þegar í stað til þess að slíku fári linni.

Þar sem bifreiðar eru skráð eign, ætti að vera auðvelt að framkvæma löggjöf eins og þessa, og um þörfina á að stöðva bílaokrið verður varla deilt. Ástæðan til þess er svo brýn, að Alþingi ætti að hraða afgreiðslu málsins sem mest má verða og gera frumvarp þetta að lögum strax á þessu þingi.

Nd. 803. Breytingartillaga

við frv. til l. um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 8. gr. Í stað „10 millj. kr.“ í lok 1. málsgr. kemur: 20 millj. kr.

Ed. 804. Frumvarp til laga

um Ræktunarsjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ræktunarsjóður Íslands og er í lögum þessum kallaður Ræktunarsjóður. Hlutverk hans er að styðja landbúnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands eins og hann er nú.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands.
3. Sá hluti höfuðstóls Viðlagasjóðs, sem er eign Ræktunarsjóðs Íslands.
4. Varasjóður Loðdýralánadeildar Búnaðarbanka Íslands.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Tekjur af þjóðjörðum og andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar kunna að verða.
3. Árlegt framlag úr ríkissjóði 0.5 millj. kr. á ári í 10 ár, í fyrsta sinn árið 1947.

4. gr.

Ræktunarsjóður veitir stofnlán til jarðræktar, peningshúsa og geymsluhúsa og annarra mannvirkja við landbúnað, þar með talin jarðyrkja, vermirækt og loð-

dýrarækt, enn fremur til mannvirkja í þágu landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslustöðva, kjötfrystihúsa, ullarverksmiðja, skinnaverksmiðja, þvottahúsa, viðgerðarstöðva, landbúnaðarverkfæra, íbúðarhúsa og verkstæða fyrir iðnaðarmenn í sveitum, rafstöðva fyrir sveitir og sveitahluta og einstaka sveitabæi, svo og til bústofnsauka og til kaupa á vélum, sem notaðar eru við landbúnað.

Upphæð lánanna má vera allt að 30% kostnaðarverðs til þeirra framkvæmda, sem styrkur er veittur til samkvæmt jarðræktarlögum, og allt að 60% kostnaðarverðs til annarra framkvæmda, enda sé það kostnaðarverð að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

Um lánveitingar, er stjórn sjóðsins telur vafa leika á, hvort veita skuli, skal hún leita álits Búnaðarfélags Íslands eða nýbýlastjórnar ríkisins, eftir því sem við á.

Við ákvörðun lánanna skal stjórn sjóðsins taka tillit til þess, hvað mikil önnur veðlán hvíla á eigninni.

Lán þessi skulu ekki veitt fyrr en að fullloknum framkvæmdum eða kaupum þeim, sem þau eru veitt til.

5. gr.

Þegar stjórn Ræktunarsjóðs hefur ákveðið að veita lán samkvæmt 5. gr., er henni heimilt að veita bráðabirgðalán, meðan á framkvæmdum stendur, gegn veði í framkvæmdinni og öðrum tryggingum, ef þurfa þykir, svo sem handveði, persónulegum ábyrgðum eða öðru, er hún tekur gilt sem tryggingu fyrir bráðabirgðaláninu.

Þessi lán mega nema allt að 80% af hinu áætlaða láni, og skulu þau greidd að fullu um leið og stofnlánið er tekið.

6. gr.

Vextir af öllum stofnlánum Ræktunarsjóðs skulu vera 2½%, en af bráðabirgðalánum 5%.

7. gr.

Lánin má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi á veðskuldir til annarra en Byggingarsjóðs eða annarra opinberra sjóða undan veðrétti þeim, er Ræktunarsjóður fær. Ef umbætur þær, sem lánið er veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættrar.
2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánið er veitt til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem rafstöðvar eða verksmiðjur.
3. Gegn veði í þeim vélum og verkfærum, sem keypt eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóv. 1887.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir tölulið 1., skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til ræktunar eða byggingar peningshúsa og geymsluhúsa á sveitabýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja og véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkv. tölulið 2.—4., styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð sýslufélags.

Ábyrgð sýslufélags kemur því aðeins til greina, að um verksmiðjur eða vinnustöðvar sé að ræða, sem félag stendur að, enda komi þá til heimild æðri stjórnarvalda.

Hús, vélar og fénaður er því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr Ræktunarsjóði, að vátryggð séu í vátryggingastofnun, er sjóðurinn tekur gilda.

Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943 má lána út á jarðir í opinberri eign á sama hátt og aðrar jarðir, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

8. gr.

Ríkissjóður aflar Ræktunarsjóði lánsfjár að upphæð tíu milljónir króna, með 1½% vöxtum. Sjóðurinn endurgreiðir lánið með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Þó er seðladeild Landsbanka Íslands skylt, ef ríkisstjórnin óskar heldur að útvega lánsféð á þann hátt, að lána Ræktunarsjóði upphæð í íslenzkum krónum, sem samsvari því, er sjóðurinn lánar til kaupa á því, sem hefur haft í för með sér notkun erlends gjaldeyris, að byggingarefni undanskildu, með 1½% vöxtum. Seðladeild Landsbankans veitir lánin í opnum reikningi, en við hver árslok skal sameina lánveitingar liðins árs í eitt lán. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Ræktunarsjóðs gagnvart seðladeild Landsbankans. Ræktunarsjóður skal endurgreiða seðladeild Landsbankans lán þessi með jöfnum afborgunum á 10 árum. Þó má skuld sjóðsins við seðladeildina aldrei vera hærri en 10 millj. kr.

Stjórn Ræktunarsjóðs og stjórn seðladeildarinnar ákveða með samkomulagi, hve mikill hluti lánanna gengur til kaupa á hinu erlenda efni. Ef ágreiningur yrði um ákvörðun þessa, skal leitað úrskurðar landbúnaðarráðherra.

9. gr.

Ræktunarsjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf allt að fjórföldum stofnsjóði sínum.

Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

10. gr.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef stjórn Ræktunarsjóðs krefst þess, sýna skilríki frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands eða öðrum þeim, er stjórn sjóðsins tekur gildan, fyrir því, að veði því, sem lánað hefur verið út á, hafi vel verið við haldið og að það hafi ekki rýrnað. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

11. gr.

Lánstíminn skal vera 5—25 ár, eftir því til hvers lánað er. Ef lánið er til túnræktar eða nýrra bygginga, má lánstíminn vera allt að 25 árum, svo og til þeirra framkvæmda við vermirækt, sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnsaukningar og annars þess, sem ekki á trygga langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar greint í reglugerð, hve langur lánstíminn má vera til hvers konar lána.

Lán til túnræktar mega vera afborgunarlaus þrjú fyrstu árin, en annars skulu öll lán sjóðsins greidd jöfnum afborgunum, nema lántakandi vilji greiða þau fyrr og fljótar en venja er.

12. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Ræktunarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef Ræktunarsjóði hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskipti.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
4. Ef lögð er niður landbúnaðarframleiðsla eða störf fyrir landbúnaðinn á eignum þeim, er veðsettar eru Ræktunarsjóði.

13. gr.

Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Ræktunarsjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð eða fara með það á annan hátt eins og venja er um veð fyrir lánum, sem í gjalddaga eru komin.

14. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Ræktunarsjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

15. gr.

Ræktunarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

16. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Ræktunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 115 frá 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

17. gr.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda brjóti þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 105 frá 3. maí 1935, um Ræktunarsjóð Íslands, og II. kafli laga nr. 38 frá 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

Nd. 805. Lög

um breyting á lögum nr. 30 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 544.

Nd. 806. Lög

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 741.

Nd. 807. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Frá Pétri Ottesen.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
11. gr. laganna falli niður.

Ed. 808. Nefndarálit

um frv. til l. um Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur lesið frumvarpið yfir og rætt það og mælir eftir þá athugun með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Ásmundur Sigurðsson var fjarverandi vegna veikinda og Hermann Jónasson var ekki í bænum, en sæti í nefndinni í hans stað tók Páll Zóphóníasson.

Reykjavík, 10. maí 1947.

Pétur Magnússon, form. Páll Zóphóníasson, frsm. Guðm. Í. Guðmundsson.

Lárus Jóhannesson.

Nd. 809. Frumvarp til laga

um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI
Um nautgriparækt.

1. gr.

Bannað er að láta naut, eldri en 7 mánaða, ganga laus á afréttum eða í heimahögum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem ekki er starfandi nautgriparæktarfélag, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands, skal vera nautgripakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum. Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd. Í bæjum skal kynbótanefnd kosin af bæjarstjórn. Þar, sem starfandi er nautgriparæktarfélag, sem í er meiri hluti kúaeigenda, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd.

Þar, sem stofnuð verða nautgriparæktarfélög eftir að lög þessi öðlast gildi og eftir að kosin hefur verið nautgripakynbótanefnd, þá fellur starfssvið hennar niður, en við því tekur hin nýja stjórn nautgriparæktarfélagsins.

3. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan séu til hæfilega mörg kyngóð og efnileg naut til afnota fyrir hreppsbúa. Naut þau, er kynbótanefnd velur, skal hún, eftir því sem við verður komið, velja fyrir vorhreppaskilaþing og á þeim tilkynna hreppsbúum, hver þau séu.

Heimilt er kynbótanefnd að kaupa naut eða taka á leigu eða semja um það á annan hátt, eftir því sem henni þykir bezt við eiga.

Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að kynbótum, t. d. með því að nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann o. fl.

Leyft getur kynbótanefnd einstökum mönnum, sem vegna aðstöðu sinnar eiga óhægt með að nota kynbótanautin eða taka annan þátt í starfinu, að vera utan við

það. Allir, sem ekki fá slíka undanþágu, eru skyldir til að taka sameiginlegan þátt í öllum kostnaði, sem leiðir af nautahaldinu, að réttri tiltölu við tölu kúa með kálfi, sbr. 7. gr.

4. gr.

Kynbótanefnd getur leyft, að kynbótanaut langi laus, ef öruggt þykir, að þau geti engan skaða gert. Sé um leigunaut að ræða og það er í vörzlu eiganda, ber hann ábyrgð á, ef tjón hlýzt af, en sé um leigunaut að ræða, sem kynbótanefnd sér um haga fyrir, ber hún ábyrgðina.

5. gr.

Öll naut, sem eru 7 mánaða eða eldri og ekki eru valin af kynbótanefnd til að vera notuð til undaneldis í hreppnum, skal gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu yfir beitartíma kúnna. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýzt af, eftir nánari fyrirmælum, sem skulu sett í reglugerð. Taka má slík naut utan heimahaga eiganda, ef þau eru ekki í öruggri vörzlu, og fara með þau sem óskilafénað og selja án innlausnarfrests.

6. gr.

Hittist naut, sem kynbótanefnd hefur auglýst til undaneldis, gæzlulaust og ekki í öruggri vörzlu, þá skal taka það í örugga geymslu og á hús og hey, ef þörf krefur.

Sá, sem tekur nautið, skal tafarlaust gera kynbótanefnd aðvart, og skal hún þá svo fljótt sem við verður komið taka nautið og greiða áfallinn kostnað. Hafi nautið verið í geymslu á ábyrgð eiganda, á kynbótanefndin aðgang að honum með greiðsluna. Hafi kynbótanefndin ekki vitjað nautsins innan hálfs mánaðar, skal sá, sem tók nautið í hald, afhenda það hreppstjóra, sem þá selur það með mánaðar innlausnarfresti.

7. gr.

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóðri, kostnaði við nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lánum o. s. frv., jafnar kynbótanefnd niður á allar kýr, sem haldið er undir naut í hreppnum á því ári, að undanskildum kúm þeirra manna, sem hafa fengið undanþágu frá að taka þátt í sameiginlegum kostnaði við nautahaldið, sbr. 3. gr. Hið niðurjafnaða gjald má taka lögtaki. Heimilt er nautgriparæktarfélagi að taka hærri nautstoll af utanfélagsmönnum.

Þóknun til kynbótanefndar ákveður hreppsfundur, ef um er að ræða, og telst hún með öðrum árlegum kostnaði.

Geti kýreigandi sannað, að kýr hafi ekki fest fang, þó haldið hafi verið, ber honum ekki að greiða nautstoll.

Heimilt er kynbótanefnd að láta menn greiða nautstoll með fóðri að nokkru eða öllu leyti.

8. gr.

Kynbótanefnd skal bóka gerðir sínar, reikninga, bréf og annað. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Nefndarfundir eru löglegir og ályktunarfærir, þó að einn nefndarmann vanti, ef hinir tveir eru sammála.

Eftir hver áramót skal formaður nefndarinnar gera reikning yfir tekjur og gjöld nautahaldsins (sbr. 7. gr.), og skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum hreppsreikninga.

9. gr.

Þar sem 6 bændur í hreppi eða fleiri hafa samþykkt að stofna nautgriparæktarfélag, hafa komið sér saman um reglur fyrir félagið og fengið þær samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, getur félagið fengið styrk úr ríkissjóði til starfseminnar eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

10. gr.

Tilgangur nautgriparæktarfélaga, sem um ræðir í 9. gr., skal vera að bæta kúakynið. Samþykktir hvers félags skal gera eftir fyrirmynd frá Búnaðarfélagi Íslands, og skulu þær að lokum fá staðfestingu þess, en þá getur félagið fengið styrk til starfsemi sinnar eins og hér greinir:

1. Kr. 1.00 á reiknaða árskú, ef ekki eru gerðar fitumælingar eða þær gerðar sjaldnar en þrisvar á ári.
2. Kr. 1.80 á reiknaða árskú, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst þrisvar á ári.
3. Kr. 2.50 á reiknaða árskú, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst sex sinnum á ári.

Styrkurinn greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur í því formi, er það krefst og nánar skal ákveðið um í reglugerð.

11. gr.

Nautgriparæktarfélög geta fengið, auk styrks þess, sem um ræðir í 10. gr., styrk til nautahaldsins, ef þau nota naut, sem eru að minnsta kosti tveggja ára gömul og hafa hlotið 1. og 2. verðlaun á nautgripasýningum, eða hafa verið viðurkennd þess verðug af nautgriparæktarráðunaut. Styrkur þessi er kr. 150.00 á 1. verðlauna naut og kr. 75.00 á 2. verðlauna naut. Styrkurinn greiðist árlega, á meðan nautin njóta þessara viðurkenninga, heimilt er þó að greiða allt að 50% hærri fóðurstyrk á naut, sem gefið er inni yfir sumarið.

Þau félög, sem á fullnægjandi hátt hafa aðstöðu til að fá kýr sínar sæddar frá sæðingarstöð, að dómi nautgriparæktarráðunauts, fá ekki fóðurstyrk á naut sín.

12. gr.

Heimilt er nautgriparæktarfélögum að stofna með sér samband, ef þau hafa minnst 1000 kýr innan félaganna. Skulu þau þá setja sér samþykktir og starfsreglur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í þessum samþykktum sé m. a. ákveðið um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu beztu kýrstofnanna, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu vera sjaldnar en annan hvern mánuð, og spjaldbókarfærslu þeirra kúa, sem gefa yfir 13000 fitueiningar árlega.

Heimilt er samböndum nautgriparæktarfélaga að setja á stofn nautgripauppeldisstöðvar eða sæðingastöðvar, en samþykkja skal Búnaðarfélag Íslands reglur um starfsemi þeirra, sbr. V. kafla.

13. gr.

Sambönd þau, sem um ræðir í 12. gr., njóta framlags úr ríkissjóði sem hér greinir:

1. Kr. 1.00 á ári á hverja reiknaða árskú, sem skýrslur eru sendar yfir til Búnaðarfélags Íslands. Styrkur þessi er þó bundinn því skilyrði, að sambandið hafi fastan starfsmann, sem Búnaðarfélag Íslands samþykkir, ef ekki er starfandi héraðsráðunautur á svæðinu, sem annast störf fyrir nautgriparæktarsambandið.
2. Til nautgripauppeldisstöðva fá samböndin framlag, sem nemur kr. 75.00 á hvern nautkálf, er það hefur á eldi, enda séu kálfarnir valdir í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt og seldir við því verði, sem hann samþykkir.
3. Sæðingastöðvar fá fóðurstyrk á öll naut á stöðinni, fyrstu og annarra verðlauna naut samkvæmt ákvæðum 11. gr., en ung naut, sem verið er að reyna, fá sama fóðurstyrk og 2. verðlauna naut samkv. 11. gr., enda séu þau valin í samráði við nautgriparæktarráðunaut.

14. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningar í hverju nautgriparæktarfélagi fimmta hvert ár. Landinu skal skipt í 5 sýningarsvæði, og skal

halda sýningar í þeim til skiptis. Til verðlauna á sýningum þessum leggur ríkissjóður fram kr. 0.50 fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Skal fé þessu varið til verðlauna á kúm. Verðlaun á naut greiðast eingöngu úr ríkissjóði, og eru þau kr. 300.00 1. verðlaun og kr. 50.00 2. verðlaun. Fyrstu verðlaun geta þau naut ein hlotið, sem eiga dætur á sýningunni, sem tvímælalaust taka fram mæðrum sínum. Enn fremur er heimilt að veita einstökum kúm heiðursverðlaun, ef þær hafa sýnt með afkvæmum sínum, að þær hafa verulega kynbætandi áhrif á nautgripastofninn. Verðlaun þessi eru kr. 200.00 og greiðast úr ríkissjóði. Nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands er formaður dómnefnda á sýningum, sér um fyrirkomulag sýninga og úthlutar verðlaunum. Stjórnir nautgriparæktarfélaganna tilnefna meðdómendur á sýningar og greiða kostnað við framkvæmd þeirra.

15. gr.

Nú kemur nautgriparæktarfélag sér upp girðingu til að geyma naut sín í sumarlangt, og skal þá greiða úr ríkissjóði allt að kr. 400.00 til hverrar girðingar, þó aldrei meira en nemur efniskaupum. Ekki má styrkja fleiri en þrjár girðingar í sama hreppsfélagi.

II. KAFLI.

Um sauðfjárrækt.

16. gr.

Bannað er að láta hrúta ganga lausa frá 5. nóvember til 20. apríl ár hvert. Heimilt er þó einstökum fjáreigendum að láta hrúta sína ganga með ám eftir 20. desember, ef tryggt er, að dómi hlutaðeigandi hreppstjóra, að hrútar þessir geti ekki valdið öðrum fjáreigendum tjóni. Verði þó tjón af þessum hrútum, eru eigendur þeirra skaðabótaskyldir.

17. gr.

Nú hittist gæzlulaus hrútur á tímabilinu, sem um ræðir í 16. gr., og er þá þeim, sem hrútinn sér, skylt að tilkynna það landeiganda, sem skal taka hann í vörzlu, og ef hann á ekki hrútinn, skal hann gera eiganda hans aðvart eins fljótt og við verður komið. Eigandi skal vitja hrútsins eða ráðstafa honum innan viku frá því að hann fékk tilkynninguna, en að þeim tíma liðnum skal farið með hrútinn eins og óskilafé.

18. gr.

Heimilt er 6 mönnum eða fleiri að stofna með sér félagsskap til að vinna í sameiningu að kynbótum sauðfjár, og kallast slík félög sauðfjárræktarfélög.

Lágmarkstala kynbótafjár hjá hverjum félagsmanni skal vera 8 ær, og enginn einn félagsmaður má eiga meira en helming kynbótafjárins.

Gera skal samþykktir fyrir sauðfjárræktarfélög, þar sem tekið er fram eftirfarandi:

1. Að halda skuli fóður-, afurða- og vigtarskýrslur fyrir kynbótafé.
2. Að halda skuli ættbók fyrir kynbótafé og merkja skuli hvern einstakling þess með einstaklingsmerki.
3. Ákveðið, hvernig haga skuli skýrsluhaldi, til að fá sem öruggasta vissu um erfðaeðli einstaklinganna.
4. Önnur atriði, er varða félagsskapinn.

19. gr.

Félög þau, sem um ræðir í 18. gr., geta árlega fengið styrk úr ríkissjóði, eftir að þau hafa fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands. Styrkurinn rennur í félagssjóð og greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands. Hinn árlegi styrkur er kr. 50.00 fyrir hvern

fyrstu verðlauna hrút og allt að kr. 1.00 á hverja kynbótaá, sem í félaginu er og skýrslur eru haldnar yfir og sendar til Búnaðarfélags Íslands.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að veita einstökum mönnum, eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands, sama styrk og sauðfjárræktarfélögum, ef þeir fullnægja skilyrðum 1., 2. og 3. liðs 18. gr.

Sæðingastöðvar, sem eru stofnaðar og starfræktar samkv. V. kafla þessara laga, fá árlega styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 50.00 fyrir hvern hrút, sem notaður er þar og sauðfjárræktarráðunautur hefur samþykkt.

20. gr.

Auk þess, sem um getur í 19. gr., er heimilt að styrkja úr ríkissjóði allt að 8 sauðfjárræktarbú, tvö í hverjum landsfjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að kr. 600.00 hvert, þó ekki yfir ⅔ hluta á móti hlutaðeigandi búnaðarsambandi eða annars staðar að. Auk þessa leggur ríkissjóður fram kr. 2000.00 árlega til að verðlauna þessi bú, eftir því sem nánar skal mælt fyrir um í starfsreglum, er viðurkenndar skulu af Búnaðarfélagi Íslands.

Fjárræktarbú þessi skulu fullnægja þeim skilyrðum, sem um ræðir í 1., 2. og 3. lið 18. gr., og öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða. Ef styrkþegi hættir að reka búið, hefur Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og skal ákveða, hvar búið skuli starfa áfram í samráði við þá aðila, sem einnig hafa styrkt búið. Greiða skal fyrir fé búsins með matsverði dómkvaddra manna.

21. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa yfirumsjón með sauðfjárræktarbúum, og skulu þau haga skýrslugerð eftir fyrirmælum þess. Skylt er sauðfjárræktarbúunum að senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslu um stórf sín, en það skal birta útdrátt úr þeim.

22. gr.

Hrútasýningar skal halda í einstökum hreppum fjórða hvert ár, þar sem þess er óskað. Skal landinu skipt í fjögur sýningarumdæmi, og skal halda sýningar í þeim til skiptis.

Til verðlauna á sýningum þessum veitir ríkissjóður 2 aura á hverja framtalda kind í hreppnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um sýningarnar, og er ráðunautur þess í sauðfjárrækt sjálfkjörinn formaður sýningarnefndar, en hreppsnefnd kýs tvo meðdómendur og annast undirbúning sýninganna.

23. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að láta halda afkvæmasýningar fyrir hrúta og ær annað hvert ár, eftir því sem við verður komið. Á þessum sýningum má aðeins sýna hrúta og ær frá þeim bændum, sem halda fullkomnar ættartölubækur og afurðaskýrslur að dómi sauðfjárræktarráðunauts.

Til verðlauna á sýningum þessum greiðir ríkissjóður allt að:

a.	fyrir fyrstu	verðlauna	hrút	kr.	100.00
b.	— annarra	—	—	—	50.00
c.	— þriðju	—	—	—	25.00
d.	— fyrstu	—	á	—	20.00
e.	— annarra	—	—	—	10.00
f.	— þriðju	—	—	—	5.00

Enn fremur má veita fyrstu heiðursverðlaun, allt að kr. 200.00 á hrút.

Um skilyrði fyrir verðlaunaveitingum og um fyrirkomulag afkvæmasýninga skal ákveða með reglugerð.

III. KAFLI
Um hrossarækt.

24. gr.

Óheimilt er að láta graðhesta, sem eru eldri en 1½ árs, ganga lausa í heimahögum eða á afréttum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann og flytja til hreppstjóra, er skal taka hann í gæzlu og standa skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við handsömun. Sömu ákvæði gilda fyrir hesta, sem ekki er hægt að gelda vegna skapnaðarlýta.

25. gr.

Finnist graðhestur utan vörzlu, sem er merktur með bókstöfum K eða LK á hægri lend, þá skal eiganda hans þegar gert aðvart. Finnist eigandi ekki, skal hesturinn auglýstur í útvarpi með marki og einkennum. Gefi eigandi sig fram innan hálfs mánaðar frá auglýsingardegi, er heimilt að afhenda honum hestinn gegn greiðslu á áföllnum kostnaði, geti hann sannað heimild sína til að merkja hestinn með kynbótahestsmerki.

Finnist ómerktur graðhestur eða merktur kynbótahestsmerki samkv. 26. og 27. gr. án heimildar, skal hreppstjóri selja hann á opinberu uppboði. Vitji eigandi andvirðisins innan 6 mánaða frá söludegi, skal honum greitt það að frádregnum öllum áföllnum kostnaði, annars rennur afgangur andvirðisins í sveitarsjóð, þar sem hesturinn var handsamaður. Sömu ákvæði gilda um merkta graðhesta, sem ekki er vitjað á tilsettum tíma frá auglýsingardegi, sbr. fyrri málgsr. þessarar greinar.

26. gr.

Þegar graðhestar hafa hlotið 1. eða 2. verðlaun á héraðssýningum eða á afkvæmasýningum, skal hrossaræktarráðunautur gefa eigendum þeirra skriflega heimild til að merkja þá með kynbótahestsmerki, sem er K á hægri lend. Komi í ljós, að merktur graðhestur er ekki til kynbóta að dómi hrossaræktarráðunauts, skal hann afnema heimildina. Hrossakynbótanefndir geta veitt leyfi til að merkja aðra graðhesta með kynbótahestsmerki, ef ástæða er til og að fengnu leyfi hrossaræktarráðunauts.

Verði einhver uppvís að því að merkja graðhest heimildarlaust með kynbótahestsmerkjum K eða LK (sbr. 27. gr.) á hægri lend, skal hann látinn sæta sektum samkv. 82. gr. þessara laga.

27. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að veita hreppsfélögum, einu eða fleiri sameiginlega, undanþágu frá ákvæðum um einangrun graðhesta á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, ef það telur, að beitilönd þau, sem um er að ræða, séu svo einangruð, að öruggt megi teljast. Undanþágu þessa getur Búnaðarfélagið numið úr gildi með eins árs fyrirvara.

Til þess að undanþága þessi verði veitt skal liggja fyrir umsókn um hana frá hlutaðeigandi hreppsnefndum. Fyrst skal málið hafa verið rætt á almennum sveitarfundi og verið samþykkt þar af ⅔ hlutum greiddra atkvæða hrossaeigenda og skal síðan hafa hlotið samþykki sýslunefnda þeirra, sem hlut eiga að máli.

Enn fremur skal fullnægja eftirtöldum skilyrðum, ef undanþága þessi er veitt: Graðhestar þeir, sem sleppt er, mega ekki vera yngri en þriggja vetra, og skulu eigendur þeirra fá leyfi fyrir hvern hest. Skal hesturinn þá merktur greinilega með stöfunum LK á hægri lend og með númeri, sem ráðunauturinn ákveður, á þá vinstri.

28. gr.

Valdi graðhestar, sem ganga lausir eða sleppa úr vörzlu, tjóni á eignum annarra eða búfé, er eigandi þeirra skaðabótaskyldur eftir mati dómkvaddra manna,

ef ekki næst samkomulag um skaðabætur. Er hlutaðeigandi sveitarsjóður skyldur að annast greiðslur þessara skaðabóta, ef þess er krafizt.

29. gr.

Við smölun og réttun að haustinu skulu gangnaforingjar og réttarstjórar hafa strangt eftirlit með því, að graðhestar sleppi ekki úr stóðrekstrum, og séu þeir merktir, geta þeir krafizt skriflegra heimilda fyrir merkingu þeirra.

30. gr.

Þegar 5 bændur í hreppi eða fleiri hafa samþykkt að stofna með sér hrossaræktarfélag, hafa komið sér saman um reglur fyrir það og fengið þær samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, getur það fengið styrk til starfsemi sinnar eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

31. gr.

Í hverjum hreppi, þar sem ekki er starfandi hrossaræktarfélag samkv. 30. gr., skal á almennum hreppsfundi kjósa þriggja manna hrossakynbótanefnd til fjögurra ára í senn. Skal hún annast þau störf, sem stjórnum hrossaræktarfélaga er ætlað í lögum þessum. Stjórnir hrossaræktarfélaga eru því aðeins sjálfkjörnar kynbótanefndir fyrir allan hreppinn, að meiri hluti bændanna sé í félaginu. Farist kosning hrossakynbótanefnda fyrir, ber hreppsnefndum að annast störf þeirra.

32. gr.

Stjórn hrossaræktarfélags eða kynbótanefnd skal sjá um, að árlega séu nógu margir og góðir graðhestar, sem samþykktir eru af hrossaræktarráðunaut, til afnota fyrir hrossaeigendur. Stjórnin skal enn fremur útvega girðingar fyrir þá, koma þeim í fóður og sjá um annan kostnað, er af starfseminni leiðir. Þegar um er að ræða kaup á kynbótahesti eða uppsetningu á nýrri girðingu, þarf stjórnin samþykki lögmæts hreppsfundar, og er þá hreppssjóði skylt að greiða að minnsta kosti helming kostnaðar. Öðrum kostnaði, sem leiðir af kynbótastarfseminni innan hreppsins skal árlega jafna niður með hliðsjón af tölu fæddra folalda, og eru gjöld þessi lögtakskræf.

33. gr.

Sé engin graðhestur til afnota í hreppi, geta þeir, sem þess óska, krafizt þess af kynbótanefnd eða hreppsnefnd, að samið sé um afnot á graðhesti fyrir þá í öðrum hreppi eða þeim leyft að hafa graðhest til notkunar.

34. gr.

Þegar minni hluti af hreppi er í hrossaræktarfélagi og utanfélagsmenn vilja ekki vera í samvinnu við þá um kynbótastarfið, þá er þeim, sem í félaginu eru, ekki skylt að taka þátt í kostnaði af kynbótastarfi þeirra, sem utan félagsins eru.

35. gr.

Stjórnir hrossaræktarfélaga eða kynbótanefndir skulu halda gerðabók, þar sem ritaðar eru allar ályktanir, reikningar, bréf og aðrar gerðir.

Reikningar kynbótastarfsins skulu árlega lagðir fram á aðalfundi og skulu endurskoðaðir með hreppsreikningum.

36. gr.

Hrossaræktarráðunautur skal, eftir því sem við verður komið, ferðast um meðal bænda á vorin og sumrin og leiðbeina þeim um val á graðhestum og hryssum til undaneldis. Hrossaræktarráðunautur er formaður dómnefnda á öllum sýningum, sem haldnar eru samkvæmt þessum kafla laganna. Í forföllum ráðunauts tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands mann í hans stað. Meðdómendur á hrossa-

sýningum geta ekki veitt hrossi verðlaun gegn atkvæði ráðunauts, hann getur ekki heldur veitt hrossi verðlaun, nema helmingur meðdómenda sé því samþykkur.

37. gr.

Heimilt er, ef Búnaðarfélag Íslands samþykkir, að halda hrossasýningar á eftirtöldum stöðum, eða í grennd við þá, fjórða hvert ár á hverjum stað:

1. Þjórsártún, fyrir sambandssvæði Búnaðarsambands Suðurlands.
2. Ferjukot, fyrir sambandssvæðin á Suðvestur- og Vesturlandi.
3. Sveinsstaðir, fyrir búnaðarsambandssvæðin í Húnavatnssýslum.
4. Sauðárkrókur, fyrir búnaðarsambandssvæði Skagfirðinga.
5. Akureyri, fyrir búnaðarsambandssvæði Eyfirðinga.
6. Einarssynir í Reykjadal, fyrir búnaðarsambandssvæði Þingeyinga.
7. Egilsstaðir á Völlum, fyrir Múlasýslur.
8. Hornafjörður, fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að leyfa fleiri hrossasýningar, ef þess er sérstaklega óskað og það telur vera ástæðu til.

Búnaðarfélag Íslands ákveður, hvar sýningar skuli haldnar fyrsta sýningarár og í hvaða röð.

Hlutaðeigandi búnaðarsambönd skulu annast undirbúning og rekstur hrossasýninga og skulu kjósa 2—4 meðdómendur á þær ásamt sýningarstjórn.

38. gr.

Úr hrossakynbótasjóði samkv. 46. gr. skal greiða verðlaun á hrossasýningum samkv. 37. og 41. gr. Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður til fjögurra ára í senn, hver verðlaunin skuli vera. Þau mega þó ekki vera hærri en hér greinir:

Fyrir	graðhesta,	1.	heiðursverðlaun,	allt að	kr.	200.00
—	—	1.	verðlaun	— —	—	160.00
—	—	2.	—	— —	—	120.00
—	—	3.	—	— —	—	80.00
—	hryssur,	1.	heiðursverðlaun,	— —	—	100.00
—	—	1.	verðlaun	— —	—	80.00
—	—	2.	—	— —	—	60.00
—	—	3.	—	— —	—	40.00

39. gr.

Eigi má taka önnur hross á hrossasýningar samkv. 37. gr. en hér greinir:

1. Graðhesta 4—10 vetra. Þeir skulu vera tamdir og ekki minni en 140 cm að bandmáli.
2. Graðhesta þriggja vetra. Þeir skulu vera leiðitamir og ekki minni en 137 cm að bandmáli.
3. Hryssur 4—10 vetra. Þær skulu vera leiðitamar og ekki minni en 136 cm að bandmáli.

40. gr.

Heimilt er að halda afkvæmasýningar fyrir graðhesta, þar sem verðlaun eru greidd úr hrossakynbótasjóði, ef til þess fæst samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Sýna skal undan hverjum hesti eigi færri en 12 afkvæmi, og skulu mæður þeirra fylgja þeim á sýninguna. Þriðjungur afkvæma má vera þriggja vetra, en hin skulu vera eldri.

Fyrstu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, sem greidd eru úr hrossakynbótasjóði á graðhest, eru kr. 250.00 og árlegur fóðurstyrkur, sem nemur kr. 150.00.

Fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi eru kr. 200.00 og árlegur fóðurstyrkur, sem nemur kr. 150.00.

Önnur verðlaun eru kr. 175.00 og árlegur fóðurstyrkur, sem nemur kr. 80.00. Þriðju verðlaun eru kr. 150.00.

Fóðurstyrkur greiðist eftir á, þegar send hefur verið skýrsla til Búnaðarfélags Íslands um notkun hestsins.

Þegar graðhestur hefur verið dæmdur á afkvæmasýningu, má ekki greiða á hann verðlaun á hrossasýningum samkv. 38. gr.

Fyrir þá graðhesta, sem fá 2. verðlaun fyrir afkvæmi í fyrsta skipti, má endurtaka afkvæmasýningu í eitt skipti að 4 árum liðnum.

Umsóknir um afkvæmasýningar skal senda til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí ár hvert. Stjórnir búnaðarsambanda kjósa 2 meðdómendur á afkvæmasýningu. Eigendur graðhesta leggja til sýningarstað, en búnaðarsamböndin greiða meðdómendum fyrir störf þeirra.

41. gr.

Heimilt er einstökum hestamannafélögum eða heildarsamtökum þeirra, ef Búnaðarfélag Íslands samþykkir, að halda landssýningar fyrir reiðhross fjórða hvert ár. Hrossin skulu fullnægja sömu skilyrðum og um getur í 39. gr.

Umsóknir um þessar sýningar skal senda til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí árið sem sýningin skal haldin, og skal það samþykkja sýningarstað og fyrirkomulag sýningarinnar.

Sá aðili, sem gengst fyrir sýningunni, skal kjósa 2 meðdómendur á hana.

Greidd verða sömu verðlaun úr hrossakynbótasjóði á þessum sýningum og um getur í 38. gr.

Skrá skal sérstaka ættbók fyrir þau reiðhross, sem hljóta verðlaun á landssýningum þessum.

42. gr.

Heimilt er hrossaræktarráðunaut að velja árlega allt að 25 hryssur, sem eru í einstaklingseigu og hann telur vera mjög góðar til undaneldis. Ef þeir, sem eiga þessar hryssur, leiða þær til þeirra kynbótahesta, sem ráðunautur ákveður, skal greiða þeim úr hrossakynbótasjóði, með tilliti til fyrirhafnar, allt að kr. 100.00, eftir ákvörðunum hrossaræktarráðunauts.

43. gr.

Starfrækja skal tamningarstöð fyrir graðhesta á skólabúinu á Hvanneyri undir umsjón hrossaræktarráðunauts. Ráðunautnum er heimilt að velja árlega allt að 15 graðhesta á 4. til 6. vetri, og geta eigendur þeirra fengið þá fóðraða, tamda og rannsakaða vetrarlangt á tamningarstöðinni, en verða þá að flytja þá til Hvanneyrar að haustinu og sækja þá að vorinu á sinn kostnað, en greiða má þeim styrk úr hrossakynbótasjóði með tilliti til fyrirhafnar, er nemi allt að kr. 100.00, þó aldrei yfir helming útlagðs kostnaðar. Dvöl hestanna á Hvanneyri, fóðrun og tamning er eigendum að kostnaðarlausu.

Meðan graðhestur dvelur á tamningarstöðinni, skal hann tryggður fyrir upphæð, sem eigandi hestsins og forstöðumaður tamningarstöðvarinnar koma sér saman um. Iðgjöld greiðast að hálfu úr hrossakynbótasjóði og að hálfu af eiganda.

44. gr.

Komi í ljós við rannsóknir á graðhestum á Hvanneyri, að einhverjir þeirra búi yfir svo slæmum eiginleikum, að ráðunauturinn telur þá ólíklega til kynbóta, getur hann dæmt þá óhæfa til notkunar og látið gelda þá með samþykki eigenda og þeim að kostnaðarlausu.

Skólabúið á Hvanneyri fær árlega allt að kr. 12000.00 í styrk úr hrossakynbótasjóði vegna tamningarstöðvarinnar, þó ekki yfir kr. 1000.00 á hest.

45. gr.

Hrossaræktarfélög eða hreppsfélög, sem láta reisa girðingu fyrir hrossakynbótastarfsemi, fá allt að kr. 600.00 í styrk úr hrossakynbótasjóði á hverja girðingu að verki loknu, þó aldrei meira en nemur efniskaupum. Fullnægja skal eftirtöldum skilyrðum:

1. Hrossaræktarráðunautur skal viðurkenna nauðsyn hverrar girðingar.
2. Landið, sem girt er, skal vera eign hlutaðeigandi aðila eða vera leigt til eigi skemmri tíma en 15 ára.
3. Landið skal vera vel fallið til hrossabeitar að dómi hrossaræktarráðunauts eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Girðingin skal vera gerð af minnst 5 gaddavírsstrengjum eða úr öðru jafngildu efni, t. d. rafmagnsgirðing, og eigi lægri en 135 cm.

46. gr.

Til að standa undir greiðslum vegna hrossakynbótastarfseminnar samkvæmt lögum þessum skal stofna sérstakan sjóð, sem nefnist hrossakynbótasjóður, og skal hann geymdur í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, sem jafnframt annast greiðslur úr honum.

Tekjur hrossakynbótasjóðs eru:

1. Kr. 0.40, sem hver hrossaeigandi greiðir árlega af hverju hrossi, sem hann hefur á framtali.
2. Kr. 0,20, sem ríkissjóður greiðir árlega á hvert framtalið hross í landinu.
3. Vextir.
4. Aðrar tekjur, er sjóðnum kann að áskotnast.

Sýslumenn skulu innheimta skattinn hjá hrossaeigendum með öðrum þinggjöldum og standa skil á honum til Búnaðarfélags Íslands.

Reikningar hrossakynbótasjóðs skulu endurskoðaðir með reikningum Búnaðarfélags Íslands.

IV. KAFLI

Um svínarækt og alifuglarækt.

47. gr.

Þegar Búnaðarfélag Íslands hefur ráðið til sín ráðunaut í svínarækt og alifuglarækt, er landbúnaðarráðherra heimilt að láta setja á stofn kynbótabú í þessum greinum á bændaskólabúi eða öðru ríkisbúi, eftir því sem henta þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands.

48. gr.

Á kynbótabúinu skal hreinrækta þau hænsnakyn og svínakyn, sem ráðunauturinn telur rétt að rækta hér á landi. Á búinu skal vera útungarstöð til að framleiða kynbótahænsni til sölu.

49. gr.

Færa skal ættarskýrslur og afurðaskýrslur yfir svín og alifugla á kynbótabúinu undir eftirliti ráðunautsins, og gera skal samanburðartilraunir með fóðurþörf og afurðagetu hinna ýmsu kynja.

50. gr.

Eftir að bú þetta hefur verið stofnsett, hefur það rétt til að flytja útungunaregg til landsins til kynbóta eða tilrauna, enda sjái ráðunauturinn um, að búið fullnægi óskum alifuglaeigenda um að hafa til sölu fugla af þeim kynjum, sem óskað er eftir og reynsla hefur sýnt, að hentug séu til ræktunar hér á landi.

51. gr.

Heimilt er að halda einstaklinga- og afkvæmasýningar fyrir alifugla og svín, þar sem verðlaun eru greidd úr ríkissjóði, eftir nánari fyrirmælum, sem landbúnaðarráðherra setur í reglugerð eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

V. KAFLI
Um sæðingu búfjár.

52. gr.

Búnaðarsambönd, nautgripasambönd og önnur félagssamtök bænda, sem vinna að kynbótum búfjár með sæðisflutningum, njóta til þess styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

1. Til stofnkostnaðar í eitt skipti fyrir öll:
   a. Sé stöð stofnuð til að annast sæðingu nautgripa og annarra búfjártegunda, greiðir ríkissjóður sérfræðingi í búfjársæðingum, sem til þess er ráðinn af Búnaðarfélagi Íslands, laun þann tíma, sem til þess þarf að koma starfsemi stöðvarinnar í gott horf og kenna væntanlegum starfsmönnum stöðvarinnar sæðistöku, geymslu sæðis og sæðingu, þó ekki lengri tíma en eitt ár.
   b. Sé stöðin stofnuð til að annast sæðingu sauðfjár eða annarra búfjártegunda en nautgripa, greiðir ríkissjóður sérfræðingi í búfjársæðingum, sem vinnur að stofnun stöðvarinnar, laun í allt að þrjá mánuði.
2. Vegna árlegs rekstrarkostnaðar greiðir ríkissjóður kr. 7.00 fyrir hverja sædda kú, sem fang fær, og kr. 0.50 fyrir hverja á, sem sædd er. Styrkur þessi skal þó ekki veittur nema notuð séu naut, sem hlotið hafa 1. verðlaun fyrir afkvæmi, eða ef verið er að reyna ung naut, sem nautgriparæktarráðunautur mælir með.

   Fyrir sæðingu áa skal þessi styrkur því aðeins greiddur, að notaðir séu hrútar, sem hlotið hafa viðurkenningu sauðfjárræktarráðunauts fyrir afkvæmi, eða eru fram úr skarandi einstaklingar af ræktuðum kynjum, enda hafi þeir fengið viðurkenningu sauðfjárræktarráðunauts til að vera notaðir á sæðingastöð.

   Vinni sæðingastöð jafnframt að sæðingu fleiri búfjártegunda, er ríkissjóði heimilt að greiða styrk til þess, sem ákveðinn skal af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

53. gr.

Stofn- og rekstrarstyrkur til sæðingastöðva verður ekki veittur nema Búnaðarfélag Íslands hafi fallizt á nauðsyn þess, að stöðinni sé komið á stofn, og samþykki starfstilhögun hennar.

54. gr.

Þar, sem reknar eru sæðingarstöðvar, verða nautauppeldisstöðvar ekki styrktar úr ríkissjóði.

VI. KAFLI
Um ræktun erlendra búfjárkynja og blöndun þeirra við innlent búfé.

55. gr.

Heimilt er búfjárræktarfélögum, tilraunabúum og einstökum bændum, sem halda fullkomnar ættartölubækur yfir búfé sitt, að gera tilraunir með myndun nýrra búfjárkynja með blöndun við innlend og erlend búfjárkyn, sem til eru í landinu eða verða flutt til landsins með sæðisflutningum eða á annan hátt.

Tilraunir þessar skulu gerðar undir eftirliti og í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt.

56. gr.

Leiði tilraunir með blöndun erlendra búfjárkynja við íslenzkt búfé í ljós, að æskilegt muni vera að mynda ný kyn með framhaldsræktun kynblendinganna, skal hlutaðeigandi ráðunautur setja reglur um, hvernig haga skuli ræktuninni og sölu gripa af hinu nýja kyni.

Ekkert undaneldisdýr af nýjum kynjum má selja nema það sé ættbókarfært og viðurkennt af hlutaðeigandi ráðunaut hjá Búnaðarfélagi Íslands eða fulltrúa hans.

57. gr.

Heimilt er bændum að framleiða einblendinga til slátrunar og til ásetnings án þess að halda ættartölubækur, en þeim er óheimilt að selja slíka kynblendinga til ásetnings.

58. gr.

Brot gegn því að verzla óleyfilega með kynblendinga af erlendum kynjum varða sektum, sem nema eigi minni upphæð en andvirði hins selda fénaðar. Einnig er heimilt að láta slátra kynblendingum, sem seldir hafa verið í óleyfi, ef ástæða þykir til þess að dómi Búnaðarfélags Íslands.

VII. KAFLI

Um forðagæzlu og fóðurbirgðafélög.

59. gr.

Í hverjum hreppi, þar sem ekki er starfandi fóðurbirgðafélag, skal vera starfandi forðagæzlunefnd, skipuð þrem mönnum, tveir þeirra skulu kosnir samtímis og kosið er til hreppsnefndar, til fjögurra ára í senn, en þriðji maðurinn skal kosinn af hreppsnefnd til sama tíma, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

60. gr.

Verkefni forðagæzlunefndar eru:

1. Ráða eftirlitsmann — eða menn —, er starfi í umboði hennar, og ákveða þóknun til hans, er greiðist úr sveitarsjóði.
2. Úrskurða ásetning hjá hverjum búfjáreiganda eftir ástæðum.
3. Fylgjast með störfum eftirlitsmanna og sjá um, að ásetningur hvers búfjáreiganda sé í samræmi við úrskurð nefndarinnar.
4. Sjá um, að lögboðnar skýrslur verði sendar til Búnaðarfélags Íslands á eyðublöðum, er það lætur prenta og sendir forðagæzlunefndum.

61. gr.

Skylt er eftirlitsmanni að fara minnst tvisvar sinnum um sveitina á hverjum vetri. Fyrri ferðinni skal vera lokið fyrir 15. nóvember, en þeirri síðari fyrir 20. apríl. Í hverri ferð skal eftirlitsmaður athuga vandlega fóðurbirgðir hjá bændum og fóðrun búfjárins.

Ef eftirlitsmaður telur einhver heimili í hreppnum vera í fóðurþröng eða búfé vanfóðrað, skal hann tilkynna það forðagæzlunefnd, sem gerir þá nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta. Forðagæzlunefnd hefur heimild til að útvega fóður á kostnað hlutaðeigandi búfjáreiganda, en sveitarsjóður annast greiðslur til bráðabirgða, ef þörf krefur.

62. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarfélögum að stofna fóðurbirgðafélög, og takmarkast félögin ætíð af hreppamörkum. Þar, sem slík félög eru starfandi, fellur niður starf forðagæzlunefndar.

63. gr.

Verksvið fóðurbirgðafélaga er að tryggja það, að á hverju hausti sé til fóður fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í hinum harðasta vetri, og að rannsaka, hvernig bændur eigi að fóðra búfé sitt, svo að það gefi sem mestan arð, miðað við tilkostnað.

Stjórn fóðurbirgðafélags skal sjá um, að fóðurskoðanir eigi sér stað eins oft og þurfa þykir. Skal sú fyrsta ætíð fara fram fyrir 15. nóvember.

64. gr.

Þegar menn vilja koma á fóðurbirgðafélagi í hreppi eð kaupstað, þá skal sveitarstjórn boða til almenns sveitarfundar með nægum fyrirvara og leggja fyrir hann uppkast að samþykkt fyrir félagið. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir þeir, sem búfénað hafa á fóðrum í sveitinni. Sé fundur lögmætur og nái uppkastið samþykki ⅔ hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna félagið, og er þá uppkastið bindandi fyrir alla sveitarbúa, enda hafi verið tekið fram í fundarboði, að um þetta mál yrði rætt og greidd atkvæði um það. Samþykkt sveitarfundarins skal leggja fyrir næsta hlutaðeigandi sýslufund til samþykktar.

Samþykki sýslufundur samþykktaruppkast fóðurbirgðafélagsins óbreytt, skal sýslumaður senda það landbúnaðarráðuneytinu til staðfestingar. Breyti sýslufundur samþykktinni, skal bera hana með áorðnum breytingum undir atkvæði lögmæts hreppsfundar á sama hátt og í fyrra skiptið. Fallist sveitarfundur á breytingartillögur sýslufundar, skal uppkastið endursent sýslumanni, sem sendir það síðan áfram til ráðuneytisins. Að öðrum kosti er samþykktin fallin, nema gerðar séu á henni breytingar, og skal þá leggja hana fyrir sýslufund að nýju og aftur með fara á sama hátt og ný samþykkt væri.

Virðist landbúnaðarráðuneytinu samþykkt, sem því hefur verið send til staðfestingar, koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, endursendir það hana án staðfestingar ásamt synjunarástæðum. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, sem í þeim hreppi eða kaupstað búa, sem hún er gerð fyrir. Samþykkt, sem ráðuneytið hefur staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

65. gr.

Fóðurbirgðafélagi stýrir þriggja manna stjórn, og eru tveir þeirra kosnir á aðalfundi félagsins til fjögurra ára í senn, en þann þriðja kýs hreppsnefnd til sama tíma, og er hann formaður félagsins. Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður þess og framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið.

66. gr.

Hvert það fóðurbirgðafélag, sem stofnað er samkvæmt lögum þessum og fullnægir fyrirmælum þeirra, nýtur árlegs styrks úr ríkissjóði, kr. 10.00 fyrir hvern bónda, sem í félaginu er. Enn fremur skal hlutaðeigandi sveitarsjóður leggja fram kr. 50.00 fyrir hvern félagsmann, og greiðir sveitarsjóður það á ekki lengri tíma en 10 árum með jöfnum greiðslum. Enn fremur skulu búfjáreigendur greiða árlegt gjald til félagsins eftir búfjárfjölda:

a. fyrir hvern nautgrip ..... 40 aura
b. fyrir hvert hross ..... 20 —
c. fyrir hverja sauðkind ..... 5 —

Gjöld þessi eru lögtakskræf samkv. lögum nr. 29 16. des. 1885.

67. gr.

Skylt er fóðurbirgðafélagi að stofna sjóð og leggja í hann tekjuafgang hvers árs. Stjórn félagsins lánar úr sjóðnum til fóðurkaupa fyrir félagsmenn.

68. gr.

Komi í ljós að lokinni skoðun, sbr. 63. gr., að búfjáreigendur skorti fóður, getur stjórn félagsins varið fé úr sjóðnum til fóðurkaupa, sbr. 67. gr. Nægi sjóður félagsins ekki til fóðurkaupa, er félaginu heimilt lán úr bjargráðasjóði til þess, er á vantar, þó ekki meira en nemur hluta hreppsins í sjóðsmynduninni, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan 5 ára.

Skylt er hreppsnefnd að ábyrgjast bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir félagið.

69. gr.

Gjalddagi iðgjalda er 1. desember. Reikningsár félagsins er almanaksár. Skýrsluárið er frá 1. október til jafnlengdar næsta ár.

70. gr.

Þegar sjóður fóðurbirgðafélags er orðinn svo stór, að hann nemur kr. 300.00 á hvern félagsmann, þá er félaginu heimilt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum samkvæmt 66. gr. að nokkru eða öllu leyti.

71. gr.

Stjórn fóðurbirgðafélags skal árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um starfsemi sína, eftir því sem Búnaðarfélag Íslands ákveður og tekið er fram í samþykkt félagsins.

Skýrsla þessi skal send til Búnaðarfélags Íslands fyrir júlílok, eftir að skýrsluárinu lauk. Styrkur ríkissjóðs til fóðurbirgðafélaga greiðist, þegar skýrslur og reikningar þeirra hafa borizt til félagsins.

VIII. KAFLI

Um starfsemi héraðsráðunauta í búfjárrækt.

72. gr.

Heimilt er búnaðarsamböndum eða hluta af þeim að ráða til sín búfjárræktarráðunaut, einnig nautgriparæktarsamböndum, ef hlutaðeigandi búnaðarsamband notar sér ekki heimild þessa. Starfssvæði það, sem ráðunautnum er ætlað, skal vera nægilega stórt að dómi Búnaðarfélags Íslands. Sé starfssvið ráðunautar minna en meðalsýslufélög, skal framlag ríkisins lækka í hlutfalli við það.

73. gr.

Ráðunautastarfsemi þessa styrkir ríkissjóður með því að greiða hálf laun ráðunautanna.

Til þess að styrkur þessi verði greiddur úr ríkissjóði, verða búnaðarsamböndin að leggja fram þar á móti eigi minna fé til starfseminnar. Heimilt er búnaðarsamböndunum að ákveða á aðalfundi, að framlagi héraðsins skuli, að einhverju eða öllu leyti, jafnað niður á búfjáreigendur, enda hafi gjaldið áður verið samþykkt af meiri hluta félagsmanna í hreppabúnaðarfélögunum. Skal þeim þá falin innheimta gjaldanna, og eru þau lögtakskræf.

Geti einstök félög eða hluti sambandssvæðisins ekki notið starfskrafta héraðsráðunautar í búfjárrækt að dómi Búnaðarfélags Íslands, skulu félagsmenn þess svæðis undanþegnir gjaldinu.

Gjalddagi þessara iðgjalda er fyrir 1. nóvember ár hvert, og skulu búnaðarfélögin hafa staðið hlutaðeigandi sambandi skil á greiðslunni fyrir 31. desember sama ár.

74. gr.

Hafi þeir aðilar, sem um ræðir í 72. gr., ákveðið að hefja starfsemi samkvæmt þessum kafla laganna og geta fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru, skulu þeir fá staðfestingu Búnaðarfélags Íslands á starfstilhöguninni.

75. gr.

Starfssvið héraðsráðunauta í búfjárrækt skal meðal annars vera sem hér segir:

1. Vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaganna sé framfylgt, og stuðla að stofnun félaga á sviði búfjárræktarinnar. Hafa eftirlit með þessum félögum og leiðbeina og aðstoða við skýrsluhald þeirra.
2. Ferðast um meðal bænda, eftir því sem við verður komið, skoða búfé þeirra og leiðbeina þeim með kynbætur, fóðrun og hirðingu þess. Þeir skulu enn fremur leiðbeina og aðstoða við kaup og sölu kynbótagripa.
3. Hafa umsjón með nautgripauppeldisstöðvum, sæðingastöðvum og samböndum nautgriparæktarfélaga, ef slík eru starfandi á svæðinu.
4. Mæta árlega á fundum hreppabúnaðarfélaga og búfjárræktarfélaga, ef þess er óskað, og eftir því, sem við verður komið, til að flytja þar fyrirlestra um búfjárrækt og félagsstarfsemi á því sviði.
5. Vinna í samvinnu við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt að kynbótastarfsemi, framkvæmd búfjársýninga o. fl.

76. gr.

Ekki mega búnaðarsambönd ráða aðra menn til þessara starfa en þá, sem lokið hafa háskólaprófi í búfræði, nema að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands.

Héraðsráðunautum skulu greidd laun samkvæmt VIII. launaflokki launalaganna.

77. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal annast greiðslur á fjártillagi ríkissjóðs til búnaðarsambandanna samkvæmt kafla þessum.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

78. gr.

Heimilt er að halda héraðssýningar fyrir aðrar búfjárgreinar en hross, þegar hlutaðeigandi héraðsstjórnir óska þess, þó ekki oftar en fjórða hvert ár, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands. Fleiri sýslur en ein eða sýsluhlutar geta verið saman um sýningar þessar.

Styrkja skal slíkar sýningar að ¾ hlutum úr ríkissjóði og að ¼ hluta úr hlutaðeigandi sýslusjóðum, er hvort tveggja gangi til gripaverðlauna. Auk þess styrks, sem sýslusjóður veitir til gripaverðlauna, ber sýslunefnd að annast undirbúning sýninganna. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um tilhögun héraðssýninga, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

79. gr.

Allar greiðslur, sem um ræðir í lögum þessum, skulu greiddar að viðbættri verðlagsvísitölu kauplagsnefndar á hverjum tíma, og skal, þar sem því verður við komið, miða við meðalvísitölu ársins á undan.

80. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal semja reglur um allar framkvæmdir þessara laga, og skulu þær fá samþykki landbúnaðarráðherra.

81. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessara laga, sker landbúnaðarráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður.

82. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 1000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé skal renna í sjóð þess búfjárræktarfélags, þar sem brotið er framið, ella í sveitarsjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

83. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 frá 10. nóv. 1913, um forðagæzlu, og lög nr. 52 frá 8. sept. 1931, um búfjárrækt, og allar síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim lögum.

Greinargerð.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendi nefndinni frumvarp þetta með tilmælum um, að nefndin flytti það. En frumvarpið var afgreitt á búnaðarþingi því, sem kom saman síðastliðinn vetur. Þótt landbúnaðarnefnd flytji frumvarp þetta, áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til þess að flytja breytingartillögur við frumvarpið og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Búfjárræktarnefnd búnaðarþings hefur tekið til rækilegrar athugunar frumvarp það til laga um búfjárrækt, sem lagt var fyrir búnaðarþing og samið var af ráðunautum Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt. Miðað við núgildandi lög um búfjárrækt, eru breytingarnar allmiklar, þar sem bætt hefur verið við fjórum nýjum köflum, og auk þess hafa verið gerðar talsverðar breytingar á sumum köflum hinna gildandi laga, sérstaklega kaflanum um hrossarækt. Hér verður aðeins getið helztu breytinganna.

Kaflinn um nautgriparækt er efnislega í meginatriðum óbreyttur. Nýmælin eru þau, að gefin er heimild til að styrkja nautauppeldisstöðvar og nautahald í sambandi við sæðingastöðvar. Enn fremur er ákvæði sett í frumvarpið um heimild til að veita einstökum kúm heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Þá hafa 1. verðlaun á naut verið hækkuð úr kr. 100.00 í kr. 300.00.

Útgjöld ríkissjóðs vegna breytinga á þessum kafla munu fyrst um sinn hækka mjög lítið þrátt fyrir þessar breytingar, vegna þess að 1. verðlauna naut eru mjög fá, og heiðursverðlauna kýr munu einnig verða mjög fáar. Styrkur til nautauppeldisstöðva verður ekki mikill, sökum þess að þar verður aðeins um uppeldi fárra kálfa að ræða árlega, og nú er aðeins ein slík stöð starfandi. Þótt tekinn hafi verið upp styrkur til nautahalds á sæðingarstöðvum, mun það ekki hafa aukin útgjöld í för með sér, þar sem styrkur til nautahalds í nautgriparæktarfélögum mun minnka að sama skapi eða meir.

Kaflinn um sauðfjárrækt er að mestu leyti óbreyttur, þó er hækkaður styrkur á ær í sauðfjárræktarfélögunum úr kr. 0.50 í kr. 1.00 á ári. Þetta hefur tiltölulega lítinn kostnað í för með sér, því að mjög fáar ær eru og munu verða í þessum félögum. Nýmæli eru um afkvæmasýningar fyrir hrúta og ær, þar sem verðlaun verða greidd úr ríkissjóði á úrvals hrúta og ær. Fjáreyðsla í þessu skyni mun ekki verða mikil, þar sem ekki er hægt að sýna aðrar kindur en þær, sem fullkomin ættarskýrsla og afurðaskýrsla er til yfir. Slíkar kindur eru fáar, og aðeins þær beztu hljóta verðlaunin. Ákvæðin í 48. gr. gildandi laga eru felld niður, en samkvæmt því er heimilt að greiða allt að kr. 5000.00 úr ríkissjóði árlega til eftirlits og verðlauna á sauðfjárræktarbúin. Má því gera ráð fyrir, að útgjöld vegna sauðfjár-

ræktarinnar samkvæmt hinum nýju ákvæðum verði ekki meiri en þau geta orðið samkvæmt núgildandi lögum.

Kaflinn um hrossarækt er nokkuð breyttur. Aðalbreytingarnar eru þessar:

Ákvæðin um sveitasýningar á hrossum eru felld niður, enda er í núgildandi lögum ætlazt til, að búnaðarsamböndin sjái eingöngu um þær, án styrks úr ríkissjóði, og geta þau því haldið þeirri starfsemi áfram, ef þau óska þess, við sömu aðstæður og áður.

Héraðssýningum er skapað fastara form og sýningarstaðir ákveðnir í lögunum, þannig að öll hrossaræktarhéruð geta auðveldlega notið sýninganna. Verðlaun á héraðssýningum eru stórlega hækkuð, enda er slíkt nauðsynlegt til að halda uppi nægum áhuga fyrir þátttöku í þeim.

Lögð er mun meiri áherzla á afkvæmasýningar en nú er, sem er sjálfsagt og réttmætt, þar sem þær hafi mest gildi frá kynbótasjónarmiði.

Þá er tekið upp það nýmæli að reka tamningarstöð fyrir stóðhesta á Hvanneyri, sem er ákjósanlegur staður fyrir slíka starfsemi, ekki sízt vegna hins myndarlega hesthúss, sem þar var nýlega reist. Gagnsemi þessarar starfsemi getur orðið mjög mikil, eins og reynsla nágrannaþjóða okkar hefur sýnt.

Enn fremur er tekið upp ákvæði um styrk til að greiða fyrir því, að úrvals hryssur verði leiddar til úrvals graðhesta.

Í gildandi lögum hefur verðlaunafé verið lagt fram bæði af hlutaðeigandi héruðum og því opinbera, en greiðslur þessar hafa verið lágar, bundnar við takmörkuð svæði í hvert skipti, og vísitala hefur ekki gilt á þær, svo að verðlaunafé hefur verið mjög óverulegt.

Á síðasta búnaðarþingi var nokkuð rætt um að skattleggja hrossin í þeim tilgangi að auka með því kynbótastarfsemina. Hugmynd þessi er tekin upp í frumvarpið og skapar grundvöll fyrir hinni auknu starfsemi og hækkun verðlaunanna. Skattur þessi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er kr. 0.40 á hvert hross í landinu, að því tilskildu, að ríkissjóður greiði þar á móti kr. 0,20 á hvert hross.

Vegna þess ástands, sem ríkt hefur á nokkrum hluta landsins í hrossaræktarmálum, eru miklar líkur fyrir, að ákvæði núgildandi laga um einangrun graðhesta hafi, þar sem ákvæðunum hefur ekki verið framfylgt sökum yfirgnæfandi andúðar á þeim, valdið kæruleysi um val graðhesta, sem gengið hafa lausir þrátt fyrir hin ströngu ákvæði laganna. Þess vegna er nú sett í uppkast þetta heimildarákvæði um, að þar, sem meiri hluti bænda, sem eiga sameiginleg upprekstrarlönd, óskar eftir að láta graðhesta sína ganga lausa á afréttarlöndum með hryssunum, þá er nú hægt að gefa heimild til þess með sérstökum skilyrðum.

Þrátt fyrir breytingar á þessum kafla munu útgjöld ríkissjóðs lítið sem ekkert hækka og verða fastbundin ákveðnu hámarki, miðað við hrossafjölda í landinu.

Kaflinn um svínarækt og alifuglarækt er nýr. Enn þá hefur engin leiðbeiningarstarfsemi í þessum búgreinum verið á vegum Búnaðarfélagsins, en þess er að verða brýn þörf. Þykir rétt að setja í búfjárræktarlögin ákvæði um ræktun þessara búfjárgreina, til þess að veita væntanlegum ráðunaut á þessu sviði traustari grundvöll til að starfa á, frekar en ef engin ákvæði væru til að því lútandi. Má vænta, að breyta þurfi þessum kafla fljótlega, þegar komið hefur í ljós, hvernig bezt verður unnið að ræktun þessara búfjártegunda á félagsgrundvelli. Útgjöld samkvæmt kafla þessum verða engin, fyrr en ráðinn verður ráðunautur á þessu sviði, en þá er hægt fyrir Búnaðarfélag Íslands og landbúnaðarráðherra að stilla í hóf öllum útgjöldum vegna starfseminnar eftir ástæðum.

Enn fremur er kaflinn um sæðingu búfjár nýr. Telja má, að kafli þessi sé eitt merkasta nýmæli í lagafrumvarpi þessu. Hér er um nýja og fljótvirka aðferð að ræða til að kynbæta búfé, þar sem auðvelt verður að útbreiða beztu og reyndustu karldýrin.

Aðferð þessi hefur á síðustu árum rutt sér ört til rúms í öllum helztu búfjárræktarlöndum heims og gefið góða raun. Það, sem m. a. mælir sérstaklega með

þessari aðferð hér á landi, er, að hún dregur mjög úr þeirri hættu, að sjúkdómar berist milli landa og landshluta með kynbótadýrum, en þetta atriði er mikilsvert fyrir íslenzka bændur nú vegna sjúkdómavarnanna, sem gera víða ómögulegt að flytja kynbótagripi milli héraða, hversu brýn sem nauðsyn þess kann að vera. Það hefur allmikinn kostnað í för með sér að koma á stofn sæðingarstöðvum, og rekstur þeirra verður kostnaðarsamur í fyrstu, meðan starfsemin er að komast í fast horf og bændur að fá traust á henni, svo að þeir minnki við sig nautahald og fallist á að greiða sæðingarstöðvunum nauðsynleg gjöld. Því er svo ráð fyrir gert, að ríkissjóður greiði laun sérfræðings, meðan hann er að koma rekstri stöðvarinnar í gott horf. Enn fremur er ætlazt til, að ríkissjóður greiði til reksturs stöðvarinnar kr. 7.00 fyrir hverja sædda kú og kr. 0.50 á sædda á. Útgjöld samkvæmt kafla þessum geta numið nokkurri upphæð, þó ekki mikilli fyrst um sinn, þar sem aðeins ein sæðingarstöð er starfandi nú sem stendur. Hins vegar má búast við því, ef áhugi er fyrir hendi, að útgjöld muni vaxa á næstu árum, en því fé væri vel varið, vegna þess að starfsemi þessi mundi flýta mjög fyrir kynbótum búfjárins yfirleitt.

Kaflinn um ræktun erlendra búfjárkynja er einnig nýmæli í lagafrumvarpi þessu. Hann skýrir sig sjálfur og krefst engra útgjalda af hálfu hins opinbera.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á kaflanum um fóðurbirgðafélög. Tekið hefur verið inn í kafla þennan ákvæði eldri laga um forðagæzlu. Heimild til að stofna fóðurbirgðafélög er sú sama og í gildandi lögum, að öðru leyti en því, að óheimilt er að stofna slík félög nema þau nái til allra búenda í hreppnum.

Í frumvarp þetta hefur verið tekinn upp nýr kafli, um starfsemi héraðsráðunauta í búfjárrækt. Gert er ráð fyrir, að búnaðarsambönd, eitt eða fleiri, ráði til sín búfjárræktarráðunauta og að ríkissjóður styrki samböndin til þessa með því að greiða hálf laun ráðunautanna. Vegna síaukinnar ræktunarstarfsemi á sviði búfjárræktarinnar, er bændum nauðsynlegt, að starfandi séu búfjárræktarráðunautar innan búnaðarsambandanna til hjálpar, leiðbeininga og eftirlits á þessu sviði, því að búfjárræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands komast ekki yfir allt það starf.

Tekið er fram í kaflanum um almenn ákvæði, að allar greiðslur samkvæmt frumvarpi þessu skuli greiddar með uppbót samkvæmt verðlagsvísitölu kauplagsnefndar, enda er það nauðsynlegt meðan verðlag og kaupgreiðslur eru háð slíkum breytingum sem nú á sér stað.

Nd. 810. Frumvarp til laga

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1943.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1943 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

I. Innborganir.

		Áætlun:		Reikningur:
Tekjur samkv. 2. gr. fjárlaga	kr.	57 615 000.00	kr.	86 557 775.81
— — 3. — A. —	—	7 761 000.00	—	23 108 277.06
— — 3. — B. —	—	8 440.00	—	18 364.03
— — 4. — —	—	318 000.00	—	415 736.70
— — 5. — —	—	50 000.00	—	685 047.65
Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	641 203.00	—	22 912 188.55
Greiðslujöfnuður			—	2 522 952.85
	Kr.	66 393 643.00	Kr.	136 220 342.65

II. Útborganir.

			Áætlun:		Reikningur:
Gjöld samkv. 7. gr. fjárlaga	kr.	1 345 980.00	kr.	1 579 994.65
— — 8. — —	—	150 000.00	—	162 741.64
— — 9. — —	—	553 889.00	—	963 174.71
— — 10. — —	—	1 363 434.00	—	1 739 063.62
— — 11. — A. —	—	3 576 420.00	—	6 447 793.84
— — 11. — B. —	—	918 879.00	—	1 374 011.21
— — 12. — —	—	2 151 150.00	—	1 710 178.32
— — 13. — A. —	—	9 873 152.00	—	12 627 038.63
— — 13. — B. —	—	2 181 320.00	—	4 071 622.58
— — 13. — C. —	—	3 224 900.00	—	6 137 279.07
— — 13. — D. —	—	150 000.00	—	184 001.48
— — 14. — A. —	—	569 980.00	—	803 144.91
— — 14. — B. —	—	4 681 416.00	—	5 284 419.70
— — 15. — —	—	1 051 970.00	—	1 363 497.79
— — 16. — —	—	9 351 461.00	—	20 307 351.32
— — 17. — —	—	5 869 850.00	—	9 193 042.45
— — 18. — —	—	391 204.00	—	394 732.58
— — 19. — —	—	13 831 500.00	—	18 390 674.83
Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	4 169 901.00	—	43 486 579.32
Greiðslujöfnuður	—	987 237.00		
	Kr.	66 393 643.00	Kr.	136 220 342.65

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er í sama formi sem reikningslög þau, er áður hafa verið samþykkt. Ríkisreikningur fyrir 1943 verður lagður samhliða þessu frv. fyrir Alþingi, en hann telur allar tekjur og gjöld í sömu röð sem fjárlögin, og vísast til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

Sþ. 811. Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árið 1943.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1943, eru veittar kr. 6 051 703.93 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 34 699 804.37 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—14. gr. hér á eftir, samtals kr. 40 751 508.30.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

A.

1. Póstsjóður:				
2. Pósthúsið í Reykjavík	kr.	116 600.93		
3. Önnur pósthús	—	70 398.47		
			kr.	186 999.40

2. Landssíminn:

a.	Til einkasíma í sveitum	kr.	2 320.00		
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík	—	262 026.99		
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	—	10 224.84		
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	—	25 178.80		
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	—	305 012.15		
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	—	117 414.88		
	8. — á Seyðisfirði	—	95 737.01		
	9. — á Ísafirði	—	48 669.65		
	10. Símastöðin á Borðeyri	—	69 710.35		
	11. — í Vestmannaeyjum	—	68 173.73		
	12. — á Siglufirði	—	66 442.80		
	13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva	—	306 441.10		
d.	Viðbót og viðhald stöðva	—	191 836.58		
f.	Viðhald landssímanna	—	751 156.51		
l.	Burðargjald	—	9 780.95		
				kr.	2 330 126.34
	Eignabreytingar. Út:				
5.	Til birgðahúss í Reykjavík	kr.	83 328.40		
6.	Til póst- og símahúss á Akureyri	—	83 113.93		
7.	Til póst- og símahúsa annars staðar	—	295 408.00		
8.	Til fjarstýrðra viðtækja við bátatalstöðina á Siglufirði	—	19 680.26		
				—	481 530.59

3. Áfengisverzlun ríkisins:

II.	a. Laun starfsmanna	kr.	130 767.73		
	b. Útsvar	—	736 199.18		
	d. Kostnaður við áfengisúthlutun	—	105 746.16		
	e. Annar kostnaður	—	123 550.69		
	f. Fyrningar	—	4 865.00		
	g. Flutningskostnaður	—	75 361.74		
	h. Vextir og bankakostnaður	—	52 008.49		
	i. Viðgerð og breytingar á Nýborg	—	353 964.27		
				—	1 582 463.26

4. Tóbakseinkasalan:

II.	Gjöld 1.—7.	—	88 947.35

5. Ríkisútvarpið:

II.	a. 1. Starfsmannalaun	kr.	245 450.22		
	4. Skrifstofukostnaður	—	44 220.74		
	5. Húsaleiga, ljós og hiti	—	13 843.97		
	6. Til útvarpsstöðva	—	3 520.69		
				—	307 035.62
III.	Viðtækjaverzlun ríkisins:				
	b. Gjöld 1.—2.			—	144 518.58

6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:

II.	1. a. Laun starfsmanna	kr.	2 734.53		
	b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	—	184 286.02		
	2. Efnivörur	—	48 278.53		
	7. Lagt í lífeyrissjóð	—	27 302.96		
	8. Lagt til hliðar fyrir skatti til bæjarsjóðs	—	20 892.48		
	9. Halli á rekstri fasteigna	—	11 358.54		
				—	294 853.06

7. Landssmiðjan:

II. 1.	Laun starfsmanna	kr.	20 108.86		
2.	Vextir	—	24 836.72		
4.	Annar kostnaður	—	63 579.78		
5.	Fyrningar á húsum og vélum	—	106 006.73		
6.	Útsvar og skattar	—	299 063.94		
7.	Viðgerð og breytingar á húseigninni	—	68 497.26		
				kr.	582 093.29

14. Skólabúið á Hólum:

	Rekstrarhalli			—	12 339.08

15. Skólabúið á Hvanneyri:

	Rekstrarhalli			—	13 711.71

B.

2. Arnarhvoll:

II. 2.	Ýmis rekstrarkostnaður			—	27 085.65
				Samtals kr.	6 051 703.93

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. er veitt:
Vextir af lánum ríkissjóðs:

1.	Innlend lán	kr.	22 810.13		
2.	Dönsk lán	—	6 672.36		
3.	Ensk lán	—	29 296.93		
5.	Lausaskuldir	—	92 876.51		
6.	Vaxtatap vegna gjaldeyrisvarasjóðs	—	105 777.54		
				kr.	257 433.47

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. er veitt:

	Kostnaður við æðstu stjórn landsins			—	12 741.64

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:
Til ríkisstjórnarinnar.

I. Stjórnarráðið.

2.	Stjórnarráðið:				
	a. Laun:				
	3. Fjármálaráðuneytið	kr.	11 209.34		
	4. Viðskiptamálaráðuneytið	—	20 550.00		
	5. Utanríkisráðuneytið	—	8 147.67		
	6. Aðrir starfsmenn	—	600.96		
	b. Annar kostnaður	—	104 056.01		
3.	Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:				
	a. Laun	—	11 483.33		
	b. Annar kostnaður	—	5 775.14		
5.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:				
	b. Til pappírs og prentunar	—	15 530.40		
6.	Til umb. og viðh. á ráðherrabúst. og stjr.húsi	—	48 392.94		
	Flutt af 22. gr.	—	5 842.50		

II. Hagstofan.

1.	Laun og aðstoð	kr.	71 142.26	
4.	Húsaleiga	—	1 994.82	

III. Utanríkismál.

2.	Til sendiráðsins í Stokkhólmi:			
	a.—c. Laun o. fl.	—	24 762.94	
3.	Til sendiráðsins í London:			
	a.—c. Laun o. fl.	—	72 173.68	
4.	Til sendiráðsins í Washington:			
	a.—c. Laun o. fl.	—	94 535.62	
			kr.	496 197.61

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

1.	Hæstiréttur:			
	b. Annar kostnaður	kr.	6 401.20	
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra	—	1 072.17	
3.	Laun hreppstjóra	—	8 034.30	
4.	Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:			
	a. Laun og aðstoð	—	17 300.00	
	b. Húsaleiga o. fl.	—	3 360.00	
	c. Ýmis gjöld	—	22 255.81	
5.	Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:			
	a. Laun og aðstoð	—	37 850.57	
	b. Húsaleiga o. fl.	—	6 074.16	
	c. Ýmis gjöld	—	65 050.41	
6.	Skrifstofukostn. lögreglustjórans í Reykjavík:			
	a. Laun	—	900.00	
	b. Ljós, hiti og ræsting	—	31 623.50	
	c. Ýmis gjöld	—	26 437.42	
7.	Skrifstofukostnaður sakadómara:			
	a. Laun	—	2 800.00	
	b. Ýmis gjöld	—	18 697.28	
	c. Húsaleiga, ljós og hiti	—	16 951.48	
8.	Toll- og löggæzla:			
	a. Í Reykjavík:			
	1. Laun og aðstoð	—	40 974.50	
	2. Annar kostnaður	—	54 746.77	
	c. Vegaeftirlit:			
	1. Laun	—	600.00	
	2. Annar kostnaður	—	9 439.21	
9.	Bifreiðaeftirlit:			
	a. Laun kr. 5 400.00			
	b. Annar kostnaður — 92 398.32			
	kr. 97 798.32			
	÷ prófgjöld og skoðunargjöld umfram áætlun — 47 544.44			
		—	50 253.88	
10.	Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði	—	408 048.82	
11.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfóg.	—	28 455.00	

12.	Til landhelgisgæzlu	kr.	1 718 585.60	
13.	Til hegningarhússins í Reykjavík o. fl.	—	52 366.59	
14.	Til vinnuhælisins á Litla Hrauni	—	77 599.17	
15.	Kostnaður við sakamál og lögreglumál	—	96 543.35	
16.	Borgun til sjódómsmanna	—	10 100.00	
18.	Til setu- og varadómara	—	11 970.40	
19.	Löggildingarstofan	—	46 115.21	
22.	Kostnaður við ungmennaeftirlit	—	4 755.53	
23.	Kostnaður við útlendingaeftirlit	—	214.50	
	Flutt af 22. og 24. gr.	—	14 664.90	
				kr. 2 890 241.73

B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:

1.	Burðareyrir og embættisskeyti:			
	a. og b.	kr.	76 948.06	
2.	Brunaábyrgðar- og fasteignagjald nokkurra ríkisfasteigna	—	726.14	
4.	Skatta- og fasteignamatskostnaður:			
	a. Skattstofan í Reykjavík	—	145 450.02	
	b. Skattanefndir	—	135 170.69	
	c. Fasteignamat	—	8 011.82	
5.	Til ríkisskattanefndar	—	54 457.22	
6.	Eyðublöð, bókband, auglýsingar	—	35 291.76	
				— 456 055.71

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

Til læknaskipunar og heilbrigðismála:

2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis	kr.	2 470.00	
3.	Styrkur til læknisvitjana	—	4 140.00	
4.	Til augnlækningaferða	—	800.00	
8.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum:			
	Rekstrarkostnaður	—	52 845.94	
12.	Til athugunarstöðvar barnaverndar	—	5 392.18	
13.	Önnur gjöld:			
	c. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknabústaði	—	20 000.00	
	d. Vaxtagreiðslur af skuldum læknabústaða	—	900 00	
	g. Bólusetningarkostnaður	—	2 506.85	
	h. Varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma .	—	1 000.00	
	i. Varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands	—	804.29	
	k. Heilbrigðiseftirlit með alþýðuskólum	—	707.30	
14.	Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna ..	—	12 031.90	
	Flutt af 22. og 24. gr.	—	105 963.76	
				— 209 562.22

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:
Til samgöngumála.

A. Vegamál:

I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga	kr.	11 617.57	
	5. Skrifstofukostnaður	—	23 605.24	

II. Þjóðvegir:

a. Til nýrra akvega:

4.	Hálsasveitarvegur	kr.	647.86
5.	Álftaneshreppsvegur	—	202.51
8.	Ólafsvíkurvegur	—	5 662.08
9.	Eyrarsveitarvegur	—	5 388.03
10.	Stykkishólmsvegur	—	9 174.21
11.	Skógarstrandarvegur	—	1 603.27
12.	Dalasýsluvegur	—	17 410.18
13.	Klofningsvegur	—	11 923.28
14.	Laxárdalsvegur	—	3 712.16
15.	Reykhólavegur	—	205.33
16.	Barðastrandarvegur	—	6 100.82
17.	Tálknafjarðarvegur	—	2 153.15
18.	Bíldudalsvegur	—	712.35
19.	Rafnseyrarheiðarvegur	—	406.05
21.	Súðavíkurvegur	—	780.39
23.	Kaldrananeshreppsvegur	—	524.35
24.	Steingrímsfjarðarvegur	—	8 961.91
25.	Bitruvegur	—	1 864.46
26.	Vesturhópsvegur	—	3 802.14
27.	Vatnsdalsvegur	—	1 340.31
31.	Vatnsskarðsvegur	—	17 858.96
32.	Gönguskarðsvegur	—	4 555.76
35.	Hofsósvegur	—	67 518.24
36.	Fljótavegur	—	21 224.07
40.	Öxnadalsheiðarvegur	—	24 492.60
41.	Svalbarðsstrandarvegur	—	1 588.62
42.	Ljósavatnsskarðsvegur	—	3 657.24
43.	Kinnarbraut	—	3 423.69
44.	Kinnarbraut í Aðaldælahreppi	—	1 721.64
45.	Bárðardalsvegur	—	365.31
46.	Hvammsheiðarvegur	—	974.21
48.	Kelduhverfisvegur	—	207.48
49.	Kópaskersvegur	—	738.52
50.	Öxarfjarðarheiðarvegur	—	292.75
51.	Langanesvegur	—	4 808.52
58.	Úthéraðsvegur	—	524.60
62.	Fáskrúðsfjarðarvegur	—	310.03
63.	Oddskarðsvegur	—	54.83
64.	Berunes- og Breiðdalsvegur	—	1 650.05
65.	Geithellnahreppsvegur	—	588.69
66.	Almannaskarðsvegur	—	507.97
67.	Inn-Nesjavegur	—	413.12
68.	Innbyggðar- og Mýravegur	—	173.59
69.	Melatangavegur	—	843.51
72.	Skaftártunguvegur	—	1 431.60
73.	Síðuvegur	—	43.02
74.	Meðallandsvegur	—	341.84
75.	Mýrdalsvegur	—	1 241.78
79.	Miðeyjarvegur	—	1 405.96
b.	Viðhald og endurbætur	—	2 362 102.15

III.	Til brúagerða:			
	3. Eldvatnsskorur í Meðallandi	kr.	18 084.54	
	4. Kambsá o. fl.	—	8 436.60	
	7. Laxá í Hvammssveit	—	7 156.32	
	8. Bjarnardalsá	—	1 839.90	
	10. Langadalsá	—	34 189.24	
	13. Holtsá í Svarfaðardal	—	5 298.46	
	22. Ýmsar smábrýr	—	52 411.60	
	23. Brýr á sýsluvegum:			
	a. Laxá hjá Arnarvatni	—	20 280.08	
	b. Leirá í Leirársveit	—		
IV.	Til fjallvega	—	3 018.86	
VI.	Til sýsluvega:			
	2. Til sýsluvegasjóða	—	49 930.66	
XIII.	Iðgjöld til slysatryggingarinnar	—	16 509.52	
				kr. 2 860 013.78
	B. Samgöngur á sjó:			
1.	Til strandferða:			
	a. Ríkissjóðs	kr.	1 857 152.58	
	Flutt af 22. og 24. gr.	—	49 000.00	
				— 1 906 152.58
	C. Vitamál og hafnargerðir:			
I.	Stjórn og undirbúningur vita og hafnarmála:			
	3. Húsaleiga, ljós og hiti	kr.	1 416.09	
	4. Til skrifstofuhalds	—	634.46	
	5. Ferðakostnaður og fæðispeningar	—	349.10	
III.	Reksturskostnaður vitanna	—	111 934.74	
XI.	Til bryggjugerðar og lendingarbóta gegn jöfnu framlagi annars staðar að:			
	1. Til bryggjugerðar í Vopnafirði	—	784.88	
	3. Til bryggjugerðar í Hnífsdal	—	25 000.00	
	Flutt af 24. gr.	—	3 300 000.00	
				— 3 440 119.27
	D. Til flugmála:			
a.	Samkvæmt ákv. ríkisstjórnarinnar	kr.	1 001.48	
	Flutt af 22. gr.	—	33 000.00	
				— 34 001.48

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:
Til kirkju- og kennslumála:

	A. Kirkjumál:			
a.	Biskupsdæmið:			
	2. Húsaleigustyrkur	kr.	5 981.02	
	3. Skrifstofukostnaður	—	2 000.00	
b.	Önnur gjöld:			
	1. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta	—	12.82	
	2. Framlög til prestlaunasjóðs	—	59 681.02	
	4. Embættiskostnaður presta	—	1 395.83	
	5. Til húsabóta á prestssetrum	—	23 420.79	
	6. Til endurbóta á íbúðarhúsum prestssetra	—	56 396.96	
	Flutt af 22. og 24. gr.	—	84 276.47	
				— 233 164.91

B. Kennslumál:

I.	Háskólinn:		
	1. Laun	kr.	6 570.69
	6. Til bókavörzlu	—	725.00
	8. Til breytingar tannlæknadeildar	—	14 114.47
	11. Til kennslu í efnafræði	—	1 260.00
	12. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	—	44 112.14
	13. Til kennslu í verkfræði	—	16 996.09
	16. Ýmis gjöld	—	
	Prófkostn. og prentun	—	84 087.38
	Viðhald og tryggingar	—	
	Kostn. við Rockefellerstofnunina	—	
	25. Til tímakennslu í viðskiptafræði	—	3 385.92
	29. Til íþróttakennslu	—	2 652.57
II.	Námsstyrkur erlendis:		
	2. Námsstyrkur skv. ákv. menntamálaráðs	—	9 104.13
	3. Námsstyrkur samkv. þál. 30. apr. 1942	—	14 693.62
III.	Fræðslumálastjórnin:		
	1. og 2. Föst laun og persónuuppbót	—	2 450.00
	3. Skrifstofu- og ferðakostnaður	—	16 238.56
IV.	Menntaskólinn í Reykjavík:		
	a. Laun	—	191.51
	b. Önnur gjöld:		
	3. Til viðhalds	—	17 522.53
	4. Til stundak. og prófd.	—	37 173.58
	7. Ýmis gjöld	—	570.43
	12. Húsaleiga eftir leikfimihús	—	7 819.17
	13. Til skólalæknis	—	780.00
	14. Opinber gjöld af skólahúsum	—	1 623.51
V.	Menntaskólinn á Akureyri:		
	a. Laun	—	12 138.17
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til aukakennara og stundakennslu	—	6 524.12
	3. Til bóka- og kennsluáhalda	—	518.82
	6. Til dyravörzlu	—	355.70
	7. Til viðhalds og endurbóta	—	30 024.72
	8. Til ýmissa gjalda	—	15 602.14
	9. Til verðlaunabóka	—	28.25
	13. Opinber gjöld	—	1 569.43
VI.	Kennaraskólinn:		
	a. Laun	—	1 486.00
	b. Önnur gjöld:		
	1. Stundakennsla	—	3 925.32
	6. Ýmis gjöld	—	15 140.49
VII.	Stýrimannaskólinn:		
	a. Laun	—	46.00
	c. Önnur gjöld:		
	2. Til eldiviðar og ljósa	—	2 318.34
	3. Til Sveinbjarnar Egilson	—	425.83
VIII.	Vélstjóraskólinn:		
	a. Laun	—	1 646.33
	b. Önnur gjöld:		
	3. Ljós, hiti og ræsting	—	2 592.19

IX.	Bændakennsla:		
	1. Til bændaskólans á Hólum:		
	a. Laun	kr.	768.71
	b. Til smíðakennslu o. fl.	—	2 475.00
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms	—	3 075.00
	2. Til kennsluáhalda	—	559.90
	3. Til eldiviðar og ljósa	—	1 623.24
	4. Til viðhalds	—	477.49
	5. Verkfæri	—	2 327.76
	6. Ýmis gjöld	—	2 556.98
	2. Til bændaskólans á Hvanneyri:		
	a. Laun	—	2 864.74
	b. Til smíða- og leikfimikennslu	—	683.75
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms	—	15 257.15
	2. Til kennsluáhalda	—	399.49
	3. Til eldiviðar og ljósa	—	1 322.37
	4. Til viðhalds	—	7.64
	6. Ýmis gjöld	—	5 507.80
	3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum:		
	d. Önnur gjöld:		
	2. Til kennsluáhalda	—	1 086.88
	3. Til viðhalds	—	4 197.39
	4. Ýmis gjöld	—	2 593.95
	6. Til gróðurhúsabygginga	—	10 000.00
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
	1. Laun kennara við fasta skóla	—	10 308.84
	2. Laun farkennara	—	8 097.00
	3. Til aukakennslu og eftirlits	—	16 522.20
	4. Til kennslueftirlits	—	595.61
	5. Til framkv. sundskyldu í barnaskólum	—	39 746.12
	6. Til ferðakennslu í íþróttum	—	1 255.60
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
	1. Til alþýðuskólans á Eiðum:		
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til kennsluáhalda	—	143.40
	2. Til eldiviðar og ljósa	—	3 256.18
	3.—4. Viðhald og ýmis gjöld	—	6 100.42
	2. Til héraðsskóla, rekstrarstyrkur	—	10 485.00
	6. Til gagnfræðaskóla	—	13 557.58
	9. Til unglingafræðslu utan kaupstaða	—	1 750.00
XV.	Húsmæðrafræðsla:		
	1. Styrkur til húsmæðraskóla	—	98 170.05
	2. Til byggingar húsmæðraskóla í sveitum	—	500.84
	4. Til húsmæðrakennaraskóla	—	12 595.01
	6. Til húsmæðrafræðslu Árnýjar Filippusd.	—	1 312.50
XVI.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja:		
	2. Annar kostnaður	—	37 878.79
XVIII.	Sundkennsla:		
	1. Laun Ólafs Pálssonar	—	1 350.00
XXIII.	Til íþróttakennaraskóla ríkisins á Laugarvatni	—	4 746.00

XXVIII.	Til íþróttasjóðs	kr.	7 500.00		
	Flutt af 22. og 24. gr.	—	82 278.77		
				kr.	792 348.30

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til vísinda, bókmennta og lista.

1.	Landsbókasafnið:				
	a.—c. Laun o. fl.	kr.	5 974.99		
	d. Til að kaupa bækur o. fl.	—	19 373.80		
	j. Brunaábyrgðargjald	—	90 00		
	k. Húsaleiga	—	367 00		
2.	Þjóðskjalasafnið:				
	a. Laun	—	6 236.67		
	d. Til Björns K. Þórólfssonar	—	2 600.00		
3.	Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:				
	a. Laun þjóðminjavarðar	—	2 100.00		
4.	Til Náttúrufræðifélagsins	—	19 000.00		
5.	Landsbókasafnshúsið:				
	a. Til eldiviðar, ljósa o. fl.	—	3 889.97		
	d. Skattar og tryggingar	—	8 481.87		
	2. Annar kostnaður	—	6 182.97		
6.	Til kaupstaðabókasafna	—	1 800.00		
7.	Aukastyrkur til bókasafna:				
	h. Til bókasafns Vestmannaeyja	—	550.00		
9.	Til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi	—	1 500.00		
18.	Til sýslubókasafna	—	4 500.00		
28.	Til fornritaútgáfunnar	—	4 000.00		
29.	Til sama vegna útgáfu Heimskringlu	—	4 000.00		
54.	Styrkur til skálda, rithöfunda og listamanna	—	6 005.48		
55.	Til vísinda- og fræðimanna	—	128.52		
58.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar	—	2 776.72		
61.	Til greiðslu á byggingarlánum málaranna Ásgríms Jónssonar og Jóns Stefánssonar	—	3 128.47		
62.	Kostnaður við friðun Þingvalla	—	9 065.73		
	Flutt af 22. og 24. gr.	—	247 093.65		
				—	358 845.84

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Til verklegra fyrirtækja:

2.	Til Búnaðarfélags Íslands	kr.	35 000.00		
7.	Gjöld samkv. jarðræktarlögum:				
	a. Jarðabótastyrkur	—	93 428.65		
9.	c. Til bygginga á jörðum ríkisins	—	1 915.77		
12.	Til tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins	—	3 257.10		
14.	Kreppulánasjóður bæjar- og sveitarfélaga	—	42 210.40		
19.	Til skógræktar:				
	b. Skóggræðsla	—	48 150.16		
20.	Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu	—	5 455.00		
27.	Til kaupa á skurðgröfum og graftarvél	—	1 500.00		
29.	a. Laun 6 dýralækna	—	1 087.41		
	c. Til Guðbr. Hlíðar	—	309.36		
	d. Til Páls Pálssonar	—	309.36		

32.	Til rannsóknarstofu atvinnuveganna:			
	a. Annar kostnaður	kr.	6 408.69	
	b. Annar kostnaður	—	5 965.52	
	e. Tilraunabú á Keldum:			
	Laun:	—	13 200.00	
	Annar kostnaður	—	117 411.13	
	f. Fjárræktarbú á Hesti	—	21 332.40	
	Tekjur deilda og gjöld	—	47 291.40	
35.	Til veðurstofu Íslands:			
	b. Til aðstoðar	—	2 122.80	
36.	Rafmagnseftirlit ríkisins:			
	b. Annar kostnaður	—	193 714.53	
37.	Eftirlit með verksmiðjum og vélum:			
	a.—b. Laun og annar kostnaður	—	24 806.45	
40.	Kostnaður vegna laga um lax- og silungsveiði	—	7 748.22	
44.	Til matvælaeftirlits a.—b.	—	7 912.00	
45.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:			
	a. 5 fiskimatsmenn	—	6.00	
	b. 4 ullarmatsmenn	—	2 000.00	
	c. 3 kjötmatsmenn	—	750.00	
	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	—	22 613.19	
46.	Eftirlit með skipum og bátum:			
	b. Skrifstofukostn. og aðstoð	—	3 835.22	
54.	Til Guðmundar Kristinssonar myndskera	—	500.00	
57.	Til Sambands norðlenzkra kvenna	—	1 000.00	
68.	Til vinnumiðlunar	—	23 729.99	
76.	Til húsameistara ríkisins:			
	b. Skrifstofukostnaður	—	32 606.02	
79.	Til skuldaskilasjóðs útvegsmanna	—	21 774.41	
84.	Kostnaður við sauðfjársjúkdóma	—	649 146.76	
86.	Kostnaður vegna húsaleigunefnda	—	65 568.30	
	Flutt af 22. og 24. gr.	—	10 809 340.94	
				kr. 12 313 407.18

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:
Til almennrar styrktarstarfsemi:

1.	Styrkur til berklavarna:			
	c. Annar kostnaður	kr.	58 342.65	
3.	Gjöld vegna laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna	—	3 733.19	
5.	Til alþýðutrygginga	—	385 363.86	
6.	Til jöfnunarsjóðs sveitar- og bæjarfélaga	—	150 806.30	
12.	Til barnaheimila og barnaverndar	—	12 822.60	
17.	Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erl.	—	10 301.79	
30.	Til sjúkrasjóðs verkamannafél. á Þingeyri	—	300.00	
48.	Kostnaður við sumardvöl barna í sveit	—	44 863.12	
	Flutt af 24. gr.	—	3 016 266.67	
				— 3 682 800.18

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

Eftirlaun og styrktarfé	—	3 528.58

14. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:			
Uppbætur	kr.	2 813 610.40	
4. Til annarra útgjalda	—	1 939 579.49	
			kr. 4 753 189.89
		Samtals	kr. 34 699 804.37

Ástæður

fyrir frumvarpi þessu eru í ríkisreikningi 1943, athugasemdum yfirskoðunarmanna og svörum ráðherra við þeim athugasemdum.

Ed. 812. Nefndarálit

um frv. til laga um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn vill vísa frumv. frá með rökstuddri dagskrá. Ég vil hins vegar, að málið fái efnislega og jákvæða afgreiðslu á þessu þingi.

Efni frumvarpsins er tvenns konar: Í fyrsta lagi að gerð verði landshöfn í Höfn í Hornafirði, og í öðru lagi að ríkið láti reisa þar og reka fiskiðjuver.

Ég tel mikla þörf á, að ríkið láti reisa fiskiðjuver í þeim verstöðvum landsins, þar sem mikill afli berst að landi, til þess að tryggja sem bezta og hagnýtasta vinnslu aflans og auka þannig verðmæti veiðinnar. Ég tel og sjálfsagt, að eitt slíkra fiskiðjuvera verði reist í Höfn í Hornafirði. Hins vegar álít ég réttara, að sett verði almenn löggjöf um fiskiðjuver ríkisins — fremur en að blanda ákvæðum þar um inn í hafnarlög —, og með því að nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til slíkra laga, þar sem Höfn í Hornafirði er tilgreind meðal þeirra staða, sem fiskiðjuver ríkisins skuli reist á, tel ég réttara að nema ákvæðin þar um úr þessu frumvarpi og láta það fjalla aðeins um landshöfnina.

Á síðasta aðalþingi var flutt í neðri deild frumv. um landshöfn í Höfn í Hornafirði. Málinu var þá vísað frá með rökstuddri dagskrá, þar sem því var beint til ríkisstjórnarinnar að láta fara fram „nauðsynlegar rannsóknir á byggingu landshafnar í Hornafirði“ og á fleiri tilgreindum stöðum. Nú hefur vitamálaskrifstofan framkvæmt þessar rannsóknir varðandi hafnargerð í Hornafirði og gert um það kostnaðaráætlun með tvenns konar tilhögun. Fylgja þær áætlanir hér með sem fylgiskjal. Þegar þannig hefur verið framkvæmdur sá undirbúningur, sem talið var að á vantaði, þegar frumvarpið var flutt hið fyrra sinn, get ég ekki fallizt á, að því sé enn vísað frá afgreiðslu.

Þegar frumv. var lagt fram á Alþingi, lágu áætlanir vitamálaskrifstofunnar enn ekki fyrir. Þegar þær bárust, kom í ljós, að fjárhæð sú, 2 millj. króna, sem frumv. reiknar með, er of lág. Samkvæmt tilhögun I. er hafnargerðin áætluð að kosta rúml. 4 millj. króna, en samkv. tilhögun II. liðið eitt innan við 3 milljónir. Ég flyt því breytingartillögu um þetta atriði til samræmis við áætlun vitamálaskrifstofunnar.

Hafnarnefnd Hafnarhrepps hefur sent Alþingi einróma áskorun um að samþykkja frumvarpið. Sams konar áskorun hefur Alþingi og borizt frá 138 sjómönnum og útvegsmönnum af Suðaustur- og Austurlandi, sem útveg stunda frá Höfn í Hornafirði. Birti ég hvort tveggja hér með sem fylgiskjöl.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Í staðinn fyrir „2 millj. kr.“ komi: 4.5 millj. kr.
2. Við 4.—6. gr. Greinarnar falli niður.
3. Við 7. gr. Orðin „og fiskiðjuversins mannvirki, er þarf til að gera hvort tveggja, og“ í 1. málslið falli niður.

Alþingi, 10. maí 1947.

Steingr. Aðalsteinsson.

Fylgiskjal I.

4. marz 1947.

Höfn í Hornafirði.
Áætlun um landshöfn. Tilhögun I.

Dýpkun.

Gert er ráð fyrir, að grafin sé renna úr álnum inn með eyjunni Ósland, á milli hennar og Álaugareyjar. Fremri hluti rennunnar er grafinn niður í 5 m dýpi miðað við lægsta fjöruborð, þannig að hafskip geti komizt þar inn. Er sá hluti rennunnar ca. 240 m á lengd, um 40 m á breidd efst og 130 m fremst, miðað við fullt dýpi. Innarlega í rennunni er hafskipabryggja 12 m á breidd og 70 m á lengd. Heldur rennan áfram um 320 m inn með Óslandi með 40 m breidd, en er hér grafin aðeins niður í 3 m dýpi, miðað við venjulegt fiskibátadýpi. Frá hafskipabryggjunni tekur við bátabryggja meðfram rennunni. Er hún 300 m á lengd og 10 m á breidd. Gert er einnig ráð fyrir að grafa mjórri rennu inn á svæðið framan við núverandi bátabryggju og dýpka nokkuð á 40—50 m breiðri spildu meðfram bryggjunum, þannig að sæmilegt bátadýpi fáist þar einnig. Nemur þessi síðasttalda dýpkun um 24 þús. m^3, en öll sú dýpkun, sem nú er talin, mun nema um 190 þús. m^3. Einnig er hér reiknað með, að dýpka þurfi nokkuð innsiglingarleiðina, einkum í námunda við eyjuna „Helli“, enda er dýpi þar aðeins 3—4 m, yrði grafin þar sæmileg renna í gegnum aðalgrynningarnar 300—400 m á lengd, mundi sú dýpkun nema um 20 þús. m^3. Yrði þá öll dýpkun samtals **210 þús. m^3**.

Fyllingar.

Gert er ráð fyrir að nota mikinn hluta dýpkunarmagnsins til uppfyllingar. Er þá gert ráð fyrir fyrirhleðslu úr niðurreknum plönkum (2½″—3″) og studdir með skástaurum. Er lega þess sýnd á meðfylgjandi uppdrætti. Gengur það út frá vesturhorni Kaupfélagshúsanna vestur með landi á um 90 m lengd framan við „Víkina“, en þá til suðurs í Ósland og síðan austur með eyjunni. Er öll lengd þess um 810 m. Gert er þá ráð fyrir að fylla upp „Víkina“, þá 40—50 m breiða spildu út í Ósland og loks allbreiða ræmu meðfram Óslandi. Það magn, sem færi í fyllingar þessar, mun nema um 150—160 þús. m^3. Fengist þá um 5,7 ha lands uppfylling, sem gæti orðið ágætt athafnasvæði auk bílfærs vegar úr landi í Ósland.

Bryggjur.

Eins og áður er sagt, er gert ráð fyrir 70 m langri hafskipabryggju og 300 m bátabryggju. Eru það venjulegar staurabryggjur, enda er botninn vel hæfur til niðurreksturs staura og auðveldur til dýpkunar. Er botninn sandur með leirlögum á milli, og nægilega djúpt virðist niður á klöpp eftir því, sem botnathugun hefur leitt í ljós. Samkvæmt meðfylgjandi kostnaðaráætlun munu mannvirki þessi kosta um kr. **4 100 000.00.**

Tilhögun I.
Kostnaðaráætlun.

Dýpkun og fylling 210 000 m^3 á kr. 7.00	kr. 1 470.000.00
Hafskipabryggja 70×12 m á kr. 600.00 m^2	— 504 000.00
Bátabryggja 300×10 m á kr. 500.00	— 1 500 000.00
Fyrirstöðuþil 810 m	— 642 000.00
	Kr. 4 116 000.00
	— 4 100 000.00

Höfn í Hornafirði.
Landshöfn. Tilhögun II.

Hér er fyrirkomulagið mjög svipað og áður, en aðeins gert ráð fyrir minni dýpkun og styttri bryggjum. Hafskipabryggjan yrði aðeins 60 m á lengd í stað 70 m og bátabryggjan 150 m (í stað 300). Innsiglingarrenna meðfram Óslandi yrði nokkru þrengri eða aðeins 30 m í stað 40 m. Gert er hér ráð fyrir jafnlöngum fyrirstöðuvegg og áður og sömu uppfyllingum.

Þyrfti því að dýpka nokkru lengra inn en nauðsynlegt er vegna bryggjanna, til að komast að með fyllingarnar og fá nægilegt efni í þær. Er því hér gert ráð fyrir 150 þús. m³ dýpkun.

Kostnaður samkv. meðfylgjandi áætlun yrði þá um kr. 2 900 000.00.

Tilhögun II.
Kostnaðaráætlun.

Dýpkun og fylling 150000 m³ á kr. 7.00	kr.	1 050 000.00
Hafskipabryggja 60×12 m = 720 m² á kr. 600.00	—	432.000.00
Bátabryggja 150×10 m = 1500 m² á kr. 500.00	—	750 000.00
Fyrirstöðuþil 810 m	—	642 000.00
	Kr.	2 874 000.00

Fylgiskjal II.

Um leið og vér sendum hjálagða áskorun frá sjómönnum og fleirum, sem vinna hér við útveginn, leyfir undirrituð hafnarnefnd sér einnig að skora á hið háa Alþingi að samþykkja frumvarp á þingskjali 136 um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins á Höfn í Hornafirði.

Í því sambandi vill nefndin benda á, að ef nota á hin fiskisælu mið við Hornafjörð af austfirzkum bátaflota, þá verði ekki lengur hjá því komizt, að hafizt verði handa um framkvæmd á dýpkun og öðrum aðgerðum til úrbóta við höfnina, útveginum til hjálpar.

Höfn, Hornafirði, 25. febrúar 1947.

Bjarni Guðmundsson. Gísli Björnsson. Óli Kr. Guðbrandsson.
Jón J. Brunnan. Óskar Guðnason.

Til Alþingis, Reykjavík.

Við undirritaðir borgarar í Austfirðingafjórðungi beinum þeirri eindregnu ósk okkar til hins háa Alþingis, að frumvarpið á þingskjali 136 um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins á Höfn í Hornafirði verði samþykkt nú á þessu Alþingi.

Höfn, Hornafirði, 18. febrúar 1947.

Jakob Jakobsson, Neskaupstað, Norðfirði. Aðalsteinn Sigurðsson, Vopnafirði. Sveinn Sigurðsson, Vopnafirði. Sigurður Þorkelsson, Eskifirði. Björn Þorkelsson, Eskifirði. Helgi Pálsson, Eskifirði. Jón Gíslason, Eskifirði. Gunnar W. Steindórsson, Eskifirði. Karl Kristjánsson, Eskifirði. Kristján Björgvinsson, Eskifirði. Björn Jónasson, Eskifirði. Guðgeir Björnsson, Eskifirði. Helgi Sæmundsson, Hornafirði. Gunnar Halldórsson, Eskifirði. Valdimar Ásmundsson, Eskifirði. Sigurður Lúðvíksson, Neskaupstað. Sigurður Gunnarsson, N. K. Óskar Valdimarsson, Fáskrúðsf. Árni Jónsson, Seyðisf. Vigfús Jónsson, Seyðisf. Sigurður Sigurbjörnsson, Seyðisf. Björn Ásgeirsson, Seyðisfirði. Ásgeir Lárusson, Norðfirði. Bragi Jónsson, Norðfirði. Valdimar Filippusson. Ástvaldur Arason, Hornafirði. Georg Jósefsson, Norðfirði. Ársæll Lárusson, Neskaupstað. Hermann Lárusson, N. K. Bergur Þorleifsson, Hornafirði. Eiríkur Pétursson, Norðfirði. Þorleifur Þorleifsson, Norðfirði. Guðmundur Sigurjónsson, Norðfirði.

Guðni Þ. Jónsson, Norðfirði, Garðar Lárusson, Norðfirði. Rögnvaldur Sigurðsson, Norðfirði. Olgeir Eyjólfsson, Hornafirði. Árni Vilhjálmsson, Norðfirði. Þorsteinn Jónasson, Hornafirði. Guðbrandur Sigfússon, Hornafirði. Sveinn Sveinsson, Vopnafirði. Ingi Ásmundsson, Seyðisfirði. Lars J. Imsland, Höfn. Sigurður Friðriksson, Seyðisfirði. Óli Sig. Jónsson, Norðfirði. Auðunn Þórðarson, Norðfirði. Magnús Marteinsson, Norðfirði. Kristján Jónsson, Vopnafirði. Guðgeir Jónsson, Neskaupsstað, Norðfirði, Óskar Sigurðsson, Norðfirði, Magnús Haraldsson, Norðfirði. Ármann Dan. Árnason, Norðfirði. Sigfús Jónsson, Norðfirði. Bjarni Einarsson, Norðfirði. Gunnar Jósefsson, Norðfirði. Steindór Árnason, Norðfirði. Bjartmar Magnússon. Jón Einarsson, Neskaupstað, Norðfirði. Jóhann Sveinsson, Neskaupstað. Þórður Sveinsson, Norðfirði. Jóhann K. Sigurðsson, Norðfirði. Ragnar G. Arason, Hornafirði. Þorvaldur Einarsson, Norðfirði. Stefán Arnþórsson, Akureyri. Alfred Ólafsson, Norðfirði. Pétur Jónsson. Bjarni Gestsson. Gísli Jónsson, Eskifirði. Jón Guðmundsson, Eskifirði. Hallgr. Hallgrímsson, Eskifirði. Finnbogi Þorleifsson frá Eskifirði. Einar Sigurjónsson, Eskifirði. Ásmundur Jakobsson, Vopnafirði. Ágúst Jónsson, Vopnafirði. Einar B. Einarsson, Seyðisfirði. Ingi Einarsson, Seyðisfirði. Þorvaldur Kröyer Þorgeirsson, Seyðisfirði. Gísli Einarsson, Seyðisfirði. Óskar Sigurbjörnsson, Seyðisfirði. Gísli Blomquist. Magnús Þ. Jóhannsson. Rafnkell Þorleifsson, Höfn, Hornafirði. Eiríkur Þorleifsson, Höfn, Hornafirði. Bjarni Gíslason, Höfn, Hornafirði. Gunnar Árnason, Hnaukum, Álftafirði. Sigurður Benediktsson, Höfn Hornafirði. Guðmundur Sæmundsson, Höfn Hornafirði. Hannes Erasmusson, Svínhólum, Lóni. Guðm. Þorgrímsson, Höfn, Hornafirði. Stefán Sigurðsson, Hornafirði. Magnús Eiríksson, Eskifirði. Eiríkur Guðnason, Eskifirði. Stefán Guðmundsson, Eskifirði. Þórarinn Ásmundsson, Höfn, Hornafirði. Sveinn Magnússon, Norðfirði. Sigurbergur Bergsveinsson, Norðfirði. Vignir Jónsson, Höfn. Óskar Helgason, Höfn, Hornafirði. Þorbjörn Sigurðsson, Höfn, Hornafirði. Tryggvi Sigjónsson, Höfn, Hornafirði, Garðar Sigjónsson, Höfn, Hornafirði. Ársæll Guðjónsson, Sólbergi, Höfn, Hornafirði. Sigurjón Fr. Gíslason, Mörk, Höfn, Eymundur Sigurðsson, Vallanesi, Höfn. Benedikt Þorsteinsson, Hlöðutúni, Höfn. Arngrímur Gislason, Höfn, Hornafirði. Gísli Ó. Arason, Höfn, Hornafirði. Jón Benediktsson, Höfn, Hornafirði. Benedikt Þórarinsson, sama stað. Þorleifur Benediktsson, Höfn, Hornafirði. Bjartmar Þorleifsson, Höfn, Hornafirði. Ásgeir Guðmundsson, Höfn, Hornafirði. Sigurður Lárusson, Höfn, Hornafirði. Hannes Kristjánsson, Höfn, Hornafirði. Halldór Sverrisson, Höfn, Hornafirði. Ásgeir Þ. Núpan, Höfn, Hornafirði. Eiríkur Guðmundsson, Hornafirði. Þórarinn H. Núpan, Hornafirði. Ingólfur M. Bjarnason, Hornafirði. Bjarni Halldórsson, Hornafirði. Jón Halldórsson, Þórisdal. Ragnar Snjólfsson, Höfn, Hornafirði. Karl Magnússon, Höfn, Hornafirði. Guðni Jónsson, Höfn, Hornafirði. Gunnar Snjólfsson, Höfn, Hornafirði. Karl Guðmundsson, Hornafirði. Runólfur Bjarnason, Hornafirði. Guðm. Bjarnason, Höfn. Sigurður Eymundsson, Höfn. Ingvar Þorláksson, Þrastarhóli, Hornafirði, Ingimundur Bjarnason, Holti, Höfn. Eyjólfur Runólfsson, Hlíð, Höfn. Ragnar Halldórsson, Hornafirði. Kári Halldórsson, Hornafirði. Páll V. Einarsson, Höfn, Hornafirði. Pétur Sigurbjörnsson, Borgarhöfn, Hornafirði. Sveinn Bjarnason, Höfn, Hornafirði. Magnús Bjarnason, Höfn, Hornafirði.

Nd. 813. Nefndarálit

um frv. til laga um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum, en ekki orðið ásátt um afgreiðslu þess. Leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum. Einn nefndarmanna (SG) telur sig ekki geta fylgt frv. eins og það nú er. Annar nefndarmaður (JPálm), sem nú er fjarverandi, lýsti yfir, að hann mundi leggja til, að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 12. maí 1947.

Steingr. Steinþórsson, fundaskrifari. Jón Sigurðsson, frsm. Ásg. Ásgeirsson. Sig. Guðnason.

Nd. 814. Breytingartillögur

við frv. til laga um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Við fyrstu málsgrein bætist: Framleiðsluráð kýs sér formann til sama tíma.
2. Við 7. gr.
   a. Fyrir orðin „fullnægja óskum neytenda“ í upphafi fyrri málsgr. komi: fullnægja eftirspurn neytenda.
   b. Síðari mgr. falli burt.
3. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ákveða skal á hverju hausti verðlag það á helztu innlendum garðávöxtum, er gilda skal um uppskerutímann frá 15. sept. til 1. nóv. Eftir það skal verðið fara hækkandi, svo að fullt tillit sé tekið til geymslukostnaðar þeirra garðávaxta, sem síðar verða seldir. Nýir innlendir garðávextir, sem koma á markaðinn fyrir 15. sept., skulu skráðir hærra verði, því fyrr sem þeir eru afhentir til sölu. Skal verðið miðað við, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.
4. Við 8. gr. Fyrir orðið „af“ komi: úr.
5. Við 15. gr. Orðið „viðunandi“ í lok greinarinnar falli burtu.
6. Við 17. gr. Á eftir orðunum „mjólk eða rjóma“ í 3. málsgr. komi: og nýtt skyr (ófryst).
7. Við 20. gr. Fyrir orðin „neyzlumjólk og rjóma“ í 1. málsl. komi: neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri.
8. Við 22. gr. Fyrir orðin „mjólkur og rjóma“ komi: mjólkur, rjóma og nýs skyrs.
9. Við 23. gr. Fyrir orðið „sam-“ í fyrri mgr. komi: sama.
10. Við 27. gr.
    a. Fyrsti málsliður 1. málsgr. orðist svo:
       Framleiðsluráð hlutast til um, að mjólkurframleiðendur komi sér upp mjólkursölustöðvum í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem engar eru fyrir eða ófullnægjandi og þeirra er full þörf að dómi framleiðsluráðs.

b. Á eftir orðunum „þykja álitleg“ í 2. mgr. komi: og framleiðsluráð telur þeirra þörf.

c. Upphaf 4. málsgr. orðist svo:

Framleiðsluráð getur í samráði við heilbrigðisstjórn ríkisins heimilað sölustöðvum þessum o. s. frv.

11. Á eftir 27. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Framleiðsluráð hlutast til um, að fylgt sé fyrirmælum laga og reglugerða um hreinlæti og hollustuhætti við alla meðferð og vinnslu sölumjólkur og að lakari mjólk sé notuð til vinnslu.

Framleiðsluráð getur krafizt þess, að gerður sé hæfilegur verðmunur til mjólkurframleiðenda, miðað við flokkun mjólkurinnar eftir gæðum, og að mjólk frá framleiðendum, sem tvisvar í röð hefur reynzt í 4. flokki við bláprófun (reduktase) verði endursend eða synjað móttöku, þar til vissa er fyrir, að úr þessu hefur verið bætt.

Nd. 815. Lög

um breyting á lögum nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 521.

Nd. 816. Nefndarálit

um frumv. til laga um fiskimálasjóð, markaðsleit sjávarafurða, útflutning á fiski o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta hefur verið mjög lengi hjá sjávarútvegsnefnd. Stafar dráttur á afgreiðslu þess eingöngu af því, að nefndin taldi sér skylt að gera allt, sem unnt var, til þess að eyða öllum ágreiningi um málið, bæði innan nefndarinnar og hjá þeim utanþingsaðilum, sem það snertir. Hefur þetta tekizt nær því algerlega.

Frumvarpið var sent til umsagnar atvinnumálaráðherra, fiskimálanefnd og landssambandi útvegsmanna. Breytingartillögur þær, sem nefndin flytur við frumvarpið, eru gerðar í samráði við alla ríkisstjórnina. Þær eru einnig í flestum atriðum í samræmi við álitsgerðir fiskimálanefndar og landssambands útvegsmanna. Enn fremur hefur flutningsmaður frumvarpsins fallizt á breytingartillögurnar.

Það mun vekja athygli, að lagt er til, að felldir verði algerlega niður II. og III. kafli frumvarpsins. Stafar þetta af því, að um efni þeirra gilda nú lög nr. 11 frá 12. febr. 1940, er gera ákvæði þessara kafla óþörf. Sama gildir um 17. og 18. gr. í IV. kafla. Verður gerð nánari grein fyrir þessu í framsögu.

Þegar málið var afgr. frá n., voru tveir nefndarm. (FJ og LJós) veikir og tóku því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Samkvæmt ofanskráðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn fiskimálasjóðs skal skipuð 5 mönnum, kjörnum hlutfallskosningum í sameinuðu Alþingi. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

2. Við 2. gr.
   a. Aftan við 1. tölulið bætist: þ. á m. fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.
   b. Orðin „öðrum en síldarafurðum“ í 2. tölul. falli niður.
   c. Í stað „1 500 000.00“ í 3. tölul. komi: 500 000.00.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Fiskimálasjóður veitir styrki til:
   a. Hafrannsókna.
   b. Rannsókna á fiskigöngum og fiskistofnum.
   c. Tilrauna til að veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum.
   d. Tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða.
   e. Markaðsleita fyrir sjávarafurðir.
   f. Annarra rannsókna og nýjunga í þarfir sjávarútvegsins.
   Öll styrktarstarfsemi sjóðsins skal vera í samráði við ríkisstjórnina.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Fiskimálasjóður má veita viðbótarlán gegn síðari veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingar sjávarafurða, og séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjármagn fyrir hendi. Hvert þessara lána má ekki fara fram úr 25% af stofnkostnaði fyrirtækisins og ekki að viðbættum lánum með betra veðrétti nema meiru en 85% af stofnkostnaði. Engin lánveiting má nema yfir 150 000 kr. Lánskjörin séu þau sömu og hjá Fiskveiðasjóði Íslands.
5. II. kafli (6.—7. gr.) falli niður.
6. III. kafli (8.—16. gr.) falli niður.
7. 17. gr. falli niður.
8. 18. gr. falli niður.
9. Aftan við 19. gr., sem verður 6. gr., bætist: Fellur jafnframt niður umboð núverandi stjórnar fiskiðjuvers ríkisins í Reykjavík.
10. 20. gr. verður 7. gr.
11. Við fyrirsögn. Fyrirsögnin orðist svo: Frumvarp til laga um fiskimálasjóð.

Alþingi, 9. maí 1947.

Sig. Kristjánsson, form., frsm. Pétur Ottesen. Skúli Guðmundsson.

Ed. 817. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Í frv. þessu er lagt til, að refsingar fyrir brot á fiskiveiðalöggjöfinni verði hækkaðar mjög frá því, sem verið hefur. Skv. frv. eiga sektir að verða fimmfaldar, tífaldar og jafnvel hundraðfaldar móts við það, sem gildandi fiskiveiðalöggjöf mælir fyrir. Að öðru leyti er eigi lagt til, að breytingar verði gerðar á fiskiveiðalöggjöfinni.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft málið til athugunar, og hefur það meðal annars verið rætt við dómsmálaráðherra. Hefur hann látið þá skoðun í ljós, að mjög væri hæpið, að svo gífurleg þynging á refsingunni væri líkleg til að ná tilgangi sínum, sem vitanlega á að vera sá að fækka brotum.

Meiri hluti nefndarinnar (GJ, SÁÓ, BK og PM) er og þeirrar skoðunar, að varhugavert geti verið að ákveða sektir svo háar, að eigi þyki fært að innheimta þær. Getur það orðið til þess, að lögbrjótar skáki í því skjólinu, að sektin verði aldrei innheimt, og verkar þá þyngingin alveg öfugt við það, sem til er ætlazt. Hins vegar

telur meiri hl. nefndarinnar eigi ólíklegt, að gildandi löggjöf um þetta efni þurfi athugunar við, og telur í alla staði eðlilegast, að sú athugun sé gerð af dómsmálaráðuneytinu. Í samræmi við það leggur meiri hl. til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fara fram endurskoðun á gildandi fiskiveiðalöggjöf, áður en Alþingi kemur næst saman, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. maí 1947.

Gísli Jónsson, form.	B. Kristjánsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 818. Breytingartillögur

við frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ákvæði laga þessara um skatt- og útsvarsgreiðslu skulu einnig gilda fyrir útgerð flutningaskipa í eigu Sambands ísl. samvinnufélaga eða sambandsfélaga þess, enda verði útgerð skipanna reikningslega aðgreind frá öðrum rekstri félaganna.
2. Við fyrirsögn frv. bætist: o. fl.

Nd. 819. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað mál þetta og sent það bæjarráði Reykjavíkur til umsagnar. — Telur bæjarráð, að með frv. sé raunverulega ekki gerð efnisbreyting frá gildandi lögum og dómvenju, og telur því frv. óþarft, og auk þess sé útsvarslöggjöfin nú til endurskoðunar hjá milliþinganefnd, og sé því eðlilegt að bíða með breyting á útsvarslöggjöfinni þar til milliþinganefndin hafi skilað áliti.

Meiri hl. nefndarinnar telur hins vegar, að rétt sé að samþykkja frv. eins og það kemur frá hv. efri deild og ekki sé ástæða til að bíða með samþykkt þess eftir væntanlegu áliti milliþinganefndarinnar, enda með öllu óvíst, hvenær þess er von, en efni þessa frv. sé tvímælalaust réttmætt, og mælir því með, að frv. verði samþykkt.

Minni hl. n. (JóhH) mun væntanlega skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 12. maí 1947.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm.	Finnur Jónsson, fundaskr.	Hermann Guðmundsson, með fyrirvara.

Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 820. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 769 (Fjárhagsráð o. fl.).

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Tillagan orðist svo:

Við 12. gr. Á eftir 2. málsgr. 1. tölul. komi:

Skal þetta gilda jafnt um kaupmannaverzlanir og samvinnuverzlanir og miðað við það, að neytendur geti haft viðskipti sín þar, sem þeir telja sér hagkvæmast að verzla.

Nd. 821. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með smávægilegum breytingum. Nokkur ágreiningur var um, í hvaða hlutföllum skemmtanaskattinum skyldi skipt milli þeirra aðila, sem um ræðir í frv. Áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til þess að bera fram eða fylgja breytingartillögum um það atriði.

Einn nefndarmanna, Barði Guðmundsson, var utanbæjar, er frv. var afgreitt.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr.

a. Upphaf efnisgreinarinnar orðist svo:
Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið sem hér segir:

b. 3. töluliður orðist svo:
10% renni til lestrarfélaga og kaupa á kennslukvikmyndum, og skal ⅓ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en ⅔ til kennslukvikmyndasafna.

Alþingi, 12. maí 1947.

Sigfús Sigurhjartarson, form.	Gunnar Thoroddsen, fundaskrifari.	Sigurður Bjarnason, frsm.
	Páll Þorsteinsson.	

Nd. 822. Nefndarálit

um frv. til l. um þjóðleikhús.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. ýtarlega og fengið á fund sinn menntamálaráðherra, formann félags íslenzkra leikara, formann rekstrarnefndar Þjóðleikhússins og formann útvarpsráðs. Einn nefndarmanna, Barði Guðmundsson, var utan bæjar, er frv. var afgreitt.

Nefndin varð sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Síðasta mgr. greinarinnar orðist svo:
   Þjóðleikhúsið skal flytja leikrit í ríkisútvarpið, sbr. 10. gr., sjónleiki utan Reykjavíkur eftir því, sem við verður komið, og vinna að eflingu leiklistar hvarvetna á landinu.
2. Við 3. gr.
   a. Orðin „bæði fjárhag þess og efnisvali“ í 2. mgr. greinarinnar falli niður.
   b. 3. og 4. mgr. greinarinnar verði ein mgr., er orðist svo:
      Þjóðleikhússtjóri ræður fasta leikara til fimm ára í senn og gerir við þá ráðningarsamninga, hann ræður og aðra starfsmenn, enda samþykki menntamálaráðherra og þjóðleikhúsráð fjölda leikara og annarra starfsmanna og ráðningarkjör þeirra.
3. Við 5. gr. Við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
   Þeir af fastráðnum starfsmönnum Þjóðleikhússins, sem áður hafa unnið hliðstæð störf í þágu íslenzkrar leiklistar, skulu einnig eiga kost á að njóta eftirlaunaréttar fyrir þann starfstíma. Ráðherra ákveður réttindatíma hvers og eins að fengnum upplýsingum og tillögum félags íslenzkra leikara.
4. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Náið samstarf skal vera milli Þjóðleikhússins og ríkisútvarpsins. Þjóðleikhúsið lætur ríkisútvarpinu í té leikrit til flutnings, eftir því sem samkomulag verður um milli þjóðleikhússtjóra og útvarpsráðs. Starfsmönnum Þjóðleikhússins ber hvorki sérstök þóknun fyrir slíkan flutning né leiksýningar utan Reykjavíkur.
5. Við 12. gr. Fyrri málsl. greinarinnar orðist svo:
   Verði tekjuafgangur af rekstri Þjóðleikhússins, skal hann lagður í rekstrarsjóð þess.

Alþingi, 12. maí 1947.

Sigfús Sigurhjartarson, form.	Gunnar Thoroddsen, fundaskrifari.	Sigurður Bjarnason, frsm.
	Páll Þorsteinsson.	

Nd. 823. Breytingartillögur

við frv. til laga um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. Við 1. gr. Í stað „15%“ komi: 20%.
2. Við 2. gr. Orðið „óeðlileg“ í niðurlagi 2. tölul. falli niður.

Nd. 824. Breytingartillaga

við brtt. á þingskjali 820 (Fjárhagsráð o. fl.).

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

Við tillöguna bætist: Enda fái þá samvinnufélög að minnsta kosti sömu hlutdeild í heildarinnflutningi vefnaðarvöru, búsáhalda og skófatnaðar, sem þau hafa í matvöruinnflutningi á hverjum tíma, og séu engar hömlur lagðar á matvörukaup þeirra.

Ed.

825. Nefndarálit

um frv. til laga um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarpið og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vill minni hl. (StgrA) láta samþykkja frumvarpið, en á það gat nefndin ekki fallizt, og gefur hann því út minni hluta nefndarálit.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ákveðið, að ríkið skuli koma upp á sinn kostnað fiskiðjuveri og landshöfn í Hornafirði fyrir allt að 6 millj. króna, hvar af 4 millj. eru ætlaðar í fiskiðjuverið, en 2 millj. til hafnarinnar. Nefndin hefur nýlega tekið afstöðu til frv. um fiskiðjuver ríkisins á Ísafirði, og vísast hér til þess að því er snertir þann kafla þessa frumvarps, sem lýtur að byggingu fiskiðjuversins.

Hvað snertir þann kafla frv., sem lýtur að landshöfn í Hornafirði, vill meiri hluti nefndarinnar benda á, að ýmsar raddir hafa áður verið og eru enn uppi um landshafnir í einstökum héruðum. Voru m. a. um langt skeið raddir uppi um það að gera landshöfn í Þorlákshöfn og í sambandi við þá hugmynd var gerð þar ýtarleg rannsókn á allri aðstöðu, kostnaðaráætlun samin o. s. frv. Þá var einnig borið fram á síðasta aðalþingi frv. til laga um landshöfn á Þórshöfn, og enn hefur mjög verið rætt um að koma upp landshöfn á Rifi, auk landshafnar á Hornafirði. Allir fyrrnefndir staðir — að undanskildu Rifi — hafa þó verið teknir upp í hin almennu hafnarlög og njóta þess fjárhagsstuðnings, sem þau lög mæla fyrir um. Eina landshöfnin, sem enn hefur verið ákveðin með lögum, er landshöfnin við Faxaflóa, en allt bendir til, að mannvirkjum þeim, sem þar er fyrirhugað að koma upp, verði ekki lokið fyrst um sinn. Er vafasamt, hvort rétt sé, að ríkið leggi fram fé til byggingar annarrar landshafnar fyrr en það verk er nokkuð lengra á veg komið, nema alveg sérstakar aðkallandi ástæður séu fyrir hendi. Verði almennt horfið að því ráði, að ríkið byggi landshafnir á hinum ýmsu stöðum á landinu, í stað þess að styðja héruðin til þess, eins og nú er meginregla, þarf að sjálfsögðu að skipuleggja þær framkvæmdir, athuga nákvæmlega, hvaða staðir eigi að ganga fyrir, og koma hafnarmannvirkjunum síðan upp eftir fyrir fram skipulögðum áætlunum, en að þær verði ekki ákveðnar af handahófi, hver út af fyrir sig. Er þá og eðlilegt, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir slíkum undirbúningi á málinu.

Með tilvísun til þessa leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að gildandi lög um hafnarbætur og lendingarbætur gera ráð fyrir því sem meginreglu, að héruðin komi sér upp nauðsynlegum hafnarmannvirkjum með aðstoð ríkisins, en Höfn í Hornafirði nýtur nú slíkrar aðstoðar, og þar sem enn hefur ekki farið fram fullkomin athugun á því, hvort og hvar á landinu frekari fjárhagsaðstoð til hafnarmannvirkja er nauðsynleg, eða hvaða staðir hafa ekki fjárhagslega möguleika til að koma upp slíkum mannvirkjum, en hefðu verulega þýðingu fyrir afkomu atvinnuveganna, ef þar kæmu upp öruggar hafnir, og í trausti þess, að slíkri athugun verði hraðað, sér deildin ekki ástæðu til frekari aðgerða í málinu og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. maí 1947.

Gísli Jónsson, form., frsm.	B. Kristjánsson, fundaskrifari.	Sigurjón Á. Ólafsson.	Pétur Magnússon.

Nd. 826. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 25 12. febrúar 1945, um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hafa af óviðráðanlegum orsökum, öðrum en venjulegri fyrningu, orðið skemmdir á hafnarmannvirkjum á einhverjum stað, og er ríkisstjórninni þá heimilt, að fengnum tillögum vitamálastjóra, að verja fé úr hafnarbótasjóði til nauðsynlegra bóta á slíkum skemmdum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 827. Nefndarálit

um frv. til l. um félagsheimili.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Einn nefndarmanna, Barði Guðmundsson, var í ferðalagi úti á landi, þegar málið var afgreitt. Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir „skátafélög“ komi: kvenfélög.
2. Við 2. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Félagsheimilasjóði, sem nokkur hluti skemmtanaskatts rennur í, sbr. lög nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús og breytingu á þeim lögum, skal varið til þess að styrkja byggingar félagsheimila samkv. 1. gr. Ekki má þó styrkur til hvers félagsheimilis nema hærri fjárhæð en svarar 40% af byggingarkostnaði þess. Styrkinn má veita, hvort heldur eitt slíkra félaga, sem um ræðir í 1. gr., stendur að byggingu félagsheimilis eða fleiri í sameiningu.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. eftir tillögum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar. Ef fræðslumálastjóra og íþróttanefnd greinir á, sker menntamálaráðherra úr. Umsóknir um styrki skulu sendar íþróttanefnd, og fylgi nákvæm lýsing af húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á þeim stað, sem um er að ræða, og um fyrirhugaða notkun þess. Félagsheimili, sem styrks nýtur úr félagsheimilasjóði, skal reist á þeim stað og eftir uppdrætti, sem íþróttanefnd samþykkir. Menntamálaráðherra getur og gert það að skilyrði fyrir styrkveitingu, að sveitarfélag, þar sem félagsheimili á að byggja, láti ókeypis í té viðunandi byggingarlóð, og sett þau skilyrði önnur viðvíkjandi gerð og notkun félagsheimilanna, sem hann telur nauðsynleg til þess, að þau komi að sem beztum notum og séu sem mest við hæfi þess bæjar eða þeirrar byggðar, þar sem þau eru reist.

4. Við 5. gr. Upphaf 2. málsl. fyrri mgr. orðist svo: Fræðslumálastjóri og íþróttanefnd geta með samþykki menntamálaráðherra ....

Alþingi, 12. maí 1947.

Sigfús Sigurhjartarson, form.	Páll Þorsteinsson, frsm.	Gunnar Thoroddsen, fundaskr.
	Sigurður Bjarnason.	

Sþ. 828. Tillaga til þingsályktunar

um vantraust á núverandi ríkisstjórn.

Flm.: Einar Olgeirsson, Sigfús Sigurhjartarson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

Ed. 829. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1947 og 1948, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

Ákvæði laga þessara um skatt- og útsvarsgreiðslu skulu einnig gilda fyrir útgerð flutningaskipa í eigu Sambands ísl. samvinnufélaga eða sambandsfélaga þess, enda verði útgerð skipanna reikningslega aðgreind frá öðrum rekstri félaganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 830. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

Frá meiri hluta samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og auðnaðist henni ekki að verða sammála um afgreiðslu þess.

Einn nefndarmaður, háttv. 6. landskjörinn (StgrA), hafði sérstöðu gagnvart frumvarpinu og mun skila sérstöku áliti. Hins vegar leggur meiri hlutinn (EE, ÞÞ, BK og HV) til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Flugráð, skipað fimm mönnum, hefur á hendi undir yfirstjórn ráðherra stjórn flugmála og annast rekstur flugvalla ríkisins. Þrír þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára. Ráðherra skipar tvo menn með sérþekkingu á flugmálum í ráðið, annan til 8 ára, en hinn til 4 ára, og sé hinn fyrrtaldi formaður ráðsins. Með sama hætti skulu kosnir og skipaðir 5 varamenn í flugráð.
   Þóknun til flugráðsmanna skal ákveðin af ráðherra, og greiðist hún úr ríkissjóði.
2. Aftan við frv. kemur svo hljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði:

Starfstímabil þeirra flugráðsmanna, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, og annars þeirra flugráðsmanna, er ráðherra skipar, skal vera til ársloka 1951, en hins fyrsta formanns ráðsins til ársloka 1955.

Alþingi, 13. maí 1947.

Eiríkur Einarsson, form.	Hannibal Valdimarsson, frsm.	B. Kristjánsson.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Ed. 831. Frumvarp til laga

um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um fjárhagsráð og fjárfestingu.

1. gr.

Af andvirði útflutnings hvers árs skal jafnan leggja eigi minna en 15% ársfjórðungslega eftir á á sérstakan reikning erlendis, og skal verja því fé eingöngu til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar 5 manna nefnd, er nefnist fjárhagsráð. Hlutverk þess er að samræma framkvæmdir einstaklinga og almannavaldsins, meðan hinar miklu framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi standa yfir, þannig að þær verði gerðar eftir fyrirfram saminni áætlun fjárhagsráðs, er ríkisstjórnin staðfestir.

Fjárhagsráð miði störf sín við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.
2. Að öllum vinnandi mönnum, og þó sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku.
3. Að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands gerð eins ódýr og hagkvæm og frekast er unnt.

4. Að áframhald verði á öflun nýrra og fullkominna framleiðslutækja til landsins, eftir því sem gjaldeyrisástæður og vinnuafl leyfir frekast, enda verði tryggt fé til framkvæmdanna jafnóðum.
5. Að byggðar verði verksmiðjur og iðjuver til þess að vinna sem mest og bezt úr öllum framleiðsluvörum til lands og sjávar, þannig að þær séu seldar úr landi eins fullunnar og frekast er kostur og við staðsetningu verksmiðjanna verði tekið tillit til hvors tveggja í senn, framleiðsluskilyrða og atvinnuþarfa einstakra byggðarlaga.
6. Að bæta starfsskilyrði iðjuvera, sem framleiða vörur, er spara þjóðinni gjaldeyri.
7. Að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á sem hagkvæmastan hátt á arðbærum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar.
8. Að húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa.

3. gr.

Fjárhagsráð semur fyrirfram fyrir ár hvert áætlun um heildarframkvæmdir. Fyrir yfirstandandi ár semur ráðið áætlun þessa svo fljótt sem auðið er og að svo miklu leyti sem við verður komið.

Í áætlun þessari skal gerð grein fyrir kostnaði við allar stærri framkvæmdir, svo og með hverjum hætti fjár skuli aflað, enda skal kveða á um það, í hverri röð framkvæmdir skuli verða, svo að vinnuafl og fjármagn hagnýtist þannig, að sem mest not verði að.

Enn fremur semur fjárhagsráð fyrir ár hvert heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs, magn og verðmæti. Skal áætlun þessi miðast við það að hagnýta sem bezt markaðsmöguleika og fullnægja sem hagkvæmast innflutningsþörf landsmanna.

4. gr.

Fjárhagsráð leitar samvinnu um samning heildaráætlunar við opinberar stofnanir, félög og einstaklinga, sem framleiðslu, verzlun, iðnað eða annan atvinnurekstur hafa með höndum, er fjárfestingu þarf til. Skulu þessir aðilar senda fjárhagsráði fyrir þann tíma, er það ákveður, áætlun um stofnfjárþörf sína, lánsfjárþörf, gjaldeyrisþörf og vinnuaflsþörf.

Enn fremur skal fjárhagsráð hafa samvinnu við lánsstofnanir í landinu um samningu og framkvæmd fjárfestingaráætlunar, og ber þeim að skýra fjárhagsráði frá fjármagni því, er þær hafa yfir að ráða. Nú telur fjárhagsráð eigi nægilega séð fyrir fjárþörf fyrirtækja, er það telur nauðsyn til að stofnsetja, og skal það þá leita samvinnu við ríkisstjórn, lánsstofnanir og aðra aðila, er hlut gætu átt að máli, um fjáröflun til þessara fyrirtækja.

5. gr.

Til hvers konar fjárfestingar einstaklinga, félaga og opinberra aðila, hvort sem er til stofnunar nýs atvinnurekstrar, til aukningar á þeim, sem fyrir er, húsbygginga eða annarra mannvirkja, þarf leyfi fjárhagsráðs, og gildir þetta einnig um framhald þeirra framkvæmda, sem þegar eru hafnar.

Þó skal ákveðið í reglugerð, að tilteknar minni háttar framkvæmdir séu heimilar án fjárfestingarleyfis. Nánari ákvæði um fjárfestingarleyfi séu sett í reglugerð.

6. gr.

Jafnhliða því sem fjárhagsráð semur áætlun þá um heildarframkvæmdir, er áður greinir, skal það og gera sérstaka áætlun um framkvæmdir ríkisins áður en fjárlög eru samin ár hvert, og sé við samningu þeirrar áætlunar, er ríkisstjórnin og Alþingi geti haft til hliðsjónar, stefnt að því að tryggja landsmönnum öllum næga atvinnu, en koma jafnframt í veg fyrir ofþenslu.

7. gr.

Fjárhagsráð og þeir aðilar, er það felur umboð til þess, hafa með höndum framkvæmd áætlunarinnar, veiting fjárfestingarleyfa, innflutningsleyfa, gjaldeyrisleyfa og verðlagseftirlit, sbr. II. og III. kafla laga þessara.

8. gr.

Fjárhagsráð skal beita sér fyrir samvinnu atvinnurekenda og verkamanna um bætta aðstöðu verkafólks á vinnustöðum, betri hagnýtingu vinnuafls og aukin vinnuafköst.

Fjárhagsráði er heimilt að leggja fyrir vinnumiðlunarskrifstofur landsins að láta fara fram skrásetningu verkafólks almennt eða í einstökum starfsgreinum á þeim tíma og eftir þeim reglum, er fjárhagsráð ákveður.

9. gr.

Ríkisstjórnin í heild hefur yfirstjórn fjárhagsráðs og tekur ákvarðanir um höfuðatriði og sker úr um ágreiningsmál, sem einhver fjárhagsráðsmaður skýtur til hennar.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð ákvæði um skipan, stjórn og starfssvið hinna einstöku deilda fjárhagsráðs, að fengnum tillögum þess.

II. KAFLI

Um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

10. gr.

Fjárhagsráð starfrækir innflutnings- og gjaldeyrisdeild, er einnig hefur með höndum verðlagseftirlit.

11. gr.

Engar vörur má flytja til landsins, nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Frá þessu getur fjárhagsráð gefið undanþágu með auglýsingu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

Innflutnings- og gjaldeyrisdeild er heimilt, ef nauðsyn krefur, að ákveða vöruskömmtun, að fengnu samþykki fjárhagsráðs.

12. gr.

Hlutverk innflutnings- og gjaldeyrisdeildar er að framkvæma í umboði fjárhagsráðs og í samráði við það heildaráætlun þá, er gera ber samkvæmt 3. gr., þar í innifalið:

1. Að úthluta til innflytjenda innflutnings- og gjaldeyrisleyfum á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og setja þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

   Sé úthlutun leyfanna við það miðuð, að verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu. Skal þetta gilda jafnt um kaupmannaverzlanir og samvinnuverzlanir og miðað við það, að neytendur geti haft viðskipti sín þar, sem þeir telja sér hagkvæmast að verzla.
2. Að ráðstafa gjaldeyri til vörukaupa erlendis fyrir þær vörur, sem eigi eru háðar innflutningsleyfi, svo og til annarra nauðsynja.
3. Að ráðstafa, ef því þykir nauðsyn bera til, farmrými í skipum, er annast eiga víðtæka vöruflutninga til landsins og eru eign íslenzkra aðila eða á vegum þeirra.

4. Að fara með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit.
5. Að fara með vöruskömmtun eftir því, sem ákveðið verður.

13. gr.

Engan gjaldeyri má láta af hendi án leyfis innflutnings- og gjaldeyrisdeildar, nema greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vexti og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands h/f og Búnaðarbanki Íslands hafa einir kauprétt á erlendum gjaldeyri.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h/f og Búnaðarbanka Íslands þannig, að Útvegsbankinn fær 28% og Búnaðarbankinn 16% gjaldeyris, ef þeir óska, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, sem hver banki fær, getur ríkisstjórnin breytt, ef allir bankarnir samþykkja. Enginn hefur rétt til að selja erlendan gjaldeyri nema þeir þrír bankar, sem nefndir eru hér að framan. Þó er póststjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ríkisstjórnin setur.

Bannað er að flytja íslenzkan eða erlendan gjaldmiðil úr landi, nema nauðsynlegan farareyri, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur.

Ráðherra setur með reglugerð fyrirmæli til tryggingar því, að íslenzk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna. Enn fremur ákvæði um það, að allur annar gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

14. gr.

Hver sá, sem innflutningsleyfi eða gjaldeyrisleyfi fær, greiði fjárhagsráði ½% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 1 krónu fyrir hvert einstakt leyfi. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af fjárhagsráði og framkvæmd þessara laga. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

III. KAFLI
Um verðlag.

15. gr.

Innflutnings- og gjaldeyrisdeild skal í umboði fjárhagsráðs og í samráði við það hafa með höndum eftirlit með öllu verðlagi og skal miða verðlagsákvarðanir við þörf þeirra fyrirtækja, sem hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Hefur deildin, bæði af sjálfsdáðum og að fyrirlagi fjárhagsráðs eða ríkisstjórnar, vald og skyldu til að ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, sem máli skiptir um verðlag í landinu. Svo getur innflutnings- og gjaldeyrisdeild úrskurðað um aðra kostnaðarliði, sem máli skipta um verðlagningu á vörum. Þá getur og innflutnings- og gjaldeyrisdeild ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagningar, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Þá getur innflutnings- og gjaldeyrisdeild og ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun og aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

16. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum fjárhagsráðs, verðlagsstjóra, sem gerir tillögur til innflutnings- og gjaldeyrisdeildar um verðlagsákvæði og hefur á

hendi framkvæmd þeirra og eftirlit með, að þeim sé hlýtt. Hann skipar trúnaðarmenn um land allt til verðlagseftirlits. Hann hefur á hendi allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið. Ef upp rís ágreiningur um skilning á verðlagsákvæðum, sker innflutnings- og gjaldeyrisdeild úr.

Þeir, sem með verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsynleg í starfi sínu.

17. gr.

Í innflutnings- og gjaldeyrisdeild ræður afl atkvæða, og eru úrskurðir hennar og ályktanir fullnaðarúrslit einstakra verðlagsmála. Þó má taka mál til meðferðar af nýju, ef ástæður hafa breytzt eða nýjar skýrslur komið fram, er máli skipta.

18. gr.

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis eða smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

19. gr.

Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af innflutnings- og gjaldeyrisdeild, skulu birtar af verðlagsstjóra þegar í stað, og ganga þær í gildi jafnskjótt og gilda, þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar á þann hátt, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

20. gr.

Eftir gildistöku þessara laga má verðlag ekki hækka á neinu því, sem háð er verðlagseftirliti samkvæmt 15. gr., nema með leyfi innflutnings- og gjaldeyrisdeildar. Bann þetta gildir þó ekki um vörur, sem verðlagðar eru samkvæmt gildandi verðlagsákvæðum.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

21. gr.

Fjárhagsráðsmönnum, innflutnings- og gjaldeyrisdeildarmönnum, verðlagsstjóra og starfsmönnum þessara aðila er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem látnar eru í té samkvæmt lögum þessum, að því leyti, sem þau varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

22. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði, innflutnings- og gjaldeyrisdeild eða embættismönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 20—200 kr. dagsektum. Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

23. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem tekjur fjárhagsráðs hrökkva ekki til. Ef tekjuafgangur verður, rennur hann í ríkissjóð.

24. gr.

Fjárhagsráð hefur rétt til þess að ráða sérfræðinga og annað starfsfólk í þjónustu sína.

25. gr.

Með reglugerð setur ríkisstjórnin nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

26. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag, lög nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, lög nr. 117 31. des. 1945, um breyting á lögum nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, lög nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, lög nr. 88 30. nóv. 1946, um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, og lög nr. 2 31. jan. 1947, um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, svo og önnur lög, er kunna að koma í bág við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, falla niður umboð nýbyggingarráðs og viðskiptaráðs og starfsmanna þeirra, þó ekki fyrr en ríkisstjórnin hefur skipað svo fyrir, og tekur fjárhagsráð þá við öllum eignum og verkefnum þeirra, sem þeim nú eru falin í ýmsum lögum.

Ed. 832. Nefndarálit

um breyt. á l. nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum. Ræddi hún það einnig við formann Tannlæknafélagsins og form. og félaga úr félagi tannsmiða. Tveir nefndarmenn (LJóh og GJ) vilja samþykkja frv. óbreytt, en tveir (BrB og HV) munu bera fram brtt. við frv. Einn nefndarmanna (HermJ) var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 13. maí 1947.

Brynjólfur Bjarnason, form.	Gísli Jónsson, frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 833. Nefndarálit

um frv. til laga um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Í 11. gr. laga nr. 11 frá 19. marz 1946, um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl., er svo ákveðið, að þau lög skuli endurskoða fyrir árslok 1946. Samkvæmt því skipaði fyrrv. landbúnaðarráðherra, Pétur Magnússon, nefnd manna í nóv. s. l. til að framkvæma þá endurskoðun. Í nefndinni voru alþingismennirnir: Ásmundur Sigurðsson, Bjarni Ásgeirsson, Emil Jónsson, Jón Sigurðsson og Jón Pálmason, sem var formaður. Nefnd þessi klofnaði í þrennt: Meiri hlutinn (BÁ, EmJ og JS) vildi afnema lögin. Jón Pálmason vildi láta þau haldast óbreytt eða því sem næst, en Ásmundur Sigurðsson vildi breyta þeim nokkuð meira.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, má telja árangur af starfi meiri hlutans, og hefur meiri hl. landbúnaðarnefndar (ÁÁ, JS og StgrSt) fallizt á það.

Ég undirritaður get eigi fallizt á þetta frumvarp og tel engar réttarbætur í því felast frá því, sem nú er, þannig að ástæða sé til þess að gera það að lögum. Þykir mér ástæða til að gera hér stuttlega grein fyrir þessu áliti mínu, sem jafnframt skýrir afstöðu mína í þeirri utanþingsnefnd, sem áður er að vikið.

Lögin um verðlagningu landbúnaðarins o. fl., „búnaðarráðslögin“ sem kölluð eru, voru sett með samkomulagi þriggja þingflokka, sem hafa að baki sér talsverðan hluta af sveitafólki og meginhlutann af öllum íbúum bæjanna í landinu. Þessi lög eru hagstæðari bændastéttinni en nokkur önnur lög, sem sett hafa verið um verðlagningu og sölu landafurða. 25 bændum og bændafulltrúum er með þeim falin öll yfirstjórn þessara mála. Þó að þeir séu valdir af landbúnaðarráðherra á hverjum tíma, þá skiptir það eigi miklu máli, enda þó ýmsir hafi gert það að árásarefni. Mennirnir eru bændur og gæta hagsmuna stéttar sinnar fyrst og fremst. Þess er og nú að geta, að þeir menn, sem í fyrra fundu það helzt að þessu skipulagi, að ráðherra úr Sjálfstæðisflokknum valdi búnaðarráð, þeir ættu nú sízt að kvarta, því að nú á ráðherra úr Framsóknarflokknum að velja það.

Aðalatriðið í málinu er það, að lögin voru sett með samkomulagi við nálega alla fulltrúa bæjanna, þar sem við bændur höfum okkar aðalmarkað. Verðlagning og sala er lögð í hendur valinna bænda. Skipulagið því ákjósanlegt fyrir bændastéttina. Frá sjónarmiði hennar er því heimskulegra en flest annað að rifta þessu samkomulagi, enda er sú ráðstöfun áreiðanlega sprottin af öðru en áhuga fyrir fjárhagslegum hagsmunum bændastéttarinnar.

Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, eru þrjú aðalatriði:

1. Skipun og verkefni framleiðsluráðs.
2. Um verðskráningu.
3. Upprentun og breytingar á afurðasölulögunum frá 1935.

Um fyrsta atriðið er það að segja, að verkefni framleiðsluráðs eru þau sömu og búnaðarráðs áður, að því undanskildu, sem er aðalatriðið, að framleiðsluráð má ekki verðleggja afurðirnar. Um skipun hins nýja ráðs sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Ráðið hefur ekkert verðlagsvald, og fyrst svo er, ættu fulltrúar sölufélaga bænda einir að fara með það verk, sem ráðinu er ætlað.

Ákvæði annars kafla frumvarpsins eru aðalatriði þess. Þar er gert ráð fyrir nýrri 6 manna nefnd, sem á að semja um verð á afurðunum, og er tekið þar upp það ákvæði, sem ég kom inn í sexmannanefndarlögin 1943, að samningurinn gilti sem verðlagslög, ef allir verða sammála. En líkurnar fyrir slíku samkomulagi eru nú litlar, enda gera höfundar frumvarpsins ekki ráð fyrir samkomulagi, því að í sömu greininni, 5. gr., setja þeir inn ákvæði um gerðardóm til að skera úr ágreiningi samninganefndar.

Þar er að finna þungamiðjuna í öllu frumvarpinu. Það er frumvarp um gerðardóm til að ákveða kjör bændastéttarinnar á næsta tímabili. Í þessum mikla gerðardómi eiga bændur að hafa einn fulltrúa, neytendur annan og svo á hagstofustjóri að vera oddamaður. Ég ber nú að vísu hið bezta traust til núverandi hagstofustjóra sem heiðarlegs og gáfaðs manns. Sama má segja um marga aðra embættismenn. En ég vil ekki leggja alla hagsmuni bændastéttarinnar undir úrskurð eins embættismanns, hver sem hann er. Auk þess veit enginn, hver verður næst hagstofustjóri.

Ég verð því að segja það, að þeir menn, sem gera svona samning fyrir bændastéttina og ætla að setja hann í stað búnaðarráðslaganna, þeir hafa annaðhvort ekki hugsað út í það, hvað þeir eru að fara, eða þeir láta leiðast af annarlegum sjónarmiðum. Þeir eru því áreiðanlega slæmir samningamenn fyrir bændur.

Um hina síðari kafla frumvarpsins er það að segja, að meginatriði þeirra eru upprentanir úr gömlu afurðasölulögunum. Þó blandast inn í nokkrar nýjar breytingar, svo sem um sölu á hrossakjöti o. fl. Ég játa þörfina á því að endurskoða afurðasölulögin í heild, en mér er ljóst, að þessi endurskoðun er harla vafasöm. Til hennar er ekki nægilega vandað, og mörg ágreiningsefni eru framundan til vaxandi óánægju, ef frumvarpið verður samþykkt eins og það er.

Landbúnaðarnefnd sendi þetta frumvarp til umsagnar þessum aðilum: Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða, mjólkursamsölunnar, bæjarráðs Reykjavíkur og Alþýðusambands Íslands. Þrír þessara aðila hafa svarað, og fylgja svör þeirra hér með sem fylgiskjöl. Frá Alþýðusambandi Íslands hefur ekkert svar borizt.

Með tilliti til þess, sem hér að framan er sagt, legg ég til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ákvæði frumvarpsins um gerðardóm í verðlagsmálum bænda er verulegt spor aftur á bak fyrir hagsmuni þeirra og þar sem nauðsyn er á því að endurskoða afurðasölulöggjöfina miklu rækilegar en gert hefur verið við undirbúning þessa frumvarps, þá telur deildin ekki heppilegt að lögfesta frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. maí 1947.

Jón Pálmason.

Fylgiskjal I.

BÚNAÐARRÁÐ

Reykjavík, 12. maí 1947.

Sem svar við bréfi yðar, dags. 21. apríl 1947, þar sem þér óskið umsagnar búnaðarráðs um frumvarp til laga um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sendum vér yður ályktun þá, er verðlagsnefnd landbúnaðarafurða gerði á fundi sínum 9. og 10. maí 1947. Fer hún hér á eftir:

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur sent búnaðarráði til umsagnar frumvarp til laga um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða hefur haldið tvo fundi um málið, dagana 9. og 10. maí 1947. Fer hér á eftir umsögn nefndarinnar um frumvarpið.

Eins og greinargerð sú ber með sér, sem fylgir frumvarpinu, eru í því færð saman helztu ákvæði núgildandi laga um framleiðslumál landbúnaðarins. Margt af því mun ekki valda ágreiningi og verður ekki gert hér að umtalsefni.

Hins vegar eru í frumvarpinu nokkrar verulegar breytingar frá núgildandi lögum, sem vér teljum, að mjög orki tvímælis, og skulu þær raktar hér að nokkru.

1. Í II. kafla frumvarpsins, um verðskráningu, er gert ráð fyrir því, að sex

manna nefnd bænda og neytenda komi sér niður á grundvöll fyrir verðlagningu landbúnaðarafurða. Náist ekki samkomulag, á þriggja manna nefnd að skera úr um deilumálin, þar sem hagstofustjóri er oddamaður.

Enn fremur er gert ráð fyrir, að verðlagning afurðanna á þessu ári hafi farið fram fyrir 1. ágúst.

Vér teljum, að frestur sá, er verðlagsnefndinni er ætlaður til starfa, sé allt of stuttur og að rétt hefði verið að þessu sinni að miða á einhvern hátt við sex manna nefndar grundvöllinn frá 1944, en láta endurskoða hann fyrir 1. ágúst 1948.

Þá viljum vér einnig láta í ljós það álit vort, að skipan sú á verðlagsnefndinni, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, sé á engan hátt til hagsbóta fyrir bændastétt landsins miðað við þau ákvæði, sem gilda þar um í lögum um búnaðarráð.

Vér teljum, að með frumvarpinu sé mikill vandi lagður á herðar hagstofustjóra og að bændastétt landsins hafi með dómi hans minni tryggingu fyrir réttlátu verði landbúnaðarvara en með þeim ákvæðum, sem nú gilda um búnaðarráð.

Með þessum ummælum er að sjálfsögðu á engan hátt gerð tilraun til að gera lítið úr þeim manni, sem nú er hagstofustjóri.

2. Í 28. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir verðmiðlun á mjólk og mjólkurvörum, ekki aðeins innan mjólkursölusvæða líkt og nú er, heldur einnig á milli þeirra, og er það nýmæli.

Í 29. gr. er svo fyrir mælt, að framleiðsluráð skuli ákveða, hve hátt verðmiðlunargjaldið skuli vera. Er svo að sjá, að einfaldur meiri hluti framleiðsluráðs, þ. e. 5 menn, geti tekið ákvörðun um verðmiðlunargjaldið.

Vér teljum vafasamt að gera vald framleiðsluráðs svo víðtækt í jafnviðkvæmu deilumáli sem verðmiðlun milli mjólkursölusvæða er, en teljum, að til greina geti komið að takmarka slíka verðmiðlun við hámarksgjald á neyzlumjólk, er gangi til verðmiðlunar á ostum, sem seldir eru á erlendum markaði.

3. Auk þeirra atriða, sem að framan getur, eru nokkur smærri, sem betur mættu fara.

Í 9. gr. er gert ráð fyrir, að veita skuli skilyrðislaust slátrunarleyfi einu samvinnufélagi á hverjum stað, en aðrar verzlanir fá því aðeins slíkt leyfi, að þær fullnægi vissum lágmarkskröfum um sláturhús o. fl.

Ekki verður séð, hvaða ástæður eru til grundvallar því, að aðrar reglur gildi í þessu tilliti um samvinnufélög en aðra sláturleyfishafa.

Í 10. gr. er svo fyrir mælt, að sláturleyfishafar skuli senda skýrslur um daglega slátrun. Þetta er tæplega framkvæmanlegt.

Í 16. gr. eru mjög svo óljós ákvæði um verðskráningu á hrossakjöti og áhrif Búnaðarfélags Íslands og framleiðslufélaga, er framleiðsluráð viðurkennir, í því tilliti.

Í 28. gr. gætir misskilnings á verðmiðlun kindakjöts, eins og hún hefur verið að undanförnu, því að við verðskráninguna hefur verið miðað við meðalkostnað við slátrun og sölu, þar með talinn flutningur á markaðsstað.

Búnaðarfélagi Íslands virðist á óþarflega mörgum stöðum blandað inn í störf framleiðsluráðs. Gera verður þó ráð fyrir, að samstarf geti orðið milli framleiðsluráðs og Búnaðarfélagsins án þess að slíkt sé bundið í lögum. Virðist það því óþarfi, en getur í sumum tilfellum frekar orðið til þess að gera starfið flóknara í framkvæmd.

Að þessu athuguðu lítur verðlagsnefnd landbúnaðarafurða svo á, að ofangreint frumvarp sé á engan hátt til hagsbóta fyrir bændastétt landsins, en í því séu hins vegar ýmis ákvæði, sem séu veruleg afturför frá þeim lögum, sem nú gilda.

Virðingarfyllst

Guðm. Jónsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

MJÓLKURSAMSALAN

Reykjavík, 25. apríl 1947.

Stjórn Mjólkursamsölunnar hefur meðtekið bréf yðar frá 21. þ. m. ásamt meðfylgjandi frv. um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl., og hafið þér óskað umsagnar hennar um frumvarpið.

Stjórn Samsölunnar hefur yfirfarið frumvarpið og sérstaklega tekið til athugunar breytingar þær, sem áformaðar eru með því frá gildandi lögum um þessi efni. Það skal þegar tekið fram, að athugasemdir vorar eru einkum um þau ákvæði, er varða skipulag og sölu á mjólk og mjólkurafurðum, eins og gefur að skilja.

Vér leyfum oss í því sambandi að benda á eftirfarandi atriði:

1. Með frumvarpinu virðist að því stefnt, að mál þessi komist algerlega í hendur bænda og félagssamtaka þeirra (sbr. þó 5. gr., sem nánar mun vikið að síðar). Þetta er einnig æskilegt frá sjónarmiði voru. — Í 1. gr. er ákveðið, hversu þessi yfirstjórn skuli skipuð. Virðist oss, að þar vanti fyllri ákvæði um það, hversu hinir 5 fulltrúar, sem fulltrúaráð Stéttarsambands bænda eiga að tilnefna, séu kosnir, t. d. ákvæði um það, að heimil sé hlutfallskosning, ef óskað er, og þá sérstaklega með tilliti til þess, að til fulltrúafundarins er kosið á annan veg en þann, sem önnur viðkomandi félagssamtök bænda gera. Er þar ekki tekið tillit til, hve margir bændur standi að baki hverjum fulltrúa, heldur hafi allir hreppar og sýslur jafnan rétt. — Í hinum samtökunum, sem tilnefnd eru, mun hins vegar ákveðið, hve margir bændur standi að baki hverjum fulltrúa. Þá er ekki heldur tilgreint, á hvern hátt mjólkurbúin utan mjólkurverðjöfnunarsvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar skuli velja fulltrúa sinn. Hvort tveggja þetta þarf að ákveða greinilega, annaðhvort í lögunum sjálfum eða þá í reglugerð, ef það teldist fullnægjandi.

2. Ákvæðum 5. greinar um verðlagningu virðist mega hlíta í bili, eða meðan greitt er niður af ríkinu verð á landbúnaðarafurðum eða útflutningsuppbætur greiddar á þær. En slík ákvæði eru vitanlega með öllu óhafandi, ef framannefnd skilyrði eru ekki fyrir hendi. Oss virðist því, að ákvæði síðustu málsgreinar 5. gr. um, að yfirnefndin ein hætti störfum, ef skilyrðin falli burtu, séu ekki fullnægjandi, heldur eigi ákvæði 5. gr. allrar þá að falla úr gildi, og breyta þurfi þá ákvæðum og orðalagi annarra greina frumvarpsins, sem í sambandi við hana standa.

Það liggur í augum uppi, að ef yfirnefndin er felld niður, er eða getur verðskráningarskipulagið orðið óstarfhæft, þegar annar helmingurinn getur stöðvað alla hækkun verðlagsins og hinn alla lækkun þess. Auk þess virðist oss, eins og áður er sagt, að tilgangur frumvarpsins sé sá, að bændur fái þessi mál einir til umráða, svo fljótt sem kvaðir ríkisins um fjárhagslegar byrðar vegna verðlagsins falla niður.

Vér leyfum oss því að óska þess, að þessi síðasta málsgrein 5. greinar orðist svo:

„Ákvæði þessarar greinar gilda, á meðan greitt er niður með ríkisfé verð landbúnaðarvara, eða ef útflutningsuppbætur eru greiddar á þær.“ Einnig verði þá samræmt þeirri breytingu orðalag annarra greina frumvarpsins, eftir því sem þurfa þykir.

3. Í 6. gr. og víðar í frv. virðist gert ráð fyrir því, að verðlag skuli ákveðið aðeins einu sinni á ári, og komi breytingar á því aðeins til framkvæmda í ágúst ár hvert.

Það má vera, að þetta sé viðunandi um kjöt og garðávexti, þar sem framleiðslan kemur öll á ákveðnum tíma ársins, eða að haustinu. En um mjólk og mjólkurvörurnar, sem framleiddar eru dag hvern til sölu, gegnir öðru máli. Þar yrði ákveðið verð á óframleiddum vörum heils árs fyrir fram, og gefur að skilja, hvert ósamræmi gæti af því hlotizt. Enda hefur reynslan á undanförnum árum jafnan verið sú, að verði á mjólk og mjólkurafurðum hefur iðulega orðið að breyta oft á ári.

Vér vildum því óska þess, að við 6. gr. yrði bætt heimild til að ákveða verðlag á mjólk og mjólkurvörum svo oft sem annar hvor aðili óskar þess. Getum vér hugsað oss það t. d. á þessa leið:

Verðlag á mjólk og mjólkurafurðum skal þó ætíð ákveðið, er annar hvor aðilinn (fulltrúar neytenda eða framleiðenda við verðskráningu) óskar þess. Skal verðlagið ákveðið eigi síðar en mánuði eftir að ósk um það kom fram, og hið breytta verðlag koma til framkvæmda þegar í stað.

4. Í síðustu málsgrein 17. gr. er söluréttur mjólkurverðjöfnunarsvæðanna aðeins bundinn við mjólk og rjóma, en nýtt skyr fellt undan, en til þess nær sölurétturinn einnig í gildandi lögum. Vér erum eindregið mótfallnir þessari breytingu, þar sem vitað er, að nýtt skyr er engu síður vandmeðfarið bæði í meðferð, geymslu og flutningum en mjólk og rjómi, og gæti það beinlínis skemmt fyrir skyrsölu, að margar misjafnlega meðfarnar tegundir yrðu boðnar fram á markaðinum sem „nýtt skyr". Hins vegar er það hin mesta nauðsyn mjólkurframleiðslunni að auka markað fyrir skyr sem mest, þar sem alkunna er, að eitt erfiðasta úrlausnarefni mjólkurframleiðslunnar er að koma undanrennunni í verð.

Vér leggjum því til og óskum þess eindregið, að aftan við orðin „... mjólk eða rjóma ..." í síðustu málsgr., síðari lið 17. gr, komi: og nýtt skyr. Einnig verði því bætt inn í aðrar greinar frumvarpsins, sem með þarf til samræmis við það.

5. Ákvæði 27. gr. virðast oss ýmis mjög varhugaverð. Er þar t. d. ákveðið, að koma skuli upp mjólkursölustöðvum í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem engar eru fyrir. Og af eftirfarandi ákvæðum virðist helzt gert ráð fyrir, að hér eigi að vera um fullkomin mjólkurbú að ræða, eða a. m. k. stöðvar með réttindum mjólkurbúa. Nú er það vitað, að um allan heim gengur þróunin í þá átt að hafa mjólkurbúin fá, en stór, þar sem vinnslukostnaðurinn er því minni sem búin eru stærri. Þessi reynsla er einnig ótvíræð hér á landi. Hins vegar getur svo verið ástatt, að í einhverjum bæ eða kauptúni verði engu að síður að hafa mjólkurbú, þótt lítið sé, ef ekki er hægt á fullnægjandi hátt að dreifa og selja mjólk þar frá stærra búi. Oss virðist því, að þetta ákvæði eigi að vera í heimildarformi til framleiðsluráðs, en engan veginn sem bein fyrirmæli. Þá er það einnig allharkalega að farið að skylda þá framleiðendur, sem þegar hafa komið sér upp fullnægjandi mjólkurbúum, án annarrar aðstoðar en framlags ríkissjóðs, til að byggja upp af sínu fé mjólkurstöðvar fyrir þá framleiðendur, sem ekkert hafa til þess lagt enn þá, og þurfa því máske að koma sér upp mjólkurbúi.

Vér teljum því rétt og æskilegt að gera breytingar á 27. gr. í þá átt, sem hér segir:

a. 1. málsgr. orðist svo:
   Framleiðsluráði ber að hlutast til um það, að dreifing, sala og meðferð mjólkurvara sé sem hagfelldust bæði neytendum og framleiðendum. Getur það í því sambandi haft íhlutun um, að mjólkurframleiðendur komi sér upp mjólkursölustöðvum í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem engar eru fyrir.
b. Síðasti liður fyrstu málsgr. frá orðunum „í því sambandi" og út falli niður.
c. Í 2. málsgr. 27. gr. komi milli orðanna „þyki álitlegt" og „og þá samkvæmt": ef framleiðsluráð telur þeirra þörf.
d. Aftan við orðin „framleiðsluráð getur ...." í fyrsta málslið 4. málsgr. 27. gr. komi: í samráði við heilbrigðisstjórn landsins.

Um ákvæði 28. og 29. gr. um verðmiðlun á mjólk og mjólkurvörum milli verðjöfnunarsvæða vildum vér taka fram eftirfarandi: Vér teljum mjög varhugavert að leggja inn á þessa braut að svo komnu máli og teljum hana hættulega fyrir framleiðslu þessara afurða og framleiðslumál landbúnaðarins yfirleitt. Má í því sambandi benda á:

a. Það getur ýtt undir að auka mjög mjólkurframleiðslu á þeim svæðum í landinu, þar sem sauðfjárrækt er hagkvæmust og arðbærust.

b. Það hlýtur að hafa í för með sér mjög hækkað verð á mjólk og mjólkurvörum til neytenda, ef jafna á verðið yfir svo stórt svæði, hvort sem sölumöguleikar eru fyrir hendi eða ekki.
c. Það hlýtur að draga mjög úr aðhaldi mjólkurbúanna að hafa sem hagfelldastan rekstur og vera vakandi um að afla sér markaða og sölumöguleika fyrir vöru sína.
d. Þá virðist einnig fara að hallast talsvert á milli þeirra, sem búa á beztu sauðfjárræktarsvæðum landsins, og hinna, sem verða að halda sér að mjólkurframleiðslu að mestu leyti, ef þeim á sauðfjárræktarsvæðunum er tryggt sama eða svipað verð og hinum, bæði á kjöti og mjólk, án tillits til framleiðslukostnaðar eða hvar þeir eru búsettir á landinu. Mundi þá fara að þrengjast fyrir dyrum hjá þeim, sem í þéttbyggðari sveitunum búa og í nágrenni bæjanna.

Oss virðist sem verðmiðlun, slík sem hér er áformuð, um mjólk og mjólkurafurðir geti því eigi komið til greina, nema heildarframleiðsla landbúnaðarins sé skipulögð til fulls um leið og ákveðið sé, hvar bezt og hagkvæmast sé, þjóðfræðilega séð, að framleiða hverja tegund afurða fyrir sig. Að öðrum kosti hlýtur slík ráðstöfun sem hér er áformuð að hafa hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir landbúnaðinn í heild sinni. Leyfum vér oss því að vara alvarlega við að lögfesta hana að svo komnu máli og leggjum til, að 28. gr. b-liður og 29. gr. verði felld burtu. Ákvæði annarra greina séu samræmd þeirri breytingu.

Loks viljum vér benda á, að föst hefð er komin á, samkv. gildandi mjólkurlögum, að greina á milli verðjöfnunarsvæða og sölusvæða. Mjólkurverðjöfnunarsvæði er framleiðslusvæðið allt, þar sem sama verðjöfnun er framkvæmd á milli búa og milli framleiðenda, en mjólkursölusvæðið eru staðir þeir, sem salan fer fram á, t. d. hér Reykjavík og Hafnarfjörður. Var yfirstjórn þessara mála með gildandi lögum falið að ákveða um stærð bæði sölusvæða og verðjöfnunarsvæða. Vér teljum æskilegt og heppilegt að halda þessari skilgreiningu í lögunum áfram, og viljum því mælast til, að mjólkurverðjöfnunarsvæði verði sett í stað mjólkursölusvæðis í frumvarpinu, þar sem við á til samræmis við þessa gildandi skilgreiningu. En í frumvarpinu er þetta mjög á reiki, og virðist mjólkursölusvæði mjög oft notað í merkingunni mjólkurverðjöfnunarsvæði.

Fáist þær lagfæringar og leiðréttingar á frumvarpi þessu, sem vér höfum talið, teljum vér frumvarpið mjög til bóta frá gildandi ákvæðum um þessi efni, og því æskilegt, að það, svo breytt, verði að lögum.

Virðingarfyllst.

Reykjavík, 25. apríl 1947.

F. h. stjórnar Mjólkursamsölunnar.

Sveinbjörn Högnason.

Fylgiskjal III.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. maí 1947.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur sent bæjarráði Reykjavíkur til umsagnar frumvarp til laga um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Bæjarráð hefur rætt málið og falið mér að svara bréfi yðar.

Bæjarráð leiðir hjá sér að láta í ljós álit um frumvarpið í heild, en vill aðeins gera athugasemdir við 5. kafla frumvarpsins, um sölu mjólkur og mjólkurafurða. Það telur óhjákvæmilegt að taka inn í þann kafla frumvarpsins nokkur ákvæði, er miði að því að tryggja neytendum sem bezta og heilnæmasta mjólk.

Að áliti bæjarráðs þarf því að taka eftirfarandi atriði upp í frv.:

1. Mjólkurbúi og mjólkurstöð, sem bæjarfélagið rekur eða er þátttakandi í, sé tryggður réttur til að selja mjólk beint til neytenda.
2. Þriðju málsgrein 20. gr. sé breytt þannig, að öllum þeim, er selja mjólk, hvort sem það er beint til neytenda eða í gegnum mjólkursamsölu, sé skylt að hlíta fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti, sem tilskilin eru í lögum, heilbrigðisreglugerðum, mjólkurreglugerðum o. s. frv. á hverjum tíma.
3. Héraðslækni eða heilbrigðisfulltrúa sé veitt heimild til að stöðva sölu á mjólk, sem hann telur gallaða.
4. Skylt sé að greiða framleiðendum mjólkur hæst verð fyrir 1. flokks mjólk, en svo stiglækkandi fyrir aðra flokka, sbr. 3. tölulið 14. gr. reglugerðar um mjólk og mjólkurvörur frá 19. október 1946.

Virðingarfyllst.

Gunnar Thoroddsen.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar, Alþingi.

Ed. 834. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

Frá Hannibal Valdimarssyni og Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „enda haldi þeir þá þessu leyfi fyrst um sinn“ komi: á þeim stöðum, sem þeir nú starfa.

Nd. 835. Lög

um bæjarstjórn á Sauðárkróki.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí)

Samhljóða þskj. 799 (sbr. 301).

Ed. 836. Breytingartillaga

við frv. til laga um Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 8. gr. Í stað orðanna „skal afhenda þau fyrirtæki öll með sérstökum samningi hreppsnefnd Egilsstaðahrepps“ í 1. mgr. komi: er ríkisstjórninni heimilt að selja þessi mannvirki öll með kostnaðarverði og sérstökum greiðsluskilmálum til Egilsstaðahrepps.

Ed. 837. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn vill vísa frumv. frá með rökstuddri dagskrá, en undirritaður leggur til, að frumv. verði samþ. eins og það hefur komið frá neðri deild.

Um skeið hafa verið uppi háværar raddir um það að stækka íslenzka landhelgi mjög verulega frá því, sem er. Án efa er Íslendingum mikil nauðsyn á því að koma slíku fram. En því fremur ættu menn að vera sammála um hitt, að ekki megi þola yfirtroðslur veiðiskipa, erlendra né innlendra, í þeirri allt of þröngu landhelgi, sem nú er, heldur beri að setja mjög hörð viðurlög við slíkum brotum og fylgja þeim fram, svo sem lög standa til.

Frumv. þetta miðar að slíku, og legg ég því til, eins og fyrr segir, að það verði samþykkt.

Alþingi, 13. mai 1947.

Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 838. Breytingartillögur

við frv. til laga um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 12. gr. Á eftir 2. málsl. kemur nýr málsliður, svo hljóðandi: Sömu viðurlögum varðar það eiganda, ef hann vanrækir að skrásetja skipið tafarlaust á hinu nýja tryggingarsvæði.
2. Við 17. gr. Í stað orðanna „fer fram úr vátryggingarupphæð skipsins“ komi: fer fram úr verði skipsins í viðgerðu ástandi.
3. Við 22. gr. Greinin orðist svo:

   Ef skip þiggur hjálp af öðrum vegna bilunar á vél eða af öðrum ástæðum, greiðir vátryggjandi kostnað af því í hlutfalli við vátryggingarupphæðina, að frádregnum 25%.

   Öll þau skip, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum eða af Samábyrgðinni, svo og öll þau skip, sem ríkisstofnanir eða ríkissjóður gera út eða sjá um útgerð á, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags, ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn Samábyrgðarinnar. Greiða skal aðeins það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti, þó með þeim takmörkunum, er segir í 3. mgr. 13. gr., og aldrei getur greiðslan orðið hærri en vátryggingarfjárhæð skipsins, sem hjálpina þáði. Ákvæði laga nr. 32 9. jan. 1935 um hlutdeild skipshafnar í björgunarlaunum breytist í samræmi við ákvæði greinar þessarar.
4. Við 29. gr. Í stað niðurlagsorða greinarinnar („verður talin eiga sök á“) komi: verður fyrir.
5. Við 31. gr. Orðin „og bruna“ í síðustu málsgrein falli niður.
6. Við 32. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:

   Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.

7. Við 36. gr. Greinin orðist svo:
   Lög, venjur og reglur Samábyrgðarinnar gilda um þau atriði, sem eigi eru ákvæði um í lögum þessum.
8. Við bráðabirgðaákvæðið. Við ákvæðið bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Einnig skal það háð 22. gr. laganna um aðstoð.

Nd. 839. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frv. allýtarlega og rætt það á nokkrum fundum.

Nefndin hefur fengið upplýst, að hinn 28. ágúst 1946 skipaði ríkisstjórnin þriggja manna nefnd til þess

a. að rannsaka áhrif húsaleigulaganna, og
b. að endurskoða þau, og þá væntanlega jafnframt að koma fram með tillögur til úrbóta.

Þessi stjórnskipaða nefnd mun nú fyrir nokkru hafa skilað áliti til ríkisstjórnarinnar og mun jafnframt hafa komið fram með ákveðnar tillögur til breytinga á húsaleigulögunum.

Allsherjarnefnd telur því eðlilegt, að ríkisstjórnin taki til athugunar framkomnar tillögur hinnar stjórnskipuðu nefndar, og telur rétt að bíða með afgreiðslu þessa frumvarps, þar til séð verður, hverjar tillögur fram koma af ríkisstjórnarinnar hálfu til breytinga á húsaleigulöggjöfinni.

Allsherjarnefnd tekur það fram, að hún sé sammála um, að mjög séu aðkallandi ýmsar breytingar á húsaleigulöggjöfinni, en leggur þó til, — með tilliti til framanritaðs —, að þessu máli sé nú vísað til ríkisstjórnarinnar í því ákveðna trausti, að hún leggi fyrir næsta Alþingi nú í haust frv. til nýrra húsaleigulaga, og séu þar lagðar til grundvallar í verulegum atriðum tillögur hinnar stjórnskipuðu nefndar.

Alþingi, 13. maí 1947.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Finnur Jónsson, fundaskrifari. Jörundur Brynjólfsson.
Jóhann Hafstein. Hermann Guðmundsson.

Ed. 840. Nefndarálit

um frv. til l. um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frv. þetta til athugunar, og urðu fjórir nefndarmenn sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (ÁS) áskilur sér rétt til þess að bera fram brtt. við frv. eða fylgja brtt., sem fram við það kunna að koma.

Alþingi, 14. maí 1947.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Ásmundur Sigurðsson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson.
Páll Zóphóníasson. Eiríkur Einarsson.

Ed. 841. Nefndarálit

um frumvarp til laga um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt við þá tvo menn úr tilraunaráði búfjárræktar, er til náðist, þá Halldór Pálsson og Pétur Gunnarsson.

Að athuguðu máli þótti nefndinni réttara að fela landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans að hafa á höndum eftirlitið, þar sem það verður svo í framkvæmdinni, að það hvílir á henni. Í samræmi við þetta flytur nefndin breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. maí 1947.

Þorst. Þorsteinsson, form. Ásmundur Sigurðsson, fundaskr. Páll Zóphóníasson, frsm.

Guðm. Í. Guðmundsson. Eiríkur Einarsson.

Nd. 842. Frumvarp til laga

um breyt. á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið sem hér segir:

1. 45% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið eftir því, sem fyrir verður mælt í lögum um þjóðleikhús.
2. 45% skattsins renni í félagsheimilasjóð, og skal honum varið eftir því, sem fyrir verður mælt í lögum um félagsheimili.
3. 10% renni til lestrarfélaga og kaupa á kennslukvikmyndum, og skal ⅓ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en ⅔ til kennslukvikmyndasafna.

2. gr.

Heiti laganna verði: Lög um skemmtanaskatt, rekstrarsjóð þjóðleikhúss, félagsheimilasjóð o. fl.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

Nd. 843. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 816 (Fiskimálasjóður o. fl.).

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. brtt. Tillagan orðist svo:

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Stjórn fiskimálasjóðs er skipuð 5 mönnum. Þeir skulu kjörnir hlutfallskosningum í sameinuðu Alþingi, ásamt jafnmörgum varamönnum, til þriggja ára í senn. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

Ráðherra getur falið stjórn fiskimálasjóðs þau verkefni, sem fiskimálanefnd hafði með höndum, og framkvæmd annarra mála, er sjávarútveginn varða, eftir því sem henta þykir.

2. Við 2. brtt.
   a. a-liður falli niður.
   b. b-liður orðist svo:
      Í stað „síldarafurðum“ í 2. tölul. komi: saltaðri síld.

Ed. 844. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans (hér eftir kölluð landbúnaðardeild) skal hafa eftirlit með framleiðslu og sölu fóðurvara, sem ætlaðar eru til skepnufóðurs, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Atvinnudeild háskólans annast allar efnarannsóknir í sambandi við eftirlitið, en starfsmenn landbúnaðardeildar taka sýnishornin hjá framleiðendum og innflytjendum, þar sem þeir geta komið því við, en fela annars sérstökum trúnaðarmönnum sínum að taka þau þar, sem þeir vegna staðhátta eiga sérstaklega óhægt með það.
3. Við 3. gr. Í stað orðanna „að fengnum tillögum tilraunaráðs búfjárræktar“ komi: að fengnum tillögum landbúnaðardeildar.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðardeild heldur sérstakan reikning um tekjur þær, er inn koma eftir 5. og 10. gr., og gerir ríkisstjórn fulla grein fyrir. Gjöld eftir 5. gr. innheimtir landbúnaðardeildin, en gjöld af innfluttum fóðurblöndum innheimta sýslumenn eða tollstjórar með öðrum innflutningsgjöldum og standa landbúnaðardeild skil á.
5. Við 7. gr. Í stað „tilraunaráðs“ komi: landbúnaðardeildar.
6. Við 8. gr. Í stað „tilraunaráðs“ komi: landbúnaðardeildar.
7. Við 9. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Starfsmenn landbúnaðardeildar eða trúnaðarmenn hennar, er taka — o. s. frv.
   b. Byrjun annarrar málsgreinar orðist svo:
      Starfsmönnum landbúnaðardeildar eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt o. s. frv.
8. Við 10. gr.
   a. Í stað „eftirlitssjóðs“ á tveim stöðum í fyrstu málsgr. komi: landbúnaðardeildar.
   b. Í stað „tilraunaráðs“ á tveim stöðum í síðari málsgr. komi: landbúnaðardeildar.
9. Við 11. gr. Í stað „tilraunaráð“ komi á tveim stöðum: landbúnaðardeild.
10. Við 13. gr.
    a. Í stað „tilraunaráðs búfjárræktar“ komi landbúnaðardeildar.
    b. Í stað „tilraunaráðs“ komi: landbúnaðardeildar.

Nd. 845. Breytingartillögur

við frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „öðrum en síldarafurðum“ komi: öðrum en saltaðri síld.
2. Við 4. gr. Síðasti málsl. b-liðar, „en eftir þann tíma“ o. s. frv., orðist svo: en eftir þann tíma fellur gjaldið niður, og lækkar þá útflutningsgjaldið samkv. 1. gr. sem þessu nemur.

Nd. 846. Breytingartillögur

við frv. til laga um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 6. gr. Fyrstu þrjár málsgr. orðist svo:
   Vátryggingarfélögum, sem starfa samkvæmt lögum þessum, skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Er einn þeirra formaður og tveir meðstjórnendur. Stjórnarnefndina velja eigendur hinna vátryggðu skipa, og kýs hún framkvæmdastjóra.
   Stjórnarnefndin skal kosin á aðalfundi. Þegar kjörtímabil stjórnarnefndarmanna rennur út eftir gildistöku laga þessara, skal kosningu hagað þannig, að einn þeirra skal kosinn til eins árs, annar til tveggja ára og hinn þriðji til þriggja ára. Eftir það skal árlega kjósa einn stjórnarnefndarmann til þriggja ára. Á sama hátt skal kjósa 3 stjórnarnefndarmenn til vara. Á aðalfundi skal enn fremur kjósa tvo endurskoðendur til þriggja ára og tvo til vara. Þóknun til stjórnar og endurskoðenda ákveður aðalfundur.
   Stjórnarnefnd hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún hefur og daglegt eftirlit með rekstri félagsins, skipar skoðunar- og virðingarmenn og úrskurðar skaðabótagreiðslur. Þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef um greiðslu hærri skaðabóta en 10000 kr. er að ræða.
2. Við 11. gr. Í stað 9. og 10. málsgr. komi:
   Stjórn félagsins gefur út vátryggingarskírteini fyrir hvert skip um sig til eins árs í senn. Skírteini þessi eru undanþegin stimpilgjaldi. Iðgjald skal greiða fyrirfram fyrir ákveðið tímabil í senn, eftir því sem ákveðið er í reglugerðum. Nú er iðgjald ekki greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga, og skal þá ekki bæta tjón, sem verður eftir þann tíma, þar til iðgjaldið er greitt.

Nd. 847. Breytingartillögur

við frv. til laga um félagsheimili.

Frá Pétri Ottesen.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Sama gildir um samkomuhús sveitarfélaga.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.

Nd. 848. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá Pétri Ottesen.

Við 1. gr.

a. Fyrir „45%“ í tölulið 1 kemur: 25%.
b. Fyrir „45%“ í tölulið 2 kemur: 65%.

Ed. 849. Breytingartillögur

við frv. til l. um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

1. Á eftir 3. gr. komi ný gr., er verður 4. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

   Búnaðarfélag Íslands og fjárhagsráð skulu í sameiningu gera rannsókn á núverandi ástandi og þróun íslenzks landbúnaðar og áætlun um þróun hans næstu 10 ár. Skal þar áætluð þörfin innanlands fyrir þær vörur, er landbúnaðurinn getur annazt um framleiðslu á, og athuguð skilyrði fyrir framleiðslu landbúnaðarvara til útflutnings. Skal síðan staðsetning framleiðslunnar miðuð, svo sem fært þykir á hverjum tíma, við þá áætlun, og eftir því hvers konar búskapur hentar bezt hverjum stað. Einnig skulu af sömu aðilum gerðar tilraunir um, hvaða stærð búa sé hagkvæmust. Skal lánveitingum Ræktunarsjóðs hagað í samræmi við þessa heildaráætlun og þá staðsetningu framleiðsluaukningarinnar, sem er samkvæmt henni. Skal Búnaðarfélagið hafa í þjónustu sinni ráðunaut, sem sjóðurinn getur á hverjum tíma leitað álits hjá um þau lán, sem til álita kemur að veita, að svo miklu leyti, sem þau koma ekki til álits nýbýlastjórnar samkvæmt lögum um landnám o. fl.
2. Við 8. gr. Í stað „10 millj. kr.“ í lok 1. málsgr. kemur: 20 millj. kr.

Ed. 850. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Nýmæli frumvarps þessa eru eingöngu um það, hvernig stjórn flugmálanna skuli fyrir komið. Samkvæmt lögunum frá 1945 setti fyrrverandi flugmálaráðherra á stofn stjórn flugmála undir forstöðu flugmálastjóra. Valdaaðstaða flugmálastjóra hefur, eins og eðlilegt er, verið mjög hliðstæð valdaaðstöðu annarra forstöðumanna ríkisstofnana, sem verklegar framkvæmdir hafa með höndum, svo sem vegamálastjóra, vitamálastjóra og raforkumálastjóra.

Nú bregður hins vegar svo kynlega við, að samkv. frumvarpi þessu á að gera flugmálastjóra að undirtyllu 5 manna ráðs, sem ráðherra skipar. Jafnframt á að kljúfa embætti hans í tvennt og setja honum við hlið flugvallastjóra sem jafnvaldamikinn embættismann.

Sú lítilsvirðing á núverandi flugmálastjóra og það vantraust á honum sem embættismanni ríkisins, sem fram kemur í þessum tillögum, er að mínu áliti óverð-

skuldað og því ekki aðeins ástæðulaust, heldur einnig fordæmanlegt að flytja það fram á þennan hátt.

En tilgangur frumvarpsins er þó efalaust ekki fyrst og fremst sá að ná sér niðri á núverandi flugmálastjóra persónulega, heldur mun hitt vera núverandi ríkisstjórn mjög í mun að svipta Sósíalistaflokkinn sem mest áhrifum á stjórn flugmálanna og aðstöðu til að fylgjast með um rekstur flugvallanna, þ. á m. um rekstur Keflavíkurflugvallarins. Þess vegna á að setja flugráðið þannig saman, að Sósíalistaflokkurinn fái þar engan fulltrúa. Þannig skipað flugráð á að fá vald til að segja flugmálastjóra fyrir verkum. Og þess vegna á að setja sérstakan embættismann, sem flugmálastjóri hefur ekkert yfir að segja, til þess að annast rekstur og viðhald flugvallanna.

Eins og nú hefur verið bent á, er mál þetta því miklu þýðingarmeira en í fljótu bragði mætti virðast. Það er af hálfu ríkisstjórnarinnar framhald af þeirri þjónustu við erlent vald, sem hafin var af stuðningsflokkum núverandi ríkisstjórnar með flugvallarsamninginum við Bandaríki Norður-Ameríku 6. okt. s.l. Að sjálfsögðu vil ég engan þátt eiga í þeirri þjónustu fremur nú en áður.

Auk þessa er sú tilhögun, sem frumv. ráðgerir á stjórn flugmálanna, að minni hyggju röng frá almennu sjónarmiði. Ég tel sjálfsagt, að fylgt sé þeirri almennu venju, að forstöðumaður stofnunarinnar gangi næst ráðherra að völdum um málefni stofnunarinnar. Hitt get ég vel fallizt á, að til ráðuneytis og aðstoðar þessum embættismönnum báðum, ráðherra og flugmálastjóra, sé sett nefnd manna, sem valin væri af löggjafarvaldinu, en ekki skipuð af einum manni.

Skiptingu forstöðumannsembættisins í tvennt: embætti flugmálastjóra og flugvallastjóra, tel ég bæði óþarfa og óheppilega frá almennu sjónarmiði, enda sýnist mér, að sú verkaskipting, sem frv. ákveður, geti naumast staðizt, þar sem tilgreind verkefni hvors embættismannsins um sig mundu að staðaldri grípa meira eða minna inn á valdsvið hins. T. d. er útilokað að framkvæma loftferðaeftirlit og öryggisþjónustu, sem samkv. frv. á að heyra undir flugmálastjóra, nema sem þætti í rekstri flugvalla, sem frumvarpið lætur heyra undir annað embætti, þ. e. embætti flugvallastjóra.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að á frv. verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR.

Í stað 1. og 2. gr. komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (1. gr.) Ráðherra sá, sem fer með flugmál, skipar flugmálastjóra til að fara með þau störf, sem honum eru ætluð samkv. lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Ráðherra skipar einnig fasta starfsmenn flugmálastjóra til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum hans.

   Þar til laun flugmálastjóra og annarra fastra starfsmanna verða ákveðin í launalögum, skulu þau ákveðin af ráðherra og greiðast úr ríkissjóði.

b. (2. gr.) Flugmálastjóri annast, undir yfirstjórn ráðherra, stjórn flugmálanna, svo sem nýbyggingu flugvalla, rekstur þeirra og viðhald, loftferðaeftirlit, öryggisþjónustu og önnur störf, sem nauðsynleg eru vegna flugsamgangnanna og nánar skulu tilgreind í erindisbréfi.

c. (3. gr.) Sameinað Alþingi kýs hlutbundinni kosningu 5 manna flugráð, sem vera skal ríkisstj. og flugmálastjóra til aðstoðar og ráðuneytis um flugmál. Ráðið skal kosið til fjögurra ára í senn, og skipar ráðherra formann úr hópi þeirra, sem Alþingi hefur kosið. Með sama hætti skulu kosnir 5 varamenn.

   Ráðherra ákveður þóknun til flugráðsmanna, og greiðist hún úr ríkissjóði.

Alþingi, 14. maí 1947.

Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 851. Breytingartillögur

við frv. til laga um þjóðleikhús.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „ríkisstofnun“ komi: sjálfseignarstofnun.
   b. Aftan við greinina bætist: Ríkisstjórnin skal afhenda stofnuninni þjóðleikhúsið fullgert að innan og utan ásamt nauðsynlegum leikhúsútbúnaði og tveim kvikmyndasýningarvélum, skuldlausu og kvaðalausu, eigi síðar en í árslok 1948.
2. Á eftir fyrstu gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Tekjur þjóðleikhússtofnunarinnar skulu vera:
   a. tekjur af húseigninni,
   b. lögákveðinn hluti skemmtanaskatts,
   c. fjárveitingar, áheit, gjafir og aðrar óvissar tekjur.
3. Við 2. gr. Tölul. 3 og síðasta málsgr. falli burt.
4. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Þjóðleikhúsráð skipa fimm menn. Tveir skulu með hlutfallskosningum kosnir af Alþingi og tveir með hlutfallskosningum af bæjarstjórn Reykjavíkur, en hinn fimmti skal kosinn af Leikfélagi Reykjavíkur, allir til tveggja ára í senn. Menntamálaráðherra skipar einn þessara manna formann ráðsins.
   Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri þjóðleikhússins, sjá um fjárráð þess og efnisval.
   Þjóðleikhúsráð ræður þjóðleikhússtjóra og fasta leikara þjóðleikhússins, en þeir skulu ráðnir til eins árs í senn, enda samþykki menntamálaráðherra fjölda þeirra og ráðningarkjör.
   Í reglugerð, er menntamálaráðherra setur, skal mælt fyrir um verkefni starfsmanna þjóðleikhússins, hvers um sig, og annað, er að stjórn eða fyrirkomulagi þess lýtur.
5. Við 5. gr. Greinin falli burt.
6. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
   Við þjóðleikhúsið skal starfa leikritanefnd, er kosin sé til eins árs í senn af þjóðleikhúsráði.
7. Við 9. gr. Greinin falli burt.

Sþ. 852. Breytingartillaga

við till. til þál. um endurskoðun á löggjöf um sölu lyfja.

Frá Jörundi Brynjólfssyni og Eiríki Einarssyni.

2. málsgr. orðist svo:

Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu þannig: Læknadeild háskólans tilnefnir þrjá menn, og séu tveir læknar, annar sérfræðingur um lyfjafræði, en hinn um lyflækningafræði, en hinn þriðji lyfjafræðingur, og eigi enginn þeirra persónulegra hagsmuna að gæta í sambandi við lyfjasölu og lyfjafræðingurinn ekki í þjónustu lyfsala; hæstiréttur tilnefnir hinn fjórða, og sé hann lögfræðingur; landlæknir sé sjálfkjörinn fimmti maður og formaður nefndarinnar. Nefndin leiti álits Læknafélags Íslands, Apótekarafélags Íslands og Lyffræðingafélags Íslands og taki afstöðu til tillagna þeirra.

Sþ. 853. Þingsályktun

um endurskoðun gildandi laga og reglugerða um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 762.

Sþ. 854. Breytingartillaga

við till. til þál. um endurskoðun á löggjöf um sölu lyfja.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Skúla Guðmundssyni, Ingólfi Jónssyni og Sigfúsi Sigurhjartarsyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Þar eð fyrir ríkisstjórninni liggja einróma tillögur stjórnskipaðrar milliþinganefndar um nýskipan lyfsölumála í landinu, svo og ágreiningsatkvæði Apótekarafélags Íslands og Lyffræðingafélags Íslands við þær tillögur, ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að taka afstöðu til málsins og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til nýrrar lyfsölulöggjafar.

Nd. 855. Nefndarálit

um frv. til l. um kirkjubyggingar og þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á mörgum fundum, m. a. við fyrrverandi og núv. kirkjumálaráðherra, biskup og flm. Ýtarleg umsögn biskups fylgir hér með.

Telur nefndin eftir atvikum rétt að afgreiða málið að þessu sinni með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess að ríkisstjórnin taki til rækilegrar athugunar, á hvern hátt kirkjubyggingar þjóðkirkjunnar geti orðið aðnjótandi öruggrar fjárhagsaðstoðar ríkisvaldsins, og leggi niðurstöður sínar fyrir næsta reglulegt Alþingi, þykir deildinni rétt að taka ekki að þessu sinni fullnaðarákvörðun um málið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. maí 1947.

Sigfús Sigurhjartarson, form. Gunnar Thoroddsen, fundaskr., frsm. Barði Guðmundsson.

Sigurður Bjarnason Páll Þorsteinsson.

Fylgiskjal.

BISKUPINN YFIR ÍSLANDI

Reykjavík, 4. desember 1946.

Með bréfi, dags. 30. f. m., hafið þér sent mér til umsagnar frumvarp til laga um kirkjubyggingar og þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa.

Þegar fyrsti flutningsmaður þessa frv., Gísli Sveinsson alþingismaður, upphaflega flutti frv. þetta á Alþingi, rökstuddi hann í greinargerð svo rækilega réttmæti

og þörf löggjafar, er veitti söfnuðum landsins verulegan styrk af opinberu fé til kirkjubygginga, að ég tel nægja að vísa til þess, sem þar er sagt um málið almennt.

Um einstök atriði frumv., eins og það nú liggur fyrir, vil ég taka þetta fram:

1. gr. — Ég hefði kosið, að síðari hluti greinarinnar, „svo og eign kirkna í hinum almenna kirkjusjóði“ o. s. frv. félli niður.

Enda þótt til séu lagafyrirmæli um það, að kirkjur skuli ávaxta fé sitt í hinum almenna kirkjusjóði, þá brestur enn nokkuð á, að því sé alls staðar framfylgt. Eiga og ýmsar kirkjur sérstaka sjóði, sem ákveðið hefur verið að verja í sérstöku augnamiði (kaup á kirkjugripum o. s. frv.), og eru þeir sjóðir yfirleitt ekki ávaxtaðir í kirkjusjóði, enda vafasamt, að umrædd grein, þótt að lögum yrði, mundi ná til þeirra, jafnvel þótt þeir væru ávaxtaðir í sjóðnum.

Þar sem greinin gerir ráð fyrir, að eign kirkju í kirkjusjóði gangi öll til endurbyggingar kirkju án þess að þar komi nokkurt fé á móti frá því opinbera, óttast ég um það, að sóknarnefndir verði ófúsar að leggja fé kirknanna inn í kirkjusjóðinn, og enn fremur að það kynni að koma fyrir, að sóknarnefndir færu fram á að fá útborgaðar innstæður sínar, til þess að verja þeim til kaupa á ýmsum kirkjumunum eða stofna af þeim sérstaka sjóði heima fyrir. Gæti þetta orðið mjög bagalegt fyrir sjóðinn og hindrað starfsemi hans að verulegu leyti.

Auk þess virðist mér það naumast sanngjarnt, að þeir söfnuðir, sem hafa — oft með því að leggja sjálfviljugir á sig aukagjöld — safnað sér nokkurri innstæðu í kirkjusjóði, eigi að láta hana alla af mörkum til kirkjubyggingarinnar, án þess að í móti komi framlag frá ríkinu, en hinir, sem vanrækt hafa að safna fé, njóta þeirra vildarkjara, að ríkið leggi fram ¾ alls byggingarkostnaðarins.

Þetta má gera ljóst með dæmum.

1. Söfnuður hefur dregið saman 20 þús. krónur og lagt í alm. kirkjusjóð. Kirkja er þar reist samkv. þessum lögum, er kostar 80 þúsund krónur. Framlag ríkis verður þá aðeins ¾ af 60 þúsund, eða kr. 45 þús., en söfnuður leggur fram 35 þús.

2. Söfnuður hefur með öllu vanrækt að safna fé. Sams konar kirkja er þar reist, og verður þá framlag ríkis 60 þús., en safnaðarins aðeins kr. 20 þús.

Ef á annað borð er á það fallizt, að ríkinu sé rétt að taka þátt í kostnaði við byggingu safnaðarkirkna að vissum hluta, þá sýnist mér rétt, að það hlutfall sé ákveðið í eitt skipti fyrir öll, t. d. 3 á móti 1, alveg án tillits til þess, hvort söfnuðurinn hefur safnað einhverjum hluta af sínu framlagi, áður en kirkjan er reist, eða ekki.

Svo mun og vera um framlög til byggingar barnaskóla, að ríkið styrkir þær byggingar að ákveðnum hluta öldungis án tillits til þess, hvort héraðsbúar hafa sinn hluta til í handbæru fé, er þeir hafa með fyrirhyggju safnað til byggingarinnar, eða eigi.

2. gr. — Enda þótt núverandi húsameistara ríkisins megi fyllilega treysta til þess að ákveða gerð kirkna og gera teikningar af þeim, er engan veginn víst, að svo verði jafnan framvegis. Virðist mér því réttara, að síðari hluta þessarar greinar yrði breytt t. d. þannig: „Húsameistari ríkisins eða aðrir húsameistarar, er viðkomandi söfnuður og biskup koma sér saman um, gera teikningar af þeim kirkjuhúsum þjóðkirkjunnar, er reisa skal, og hlítir kirkjusmíðin jafnan umsjón húsameistara ríkisins, eftir því sem með þarf. Biskup skal jafnan samþykkja teikningu kirkju, áður en bygging hefst. Nú verður ágreiningur milli húsameistara og viðkomandi safnaðar um stærð eða gerð kirkju, og sker þá biskup úr.“

Með því að það er mjög mikilsvert fjárhagslegt og menningarlegt atriði, að kirkjur þær, er reistar verða, séu allt í senn smekklegar, hentugar og ekki óhæfilega dýrar, virðist mér, að til greina gæti komið að setja í frv. þetta ákvæði um það, að t. d. á 5 eða 10 ára fresti skyldi boða til almennrar samkeppni um teikningar af smekklegum og hentugum kirkjum, sniðnum við íslenzka staðhætti og þarfir. Gætu á þann hátt fengizt mikilvægar bendingar um hina beztu gerð kirkjuhúsa í landinu. Er á þetta bent nefndinni til athugunar.

5. gr. — Síðasti liður greinarinnar virðist mega falla niður, þar sem ákvæði um, að söfnuðir kosti tíðagerðir (þ. e. kostnað við kirkjusöng, meðhjálparalaun o. þ. h.), eru þegar til í öðrum lögum.

Bráðabirgðaákvæði. — Þessi ákvæði virðast mér vera tæplega nógu skýr. Ef frv. þetta verður að lögum og ríkið styrkir framvegis kirkjubyggingar að ¾ hlutum, er ekki vafi á því, að fast muni verða sótt að koma þeim kirkjum, sem þegar hafa verið reistar, undir ákvæði laganna, enda verða þeir söfnuðir sannarlega hart úti, sem þegar hafa lagt á sig stórar fórnir og tekið lán til þess að koma sér upp sómasamlegum kirkjum, áður en lög þessi koma í gildi.

Til þess að gera þessum söfnuðum öllum nokkra úrlausn, án þess þó að íþyngja ríkissjóðnum verulega, leyfi ég mér að leggja til, að síðari hluti greinarinnar verði orðaður á þessa leið:

„Enn fremur tekur ríkissjóður að sér að greiða að ¾ hlutum eftirstöðvar þeirra lána, sem tekin hafa verið til kirkjubygginga á undanförnum árum, eins og þær verða um næstu áramót eftir að lög þessi taka gildi."

Langsamlega mestur hluti þeirra lána, er tekin hafa verið til kirkjubygginga, eru nú í hinum almenna kirkjusjóði Íslands. Námu þau samtals um áramót 1945—46 kr. 226 600.00. Þar af yrði hluti ríkissjóðs (¾) kr. 160 000.00. Ársgreiðsla af þessum hluta mundi verða, miðað við 14—16 ára lánstíma, afborgun ca. 10—12 þúsund kr. og vextir kr. 8000.00, eða samtals um kr. 20 000 á ári, er smám saman færi lækkandi að því er vaxtaupphæðina snerti. Er þetta smáupphæð, sem ríkið munar tiltölulega lítið um, en mundi verða hinum fátæku söfnuðum, sem þegar hafa mikið á sig lagt til að koma upp kirkjum sínum, mikilsverð hjálp.

Samkvæmt yfirliti, sem ég hef gert yfir aldur kirkna í landinu, mun flokkun þeirra vera þannig:

Eldri en 1850	16	kirkjur
1850—1900	162	—
1901—1910	30	—
1910—1920	18	—
1920—1930	25	—
1931—1940	21	—
eftir 1940	6	—

Steinkirkjur munu vera sem næst 65 á landinu, hinar eru timburkirkjur, nema tvær torfkirkjur, og á þrem stöðum liggja kirkjur algerlega niðri.

Vegna of lítils fyrirvara um svar er þessi skýrsla um kirkjurnar og flokkun þeirra ekki algerlega tæmandi, og má vera, að þar skakki um 1—2 kirkjur á milli flokka. Eigi að síður gefur hún allljósa hugmynd bæði um ástandið í byggingarmálum kirknanna almennt, hvað byggt hefur verið á síðustu áratugum og hlutfallið á milli timburkirkna og steinkirkna.

Að órannsökuðu máli treysti ég mér ekki til þess að segja um það, hverjar kirkjur muni sérstaklega þurfa að endurbyggja á allra næstu árum. Kemur þar margt til greina, er meta á þá þörf, ekki aðeins ástand kirknanna, heldur og lega þeirra, stærð safnaða o. s. frv.

Hitt má fullyrða, að ekki er hægt hjá því að komast að reisa mjög margar kirkjur á allra næstu árum, og jafnaugljós staðreynd er hitt, að söfuðirnir eru engan veginn færir um að reisa þær kirkjur sómasamlega af eigin rammleik, nema verulegur stuðningur af hálfu þess opinbera komi þar til.

Sigurgeir Sigurðsson.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 856. Frumvarp til laga

um embættisbústaði dómara.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, þar til fullnægt er húsnæðisþörf héraðsdómara og hæstaréttardómara, láta byggja eða kaupa, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, 1—2 íbúðarhús á ári handa dómurum þessum, enda sé þar rúm fyrir skrifstofur þeirra, skjalasafn o. s. frv., eftir því sem við á. Byggingarnar skal gera eftir teikningum, er ráðherra hefur samþykkt. Byggingum þessum skal haga í samræmi við húsnæðisþörf og aðstæður á hverjum stað, og skal vandað til staðarvals og byggingarlóða. Þar skal fyrst byggja, er þörfin er mest að dómi ráðherra.

Ráðherra getur ákveðið, að byggja megi embættisskrifstofur og íbúðarhús hvort í sínu lagi.

2. gr.

Nú verða héraðsdómaraskipti, og sá, er af störfum lætur, eða bú hans á hús, sem að dómi ráðherra er hæfur héraðsdómarabústaður, og skal þá ríkisstjórnin kaupa eignina, ef viðtakandi héraðsdómari óskar, enda fáist hún fyrir hæfilegt verð að dómi sérfróðra, óvilhallra manna.

3. gr.

Um viðhald embættisbústaðarins o. fl. fer eftir reglum, er ráðherra setur.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14 2. apríl 1946, um embættisbústaði héraðsdómara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni dómsmálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundin atkv. um frv. í heild eða einstök ákvæði þess. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutan dómsmrh., og er það samhljóða lögum nr. 14 1946, um embættisbústaði héraðsdómara, að öðru leyti en því, að frumvarpið nær einnig til embættisbústaða hæstaréttardómara og héraðsdómara í Reykjavík, sem nú eru borgardómari, borgarfógeti og sakadómari.

Ed. 857. Frumvarp til laga

um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI

Um verzlun með fóðurblöndur.

1. gr.

Landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans (hér eftir kölluð landbúnaðardeild) skal hafa eftirlit með framleiðslu og sölu fóðurvara, sem ætlaðar eru til skepnufóðurs, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Atvinnudeild háskólans annast allar efnarannsóknir í sambandi við eftirlitið, en starfsmenn landbúnaðardeildar taka sýnishornin hjá framleiðendum og innflytjendum, þar sem þeir geta komið því við, en fela annars sérstökum trúnaðarmönnum sínum að taka þau þar, sem þeir vegna staðhátta eiga sérstaklega óhægt með það.

3. gr.

Eftir gildistöku laga þessara má enginn framleiða til sölu né flytja inn fóðurblöndur, nema með leyfi landbúnaðarráðherra, sem veitir leyfin að fengnum tillögum landbúnaðardeildar.

4. gr.

Hver sá, sem fær leyfi til að framleiða til sölu eða flytja inn fóðurblöndur, er skyldugur að láta fylgja vörunni, efst í hverjum poka, seðil, þar sem gefin eru upp eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili framleiðanda.
2. Vikan, sem varan er framleidd í.
3. Nöfn þeirra fóðurtegunda, sem notaðar eru í fóðurblönduna.
4. Upplýsingar um, hvaða búfjártegund blandan er ætluð.
5. Meðalmagn af meltanlegri eggjahvítu í hverri fóðureiningu af fóðurblöndunni.
6. Hve mörg kg þarf af fóðurblöndunni í hverja fóðureiningu.
7. Sé framleitt vítamínfóður, skal gefa upp tegundir vítamína og magn af hverju fyrir sig.

Upplýsingar þessar ber að skoða sem skuldbindingu frá framleiðanda til tryggingar því, að um ákveðin fóðurgæði og samsetningu sé að ræða.

5. gr.

Þeir, sem verzla með fóðurblöndur, skulu ársfjórðungslega greiða eftirlitsgjald af hverri smálest, sem þeir selja. Landbúnaðarráðherra ákveður gjald þetta fyrir fram fyrir hvert ár. Heimilt er að leggja gjald þetta á vöruna.

6. gr.

Landbúnaðardeild heldur sérstakan reikning um tekjur þær, er inn koma eftir 5. og 10. gr., og gerir ríkisstjórn fulla grein fyrir. Gjöld eftir 5. gr. innheimtir landbúnaðardeildin, en gjöld af innfluttum fóðurblöndum innheimta sýslumenn eða tollstjórar með öðrum innflutningsgjöldum og standa landbúnaðardeild skil á.

7. gr.

Í fóðurblöndur má aðeins nota þær fóðurtegundir eða fóðurefni, sem eru hollar fyrir búfé til þrifa og afurðamyndunar að dómi landbúnaðardeildar. Eigi má nota fóðurtegundir, sem hafa minna fóðurmagn en sem svarar 55 fe. í 100 kg.

8. gr.

Við efnarannsókn á fóðurblöndum má hið reiknaða fóðurgildi ekki vera minna en 97% af tilgreindu fóðurgildi samkvæmt fylgiseðlinum, en magn eggjahvítu má ekki víkja meira en 12% frá tilgreindu meðaltali.

Sýni efnarannsóknir þrisvar í röð lægri fóðurgildistölu eða of mikið frávik frá eggjahvítumeðaltali en framleiðandi eða innflytjandi hefur tilgreint, skal landbúnaðardeild skylda hlutaðeigandi aðila til að breyta framleiðslunni til samræmis við hið tilgreinda meðaltal, en sé þess eigi kostur, skal fóðurgildistölum þeim, sem tilgreindar eru á fylgiseðlinum, breytt til samræmis við efnagreiningar þær, sem um er að ræða.

9. gr.

Starfsmenn landbúnaðardeildar eða trúnaðarmenn hennar, er taka sýnishorn af fóðurblöndum til efnagreiningar, skulu minnst taka þau þrisvar árlega hjá hverjum framleiðanda. Sýnishorn skulu tekin á framleiðslustað úr lokuðum pokum, sem tilbúnir eru til afhendingar. Þess skal gætt, að framleiðendur fóðurblandna fái enga vitneskju um, hvenær sýnishornataka á að fara fram. Sýnishorn skal taka úr 10. hverjum poka að jafnaði, þó skal aldrei taka færri en 5 sýnishorn af hverri tegund. Sýnishorn skulu tekin með þar til gerðum bor.

Starfsmönnum landbúnaðardeildar eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt, hvenær sem er, að taka sýnishorn af fóðurblöndum til efnagreiningar hjá verzlunum, sem verzla með þær vörur, svo og hjá einstökum bændum. Ekki skulu tekin færri sýnishorn en 3 af hverri tegund, og aðeins úr pokum, sem vissa er um, að hafi ekki verið opnaðir síðan þeir voru afhentir frá framleiðslustað.

10. gr.

Þegar efnagreining hefur verið framkvæmd á sýnishornum, sem tekin eru til rannsóknar samkvæmt 9. gr., skal hverjum hlutaðeiganda send tilkynning um niðurstöður rannsóknanna. Í fyrsta sinn, sem einhver fóðurblanda víkur óleyfilega frá tilteknu fóðurgildi, skal hlutaðeigandi aðila tilkynnt skriflega, hverju er áfátt og hverjar skaðabætur honum beri að greiða, ef eigi verður úr bætt. Í annað sinn eða síðar, sem efnarannsókn sýnir minna fóðurgildi en tilgreint er, skal hlutaðeigandi aðila skylt að greiða til landbúnaðardeildar verðmismun þann, er fram kemur, miðað við tilgreint fóðurgildi. Komi í ljós við efnarannsókn, að frávik eggjahvítu frá tilgreindu meðaltali sé meira en leyfilegt er, skal viðkomandi aðila skylt að greiða 1% af heildsöluverði fóðurblöndunnar til landbúnaðardeildar. Skal gjaldið miðast við selt vörumagn á tímabilinu milli töku sýnishorna.

Enn fremur skal framleiðandi greiða hlutaðeigandi kaupendum skaðabætur eftir útreikningi og mati landbúnaðardeildar, er nema að minnsta kosti tvöföldu verðmæti þess fóðurmjöls, sem vantar á, að fóðurblandan reynist eins og tilskilið er á fylgiseðlinum. Sé um of mikið magn af eggjahvítu að ræða, getur kaupandi einnig krafizt skaðabóta fyrir það, enda hafi hann að dómi landbúnaðardeildar orðið fyrir tjóni af þeim sökum.

Heimilt er aðilum að skjóta máli sínu til dómstólanna.

11. gr.

Landbúnaðardeild skal birta, eigi sjaldnar en tvisvar á ári, skrá yfir alla þá, sem hafa leyfi til að framleiða og flytja inn fóðurblöndur til sölu. Þar skal tekið fram um nafn og vörumerki hverrar tegundar, verð, tilgreint fóðurgildi og magn af eggjahvítu, enn fremur hvaða búfé hver fóðurblanda er ætluð. Jafnframt skal landbúnaðardeild birta niðurstöður af efnarannsóknum hverrar tegundar, sem sé meðaltal af þremur síðustu rannsóknunum, sem gerðar hafa verið.

II. KAFLI

Um verzlun með síldarmjöl og fiskimjöl.

12. gr.

Til fóðurs innanlands mega síldarverksmiðjur landsins aðeins selja það síldarmjöl, sem flokkað er í I. flokki til útflutnings. Ef um skort á I. fl. vöru er að ræða, getur landbúnaðarráðherra gefið heimild til að selja lakari vöru til fóðurs, enda skal það þá selt hlutfallslega lægra verði og vera greinilega merkt sem II. fl. vara.

13. gr.

Ekki má selja fiskimjöl til fóðurs á innlendum markaði, sem hefur undir 50% af hráeggjahvítu. Fiskimjöl, sem hefur 60% af hráeggjahvítu og þar yfir, er heimilt

að selja í ákveðnum flokki. Landbúnaðarráðherra getur, eftir umsóknum frá framleiðendum og að fengnum tillögum landbúnaðardeildar, leyft þeim að selja þetta mjöl allt að 10% hærra verði en annað fiskimjöl. Fiskimjöl þetta skal greinilega merkt eftir fyrirmælum landbúnaðardeildar, er það háð eftirliti á sama hátt og fóðurblöndur, og skulu framleiðendur þess greiða af því jafnhátt gjald til eftirlitssjóðs og greitt er af fóðurblöndum samkvæmt 5. gr.

14. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazt gildi, falla niður þau ákvæði laga nr. 28 frá 27. júní 1921, er varða verzlun með kjarnfóður, og lög nr. 41 frá 12. júní 1939.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 858. Lög

um Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 578.

Nd. 859. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá Sigurði Bjarnasyni og Gunnari Thoroddsen.

Við 1. gr.

a. Fyrir „45%“ í 1. málslið 2. mgr. greinarinnar komi: 40%.
b. Fyrir „45%“ í 2. málslið 2. mgr. greinarinnar komi: 50%.

Ed. 860. Frumvarp til laga

um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

(Eftir eina umr. í Nd.)

I. KAFLI
Stofnun og verksvið.

1. gr.

Skip merkir í lögum þessum öll fljótandi för, stór og smá, sem sigla undir íslenzkum fána, innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

2. gr.

Allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta með þilfari, allt að 100 rúml. brúttó að stærð, sem aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir til að vátryggja þá hjá vátryggingarfélagi, sem starfar samkv. lögum þessum innan þess svæðis, sem báturinn er skrásettur í, og með þeim skilmálum, sem settir eru í lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim.

Þó má víkja frá þessari reglu, ef vátryggður og vátryggingarfélög þau, sem hlut eiga að máli, verða ásátt um annað.

Neiti einhver skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags og vátryggt sem önnur tryggingarskyld skip, og iðgjaldið innheimt með lögtaki samkv. 30. gr., ef þörf krefur.

Heimilt er vátryggingarfélögunum að vátryggja fiskiskip, sem eru yfir 100 rúml. brúttó, en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum áður en slík skip eru tekin í tryggingu, og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við Samábyrgðina.

Heimilt er félögunum einnig að taka til vátryggingar opna vélbáta, að fengnu samþykki Samábyrgðarinnar.

Enn fremur er félögunum heimilt að vátryggja afla, veiðarfæri og lausa muni skips og skipshafnar, ef um algerðan skiptapa er að ræða eða spjöll verða á hinu vátryggða vegna strands, elds eða ásiglingar.

3. gr.

Landinu skal skipt í vátryggingarsvæði. Ráðherra ákveður takmörk þeirra í samráði við Samábyrgðina.

Á hverju vátryggingarsvæði skal vera eitt vátryggingarfélag fyrir vélbáta. Allir eigendur vátryggingarskyldra vélbáta á hverju vátryggingarsvæði eru skyldir til að vera í félagi því, sem þar starfar.

Lög félaganna verða að vera í samræmi við lög Samábyrgðarinnar og samþykkt af stjórn hennar.

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með 800000 kr., að félögin fullnægi skuldbindingum sínum. Geti þau ekki af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, sem þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, en þó aldrei meira en áður nefnda upphæð.

Ef eitthvert félaganna hefur orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða tjónbætur, skal styrkur sá, er það hefur þegið af ríkissjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiddur smám saman, eftir því sem efni þess leyfa.

5. gr.

Bátaábyrgðarfélögin mega ekki hafa meira en 15% af vátryggingarupphæð hvers skips í eigin ábyrgð. Þó má áhætta á einstöku skipi aldrei fara fram úr fjárhæð, sem ráðherra ákveður fyrir hvert félag í samráði við Samábyrgð Íslands.

Félögin skulu endurtryggja hjá Samábyrgðinni þann hluta áhættunnar, sem þau bera ekki sjálf, og getur hún ekki undan því skorazt.

Félögin greiða Samábyrgðinni jafnhá iðgjöld af þessum fjárhæðum og þau taka sjálf.

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd eru Samábyrgðinni, skulu ákveðin í samningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

II. KAFLI

Stjórn og reikningshald félaganna.

6. gr.

Vátryggingarfélögum, sem starfa samkvæmt lögum þessum, skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Er einn þeirra formaður, kosinn af nefndinni, og tveir meðstjórnendur. Eigendur hinna vátryggðu skipa velja tvo stjórnarnefndarmenn, en Samábyrgðin þann þriðja. Á sama hátt skal velja 3 stjórnarnefndarmenn til vara. Stjórnarnefndin kýs framkvæmdastjóra fyrir félagið.

Kosning stjórnarnefndarmanna fer fram á aðalfundi félagsins til tveggja ára

í senn. Þá skal einnig kjósa tvo endurskoðendur og tvo til vara til sama tíma. Þóknun til stjórnenda og endurskoðenda ákveður aðalfundur.

Stjórnarnefnd hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún hefur daglegt eftirlit með rekstri félagsins og úrskurðar skaðabótagreiðslur. Þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef stjórnarnefndin er ekki sammála um bótagreiðslurnar.

Stjórnarnefndin skal halda fundabók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Framkvæmdastjóri annast allan daglegan rekstur félagsins, gefur út og undirritar vátryggingarskírteini, innheimtir iðgjöld, annast reikningshald og hefur á hendi fjárvörzlu félagsins. Stjórnin ákveður þóknun til hans. Endurskoðendur skulu endurskoða reikninga félagsins og hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar félaganna liggja frammi hjá framkvæmdastjóra frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

Samábyrgðin ákveður form fyrir rekstrar- og efnahagsreikning svo og tjónbótareikning og lætur félögunum þessi eyðublöð í té gegn greiðslu.

7. gr.

Stjórn félagsins og Samábyrgðin skipa hvor um sig einn skoðunar- og virðingarmann fyrir hvert félag og einn til vara, til að framkvæma skoðunar- og virðingargerðir samkvæmt fyrirmælum þessara laga. Skal annar þeirra vera fróður um tryggingu skipa og hinn vélfróður. Þeir skulu, áður en skip er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um matið.

Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat.

Skoðunar- og virðingarmenn skulu einnig skoða og meta hvert það tjón, er vátryggt skip verður fyrir, áður en aðgerð á skipinu hefst, og gefa skriflega, sundurliðaða skýrslu um mat sitt á tjóninu. Þeir skulu einnig skoða sömu skipin, eftir að aðgerð hefur farið fram, og gefa skriflega skýrslu um, hvort þau eru komin í samt lag aftur eftir aðgerðina.

Til tryggingar því, að skilyrðum þeim, sem vátryggða eru sett, sé fullnægt, getur stjórnin skipað eftirlitsmenn, og ákveður hún þóknun til þeirra.

8. gr.

Aðalfund skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafund, þegar stjórnin telur þess þörf eða ⅕ hluti skipaeigenda fer þess á leit. Til aðalfundar skal boðað með skriflegri eða símaðri tilkynningu til skipaeigenda, eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafund skal halda svo fljótt sem auðið er eftir að stjórn félagsins hefur fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

Á aðalfundi skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og kosin stjórn og endurskoðendur samkv. 6. gr.

Atkvæðisrétt á fundum hafa allir skipaeigendur, sem skip eiga í tryggingarfélaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 5000 krónur eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn fyrir sjálfan sig og aðra en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins.

Eitt atkvæði er fyrir hvert skip, þótt vátryggingarfjárhæð þess sé undir 5000 krónum.

Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum sameignarmanni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins, þegar vátrygging fer fram eða mannaskipti verða.

Atkvæðisréttur fyrir hvert skip er tryggingarupphæð skipsins deild með 5000. Brot, sem nemur ½ eða meira, gefur atkvæði.

Eigi má fela utanfélagsmanni að fara með umboð félagsmanna á fundum, nema veðhafi sé í skipi, sem vátryggt er hjá félaginu.

Fundur er lögmætur, ef mætt er með helming allra atkvæða á fundinum. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði mætt er á þeim fundi.

Senda skal Samábyrgðinni afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðalfundi ár hvert.

9. gr.

Eignum félaganna má eingöngu verja samkvæmt tilgangi þeirra, og skulu þær ávaxtaðar í innlendum bönkum eða sparisjóðum, er ráðherra samþykkir.

10. gr.

Í reikningum félaganna ár hvert skal færa til skuldar ógreiddar tjónbætur, eftir því sem stjórnir félaganna telja nauðsynlegt, til vara fyrir óbættum tjónum og telja þá upphæð til tekna í næsta ársreikningi þar á eftir.

III. KAFLI
Um vátryggingar skipa.

11. gr.

Áður en skip er vátryggt, skal það skoðað og metið af þar til skipuðum skoðunar- og matsmönnum, sbr. 7. gr.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt, áður en skipið er tekið í tryggingu.

Skoðunarmenn skulu láta álit sitt og mat í ljós skriflega á þar til gerð eyðublöð. Þóknun skoðunarmanna ákveður stjórn félagsins, og greiðist hún af eiganda skipsins.

Skoðun skipa gildir til tveggja ára í senn. Þó er aðilum heimilt að krefjast þess, að skoðun og mat fari fram, hvenær sem þeim þykir ástæða til. Öll áhöld, sem á skipi eru, skulu talin með í virðingarupphæð skipsins. Undantekið er þó: bækur og sjókort, einnig olíur, farvi og brennsluforði.

Nú er eigandi óánægður með skoðun og mat á skipi, og skal hann þá kæra mál sitt fyrir stjórn félagsins, en hún sker úr um skoðunina og matið.

Vátryggður getur krafizt yfirmats, og skal það þá framkvæmt af tveimur dómkvöddum mönnum. Ef matið breytist meira en um 10%, greiðir félagið matskostnaðinn, en vátryggður ella.

Þegar skip er tryggt í fyrsta sinn í einhverju félagi, skal auk iðgjaldsins greiða félaginu í inntökugjald allt að 1% af vátryggingarupphæð skipsins. Ef vátryggingarupphæð skips hækkar, skal því aðeins greiða viðbótarinntökugjald af hækkuninni, að hún stafi af verulegum umbótum á skipinu, en ekki verðhækkun eða þess háttar.

Vátryggja skal $^{9}/_{10}$ hluta virðingarverðs hvers skips. Þann $^{1}/_{10}$ hluta, sem þá verður eftir, má hvergi vátryggja.

Stjórn félagsins gefur út vátryggingarskírteini fyrir hvert skip um sig til eins árs í senn. Skírteini þessi eru undanþegin stimpilgjaldi. Iðgjald skal greiða fyrirfram fyrir ákveðið tímabil í senn, eftir því sem ákveðið er í reglugerðum.

Nú hefur vátryggingarfélag ekki innheimt tryggingargjöld eins og tilskilið er í lögum þessum og stendur jafnframt ekki í skilum við Samábyrgðina með endurtryggingargjöldin, og skal þá ráðuneytinu heimilt að leggja félagið niður og ráðstafa vátryggingunum yfir á annað félagssvæði eða beint til Samábyrgðarinnar. Öðlast þá sá aðili, sem tekur við tryggingunum, allar eignir félagsins, kröfur og réttindi, enda taki hann og að sér allar skuldbindingar þess.

Nú þykir Samábyrgðinni einhver skoðunar- eða matsgerð eigi framkvæmd sem skyldi, og getur hún þá krafizt yfirskoðunar og yfirmats dómkvaddra manna, enda hafi yfirmat samkv. 6. málsgr. þessarar greinar ekki farið fram.

12. gr.

Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi og skrásetningarstjóri tilkynna það viðkomandi vátryggingarfélögum og Samábyrgðinni. Vanræksla á tilkynningu varðar sektum frá 1000—5000 krónum. Sömu viðurlögum varðar það eiganda, ef hann vanrækir að skrásetja skipið tafarlaust á hinu nýja tryggingarsvæði. Ábyrgð fyrra félags fellur niður jafnskjótt og skip hefur verið skrásett á öðru félagssvæði.

IV. KAFLI
Um sjótjón.

13. gr.

Þar, sem annað er ekki ákveðið í lögum þessum, reglugerðum, sem út kunna að verða gefnar, eða vátryggingarskírteinum, bæta félögin tjón það, sem verður af sérhverri þeirri hættu, sem skip lendir í á vátryggingartímabilinu. Félögin greiða þannig tjón, sem verður af völdum storms, sjávar, straums, íss, jarðskjálfta, elds, eldingar, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, ásiglingar eða sjóráns.

Það hefur engin áhrif á skaðabótaskyldu félagsins, þótt svo kunni að standa á, að tjónbóta verði krafizt af þriðja aðila, og eigi heldur, þótt skipstjóri eða skipshöfn hafi valdið tjóninu (sbr. þó 25. gr.).

Óbein tjón, svo sem aflatjón og veiðarfæratjón, bæta félögin aðeins, þegar svo stendur á, að bátar verða fyrir slíkum tjónum vegna þess, að þeir veittu aðstoð bátum, sem tryggðir eru hjá bátaábyrgðarfélögunum. Slíkar tjónbætur skulu jafnan metnar af tveimur dómkvöddum mönnum, og er óheimilt að greiða meira en 50% af matsverði og þó aldrei meir en 5000 kr.

Hvert sinn, er skip verður fyrir bótaskyldu tjóni, skal það skoðað og tjónið metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags, áður en aðgerð hefst.

Ef skip er statt utan vátryggingarsvæðis félags sins, þegar það verður fyrir tjóni, skulu skoðunarmenn þess félagssvæðis, sem skipið er statt á, framkvæma skoðunina. Sé skipið statt erlendis, ber að tilkynna Samábyrgðinni tjónið símleiðis, sem þá ákveður skoðunarmenn í samráði við stjórn félagsins.

Skipaeigendur annast sjálfir um aðgerðir skipa sinna, nema félagsstjórnin ákveði annað, enda sé sýnt, að aðgerð verði þá ódýrari.

Ef aðgerð hefur ekki farið fram innan árs, frá því að tjónið varð, verður það ekki tekið til greina, nema vátryggður sanni, að drátturinn hafi verið honum óviðráðanlegur, eða samkomulag hafi orðið við félagsstjórnina um frestun á viðgerðinni.

Tjónbætur greiðast samkvæmt mati á tjóninu, nema viðgerðarkostnaður verði lægri en matið. Þá skal greiða tjónið samkvæmt viðgerðarreikningi.

Vátryggður getur krafizt yfirmats á tjónmati á sama hátt og segir í 11. gr.

Nú óskar vátryggður að fá tjónbætur greiddar, án þess að viðgerð á tjóninu fari fram, og hafi skipið þó ekki verið dæmt óbætandi (condemnerað), og er þá heimilt að semja um bæturnar eftir atvikum, en aldrei mega þær vera eins háar og matsupphæð á tjóninu.

14. gr.

Þegar greiddar eru tjónbætur fyrir viðgerðir, skal ávallt draga frá viðgerðarkostnaði eða matsverði sem hér segir:

Frá tjónbótum fyrir skip, sem er:

a.	6 rúmlesta eða minna	400 kr.
b.	6—12 rúmlesta	600 —
c.	12—20 —	800 —
d.	20—30 —	1000 —
e.	Yfir 30 rúmlesta	1400 —

Verði viðgerð á skemmdum frestað án samþykkis félagsstjórnarinnar, bætist ekki sá tjónauki, sem af drættinum kann að hafa hlotizt.

15. gr.

Tjón á vélum, ásamt ásum og skrúfum eða öðrum útbúnaði, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu, sem ekki stafar frá vélinni.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

Við niðurjöfnun á slíkum tjónum reiknast frádráttur samkv. 14. gr.

16. gr.

Tjón á seglum, ábreiðum, köðlum, reiða og öðrum lausum áhöldum, útbúnaði í herbergjum skipverjanna, þó ekki á föstum tré- eða málmhlutum, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins eða áhalda þess á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

17. gr.

Vátryggður hefur rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, þegar:

1. Skipið týnist algerlega.
2. Skipið sekkur, strandar eða á annan hátt verður fyrir tjóni, þannig að ekki telst hægt að bjarga því né endurbæta það á staðnum eða flytja það á annan stað til viðgerðar.
3. Skipið er löglega dæmt óbætandi, þ. e. hefur orðið fyrir svo miklum skemmdum vegna sjótjóns, að aðgerð á því borgar sig ekki, þar eð kostnaðurinn við aðgerð á skemmdunum að viðbættum björgunarkostnaði fer fram úr verði skipsins í viðgerðu ástandi, að frádregnu verði þess óviðgerðs.

Greiði félagið bætur fyrir algerðan skiptapa, ber því hlutfallslegur hluti af andvirði þess, er inn kann að koma fyrir leifar þess.

Nú sekkur skip, strandar eða verður fyrir öðru tjóni, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. þessarar greinar, og vátryggjandi vill eigi að síður reyna björgun á því á eigin ábyrgð og gerir slíka tilraun, án þess að óþarfur dráttur verði á, og á þá vátryggður því aðeins rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, að björgun skipsins sé ekki lokið í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að áfallið varð, eða björgunartilraunum sé áður hætt.

18. gr.

Nú hefur ekki spurzt til skips í 3 mánuði frá því það lagði síðast úr höfn til fiskveiða hér við land, og skal þá líta svo á, að það hafi farizt algerlega, og skal greiða bætur fyrir það sem algerlega tapað. Sé skipið í utanlandssiglingum, lengist þessi frestur í 6 mánuði.

Nú er skipið yfirgefið af áhöfn úti á rúmsjó og því hefur ekki verið bjargað innan 3 mánaða frá því það var yfirgefið, og á vátryggður þá kröfu til bóta sem um algerðan skiptapa væri að ræða.

19. gr.

Bætur, sem vátryggður hefur orðið að greiða þriðja manni vegna tjóns af árekstri (þegar skipið eða áhöld þess hafa rekizt á annan fastan eða fljótandi hlut), enn fremur kostnað við málarekstur, gerðardóm eða samkomulag vegna þess greiðir félagið, en þó ekki fram yfir það, sem vátryggingarfjárhæð skipsins hrekkur til.

Ef skip verður fyrir slíku tjóni í utanlandssiglingum, að nauðsynlegt er að senda skipverja heim, greiðir félagið fargjöld fyrir þá með járnbraut og skipi, svo og nauðsynlega gistingu og fæðispeninga.

Bætur fyrir tjón á lífi manna eða fyrir meiðsli eru vátryggingarfélögunum óviðkomandi.

20. gr.

Sameiginlegt sjótjón (havari grosse) skal leitt til lykta samkvæmt York-Antverpen ákvæðunum frá 1924.

21. gr.

Þetta skal ekki bæta sem sjótjón:

1. Tjón, sem verður vegna þess, að skip var, þegar það lagði síðast úr höfn, ekki sjófært, hæfilega útbúið, mannað eða lestað.
2. Tjón, sem verður vegna þess, að skipið hefur ekki verið í gildu ástandi, þegar því var lagt upp, eða ekki frá því gengið svo sem vera bar eða haft undir nægilegu eftirliti, nema vátryggða verði ekki gefin sök á því.
3. Tjón, sem verður á skipi, sem með vitund vátryggða liggur mannlaust við bryggju eða hafnarvirki. Undanþágu frá þessu geta félögin veitt með samþykki Samábyrgðarinnar.
4. Ef skip er að staðaldri notað til einhvers, sem er óviðkomandi fiskveiðum, er tjón, sem það veldur eða hlýtur, því aðeins bótaskylt, að vátryggjandi hafi samþykkt notkunina.
5. Tjón á áhöldum eða skipshluta, sem orsakast af almennri notkun hlutaðeigandi skipshluta eða áhalds.
6. Tjón, sem orsakast af hernaði, borgarastyrjöld eða þess háttar.

Ef tjón verður vegna smíðisgalla eða efnisgalla, verður tjón á hlutum þeim, sem gallinn er á, ekki bætt.

Ef tjón verður vegna slits, fúa, ryðs, tæringar, maðkskemmda, rottu, músa eða af öðrum slíkum orsökum, verður tjón á þeim hlutum, sem áður nefndar orsakir hafa valdið, ekki bætt.

22. gr.

Ef skip þiggur hjálp af öðrum vegna bilunar á vél eða af öðrum ástæðum, greiðir vátryggjandi kostnað af því í hlutfalli við vátryggingarupphæðina, að frádregnum 25%.

Öll þau skip, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum eða af Samábyrgðinni, svo og öll þau skip, sem ríkisstofnanir eða ríkissjóður gera út eða sjá um útgerð á, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags, ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn Samábyrgðarinnar. Greiða skal aðeins það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti, þó með þeim takmörkunum, er segir í 3. mgr. 13. gr., og aldrei getur greiðslan orðið hærri en vátryggingarfjárhæð skipsins, sem hjálpina þáði. Ákvæði laga nr. 32 9. jan. 1935 um hlutdeild skipshafnar í björgunarlaunum breytist í samræmi við ákvæði greinar þessarar.

23. gr.

Þegar gert er við skip, sem orðið hefur fyrir tjóni, sem vátryggjendum ber að greiða, greiðir félagið ekki þann aukakostnað, sem stafar af eftir- eða helgidagavinnu, nema að svo miklu leyti sem við þá vinnu sparast önnur útgjöld fyrir vátryggjendur.

Kostnað við gæzlu skips meðan á viðgerð stendur, ef skipið er ekki sett á land, greiðir félagið því aðeins, að það hafi samþykkt, á hvern hátt gæzlunni skuli hagað og hvað greitt skuli fyrir hana.

Leifar skips, sem farizt hefur eða dæmt hefur verið ónýtt, svo og verð braks, sem rifið er úr skipi, sem gert er við á kostnað vátryggjanda, er eign vátryggjanda að réttri tiltölu við virðingarupphæð þess, sem vátryggt er.

24. gr.

Opnir vélbátar eru allir þeir vélbátar, sem ekki eru með fullu þilfari. Fyrir þá gilda þessi ákvæði sérstaklega:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti skal greiða samkvæmt sömu reglum sem um aðra vélbáta.

Félagið skal ávallt greiða að sínum hluta kostnað við björgun á opnum vélbáti, sem orðið hefur fyrir áfalli, og skaða, er hlýzt af nauðlendingu, enda fari kostnaðurinn ekki fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

Stjórn félagsins getur krafizt þess, að opnir vélbátar séu settir á land eftir hverja notkun í sjóferð. Hafi félagsstjórn krafizt þessa, verða engar bætur greiddar fyrir tjón, sem af því kann að leiða, ef út af er brugðið.

25. gr.

Nú sannast það, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða í sviksamlegum tilgangi valdið tjóninu, og má þá draga allt að 20% af skaðabótafénu, enda þótt vátryggðum annars hefði borið fullar bætur. Hafi vátryggður sjálfur í sviksamlegum tilgangi tvítryggt hið sama, eða hafi hann gerzt valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir hirðuleysi, er félagið laust allra mála um skaðabótaskyldu gagnvart honum.

Hins vegar skal félaginu ávallt skylt að greiða svo mikið af skaðabótafénu sem þarf til að greiða lán, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum, enda skerða ákvæði laga þessara um niðurfall skaðabótaskyldu vátryggingarfélaga að einhverju eða öllu leyti í einstökum tilfellum aldrei rétt veðhafa til innheimtu vátryggingarfjárins hjá félaginu.

Skaðabætur greiðast þó aldrei, ef tjón verður af þeim orsökum, er greinir í 21. gr., 5. og 6. tölulið.

Félagið á ætíð endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er samkvæmt fyrri hluta þessarar greinar.

26. gr.

Öll skjöl og reikninga snertandi tjón og aðgerð á skipi skal þegar að aðgerðinni lokinni afhenda hlutaðeigandi félagi. Skal tjónið þá gert upp innan eins mánaðar frá afhendingu skjalanna. Félagið og skipseigandi koma sér saman um það, hversu aðgerð skuli hagað, og greiða kostnaðinn í hlutfalli við áhættu sína.

Aðgerðarreikningar, sem ekki eru komnir í hendur stjórnar félagsins, áður en einn mánuður er liðinn frá því að aðgerðinni er lokið, verða ekki teknir til greina, nema sannað sé fyrir stjórn félagsins, að gildar ástæður séu, að hennar dómi, fyrir þeim drætti, sem orðið hefur á því að gera kröfu.

Sama gildir um aðrar kröfur vegna sjótjóns, ef þær eru ekki komnar félagsstjórninni í hendur innan mánaðar frá því að tjónið varð.

Afrit af tjónbótaniðurjöfnun skal ávallt senda Samábyrgðinni.

V. KAFLI

Skyldur vátryggða.

27. gr.

Þegar vátryggt skip verður fyrir tjóni, sem bótaskylt er samkvæmt lögum þessum, skal eigandi skipsins, eða formaður þess í hans stað, þegar í stað tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi félagsstjórnar og gefa nákvæma skýrslu um atvikin. Skýrslan skal rituð á þar til gerð skýrsluform, er Samábyrgðin semur og lætur vátryggjendum í té.

Tjón, sem ekki hefur verið tilkynnt innan hálfs mánaðar frá því að það vildi til, getur félagsstjórnin neitað að taka til greina, nema sannað sé fyrir henni, að óviðráðanlegar orsakir séu til dráttarins.

28. gr.

Skylt er bæði skipstjóra og útgerðarmönnum að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr tjóni, svo að það verði sem allra minnst. Þeim ber að hlíta þeim ráðstöfunum, sem stjórn félagsins kann að gera í því skyni.

Á vátryggðum hvílir skylda til þess að færa sönnur á tjónið og hve miklu það hefur numið.

29. gr.

Skipstjórar á hinum vátryggðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir stjórna, og í þeim siglingum, sem þau eru í. Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laga um eftirlit með skipum, eins og þau eru á hverjum tíma.

Félögin og Samábyrgðin geta hvort um sig neitað skipstjórn þess skipstjóra, sem þrisvar, vegna ógætni eða vanrækslu, hefur orðið fyrir bótaskyldu tjóni á skipum, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum. Ef eigandi skips hlítir ekki fyrirmælum um þetta, verða ekki bætt þau tjón, er sá skipstjóri verður fyrir.

VI. KAFLI

Um iðgjöld og endurgreiðslu iðgjalda.

30. gr.

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af ráðuneytinu, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og starfandi vátryggingarfélaga fiskiskipa.

Þar, sem sérstaklega stendur á að dómi ráðuneytisins og Samábyrgðarinnar, skal heimilt að ákveða iðgjöldin með hliðsjón af því áhættusvæði, þar sem skipinu er ætlað að vera í förum.

Vátryggingarfélag hefur lögveð í skipi og lögtaksrétt fyrir inntökugjaldi, skoðunarkostnaði og vátryggingariðgjöldum, þó eigi fyrir lengra tímabil en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Vátryggingin gengur í gildi, þegar áskilið iðgjald og stofnsjóðsgjald er ákveðið, og eiga félögin kröfu á að fá greitt iðgjald fyrir vátryggt skip frá þeim tíma, er beðið var um vátrygginguna.

31. gr.

Endurgreiða skal iðgjald fyrir skip, sem staðið hefur í landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem stjórn félagsins tekur gildan, ef slík landstaða eða hafnlega hefur varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt. Ef tjónbætur á vátryggingarárinu fara fram úr helmingi hins greidda iðgjalds, fellur endurgreiðsla niður fyrir það vátryggingarár. Ef skip hefur orðið fyrir tjóni sem nemur minna en helmingi greidds ársiðgjalds, má endurgreiða iðgjald, þó aldrei meir en svo, að samanlögð endurgreiðsla og tjónbætur fari aldrei fram úr helmingi ársiðgjalds. Ef skip hækkar í tryggingu meðan það var í hafnlegu eða landsátri, skal reikna endurgreiðslu hlutfallslega miðað við tryggingarupphæð, iðgjald og tíma. Sömu reglur gilda um endurgreiðslu, ef skip flyzt milli vátryggingarfélaga eða hættir að vera vátryggingarskylt.

Endurgreiðslu þessa skal reikna hlutfallslega af hinu greidda ársiðgjaldi.

Vottorð tveggja manna, sem stjórn félagsins tekur gilda, um uppistöðu eða hafnlegu þá, er hér um ræðir, skal afhenda stjórn félagsins og er skilyrði fyrir, að endurgreiðsla verði látin af hendi.

Skipin eru þó alltaf tryggð fyrir venjulegri hafnaráhættu (revier), þegar þau liggja uppi. En fyrir þá áhættu skal greiða iðgjald eins og ákveðið verður í iðgjaldaskránni.

32. gr.

Ágreining milli félags og skipseiganda, milli félaga, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar, annan en þann, sem um ræðir

í 2. mgr. 22. gr. laga þessara, skal leggja í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af hæstarétti.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

Í gerðardómnum skal það ákveðið, hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila, eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðila.

Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.

33. gr.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins. Þegar vátryggingarfé er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka, hverjir hafi þinglesin veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.

34. gr.

Ef einstök félög leggjast niður vegna þess, að tvö eða fleiri félagssvæði sameinast, ganga eignir þeirra til þess félags, er tekur við tryggingarstarfsemi á félagssvæðinu.

35. gr.

Vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin gjöldum til bæjar- og sveitarsjóða, svo og undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs.

36. gr.

Lög, venjur og reglur Samábyrgðarinnar gilda um þau atriði, sem eigi eru ákvæði um í lögum þessum.

37. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 11. júní 1942.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði:

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga til ársloka 1948. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð 22. gr. laganna um aðstoð.

Ed. 861. Frumvarp til laga

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af öllum íslenzkum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, er nemi 1¾% af verði afurðanna.

2. gr.

Greiða skal, auk gjaldsins skv. 1. gr., útflutningsgjald af öllum sjávarafurðum, öðrum en saltaðri síld, er nemi ½% af verðmæti afurðanna.

3. gr.

Af hverjum 100 kg af síldarmjöli skal greiða í ríkissjóð kr. 1.00. Af hverjum 100 kg af óþurrkuðum fiskúrgangi kr. 0.50. Af hverjum 100 kg af síld, sem flutt er út óunnin til bræðslu, kr. 0.25. Af hverjum 100 kg af fiskúrgangi, hausum og

beinum, þurrkuðum og óunnum, kr. 3.00, þó þannig, að ef þessar afurðir eru skattlagðar með útflutningsgjaldi til bæjarsjóðs eða hafnarsjóðs, þá greiðist í ríkissjóð gjald, er nemur því, sem á vantar kr. 3.00 af 100 kg.

Brot úr tolleiningu, sem er ½ eða meira, telst heil tolleining, en minna broti skal sleppt.

4. gr.

Ríkissjóður sér um innheimtu gjaldanna, en gjöldin samkv. 1. og 2. gr. skiptast þannig milli eftirtaldra aðila:

1. Af gjaldinu samkv. 1. gr. skal renna:
   a. Til Fiskveiðasjóðs Íslands 1½%.
   b. Til að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsókna og fiskifræðirannsókna, sem reist verður á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans, ⅛% fram til ársloka 1949, en eftir þann tíma fellur gjaldið niður, og lækkar þá útflutningsgjaldið samkv. 1. gr. sem þessu nemur.
   c. Til Landssambands íslenzkra útvegsmanna ⅛%.
2. Gjaldið samkvæmt 2. gr. skal renna til fiskimálasjóðs.

5. gr.

Gjald það, sem ræðir um í 1. og 2. gr., skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er þær fyrst fara frá, eða söluverð erlendis (cif), að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi. Ef afurðir eru sendar óseldar, skal lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs ákveða gjaldið eftir því, sem ætla má, að verðar séu með umbúðum, fluttar um borð. Sendandi eða umboðsmaður hans er skyldur til að gefa lögreglustjóra vottorð, að viðlögðum drengskap, um, hvort hið senda er selt eða ekki, og ef selt er, þá söluverð og söluskilmála.

6. gr.

Nú sannar sendandi það, áður 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á hinar útfluttu óseldu fiskiafurðir, sé hærra en hann hefur selt þær, og er þá fjármálaráðuneytinu heimilt að endurgreiða mismuninn.

7. gr.

Til afurða þeirra, er í 1. og 2. gr. getur, telst og afli skipa, er eigi eru skrásett hér á landi, sem verkaður er eða fluttur milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni, þótt veiddur sé utan landhelgi.

Hvers konar aðgerð á afla telst verkun, t. d. ef afli er saltaður, ísaður, slægður o. s. frv.

Til téðra afurða telst enn fremur afli hér við land af skipum, sem ekki eru skrásett hér á landi, en hafa þó rétt til að veiða og verka afla í landhelgi. Ríkisstjórninni er þó heimilt, ef hún telur það nauðsynlegt vegna gagnkvæmra viðskiptasamninga, að undanþiggja gjaldi þessu þau þessara skipa, sem ekki taka höfn hér á landi á því almanaksári, sem þau að einhverju leyti stunda veiðar á hér við land.

8. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Gjaldið greiðist lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs þar, sem varan er tekin, eða ef hún er eigi flutt úr landi, þá þar, sem skipið leggur frá landi.

9. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur

samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

10. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

11. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldunum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—50000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur grun um, að skilríki þau, er um getur í 6. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: lög nr. 47 frá 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, l. nr. 63 frá 1935, um útflutningsgjald, 2. tölul. 13. gr. l. nr. 75 frá 1937, um fiskimálanefnd o. fl., og ákvæði til bráðabirgða við l. nr. 41 frá 1946.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um innheimtu og skiptingu útflutningsgjalda af sjávarafurðum, framleiddum árið 1947, skv. ákvæðum þessara laga.

Sþ. 862. Tillaga til þingsályktunar

um síldarleit með langfleygum flugvélum.

Flm.: Áki Jakobsson, Hermann Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að framkvæma reglulega síldarleit með langfleygum flugvélum á komandi síldarvertíð svo langt á haf út sem kostur er, jafnhliða hinni venjulegu síldarleit, sem framkvæmd hefur verið undanfarin ár.

Heimilt er ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði fé til að standast kostnað við framkvæmd þessarar þingsályktunar, ef ekki næst samkomulag við síldarverksmiðjurnar í landinu um að skipta niður á þær kostnaðinum.

Greinargerð.

Á tveim undanförnum árum hefur verið lítil síld á venjulegum síldarslóðum fyrir Norðurlandi. Þetta hefur orðið til þess, að mikið hefur verið um það rætt, hverju þetta sætti, og þykjast menn hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að þó að síldin hafi ekki komið á venjulegar síldarslóðir, þá hafi hún þó verið þar á næstu grösum eða djúpt norður og austur af landinu. Síðastliðið sumar bárust oft fréttir um, að skip hefðu orðið vör við mikla síld allfjarri landi. Ýmsir báta þeirra, sem voru að koma frá Svíþjóð í byrjun síldarvertíðar, fluttu þær fréttir, að þeir hefðu orðið varir við mikla síld á leið sinni, á sama tíma sem engin síld veiddist á hinum venjulegu síldarmiðum. Enn fremur bárust um það fréttir, að norsk síldveiðiskip hefðu komizt í mikla síld seinni part síldarvertíðar mjög djúpt af Norðurlandi. Ýmsar slíkar fréttir voru ekki staðfestar, þó voru menn yfirleitt sammála um, að síld væri að finna dýpra en venjulega.

Árni Friðriksson fiskifræðingur hallast að þeirri skoðun, að síldina kunni að hafa verið að finna á þessum slóðum, og í grein, sem hann nefndir „Hvar var síldin í fyrra?“ og birtist í janúarhefti Ægis þetta ár, komst hann svo að orði:

„Sé gert ráð fyrir, að magn þessara stofna hafi verið svipað og vanalega, þá er engum blöðum um það að fletta, að af stóra stofninum, þeim, sem veiðin skyldi byggjast á, hafa ekki verið nema 10—15% á miðunum. Og hvar var þá hitt? Ef fallizt er á kenningu mína um lífshlaup Norðurlandssíldarinnar, verður vandalaust að svara þeirri spurningu. Hitt var norðar, og einkum austar, og gekk ég þess ekki dulinn. Ég taldi það skyldu mína að benda á þetta. Fór ég því á fund bæði formanns verksmiðjustjórnar (þ. e. Sveins Benediktssonar) og framkvæmdastjóra síldarverksmiðjanna og lagði spilin á borðið. Hvatti ég til þess, að flogið yrði austur um haf út frá Langanesi, eins langt og komizt yrði, og að leitað væri síldar djúpt norður af landi, einkum austan til. Þessu var þó aldrei sinnt.“

Af þessu sést, að Árni Friðriksson hefur leitazt við að koma því til leiðar, að framkvæmd væri síldarleit á stærra svæði þegar á s. l. sumri, en þó án þess að hann kæmi því fram.

Það er óþarft að taka það fram, að síldveiðiskipin velflest gætu sótt síldina langt á haf út, bara ef þau vissu, hvar hana væri að finna. Af þeim sökum má ekki láta neitt ógert, sem getur orðið til þess að finna síldina.

Það skal fram tekið, að með tillögu þessari er ekki ætlazt til þess að fella niður þá síldarleit, sem framkvæmd hefur verið fram að þessu með flugvélum, heldur að bæta við einni eða tveim stórum og langfleygum flugvélum, sem gætu leitað síldarinnar miklu dýpra og á miklu stærra svæði en hinar smærri flugvélar, sem leita á grunnmiðum. Sérstaklega er rétt að benda á, að Flugfélag Íslands h/f á flugvél, Catalinaflugbát, sem er vel fallin til þess að framkvæma slíka leit á, sem þessi tillaga fjallar um.

Þetta er mjög aðkallandi mál, og því er þess að vænta, að það hljóti skjóta afgreiðslu, svo að hægt verði að hefja síldarleit á djúpmiðum hið allra fyrsta, þegar síldar fer að verða von.

Nd.

863. Frumvarp til laga

um félagsheimili.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög og hvers konar önnur menningarfélög, sem standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga og nota til fundahalda og annarrar félagsstarfsemi.

2. gr.

Félagsheimilasjóði, sem nokkur hluti skemmtanaskatts rennur í, sbr. lög nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús og breytingu á þeim lögum, skal varið til þess að styrkja byggingar félagsheimila samkv. 1. gr. Ekki má þó styrkur til hvers félagsheimilis nema hærri fjárhæð en svarar 40% af byggingarkostnaði þess. Styrkinn má veita, hvort heldur eitt slíkra félaga, sem um ræðir í 1. gr., stendur að byggingu félagsheimilis eða fleiri í sameiningu.

Nú hefur félagsheimili notið eða nýtur byggingarstyrks úr ríkissjóði auk þess, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og má þá styrkur samkvæmt þeim ekki nema meiru en svo, að hann ásamt ríkisstyrknum nemi 40% af byggingarkostnaði.

3. gr.

Stjórn félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. eftir tillögum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar. Ef fræðslumálastjóra og íþróttanefnd greinir á, sker menntamálaráðherra úr. Umsóknir um styrki skulu sendar íþróttanefnd, og fylgi nákvæm lýsing af húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á þeim stað, sem um er að ræða, og um fyrirhugaða notkun þess. Félagsheimili, sem styrks nýtur úr félagsheimilasjóði, skal reist á þeim stað og eftir uppdrætti, sem íþróttanefnd samþykkir. Menntamálaráðherra getur og gert það að skilyrði fyrir styrkveitingu, að sveitarfélag, þar sem félagsheimili á að byggja, láti ókeypis í té viðunandi byggingarlóð, og sett þau skilyrði önnur viðvíkjandi gerð og notkun félagsheimilanna, sem hann telur nauðsynleg til þess, að þau komi að sem beztum notum og séu sem mest við hæfi þess bæjar eða þeirrar byggðar, þar sem þau eru reist.

4. gr.

Nú hefur sveitarfélag eða sveitarfélög forgöngu um byggingu félagsheimilis, og skal þá heimilt að styrkja hana úr félagsheimilasjóði, enda sé þá húsið til afnota í þágu slíkrar starfsemi, sem félög þau, sem um ræðir í 1. gr., hafa með höndum.

Áskilji sveitarfélag sér rétt til þess að nota húsið að meira eða minna leyti í öðru skyni, skal draga frá byggingarkostnaði þess fjárhæð, sem telja má hæfilega vegna þessara nota, og má styrkurinn ekki nema meiru en 40% af því, sem þá verður eftir. Án leyfis menntamálaráðherra er sveitarfélagi óheimilt að taka síðar að nota aukinn hluta hússins til annars en um ræðir í 1. málsgr. Leyfi menntamálaráðherra slíkt, skal sveitarfélagið endurgreiða tiltölulegan hluta styrksins. Vilji það síðar láta aukinn hluta hússins eða það allt til þeirrar starfsemi, sem um ræðir í 1. málsgr., má veita því viðbótarstyrk, svo sem um nýbyggingu væri að ræða.

5. gr.

Eigendum félagsheimila, sem notið hafa byggingarstyrks úr félagsheimilasjóði, skal skylt að heimila slíkum félögum, sem um ræðir í 1. gr., í sama bæ eða sömu byggð afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef það fer ekki í bága við eðlilega þörf

þeirra sjálfra fyrir það. Fræðslumálastjóri og íþróttanefnd geta með samþykki menntamálaráðherra ákveðið hámark afnotagjalds slíkra félaga af félagsheimilum, sem styrkt hafa verið úr ríkissjóði. Verði ágreiningur um, hvort félag eigi rétt á afnotum af félagsheimili, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðherra.

Nú verður samkomulag um það milli eigenda félagsheimilis og annars slíks félags eða félaga, sem um ræðir í 1. gr., að það verði meðeigandi að félagsheimilinu, og skal þá við ákvörðun þeirrar fjárhæðar, er það greiðir, miða við, að það verði hluttakandi í þeim styrk, sem veittur hefur verið til byggingar hússins úr félagsheimilasjóði eða ríkissjóði. Menntamálaráðherra skal samþykkja slík kaup.

6. gr.

Óheimilt er að selja félagsheimili, sem styrkt hafa verið úr félagsheimilasjóði, án leyfis menntamálaráðherra. Leyfi hann slíka sölu, skal félagsheimilasjóði endurgreiddur styrkur sá, sem úr honum hafði verið veittur til byggingar hússins. Óheimilt er að veðsetja félagsheimili, sem styrkt hafa verið samkvæmt lögum þessum, nema fyrir láni til greiðslu byggingarkostnaðar eða vegna endurbóta á eigninni. Veðlán þessi mega aldrei nema meiru en ⅓ hluta byggingarkostnaðar og ½ endurbótakostnaðar.

7. gr.

Nú er eitt eða fleiri af félögum þeim, sem staðið hafa að byggingu félagsheimilis, lagt niður, og skal þá það eða þau félög, sem starfa áfram, eiga kost á að taka við húsinu með öllum réttindum og skyldum. Vilji þau það ekki eða séu öll félögin, sem staðið hafa að byggingu félagsheimilisins, lögð niður, skal sveitarstjórn, þar sem félagsheimilið er, eiga þess kost að fá það, ef hún skuldbindur sig til þess að reka það í þágu þeirrar starfsemi, sem um ræðir í 1. gr. Nú neitar sveitarstjórn að taka við félagsheimili til rekstrar eða vill hætta rekstri félagsheimilis, sem hún hefur áður tekið að sér að reka eða haft forgöngu um að byggja, og skal menntamálaráðherra þá skipa 3 manna nefnd, er gera skal tillögur um, hvernig ráðstafa skuli húsinu. Einn nefndarmanna skal skipaður samkv. tilnefningu félaga þeirra, sem síðast höfðu umráð yfir húsinu, annar eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, en hinn þriðji án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Menntamálaráðherra ákveður síðan um ráðstöfun hússins, og er honum heimilt að fá það til rekstrar félagi eða félögum, sem um ræðir í 1. gr., eða að láta selja það til lúkningar áhvílandi skuldum og endurgreiðslu byggingarstyrks til félagsheimilasjóðs. Það, sem umfram kann að verða, rennur í félagsheimilasjóð.

8. gr.

Sérhvert félagsheimili, sem byggt er með styrk úr félagsheimilasjóði, skal vera sjálfstæð stofnun, og skulu settar reglur um rekstur og afnot þess, hvers og eins, og menntamálaráðherra staðfesta þær.

9. gr.

Ágreiningi, sem verður um skilning á lögum þessum eða um framkvæmd þeirra, má skjóta til ráðherra.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948. Er samkvæmt þeim heimilt að veita styrk úr félagsheimilasjóði til byggingar félagsheimila, sem hafin hefur verið bygging á eftir 1. janúar 1942, en er ekki lokið, þegar lög þessi öðlast gildi.

Nd. 864. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og l. nr. 94 14. maí 1940, um breyt. á þeim l.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og er sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. maí 1947.

Jón Pálmason, form., frsm. Steingr. Steinþórsson, fundaskrifari. Jón Sigurðsson.

Ásg. Ásgeirsson. Sigurður Guðnason.

Ed. 865. Frumvarp til laga

um fiskimálasjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Stjórn fiskimálasjóðs er skipuð 5 mönnum. Þeir skulu kjörnir hlutfallskosningum í sameinuðu Alþingi, ásamt jafnmörgum varamönnum, til þriggja ára í senn. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

Ráðherra getur falið stjórn fiskimálasjóðs þau verkefni, sem fiskimálanefnd hafði með höndum, og framkvæmd annarra mála, er sjávarútveginn varða, eftir því sem henta þykir.

2. gr.

Tekjur fiskimálasjóðs eru þessar:

1. Eignir fiskimálasjóðs, er starfað hefur samkvæmt lögum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., nr. 75 31. des. 1937.
2. Útflutningsgjald af sjávarafurðum, öðrum en saltaðri síld, er nemi ½% — hálfum af hundraði — af verðmæti þeirra miðað við fob. verð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið að undanskilja þessu gjaldi fisk og fiskafurðir, sem sendar eru til útlanda í tilraunaskyni.
3. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, þó eigi undir kr. 500000.00 á ári næstu 10 árin frá gildistöku laga þessara.
4. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

Heimilt er stjórn fiskimálasjóðs með samþykki ríkisstjórnarinnar að taka allt að 10 milljón króna lán til starfsemi sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þetta fyrir hönd ríkissjóðs.

3. gr.

Fé fiskimálasjóðs skal verja til eflingar sjávarútvegi á þann hátt, er segir í 4. og 5. gr. þessara laga.

4. gr.

Fiskimálasjóður veitir styrki til:

a. Hafrannsókna.
b. Rannsókna á fiskigöngum og fiskistofnum.

c. Tilrauna til að veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum.
d. Tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða.
e. Markaðsleita fyrir sjávarafurðir.
f. Annarra rannsókna og nýjunga í þarfir sjávarútvegsins.

Öll styrktarstarfsemi sjóðsins skal vera í samráði við ríkisstjórnina.

5. gr.

Fiskimálasjóður má veita viðbótarlán gegn síðari veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingu sjávarafurða, og séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjármagn fyrir hendi. Hvert þessara lána má ekki fara fram úr 25% af stofnkostnaði fyrirtækisins og ekki að viðbættum lánum með betra veðrétti nema meiru en 85% af stofnkostnaði. Engin lánveiting má nema yfir 150 000 kr. Lánskjörin séu þau sömu og hjá Fiskveiðasjóði Íslands.

6. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 75 31. desember 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., lög nr. 48 1940, um breyting á þeim lögum, sem og önnur lagaákvæði, er koma í bág við lög þessi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 866. Frumvarp til laga

um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI

Um skipan og verkefni framleiðsluráðs.

1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi aðalframkvæmd laga þessara, og skal það skipað þannig: 5 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda á fulltrúaráðsfundi þess, og sé einn þeirra formaður framleiðsluráðs, og 4 mönnum, er stjórn Stéttarsambandsins skipar samkvæmt tilnefningu eftirgreindra aðila, einn frá hverjum: þeirri deild Sambands ísl. samvinnufélaga, er fer með sölu landbúnaðarafurða, Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Sláturfél. Suðurlands og mjólkurbúunum utan mjólkursölusvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, allir til tveggja ára í senn. Framleiðsluráð kýs sér formann til sama tíma.

Framleiðsluráð kýs úr sínum flokki 3 menn í framkvæmdanefnd og jafnmarga til vara. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál, sem ekki þykir fært að fresta til fundar framleiðsluráðs.

Framleiðsluráð ræður sér fulltrúa, er annast dagleg störf, það getur einnig valið sér trúnaðarmenn til eftirlits, eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Aðalverkefni framleiðsluráðs (auk þess sem um ræðir í 1. gr.) eru:

1. að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara;
2. að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, svo að hún fullnægi, eftir því sem kostur er á, þörfum þjóðarinnar;

3. að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð varanna;
4. að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir þessar vörur utan lands og innan;
5. að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma;
6. að ákveða verðmiðlun á kindakjöti, mjólk og mjólkurvörum samkv. fyrirmælum laga þessara;
7. að ákveða mjólkursölusvæði samkv. lögum þessum;
8. að verðskrá landbúnaðarvörur í samræmi við vísitölu hagstofunnar, sbr. 2. málsgr. 6. gr. og 7. gr.

3. gr.

Framleiðsluráð lætur safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu landbúnaðarvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma.

Skylt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, er hafa með höndum vinnslu eða sölu landbúnaðarafurða, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þær geta veitt.

II. KAFLI
Um verðskráningu.

4. gr.

Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.

Hagstofu Íslands er skylt að afla nauðsynlegra gagna fyrir 1. júlí ár hvert um framleiðslukostnað landbúnaðarvara og tekjur annarra vinnandi stétta á sama tíma.

5. gr.

Við útreikning framleiðslukostnaðar og verðlagningu á söluvörum landbúnaðarins á innlendum markaði í heildsölu og smásölu skal samkvæmt ákvæðum 4. gr. byggt á verðgrundvelli, sem fenginn er með samkomulagi milli þriggja fulltrúa, sem tilnefndir eru af stjórn Stéttarsambands bænda, og þriggja fulltrúa frá þessum félagssamtökum neytenda: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Sjómannafélagi Reykjavíkur.

Nefndinni til aðstoðar eru hagstofustjóri og formaður búreikningaskrifstofu landbúnaðarins.

Verði samkomulag með öllum nefndarmönnum, er það bindandi.

Nú næst ekki samkomulag um einhver atriði snertandi útreikning framleiðslukostnaðar eða verðlagningu landbúnaðarvara, og skal þá vísa þeim atriðum, er ágreiningi valda, til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefnd þessi skal skipuð 3 mönnum, einum tilnefndum af fulltrúum Stéttarsambands bænda, öðrum af fulltrúum neytenda og hagstofustjóra sem oddamanni.

Fellir hún fullnaðarúrskurð um ágreiningsmálin.

Ákvæðin um yfirnefnd gilda á meðan greitt er niður með ríkisfé verð landbúnaðarafurða eða ef útflutningsuppbætur eru greiddar á þær.

6. gr.

Verðlagsgrundvöllur sá, er um ræðir í 4.—5. gr., svo og verðlagning söluvaranna, skal ákveðinn í fyrsta skipti fyrir 1. ágúst 1947 og gildir eftir það þar til annar verðlagsgrundvöllur er fundinn. Fulltrúar framleiðenda og neytenda geta hvor um sig óskað endurskoðunar á verðlagsgrundvellinum. Ef ósk fulltrúa um endurskoðun

er komin til gagnaðila fyrir lok febrúarmánaðar það ár, sem óskað er eftir að endurskoðunin verði látin fram fara, skal hún þegar tekin til greina. Við endurskoðun þessa skal fylgja fyrirmælum 4. og 5. gr., og skal henni lokið svo tímanlega, að söluverð á landbúnaðarvörum verði ákveðið í samræmi við hana fyrir 1. ágúst sama ár.

Hagstofa Íslands reiknar árlega framleiðslukostnað landbúnaðarvara eða vísitölu hans á grundvelli áðurgreinds samkomulags eða tillagna yfirnefndar (sbr. 5. gr.), og skal framleiðsluráð miða verðlagning á landbúnaðarvörum árlega við þann útreikning.

Hið nýja verðlag tekur gildi 1. ágúst ár hvert. Enginn má kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti, sem verðskráðir eru samkv. lögum þessum, fyrir annað verð en það, sem ákveðið er á hverjum stað og tíma.

7. gr.

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. sept., skal framleiðsluráð verðskrá kjöt af því fé þeim mun hærra en hið ákveðna haustverð, sem nemur væntanlegum þyngdarauka kindanna að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

8. gr.

Ákveða skal á hverju hausti verðlag það á helztu innlendum garðávöxtum, er gilda skal um uppskerutímann frá 15. sept. til 1. nóv. Eftir það skal verðið fara hækkandi, svo að fullt tillit sé tekið til geymslukostnaðar þeirra garðávaxta, sem síðar verða seldir. Nýir innlendir garðávextir, sem koma á markaðinn fyrir 15. sept., skulu skráðir hærra verði, því fyrr sem þeir eru afhentir til sölu. Skal verðið miðað við, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

9. gr.

Kostnaður við framkvæmd II. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði.

III. KAFLI
Um sauðfjárafurðir.

10. gr.

Framleiðsluráð úthlutar slátrunarleyfum, og má enginn slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis framleiðsluráðs. Heimilt skal þó sauðfjáreigendum, er verka hangikjöt á heimilum sínum, að selja það beint til neytenda, en fá skulu þeir leyfi til þess og greiða af því verðjöfnunargjald. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félaga, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annarra félaga. Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðlima sinna. Enn fremur getur nefndin veitt leyfi samvinnufélögum bænda, er stofnuð kunna að verða eftir að lög þessi öðlast gildi, á svæði, þar sem ekki eru samvinnufélög fyrir, og ekki falla undir ákvæði 4. málsl. þessarar greinar, sömuleiðis þeim verzlunum öðrum, sem uppfylla skilyrði þau, sem sett eru um sláturhús og verzlun kjöts samkvæmt ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933. Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárins til sláturhúss, að illfært sé að dómi framleiðsluráðs.

Í leyfi getur framleiðsluráð ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands, svo og hvernig kjötið af því fé skuli verkað.

11. gr.

Þeir, sem slátra fé til sölu, gefa ráðinu skýrslu um daglega slátrun, staðfesta af kjötmatsmönnum, og standa skil á verðmiðlunargjaldinu til framleiðsluráðs. Stjórn neytendafélags, er fengið hefur slátrunarleyfi, skal einnig senda slíka skýrslu og standa skil á verðmiðlunargjaldinu. Gjalddagi er, þegar slátrun fer fram, nema framleiðsluráð heimili annað.

12. gr.

Framleiðsluráð ákveður um leið og það veitir slátrunarleyfi ár hvert, hversu miklu hverjum leyfishafa ber að halda eftir af verði kjötsins til verðmiðlunar.

13. gr.

Skylt er öllum, sem verzla með sauðfjárafurðir, að láta framleiðsluráði í té allar upplýsingar og skýrslur, er það óskar eftir og þeir geta veitt, viðvíkjandi sölu og söluhorfum á sláturfjárafurðum bæði innan lands og utan.

14. gr.

Framleiðsluráð gerir þær ráðstafanir, er það telur þurfa, til þess að innlendi markaðurinn fyrir kjöt og slátur notist sem allra bezt og fullnægt verði sanngjörnum óskum neytenda. Það hefur eftirlit með allri meðferð sláturfjárafurða, stuðlar að notkun beztu aðferða við geymslu kjötsins og leiðbeinir eða hlutast til um, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og alla meðferð þessara vara og verzlun með þær. Það getur enn fremur takmarkað flutning á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum milli markaðsstaða, ef það telur það hagkvæmara fyrir söluna.

15. gr.

Framleiðsluráði er heimilt, ef það telur þess þörf, að láta ákvæði þessara laga um sölu og verðmiðlun gilda um aðrar sauðfjárafurðir.

IV. KAFLI

Um sölu stórgripakjöts.

16. gr.

Framleiðsluráð hefur eftirlit með sölu nautgripakjöts og vinnur að því, að það verði flokkað og metið eftir tegundum og gæðum, enda verði verðskráning á kjötinu í heildsölu og smásölu miðuð við þá flokkun. Það getur enn fremur ákveðið, að því aðeins sé heimilt að selja nautgripakjöt á opinberum markaði, að gripunum hafi verið slátrað á sláturstöðum, sem framleiðsluráð eða umboðsmaður þess hefur viðurkennt.

17. gr.

Framleiðsluráð verðskráir hrossakjöt á innlendum markaði, ef Búnaðarfélag Íslands eða félag framleiðenda, sem framleiðsluráð viðurkennir, óskar þess.

Nú hafa framleiðendur sláturhrossa myndað með sér félag, sem framleiðsluráð viðurkennir, og skal þá framleiðsluráð setja reglugerð um sölu og meðferð sláturhrossa og hrossakjöts, ef félagið, er að framan greinir, óskar þess.

Í reglugerð þessari skal tekið fram meðal annars:

1. Um skiptingu landsins í sölusvæði.
2. Bann gegn sölu afsláttarhrossa og hrossakjöts milli sölusvæða nema með samþykki framleiðsluráðs.
3. Að framleiðsluráð ákveði kjötverð í heildsölu og smásölu eftir árstíðum og gæðum.
4. Um mat og flokkun hrossakjöts.
5. Um skipun söluráðs hvers sölusvæðis, er starfi undir yfirumsjón framleiðsluráðs.

6. Um úthlutun söluleyfa, er miðist við markaðshorfur á hverjum tíma og hrossaeign manna á hverju sölusvæði samkv. síðasta skattframtali, eftir því sem við verður komið.

V. KAFLI
Um sölu mjólkur og mjólkurafurða.

18. gr.

Framleiðsluráð ákveður skipun mjólkursölusvæða. Að jafnaði markar sú aðstaða mjólkursölusvæði, að hægt sé að selja daglega til kaupstaða eða kauptúna innan mjólkursölusvæðisins óskemmda mjólk af öllu svæðinu, annaðhvort frá einstaklingum eða viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á því mjólkursölusvæði.

Nú getur sveit eða hérað ekki flutt mjólk daglega til sölustaðar, og er framleiðsluráði þó engu að síður heimilt, ef svæði þetta hentar sérstaklega til mjólkurframleiðslu eða ef þar er sérstök þörf á aukningu mjólkurframleiðslu, að færa þær byggðir undir það mjólkursölusvæði, er bezt hentar vegna samgangna og annarrar aðstöðu, enda sé þá jafnframt tekið tillit til þess, hvar mjólkurinnar er mest þörf.

Við skiptingu í mjólkursölusvæði skal framleiðsluráð enn fremur taka tillit til þess, hvar einstaklingar eða mjólkurbú hafa selt neyzlumjólk sína. Óheimilt er öllum mjólkurframleiðendum að selja mjólk eða rjóma og nýtt skyr (ófryst) utan þess mjólkursölusvæðis, sem þeir eru búsettir á, nema með leyfi framleiðsluráðs.

19. gr.

Framleiðendur sölumjólkur á hverju mjólkursölusvæði velja sér stjórn, er hefur á hendi stjórn mjólkurmálanna, þar á meðal mjólkursöluna á því sölusvæði. Hún annast enn fremur innheimtu verðmiðlunargjalds af neyzlumjólk og afhendingu þess til framleiðsluráðs. Þar, sem starfandi eru fleiri en eitt mjólkurbú, sem viðurkennd eru af ríkisstjórninni og hafa á hendi daglega sölu á mjólk og rjóma til neytenda, skulu þau hafa sameiginlega yfirstjórn, er nefnist samsölustjórn. Þau kjósa á aðalfundi mjólkurbúanna fulltrúa á sameiginlegan fulltrúafund fyrir mjólkursölusvæðið, sem svo kýs stjórn samsölunnar á því svæði.

Nú er ekkert mjólkurbú starfandi á mjólkursölusvæði, og getur þá framleiðsluráð hlutazt til um og fyrirskipað, að bændur þeir, er mjólk selja í kaupstað eða kauptún innan þess svæðis, myndi með sér félagsskap og kjósi stjórn, er sjái um mjólkursöluna og annað, er hana snertir.

20. gr.

Á mjólkursölusvæðum, þar sem starfandi er samsölustjórn samkv. 19. gr., skal greiða sérstakt gjald af allri neyzlumjólk og rjóma, sem samsalan selur frá mjólkurbúunum, félögum eða einstökum mönnum á svæðinu. Gjald þetta nefnist verðjöfnunargjald mjólkursvæða og ákveðst fyrirfram af stjórn hlutaðeigandi mjólkursamsölu, og má breyta því eftir því, sem þurfa þykir.

Tekjuafgangur mjólkursamsölu skal renna í verðjöfnunarsjóð hlutaðeigandi mjólkursölusvæðis eftir að nauðsynlegar afskriftir hafa farið fram og aðrar greiðslur, er stjórn samsölunnar telur nauðsynlegt að inna af hendi, enda hafi það þá áhrif á ákvörðun verðjöfnunargjaldsins.

Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu á viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á mjólkursölusvæðinu. Verðjöfnun innan hvers mjólkursölusvæðis skal jafnan miðuð við það, eftir því sem við verður komið, að allir mjólkurframleiðendur á mjólkursölusvæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína komna á sölustað. Þeir, sem ekki senda mjólk sína á sölustað, heldur í mjólkurbú til vinnslu, skulu því fá þeim mun minna verð fyrir mjólk sína, er svarar til flutningskostnaðar hennar frá því búi til sölustaðar, enda sé þá flutn-

ingskostnaður vinnsluvaranna til sölustaðar innifalinn í stöðvargjaldi búsins. Flutningskostnaður þessi, bæði á mjólk og mjólkurafurðum, skal ákveðinn fyrir fram af stjórn samsölunnar, svo oft sem hún telur ástæðu til, þannig að hann sé sem næst raunverulegum kostnaði á hverjum tíma, og með hæfilegri hliðsjón af reynslu undanfarandi ára. Stöðvar- og vinnslukostnaður skal talinn jafn hjá öllum mjólkurbúum á sama mjólkursölusvæði fyrir hverja vörutegund, sem þau framleiða. Kostnað þennan ákveður samsölustjórnin eftir því, sem hún telur hæfilegt að fengnum upplýsingum um kostnað við rekstur mjólkurbúa af líkri stærð og skýrslum um starfrækslukostnað mjólkurbúanna á mjólkursölusvæðinu.

Verði ágreiningur milli mjólkurbúanna um flutningskostnað eða stöðvar- og vinnslukostnað, sker framleiðsluráð úr.

21. gr.

Þar sem samsölustjórn er starfandi samkvæmt ákvæðum 19. gr., skal öll sala og dreifing á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri fara fram undir yfirstjórn hennar. Heimilt er þó stjórn samsölunnar með samþykki framleiðsluráðs að leyfa þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða eða kauptúna, að velja um, hvort þeir afhenda samsölunni sölumjólk sína og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkv. 22. gr., eða selja hana beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni verðjöfnunargjald, svo sem samsölustjórnin ákveður á hverjum tíma. Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 2800 lítra ársnyt úr hverri kú, nema meðalársnyt hafi reynzt önnur samkv. skýrslu nautgriparæktarfélaga á mjólkursölusvæðinu, og skal gjaldið þá miðað við það.

Heimilt er hverjum framleiðanda, er nýtur framangreindrar undanþágu, að undanskilja til heimilisþarfa 1 lítra mjólkur á dag á hvern heimilismann hans. Heimilismenn teljast hér auk framleiðanda þeir, sem hann hefur á framfæri, og hjú hans. Framleiðandi tilkynnir tölu heimilismanna og færir sönnur á hana, ef samsölustjórnin óskar þess.

Skylt er þeim, er heimild hafa til að selja mjólk sína beint til neytenda, að hlíta þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti við framleiðslu og afhendingu mjólkurinnar, sem tilskilið er í lögum og heilbrigðisreglugerðum á hverjum tíma.

22. gr.

Nú hefur mjólkurframleiðandi, sem búsettur er í þeim kaupstað eða kauptúni, þar sem mjólkin er seld, ræktað land til fóðuröflunar innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, og skal hann þá undanþeginn verðjöfnunargjaldi af þeirri mjólk, sem hann framleiðir af því fóðri, er fæst af hinu ræktaða landi, og telst þá, að hektari gefi af sér kýrfóður. Fyrir það mjólkurmagn, sem þeir framleiðendur selja allt árið, jafnt sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem mjólkin er seld, og ekki selja beint til neytenda, skal þeim greiddur einn eyrir á lítra umfram verðjöfnunarverð. Greiðist upphæð þessi eftir á fyrir næstliðið ár, og skal taka tillit til þess, þegar verðjöfnunargjaldið er ákveðið.

23. gr.

Þar sem aðeins eitt mjólkurbú er starfandi á mjólkursölusvæði, skal stjórn þess annast alla sölu og dreifingu mjólkur, rjóma og nýs skyrs í kaupstöðum eða kauptúnum innan mjólkursölusvæðisins, samanber þó 22. gr.

24. gr.

Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkurbú, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk eða rjóma í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem eru innan sama mjólkursölusvæðis, sbr. þó 22. gr.

Enn fremur er stjórn mjólkurmálanna á hverju mjólkursölusvæði heimilt að veita leyfi til að afhenda mjólk að gjöf og heimila framleiðanda að taka mjólk

til eigin neyzlu utan heimilis síns, ef henni þykir sérstök ástæða til. Heimilt er samsölustjórnum að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annarra mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða.

25. gr.

Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum, svo sem framast er unnt. Öll mjólk og rjómi, sem selt er frá sölumiðstöð mjólkurbúa samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneydd.

Um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum skulu sett ákvæði í reglugerð, í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Sala á þeirri mjólk skal fara fram á sama hátt og sala á annarri neyzlumjólk.

Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður af framleiðsluráði, í samráði við stjórn heilbrigðismálanna, um framleiðslu barnamjólkur.

26. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi yfirstjórn mjólkursölumála landsins. Skal það stuðla að því, að ávallt sé næg neyzlumjólk og mjólkurvörur til sölu í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem stöðugur markaður fyrir þessar vörur er fyrir hendi og líkur benda til, að markaður vinnist með skipulegri sölu.

Framleiðsluráð skal fylgjast með sölu mjólkur og mjólkurvara um land allt, ásamt þörfum neytenda fyrir þessar vörur. Það aflar sér nauðsynlegra skýrslna og upplýsinga, er að þessu lúta, og er mjólkurbúum og öðrum félögum eða fyrirtækjum, er að þessum málum starfa, skylt að láta framleiðsluráði í té allar upplýsingar um þessi efni, er þau geta.

27. gr.

Nú kemur í ljós, að vöntun er á mjólk og mjólkurvörum. Skal þá framleiðsluráð hlutast til um í samráði við Búnaðarfélag Íslands, mjólkurframleiðendur á hlutaðeigandi mjólkursölusvæðum og forráðamenn viðkomandi kaupstaða og kauptúna, að bót fáist á mjólkurskortinum, t. d. með bættum samgöngum, félagsbundinni sölu o. s. frv. Enn fremur er framleiðsluráði heimilt, ef mjólk vantar á vissum tíma árs, að fyrirskipa misjafnt mjólkurverð til framleiðenda eftir árstíðum og aðrar þær verðlagsbreytingar á mjólk, er líklegar þykja til að tryggja jafnari mjólkurframleiðslu á mjólkursölusvæðinu. Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf kauptúna eða kaupstaða verður aðeins fullnægt með sérstaklega kostnaðarsömum flutningum, og er framleiðsluráði þá heimilt, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar eða kauptúns óskar þess, að víkja frá gildandi mjólkurverði á staðnum og láta niður falla verðjöfnunargjald af þeirri mjólk, sem að er flutt. Aldrei skal greiða verðjöfnunargjald af sömu mjólk nema á einum stað. Verði ágreiningur um heildsöluverð einhverrar vöru, sem seld er milli verðjöfnunarsvæða, sker framleiðsluráð úr.

28. gr.

Framleiðsluráð hlutast til um, að mjólkurframleiðendur komi sér upp mjólkursölustöðvum í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem engar eru fyrir eða ófullnægjandi og þeirra er full þörf að dómi framleiðsluráðs. Getur framleiðsluráð krafizt þess, að bygging stöðvarinnar sé hagað þannig, að mjólkursölustöðin geti einnig tekið á móti mjólk til vinnslu, þegar þörf krefur. Í því sambandi er framleiðsluráði heimilt í samráði við stjórnir mjólkurmálanna á hlutaðeigandi mjólkursölusvæði að ákveða stofngjald á alla innvegna mjólk, er lagt sé í sérstakan sjóð, er varið sé til að bæta og tryggja skilyrði til vinnslu og sölu mjólkurinnar.

Mjólkursölustöðvar, sem jafnframt hafa vinnslu, skulu reistar þar, sem skilyrði til mjólkurframleiðslu þykja álitleg og framleiðsluráð telur þeirra þörf og þá samkvæmt fyrirsögn sérfróðs manns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Telji framleiðsluráð félagsskap framleiðenda, er að slíkri byggingu stendur, svo traustan, að af framkvæmdum hans megi vænta varanlegra umbóta á sviði mjólkurmálanna, skal ríkissjóður styrkja þær stöðvar að ¼ stofnkostnaðar, enda leggi hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélag stöðinni til ókeypis lóð á hentugum stað. Hafa stöðvar þessar sömu réttindi og skyldur og mjólkurbú samkv. lögum þessum.

Framleiðsluráð getur í samráði við heilbrigðisstjórn ríkisins heimilað sölustöðvum þessum, er því þykir nauðsyn til bera, að selja ógerilsneydda mjólk, en lúta verða þær að öðru leyti öllum fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar um alla meðferð mjólkurinnar.

VI. KAFLI
Um verðmiðlun.

29. gr.

Verðmiðlun á kjöti, mjólk og mjólkurvörum skal haga þannig:

a. Á kjöti: Greiða skal verðmiðlunargjald á allt kindakjöt, er nægi til þess að sláturleyfishafar fái greitt sama verð fyrir sams konar vöru afhenta af framleiðanda á sláturstað.
b. Á mjólk og mjólkurvörum: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af allri mjólk, sem seld er til neyzlu til að koma á hentugri vinnuskiptingu milli búanna, svo og til verðmiðlunar á milli mjólkursölusvæða, eftir því er framleiðsluráð telur þörf á, o. fl. (sjá 30. gr.).

30. gr.

Framleiðsluráð ákveður árlega, hve hátt verðmiðlunargjald skuli tekið í samræmi við a- og b-lið 29. gr. til þess að framkvæma þá verðmiðlun, er þar um ræðir, og standa straum af framkvæmdum laga þessara, þar á meðal kostnaði vegna framleiðsluráðs o. fl. (sjá þó 9. gr.).

31. gr.

Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkurmálanna á hverju mjólkursölusvæði skulu standa framleiðsluráði skil á verðmiðlunargjaldinu samkvæmt fyrirmælum þess.

Gjald þetta er heimilt að taka lögtaki.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðmiðlunarinnar og aflar sér þeirra gagna, sem þörf er á í því skyni. Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita framleiðsluráði upplýsingar, er að þessu lúta og þær geta í té látið.

VII. KAFLI
Um iðnað úr landbúnaðarvörum.

32. gr.

Framleiðsluráð safnar árlega skýrslum um öll iðnfyrirtæki hér á landi, er vinna úr íslenzkum landbúnaðarvörum, hvers konar vinnsla þeirra er og magn hrávöru og vinnsluvöru. Enn fremur ber ráðinu að afla sér upplýsinga um markaði og markaðshorfur innan lands og utan fyrir íslenzkar iðnaðarvörur, unnar úr framleiðsluvörum landbúnaðarins.

33. gr.

Nú telur framleiðsluráð, að skortur sé innanlands á iðnaðarvörum þeim, er um ræðir í 32. gr., eða að ónotuð séu góð markaðsskilyrði erlendis, svo að til tjóns sé fyrir landbúnaðinn, og ber þá framleiðsluráði að stuðla að því, að ný iðnaðarfyrirtæki verði stofnuð eða önnur efld svo, að fullnægt verði varanlegri eftirspurn eftir þessum vörum og hinir erlendu markaðir nýtist eftir því sem bezt má verða.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum framleiðsluráðs.

35. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber lögreglumál. Varða brot sektum frá 300—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ef aðili, sem samkv. lögum þessum er skylt að gefa framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té, má beita dagsektum frá 20—200 kr.

36. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, og breyting á þeim lögum, nr. 66 1937 og nr. 33 1942. Enn fremur lög nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með sauðfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim, og breyting á þeim lögum, nr. 32 1943. Enn fremur lög nr. 11 19. marz 1946, um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl., og loks 1. og 2. málsgr. 7. gr. laga nr. 31 2. apríl 1943, svo og öll önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 867. Breytingartillögur

við frv. til l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Gunnari Thoroddsen, Sigfúsi Sigurhjartarsyni, Jóhanni Hafstein og Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Við 19. gr. Aftan við gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Skylt er að greiða framleiðendum mjólkur hæst verð fyrir 1. flokks mjólk, en stiglækkandi fyrir aðra flokka.
2. Við 20. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: Skylt er að veita slíka undanþágu mjólkurbúum, sem bæjarfélög reka eða eru þátttakendur í.
3. Við 20. gr. 3. málsgr. orðist svo:
   Skylt er þeim, er heimild hafa til að selja mjólk, að hlíta þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti, sem tilskilin eru í lögum, heilbrigðissamþykktum og mjólkurreglugerðum á hverjum tíma.
4. Við 24. gr. Aftan við gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Nú telur héraðslæknir eða heilbrigðisfulltrúi, að sölumjólk sé óhæf til neyzlu, og getur hann þá stöðvað sölu á þeirri mjólk.

Nd. 868. Lög

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 664.

Ed. 869. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Flm.: Pétur Magnússon.

Við 1. gr. Síðari málsliður greinarinnar („Undirbúningi — 1948") falli niður.

Ed. 870. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um eftirlit með skipum.

Frá dómsmálaráðherra.

1. Við 48. gr. 2. og 3. málsgr. orðist svo:
   Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.
   Þá skipar dómsmálaráðherra 12 meðdómendur og 6 varameðdómendur, alla til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim, er hér segir:
2. Við 50. gr.
   a. 7. og 8. málsgr. orðist svo:
      Skipaskoðunarstjóri sendir síðan skjölin til dómsmálaráðuneytisins, og telji hann ástæðu til að ætla, að um refsivert brot sé að ræða, gerir hann tillögu um málshöfðun og lætur fylgja greinargerð og gögn, er hann telur þurfa.
      Nú fyrirskipar dómsmálaráðuneytið málshöfðun, og gefur þá siglingadómur út stefnu og ákveður fyrirtöku málsins á þeim stað og tíma, er hann telur henta. Málið skal síðan rekið að hætti sakamála, þó þannig, að málflutningur er munnlegur og opinber.
   b. 9. og 10. málsgr. falli niður.

Ed. 871. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 1. gr. Í stað síðari málsliðar greinarinnar komi: Athugun um skilyrði fyrir rekstri slíkrar verksmiðju og tæknilegum undirbúningi skal lokið svo fljótt sem verða má.

Ed. 872. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Frá Birni Kristjánssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „sunnan Langaness" komi: austan Rifstanga.

Ed. 873. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið sem hér segir:

1. 40% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið eftir því, sem fyrir verður mælt í lögum um þjóðleikhús.
2. 50% skattsins renni í félagsheimilasjóð, og skal honum varið eftir því, sem fyrir verður mælt í lögum um félagsheimili.
3. 10% renni til lestrarfélaga og kaupa á kennslukvikmyndum, og skal ⅓ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en ⅔ til kennslukvikmyndasafna.

2. gr.

Heiti laganna verði: Lög um skemmtanaskatt, rekstrarsjóð þjóðleikhúss, félagsheimilasjóð o. fl.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

Nd. 874. Breytingartillögur

við frv. til l. um félagsheimili.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Nú hefur sveitarfélag eða sveitarfélög forgöngu um byggingu félagsheimilis og áskilur sér rétt til þess að nota húsið að meira eða minna leyti til annarrar starfsemi en um ræðir í 1. gr., og skal þá draga frá byggingarkostnaði þess o. s. frv.
2. Við 10. gr. Í stað „1. janúar 1942“ komi: 1. janúar 1944.

Nd. 875. Breytingartillögur

við frv. til l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Við 1. gr. Fyrsta málsgrein orðist þannig:
   Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi aðalframkvæmd laga þessara. Það skal skipað 12 mönnum, er velja sjálfir formann sinn. Stéttarsamband bænda kýs með hlutfallskosningu á fulltrúafundi sínum 6 menn. Samband íslenzkra samvinnufélaga kýs á sama hátt 4 menn á aðalfundi sínum, Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sláturfélag Suðurlands leggja til sinn manninn hvort.
2. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Til að fullnægja ákvæðum 4. gr. skal verðlagning á söluvörum landbúnaðarins á innlendum markaði í heildsölu og smásölu byggð á grundvelli, sem feng-

inn er með endurskoðun á 6 manna nefndar samkomulaginu frá 1943. Þessi endurskoðun skal framkvæmd af 6 manna nefnd, er landbúnaðarráðherra skipar. Séu þrír tilnefndir af Sléttarsambandi bænda á fulltrúafundi þess, og mega þeir ekki vera í framleiðsluráði. Einn skal tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn af Landssambandi iðnaðarmanna og einn af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Nefndinni til aðstoðar eru hagstofustjóri og formaður búreikningaskrifstofu landbúnaðarins.

Verði samkomulag með öllum nefndarmönnum, er það bindandi, ella ákveður framleiðsluráð verðið.

Ed. 876. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. 1. mgr. orðist svo:

Sameinað Alþingi kýs hlutbundinni kosningu 5 manna flugráð til 4 ára í senn, og skulu að minnsta kosti tveir þeirra hafa sérþekkingu á flugmálum. Ráðherra skipar formann einn hinna kjörnu ráðsmanna. Jafnmargir varamenn skulu kosnir á sama hátt.

Ed. 877. Frumvarp til laga

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Flugráð, skipað fimm mönnum, hefur á hendi undir yfirstjórn ráðherra stjórn flugmála og annast rekstur flugvalla ríkisins. Þrír þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára. Ráðherra skipar tvo menn með sérþekkingu á flugmálum í ráðið, annan til 8 ára, en hinn til 4 ára, og sé hinn fyrrtaldi formaður ráðsins. Með sama hætti skulu kosnir og skipaðir 5 varamenn í flugráð.

Þóknun til flugráðsmanna skal ákveðin af ráðherra, og greiðist hún úr ríkissjóði.

2. gr.

Ráðherra skipar flugmálastjóra og flugvallastjóra að fengnum tillögum flugráðs.

Flugmálastjóri skal undir stjórn flugráðs fara með störf þau, sem hér greinir: Nýbyggingu flugvalla, loftferðaeftirlit, öryggisþjónustu og önnur störf, er flugið varða og ekki snerta rekstur flugvalla.

Flugvallastjóri annast rekstur og viðhald flugvalla ríkisins undir stjórn flugráðs.

Í erindisbréfum, er ráðherra setur að fengnum tillögum flugráðs, skal nánar kveðið á um störf flugmálastjóra og flugvallastjóra.

Ráðherra skipar og ræður fasta starfsmenn flugmálastjóra og flugvallastjóra til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur, að fengnum tillögum flugráðs.

Þar til laun flugmálastjóra, flugvallastjóra og annarra fastra starfsmanna verða ákveðin í launalögum, skulu þau ákveðin af ráðherra, og greiðast þau úr ríkissjóði.

3. gr.

Ráðherra setur reglur, eftir því sem þurfa þykir, um afnot og rekstur þeirra flugvalla og lendingarstaða, sem um getur í lögum nr. 24 12. febrúar 1945, svo og um alla framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og er jafnframt úr gildi felld 7. gr. laga nr. 24 12. febrúar 1945.

Bráðabirgðaákvæði.

Starfstímabil þeirra flugráðsmanna, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, og annars þeirra flugráðsmanna, er ráðherra skipar, skal vera til ársloka 1951, en hins fyrsta formanns ráðsins til ársloka 1955.

Ed. 878. Frumvarp til laga

um félagsheimili.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög og hvers konar önnur menningarfélög, sem standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi. Sama gildir um samkomuhús sveitarfélaga.

2. gr.

Félagsheimilasjóði, sem nokkur hluti skemmtanaskatts rennur í, sbr. lög nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús og breytingu á þeim lögum, skal varið til þess að styrkja byggingar félagsheimila samkv. 1. gr. Ekki má þó styrkur til hvers félagsheimilis nema hærri fjárhæð en svarar 40% af byggingarkostnaði þess. Styrkinn má veita, hvort heldur eitt slíkra félaga, sem um ræðir í 1. gr., stendur að byggingu félagsheimilis eða fleiri í sameiningu.

Nú hefur félagsheimili notið eða nýtur byggingarstyrks úr ríkissjóði auk þess, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og má þá styrkur samkvæmt þeim ekki nema meiru en svo, að hann ásamt ríkisstyrknum nemi 40% af byggingarkostnaði.

3. gr.

Stjórn félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. eftir tillögum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar. Ef fræðslumálastjóra og íþróttanefnd greinir á, sker menntamálaráðherra úr. Umsóknir um styrki skulu sendar íþróttanefnd, og fylgi nákvæm lýsing af húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á þeim stað, sem um er að ræða, og um fyrirhugaða notkun þess. Félagsheimili, sem styrks nýtur úr félagsheimilasjóði, skal reist á þeim stað og eftir uppdrætti, sem íþróttanefnd samþykkir. Menntamálaráðherra getur og gert það að skilyrði fyrir styrkveitingu, að sveitarfélag, þar sem félagsheimili á að byggja, láti ókeypis í té viðunandi byggingarlóð, og sett þau skilyrði önnur viðvíkjandi gerð og notkun félagsheimilanna, sem hann telur nauðsynleg til þess, að þau komi að sem beztum notum og séu sem mest við hæfi þess bæjar eða þeirrar byggðar, þar sem þau eru reist.

4. gr.

Nú hefur sveitarfélag eða sveitarfélög forgöngu um byggingu félagsheimilis og áskilur sér rétt til þess að nota húsið að meira eða minna leyti til annarrar starf-

semi en um ræðir í 1. gr., og skal þá draga frá byggingarkostnaði þess fjárhæð, sem telja má hæfilega vegna þessara nota, og má styrkurinn ekki nema meiru en 40% af því, sem þá verður eftir. Án leyfis menntamálaráðherra er sveitarfélagi óheimilt að taka síðar að nota aukinn hluta hússins til annars en um ræðir í 1. málsgr. Leyfi menntamálaráðherra slíkt, skal sveitarfélagið endurgreiða tiltölulegan hluta styrksins. Vilji það síðar láta aukinn hluta þess hússins eða það allt til þeirrar starfsemi, sem um ræðir í 1. málsgr., má veita því viðbótarstyrk, svo sem um nýbyggingu væri að ræða.

5. gr.

Eigendum félagsheimila, sem notið hafa byggingarstyrks úr félagsheimilasjóði, skal skylt að heimila slíkum félögum, sem um ræðir í 1. gr., í sama hæ eða sömu byggð afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef það fer ekki í bága við eðlilega þörf þeirra sjálfra fyrir það. Fræðslumálastjóri og íþróttanefnd geta með samþykki menntamálaráðherra ákveðið hámark afnotagjalds slíkra félaga af félagsheimilum, sem styrkt hafa verið úr ríkissjóði. Verði ágreiningur um, hvort félag eigi rétt á afnotum af félagsheimili, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðherra.

Nú verður samkomulag um það milli eigenda félagsheimilis og annars slíks félags eða félaga, sem um ræðir í 1. gr., að það verði meðeigandi að félagsheimilinu, og skal þá við ákvörðun þeirrar fjárhæðar, er það greiðir, miða við, að það verði hluttakandi í þeim styrk, sem veittur hefur verið til byggingar hússins úr félagsheimilasjóði eða ríkissjóði. Menntamálaráðherra skal samþykkja slík kaup.

6. gr.

Óheimilt er að selja félagsheimili, sem styrkt hafa verið úr félagsheimilasjóði, án leyfis menntamálaráðherra. Leyfi hann slíka sölu, skal félagsheimilasjóði endurgreiddur styrkur sá, sem úr honum hafði verið veittur til byggingar hússins. Óheimilt er að veðsetja félagsheimili, sem styrkt hafa verið samkvæmt lögum þessum, nema fyrir láni til greiðslu byggingarkostnaðar eða vegna endurbóta á eigninni. Veðlán þessi mega aldrei nema meiru en ⅓ hluta byggingarkostnaðar og ½ endurbótakostnaðar.

7. gr.

Nú er eitt eða fleiri af félögum þeim, sem staðið hafa að byggingu félagsheimilis, lagt niður, og skal þá það eða þau félög, sem starfa áfram, eiga kost á að taka við húsinu með öllum réttindum og skyldum. Vilji þau það ekki eða séu öll félögin, sem staðið hafa að byggingu félagsheimilisins, lögð niður, skal sveitarstjórn, þar sem félagsheimilið er, eiga þess kost að fá það, ef hún skuldbindur sig til þess að reka það í þágu þeirrar starfsemi, sem um ræðir í 1. gr. Nú neitar sveitarstjórn að taka við félagsheimili til rekstrar eða vill hætta rekstri félagsheimilis, sem hún hefur áður tekið að sér að reka eða haft forgöngu um að byggja, og skal menntamálaráðherra þá skipa 3 manna nefnd, er gera skal tillögur um, hvernig ráðstafa skuli húsinu. Einn nefndarmanna skal skipaður samkv. tilnefningu félaga þeirra, sem síðast höfðu umráð yfir húsinu, annar eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, en hinn þriðji án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Menntamálaráðherra ákveður síðan um ráðstöfun hússins, og er honum heimilt að fá það til rekstrar félagi eða félögum, sem um ræðir í 1. gr., eða að láta selja það til lúkningar áhvílandi skuldum og endurgreiðslu byggingarstyrks til félagsheimilasjóðs. Það, sem umfram kann að verða, rennur í félagsheimilasjóð.

8. gr.

Sérhvert félagsheimili, sem byggt er með styrk úr félagsheimilasjóði, skal vera sjálfstæð stofnun, og skulu settar reglur um rekstur og afnot þess, hvers og eins, og menntamálaráðherra staðfesta þær.

9. gr.

Ágreiningi, sem verður um skilning á lögum þessum eða um framkvæmd þeirra, má skjóta til ráðherra.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948. Er samkvæmt þeim heimilt að veita styrk úr félagsheimilasjóði til byggingar félagsheimila, sem hafin hefur verið bygging á eftir 1. janúar 1944, en er ekki lokið, þegar lög þessi öðlast gildi.

Ed. 879. Lög

um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 490.

Ed. 880. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á 5 fundum. Kallaði hún til sín til viðtals stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, og mætti meiri hluti hennar hjá nefndinni og gaf þar ýmsar upplýsingar um málið. Eru sum af þeim gögnum birt hér sem fylgiskjöl, en annarra verður getið í framsögu. Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vildu tveir nefndarmenn (GJ og StgrA) láta samþykkja frv. óbreytt, en einn nefndarmaður (BK) gera þá breytingu eina á frv. að færa takmörkin norður til Rifstanga í stað Langaness. Skrifar hann því undir með fyrirvara og áskilur sér rétt til að bera fram brtt., eins og að framan er lýst. Tveir nefndarmenn (SÁÓ og PM) töldu sig ekki geta fylgt frv. óbreyttu, og bera þeir því fram brtt. við frv. og gera jafnframt grein fyrir þeim í séráliti eða við umræðu málsins.

Alþingi, 17. maí 1947.

Gísli Jónsson, form., frsm.	B. Kristjánsson, fundaskr., með fyrirvara.	Sigurjón Á. Ólafsson, með fyrirvara.

Steingr. Aðalsteinsson.

Fylgiskjal I.

Sjávarútvegsnefnd Nd. Alþingis, Reykjavík.

Fyrirspurn yðar varðandi umsögn stjórnar SR um frumvarp til laga um byggingu síldarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness var afgreidd með eftirfarandi ályktun á fundi stjórnar SR í dag:

„Þar sem reynsla sú, sem fengin er af rekstri síldarverksmiðja í Neskaupstað og Seyðisfirði, bendir eindregið til þess, að ekki sé hagkvæmt að reka síldarverksmiðjur á þessum slóðum, eins og síldargöngum hefur verið háttað síðustu áratugi, leggur stjórn SR á móti því, að ríkið reisi síldarverksmiðju á Austurlandi að svo stöddu.

Vill verksmiðjustjórnin í þessu sambandi minna á, að skv. l. nr. 93/1942 á að reisa tvær síldarverksmiðjur við austanvert veiðisvæðið norðanlands, 5000 mála

verksmiðju á Raufarhöfn og 9000 mála verksmiðju á Húsavík. En annar þessara staða liggur ágætlega við helztu síldarmiðum sunnan Langaness og Þistilfjarðarmiðum og báðir vel við miðum á Axarfirði og umhverfis Melrakkasléttu.“

Tillagan var samþykkt með 3 atkv. gegn tveim.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst

f. h. stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins

Sveinn Benediktsson.

Fylgiskjal II.

Móttekin síld sjá síldarverksmiðjum ríkisins, mál.

Veiðisvæði:	1939	1940	1941	1942	1943	1944	1945	1946	Samtals
Húnaflói	5 716	65 450	51 451	8 442	66 870	117 680	68 035	61 808	445 452
Skagafj. og út af Skaga	21 920	31 846	69 550	113 779	190 640	111 730	1 815	27 225	568 505
Haganesvík	14 158	8 659			47 225	17 365	6 474	1 195	95 076
Frá Siglufirði að Rauðunúpum	65 795	350 192	222 821	374 555	316 239	452 320	9 380	116 246	1 907 548
Norður af Sléttu	13 196	178 429	2 144	9 190	49 760	82 465	»	20 540	355 724
Þistilfjörður	63 276	100 575	13 744	39 010	25 540	88 780	17 985	83 225	432 135
Út af Langanesi og við nesið	76 136	109 187						98 116	424 581
Bakkafjörður	8 908	6 789	17 520	4 170	23 120	45 195	51 137	17 232	32 929
Vopnafjörður	64 700	51 537						9 765	126 002
Héraðsflói	»	»	»	»	»	»	»	1 645	1 645
Mál samtals	333 805	902 664	377 230	549 146	719 394	915 535	154 826	436 997	4 389 597

Sþ. 881. Nefndarálit

um till. til þál. um sölu á vélskipi til hlutafél. Borgey á Hornafirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur rætt þetta mál við ríkisstjórnina, og að þeim viðræðum loknum varð nefndin sammála um að mæla með því, að þáltill. verði samþ. með þeim breytingum, sem hér á eftir fara.

Nefndin vísar að öðru leyti til greinargerðar þáltill. og mun við framsögu gera frekari grein fyrir tillögu sinni. Einn nefndarmanna, Pétur Ottesen, var ekki í bænum, þegar málið var afgreitt.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Í stað orðsins „fela“ komi: heimila.
2. Á eftir orðunum „næstu síldarvertíð“ komi: gegn tryggingu, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Alþingi, 16. maí 1947.

Gísli Jónsson, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.	Sig. Kristjánsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Ásmundur Sigurðsson.	Steingr. Aðalsteinsson.
Helgi Jónasson.	Halldór Ásgrímsson.	

Nd. 882. Breytingartillaga

við frv. til l. um þjóðleikhús.

Frá menntamálanefnd.

Við 3. gr. Fyrsti málsl. 3. mgr. orðist svo:
Þjóðleikhússtjóri ræður fasta leikara til allt að fimm ára í senn o. s. frv.

Nd. 883. Breytingartillögur

við frv. til l. um styrk til vatnsveitna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu hluta af kostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Styrkurinn nemi þó ekki meir en helmingi kostnaðar þessa.
   Styrkur skal því aðeins veittur, að fyrirsjáanlegt sé, að sveitarfélag geti ekki með hæfilegum vatnsskatti staðið straum af stofn- og rekstrarkostnaði veitunnar.
   Ráðherra ákveður styrk til einstakra vatnsveitna skv. lögum þessum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.
2. Við 5. gr. Í stað „lán“ í 2. málslið komi: styrkur.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna „á veitusvæðinu“ í 1. málsgr. komi: er vatnsins njóta.
4. Við fyrirsögn frv. Fyrirsögn frv. sé:
   Frumvarp til laga um aðstoð til vatnsveitna.

Nd. 884. Frumvarp til laga

um eignakönnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

I. KAFLI
Um útgáfu ríkisskuldabréfa.

1. gr.

Ríkissjóður gefur út ríkisskuldabréf, sem hljóða á handhafa. Heildarfjárhæð bréfanna skal ákveðin með forsetaúrskurði. Bréfin skulu tölusett, og kveður fjármálaráðherra á um tölu þeirra og fjárhæð. Nafn hans skal standa undir texta bréfanna.

2. gr.

Vextir af bréfunum skulu vera 1% — einn af hundraði — á ári. Fjármálaráðherra ákveður og auglýsir, hvar og hvenær greiddir verði vextir, sem fallnir eru í gjalddaga.

3. gr.

Skuldabréfin greiðast upp á 25 árum. Skal 1/25 hluti bréfanna dreginn út og greiddur á ári hverju, í fyrsta sinn 1. ágúst 1948, og síðan sama dag árlega, unz útdrætti og greiðslu allra bréfanna er lokið. Notarius publicus í Reykjavík annast útdráttinn.

4. gr.

Skuldabréfin skulu vera til sölu almenningi frá 15. júní til 1. ágúst 1947. Landsbanki Íslands annast söluna. Bréfin skulu fást keypt á þeim stöðum og hjá þeim aðilum, sem bankinn ákveður í samráði við fjármálaráðherra.

5. gr.

Bréfin seljast við nafnverði gegn greiðslu í peningum, opinberum verðbréfum og skuldabréfum með veði í fasteign, sem gild eru metin af Landsbanka Íslands.

Opinber verðbréf, sem ekki bera lægri vexti en 4 af hundraði, skulu keypt við nafnverði. Ef bréfin bera lægri vexti, skal Landsbanki Íslands meta þau til verðs eftir vaxtahæð og greiðslutíma.

Veðskuldabréf skulu keypt við nafnverði, ef þau bera 5% vexti eða meira, enda séu þau þinglesin fyrir 1. júlí 1946 og tryggingin metin gild af Landsbanka Íslands. Ef bréfin bera lægri vexti, metur bankinn þau til verðs eftir vaxtahæð og lánstíma.

6. gr.

Ríkisskuldabréf þau, er gefin verða út samkvæmt 1. gr. laga þessara, skulu eigi talin með skattskyldum eignum skattþegns í hinu sérstaka framtali, sem í II. kafla laganna greinir. Þau skulu og ásamt vöxtum vera skattfrjáls til 31. des. 1952, en þá skal eigandi þeirra sýna þau skattyfirvöldum til skrásetningar, ef hann vill halda vöxtum af bréfunum, enda verða þau skattskyld frá þeim tíma. Ef eigandi sýnir ekki bréfin til skrásetningar á tilskildum fresti, verða vextir ekki greiddir, en þá haldast skatthlunnindin, sem að framan greinir.

Verði lagður á sérstakur eignarskattur í eitt skipti, má, þrátt fyrir framanskráð ákvæði, skattleggja bréfin í samræmi við aðrar eignir, enda sé þá eiganda þeirra heimilt að greiða skattinn með hlutfallslegum afslætti af nafnverði bréfanna.

7. gr.

Þegar innlausnar er krafizt á útdregnu bréfi, skal sá, er við greiðslu tekur, greina skriflega frá nafni sínu og heimilisfangi svo og því, hver verið hafi eigandi bréfsins, þegar það var dregið út. Stofnun sú, er greiðslu innir af hendi, tilkynnir viðkomandi skattyfirvöldum um greiðslu bréfsins og nafn og heimilisfang eiganda þess.

Þegar bréf hefur verið dregið út og greitt, skal sá, er bréfið átti, telja fram í næsta framtali sínu til eignarskatts fé það, er fyrir bréfið kom, svo og þá vexti af því, sem safnazt kunna að hafa fyrir, enda telst þá það fé með skattskyldum eignum hans.

8. gr.

Ef skattþegn telur, að hann hafi eftir 1. ágúst 1947 varið fé til kaupa á skuldabréfum, sem í þessum kafla getur, skal honum skylt að greina frá því í framtali sínu, hver verið hafi hinn fyrri eigandi bréfanna. Ef það fæst ekki upplýst, skal fé það, er skattþegninn kveðst hafa goldið fyrir bréfin, talið til skattskyldra eigna hans.

Nú kemur fram eignarauki hjá skattþegni eftir 1. ágúst 1947, sem hann telur stafa af sölu ofangreindra ríkisskuldabréfa, og skal hann þá skýra skattyfirvöldum frá, hver sé kaupandi og hvert söluverð hafi verið. Ef þessi atriði fást ekki upplýst, skal skýrsla hans um söluna eigi tekin til greina, þegar honum er ákveðinn skattur.

II. KAFLI

Um sérstakt framtal eigna og tekna.

9. gr.

Sérstakt framtal eigna og tekna skal fara fram, miðað við þann dag á tímabilinu frá 1. september til 31. desember 1947, er fjármálaráðherra ákveður. Nefnist sá dagur í lögum þessum framtalsdagur. Framtölum ber að skila til viðkomandi skattyfir-

valda innan mánaðar frá framtalsdegi. Framtalsnefnd (sbr. 45. gr.) getur þó veitt framteljanda lengri frest, ef sérstaklega stendur á.

10. gr.

Telja skal fram eignir, eins og þær voru á framtalsdegi, samkvæmt því, sem nánar segir í lögum þessum.

11. gr.

Telja skal fram tekjur frá og með 1. janúar 1947 til framtalsdags. Fjármálaráðherra setur í samráði við framtalsnefnd nánari fyrirmæli um tilhögun teknaframtals.

12. gr.

Framtalsskyldir eru allir þeir aðilar, sem fram eiga að telja til skatts samkvæmt gildandi skattalögum.

Framtalsskyldir eru einnig sjóðir, félög, stofnanir og bú, sem eru undir skiptum, og aðrir ópersónulegir aðilar, sem eignir eiga, enda þótt þeir reki ekki atvinnu eða njóti skattfrelsis að lögum.

Fram skal talið, þó að eign aðila sé ekki svo mikil, að skattskyldu nemi.

Eign barns innan 16 ára aldurs, sem ekki hefur verið sjálfstæður framteljandi, telst með eignum foreldra, nema sannað sé, að barnið hafi verið orðið eigandi fjárins fyrir 1. sept. 1946.

13. gr.

Undanþegnir framtali eru forseti Íslands, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og bæjarfélög og fyrirtæki, er þau reka, og sjóðir þeirra, íslenzkir kirkjusjóðir svo og bankar og sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum. Fjármálaráðherra getur þó lagt fyrir framangreinda aðila, að forseta Íslands undanskildum, að gefa sundurliðaðar skýrslur um eignir sínar og skuldir innan þess tíma, sem hann ákveður. — Aðilar þeir, sem í 5. gr. laga nr. 6/1935 greinir, eru undanþegnir framtalsskyldu að sama skapi og þeir eru undan skattskyldu þegnir hér á landi.

14. gr.

Um framtal eigna samkvæmt lögum þessum gilda ákvæði 17.—20. gr. laga nr. 6/1935, að því leyti sem ekki eru settar sérreglur í þessum lögum.

Ef aðili hefur eftir 1. jan. 1947 gefið eða greitt fyrirfram upp í arf fjárhæð, sem meiru nemur en 1000 kr. til sama viðtakanda, þá skal sú fjárhæð talin með eignum gefanda eða arfgreiðanda.

15. gr.

Fjármálaráðherra setur eftir tillögum framtalsnefndar nánari reglur um framtölin, þar á meðal um sérgreiningu og sundurliðun eigna og skulda á framtali og aðrar upplýsingar, sem framteljanda ber að gefa um eignirnar og hvenær og hvernig þeirra hefur verið aflað. Meðal annars skal krefjast skýrslna um:

a. Hve miklu fé framteljandi hafi á tímabilinu frá 1. jan. 1947 til framtalsdags varið til kaupa á lífeyri eða líftryggingu vegna sjálfs sín eða annarra, eða iðgjaldsgreiðslu í sama skyni, ef slíkar greiðslur hafa numið meiru en 500 krónum auk lögboðins lífeyrissjóðsgjalds eða greiðslu til venjulegs starfsmannasjóðs.
b. Hvort framteljandi hafi á nefndu tímabili látið fé af hendi rakna til gjafa eða fyrirframgreiðslu upp í arf, enda nemi gjöf eða arfgreiðsla til sama viðtakanda 1000 krónum eða meiru.
c. Hve miklu fé framteljandi hafi á nefndu tímabili varið til aukningar á innbúi sínu, þar með talin kaup á bókum, listmunum, skartgripum o. s. frv., ef heildarkaupverð muna þessara á tímabilinu hefur numið meiru en 25 000 krónum.

d. Hvort framteljandi hafi á nefndu tímabili fengið gjöf, arf eða fyrirframgreiðslu upp í arf, happdrættisvinning eða fengið greitt líftryggingarfé eða vátryggingarfé eða skaðabótagreiðslu í einhverju formi, enda nemi einstök gjöf eða greiðsla meiru en 3000 krónum.
e. Hvort framteljandi hafi á nefndu tímabili byggt, keypt eða selt fasteign eða hluta af fasteign. Ef svo er, skal greina kostnaðarverð eða söluverð hverrar slíkrar eignar. Þetta tekur ekki til þeirra, sem aðeins hafa haft milligöngu um kaup eða sölu fasteigna.
f. Hvort framteljandi hafi á greindu tímabili keypt eða selt skip, bifreið, vélar, hvers konar verðbréf eða verðmæt réttindi. Skal þá gerð grein fyrir kostnaðarverði eða söluverði, eftir því sem framtalsnefnd ákveður.
g. Hvort framteljandi eigi fé erlendis og í erlendri mynt hjá lánsstofnunum eða öðrum.
h. Krefja má framteljanda skýrslu um, hvort hann hafi á nefndu tímabili gengið í hjónaband, slitið hjúskap, misst maka sinn o. s. frv.

Heimilt skal að krefja framteljanda skýrslna um atriði þau, er í stafliðum a—h greinir, fyrir fleiri undanfarin ár en að framan segir, ef ástæða þykir til.

16. gr.

Framteljandi skal sjálfur undirrita framtal sitt, sé hann fær um það. Foreldri eða framfærslumenn undirrita framtöl ólögráða barna. Lögráðamaður undirritar framtal skjólstæðings síns. Framtöl ópersónulegra aðila, félaga, stofnana, sjóða o. s. frv. skulu undirrituð af þeim stjórnarmönnum viðkomandi aðila, sem lögum samkvæmt geta skuldbundið hann.

17. gr.

Nú kemur fram meiri eign á hinu sérstaka framtali, eða við rannsókn á því, en samrýmzt getur fyrri framtölum viðkomandi skattþegns, og skal þá um það fara sem hér segir:

Af eign allt að 25000 krónum, sem sannanlega hefur verið til orðin fyrir 1. jan. 1940, og þá og síðan hefur verið undan framtali dregin, skal ekkert gjald greiða.

Af eign, sem til hefur orðið eftir 1. jan. 1940 og dregin hefur verið undan framtali, skal ekkert gjald greiða af fyrstu 15000 krónunum, af 15000—25000 kr. greiðist 5%, af 25000—35000 kr. greiðist 10% og af 35000—45000 kr. greiðist 15%. Af því, sem umfram kann að vera, greiðist skattur samkvæmt næstu málsgrein.

Ofangreind ákvæði skulu ekki vera því til fyrirstöðu, að skattþegn geti, ef hann kýs það heldur, talið fram til skattyfirvalda, áður mánuður er liðinn frá framtalsdegi, undandregnar eignir og greitt vangoldinn skatt vegna undandráttarins, samkvæmt gildandi skattalögum, án skattsekta. Skattþegn, sem þannig telur fram, skal njóta hagræðis þess, sem getur í 2. og 3. málsgrein þessarar greinar.

18. gr.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt frá eignum sínum á hinu sérstaka framtali samkvæmt þessum kafla, og skal þá eign sú, sem hann þannig dregur undan, falla óskipt til ríkissjóðs.

19. gr.

Hver sá, sem af ásetningi gefur rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar um eignir sínar á hinu sérstaka framtali, svo og hver sá, sem af ásetningi lætur undan fallast að telja fram á réttum tíma, skal sæta sektum allt að 200000 krónum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem gerist sekur um hlutdeild í slíku broti.

20. gr.

Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd framtals eftir lögum þessum.

III. KAFLI
Um innköllun peningaseðla Landsbanka Íslands.

21. gr.

Landsbanka Íslands ber að kalla inn alla peningaseðla sína, sem í umferð eru á framtalsdegi. Hætta þeir frá upphafi þess dags að vera löglegur gjaldmiðill í greiðslur til opinberra sjóða og manna á milli, sbr. þó 3. og 4. mgr. hér á eftir.

Landsbankinn gefur út nýja tegund seðla, og skulu þeir látnir í skiptum fyrir þá, sem innkallaðir eru.

Innkallaðir seðlar halda gildi sínu gagnvart Landsbanka Íslands framtalsdag og næstu níu daga þar á eftir. Þann tíma er unnt að afhenda seðla til innlausnar í bankanum sjálfum og þeim stofnunum, sem bankinn veitir rétt til seðlainnlausnar í umboði sínu. Sá, sem síðar fær í hendur seðla í peningabréfi, sem sett hefur verið í póst fyrir framtalsdag, getur þó innan mánaðar frá framtalsdegi fengið þá innleysta, sé peningabréfsumslagið jafnframt afhent. Svo skulu og skipverjar og farþegar á íslenzku skipi, sem ekki hefur verið statt á innlausnarstað á framtalsdegi eða næstu níu daga þar á eftir, eiga þess kost að fá seðla sína innleysta á fyrsta innlausnarstað, sem skipið kemur til eftir þann tíma, enda votti skipstjóri skriflega um fjarveru skipsins og að maður sá, sem innlausnar æskir, hafi með því fylgzt.

Frá upphafi framtalsdags er afhending, viðtaka og sérhver önnur ráðstöfun á innkölluðum peningaseðlum óheimil, að undantekinni afhendingu til innlausnar. Framtalsdag og tvo næstu daga þar á eftir er þó heimilt að nota 5 kr. og 10 kr. seðla til greiðslu farmiða og flutningsgjalds, kaupa á meðulum í lyfjabúðum, nauðsynlegri matvöru í smásöluverzlunum og þess háttar. Viðtaka seðla þessa daga veitir þó ekki viðtakanda heimild til að skipta seðlum oftar en eitt sinn, sbr. 22. gr.

Um auglýsingu innköllunarinnar fer eftir nánari ákvörðun Landsbanka Íslands.

22. gr.

Ekki má sami aðili fá seðla innleysta oftar en eitt skipti. Ákvæði þetta tekur þó ekki til manna, sem fengið hafa í hendur peningabréf, samkvæmt því sem segir í 3. mgr. 21. gr.

23. gr.

Hver sá, er afhendir innlausnarstofnun seðla til innlausnar, sbr. 3. mgr. 21. gr., skal sýna stofnuninni vegabréf sitt eða nafnskírteini. Þeir, sem ekki eiga vegabréf, skulu eiga þess kost að fá nafnskírteini útgefin af lögreglustjóra eða hreppstjóra, og skal eigandi skírteinis rita nafn sitt á það með eigin hendi. Innlausnarstofnun skal, um leið og innlausn fer fram, stimpla á vegabréfið eða nafnskírteinið, að eigandi þess hafi neytt innlausnarréttar.

Þá skal og sá, sem seðla afhendir til innlausnar, undirrita innlausnarbeiðni. Skal þar greind upphæð hinnar afhentu seðlafúlgu, fullt nafn afhendanda ásamt fæðingardegi og fæðingarári svo og heimilisfang hans. Hann skal einnig greina heimilisfang sitt við síðasta skattframtal, ef annað hefur verið. Giftar konur, sem sjálfar afhenda seðla til innlausnar, skulu auk nafns síns greina nafn og heimilisfang eiginmanns síns.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem innlausn fer fram, skulu einstaklingar, 16 ára og eldri, afhenda sjálfir seðla sína til innlausnar, séu þeir um það færir. Ef eigandi seðla á heima utan nefndra staða, eða sé hann ekki fær um að afhenda seðla sjálfur, má hann fela öðrum manni að innleysa seðlana fyrir sína hönd, enda afhendi hann honum nafnskírteini sitt til sýnis og stimplunar í innlausnarstofnun. Þeir, sem æskja innlausnar seðla fyrir börn innan 16 ára aldurs, skulu, auk þess að gera grein fyrir sjálfum sér, eins og áður segir, skýra frá fullu nafni og heimilisfangi eiganda seðlanna, svo og fullu nafni og heimilisfangi föður barnsins eða framfærslumanns.

Innlausnarbeiðni ópersónulegra aðila, félaga, stofnana, sjóða o. s. frv., skal undirrituð af þeim stjórnarmönnum viðkomandi aðila, sem lögum samkvæmt geta skuldbundið hann.

24. gr.

Stofnanir þær, sem annast innlausn og viðtöku seðla, senda Landsbankanum allar mótteknar innlausnarbeiðnir, ásamt hinum innkölluðu seðlum. Landsbankinn afhendir skattyfirvöldum innlausnarbeiðnirnar samkvæmt nánari ákvörðun framtalsnefndar.

25. gr.

Nú koma innkallaðir seðlar fram, eftir að innlausnarfresturinn er liðinn, eða eftir að eigandi hefur notað rétt sinn til seðlainnlausnar, og skal þá Landsbanki Íslands eða önnur innlausnarstofnun taka við seðlunum, ef þess er óskað, enda fylgi þeim greinargerð um ástæður fyrir drættinum. Fjármálaráðherra setur, í samráði við stjórn Landsbankans, reglur um, að hve miklu leyti bankanum skuli heimilt að láta endurgjald fyrir slíka seðla.

26. gr.

Á þeim tíma, sem fjármálaráðherra ákveður í samráði við stjórn Landsbanka Íslands, skal skýrsla um það gerð, hversu mikið af innkölluðum peningaseðlum hefur komið fram til innlausnar.

Af hagnaði þeim, sem innköllunin hefur í för með sér, skal fjárhæð, sem svarar til 2% af seðlafjárhæð þeirri, sem í umferð var á framtalsdegi, falla til Landsbanka Íslands. Það, sem fram yfir kann að verða, rennur í ríkissjóð.

27. gr.

Falli einhverjar greiðslur í gjalddaga á framtalsdegi eða næstu tvo daga þar á eftir, færist gjalddagi þeirra fram um 3 daga.

28. gr.

Tékka, sem út eru gefnir fyrir framtalsdag, skal, þrátt fyrir ákvæði 29. gr. laga nr. 94/1933, sýna til greiðslu í síðasta lagi innan mánaðar frá framtalsdegi. Innan sama tíma skal greiðslu vitjað samkvæmt ávísunum, sem greiðast eiga af opinberum sjóðum og út eru gefnar fyrir framtalsdag. Greiðslu samkvæmt póstávísun, sem gefin hefur verið út fyrir framtalsdag, eða samkvæmt póstkröfu, sem innleyst hefur verið fyrir sama tíma, skal vitjað á viðkomandi pósthús í síðasta lagi innan mánaðar frá framtalsdegi.

Sá, sem við greiðslu tekur samkvæmt 1. mgr., skal sýna greiðslustofnuninni vegabréf sitt eða nafnskírteini og afhenda henni skriflega viðurkenningu fyrir greiðslunni, er greini móttekna fjárhæð, fullt nafn, fæðingarár og fæðingardag viðtakanda, svo og heimilisfang hans. Viðtökuskýrslur þessar sendir viðkomandi greiðslustofnun til framtalsnefndar.

Nú er krafizt greiðslu á tékka, annarri ávísun eða innleystri póstkröfu samkvæmt 1. mgr., eftir að þar greindur frestur er liðinn, og skal þá greiðslustofnun óheimilt að inna greiðslu af hendi, nema samþykki framtalsnefndar komi til.

Sýning á tékkum þeim, er í 1. mgr. getur, til greiðslu, eftir að mánuður er liðinn frá framtalsdegi, hefur ekki í för með sér brottfall á framkröfurétti tékkhafa, enda sé tékki sýndur til greiðslu, áður en frestur samkvæmt 29. gr. laga nr. 94/1933 sé liðinn.

29. gr.

Öllum bönkum, bankaútibúum og sparisjóðum er skylt að taka að sér innlausn innkallaðra peningaseðla í umboði Landsbanka Íslands.

Stjórn Landsbanka Íslands getur, eftir að hafa ráðfært sig við fjármálaráðherra og framtalsnefnd, sett nánari reglur um framkvæmd innköllunarinnar.

30. gr.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi greinir rangt eða villandi frá einhverju, sem honum ber að gefa upplýsingar um í sambandi við innlausn peningaseðla, svo og hver sá, sem brýtur gegn fyrirmælum 4. mgr. 21. gr. eða 22. gr., skal sæta sektum, allt að 200000 kr., enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum. Tilraun til brota og hlutdeild í þeim er refsiverð á sama hátt.

IV. KAFLI

Um nafnskráningu á innstæðum í lánsstofnunum.

31. gr.

Hver sá, sem á framtalsdegi á innstæðu á einum eða fleiri reikningum í banka, sparisjóði eða annarri lánsstofnun, þar með taldar innlánsdeildir samvinnufélaga, skal afhenda hlutaðeigandi lánsstofnun yfirlýsingu til staðfestingar á eignarheimild sinni á innstæðunni og sýna samtímis vegabréf eða nafnskírteini sitt. Þetta tekur þó ekki til inneigna lánsstofnana hverrar hjá annarri.

Ef innstæðueigandi er heimilisfastur utan þess kaupstaðar eða hrepps, þar sem viðkomandi lánsstofnun er, getur hann afhent innstæðuyfirlýsingu til formanns skattanefndar eða skattstjóra, þar sem hann á heimili, en þeir senda hlutaðeigandi lánsstofnun yfirlýsingarnar.

Í innstæðuyfirlýsingu skal greina heiti lánsstofnunar, númer innstæðureiknings eða sparisjóðsbókar eða þau merki, sem hún er einkennd með, fullt nafn innstæðueiganda, stöðu hans og heimilisfang. Ef innstæðueigandi er gift kona, skal greina nafn og heimili eiginmanns hennar, og sé eigandi barn innan 16 ára aldurs, skal greint nafn og heimili föður eða framfærslumanns. Ef fleiri en einn eru eigendur innstæðu, skal greina nafn, stöðu og heimilisfang hvors eða hvers eiganda um sig og skýra frá, hvernig eignarhlutföll eru þeirra á milli. Ef sami aðili á fleiri en einn innstæðureikning í sömu lánsstofnun, skal greina sérstaklega hverja innstæðu um sig.

Framtalsnefnd lætur gera eyðublöð undir innstæðuyfirlýsingar, og skulu þau liggja frammi í öllum lánsstofnunum svo og hjá skattstjórum og formönnum skattanefnda. Undirskriftum innstæðuyfirlýsinga skal hagað með sama hætti sem undirskriftum framtala, sbr. 16. gr. Séu fleiri en einn eigendur að innstæðu, er nægilegt, að einn sameigendanna undirriti yfirlýsinguna.

Ef ekki er kunnugt um eiganda einhverrar innstæðu, hvílir yfirlýsingarskyldan á þeim, er hefur viðtökuskírteinið í vörzlum sínum.

Yfirlýsingar um innstæðu skulu afhentar hlutaðeigandi lánsstofnunum eða skattyfirvöldum innan tveggja mánaða frá framtalsdegi. Einstaklingar og félög, sem heimilisfang eiga erlendis, skulu hafa frest til að skila innstæðuyfirlýsingum sex mánuði frá framtalsdegi. Framtalsnefnd getur veitt lengri frest, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

32. gr.

Sá, sem tekur við innstæðuyfirlýsingu, gefur kvittun fyrir viðtöku hennar. Þegar yfirlýsingin hefur verið borin saman við reikninga viðkomandi lánsstofnunar og þar hefur farið fram skráning, eftir því sem framtalsnefnd ákveður nánar, skal innstæðueiganda gefin viðurkenning fyrir því, að yfirlýsingarskyldu sé fullnægt, enda hafi yfirlýsing hans reynzt rétt.

Lánsstofnun varðveitir yfirlýsingarnar og geymir á skipulegan hátt, þar til framtalsnefnd tekur frekari ákvörðun um meðferð þeirra.

33. gr.

Frá og með framtalsdegi er sérhverri lánsstofnun óheimilt að greiða fé út af innstæðureikningi, fyrr en hún hefur fengið í hendur innstæðuyfirlýsingu reikningseiganda.

Ávísanir, sem út eru gefnar fyrir framtalsdag, er þó heimilt að færa reikningi útgefanda til skuldar, þótt hann hafi ekki enn fullnægt yfirlýsingarskyldu sinni, enda sýni viðtakandi vegabréf sitt eða nafnskírteini.

34. gr.

Lánsstofnanir gefa framtalsnefnd skýrslu um allar þær innstæður, sem yfirlýsingar hafa ekki borizt um innan tilskilins tíma samkvæmt framansögðu. Í skýrslunni skal greina upphæð hverrar innstæðu, ásamt þeim upplýsingum, sem stofnunin getur í té látið um það, hver eigandi muni vera. Birta skal opinbera innköllun varðandi innstæður þessar og með þeim fyrirvara, er fjármálaráðherra ákveður. Komi eigandi ekki fram, áður en innköllunarfrestur er liðinn, rennur innstæðan óskert í ríkissjóð.

Nú kemur fram innstæðuyfirlýsing, eftir að frestur er liðinn samkvæmt síðustu mgr. 31. gr., en fyrir lok innköllunarfrestsins, og getur þá fjármálaráðherra gert eiganda innstæðunnar að greiða sekt til ríkissjóðs vegna dráttarins, ef ekki þykja nægar afsakanir fyrir hendi. Sekt má nema allt að 25% af innstæðunni, eftir nánari reglum, sem ráðherra setur í samráði við framtalsnefnd.

35. gr.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gefur rangar eða villandi yfirlýsingar um innstæðueign, skal sæta sektum allt að 200000 krónum. Hlutdeild í broti er refsiverð á sama hátt.

V. KAFLI

Um tilkynningu handhafaverðbréfa.

36. gr.

Öll innlend handhafaverðbréf, sem út hafa verið gefin fyrir framtalsdag og þann dag eru í umferð, innanlands eða utan, skal tilkynna til sérstakrar skráningar. Erlend handhafaverðbréf, sem eru eign innlendra aðila á framtalsdegi, er skylt að tilkynna á sama hátt.

Til innlendra handhafabréfa teljast öll skuldabréf eða vaxtabréf, sem gefin eru út til handhafa af ríkissjóði eða ríkisstofnunum, bæjar- eða sveitar- og sýslufélögum, opinberum stofnunum eða fyrirtækjum, bönkum og öðrum lánsstofnunum svo og skuldabréf, sem gefin hafa verið út eða framseld til handhafa af einstaklingum eða félögum, og hlutabréf eða stofnbréf í félögum eða fyrirtækjum, sem ekki eru skráð á nafn.

Innlend verðbréf, sem geymd eru hér á landi, skal tilkynna til skattanefndar eða skattstjóra í því skattumdæmi, þar sem eigandi verðbréfanna er heimilisfastur. Heimilt er þó að tilkynna verðbréf til annarrar skattanefndar eða skattstofu, ef hentara þykir, svo sem ef eigandi þeirra dvelst utan lögheimilis síns eða bréfin eru ekki á heimili hans. Stofnanir og fyrirtæki, sem hafa mikla verðbréfaeign undir höndum, geta krafizt þess, að skráning fari fram á geymslustað bréfanna.

Tilkynningarskyld verðbréf í eigu einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja, sem heimilisfesti hafa erlendis, svo og erlend verðbréf skal tilkynna beint til framtalsnefndar.

Framtalsnefnd getur falið fleiri aðilum en að framan greinir að veita tilkynningum viðtöku.

37. gr.

Tilkynningarskyldan hvílir á eigendum verðbréfanna. Dveljist eigandi erlendis, hvílir skyldan á umboðsmanni hans hér, enda leggi hann fram umboð til þess. Ef verðbréf er í sameign tveggja aðila eða fleiri, hvílir tilkynningarskyldan á þeim aðilanum, sem bréfin geymir. Annist enginn þeirra geymslu bréfanna, er hverjum þeirra

um sig skylt að sjá um, að tilkynning fari fram. Ef ekki er vitað um eiganda, hvílir skyldan á þeim, sem hefur vörzlu bréfanna. Skiptaráðandi tilkynnir verðbréf þrotabúa og dánarbúa, sem eru undir opinberum skiptum. Tilkynningarskylda hvílir á eiganda, þó að bréfið sé sem handveð eða til tryggingar hjá þriðja manni. Bréf ófjárráða manna tilkynna fjárhaldsmenn eða framfærslumenn.

Ef vafi þykir leika á um tilkynningarskyldu, skal um hana fara eftir úrskurði framtalsnefndar.

Tilkynningar um verðbréf skulu undirritaðar af þeim, sem tilkynningarskylda hvílir á, og gilda að öðru leyti um undirskrift sömu reglur sem áður segir um innlausnarskýrslur og innstæðuyfirlýsingar, m. a. um sýningu vegabréfs eða nafnskírteinis.

38. gr.

Í verðbréfatilkynningu skal greina nafn eiganda ásamt stöðu og heimilisfangi svo og aðrar upplýsingar, sem framtalsnefnd ákveður.

Tilkynningum um verðbréf þeirra aðila, sem heimilisfastir eru hér á landi, skal lokið innan mánaðar frá framtalsdegi. Framtalsnefnd getur veitt lengri frest, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Hún ákveður og tilkynningarfrest aðila, sem heimilisfastir eru erlendis.

Komi tilkynningar fram, eftir að frestur er liðinn, en fyrir lok innköllunarfrests, sbr. 40. gr., úrskurðar framtalsnefnd, hversu með skuli fara. Fyrir drátt á tilkynningu getur fjármálaráðherra úrskurðað eiganda sekt, allt að 25% af andvirði bréfanna.

Ekki er eiganda skylt að tilkynna verðbréfaeign sína alla í einu lagi.

39. gr.

Þegar tilkynning er afhent skattanefnd, skattstofu eða framtalsnefnd, skal jafnan leggja fram verðbréf þau, sem þar eru greind, að undanskildum verðbréfum, sem erlendis eru. Sá aðili, sem við tilkynningu tekur, gætir þess, að bréfin séu þar rétt greind, og stimplar síðan hvert verðbréf með þar til gerðu stimpilmerki. Framtalsnefnd ákveður, hvernig haga skuli stimplun eða merkingu verðbréfa, sem út eru gefin af erlendum aðila, og innlendra verðbréfa, sem geymd eru erlendis.

Að stimplun eða merkingu lokinni skal bréfunum skilað aftur í hendur eiganda og vottorð skráð á tilkynninguna um, að viðkomandi bréf hafi verið stimplað eða ákvæðum um merkingu fullnægt.

Framtalsnefnd setur reglur um, hvernig haga skuli tilkynningu og stimplun verðbréfa, sem eru í vörzlum sjóða eða stofnana til geymslu, innheimtu eða tryggingar, eða í vörzlum aðila, sem falin hefur verið sala þeirra.

40. gr.

Þeir aðilar, sem veita verðbréfatilkynningum viðtöku og annast stimplun þeirra eða merkingu, skulu gera skrár um öll þau verðbréf, sem þeim hafa borizt tilkynningar um, og í því formi, sem framtalsnefnd ákveður. Framtalsnefnd skal fá skrárnar í hendur innan þess tíma, sem hún tiltekur.

Framtalsnefnd lætur fara fram rannsókn á því með aðstoð skattyfirvalda og þeirra aðila, sem eru útgefendur tilkynningarskyldra verðbréfa, hvort tilkynnt hafi verið öll þau verðbréf, sem í umferð eru af hverjum flokki og hverri tegund verðbréfa.

Eftir að tilkynningarfrestur er liðinn, skal birta opinbera innköllun til eigenda verðbréfa, sem ekki hafa verið tilkynnt. Innköllunarfrest ákveður framtalsnefnd. Ef eigandi bréfs kemur ekki fram samkvæmt innkölluninni innan loka innköllunarfrests, fellur verðbréfið ásamt vöxtum og arði, eða andvirði þess, óskert í ríkissjóð. Fjármálaráðherra getur þó í samráði við framtalsnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef gild afsökun kemur fram fyrir því, að bréfi var ekki lýst í tæka tíð.

41. gr.

Hver sá aðili, sem flytur hingað til lands erlend verðbréf, sem ekki bera það ótvírætt með sér, að þau séu gefin út eða sett í umferð eftir framtalsdag, skal tafarlaust gefa framtalsnefnd skýrslu um innflutning bréfsins. Skal þar greina nafn og heimilisfang eiganda og hvenær bréfið hafi komið í hans eigu. Um stimplun og merkingu slíkra bréfa fer eftir venjulegum reglum.

Bannað er að flytja til annarra landa skráningarskyld verðbréf, sem ekki hafa verið tilkynnt. Sama er um vaxtamiða eða arðmiða af slíkum bréfum.

Handhafabréf, sem gefin eru út af innlendum aðilum, er óheimilt að setja í umferð eftir framtalsdag, nema þau beri ótvírætt með sér, að þau séu gefin út eða sett í umferð eftir þann dag.

Óheimilt er að gefa út nýjar arkir arðmiða eða vaxtamiða eða skipta á nýjum örkum í stað eldri, nema viðkomandi verðbréf séu jafnframt sýnd.

42. gr.

Eftir framtalsdag er sala, veðsetning og aðrar ráðstafanir á tilkynningarskyldum verðbréfum óheimil og ógild, unz tilkynningarskyldu hefur verið fullnægt. Tekur það einnig til gjafa, arfgreiðslu, úthlutana við búskipti, nauðungarsölu o. s. frv.

Ef tilkynningarskylt verðbréf ber þess ekki glögg merki með stimplun eða viðfestu tilkynningarmerki, að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt, er útgefanda eða hverjum öðrum aðila óheimilt að innleysa það á einn eða annan hátt, greiða arð af því eða vexti eða fullnægja nokkurri þeirri greiðslu eða kröfu, sem eigandi bréfsins eða handhafi kynni að öðrum kosti að eiga rétt til með afhendingu eða framvísun bréfsins eða vaxtamiða af því.

Ef nokkur sá, sem hefur verðbréf að handveði án þess að vita um hinn raunverulega eiganda, öðlast rétt til að ganga að veðinu áður en tilkynningarskyldu hefur verið fullnægt, getur hann fengið leyfi framtalsnefndar til þess að láta fara fram sölu á bréfunum hjá opinberum uppboðshaldara til fullnægingar kröfunni. Nemi söluandvirði meiru en kröfu veðhafa, ásamt áföllnum kostnaði, skal það, sem umfram er, lagt í sérstakan reikning í banka eða sparisjóði. Þeirri innstæðu er óheimilt að ráðstafa nema að fengnu leyfi framtalsnefndar. Hafi eigandi ekki komið fram innan eins árs frá söludegi og sannað eignarrétt sinn, fellur innstæðan til ríkissjóðs.

43. gr.

Öllum opinberum stofnunum og embættismönnum, sem fá í hendur tilkynningarskyld verðbréf, er skylt að ganga úr skugga um, að þau hafi verið tilkynnt og stimplun eða áfestingu tilkynningarmerkja fullnægt. Sé einhver misbrestur á þessu, skulu nefndir aðilar þegar gera framtalsnefnd eða ríkisskattanefnd aðvart.

44. gr.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gefur rangar eða villandi tilkynningar um tilkynningarskyld verðbréf eða brýtur gegn ákvæðum 41. eða 42. gr., skal sæta sektum, allt að 200000 krónum. Hlutdeild í broti er refsiverð á sama hátt.

VI. KAFLI

Ákvæði, er varða framkvæmd laga þessara.

45. gr.

Framkvæmd laga þessara skal falin sérstakri nefnd, sem fjármálaráðherra skipar. Nefnist hún framtalsnefnd, og skal skipuð 3 mönnum og 3 til vara. Skattyfirvöldum ber að aðstoða nefndina samkvæmt ákvæðum laga þessara svo og nánari fyrirmælum nefndarinnar og fjármálaráðherra.

Framtalsnefnd hefur yfirumsjón með hinu sérstaka framtali, sem í lögum þessum greinir, og þeim aðgerðum, sem ákveðnar eru í II.—V. kafla laganna um innköll-

un bankaseðla, skráningu á innstæðum og verðbréfum og öðrum ráðstöfunum til sannprófunar eignaframtali. Þá stýrir nefndin rannsóknum bæði varðandi hið sérstaka framtal og undandrátt frá skatti á fyrri árum.

Kostnaður af framkvæmd laganna skal greiddur úr ríkissjóði.

46. gr.

Framtalsnefnd hefur allan sama rétt sem ríkisskattanefnd er veittur samkvæmt skattalögum til þess að krefjast skýrslna af einstökum mönnum, félögum eða stofnunum og til rannsóknar á efnahag framteljenda. Til þess að framkvæma réttarrannsóknir varðandi framtöl eða önnur efni, sem lög þessi taka til, skal, ef þess gerist þörf, skipa sérstaka rannsóknardómara samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936.

Í sambandi við framkvæmd laga þessara er bönkum og öðrum lánsstofnunum svo og öllum opinberum aðilum skylt að veita framtalsnefnd og skattayfirvöldum alla þá aðstoð og upplýsingar, sem um er beðið og unnt er að láta í té, og í því formi, sem óskað er.

Framtalsnefnd getur falið sérstökum mönnum eða matsnefndum að framkvæma mat á vissum eignum eða tegundum eigna, svo sem vörubirgðum, byggingum, skipum, vélum, tækjum o. s. frv. til að sannreyna, hversu mikið fé hefur verið í þær lagt. Matsgerð þeirra getur aðili, innan viku frá því að honum varð um hana kunnugt, skotið til yfirmats 3 dómkvaddra manna, og er mat þeirra fullnaðarmat. Skylt er að veita matsmönnum aðstöðu til þess, að mat geti orðið framkvæmt.

Framtalsnefnd hefur heimild til, án dómsúrskurðar, að láta fulltrúa sína rannsaka vörubirgðir einstakra manna og fyrirtækja og bókhald þeirra.

Þeir, sem starfa að framkvæmd laga þessara, eru háðir þagnarskyldu samkvæmt 50. gr. laga nr. 6 frá 1935.

47. gr.

Fjármálaráðherra setur, eftir tillögum framtalsnefndar, nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Ákveða má, að brot gegn fyrirmælum reglugerðarinnar varði sömu refsingu sem brot gegn ákvæðum laganna.

48. gr.

Ef nokkur sá, sem skyldur er að gefa skýrslur eða upplýsingar samkvæmt lögum þessum eða reglugerð samkvæmt þeim, verður ekki við því, þegar þess er krafizt af þar til bærum aðila, þá getur fjármálaráðherra gert honum að greiða dagsektir, allt að 500 krónum fyrir hvern dag, unz skyldunni er fullnægt.

49. gr.

Fjármálaráðherra getur, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum laga þessara, ef framtalsnefnd mælir með því.

50. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð, varð að samkomulagi með flokkum þeim, er að henni standa, að fram skyldi fara almenn eignakönnun í landinu. Samkvæmt því fól fjármálaráðherra þeim Pétri Magnússyni fyrrv. fjármálaráðherra, Sigtryggi Klemenzsyni stjórnarráðsfulltrúa og Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara að semja frumvarp þetta. Hefur ríkisstjórnin ákveðið í öllum aðalatriðum, hvert skyldi vera efni frv.

Það álit hefur lengi legið í landi, að allmikil brögð hafi verið að því, að fé væri dregið undan réttmætum skattgreiðslum. Sú skoðun hefur þó einkum fengið byr

undir vængi nú á síðustu árum. Munu menn almennt gera sér ljóst, að brýn þörf er á, að bót verði ráðin á þessu þjóðfélagsmeini. Eignakönnuninni er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að færa eignarframtöl í rétt horf nú og framvegis. Hún á einnig að koma því til vegar, að fé, sem dregið hefur verið undan skatti, komi hinu opinbera að notum, annaðhvort sem bein skattgreiðsla eða skyldulán með hagkvæmum kjörum. Loks á eignakönnunin að stuðla að því að ná undandregnu fé úr umferð, en vitanlegt er, að þegar mikið kveður að slíku fé, hefur það í för með sér óheilbrigt viðskiptalíf. Eru ákvæði frv. við það miðuð, að þessum höfuðtilgangi eignakönnunar verði náð á sem hagfelldastan og öruggustan hátt.

Um I. kafla.

Samkvæmt frv. gefst mönnum kostur á að rétta framtöl sín á eftirgreindan hátt, sbr. einkum 17. gr.:

1. Menn geta talið fram til skattyfirvalda undandregnar eignir innan þess tíma, er segir í 4. mgr. 17. gr. Verður þeim þá gert að greiða af þeim vangoldinn skatt samkvæmt gildandi skattalögum án skattsekta.

2. Þeir, sem ekki fara þá leið, sem að framan greinir, geta talið fram undandregið fé, allt að 45000 kr., samkvæmt því, sem segir í 3. mgr. 17. gr. Eru þá fyrstu 15000 kr. skattfrjálsar, en af fjárhæð frá 15000—45000 kr. greiðist sérstakur skattur. Hefur þótt ástæða til að fara sérstaklega vægt í sakirnar um undandregið fé, sem ekki nemur hærri fjárhæð en hér greinir.

3. Þá eiga menn þess kost að kaupa fyrir undandregið fé sitt ríkisskuldabréf þau, sem I. kafli fjallar um. Á þann hátt verður fé fest í láni hjá ríkissjóði með 1% vöxtum. Þessi bréf skal ekki telja fram á hinu sérstaka framtali samkvæmt II. kafla frv. Þau eru og skattfrjáls til ársloka 1952, sbr. 6. gr. Þann tíma greiðast vextir af bréfunum, þó að þau séu ekki talin fram til skatts. En eftir árslok 1952 er eigendum í sjálfsvald sett, hvort þeir telja bréfin fram eða ekki. Ef þeir telja þau ekki fram, missa þeir tilkall til vaxta. En séu bréfin talin fram og skrásett, verða vextir greiddir af þeim áfram, en þá ber eigendum að greiða skatt af bréfunum. Þegar bréf hefur verið dregið út, og innlausnar á því er krafizt, verður að segja til nafns eiganda þess, sbr. 7. gr., enda greiðir hann eftir það skatt af andvirðinu. Ef sérstakur skattur er lagður á eignir í eitt skipti, er heimilt að láta þann skatt ná til bréfanna og skattleggja þau í það sinn á sama hátt og aðrar eignir manna. Þann skatt er eigendum bréfanna heimilt að greiða á þann hátt, að nafnverð bréfanna verði fært niður sem þeim sérstaka skatti svarar, sbr. 2. mgr. 6. gr.

Í 8. gr. eru reistar skorður við því, að menn geti haft í frammi undanbrögð í sambandi við framtöl sín með því að telja sig hafa keypt eða selt ríkisskuldabréf, eftir að útboðsfrestur samkvæmt 4. gr. er liðinn.

Um II. kafla.

Til þess að sannreyna eignir manna er ákveðið í 9. gr., að sérstakt framtal eigna og tekna skuli fram fara. Sökum fyrirkomulags þess, sem haft er um sölu ríkisskuldabréfa samkvæmt I. kafla og áhrifa þeirrar sölu á framtölin, er ekki unnt að láta framtal koma til framkvæmdar, fyrr en útboðstími bréfanna er liðinn. Hefur ekki þótt haganlegt að tiltaka nú þegar dag þann, sem hið sérstaka framtal skal miða við (framtalsdaginn). Er lagt á vald fjármálaráðherra að ákveða hann síðari hluta árs 1947.

Framangreindur tilgangur hins sérstaka framtals veldur því, að reglur um það verða að ýmsu leyti að víkja frá reglum skattalaga um venjuleg skattaframtöl. Framtal tekna, sbr. 11. gr., hefur í sambandi við eignakönnunina aðallega þá þýðingu að sýna eignahreyfingar hjá framteljendum frá síðasta venjulegu framtali (þ. e. frá ársbyrjun 1947) til framtalsdags. Skal fjármálaráðherra og framtalsnefnd setja nánari reglur um teknaframtalið. Þá eru og samkvæmt 12. gr. ýmsir fleiri aðilar framtalsskyldir en þeir, sem skattskyldir eru samkvæmt gildandi skattalögum. Svo er um

sjóði, félög og stofnanir, sem ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum. Þá ber og aðila að telja fram, þó að hann hafi engar tekjur og eigi ekki svo miklar eignir, að skattskyldu nemi. Þykir nauðsynlegt, að eignakönnunin nái til eigna slíkra aðila, einkum peningaeignar, innstæðna í lánsstofnunum og verðbréfa. Svo getur og fjármálaráðherra samkvæmt 13. gr. lagt fyrir opinbera aðila, að forseta Íslands undanskildum, að gefa skýrslur um eignir og skuldir.

Samkvæmt 14. gr. gilda um framtal eigna á hinu sérstaka framtali reglur skattalaga, að því leyti sem ekki eru settar sérreglur í þessu frv. Það fer því eftir skattalögum, hverjar eignir og hver réttindi eru fram talin svo og hvernig eignir eru metnar til verðs. Þó leiðir það af eðli eignakönnunarinnar, að í ýmsum tilfellum þarf að fá skýrslur um, hversu miklu fé hefur verið varið til tiltekinna eigna, sbr. og 3. mgr. 46. gr. Eru nánari ákvæði í 15. gr. um atriði, sem einkum skal krefjast skýrslna um, en að öðru leyti setur fjármálaráðherra eftir tillögum framtalsnefndar nánari reglur um framtölin.

Í 16. gr. eru reglur um undirritun framtala. Eru þær m. a. settar vegna ábyrgðar þeirrar, sem aðili getur bakað sér með röngu framtali, sbr. 18. og 19. gr.

Efni 17. gr. hefur þegar verið rætt í umsögn um I. kafla.

Um III. kafla.

Á undanförnum árum hefur verið meira í umferð af seðlum þjóðbankans en ætla má, að þörf viðskiptalífsins hafi krafizt. Mun almenn eignakönnun ekki ná tilgangi sínum, nema innkallaðir séu peningaseðlar, sem í umferð eru á framtalsdegi, og jafnframt sé aflað vitneskju um eigendur þeirra. Ákvæði, sem hér að lúta, eru í III. kafla.

Samkvæmt 21. gr. hætta peningaseðlar Landsbankans að vera löglegur gjaldeyrir frá upphafi framtalsdags. Frá þeim tíma er sérhver afhending þeirra til greiðslu, gjafa eða annarra ráðstafana manna í milli óheimil, að viðlagðri ábyrgð eftir 30. gr. Ef greiðslur falla í gjalddaga á framtalsdegi eða næstu tvo daga þar á eftir, færist gjalddagi þeirra fram um 3 daga, sbr. 27. gr. Sú undantekning er gerð, að 5 kr. og 10 kr. seðla má nota til greiðslu brýnna útgjalda framtalsdaginn og næstu tvo daga þar á eftir.

Landsbankinn og þær stofnanir eða þeir aðilar, sem hann veitir umboð til innlausnar seðlum, eru skyldir að innleysa peningaseðla með afhendingu nýrra seðla framtalsdaginn og næstu níu daga þar á eftir, eða alls 10 daga. Þegar sérstaklega stendur á, er þó skylt að innleysa seðla eftir þann tíma, sbr. 3. mgr. 21. gr. Ef seðlar koma fram eftir lok innlausnarfrests, er Landsbankanum og öðrum innlausnarstofnunum skylt að veita þeim viðtöku, sbr. 25. gr. Gert er ráð fyrir, að slíkir seðlar kunni að fást greiddir að einhverju leyti, ef dráttur á framvísun þeirra hefur verið afsakanlegur. Skal fjármálaráðherra setja reglur um það í samráði við stjórn Landsbankans.

Samkvæmt 22. gr. má sami aðili ekki fá seðla innleysta nema eitt skipti, og varðar brot gegn því einnig ábyrgð eftir 30. gr. Er sú regla m. a. sett vegna þess, að framvísun sama manns á peningum mörgum sinnum og ef til vill í mörgum innlausnarstofnunum mundi torvelda mjög framkvæmd innköllunarinnar, sbr. reglur 23. gr. um undirritun innlausnarbeiðna og stimplun vegabréfa eða nafnskírteina. Undantekning er þó gerð um þá, sem eftir innlausnartíma fá í hendur peningabréf, sem sett hefur verið í póst fyrir framtalsdag. Af ákvæði 22. gr. leiðir það, að verzlanir og aðrir, sem við 5 kr. eða 10 kr. seðlum taka á framtalsdegi og næstu tvo daga þar á eftir, sbr. 4. mgr. 21. gr., verða að fresta skiptum á seðlum sínum, unz þeir dagar eru liðnir. Ef eigandi kemur með seðla, eftir að hann hefur notað innlausnarrétt sinn, fer um þá á sama hátt og seðla, er fram koma eftir lok innlausnarfrests, sbr. 25. gr.

Til þess að sannreyna, hverjir séu eigendur peninga, sem innleystir eru, verður

sá, er innlausnar æskir, að sýna vegabréf sitt eða sérstakt nafnskírteini og undirrita innlausnarbeiðni. Eru reglur um þetta í 23. gr.

Í 28. gr. eru ákvæði um tékka, póstávísanir og ávísanir til greiðslu úr opinberum sjóðum, sem gefnar eru út fyrir framtalsdag, en síðar eiga að greiðast. Miða ákvæðin að því að upplýsa, hverjir séu eigendur hinna ávísuðu fjárhæða.

Um IV. kafla.

Ákvæði 4. kafla lúta að könnun á innstæðueignum manna í bönkum og öðrum lánsstofnunum. Í sambandi við hina almennu eignakönnun skal fara fram nafnskráning á slíkum inneignum.

Samkvæmt 31. gr. skal hver innstæðueigandi afhenda hlutaðeigandi lánsstofnun innstæðuyfirlýsingu á þar til gerðu eyðublaði, þar sem gerð sé grein fyrir innstæðunni og eiganda hennar. Ef eigandi er ekki búsettur á þeim stað, þar sem lánsstofnunin er, getur hann afhent skattyfirvöldum yfirlýsinguna. Sá, sem við yfirlýsingu tekur, gefur þegar kvittun fyrir viðtöku hennar, sbr. 32. gr. Eftir að yfirlýsingin hefur verið borin saman við reikninga viðkomandi lánsstofnunar, og hafi hún reynzt rétt, fær innstæðueigandi viðurkenningu fyrir því, að hann hafi fullnægt yfirlýsingarskyldu sinni.

Lánsstofnun er frá og með framtalsdegi óheimilt að greiða fé út af innstæðureikningi, fyrr en hún hefur fengið í hendur innstæðuyfirlýsingu reikningseiganda. Undantekning er þó gerð um ávísanir, sem gefnar eru út fyrir framtalsdag, enda sýni viðtakandi vegabréf sitt eða nafnskírteini. Af þessum ákvæðum, sem eru í 33. gr., leiðir það, að innstæðueigandi verður að rita innstæðuyfirlýsingu í fyrsta sinn, sem hann fær greitt af innstæðunni eftir framtalsdag, hafi hann ekki verið búinn að skila slíkri yfirlýsingu áður.

Eftir að frestur til að skila yfirlýsingum samkvæmt 31. gr. er liðinn, skal gerð skrá um þær innstæður, sem yfirlýsingar hafa ekki borizt um, sbr. 34. gr. Skal síðan birta opinbera innköllun varðandi innstæður þessar með fyrirvara, er fjármálaráðherra ákveður. Ef eigandi kemur fram samkvæmt innkölluninni, má gera honum að greiða allt að fjórðungi innstæðunnar í sekt vegna dráttar á því að skýra frá innstæðunni, nema nægar afsakanir séu fyrir hendi. En gefi eigandi sig ekki fram innan loka innköllunarfrests, fellur innstæðan til ríkissjóðs.

Um V. kafla.

Samkvæmt þessum kafla skulu eigendur eða vörzlumenn handhafaverðbréfa, þ. e. skuldabréfa og vaxtabréfa, sem gefin hafa verið út eða framseld til handhafa, svo og hlutabréfa og stofnbréfa í félögum eða fyrirtækjum, sem ekki eru skráð á nafn, tilkynna verðbréf þessi til sérstakrar skráningar. Í tilkynningu skal greina nafn eiganda svo og aðrar upplýsingar, sem framtalsnefnd ákveður. Jafnframt því sem tilkynning er afhent skattyfirvöldum, skal sýna verðbréf þau, sem tilkynningin tekur til, ef þau eru hér á landi. Skal þá sá, sem við tilkynningu tekur, stimpla hvert verðbréf, en stimplunin er sönnun þess, að bréf hafi verið tilkynnt. Eftir framtalsdag er sérhver ráðstöfun á tilkynningarskyldu verðbréfi óheimil og ógild, unz tilkynningarskyldu hefur verið fullnægt. Svo er og óheimilt að inna af hendi nokkra greiðslu samkvæmt bréfinu, fyrr en það hefur verið stimplað.

Eftir að tilkynningarfrestur er liðinn, sbr. 38. gr., skal gera skrá um þau verðbréf, sem ekki hafa verið tilkynnt, og birta síðan opinbera innköllun varðandi þau. Ef bréf kemur þá fram fyrir lok innköllunarfrestsins, má ákveða sekt á hendur eiganda þess vegna dráttar á tilkynningu, allt að 25% af andvirði bréfsins. En komi eigandi bréfs ekki fram fyrir lok innköllunarfrests, fellur bréfið til ríkissjóðs.

Um VI. kafla.

Í þenna síðasta kafla laganna eru tekin ýmis ákvæði, er einkum varða framkvæmd laganna, og þykir ekki ástæða til að ræða þau sérstaklega í greinargerð.

Nd. **885. Nefndarálit**

um frv. til l. um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum, og var hv. menntamálaráðherra mættur á einum þeirra. Umsagnir hafa borizt frá 37 sveitarstjórnum, og eru þær birtar sem fylgiskjal með áliti þessu.

Nefndarmenn gátu ekki orðið alls kostar ásáttir um afgreiðslu málsins. Sigfús Sigurhjartarson vill samþykkja frumvarpið óbreytt, Gunnar Thoroddsen, Sigurður Bjarnason og Páll Þorsteinsson vilja samþykkja það með viðtækum breytingum, og munu þeir flytja breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Einn nefndarmanna, Barði Guðmundsson, var ekki í bænum, er málið var afgreitt.

Alþingi, 17. maí 1947.

Sigfús Sigurhjartarson, form., frsm.
Gunnar Thoroddsen, fundaskr.
Páll Þorsteinsson.
Sigurður Bjarnason.

Fylgiskjal.

1.

Bæjarstjórinn á Siglufirði.
Siglufirði, 3. jan. 1947.

Á fundi bæjarstjórnar Siglufjarðar hinn 30. des. s.l. var eftirfarandi tillaga samþykkt með samhljóða atkvæðum:

„Bæjarstjórn Siglufjarðar samþykkir að skora á Alþingi að samþykkja frumvarp það, sem flutt er af minni hluta menntamálanefndar á yfirstandandi Alþingi um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga á þskj. 222.“

Þetta tilkynnist hér með.

Bæjarstjórinn á Siglufirði.
Gunnar Vagnsson.

Til skrifstofu Alþingis, Reykjavík.

2.

Sandgerði, 6. jan. 1947.
Til Alþingis.

Hreppsnefnd Miðneshrepps skorar hér með á Alþingi það, sem nú situr, að samþykkja frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga, sem flutt hefur verið að tilhlutun menntamálaráðherra.

Hreppsnefndin telur, að frumvarp þetta, ef að lögum yrði, mundi létta mjög fyrir um aðkallandi byggingar margra byggðarlaga.

Virðingarfyllst.

Hreppsnefnd Miðneshrepps.
Ólafur Vilhjálmsson.

3.

Bæjarstjórinn á Akranesi.
Akranesi, 13. jan. 1947.

Á bæjarstjórnarfundi, sem haldinn var hér 2. jan. s.l., var eftirfarandi tillaga Axels Eyjólfssonar, varabæjarfulltrúa sósíalista, samþykkt:

„Bæjarstjórn Akraness samþykkir að skora á Alþingi það, er nú situr, að

samþykkja frumvarp það, er liggur fyrir þinginu að tilhlutun menntamálaráðherra, um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Guðl. Einarsson.

Til Alþingis, Reykjavík.

4.

Til Alþingis, Reykjavík. (Símskeyti.)

Á fundi bæjarstjórnar Neskaupstaðar 11. þ. m. var samþykkt eftirfarandi tillaga: Bæjarstjórn Neskaupstaðar skorar eindregið á Alþingi að samþykkja frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga, sem lagt hefur verið fram af minni hluta menntamálanefndar nú á þessu þingi.

Bæjarstjórinn í Neskaupstað.

5.

Oddviti Kolbeinsstaðahrepps.
Mýrdal, 11. janúar 1947.

Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Samkvæmt bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 23. f. m., ásamt frumvarpi til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga, sem sent er til umsagnar.

Á fundi hreppsnefndar þann 10. þ. m. lagði ég frumvarpið fyrir samnefndarmenn mína, og vorum við á einu máli um það, að frumvarpið, ef yrði að lögum, mundi mjög létta undir þær opinberu byggingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og væri mjög æskilegt, að það yrði að lögum, til þess að skriður kæmist á þær byggingarframkvæmdir, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst.

Gísli Þórðarson.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

6.

Gullberastöðum, 12. jan. 1947.

Á fundi, sem hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps hélt hinn 11. þ. m., var samþykkt samhljóða að skora á Alþingi það, er nú situr, að samþykkja frumvarp það, sem þar var lagt fram í vetur frá minni hluta menntamálanefndar um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Virðingarfyllst.

F. h. hrn. Lundarreykjadalshrepps
Þorsteinn Kristleifsson.

Til menntamálaráðuneytisins.

7.

Oddviti Fljótshlíðarhrepps.
Kollabæ, 7. jan. 1947.

Hef meðtekið bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 23. f. m., ásamt frumvarpi til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga. Er í bréfinu mælzt til þess, að ég segi álit mitt um efni frumvarpsins.

Ég tel, að frumvarpið sé spor í rétta átt um það, að bæjar- og sveitarfélög geti haft greiðan aðgang að því að fá lán til þeirra framkvæmda, er þau telja sér nauðsynlegt að ráðast í.

En svo finnst mér, að allmikið vanti í sambandi við þetta, og það er, með hvaða kjörum yrðu þessi lán veitt, t. d. hverjir yrðu vextir af þeim og til hvað margra ára yrðu þau veitt? Þetta finnst mér vera eitt höfuðatriðið um lánin. Það er vitað, að það hefur verið hægt að fá lán í peningastofnunum til þeirra framkvæmda, sem á er minnzt í frumvarpinu, en þau hafa verið óhagstæð fyrir lántaka.

Hér í þessari sveit er nú þannig ástatt, að það hefur verið ráðizt í byggingu á félagsheimili, sökum þess að það samkomu- og skólahús, sem til er, fullnægir alls ekki þeim kröfum, sem nú eru gerðar til barnaskólahúsa, með því að hafa þar líka allar samkomur og skemmtanir í hreppnum, og varð því af þeim ástæðum að ráðast í það að byggja félagsheimili fyrir samkomur hreppsins, og verður þessari byggingu væntanlega lokið á þessu ári, og verður hreppurinn þá að fá sér allmikið lán. Væri ekki hægt að koma þessum byggingum einnig inn í frumvarpið, það er að segja, ef ekki er komið sérstakt frumvarp fram á Alþingi um lán til félagsheimila?

Sigurþór Ólafsson.

Til menntamálaráðuneytis Íslands.

8.

Oddviti Hofshrepps.
Hofi, 10. jan. 1947.

Ég hef móttekið bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 23. f. m., ásamt frumvarpi til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga, og er óskað umsagnar um efni frumvarpsins.

Í tilefni af því vil ég taka þetta fram:

Þar sem fullvíst er, að mörg sveitarfélög fá ekki lán til þess að standa straum af sínum hluta hinna aðkallandi skólahúsbygginga víðs vegar um landið, vegna þess að þau hafa ekki til þá tryggingu, sem lánsstofnanir áskilja fyrir slíkum lánveitingum, tel ég, að frumvarp þetta stefni efnislega í rétta átt.

Hið sama tel ég, að gildi um aðrar opinberar byggingar, er tilgreindar eru í frumvarpinu. Það er því skoðun mín, að Alþingi beri að veita þá opinberu aðstoð, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, á líkan hátt og nú á sér stað um hafnarmál. Því að því aðeins nái skólalöggjöfin tilgangi, að Alþingi skilji þessa nauðsyn.

Oddviti Hofshrepps.
Jón Jónsson.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

9.

11. janúar 1947.

Hef móttekið heiðrað bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 23. des. s.l., ásamt frumvarpi til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Vil ég mæla hið bezta með frumvarpinu, að 3. gr. undanskilinni. Tel ég varhugavert að taka upp þá stefnu að skylda Landsbankann til lánveitinga.

Virðingarfyllst.
Oddvitinn í Öngulsstaðahreppi.
Garðar Halldórsson,
Rifkelsstöðum.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

10.

Á fundi sínum 18. þ. m. samþykkti hreppsnefnd Hveragerðishrepps eftirfarandi:

„Hreppsnefndin skorar á Alþingi að samþykkja frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga, sem fram er borið af minni hluta menntamálanefndar."

Virðingarfyllst.

Hveragerði, 20. jan. 1947.

Oddviti Hveragerðis.
Helgi Geirsson.

Skrifstofa Alþingis.

11.

Útskrift úr gerðabók bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Ár 1947, föstudaginn 17. janúar, var haldinn almennur fundur í bæjarstjórn Vestmannaeyja, í húsi K.F.U.M. & K. hér í bænum, og hófst hann kl. 8½ e. h.

Til fundarins hafði verið boðað með uppfestum auglýsingum og með því að senda fulltrúum dagskrár.

Mættir voru á fundinum: Herjólfur Guðjónsson (varam.), Páll Þorbjörnsson, Eyjólfur Eyjólfsson, Árni Guðmundsson, Einar Guttormsson, Sigurður Stefánsson, Elías Sigfússon (varam.), Ársæll Sveinsson og Óskar Gíslason (varam.).

Fyrir var tekið:

.....

Utan dagskrár.

„Bæjarstjórn skorar eindregið á hið háa Alþingi að samþykkja frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga, sem nú liggur fyrir þinginu og flutt er að tilhlutun menntamálaráðherra.

Telur bæjarstjórn framgang frumvarpsins stórkostlega þýðingarmikið mál fyrir bæjar- og sveitarfélög landsins."

Samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ólafur A. Kristjánsson. Ársæll Sveinsson. Eyjólfur Eyjólfsson. Árni Guðmundsson. Páll Þorbjörnsson. Elías Sigfússon. Herjólfur Guðjónsson. Óskar Gíslason. Einar Guttormsson. Sigurður Stefánsson.

Rétta útskrift staðfestir:

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum.
Ólafur A. Kristjánsson.

12.

Oddvitinn í Ólafsvíkurhreppi.

Hér með skora ég á hið háa Alþingi að samþykkja frumvarp það til laga, sem nú liggur fyrir Alþingi um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga, og flutt er af minni hluta menntamálanefndar samkvæmt beiðni menntamálaráðherra.

Ólafsvík, 10. jan. 1947.
Jónas Þorvaldsson.

Til Alþingis Íslendinga, Reykjavík.

13.

Bæjarstjórinn, Ólafsfirði.
Ólafsfirði, 18. jan. 1947.

Alþingi Íslands!

Leyfi mér hér með að senda hinu háa Alþingi Íslands tillögu þá, er bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar samþykkti samhljóða á fundi sínum 9. þ. m.:

„Bæjarstjórnarfundur í Ólafsfjarðarkaupstað, haldinn 9. jan. 1947, beinir þeirri ósk til Alþingis, að það samþykki frumvarp það frá minni hluta menntamálanefndar, er nú liggur fyrir Alþingi, um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga."

Allra virðulegast.
Bæjarstjórinn í Ólafsfirði.
Ásgrímur Hartmannsson.

Menntamálaráðuneytið.
Reykjavík, 16. janúar 1947.

Hér með sendist Alþingi afrit af umsögn bæjarstjórnar Ólafsfjarðar, oddvitanna í Skeiðahreppi, Ölfushreppi, Grímsneshreppi, Gaulverjabæjarhreppi og Húsavíkurhreppi, um lagafrumvarp á þskj. 222, um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga.

F. h. r.
e. u.
Birgir Thorlacius.

14.

Til Alþingis, Reykjavík.
Hreppsnefndaroddvitinn í Skeiðahreppi.
Vorsabæ, 4. janúar 1947.

Ég hef móttekið heiðrað bréf ráðuneytisins, dags. 23. f. m., ásamt frumvarpi til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga. Er í bréfinu óskað eftir umsögn minni um frumvarpið.

Samkvæmt eigin reynslu og af kunnugleika um þessi mál er mér ljóst, að mikillar tregðu hefur gætt hjá aðallánsstofnunum landsins í að lána fé til bygginga þeirra, sem upp eru taldar í frumvarpinu, og er nauðsyn á, að það geti komizt í betra horf. Þess vegna tel ég mikils virði fyrir sveitarfélög landsins, að frumvarp þetta verði að lögum.

Hins vegar vil ég þó benda á, að 1. gr. frumvarpsins tel ég að beri að orða nokkuð fyllra, þannig að þar væru einnig með talin sýslufélög og læknishéruð. Það má gera ráð fyrir, að sýslufélög muni í mörgum tilfellum verða aðalframkvöðlar að byggingu gagnfræða-, héraðs- og húsmæðraskóla og enn fremur hinna ýmsu sérskóla. Aftur á móti eru læknisbústaðir og jafnvel sjúkraskýli venjulega reist af læknishéruðunum, sem og svo þau annast um. Enn fremur vil ég benda á það, að ekki væri óeðlilegt, að einhver hluti a. m. k. af stofnkostnaði hinna svokölluðu félagsheimila í sveitum fengi sama rétt til lántöku og önnur þau mannvirki, er frumvarpið ræðir um, og þar er upp talið.

Virðingarfyllst.

Eiríkur Jónsson.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

15.

Oddviti Ölfushrepps.
Reykjum, 5. janúar 1947.

Í bréfi yðar 23. des. 1946 mælist þér til, að ég láti í té umsögn um frumvarp til laga nr. 222, um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Ég tel þetta mjög þýðingarmikið atriði og vænti þess, að efnislega verði frumvarpið samþykkt og þá ekki sízt ákvæði 2. gr. um að lánsheimildin nái til þeirra opinberu bygginga, sem byrjað er á.

Ölfusskólahérað byrjaði á s.l. vori á byggingu heimangönguskóla, og er bygging þessi nú komin undir þak, en óvíst er, hvort hægt verður að halda áfram byggingunni, vegna þess að loforð fyrir láni hefur enn ekki fengizt. Viðkomandi þessari

byggingu virðist því frumvarp þetta undirstaða fyrir frekari framkvæmdum að svo stöddu, ef það nær fram að ganga.

Virðingarfyllst.
Árni Jónsson.

Til menntamálaráðuneytisins.

16.

Oddvitinn í Grímsneshreppi.
Minniborg, 8. janúar 1947.

Ég hef athugað frumvarp það til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga, er menntamálaráðuneytið hefur sent mér til umsagnar. Ég hef einnig borið þetta mál undir álit samnefndarmanna minna í hreppsnefndinni, og erum við sammála um, að þetta yrði mikilsverð aðstoð fyrir fámenn og fátæk sveitarfélög, sem þurfa að ráðast í dýrar framkvæmdir á því sviði, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ég mæli eindregið með frumvarpinu að því er snertir ríkisábyrgðina, en tel hins vegar ekki aðkallandi nauðsyn að skylda Landsbanka Íslands til þess að lána í hverju tilfelli, eins og nú standa sakir. Ég geri ráð fyrir, að auðvelt sé að fá lán út á ríkistryggð skuldabréf, jafnvel með lægri vöxtum heldur en útlánsvextir Landsbankans eru nú.

Virðingarfyllst.
Stefán Diðriksson,
oddviti.

Til menntamálaráðuneytisins.

17.

Hæstvirta menntamálaráðuneyti.

Um frumvarp það, er þér hefið sent oddvitum, um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar, vil ég segja mitt álit, sem er, að ég vil mæla með frumvarpinu. Það veitir möguleika, sem annars vantar víða. Það felst í því jafnrétti og er því sanngjarnt. Önnur grein tryggir, að ekki sé gengið allt of langt. Það er einmitt allsherjaráætlun og þar með jafnrétti, sem á að ríkja, og mér sýnist, að mætti koma víðar við heldur en enn þá er gert.

Ég sakna þarna, að hin svonefndu félagsheimili eru ekki talin með; það verður ekki komizt af án þeirra í sveitum, eða þess konar samkomuhúsa fyrir unglinga, og þar vantar líka fé.

Virðingarfyllst.
Gaulverjabæ, Gaulverjabæjarhreppi, 10. janúar 1947.
Dagur Brynjúlfsson.

18.

Húsavík, 8. janúar 1947.

Ég hef meðtekið frá hinu háa menntamálaráðuneyti bréf, dags. 23. f. m., ásamt frumvarpi til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Aðspurður hef ég þetta um efni frumvarpsins að segja:

Bæjar- og sveitarfélögum er fullkomin nauðsyn að fá þá aðstoð, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, bæði að því, er snertir útvegun lánsfjár og ábyrgð ríkisins fyrir lánum. Fái þau ekki þvílíka aðstoð, geta þau yfirleitt ekki komið upp byggingum þeim, sem um er að ræða.

Þetta orkar ekki tvímælis.

Virðingarfyllst.
Karl Kristjánsson,
oddviti Húsavíkurhrepps.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

19.
Ólafsfirði, 14. jan. 1947.

Á fundi bæjarstjórnar Ólafsfjarðarkaupstaðar 9. þ. m. var eftirfarandi samþykkt samhljóða:

„Bæjarstjórnarfundur í Ólafsfirði, haldinn 9. jan. 1947, beinir þeirri ósk til Alþingis, að það samþykki frumvarp það frá minni hluta menntamálanefndar, er nú liggur fyrir Alþingi um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga."

Bæjarstjórinn Ólafsfirði.

20.
20. janúar 1947, Gjábakka.

Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Meðtekið bréf yðar, dags. 23. des. s. l., með eintak af frumvarpi til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Ég er mjög ánægður í alla staði með umrætt frumvarp, álít það tímabært og til mjög mikillar hjálpar fyrir sveitarfélög landsins.

Með vinsemd.

Snæbjörn Guðmundsson,
oddviti Þingvallahrepps.

21.
Suðurfjarðahreppur.
Bíldudal, 22. jan. 1947.

Hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps hefur á fundi sínum í dag tekið til athugunar frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga, er nú er flutt á Alþingi að beiðni menntamálaráðherra.

Hreppsnefndin mælir mjög eindregið með frumvarpinu og leyfir sér hér með að skora á hið háa Alþingi að samþykkja það.

F. h. hreppsnefndar Suðurfjarðahrepps.
Páll Hannesson,
oddviti Suðurfjarðahrepps.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

22.
Oddviti Dalvíkurhrepps.
Dalvík, 22. jan. 1947.

Með tilvísun til bréfs menntamálaráðuneytisins, dags. 23. des. 1946, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga, var á fundi hreppsnefndar Dalvíkurhrepps gerð einróma svo hljóðandi samþykkt í gær:

„Hreppsnefndin lýsir fylgi sínu við frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, og felur oddvita að skora á Alþingi að samþykkja frumvarpið."

Leyfi ég mér hér með að senda hæstvirtu menntamálaráðuneytinu ofangreinda samþykkt til fyrirgreiðslu.

Virðingarfyllst.

Tryggvi Jónsson.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

23.
Oddviti Sauðárkrókshrepps.
Sauðárkróki, 22. jan. 1947.

Í tilefni af bréfi, dags. 23. f. m., þar sem þér æskið umsagnar hrn. um frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga, hefur verið rætt um frumvarpið á tveimur síðustu fundum hrn. og afgreitt þannig á fundi hrn. í gær:

Samþykkt að mæla með frumvarpinu með þeirri breytingu, að aðnjótandi aðstoðar samkv. frumvarpinu verði fyrst og fremst bæjar- og sveitarfélög, sem hafa innan við 2000 íbúa.

Þetta leyfi ég mér hér með að tilkynna hinu hæstvirta ráðuneyti.

Eysteinn Bjarnason.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

24.
Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Höfum móttekið bréf yðar, dags. 23. des. s.l., ásamt frumvarpi yðar.

Eftir að hafa athugað frumvarpið ásamt greinargerð, mælum vér með, að frv. nái fram að ganga.

Virðingarfyllst.

Súðavík, 11. jan. 1947.
f. h. hreppsn. Súðavíkurhrepps
Áki Eggertsson,
oddviti Súðavíkurhrepps.

25.

Ég hefi — samkv. ósk yðar í bréfi frá 23. des. s.l., móttekið 18. þ. m., ásamt eintaki af frumvarpi til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga — lesið frumvarpið og tel, að það fari í rétta átt og geti í ýmsum tilfellum orðið til stuðnings fyrir bæjar- og sveitarfélögin. Þó hygg ég, að fulllangt sé gengið í lánsheimildinni, að gera ráð fyrir greiðslu á öllum þeim hluta stofnkostnaðar, sem ekki er greiddur sem framlag úr ríkissjóði, því að ólíklegt er, að nokkurs staðar sé hafizt handa um byggingar þeirra mannvirkja, sem frumvarpið greinir frá, þar sem engin króna er til staðar heima fyrir. Lántaka fyrir hálfum áðurnefndum hluta stofnkostnaðar ætti því að nægja. Hitt gæti e. t. v. leitt til ábyrgðarleysis í þessum efnum.

Virðingarfyllst.
Ásbyrgi í Kelduhverfi, 21. jan. 1947.
Erlingur Jóhannsson,
oddviti Keldunesshrepps.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

26.
Oddvitinn í Stokkseyrarhreppi.

Með bréfi, dags. 23. des. f. á., hefur menntamálaráðuneytið sent til umsagnar frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Ég fagna því, að slíkt frumvarp skuli fram komið. Það er óhugsandi, að framkvæmdir þær, er hér um ræðir, komist í framkvæmd með eðlilegum hraða án aðstoðar ríkisins við öflun lánsfjár.

Um frumvarpið sjálft vil ég benda á 1. gr., að ég tel ekki hægt að „miða ábyrgðina við kostnaðaráætlun“. Endanlegur kostnaður hlýtur að ráða. Hitt er sjálfsagt,

að leita samþykkis hlutaðeigandi ráðuneytis eða þeirrar stofnunar, sem fer með hlutaðeigandi mál fyrir þess hönd, um stærð og fyrirkomulag byggingarinnar.

Virðingarfyllst.
Holti, 29. jan. 1947.
Sigurgr. Jónsson.

Til menntamálaráðuneytisins.

27.

Oddviti Grunnavíkurhrepps
Stað, 9. jan. 1947.

Hæstvirti menntamálaráðherra.

Mér var það nokkurt undrunarefni, en algert fagnaðarefni að fá í dag ástúðlegt bréf yðar frá 23. f. m., ásamt Nd. þingskjali 222. Mér virðist það spá góðu um, að leitað verði umsagnar vorra oddvitanna um þingræðisleg vinnubrögð Alþingis og víðsýna og frjálslynda löggjöf, sem er ákveðin í því að taka Guðs ríki með áhlaupi skilnings, vísinda, velvildar og tækni og skila því niður á jörðina til lands og þjóðar.

Samt hvarflaði það að mér, að hugsanlegt hefði verið, að frumvarpið hefði verið sent oddvitunum til umsagnar áður en það var flutt í þinginu, og framlags- og lánveitingarskyldan ákveðin báðum jafnt, ríkissjóði og Landsbankanum — og báðum séð fyrir yfirfljótandi fjármagni til þessara framkvæmda og annarra og heildaráætlun um framkvæmdir og fjárfestingu nýsköpunarinnar fylgt frumvarpinu inn í þingið.

En þetta kemur vonandi allt, þegar mannlífsþjónusta stjórnmálanna (sem Leonhardo de Ragaz o. fl. vitrir menn nefna guðsþjónustu) er hugsuð og framkvæmd með skynsemd, friði og velþóknun skaparans yfir mönnum og málefnum. Og þrátt fyrir vísindi, tækni og stríðsgróða er fróandi að minnast orða skáldsins:

„Það kostar svo mikla mæðu,
svo margfalt reynslu-stríð,
að sá fyrir lífið hér í heim, —
en hvað fyrir eilífa tíð?

Fyrir röskum aldarfjórðungi virtist mér og fræðslumálastjórn, að barnaskólahúsbygging hér þyldi enga bið. Var í því skyni stofnaður fátæklegur sjóður með framlagi gjaldþrota sveitarsjóðs. Barnaskólahúsið er óbyggt enn, og sjóðurinn sama sem ekkert vaxið. Á s. l. ári fækkaði íbúum í Sléttuhreppi úr 284 niður í 164 og í Grunnavíkurhreppi úr 177 niður í 165. Útsvör og skattar mjög aukizt

Þrátt fyrir þetta er það von mín, að hér rísi upp barnaskóli á sínum tíma með aðstoð frumvarps þessa eða annars svipaðs, þegar að lögum verður.

Án frekara tilefnis en þess árnaðar, nú og alla daga, til stjórnar, þings og þjóðar og ríkisforseta, að þetta 1000 ára nýsköpunarríki vort „verði gróandi þjóðlíf með þverrandi tár, sem þroskast á guðsríkisbraut".

Virðingarfyllst.
Jónm. Halldórsson.

28.

Á fundi hreppsnefndar Eskifjarðarhrepps hinn 25. þ. m. samþykkti hreppsnefndin að skora á Alþingi að samþykkja frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Eskifirði, 28. jan. 1947.
Oddviti Eskifjarðarhrepps.
Leifur Björnsson.

Menntamálaráðuneytið góðfúslega beðið að koma áskorun þessari á framfæri.

29.
Oddviti Breiðdalshrepps, Suður-Múlasýslu.
Gilsárstekk, 20. jan. 1947.

Mér hefur borizt bréf hins háa menntamálaráðuneytis, dags. 23.12. f. á., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Við lauslega athugun sýnist mér brýn nauðsyn, að tryggt sé með löggjöf lánsfé eftir föstum reglum til þeirra bygginga, sem um getur í frumvarpinu. Þó tel ég ekki ástæðu til að lögskipa lánin hærri en ¾ þess kostnaðarhluta, sem sveitar- eða bæjarfélögum ber að leggja til, því að sjálfsagt er að krefjast einhvers byrjunarframlags af þeim, en ekki leggja í framkvæmdir eingöngu með láns- og styrktarfé. Slíkt má misnota.

Ekki kann ég við orðalag 2. gr., „allsherjaráætlun, sem gerð kann að vera" o. s. frv. Hér þarf að sjálfsögðu að kveða skýrt á um, hvaða aðilar eigi að gera áætlun um framkvæmdirnar. Má t. d. benda á, að það sýnist sjálfgefið, að fræðslumálastjóri og námsstjórar geri áætlun um skólabyggingar.

En aðalatriðið: lögfest trygging um lán til bygginganna með hagkvæmum kjörum og ríkisábyrgð, er sjálfsagt að mæla með, og í rauninni er Alþingi skylt að sjá um, að lagaákvæði í þá átt komi til framkvæmda nú þegar.

Virðingarfyllst.

Páll Guðmundsson.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

30.
Rauðholti, 24. jan. 1947.

Bréf yðar, dags. 23. des. s. l., ásamt frumvarpi til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga hef ég meðtekið.

Um efni frumvarpsins er það að segja, að ég tel nauðsynlegt, að bæjar- og sveitarfélög hafi einhvern aðgang að lánsfé til byggingar þeirra stofnana, sem frumvarpið ræðir um, að því leyti, sem ríkið leggur ekki fram stofnkostnað.

Hitt gæti svo hugsazt, að Landsbankanum yrðu lagðar fullþungar byrðar á herðar með því að skuldbinda hann til skuldabréfakaupanna, ef sala þeirra yrði mjög treg. En í trausti þess, að hið háa Alþingi og ríkisstjórn sjái ávallt um, að Landsbankinn sé nægilega voldug stofnun til þess að leysa þær kröfur, sem til hans eru gerðar, tel ég rétt, að frumvarpið verði gert að lögum.

Virðingarfyllst.

S. Sigurðsson,
oddviti Hjaltastaðahrepps.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

31.
Bæjarstjórinn á Akureyri.
Akureyri, 29. jan. 1947.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á fundi sínum í gær samþykkt eftirfarandi tillögu út af bréfi yðar, dags. 23. des. s. l.:

„Bæjarstjórn lýsir ánægju sinni yfir framkomnu frumvarpi á Alþingi til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga og skorar á Alþingi að samþykkja það."

Þetta tilkynnist hinu háa ráðuneyti hér með.

Steinn Steinsen,
bæjarstjórinn á Akureyri.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

32.

Borgarnesi, 13. jan. 1947.

Hreppsnefnd Borgarneshrepps hefur á fundi sínum í dag tekið til umræðu frumvarp flutt af minni hl. menntamálanefndar um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga, og mælir einróma með því, að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllst.

Oddviti Borgarneshrepps,
Friðrik Þórðarson.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

33.

Bæjarstjórinn á Ísafirði.

Ísafirði, 24. jan. 1947.

Ég hef móttekið bréf hins háa ráðuneytis, dags. 23.12. 1946, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Af þessu tilefni leyfi ég mér með samþykki bæjarstjórnar að taka eftirfarandi fram:

Hér á Ísafirði eru nú í smíðum húsmæðraskóli, fimleikahús og bókasafn. Nýlokið er byggingu sundhallar og gagnfræðaskóla og stækkun á barnaskólanum. Allar þessar byggingar munu kosta fullgerðar um 3.3 millj. króna. Þar af mun framlag bæjarsjóðs verða ca. 1.1 milljón krónur af byggingarkostnaðinum. Miklir örðugleikar hafa verið á því að koma þessum byggingum áfram fjárhagslega.

Ber margt til þess. Ísafjarðarkaupstað er um megn fjárhagslega að leggja fram sinn hluta byggingarkostnaðarins á 2—3 árum. Lögákveðin framlög ríkissjóðs koma dræmt eftir á, og er að því mikill bagi. Bankarnir eru tregir til að lána fé út á óarðbærar byggingar, nema helzt með tryggingu í væntanlegum styrkjum ríkissjóðs, en þá verða styrkirnir að ganga til bankanna jafnóðum og þeir eru kræfir og koma því ekki að notum við áframhaldandi framkvæmdir.

Bankarnir hér á Ísafirði hafa nú lánað bæjarsjóði kr. 805 þúsund út á væntanlega ríkisstyrki og kr. 500 þús. af hluta bæjarsjóðs út á væntanlega veðsetningu bygginganna, er þeim er að fullu lokið. Mun þess ekki að vænta, að meira fáist út á veðrétt húsanna skv. reglum veðdeildarinnar. Nú hefur bæjarfélagið ekki getað lagt fram af eigin fé nema um 250 þús., og óvænlegar horfir um há árleg framlög af þess hendi á ári hverju. Það er því mikil nauðsyn á því, að ríkisábyrgð fáist fyrir lánum að upphæð kr. 4—500 þús. í stað tryggingar þeirrar, er sett hefur verið í væntanlegum styrkjum ríkissjóðs til þess að hægt sé að fullljúka byggingunum með góðu móti.

Fé þetta hafa bankarnir þegar lánað, en eiga samkv. samningum kröfu á að fá það aftur eftir því, sem styrkirnar greiðast.

Ísafjarðarkaupstað væri því af þessum sökum mikið hagræði að því, að honum

væri tryggð ríkisábyrgð fyrir þessum lánum, eins og umrætt frumvarp gerir ráð fyrir. Að því leyti hlýt ég eindregið að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Um hitt atriðið, sem felst í 3. gr. frumvarpsins, vil ég aðeins láta þá skoðun í ljós, að ég tel það fyrst og fremst í verkahring fjárveitingavaldsins og hins háa Alþingis að meta það, hvort sú leið er fær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og yfirleitt með hvaða móti hægt er að tryggja, að ríkisábyrgðir séu annað en nafnið tómt.

Er ég ekki reiðubúinn, að svo stöddu, að leggja á það neinn dóm.

Virðingarfyllst.
Ásberg Sigurðsson.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

34.
Háttvirt menntamálaráðuneyti.

Hef móttekið bréf yðar, dags. 23. des. 1946, um frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga, er þetta svar mitt:

Byggingar skóla og menntun þjóðarinnar er nauðsynleg. Hins vegar tel ég nauðsynlegt, hvort heldur er bæjar-, sveitar- eða þjóðfélag, að sníða sér stakk eftir vexti á sviði fjármála.

Ég er mótfallinn lögfestri ríkisábyrgð, sem um getur í ofangreindu frumvarpi.

Sama er að segja um skuldbindingu Landsbanka Íslands til kaupa á skuldabréfum, sem gefin eru út í þessu skyni.

Virðingarfyllst.
Kötluholti, Fróðárhreppi, 14. jan. 1947.
Ágúst Lárusson (oddviti).

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

35.
Leirvogstungu, 18. jan. 1947.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur athugað frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga, sem menntamálaráðuneytið hefur óskað umsagnar um og hefur borizt með bréfi, dags. 23. des. s. l.

Hreppsnefndin telur, að frumvarpið gangi í rétta átt, þar sem það miðar að því að auðvelda bæjar- og sveitarfélögum lánsfjáröflun til þeirra nauðsynlegu framkvæmda, sem í frumvarpinu ræðir.

Virðingarfyllst.
Magnús Sveinsson.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

36.
Oddviti Hraunhrepps.
Hrafnkelsstöðum, 20. jan. 1947.

Með heiðruðu bréfi hæstvirts menntamálaráðuneytis, dags. 23. f. m., er óskað eftir, að ég láti í ljós álit mitt á frumvarpi til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Með lögum þeim, sem nú gilda um aðstoð ríkisins til skóla og annarra opinberra bygginga, tel ég vel við unandi. Þess vegna engin knýjandi nauðsyn þess að skylda ríkissjóð til að veita ábyrgð sína fyrir lánum þeim, sem bæjar- og sveitarfélög kunna að verða að fá fyrir sínum hluta kostnaðarins.

Ég tel slíkt mjög varhugaverða braut, ef ætti að fara að skylda ríkissjóð til að veita ábyrgð sína til ekki stærri framkvæmda en hér um ræðir. Hvar skal þá staðar nema?

Virðingarfyllst.

Guðbr. Sigurðsson.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

37.

Oddviti Seltjarnarneshrepps.
Kópavogi, 27. jan. 1947.

Á fundi hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps þ. 14. þ. m. var tekið til umræðu bréf ráðuneytisins, dags. 23. des. f. á., ásamt frumvarpi til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Nefndin telur, að hér sé um hið mesta nauðsynjamál að ræða, og samþykkti að mæla eindregið með, að frumvarpið yrði að lögum.

Virðingarfyllst.

Guðm. Gestsson,
oddviti Seltjarnarneshrepps.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

Sþ. 886. Nefndarálit

um till. til þál. um ábyrgð ríkisins á láni handa Flateyjarhreppi til að koma upp frystihúsi og fiskiðjuveri í Flatey á Breiðafirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Hreppsnefnd Flateyjarhrepps og íbúar hreppsins hafa sýnt mikla framsýni og gert mikið fjárhagslegt átak til þess að tryggja útgerð frá Flatey. Einn þáttur í þessu framtaki er sá að koma upp frystihúsi og fleiru til hagnýtingar afla. Áætlað er, að frystihúsið kosti 600 þús. krónur. Safnazt hafa loforð fyrir 200 þús. kr. framlögum frá einstaklingum og kaupfélaginu í Flatey. Hreppurinn hefur ákveðið að leggja fram 150 þús. kr., ef hann fær aðstoð ríkisins til lántöku.

Fjárveitinganefnd hefur kynnt sér þetta áform Flateyinga og komizt að þeirri niðurstöðu, að réttmætt sé, að ríkið styðji það á þann hátt, sem fram á er farið í þingsályktunartillögunni.

Nefndin leggur því til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 150 þús. króna lán, er Flateyjarhreppur hefur í hyggju að taka til þess að koma upp hraðfrystihúsi og fiskiðjuveri í Flatey á Breiðafirði, gegn tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda.

Alþingi, 19. maí 1947.

Gísli Jónsson, form. Sigurður Kristjánsson, frsm. Pétur Ottesen.

Ingólfur Jónsson. Ásmundur Sigurðsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 887. Tillaga til þingsályktunar

um að heimila ríkisstjórninni að kaupa síldarverksmiðjuna á Hesteyri.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að festa kaup á síldarverksmiðjunni á Hesteyri að undangengnu mati á henni og tilheyrandi mannvirkjum, enda náist samkomulag við núverandi eigendur verksmiðjunnar um kaupverðið.

Greinargerð.

Á Hesteyri var á árunum 1927—1940 starfrækt síldarverksmiðja, eða í samtals 14 ár. Eigandi hennar var hlutafélagið Kveldúlfur í Reykjavík. Nokkru eftir að það félag reisti síldarverksmiðju við Eyjafjörð hætti það starfrækslu Hesteyrarverksmiðjunnar.

Var það mikið áfall fyrir atvinnulíf Sléttuhreppsbúa, sem allan tímann, sem verksmiðjan var starfrækt, höfðu haft við hana mikla atvinnu.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkið kaupi Hesteyrarverksmiðjuna. Til þeirrar ráðstöfunar hníga gild rök. Nauðsyn ber til þess, að a. m. k. ein síldarverksmiðja sé starfrækt fyrir vestan Horn. Miklar síldargöngur eru oft út af Ströndum og í Ísafjarðardjúpi. Hentar þá mjög vel að hafa verksmiðju á Hesteyri.

Hesteyrarverksmiðjan afkastar 1300 mála bræðslu á sólarhring. Hún hefur þrær, sem taka allt að 50—60 þús. mál síldar.

Nánar í framsögu.

Nd. 888. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og lögum nr. 94 14. maí 1940, um breytingar á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað 1. gr. l. nr. 94 1940 komi ný grein, svo hljóðandi:

4. gr. l. nr. 38 1937 orðist svo:

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkvæmt lögum þessum.

Ríkisráðunautur í loðdýrarækt hefur í umboði landbúnaðarráðherra og í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands yfirumsjón með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu vera trúnaðarmenn ráðunautar í málum varðandi loðdýraræktina, hver í sínu umdæmi, og framkvæma eða láta framkvæma í sínu umboði eftirlit með loðdýraræktinni eftir því, sem ráðunauturinn leggur fyrir, og ganga ríkt eftir, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Nú þykir ráðunaut áfátt vera um eftirlit trúnaðarmanna sinna, og getur þá ráðherra skipað aðra trúnaðarmenn að fengnum tillögum ráðunautar.

Hafi trúnaðarmaður sjálfur loðdýr undir höndum, þá skal ráðunauturinn hafa eftirlit með búi hans, eða skipa til þess annan mann, ef honum þykir ástæða til.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. l. nr. 94 1940 orðist svo:

Leyfi til loðdýraræktar skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðherra gefur út í samráði við Loðdýraræktarfélag Íslands.

3. gr.

4. gr. l. nr. 94 1940 orðist þannig:

7. gr. laganna orðist svo:

Öll loðdýr skulu geymd í fulltryggum loðdýragirðingum og búrum. Skal ávallt setja dýrheldan ytri girðingu um minka- og refabúr. Girðingu þessa skal setja svo langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim. Nánari ákvæði um gerð búra og girðinga setur landbúnaðarráðherra með reglugerð.

Þegar loðdýr eru flutt, skal ávallt flytja þau í öruggu búri. Ef loðdýrin eru geymd í aðhaldi, er skylt að flytja þau í örugga vörzlu (sbr. 5. gr.) eða lóga þeim, hvenær sem hætta þykir á, að dómi trúnaðarmanns, að þau kunni að sleppa úr haldi, svo sem vegna ísalaga milli lands og eyja.

Vanræki sá, er leyfi hefur fengið til loðdýraræktar, að hafa vörzlu loðdýra nægilega trygga og lögum samkvæma, þrátt fyrir áminningar trúnaðarmanns eða ráðunautar, getur hreppsnefnd eða bæjarstjórn, að fengnu samþykki ráðunautar, afturkallað fyrirvaralaust hið áður veitta leyfi og krafizt þess, að dýrunum verði strax lógað, nema eigandi komi þeim í örugga vörzlu á öðru loðdýrabúi.

Loðdýraeigandi, sem uppvís verður að illri og ómannúðlegri meðferð á loðdýrum sínum, skal missa leyfi sitt til loðdýraræktar á sama hátt og segir í 3. mgr.

4. gr.

5. gr. l. nr. 94 1940 orðist svo:

Á eftir 7. gr. l. nr. 38 1937 komi ný grein, svo hljóðandi:

Hver sá félagi eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi til loðdýraræktar og tekið hefur dýr í vörzlu, svo og þeir loðdýraeigendur, sem koma dýrum sínum í fóður hjá öðrum, en hafa ekki sjálfir leyfi til loðdýraræktar, skulu, án sérstakrar inntökubeiðni eða inntökuskírteinis, verða meðlimir í Loðdýraræktarfélagi Íslands eða öðru félagi loðdýraeigenda, er komi í þess stað, með þeim skyldum og réttindum, er lög félagsins ákveða, enda hafi landbúnaðarráðherra staðfest lög þess.

Gjöldum loðdýraeigenda, sem ákveðin eru í félagslögum, fylgi lögtaksréttur.

5. gr.

Í stað 7. gr. l. nr. 94 1940 komi ný grein, svo hljóðandi:

11. gr. laga nr. 38 1937 orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt, er hafi umsjón með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Ráðherra gefur út erindisbréf handa ráðunaut, og skal þar m. a. svo ákveðið, að ráðunauturinn skuli einnig vera í þjónustu Loðdýraræktarfélags Íslands og hlíta fyrirmælum þess um þau störf, er um ræðir í 6. gr., og vera félaginu að öðru leyti til aðstoðar og ráðuneytis um þau félagsstörf eða málefni, er stjórn félagsins óskar eftir og samrýmzt geta störfum hans í umboði ráðherra.

Laun ráðunautar, skrifstofufé og ferðakostnaður greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

12. gr. l. nr. 38 1937 orðist svo:

Loðdýraræktarráðunauturinn hefur með höndum án endurgjalds frá loðdýraeigendum almenna fræðslu og leiðbeiningarstarfsemi í loðdýrarækt, bæði munnlega og í rituðu máli.

Hann skal ferðast á milli loðdýrabúa í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands til eftirlits og leiðbeininga, og skal hann þá einnig framkvæma merkingar loðdýra, eftir því sem við verður komið og óskað er.

Hann skal mæta á fundum Loðdýraræktarfélags Íslands og félagsdeilda þess, þegar óskað er og ástæður leyfa.

Ráðunauturinn skal vera dómari á loðdýrasýningum, eða skipa annan færan mann í sinn stað, ef hann er hindraður í að mæta. Hann skal og hafa yfirumsjón og eftirlit með því, að merking loðdýra sé lögmæt og framkvæmd árlega. Heimilt er í reglugerð að ákveða merkingargjald fyrir þau dýr, er ráðunautur merkir sjálfur, og greiðist gjaldið í ríkissjóð. Ráðunauturinn skal færa ættbók yfir öll fyrstu verðlauna dýr. Heimilt er ráðunaut að taka með í ættbókina veruleg úrvalsdýr, þó að þau hafi ekki verið á sýningu.

7. gr.

Á eftir 16. gr. l. nr. 38 1937 komi ný grein, svo hljóðandi:

Loðdýraræktarráðunauturinn skal annast eyðingu villiminka og annarra loðdýra, er sloppið hafa úr haldi. Skal hann vera í samvinnu við sýslunefndir landsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

8. gr.

II. kafli l. nr. 38 13. júní 1937, 17.—22. gr. að báðum meðtöldum, falli niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 94 1940 inn í lög nr. 38 1937 og gefa þau út svo breytt.

Ed. 889. Nefndarálit

um frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og telur, að rýmka beri til muna þær reglur um veitingu ríkisborgararéttar, sem allsherjarnefnd Nd. hefur sett sér, enda bert, að horfið hefur verið frá þeim við endanlega afgreiðslu málsins í Nd.

Nefndin telur, að eðlilegt sé að mæla með, að þeir umsækjendur öðlist íslenzkan ríkisborgararétt, sem dvalið hafa á Íslandi a. m. k. 10 ár, ef skilríki þeirra eru að öðru leyti fullnægjandi.

Velflestir þessara umsækjenda hafa og sent gögn sín og umsóknir til dómsmálaráðuneytisins og fengið meðmæli þess.

Allmargir umsækjendur hafa sent ófullnægjandi gögn, og treystir nefndin sér því ekki til að mæla með því að svo komnu, að þeim verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin einróma með því, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. maí 1947.

Hermann Jónasson, form., frsm.	Ásmundur Sigurðsson, fundaskr.	Guðm. Í. Guðmundsson, með fyrirvara.
Lárus Jóhannesson.	Pétur Magnússon.	

Ed. 890. Breytingartillaga

við frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Inn í 1. gr. frv. bætast eftirtalin nöfn í réttri stafrófsröð:

1. Åberg, Nanna Jónsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 6. nóv. 1898 á Íslandi.
2. Åberg, Ketty Ellen Margrethe, Reykjavík, fædd 21. okt. 1928 í Danmörku.
3. Rabel, Svava Blöndal, frú í Reykjavík, fædd 9. desember 1902 í Canada.
4. Dannheim, Kathrín Dalhoff, tónlistarkennari í Reykjavík, fædd 5. nóv. 1916 á Íslandi.
5. Dyrset, Einar Ansgar Jósteinsson, verkamaður í Reykjavík, fæddur 4. febrúar 1904 í Noregi.
6. Ellerup, Johan Gerhardt Ole Christian, apótekari á Seyðisfirði, fæddur 8. jan. 1904 í Danmörku.
7. Erik Ingvar Ingvarsson, mjólkurfræðingur í Reykjavík, fæddur 13. des. 1915 í Danmörku.
8. Friedlaender, Heins Karl, vélamaður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.
9. Goldstein, Peter Lothar, námsmaður í Reykjavík, fæddur 7. nóvember 1927 í Þýzkalandi.
10. Hensing, Kristín Lára Kristinsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 17. sept. 1916 á Íslandi.
11. Herlufsen, Harry Otto August, rakari á Ísafirði, fæddur 18. ágúst 1913 í Danmörku.
12. Huseby, Kristian Matthias, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 18. marz 1899 í Noregi.
13. Ingibjörg Alexandersdóttir, ljósmyndari í Reykjavík, fædd 6. september 1925 á Íslandi.
14. Johnsen, Gunnar, bílstjóri og bóndi í Marklandi, fæddur 4. janúar 1911 í Noregi.
15. Jörgensen, Alfred Christian, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 25. apríl 1901.
16. Kári Haukur Sigurjónsson, aðstoðarmaður í Reykjavík, fæddur 14. júní 1911 í Kanada.
17. Lilja Guðjónsdóttir, þerna í Hafnarfirði, fædd 16. sept. 1904 á Íslandi.
18. Nielsen, Orla Egon, rakari í Reykjavík, fæddur 16. apríl 1912 í Danmörku.
19. Pedersen, Herbert Helmuth Marinus, matsveinn í Reykjavík, fæddur 21. apríl 1913 í Danmörku.
20. Petersen, Ludvig Christian Idon Marius Bonnesen Stabell, matsveinn í Reykjavík, fæddur 7. sept. 1903 í Danmörku.
21. Sonnenfeldt, Kurt Gustav, tannlæknir á Siglufirði, fæddur 3. ágúst 1909 í Þýzkalandi.
22. Waag, Árni, nemandi í Reykjavík, fæddur 12. júní 1925 í Færeyjum.
23. Þórarinn Jónsson, bankamaður í Reykjavík, fæddur 19. ágúst 1909 á Íslandi.

Ed. **891. Frumvarp til laga**

um þjóðleikhús.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Þjóðleikhúsið skal vera ríkisstofnun og lúta yfirstjórn menntamálaráðherra.

2. gr.

Í þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem tengdar eru leiksviði. Starfsemi þessa skal leikhúsið rækja svo, að hún verði sem öflugust stoð íslenzkri menningu. Höfuðhlutverk leikhússins skal vera að:

1. flytja íslenzka og erlenda sjónleiki og enn fremur söngleiki og leikdansa eftir því sem við verður komið;
2. vera til fyrirmyndar um meðferð íslenzkrar tungu;
3. halda skóla til eflingar íslenzkri leikmennt.

Þjóðleikhúsið skal flytja leikrit í ríkisútvarpið, sbr. 10. gr., sjónleiki utan Reykjavíkur eftir því, sem við verður komið, og vinna að eflingu leiklistar hvarvetna á landinu.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar þjóðleikhússtjóra og skrifstofustjóra.

Enn fremur skipar menntamálaráðherra fimm menn í þjóðleikhúsráð, fjóra samkvæmt tillögum fjögurra fjölmennustu stjórnmálaflokkanna á Alþingi, en einn samkvæmt tillögu félags íslenzkra leikara. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins. Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri þjóðleikhússins. Leita skal tillagna þjóðleikhúsráðs um allar meiri háttar ákvarðanir, er stofnunina varða.

Þjóðleikhússtjóri ræður fasta leikara til allt að fimm ára í senn og gerir við þá ráðningarsamninga, hann ræður og aðra starfsmenn, enda samþykki menntamálaráðherra og þjóðleikhúsráð fjölda leikara og annarra starfsmanna og ráðningarkjör þeirra.

Í reglugerð, er menntamálaráðherra setur, skal mælt fyrir um verkefni starfsmanna þjóðleikhússins hvers um sig og annað, er að stjórn og fyrirkomulagi leikhússins lýtur og þörf þykir að setja um fastar reglur.

4. gr.

Laun fastráðinna starfsmanna skulu ákveðin í launalögum. Þangað til það verður gert, skulu þau ákveðin af menntamálaráðherra með hliðsjón af ákvæðum launalaganna.

Leikhúsráð skal vera ólaunað.

5. gr.

Þeir starfsmenn þjóðleikhússins, sem ráðnir eru til minnst eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, skulu greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóta þar sömu réttinda og aðrir starfsmenn ríkisins.

Þeir af fastráðnum starfsmönnum þjóðleikhússins, sem áður hafa unnið hliðstæð störf í þágu íslenzkrar leiklistar, skulu einnig eiga kost á að njóta eftirlaunaréttar fyrir þann starfstíma. Ráðherra ákveður réttindatíma hvers og eins að fengnum upplýsingum og tillögum félags íslenzkra leikara.

6. gr.

Við þjóðleikhúsið skal starfa leikritanefnd, og eiga í henni sæti þjóðleikhússtjóri, fulltrúi frá leikhúsráði og fulltrúi frá fastráðnum leikurum, og skulu hinir

tveir síðarnefndu kjörnir til þessa starfa til tveggja ára í senn. Nefndin skal ræða þau leikrit, er þjóðleikhússtjóri hyggst taka til sýningar, og skulu fulltrúar leikhúsráðs og leikara vera honum til aðstoðar við val leikrita.

7. gr.

Leikár telst frá 1. júlí til 30. júní.
Skipun starfsmanna þjóðleikhússins skal miða við leikár.

8. gr.

Þjóðleikhússtjóri skal fyrir lok júnímánaðar ár hvert afhenda menntamálaráðherra til athugunar og samþykktar frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár.
Í lok hvers leikárs skal þjóðleikhússtjóri afhenda menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skýrslu og reikning um rekstur þjóðleikhússins á liðnu starfsári.

9. gr.

Við þjóðleikhúsið skal starfa leikskóli. Þjóðleikhússtjóri ræður kennara og annað starfslið hans.
Um rekstur hans skal kveða á í reglugerð.

10. gr.

Náið samstarf skal vera milli þjóðleikhússins og ríkisútvarpsins. Þjóðleikhúsið lætur ríkisútvarpinu í té leikrit til flutnings, eftir því sem samkomulag verður um milli þjóðleikhússtjóra og útvarpsráðs. Starfsmönnum þjóðleikhússins ber hvorki sérstök þóknun fyrir slíkan flutning né leiksýningar utan Reykjavíkur.

11. gr.

Þegar leikhúsið er ekki notað til leiksýninga, má nota það til hljómleikahalds og kvikmyndasýninga.

12. gr.

Verði tekjuafgangur af rekstri þjóðleikhússins, skal hann lagður í rekstrarsjóð þess. Verði rekstrarhalli, skal hann greiddur úr rekstrarsjóði þjóðleikhússins.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 892. Lög

um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 857.

Nd. 893. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 867 [Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.].

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við tölul. 1. Fyrir „19. gr.“ komi: 20. gr.
2. Við tölul. 2. Liðurinn orðist svo: Við 21. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: Skylt er að veita bæjarfélagi slíka undanþágu samkv. tillögu heilbrigðisstjórnarinnar fyrir barnamjólk, sem framleidd er á búi, sem það rekur innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins og er eign þess. Sama gildir um almenna neyzlumjólk, ef bæjarfélagið framleiðir svo mikla mjólk, að það fullnægi algerlega mjólkurþörf bæjarbúa.
3. Við 3. tölul. Fyrir „20. gr.“ komi: 21. gr.
4. Við 4. tölul.
   a. Fyrir „24. gr.“ komi: 25. gr.
   b. Málsgreinin orðist svo:
      Nú telur héraðslæknir eða mjólkureftirlitsmaður, að sölumjólk sé óhæf til neyzlu, og getur hann þá stöðvað sölu á þeirri mjólk, en áður en slík ráðstöfun er gerð, er héraðslækni eða mjólkureftirlitsmanni skylt að leggja fyrir framkvæmdastjóra hlutaðeigandi mjólkurbús eða mjólkursamsölu fullgild skilríki fyrir réttmæti úrskurðarins.

Nd. 894. Breytingartillaga

við frv. til l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Við 5. gr. Á eftir 1. málsgr. komi: Nú neitar einhver framangreindra aðila að tilnefna mann af sinni hálfu, og skal þá landbúnaðarráðherra fela öðrum samtökum framleiðenda eða neytenda að tilnefna í þeirra stað.

Ed. 895. Breytingartillögur

við frv. til l. um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 8. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkissjóður aflar Ræktunarsjóði lánsfjár að upphæð tíu milljónir króna, með 1½% vöxtum. Sjóðurinn endurgreiðir lánið með jöfnum afborgunum á 20 árum.
   Seðladeild Landsbanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána Ræktunarsjóði nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hans, þó ekki yfir 10 milljónir króna, gegn 1½% vöxtum. Ræktunarsjóðurinn skal endurgreiða seðladeild Landsbankans lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Ræktunarsjóðs gagnvart seðladeildinni.
2. Við 9. gr. Orðin í fyrri málsgrein „Ef stofnfé hrekkur ekki til lánveitinga“ falla niður.

Nd. 896. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 893. [Framleiðsluráð landbúnaðarins].

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Við 4. b. Meginmál brtt. orðist svo:

Nú telur héraðslæknir eða mjólkureftirlitsmaður, að sölumjólk sé óhæf til neyzlu, og getur hann þá með rökstuddum úrskurði, er lagður sé fyrir framkvæmdastjóra hlutaðeigandi mjólkurbús eða mjólkursamsölu, stöðvað sölu á þeirri mjólk. Sama gildir og um sölumjólk einstakra framleiðenda.

Ed. 897. Frumvarp til laga

um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um skipan og verkefni framleiðsluráðs.

1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi aðalframkvæmd laga þessara, og skal það skipað þannig: 5 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda á fulltrúaráðsfundi þess, og sé einn þeirra formaður framleiðsluráðs, og 4 mönnum, er stjórn Stéttarsambandsins skipar samkvæmt tilnefningu eftirgreindra aðila, einn frá hverjum: þeirri deild Sambands ísl. samvinnufélaga, er fer með sölu landbúnaðarafurða, Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Sláturfél. Suðurlands og mjólkurbúunum utan mjólkursölusvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, allir til tveggja ára í senn. Framleiðsluráð kýs sér formann til sama tíma.

Framleiðsluráð kýs úr sínum flokki 3 menn í framkvæmdanefnd og jafnmarga til vara. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál, sem ekki þykir fært að fresta til fundar framleiðsluráðs.

Framleiðsluráð ræður sér fulltrúa, er annast dagleg störf, það getur einnig valið sér trúnaðarmenn til eftirlits, eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Aðalverkefni framleiðsluráðs (auk þess sem um ræðir í 1. gr.) eru:

1. að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara;
2. að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, svo að hún fullnægi, eftir því sem kostur er á, þörfum þjóðarinnar;
3. að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð varanna;
4. að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir þessar vörur utan lands og innan;
5. að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma;
6. að ákveða verðmiðlun á kindakjöti, mjólk og mjólkurvörum samkv. fyrirmælum laga þessara;
7. að ákveða mjólkursölusvæði samkv. lögum þessum;
8. að verðskrá landbúnaðarvörur í samræmi við vísitölu hagstofunnar, sbr. 2. málsgr. 6. gr. og 7. gr.

3. gr.

Framleiðsluráð lætur safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu landbúnaðarvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma.

Skylt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, er hafa með höndum vinnslu eða sölu landbúnaðarafurða, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þær geta veitt.

II. KAFLI
Um verðskráningu.

4. gr.

Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.

Hagstofu Íslands er skylt að afla nauðsynlegra gagna fyrir 1. júlí ár hvert um framleiðslukostnað landbúnaðarvara og tekjur annarra vinnandi stétta á sama tíma.

5. gr.

Við útreikning framleiðslukostnaðar og verðlagningu á söluvörum landbúnaðarins á innlendum markaði í heildsölu og smásölu skal samkvæmt ákvæðum 4. gr. byggt á verðgrundvelli, sem fenginn er með samkomulagi milli þriggja fulltrúa, sem tilnefndir eru af stjórn Stéttarsambands bænda, og þriggja fulltrúa frá þessum félagssamtökum neytenda: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Sjómannafélagi Reykjavíkur.

Nefndinni til aðstoðar eru hagstofustjóri og formaður búreikningaskrifstofu landbúnaðarins.

Verði samkomulag með öllum nefndarmönnum, er það bindandi.

Nú næst ekki samkomulag um einhver atriði snertandi útreikning framleiðslukostnaðar eða verðlagningu landbúnaðarvara, og skal þá vísa þeim atriðum, er ágreiningi valda, til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefnd þessi skal skipuð 3 mönnum, einum tilnefndum af fulltrúum Stéttarsambands bænda, öðrum af fulltrúum neytenda og hagstofustjóra sem oddamanni.

Fellir hún fullnaðarúrskurð um ágreiningsmálin.

Ákvæðin um yfirnefnd gilda á meðan greitt er niður með ríkisfé verð landbúnaðarafurða eða ef útflutningsuppbætur eru greiddar á þær.

6. gr.

Verðlagsgrundvöllur sá, er um ræðir í 4.—5. gr., svo og verðlagning söluvaranna, skal ákveðinn í fyrsta skipti fyrir 1. ágúst 1947 og gildir eftir það þar til annar verðlagsgrundvöllur er fundinn. Fulltrúar framleiðenda og neytenda geta hvor um sig óskað endurskoðunar á verðlagsgrundvellinum. Ef ósk fulltrúa um endurskoðun er komin til gagnaðila fyrir lok febrúarmánaðar það ár, sem óskað er eftir að endurskoðunin verði látin fram fara, skal hún þegar tekin til greina. Við endurskoðun þessa skal fylgja fyrirmælum 4. og 5. gr., og skal henni lokið svo tímanlega, að söluverð á landbúnaðarvörum verði ákveðið í samræmi við hana fyrir 1. ágúst sama ár.

Hagstofa Íslands reiknar árlega framleiðslukostnað landbúnaðarvara eða vísitölu hans á grundvelli áðurgreinds samkomulags eða tillagna yfirnefndar (sbr. 5. gr.), og skal framleiðsluráð miða verðlagning á landbúnaðarvörum árlega við þann útreikning.

Hið nýja verðlag tekur gildi 1. ágúst ár hvert. Enginn má kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti, sem verðskráðir eru samkv. lögum þessum, fyrir annað verð en það, sem ákveðið er á hverjum stað og tíma.

7. gr.

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. sept., skal framleiðsluráð verðskrá kjöt af því fé þeim mun hærra en hið ákveðna haustverð, sem nemur væntanlegum þyngdarauka kindanna að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

8. gr.

Ákveða skal á hverju hausti verðlag það á helztu innlendum garðávöxtum, er gilda skal um uppskerutímann frá 15. sept. til 1. nóv. Eftir það skal verðið fara hækkandi, svo að fullt tillit sé tekið til geymslukostnaðar þeirra garðávaxta, sem síðar verða seldir. Nýir innlendir garðávextir, sem koma á markaðinn fyrir 15. sept., skulu skráðir hærra verði, því fyrr sem þeir eru afhentir til sölu. Skal verðið miðað við, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

9. gr.

Kostnaður við framkvæmd II. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði.

III. KAFLI

Um sauðfjárafurðir.

10. gr.

Framleiðsluráð úthlutar slátrunarleyfum, og má enginn slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis framleiðsluráðs. Heimilt skal þó sauðfjáreigendum, er verka hangikjöt á heimilum sínum, að selja það beint til neytenda, en fá skulu þeir leyfi til þess og greiða af því verðjöfnunargjald. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félaga, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annarra félaga. Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðlima sinna. Enn fremur getur nefndin veitt leyfi samvinnufélögum bænda, er stofnuð kunna að verða eftir að lög þessi öðlast gildi, á svæði, þar sem ekki eru samvinnufélög fyrir, og ekki falla undir ákvæði 4. málsl. þessarar greinar, sömuleiðis þeim verzlunum öðrum, sem uppfylla skilyrði þau, sem sett eru um sláturhús og verzlun kjöts samkvæmt ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933. Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárins til sláturhúss, að illfært sé að dómi framleiðsluráðs.

Í leyfi getur framleiðsluráð ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands, svo og hvernig kjötið af því fé skuli verkað.

11. gr.

Þeir, sem slátra fé til sölu, gefa ráðinu skýrslu um daglega slátrun, staðfesta af kjötmatsmönnum, og standa skil á verðmiðlunargjaldinu til framleiðsluráðs. Stjórn neytendafélags, er fengið hefur slátrunarleyfi, skal einnig senda slíka skýrslu og standa skil á verðmiðlunargjaldinu. Gjalddagi er, þegar slátrun fer fram, nema framleiðsluráð heimili annað.

12. gr.

Framleiðsluráð ákveður um leið og það veitir slátrunarleyfi ár hvert, hversu miklu hverjum leyfishafa ber að halda eftir af verði kjötsins til verðmiðlunar.

13. gr.

Skylt er öllum, sem verzla með sauðfjárafurðir, að láta framleiðsluráði í té allar upplýsingar og skýrslur, er það óskar eftir og þeir geta veitt, viðvíkjandi sölu og söluhorfum á sláturfjárafurðum bæði innan lands og utan.

14. gr.

Framleiðsluráð gerir þær ráðstafanir, er það telur þurfa, til þess að innlendi markaðurinn fyrir kjöt og slátur notist sem allra bezt og fullnægt verði sanngjörnum óskum neytenda. Það hefur eftirlit með allri meðferð sláturfjárafurða, stuðlar að notkun beztu aðferða við geymslu kjötsins og leiðbeinir eða hlutast til um, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og alla meðferð þessara vara og verzlun með þær. Það getur enn fremur takmarkað flutning á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum milli markaðsstaða, ef það telur það hagkvæmara fyrir söluna.

15. gr.

Framleiðsluráði er heimilt, ef það telur þess þörf, að láta ákvæði þessara laga um sölu og verðmiðlun gilda um aðrar sauðfjárafurðir.

IV. KAFLI

Um sölu stórgripakjöts.

16. gr.

Framleiðsluráð hefur eftirlit með sölu nautgripakjöts og vinnur að því, að það verði flokkað og metið eftir tegundum og gæðum, enda verði verðskráning á kjötinu í heildsölu og smásölu miðuð við þá flokkun. Það getur enn fremur ákveðið, að því aðeins sé heimilt að selja nautgripakjöt á opinberum markaði, að gripunum hafi verið slátrað á sláturstöðum, sem framleiðsluráð eða umboðsmaður þess hefur viðurkennt.

17. gr.

Framleiðsluráð verðskráir hrossakjöt á innlendum markaði, ef Búnaðarfélag Íslands eða félag framleiðenda, sem framleiðsluráð viðurkennir, óskar þess.

Nú hafa framleiðendur sláturhrossa myndað með sér félag, sem framleiðsluráð viðurkennir, og skal þá framleiðsluráð setja reglugerð um sölu og meðferð sláturhrossa og hrossakjöts, ef félagið, er að framan greinir, óskar þess.

Í reglugerð þessari skal tekið fram meðal annars:

1. Um skiptingu landsins í sölusvæði.
2. Bann gegn sölu afsláttarhrossa og hrossakjöts milli sölusvæða nema með samþykki framleiðsluráðs.
3. Að framleiðsluráð ákveði kjötverð í heildsölu og smásölu eftir árstíðum og gæðum.
4. Um mat og flokkun hrossakjöts.
5. Um skipun söluráðs hvers sölusvæðis, er starfi undir yfirumsjón framleiðsluráðs.
6. Um úthlutun söluleyfa, er miðist við markaðshorfur á hverjum tíma og hrossaeign manna á hverju sölusvæði samkv. síðasta skattframtali, eftir því sem við verður komið.

V. KAFLI
Um sölu mjólkur og mjólkurafurða.

18. gr.

Framleiðsluráð ákveður skipun mjólkursölusvæða. Að jafnaði markar sú aðstaða mjólkursölusvæði, að hægt sé að selja daglega til kaupstaða eða kauptúna innan mjólkursölusvæðisins óskemmda mjólk af öllu svæðinu, annaðhvort frá einstaklingum eða viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á því mjólkursölusvæði.

Nú getur sveit eða hérað ekki flutt mjólk daglega til sölustaðar, og er framleiðsluráði þó engu að síður heimilt, ef svæði þetta hentar sérstaklega til mjólkurframleiðslu eða ef þar er sérstök þörf á aukningu mjólkurframleiðslu, að færa þær byggðir undir það mjólkursölusvæði, er bezt hentar vegna samgangna og annarrar aðstöðu, enda sé þá jafnframt tekið tillit til þess, hvar mjólkurinnar er mest þörf.

Við skiptingu í mjólkursölusvæði skal framleiðsluráð enn fremur taka tillit til þess, hvar einstaklingar eða mjólkurbú hafa selt neyzlumjólk sína. Óheimilt er öllum mjólkurframleiðendum að selja mjólk eða rjóma og nýtt skyr (ófryst) utan þess mjólkursölusvæðis, sem þeir eru búsettir á, nema með leyfi framleiðsluráðs.

19. gr.

Framleiðendur sölumjólkur á hverju mjólkursölusvæði velja sér stjórn, er hefur á hendi stjórn mjólkurmálanna, þar á meðal mjólkursöluna á því sölusvæði. Hún annast enn fremur innheimtu verðmiðlunargjalds af neyzlumjólk og afhendingu þess til framleiðsluráðs. Þar, sem starfandi eru fleiri en eitt mjólkurbú, sem viðurkennd eru af ríkisstjórninni og hafa á hendi daglega sölu á mjólk og rjóma til neytenda, skulu þau hafa sameiginlega yfirstjórn, er nefnist samsölustjórn. Þau kjósa á aðalfundi mjólkurbúanna fulltrúa á sameiginlegan fulltrúafund fyrir mjólkursölusvæðið, sem svo kýs stjórn samsölunnar á því svæði.

Nú er ekkert mjólkurbú starfandi á mjólkursölusvæði, og getur þá framleiðsluráð hlutazt til um og fyrirskipað, að bændur þeir, er mjólk selja í kaupstað eða kauptún innan þess svæðis, myndi með sér félagsskap og kjósi stjórn, er sjái um mjólkursöluna og annað, er hana snertir.

20. gr.

Á mjólkursölusvæðum, þar sem starfandi er samsölustjórn samkv. 19. gr., skal greiða sérstakt gjald af allri neyzlumjólk og rjóma, sem samsalan selur frá mjólkurbúunum, félögum eða einstökum mönnum á svæðinu. Gjald þetta nefnist verðjöfnunargjald mjólkursvæða og ákveðst fyrirfram af stjórn hlutaðeigandi mjólkursamsölu, og má breyta því eftir því, sem þurfa þykir.

Tekjuafgangur mjólkursamsölu skal renna í verðjöfnunarsjóð hlutaðeigandi mjólkursölusvæðis eftir að nauðsynlegar afskriftir hafa farið fram og aðrar greiðslur, er stjórn samsölunnar telur nauðsynlegt að inna af hendi, enda hafi það þá áhrif á ákvörðun verðjöfnunargjaldsins.

Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu á viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á mjólkursölusvæðinu. Verðjöfnun innan hvers mjólkursölusvæðis skal jafnan miðuð við það, eftir því sem við verður komið, að allir mjólkurframleiðendur á mjólkursölusvæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína komna á sölustað. Þeir, sem ekki senda mjólk sína á sölustað, heldur í mjólkurbú til vinnslu, skulu því fá þeim mun minna verð fyrir mjólk sína, er svarar til flutningskostnaðar hennar frá því búi til sölustaðar, enda sé þá flutningskostnaður vinnsluvaranna til sölustaðar innifalinn í stöðvargjaldi búsins. Flutningskostnaður þessi, bæði á mjólk og mjólkurafurðum, skal ákveðinn fyrir fram af stjórn samsölunnar, svo oft sem hún telur ástæðu til, þannig að hann sé sem næst raunverulegum kostnaði á hverjum tíma, og með hæfilegri hliðsjón af reynslu undanfarandi ára. Stöðvar- og vinnslukostnaður skal talinn jafn hjá öllum mjólkur-

búum á sama mjólkursölusvæði fyrir hverja vörutegund, sem þau framleiða. Kostnað þennan ákveður samsölustjórnin eftir því, sem hún telur hæfilegt að fengnum upplýsingum um kostnað við rekstur mjólkurbúa af líkri stærð og skýrslum um starfrækslukostnað mjólkurbúanna á mjólkursölusvæðinu.

Verði ágreiningur milli mjólkurbúanna um flutningskostnað eða stöðvar- og vinnslukostnað, sker framleiðsluráð úr.

Skylt er að greiða framleiðendum mjólkur hæst verð fyrir 1. flokks mjólk, en stiglækkandi fyrir aðra flokka.

21. gr.

Þar sem samsölustjórn er starfandi samkvæmt ákvæðum 19. gr., skal öll sala og dreifing á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri fara fram undir yfirstjórn hennar. Heimilt er þó stjórn samsölunnar með samþykki framleiðsluráðs að leyfa þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða eða kauptúna, að velja um, hvort þeir afhenda samsölunni sölumjólk sína og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkv. 22. gr., eða selja hana beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni verðjöfnunargjald, svo sem samsölustjórnin ákveður á hverjum tíma. Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 2800 lítra ársnyt úr hverri kú, nema meðalársnyt hafi reynzt önnur samkv. skýrslu nautgriparæktarfélaga á mjólkursölusvæðinu, og skal gjaldið þá miðað við það. Skylt er að veita bæjarfélagi slíka undanþágu samkv. tillögu heilbrigðisstjórnarinnar fyrir barnamjólk, sem framleidd er á búi, sem það rekur innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins og er eign þess. Sama gildir um almenna neyzlumjólk, ef bæjarfélagið framleiðir svo mikla mjólk, að það fullnægi algerlega mjólkurþörf bæjarbúa.

Heimilt er hverjum framleiðanda, er nýtur framangreindrar undanþágu, að undanskilja til heimilisþarfa 1 lítra mjólkur á dag á hvern heimilismann hans. Heimilismenn teljast hér auk framleiðanda þeir, sem hann hefur á framfæri, og hjú hans. Framleiðandi tilkynnir tölu heimilismanna og færir sönnur á hana, ef samsölustjórnin óskar þess.

Skylt er þeim, er heimild hafa til að selja mjólk, að hlíta þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti, sem tilskilin eru í lögum, heilbrigðissamþykktum og mjólkurreglugerðum á hverjum tíma.

22. gr.

Nú hefur mjólkurframleiðandi, sem búsettur er í þeim kaupstað eða kauptúni, þar sem mjólkin er seld, ræktað land til fóðuröflunar innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, og skal hann þá undanþeginn verðjöfnunargjaldi af þeirri mjólk, sem hann framleiðir af því fóðri, er fæst af hinu ræktaða landi, og telst þá, að hektari gefi af sér kýrfóður. Fyrir það mjólkurmagn, sem þeir framleiðendur selja allt árið, jafnt sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem mjólkin er seld, og ekki selja beint til neytenda, skal þeim greiddur einn eyrir á lítra umfram verðjöfnunarverð. Greiðist upphæð þessi eftir á fyrir næstliðið ár, og skal taka tillit til þess, þegar verðjöfnunargjaldið er ákveðið.

23. gr.

Þar sem aðeins eitt mjólkurbú er starfandi á mjólkursölusvæði, skal stjórn þess annast alla sölu og dreifingu mjólkur, rjóma og nýs skyrs í kaupstöðum eða kauptúnum innan mjólkursölusvæðisins, samanber þó 22. gr.

24. gr.

Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkurbú, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk eða rjóma í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem eru innan sama mjólkursölusvæðis, sbr. þó 22. gr.

Enn fremur er stjórn mjólkurmálanna á hverju mjólkursölusvæði heimilt að veita leyfi til að afhenda mjólk að gjöf og heimila framleiðanda að taka mjólk

til eigin neyzlu utan heimilis síns, ef henni þykir sérstök ástæða til. Heimilt er samsölustjórnum að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annarra mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða.

25. gr.

Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum, svo sem framast er unnt. Öll mjólk og rjómi, sem selt er frá sölumiðstöð mjólkurbúa samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneydd.

Um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum skulu sett ákvæði í reglugerð, í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Sala á þeirri mjólk skal fara fram á sama hátt og sala á annarri neyzlumjólk.

Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður af framleiðsluráði, í samráði við stjórn heilbrigðismálanna, um framleiðslu barnamjólkur.

Nú telur héraðslæknir eða mjólkureftirlitsmaður, að sölumjólk sé óhæf til neyzlu, og getur hann þá með rökstuddum úrskurði, er lagður sé fyrir framkvæmdastjóra hlutaðeigandi mjólkurbús eða mjólkursamsölu, stöðvað sölu á þeirri mjólk. Sama gildir og um sölumjólk einstakra framleiðenda.

26. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi yfirstjórn mjólkursölumála landsins. Skal það stuðla að því, að ávallt sé næg neyzlumjólk og mjólkurvörur til sölu í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem stöðugur markaður fyrir þessar vörur er fyrir hendi og líkur benda til, að markaður vinnist með skipulegri sölu.

Framleiðsluráð skal fylgjast með sölu mjólkur og mjólkurvara um land allt, ásamt þörfum neytenda fyrir þessar vörur. Það aflar sér nauðsynlegra skýrslna og upplýsinga, er að þessu lúta, og er mjólkurbúum og öðrum félögum eða fyrirtækjum, er að þessum málum starfa, skylt að láta framleiðsluráði í té allar upplýsingar um þessi efni, er þau geta.

27. gr.

Nú kemur í ljós, að vöntun er á mjólk og mjólkurvörum. Skal þá framleiðsluráð hlutast til um í samráði við Búnaðarfélag Íslands, mjólkurframleiðendur á hlutaðeigandi mjólkursölusvæðum og forráðamenn viðkomandi kaupstaða og kauptúna, að bót fáist á mjólkurskortinum, t. d. með bættum samgöngum, félagsbundinni sölu o. s. frv. Enn fremur er framleiðsluráði heimilt, ef mjólk vantar á vissum tíma árs, að fyrirskipa misjafnt mjólkurverð til framleiðenda eftir árstíðum og aðrar þær verðlagsbreytingar á mjólk, er líklegar þykja til að tryggja jafnari mjólkurframleiðslu á mjólkursölusvæðinu. Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf kauptúna eða kaupstaða verður aðeins fullnægt með sérstaklega kostnaðarsömum flutningum, og er framleiðsluráði þá heimilt, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar eða kauptúns óskar þess, að víkja frá gildandi mjólkurverði á staðnum og láta niður falla verðjöfnunargjald af þeirri mjólk, sem að er flutt. Aldrei skal greiða verðjöfnunargjald af sömu mjólk nema á einum stað. Verði ágreiningur um heildsöluverð einhverrar vöru, sem seld er milli verðjöfnunarsvæða, sker framleiðsluráð úr.

28. gr.

Framleiðsluráð hlutast til um, að mjólkurframleiðendur komi sér upp mjólkursölustöðvum í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem engar eru fyrir eða ófullnægjandi og þeirra er full þörf að dómi framleiðsluráðs. Getur framleiðsluráð krafizt þess, að bygging stöðvarinnar sé hagað þannig, að mjólkursölustöðin geti einnig tekið á móti mjólk til vinnslu, þegar þörf krefur. Í því sambandi er framleiðsluráði heimilt í samráði við stjórnir mjólkurmálanna á hlutaðeigandi mjólkursölu-

svæði að ákveða stofngjald á alla innvegna mjólk, er lagt sé í sérstakan sjóð, er varið sé til að bæta og tryggja skilyrði til vinnslu og sölu mjólkurinnar.

Mjólkursölustöðvar, sem jafnframt hafa vinnslu, skulu reistar þar, sem skilyrði til mjólkurframleiðslu þykja álitleg og framleiðsluráð telur þeirra þörf og þá samkvæmt fyrirsögn sérfróðs manns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Telji framleiðsluráð félagsskap framleiðenda, er að slíkri byggingu stendur, svo traustan, að af framkvæmdum hans megi vænta varanlegra umbóta á sviði mjólkurmálanna, skal ríkissjóður styrkja þær stöðvar að ¼ stofnkostnaðar, enda leggi hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélag stöðinni til ókeypis lóð á hentugum stað. Hafa stöðvar þessar sömu réttindi og skyldur og mjólkurbú samkv. lögum þessum.

Framleiðsluráð getur í samráði við heilbrigðisstjórn ríkisins heimilað sölustöðvum þessum, er því þykir nauðsyn til bera, að selja ógerilsneydda mjólk, en lúta verða þær að öðru leyti öllum fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar um alla meðferð mjólkurinnar.

VI. KAFLI
Um verðmiðlun.

29. gr.

Verðmiðlun á kjöti, mjólk og mjólkurvörum skal haga þannig:

a. Á kjöti: Greiða skal verðmiðlunargjald á allt kindakjöt, er nægi til þess að sláturleyfishafar fái greitt sama verð fyrir sams konar vöru afhenta af framleiðanda á sláturstað.
b. Á mjólk og mjólkurvörum: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af allri mjólk, sem seld er til neyzlu til að koma á hentugri vinnuskiptingu milli búanna, svo og til verðmiðlunar á milli mjólkursölusvæða, eftir því er framleiðsluráð telur þörf á, o. fl. (sjá 30. gr.).

30. gr.

Framleiðsluráð ákveður árlega, hve hátt verðmiðlunargjald skuli tekið í samræmi við a- og b-lið 29. gr. til þess að framkvæma þá verðmiðlun, er þar um ræðir, og standa straum af framkvæmdum laga þessara, þar á meðal kostnaði vegna framleiðsluráðs o. fl. (sjá þó 9. gr.).

31. gr.

Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkurmálanna á hverju mjólkursölusvæði skulu standa framleiðsluráði skil á verðmiðlunargjaldinu samkvæmt fyrirmælum þess.

Gjald þetta er heimilt að taka lögtaki.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðmiðlunarinnar og aflar sér þeirra gagna, sem þörf er á í því skyni. Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita framleiðsluráði upplýsingar, er að þessu lúta og þær geta í té látið.

VII. KAFLI
Um iðnað úr landbúnaðarvörum.

32. gr.

Framleiðsluráð safnar árlega skýrslum um öll iðnfyrirtæki hér á landi, er vinna úr íslenzkum landbúnaðarvörum, hvers konar vinnsla þeirra er og magn hrávöru og vinnsluvöru. Enn fremur ber ráðinu að afla sér upplýsinga um markaði og markaðshorfur innan lands og utan fyrir íslenzkar iðnaðarvörur, unnar úr framleiðsluvörum landbúnaðarins.

33. gr.

Nú telur framleiðsluráð, að skortur sé innanlands á iðnaðarvörum þeim, er um ræðir í 32. gr., eða að ónotuð séu góð markaðsskilyrði erlendis, svo að til tjóns

sé fyrir landbúnaðinn, og ber þá framleiðsluráði að stuðla að því, að ný iðnaðarfyrirtæki verði stofnuð eða önnur efld svo, að fullnægt verði varanlegri eftirspurn eftir þessum vörum og hinir erlendu markaðir nýtist eftir því sem bezt má verða.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

34. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum framleiðsluráðs.

35. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber lögreglumál. Varða brot sektum frá 300—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ef aðili, sem samkv. lögum þessum er skylt að gefa framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té, má beita dagsektum frá 20—200 kr.

36. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, og breyting á þeim lögum, nr. 66 1937 og nr. 33 1942. Enn fremur lög nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með sauðfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim, og breyting á þeim lögum, nr. 32 1943. Enn fremur lög nr. 11 19. marz 1946, um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl., og loks 1. og 2. málsgr. 7. gr. laga nr. 31 2. apríl 1943, svo og öll önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 898. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur að athuguðu máli orðið sammála um að mæla með því, að frumv. verði samþ. óbreytt. — Einn nefndarmanna (FJ) var fjarstaddur, er málið var afgr.

Alþingi, 20. maí 1947.

Sig. Kristjánsson, form., frsm.	Lúðvík Jósefsson, fundaskr.	Pétur Ottesen.
	Jörundur Brynjólfsson.	

Ed. 899. Nefndarálit

um frv. til l. um söngskóla þjóðkirkjunnar.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „Stofna skal“ í upphafi greinarinnar, komi: Ríkisstjórninni er heimilt að stofna.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „2—4 ár“, komi: allt að fjórum árum.

Alþingi, 20. maí 1947.

Kristinn Guðmundsson, form. Hannibal Valdimarsson, fundaskr., frsm. Ásmundur Sigurðsson.
Lárus Jóhannesson. Eiríkur Einarsson.

Nd. 900. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það nái fram að ganga. Einn nefndarmanna (LJós) áskilur sér að hafa óbundnar hendur við meðferð málsins í deildinni.

Alþingi, 20. maí 1947.

Gísli Sveinsson, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Sigurður Bjarnason.
Steindór Steindórsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 901. Breytingartillaga

við frv. til l. um embættisbústaði dómara.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Orðin „og hæstaréttardómara“ í fyrsta málslið greinarinnar falli burt.

Sþ. 902. Tillaga til þingsályktunar

um uppeldisheimili.

Flm.: Katrín Thoroddsen, Gylfi Þ. Gíslason, Sigurður E. Hlíðar, Helgi Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um stofnun athugunarstöðva fyrir börn, sem eru andlega miður sín, og uppeldisheimili fyrir pilta

og stúlkur, sem eru á glapstigum siðferðislega, sbr. lög um vernd barna og ungmenna, og leggja frumvarp um stofnun slíkra stöðva fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Í lögum um vernd barna og ungmenna er svo kveðið á, að stofnunum þeim, sem í þessari þáltill. ræðir um, skuli komið upp þegar fé er til þess veitt í fjárlögum. Flutningsmönnum er ljós þörf slíkra stöðva og vænta þess, að Alþingi sýni málinu fullan skilning. Bréf frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur til heilbrigðis- og félagsmálanefndar Nd. er prentað hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

BARNAVERNDARNEFND REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 19. maí 1947.

Í frumvarpi því til laga um vernd barna og ungmenna, sem lagt var fyrir Alþingi s. l. vetur, var gert ráð fyrir því, að ríkisstjórninni væri skylt að stofna og láta reka hæli fyrir börn og unglinga, sem eru á glapstigum.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur lagði mikla áherzlu á þetta atriði, því að það er stór þáttur af starfi nefndarinnar að fjalla um mál afbrota- og vandræðabarna.

Það er bæði gömul og ný saga, að alltaf eru nokkrir unglingar hér í bæ og víðar, sem fátt aðhafast annað en það, sem bæði er þeim og öðrum til óþurftar. Stundum er hægt að bjarga þessum unglingum með því að koma þeim á góð sveitaheimili. En oft fer svo, að heimilin eru ekki vandanum vaxin, og svo hitt, að þau geta ekki haldið börnunum vegna ofríkis foreldranna, sem sækja börnin með valdi, eða þá að unglingarnir strjúka.

Afleiðingin verður því sú oftsinnis, að ekki tekst að ná börnunum úr götusolli og slæmum félagsskap, og fá þau þá að halda áfram vandræðaferli sínum.

Þessu til sönnunar má nefna allt of mörg dæmi. Þess má þó geta, að nú hefur nefndin til meðferðar mál nokkurra drengja, sem allir þyrftu að fara burtu. Einn þessara drengja hefur t. d. framið 9 lögregluafbrot, verið þrisvar sendur úr bænum, en alltaf komið heim aftur og tekið til fyrri iðju. Mörg dæmi eru þessu lík.

Ef til væru hæli fyrir drengi og stúlkur, þyrftu barnaverndarnefndir ekki að standa ráðþrota við að bjarga unglingum, sem hafa orðið svo ógæfusamir að lenda út á afbrotabrautina, oft vegna áhrifa frá öðrum, sem ekki var hægt að bjarga vegna skorts á hælum.

Í hinum nýju barnaverndarlögum er ríkisstjórninni ekki gert að skyldu að reisa umrædd hæli, fyrr en til þess hefur verið veitt fé í fjárlögum, en það hefur enn ekki verið gert.

Barnaverndarnefnd telur, að við svo búið megi eigi lengur standa, að ekki séu til þær stofnanir, sem um hefur verið rætt hér að framan, og leyfir sér hér með að skora á heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis að taka mál þetta til athugunar og fyrirgreiðslu á þann veg, sem hún telur vænlegastan til árangurs.

F. h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur

Jónas B. Jónsson
formaður.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

Ed. 903. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ.

Alþingi, 20. maí 1947.

Pétur Magnússon, form. Kristinn Guðmundsson, fundaskrifari. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.

Brynjólfur Bjarnason. Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 904. Breytingartillaga

við frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 22. gr. Greinin orðist svo:
Kostnað vegna björgunar eða aðgerðar á skipi greiðir vátryggingarfélagið eftir mati eða dómsúrskurði, ef eigi næst samkomulag um fjárhæðina.

Nd. 905. Frumvarp til laga

um Ræktunarsjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ræktunarsjóður Íslands og er í lögum þessum kallaður Ræktunarsjóður. Hlutverk hans er að styðja landbúnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:
1. Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands eins og hann er nú.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands.
3. Sá hluti höfuðstóls Viðlagasjóðs, sem er eign Ræktunarsjóðs Íslands.
4. Varasjóður Loðdýralánadeildar Búnaðarbanka Íslands.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:
1. Vaxtatekjur.
2. Tekjur af þjóðjörðum og andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar kunna að verða.
3. Árlegt framlag úr ríkissjóði 0.5 millj. kr. á ári í 10 ár, í fyrsta sinn árið 1947.

4. gr.

Ræktunarsjóður veitir stofnlán til jarðræktar, peningshúsa og geymsluhúsa og annarra mannvirkja við landbúnað, þar með talin jarðyrkja, vermirækt og loð-

dýrarækt, enn fremur til mannvirkja í þágu landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslustöðva, kjötfrystihúsa, ullarverksmiðja, skinnaverksmiðja, þvottahúsa, viðgerðarstöðva, landbúnaðarverkfæra, íbúðarhúsa og verkstæða fyrir iðnaðarmenn í sveitum, rafstöðva fyrir sveitir og sveitahluta og einstaka sveitabæi, svo og til bústofnsauka og til kaupa á vélum, sem notaðar eru við landbúnað.

Upphæð lánanna má vera allt að 30% kostnaðarverðs til þeirra framkvæmda, sem styrkur er veittur til samkvæmt jarðræktarlögum, og allt að 60% kostnaðarverðs til annarra framkvæmda, enda sé það kostnaðarverð að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

Um lánveitingar, er stjórn sjóðsins telur vafa leika á, hvort veita skuli, skal hún leita álits Búnaðarfélags Íslands eða nýbýlastjórnar ríkisins, eftir því sem við á.

Við ákvörðun lánanna skal stjórn sjóðsins taka tillit til þess, hvað mikil önnur veðlán hvíla á eigninni.

Lán þessi skulu ekki veitt fyrr en að fullloknum framkvæmdum eða kaupum þeim, sem þau eru veitt til.

5. gr.

Þegar stjórn Ræktunarsjóðs hefur ákveðið að veita lán samkvæmt 5. gr., er henni heimilt að veita bráðabirgðalán, meðan á framkvæmdum stendur, gegn veði í framkvæmdinni og öðrum tryggingum, ef þurfa þykir, svo sem handveði, persónulegum ábyrgðum eða öðru, er hún tekur gilt sem tryggingu fyrir bráðabirgðaláninu.

Þessi lán mega nema allt að 80% af hinu áætlaða láni, og skulu þau greidd að fullu um leið og stofnlánið er tekið.

6. gr.

Vextir af öllum stofnlánum Ræktunarsjóðs skulu vera 2½%, en af bráðabirgðalánum 5%.

7. gr.

Lánin má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi á veðskuldir til annarra en Byggingarsjóðs eða annarra opinberra sjóða undan veðrétti þeim, er Ræktunarsjóður fær. Ef umbætur þær, sem lánið er veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættrar.
2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánið er veitt til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem rafstöðvar eða verksmiðjur.
3. Gegn veði í þeim vélum og verkfærum, sem keypt eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóv. 1887.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir tölulið 1., skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til ræktunar eða byggingar peningshúsa og geymsluhúsa á sveitabýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja og véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkv. tölulið 2.—4., styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð sýslufélags.

Ábyrgð sýslufélags kemur því aðeins til greina, að um verksmiðjur eða vinnustöðvar sé að ræða, sem félag stendur að, enda komi þá til heimild æðri stjórnarvalda.

Hús, vélar og fénaður er því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr Ræktunarsjóði, að vátryggð séu í vátryggingastofnun, er sjóðurinn tekur gilda.

Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943 má lána út á jarðir í opinberri eign á sama hátt og aðrar jarðir, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

8. gr.

Ríkissjóður aflar Ræktunarsjóði lánsfjár að upphæð tíu milljónir króna, með 1½% vöxtum. Sjóðurinn endurgreiðir lánið með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Seðladeild Landsbanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána Ræktunarsjóði nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hans, þó eigi yfir 10 millj. króna, gegn 1½% vöxtum. Ræktunarsjóðurinn skal endurgreiða seðladeild Landsbankans lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Ræktunarsjóðs gagnvart seðladeildinni.

9. gr.

Ræktunarsjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf allt að fjórföldum stofnsjóði sínum.

Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

10. gr.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef stjórn Ræktunarsjóðs krefst þess, sýna skilríki frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands eða öðrum þeim, er stjórn sjóðsins tekur gildan, fyrir því, að veði því, sem lánað hefur verið út á, hafi vel verið við haldið og að það hafi ekki rýrnað. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

11. gr.

Lánstíminn skal vera 5—25 ár, eftir því til hvers lánað er. Ef lánið er til túnræktar eða nýrra bygginga, má lánstíminn vera allt að 25 árum, svo og til þeirra framkvæmda við vermirækt, sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnsaukningar og annars þess, sem ekki á trygga langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar greint í reglugerð, hve langur lánstíminn má vera til hvers konar lána.

Lán til túnræktar mega vera afborgunarlaus þrjú fyrstu árin, en annars skulu öll lán sjóðsins greidd jöfnum afborgunum, nema lántakandi vilji greiða þau fyrr og fljótar en venja er.

12. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Ræktunarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef Ræktunarsjóði hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskipti.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
4. Ef lögð er niður landbúnaðarframleiðsla eða störf fyrir landbúnaðinn á eignum þeim, er veðsettar eru Ræktunarsjóði.

13. gr.

Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Ræktunarsjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð eða fara með það á annan hátt eins og venja er um veð fyrir lánum, sem í gjalddaga eru komin.

14. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Ræktunarsjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

15. gr.

Ræktunarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

16. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Ræktunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 115 frá 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

17. gr.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda brjóti þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 105 frá 3. maí 1935, um Ræktunarsjóð Íslands, og II. kafli laga nr. 38 frá 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

Ed. 906. Lög

um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 860.

Ed. 907. Nefndarálit

um frv. til l. um félagsheimili.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. maí 1947.

Kristinn Guðmundsson, form.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr.	Ásmundur Sigurðsson, frsm.

Lárus Jóhannesson. Eiríkur Einarsson.

Sþ. 908. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun laga um hlutafélög og laga um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela sérfróðum mönnum að endurskoða lög nr. 77 1921, um hlutafélög, og lög nr. 42 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, og leggja síðan frumvörp að lögum um þessi efni fyrir næsta Alþingi. Kostnaður við endurskoðun laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Báðir þeir lagabálkar, sem hér er lagt til að verði endurskoðaðir, eru orðnir algerlega úreltir, og hefur um langt skeið verið brýn þörf á setningu nýrra laga í stað þeirra. Næstum allar nágrannaþjóðir vorar hafa endurskoðað hlutafélagalöggjöf sína á síðustu árum, og er því ekki með öllu vansalaust, að vér skulum enn búa við aldarfjórðungsgamla löggjöf um þessi efni, og það því fremur, sem um frumsmíð var að ræða, og lögunum hefur reynzt ábótavant að ýmsu leyti. Gildandi lög um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð eru nú orðin meira en 40 ára gömul og hefur nær ekkert verið breytt síðan þau voru sett, en þau voru þá einnig frumsmíði. Þau eru og gölluð að ýmsu leyti, og mun nokkrum atriðum þeirra, svo sem fyrirmælunum um firmu fyrirtækja, sumpart alls ekki framfylgt. Virðist því einnig full ástæða til þess að endurskoða þau.

Nd. 909. Breytingartillögur

við frv. til l. um innkaupastofnun ríkisins.

Frá Áka Jakobssyni.

1. Aftan við 1. gr. bætist eftirfarandi:
   Enn fremur skal hún annast innkaup á vörum fyrir aðra aðila, ef þeir óska þess.
2. Eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að sameina innkaupastofnun ríkisins þær ríkiseinkasölur, sem nú eru starfandi, svo og þær, sem stofnaðar kunna að verða.
   b. (3. gr.) Innkaupastofnun ríkisins skal hafa forgangsrétt um gjaldeyri til vörukaupa sinna, enda geti hún útvegað vörur þær, er hún annast innkaup á, við verði, sem er sambærilegt við lægsta verð annarra innflytjenda.

Nd. 910. Breytingartillögur

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Í stað 1. og 2. mgr. komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. (1. gr.) Ráðherra sá, sem fer með flugmál, skipar flugmálastjóra til að fara með þau störf, sem honum eru ætluð samkv. lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Ráðherra skipar einnig fasta starfsmenn flugmálastjóra til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum hans.
   Þar til laun flugmálastjóra og annarra fastra starfsmanna verða ákveðin í launalögum, skulu þau ákveðin af ráðherra og greiðast úr ríkissjóði.
2. (2. gr.) Flugmálastjóri annast, undir yfirstjórn ráðherra, stjórn flugvallanna, svo sem nýbyggingu flugvalla, rekstur þeirra og viðhald, loftferðaeftirlit, öryggisþjónustu og önnur störf, sem nauðsynleg eru vegna flugsamgangnanna og nánar skulu tilgreind í erindisbréfi.

3. (3. gr.) Sameinað Alþingi kýs hlutbundinni kosningu 5 manna flugráð, sem vera skal ríkisstj. og flugmálastjóra til aðstoðar og ráðuneytis um flugmál. Ráðið skal kosið til fjögurra ára í senn og skipar ráðherra formann úr hópi þeirra, sem Alþingi hefur kosið. Með sama hætti skulu kosnir 5 varamenn.

Ráðherra ákveður þóknun til flugráðsmanna, og greiðist hún úr ríkissjóði.

Nd. 911. Nefndarálit

um frv. til l. um innkaupastofnun ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en eigi getað orðið sammála um afgreiðslu þess.

Það hefur komið fram, að ýmsar þær ríkiseinkasölur og ríkisstofnanir, sem starfræktar eru nú og voru starfræktar fyrir stríð, hafa sniðgengið innlenda aðila, þótt þeir geti boðið hagkvæmari kjör en þeir erlendu.

Í byrjun er ekki ólíklegt, að þessari stofnun væri styrkur að því að leita til innlendra aðila, sem hafa margra ára reynslu og traust og örugg sambönd erlendis.

Hagkvæmt mundi það vera fyrir slíka innkaupastofnun að geta samið við innlenda aðila um afhendingu stórra pantana smám saman, þannig að innkaupastofnun þessi þyrfti ekki að leggja í mikinn kostnað vegna birgðahalds, byggingar geymsluhúsa og ýmiss óhjákvæmilegs rekstrarkostnaðar, sem samfara er birgðahaldi. Þessi þáttur í starfsemi stofnunarinnar yrði í mörgum tilfellum í því fólginn, að vörurnar fengjust keyptar hjá innlendum aðilum með lægri álagningu en heimiluð er og tíðkast, þegar um smærri innkaup er að ræða.

Minni hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:

Í reglugerð þessari skal m. a. kveðið svo á, að stofnuninni sé skylt að leita eftir tilboðum hjá innlendum firmum í sambandi við vörukaup sín. Ber stofnuninni að taka tilboðum hinna innlendu aðila, reynist þau jafnhagkvæm og boðin eru af erlendum aðilum.

Alþingi, 20. maí 1947.

Auður Auðuns, fundaskr. Hallgr. Benediktsson.

Nd. 912. Frumvarp til laga

um eftirlit með skipum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 602 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Forseti skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála.

Hann skal hafa starfið sem aðalstarf, vera skipaverkfræðingur eða vélfræðingur eða sérfræðingur um smíði tréskipa og fullnægja kröfum þeim, sem þarf til þess að vera embættismaður hér á landi. Eigi má hann hafa þau störf á hendi, er telja má ósamrýmanleg stöðu hans, svo sem eftirlit með skipum eða vélum fyrir einstaklinga, félög eða opinberar stofnanir.

Skipaskoðunarstjóri hefur skrifstofu í Reykjavík.

Um verksvið hans og starfshætti skal ákveðið í reglugerð, er ráðherra setur, að því leyti, sem ákvæði þessara laga ná ekki til. Við samningu reglugerðarinnar skal leita álits Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna.

11. gr. hljóðar svo:

Skipaskoðunarstjóri skipar eftirlitsmann á hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd eftirlits þar og umsjón með skoðunarmönnum undir yfirstjórn skipaskoðunarstjóra.

Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðis síns, er skipaskoðunarstjóri ákveður, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa að dómi skipaskoðunarstjóra nægilega þekkingu á siglingum, skipum og vélum til þess að leiðbeina skoðunarmönnum, samræma eftirlitið til meira öryggis og skera úr um ágreining, sem upp kynni að rísa um haffæri skipa.

Skipaskoðunarstjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur.

48. gr. hljóðar svo:

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Þá skipar dómsmálaráðherra 12 meðdómendur og 6 varameðdómendur, alla til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi og annar þeirra á diesel-skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar eða loftskeytamenn síðastliðin 5 ár.
4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu sérfróðir um firðtæki.

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru: Formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra, sem tilnefndir hafa verið, og annar sjómannanna (sbr. 3. lið).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda, og gildir sú kvaðning, þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadómendanna valdir í hvert skipti af föstu dómendunum, eftir því hverrar sérþekkingar er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

50. gr. hljóðar svo:

Hafi einhver sá atburður gerzt, er valdi því, að halda beri sjóferðapróf samkvæmt 45. gr. l. nr. 56 30. nóv. 1914, ber að gera eftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem sjópróf er haldið, aðvart um það, og sé um að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón á skipi eða veruleg meiðsli manna, ber honum að mæta eða láta mæta við prófin.

Eftirlitsmanni ber og að hefjast handa um, að próf sé haldið, ef hann telur ástæðu til eða þess er krafizt af aðilum þeim, sem taldir eru í b-lið 29. gr.

Hinir reglulegu sjódómar annast sjópróf og rannsóknir sjóslysa.

Á I. eftirlitssvæði fer þó siglingadómur með rannsóknina, en getur falið hana sjódómi, þar sem skip er statt, ef um lítilræði er að ræða eða sérstaklega stendur á. Siglingadómur getur haldið sjópróf hvar sem er á landinu, ef hann telur ástæðu til.

Öll sjópróf fara fram að hætti sakamála.

Að prófi loknu skal eftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem próf er haldið, sent eftirrit af því. Eftirlitsmaður getur krafizt framhaldsprófs, ef hann telur ástæðu til. Hann sendir síðan skipaskoðunarstjóra eftirrit prófanna ásamt athugasemdum sínum.

Skipaskoðunarstjóri sendir síðan skjölin til dómsmálaráðuneytisins, og telji hann ástæðu til að ætla, að um refsivert brot sé að ræða, gerir hann tillögu um málshöfðun og lætur fylgja greinargerð og gögn, er hann telur þurfa.

Nú fyrirskipar dómsmálaráðuneytið málshöfðun, og gefur þá siglingadómur út stefnu og ákveður fyrirtöku málsins á þeim stað og tíma, er hann telur henta. Málið skal síðan rekið að hætti sakamála, þó þannig, að málflutningur er munnlegur og opinber.

71. gr. hljóðar svo:

Ef maður, sem hefur fengið opinbera viðurkenningu eða próf sem smiður skips, vélar eða búnaðar þess, vanrækir störf sín samkvæmt lögum þessum af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, varðar það hann refsingu og réttindamissi samkvæmt 67. og 69. gr.

Sþ. 913. Tillaga til þingsályktunar

um útgáfu árbókar á ensku til að kynna Ísland erlendis.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja á þessu ári útgáfu árbókar á ensku um Ísland, og sé utanríkismálanefnd falin umsjón með verkinu.

Greinargerð.

Á síðustu friðarárunum og eftir að heimsstyrjöldin hófst 1939, var náin samvinna með utanríkismálanefnd og ríkisstjórninni um undirbúning skilnaðar Íslands og Danmerkur og endurreisn hins forna þjóðveldis. Var þá mjög búið að ræða um í utanríkismálanefnd og við ríkisstjórnina að hefja þá þegar útgáfu íslenzkrar árbókar á ensku, og hafði raunverulega verið gengið frá samþykkt um þetta efni, þegar þjóðstjórnin sagði af sér vorið 1942. Féll málið þó niður um sinn. Nú er aftur komin til valda stjórn sömu stjórnmálaflokka, sem stóðu að upptöku málsins í fyrstu. Má kalla, að Íslandi sé nú enn meiri þörf á slíkri bók en áður, eftir að það hefur tekið sér á hendur allar þær skyldur, sem fylgja fullu sjálfstæði.

Þegar þetta árbókarmál var áður til umræðu, hafði forstjóri Gutenbergs, Steingrímur Guðmundsson, gert áætlun um, að pappír og prentun á slíkri bók mundi kosta ca. 6000 kr. Talað var um, að árbókin skyldi vera 20 arkir í smekklegu broti, pappírinn vandaður og vel hæfur fyrir myndir. Gert var ráð fyrir, að ríkisstjórnin mundi gefa bókina helztu forráðamönnum þeirra þjóða, sem Íslendingar eiga við andleg og fjárhagsleg skipti. Slík bók mundi þá vera send árlega kunnustu stjórnmálamönnum næstu landa, fræðimönnum, merkum bókasöfnum, stórblöðum o. s. frv. Útgáfunni yrði hagað þannig, að árbókin væri óbreytt í sniði og öllu útliti ár eftir ár, þannig að líkur væru til, að viðtakendur vildu ljá þessu safni sæmilegan stað í félagsskap góðra bóka.

Landsbankinn hefur um nokkurt skeið gefið út á ensku mjög góða og gagnlega bók með samanþrengdum fróðleik um atvinnulíf og fjármál Íslendinga. Allir þeir, sem þurfa að fá glöggar heimildir um fjármál landsins, leita þar fræðslu. En við hlið þessarar bókar þarf aðra heimild um landið, sem er gerð með þeim hætti, að önnum kafnir menn opni hana með nokkrum áhuga og lesi meira af því að þeim þyki efnið skemmtilegt og hressandi heldur en af hagfræðilegri nauðsyn. Það er vitaskuld vandi að rita slíka bók. Það yrði að vera áhugaverk margra manna og unnið í sama anda og þegar Arngrímur lærði ritaði norður í Húnavatnssýslu varnar- og fræðibækur um Ísland, sem voru lesnar með athygli hvarvetna um hinn menntaða heim. Þá sögu þarf að endurtaka í nýju formi.

Ritgerðirnar í árbókinni ættu að gefa skynsömum útlendingum áhuga fyrir Íslandi og málefnum þess. Þó að landið sé ekki stórt og þjóðin ekki fjölmenn á heimsmælikvarða, er hægt að segja margt um Ísland og Íslendinga, sem getur orðið þjóðinni til framdráttar í nútíma starfi og samkeppni. Frásagnir um gæði lands og hafs, þættir úr sögu landsins og sagnir um þjóðlíf og atvinnuhætti geta vakið áhuga manna í framandi löndum fyrir tilverubaráttu Íslendinga.

Þegar þarf að sækja og verja málefni Íslands á alþjóðavettvangi, hefur þjóðin enga tungu. Sárfáir erlendir menn skilja íslenzkt mál. Þess vegna heyrast íslenzkar röksemdir sjaldan utan við landsteinana. Jón Sigurðsson svaraði Larsen á dönsku og ritaði auk þess, þegar því varð við komið, varnarritgerðir í dönsk og norsk blöð. Góðvinir hans skrifuðu um Ísland í hans anda í þýzk og ensk blöð. Lengra varð ekki komizt á þeirri tíð. Nú á þjóðin sjálf að geta skýrt sín vandamál og á þeirri tungu, sem er lesin og skilin um allan heim. Hér verða aðeins nefnd fáein dæmi um heppileg verkefni í árbók Íslendinga: Auðsuppsprettur hafsins, frjósemi moldarinnar, fossarnir og orka þeirra, laxelfurnar, jarðhitinn og notkun hans, siglingar fornmanna, fundur Íslands, Grænlands og Ameríku, þjóðskipulag, atvinnuhættir, bókmenntir og íþróttir á tímum hins fyrra þjóðveldis, sagnaritun og andleg afrek á kaþólska tímabilinu, varðveizla handritanna, prentstörf á siðabótaröldinni, Arngrímur lærði og Hallgrímur Pétursson, baráttan við einokun, eld og ís, endurreisn lands og þjóðar á 19. og 20. öld. Gott dæmi um þá fjölbreytni viðfangsefnanna er notkun talstöðva í fiskibátum okkar, þar sem Íslendingar hafa leyst vandasamt verkefni á þann veg, sem er mjög til fyrirmyndar. Auk almennrar landkynningar hlyti á hverjum tíma að koma sókn og vörn í þjóðlegum baráttumálum. Má í því efni nefna handritamálið, höfundarrétt Íslendinga að fornritunum, víkkun og verndun landhelginnar, friðun Faxaflóa o. s. frv.

Þegar til framkvæmda kemur með þessa útgáfustarfsemi, mundi utanríkismálanefnd velja undirnefnd til að gæta hlutleysis um efni árbókarinnar og vinna að nauðsynlegri fjölbreytni um efnisval. En þar sem stöðugt verða mannaskipti í þingnefndum, getur hin eiginlega ritstjórn ekki verið í höndum manna, sem koma og fara eftir teningskasti kosninganna. Mundi bezt fara á, að skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu væri aðalritstjóri árbókarinnar, en hefði sér við hönd aðstoðarritstjóra úr hópi hinna ritfærustu manna á hverjum tíma. Jón Aðils og Einar Kvaran höfðu þá eiginleika, sem aðstoðarritstjórar íslenzkrar árbókar þurfa að hafa til að bera. Frumefnið í ritgerðirnar kæmi frá kunnáttumönnum, sem bæru gott skyn á, hver væru hin nauðsynlegu viðfangsefni. Síðan væru ritgerðarefnin mæld og vegin af ritstjórn og ritnefnd, en að því búnu tæki rithöfundur árbókarinnar hin ólíku efni til meðferðar. Hver ritgerð yrði að vera fræðandi og svo skemmtileg, að von væri til, að önnum kafnir menn í fjarlægum löndum vildu kynna sér efni árbókarinnar, þegar hún væri þeim send. Ef unnt verður með þessum hætti að fá áhuga- og valdamenn í helztu menningarlöndum til að hafa í sínum bókasöfnum mikið af aðgengilegu lesefni um Ísland og Íslendinga og lesa árlega nokkuð af því sér til ánægju, mætti kalla, að þjóðin hefði að nýju öðlazt rödd til að tala sínu máli utan við landsteinana.

Nd. 914. Nefndarálit

um frv. til l. um innkaupastofnun ríkisins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt, en hefur ekki orðið sammála um orðalag á brtt. Áki Jakobsson áskilur sér rétt til að bera fram brtt. Meiri hlutinn telur, að það sé sjálfsögð skylda innkaupastofnunar að gera þar innkaup, sem hagkvæmust kjör fást, og að sízt megi taka tilboð erlendra aðila fram yfir innlendra, og leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
Í reglugerð skal ákveða um útboð, og skal jafnan taka hagstæðustu tilboðum.

Alþingi, 20. maí 1947.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Áki Jakobsson. Jörundur Brynjólfsson.

Sþ. 915. Tillaga til þingsályktunar

um að skora á ríkisstjórnina að undirbúa lagasetningu um náttúrugripasafn ríkisins.

Flm.: Steindór Steindórsson, Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa, í samráði við stjórn Hins íslenzka náttúrufræðifélags, frumvarp til laga um náttúrugripasafn ríkisins og leggja það fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Á síðastliðnu ári gerðist það, að Hið íslenzka náttúrufræðifélag afhenti íslenzka ríkinu til eignar náttúrugripasafn sitt, sem það hafði átt og rekið frá stofnun þess, eða í rúm 50 ár. Mun félagið með þessu hafa viljað tryggja framhaldandi vöxt og viðgang safnsins, en það nú orðið svo stórt, að rekstur var félaginu ofviða.

Síðan gerðist það, að fyrrverandi menntamálaráðherra skipaði tvo fasta starfsmenn að safninu, án þess nokkrar reglur eða lög væru til um stjórn þess og rekstur. Hvernig sem á það mál er litið, getur það naumast talizt viðunandi, að ríkið taki að sér svo umfangsmikla stofnun sem náttúrugripasafnið, án þess að nokkur lög séu til um rekstur þess og stjórn. Má í því sambandi minna á, að lög hafa verið sett um stjórn annarra safna, svo sem Landsbókasafnsins. Er og furðu lítið öryggi, sem veitt er starfsmönnum safnsins, ef staða þeirra á algerlega að vera á valdi þess ráðherra, sem fer með menntamál á hverjum tíma.

Með tillögu þessari er því farið fram á, að sett verði lög, sem tryggja rekstur safnsins í framtíðinni, og stjórn Hins íslenzka náttúrufræðifélags verði gefinn kostur á að vera með í ráðum um samningu þeirra.

Nd. 916. Nefndarálit

um frv. til laga um eignakönnun.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Að öðru leyti vísast til greinargerðarinnar fyrir frumvarpinu.

Alþingi, 20. maí 1947.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. | Auður Auðuns, fundaskr. | Ingólfur Jónsson.

Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 917. Nefndarálit

um frv. til laga um eignakönnun.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins, vill mæla með samþykkt frv. með nokkrum breytingum, minni hlutinn, ég undirritaður, er andvígur frv. og legg því til, að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar, sem birtur var, er ríkisstjórnin tók völd í febrúarbyrjun, var því heitið, að stjórnin skyldi framkvæma eignakönnun. Ekkert var um það getið, með hverjum hætti hún skyldi vera, en ýmsar sögur gengu um það, hvað stjórnarflokkarnir hefðu komið sér saman um í því efni. Þessi yfirlýsing núverandi ríkisstjórnar og umtalið um hina væntanlegu eignakönnun hefur valdið miklum óróa meðal almennings og haft áhrif á það, að menn, er peninga hafa átt, hafa dregið þá út úr atvinnulífinu, geymt þá og beðið þannig átekta. Þetta var öllum vitað, og því var full þörf á því að hraða sem mest þeirri eignakönnun, sem stjórnin var búin að boða. Þrátt fyrir þetta hefur liðið hátt á þriðja mánuð síðan ríkisstjórnin settist að völdum, þangað til eignakönnunarfrumvarpið er lagt fram. Nú er frv. borið fram eftir þennan langa tíma, og þrátt fyrir það ber það á sér öll einkenni hroðvirkni og fljótaskriftar. Það er víða gloppótt, enda til þess ætlazt af þeim, sem standa að flutningi þess, og kom það greinilega fram við 1. umr. í Nd. um málið. Þessi fljótaskrift, sem á frv. er, kemur sérstaklega fram í því, að með frv. er fjármálaráðherra og 3 manna nefnd, sem hann skipar, svonefndri framtalsnefnd, falið að ákveða ýmis veigamikil atriði í framkvæmd laganna, sem venjulega eru ákveðin af löggjafanum, þegar um slík mál er að ræða sem þetta.

Eignakönnunarfrv. það, sem hér liggur fyrir, felur í fáum orðum í sér þetta: Nákvæm eignakönnun skal fara fram á öllum hinum smærri, sem hafa safnað sér nokkrum upphæðum á undanförnum árum, ef til vill nokkrum tugum þúsunda. Ráðstafanirnar, sem frv. gerir ráð fyrir, sem eru innköllun peningaseðla, skrásetning skuldabréfa og skrásetning peningainnstæðna, munu veita fullkomna heimild um eignir þeirra manna, vegna þess að þeir hafa flestir engin fyrirtæki, svo sem innflutningsverzlun, verksmiðju eða því um líkt, sem þeir geta falið eignir sínar í. Þessir menn verða rannsakaðir niður í botn og eiga því um tvennt að velja, að festa fé sitt í 1% ríkisskuldabréfum til 25 ára eða verða stimplaðir skattsvikarar. Nú er það svo, að flestir þessara manna hafa eignazt þetta fé með þeim hætti, að ekki er um raunveruleg

skattsvik að ræða, aðrir hafa eignazt fé sitt með því t. d., að þeir hafa selt húseign sína eftir að dýrtíð fór að aukast, en hafa þó ekki verið búnir að eiga það nógu lengi til þess að söluandvirðið væri ekki tekjuskattskylt. Því nær allir þessara manna hafa fastar tekjur, mánaðar- eða vikulaun, sem atvinnurekendur hafa gefið upp til skatts upp á eyri, svo að þeir hafa orðið að greiða hinn fyllsta skatt og útsvar af öllum tekjum sínum. Eignakönnuninni virðist fyrst og fremst stefnt að þessum mönnum, sem sízt eiga það skilið að verða eltir þannig uppi, jafnvel þó að þeim hafi láðst að tilgreina allar eigur sínar.

Hins vegar eru hinir forríku stórgróðamenn, sem reka stórfelld og oft mörg gróðafyrirtæki, þeir eru teknir öðrum tökum í eignakönnunarfrv. ríkisstjórnarinnar. Ráðstafanirnar, sem ég nefndi áðan, innköllun peninga, skrásetning verðbréfa og skrásetning innstæðna í bönkum, nægja engan veginn til þess að kanna eignir þessara manna. Þessir menn reka ýmis stórfyrirtæki, hafa miklar vörubirgðir, efnisbirgðir, umbúðabirgðir, vélar, áhöld og fasteignir. Í þessum eignum geyma þeir verulegan hluta eigna sinna, einkum er það þekkt bragð hjá stórfyrirtækjum að fela eignir í vörubirgðum. Eignakönnunarfrv. gerir ekki ráð fyrir því, að fram fari almenn könnun á þessum eignum, heldur eru aðeins heimildir til þess að rannsaka þessa hluti, ef framtalsnefnd telur ástæðu til, þ. e. a. s. það er meiningin að gera stikprufur. Menn, sem slík fyrirtæki eiga, þurfa ekkert að óttast það, þótt þeir þurfi að gefa upp peningaeign sína, verðbréfaeign eða bankainnstæðu. Þeir geta alltaf forsvarað þá fjármuni með bókfærslulegum tilfærslum hvað viðvíkur vöru- og efnisbirgðum, áhalda- og vélaeign o. s. frv. Fyrst ekki fer fram almenn könnun á þessum eignum, þá snertir eignakönnunin þessa stórgróðamenn yfirleitt alls ekki eða að mjög óverulegu leyti. Þetta var raunar viðurkennt í umræðum í fjárhagsnefnd hv. Nd., þar sem dr. Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari var viðstaddur. En því var borið við, að eignakönnun, sem næði til vörubirgða, efnisbirgða, véla og áhalda fyrirtækja eins og þeirra, sem hér um ræðir, yrði svo umfangsmikil, að hún væri óframkvæmanleg. Þetta er að sjálfsögðu rangt, slíka eignakönnun er hægt að framkvæma, ef vilji er fyrir hendi til þess. En ef ekki er talið fært að framkvæma slíka eignatalningu hjá fyrirtækjum, þá er fullkomlega óréttmætt að leggja út í eignakönnun yfirleitt.

Það er vitað mál, að þeir, sem mestu hafa skotið undan skatti á undanförnum árum og framar öllum öðrum hafa gefið tilefni til þess, að eignakönnun verði látin fara fram, eru einmitt þeir stórgróðamenn, sem reka hin stærri verzlunar- og iðnaðarfyrirtæki. Þegar ríkisstjórnin svo kemur með eignakönnunarfrv., sem kannar til fulls eignir þeirra eignaminnstu, sem sízt hafa haft möguleika til að bregða eigum sínum undan skattálagningu, en sleppir stórgróðamönnunum með það að gefa bara upp sjálfir eigur sínar, eins og þeir hafa gert við hvert skattaframtal, þá er það að hafa algerlega hausavíxl á hlutunum.

Eignakönnunarfrv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér mjög stranga eignakönnun gagnvart öllum almenningi, en jafnframt felst í því uppgjöf saka til allra stórgróðamanna, sem mest hafa skotið tekjum sínum undan skatti á undanförnum árum. Af þessu sést, að frv. þetta er flutt vegna hagsmuna stórgróðamannanna. Það er Sjálfstæðisflokkurinn, sem hefur knúið það í gegn að berja frv. í gegn núna. Hann skeytir engu um hagsmuni almennings, heldur horfir á það eitt að koma undan réttlátri sköttun eignum nokkurra stórgróðamanna hér í Reykjavík, sem bezta aðstöðu hafa haft til þess að moka til sín stórkostlegum fjárfúlgum á undanfarandi stríðsárum. Sjálfstæðisflokkurinn telur sig ekki fá slíkt tækifæri síðar til þess að bjarga stórgróðamönnunum, og það sýnir sig, að Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn eru þæg verkfæri hans í þessu efni, þrátt fyrir öll stóru orðin um að skattleggja stórgróðann og taka stríðsgróðann til almenningsþarfa.

Í 17. gr. frv. eru ákvæði um nokkra ívilnun til þeirra, sem minnst hafa vantalið af eigum sínum, en sá vankantur er á þeirri ívilnun, að hennar geta engir notið aðrir en þeir, sem fyrst hafa verið stimplaðir skattsvikarar. Þannig virðist það tilgangur

ríkisstjórnarinnar að gera sem allra flesta af hinum smærri að skattsvikurum, og býst ég við, að margir muni þeir verða, sem kjósa frekar að festa fé sitt með kaupum á ríkisskuldabréfum, hversu bagalegt sem það kann að verða þeim, heldur en að taka þann kost að láta ríkisstjórnina geta stimplað sig skattsvikara til þess að geta notið þessara ívilnana.

Frv. um eignakönnun stofnar til stórfelldara skriffinnskubákns en áður hefur þekkzt í íslenzkri löggjöf. Gizkað hefur verið á, að framkvæmd eignakönnunar þessarar muni kosta um 10 millj. kr. Hver maður á að fylla út aragrúa af alls konar skýrslum, mismunandi þörfum, og er vitað, að ekki er á allra færi að kunna skil á þessu, svo að hægt sé að fylla út öll þessi skjöl svo að rétt sé. Ef einhverjum fatast, eru margháttuð refsiákvæði í frv., eignamissir og sektir, sem heimilt er að beita, þó má veita undanþágur frá þessum refsingum.

Með tilliti til þess, sem hér hefur verið fram tekið, telur Sósialistaflokkurinn það eignakönnunarfrumvarp, sem hér liggur fyrir, hreina og beina óhæfu, og legg ég því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem frv. það, sem hér liggur fyrir, er að mörgu leyti illa undirbúið og í því felst raunverulega engin eignakönnun á stórgróðann, en hins vegar koma ráðstafanir þær, sem frv. gerir ráð fyrir, mjög hart niður á smærri skattþegnum, og í trausti þess, að ríkisstjórnin útbúi og leggi fyrir næsta þing frv. til laga um eignakönnun, sem miðað sé við það að ná til stóreignanna fyrst og fremst, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. maí 1947.

Áki Jakobsson.

Ed. 918. Nefndarálit

um frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið, og mun minni hlutinn (BrB) skila sérstöku áliti.

Meiri hlutinn leggur til, að frumv. verði samþykkt óbreytt í meginatriðum. Um einstakar brtt. meiri hlutans skal þetta tekið fram:

1. Frv. gerir ráð fyrir, að gjaldeyrinum verði skipt á milli Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h/f og Búnaðarbanka Íslands, þannig að Útvegsbankinn fái 28% og Búnaðarbankinn 16%, en Landsbankinn afganginn. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að gjaldeyrinum verði skipt aðeins á milli Landsbankans og Útvegsbankans, þannig að Landsbankinn fái ⅔ og Útvegsbankinn ⅓, eins og var í frv., er það var lagt fyrir þingið. Einn nefndarm. (ÞÞ) lætur þess getið, að þar sem stjórn Búnaðarbanksns leggi ekki megináherzlu á að fá hluta af gjaldeyrinum til umráða að svo stöddu, muni hann eigi greiða atkvæði gegn breytingu þessari.

2. Meiri hluti nefndarinnar er sammála um þá brtt., er hann flytur um millibankanefnd, sem hafi það hlutverk að raða niður gjaldeyrisleyfum til afgreiðslu, þegar þau hafa verið gefin út fyrir hærri upphæð en til er í erlendum gjaldeyri, og telur þá ráðstöfun til mikilla bóta.

Samkv. framansögðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

Við 13. gr.

a. 1. og 2. málsgr. skal orða svo:

Engan gjaldeyri má láta af hendi án leyfis innflutnings- og gjaldeyrisdeildar, nema greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vexti og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einir kauparétt á erlendum gjaldeyri.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f þannig, að hinn síðarnefndi fái einn þriðja gjaldeyris, ef hann óskar, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, er hvor banki fær, getur ríkisstjórnin breytt, ef báðir bankarnir samþykkja. Enginn hefur rétt til að selja erlendan gjaldeyri nema Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f. Þó er póststjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ríkisstjórnin setur.

b. Á eftir 2. málsgr. koma 2 nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Ef gjaldeyrisleyfi hafa á einhverjum tíma verið veitt fyrir hærri upphæð en þá er til í erlendum gjaldeyri, skal ákveða af nefnd — millibankanefnd —, í hvaða röð leyfin skuli afgreidd, og er þá óheimilt að afgreiða þau í annarri röð.

Ráðherra skipar millibankanefnd þannig, að einn er skipaður í nefndina samkvæmt tilnefningu hvors banka og einn án tilnefningar.

Alþingi, 21. maí 1947.

Pétur Magnússon, form.	Kristinn Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Nd. 919. Nefndarálit

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1943.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur borið frv. saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1943 og leggur til, að það verði samþykkt.

Þess skal getið, að á RR 19. gr. 2. á heildarupphæðin að vera kr. 743 383.27, en ekki 356 883.33, eins og talið er í RR. Á rekstrarreikningi RR er upphæðin rétt.

Alþingi, 20. maí 1947.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Áki Jakobsson.	Hallgr. Benediktsson.	

Ed. 920. Nefndarálit

um frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa frumvarps. Stefna Sósialistaflokksins í þessu máli hefur verið mörkuð með ýtarlegum breytingartillögum, sem fulltrúar flokksins fluttu við frumv. í Nd., í

nefndaráliti minni hluta fjárhagsnefndar þeirrar deildar og í umræðum þeim, sem þar urðu um málið. Sósialistaflokkurinn lítur svo á, að í frumvarpinu beri að tryggja það, að nýsköpun atvinnulífsins geti haldið áfram með sama hraða og undanfarið, að raunverulega verði tekinn upp áætlunarbúskapur, að svo miklu leyti sem þjóðfélagshættir okkar leyfa, og að stefnt verði að sem víðtækastri samvinnu þeirra stétta, er fást við framleiðslustörfin, um hinar atvinnulegu framkvæmdir. Flokkurinn telur, að þetta sé engan veginn tryggt með því frumvarpi, sem hér um ræðir. Hins vegar bendir margt til þess, að allt önnur stefna sé fyrirhuguð.

Afgreiðsla málsins í Nd. bendir til þess, að stjórnin og stuðningsmenn hennar séu ráðnir í því að halda fast við þá stefnu, sem felst í frumv. eins og það kom frá stjórninni, og virðast því ekki vera líkur fyrir því, að neinar meiri háttar breytingar á frumv. nái samþykki Alþingis. Ég vil þó freista að bera fram eftirfarandi breytingartillögur, sem varða meginstefnuna.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Í stað „15%“ komi: 20%.
2. Við 2. gr. Orðin „meðan hinar miklu framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi standa yfir“ falli niður.
3. Við 3. gr. Í stað 1. málsl. komi:
   Fjárhagsráð semur heildaráætlun um þjóðarbúskap Íslendinga fyrir ákveðið árabil samkvæmt nánari ákvörðun ráðsins í samráði við ríkisstjórnina. Enn fremur áætlun um heildarframkvæmdir fyrir fram fyrir hvert ár.
4. Við 4. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: Þá skal og ráðið hafa samstarf við samtök launþega, bænda, fiskimanna og annarra framleiðenda um samningu áætlana sinna og framkvæmd þeirra.
5. Við 12. gr. Aftan við 1. tölul. bætist: enda fái þá samvinnufélög að öðru jöfnu að minnsta kosti sömu hlutdeild í heildarinnflutningi vefnaðarvöru, búsáhalda og skófatnaðar sem þau hafa í matvöruinnflutningi á hverjum tíma, og séu engar hömlur lagðar á matvörukaup þeirra.

Alþingi, 19. maí 1947.

Brynjólfur Bjarnason.

Nd. 921. Frumvarp til laga

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að reisa 2400 ha. raforkuver við Fossá í Fróðárhreppi og leggja háspennulínu þaðan til Ólafsvíkur og Sands;
2. að reisa 1500 ha. raforkuver við Gönguskarðsá við Sauðárkrók, og
3. að koma upp aðalspennistöð fyrir Voga og Vatnsleysuströnd á Reykjanesi.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að sex milljónir króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að tveim milljónum króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitna, sem um ræðir í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt fyrir tilmæli hæstv. atvinnumálaráðherra.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa nú samkvæmt heimildum í lögum nr. 52 1945 komið upp aðalorkuveitu frá Sogsvirkjuninni (frá Hafnarfirði) til Keflavíkur, Njarðvíkur, Garðs og Sandgerðis og mun á þessu sumri ljúka veitum til Grindavíkur, til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar frá Sogsvirkjuninni og til Húsavíkur frá Laxárvirkjuninni.

Nú hefur raforkumálastjóri sent ríkisstjórninni tillögur um, að á þessu ári verði hafizt handa um að reisa þau orkuver og koma upp þeim orkuveitum, sem um ræðir í frumvarpi þessu, og er áætlaður stofnkostnaður þeirra sex millj. króna. Tillögur þessar hefur raforkuráð haft til athugunar og tjáð sig fylgjandi þeim.

Ráðuneytið hefur sent tillögurnar til fjárveitinganefndar, og er það í samráði við fjárveitinganefnd, að samþykkis Alþingis fyrir framkvæmdum og heimilda til lántöku er leitað á þann hátt að leggja frumvarp þetta fyrir þingið.

Sþ. 922. Tillaga til þingsályktunar

um sölu á vélskipi til hlutafélagsins Borgey á Hornafirði.

(Eftir fyrri umr.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að selja hlutafélaginu Borgey á Hornafirði 66 smálesta vélskip, er ríkisstjórnin hefur í smíðum, án þess að innheimta tilskilið framlag frá félaginu fyrr en að lokinni næstu síldarvertíð, gegn tryggingu, sem ríkisstjórnin metur gilda, enda verði skipið til afnota, ef þörf krefur, til vöruflutninga milli Hornafjarðar og annarra landshluta þá tíma árs, sem það stundar ekki veiðar.

Nd. 923. Nefndarálit

um frumvarp til laga um dagheimili fyrir börn innan skólaskyldualdurs.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur haft frumvarp þetta afar lengi með höndum, og stafar dráttur sá, sem orðið hefur á afgreiðslu málsins, einkum af því, að þunglega horfði um, að samkomulag næðist lengi framan af, enda þótt allir nefndarmenn væru málinu hlynntir. En svo fór að lokum, að 4 nefndarmenn urðu á eitt sáttir og standa að nefndaráliti þessu. Garðar Þorsteinsson er málinu hlynntur, en telur ákjósanlegra að ríkisstjórnin undirbúi það nánar og mun skila áliti þar að lútandi.

Nefndin sendi frumvarpið til umsagnar eftirtöldum aðilum: Fræðslumálastjórn, bæjarráði Reykjavíkur, barnaverndarráði og barnavinafélaginu Sumargjöf, og fékk

nefndin frá þeim skýr og greinagóð svör, er höfðu að geyma margvíslegar hagkvæmar bendingar og uppástungur, sem nefndin hefur tekið fullt tillit til við afgreiðslu málsins og notfært eftir föngum. Allir þeir aðilar, er að svörunum stóðu, voru á einu máli um gildi og gagnsemi dagheimila og töldu löggjöf um það efni æskilega.

Meðal menningarþjóða eru dagheimili fyrir löngu viðurkennd sem hinar ákjósanlegustu uppeldis- og fræðslustofnanir, er veiti börnum, er þar dvelja, örugga umsjá jafnframt því að þroska með þeim hvers konar félagslegar dyggðir, temja þeim hollar lífsvenjur og heilbrigð lífsviðhorf.

Með hinum öra vexti kaupstaðanna og aðstreymi fólks þangað á hinum síðari árum, hafa skapazt þar ýmiss konar uppeldiserfiðleikar, er orðið geta þjóðarheildinni áhættusamir, ef ekki er úr bætt, og þegar hafa reynzt mörgum einstaklingi næsta örlagaríkir. Valda hér um miklu þröng og léleg húsakynni fjölda fólks ásamt hinu, að allvíða er lítið um opin svæði, er börn geti verið óhult að leikum. Þegar þar við bætist, að tilfinnanlegur skortur er á starfskröftum til barnagæzlu, en öryggisleysi á götum úti eykst svo óðfluga með vaxandi bílanotkun, að umferðaslys eru þegar orðin með tíðustu dánarorsökum, mun ekki ofmælt, að kjör mikils hluta hinnar uppvaxandi kaupstaðaæsku séu orðin svo ill, að óviðunandi er. Telur meiri hl. nefndarinnar, að stofnun og rekstur nægilega margra dagheimila sé sú ráðstöfun, er bezt geti bætt úr þeim vanda, og lítur svo á, að með frumvarpi þessu sé stefnt í rétta átt, og leggur til, að það verði samþykkt í aðalatriðum, en þó með allmiklum breytingum, sem nánar verða skýrðar í framsögu. Þeirra veigamest er sú, að framkvæmd laganna að því er áhrærir fjárútlát af hálfu hins opinbera til stofnkostnaðar og rekstrar dagheimila sé jafnan háð samþykki Alþingis. Er það skoðun meiri hl. nefndarmanna, að ráðlegra sé að fella það skilyrði inn í frumvarpið, enda er það í samræmi við hliðstæð lagaákvæði, svo sem um þátt ríkisins í rekstri og byggingu skóla.

Væntir meiri hl. nefndarinnar þess, að Alþingi sýni máli þessu fullan skilning, og mælir með, að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem felast í breytingartillögum þeim, sem meiri hluti nefndarinnar hefur lagt fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 21. maí 1947.

Sigurður E. Hlíðar, form.	Katrín Thoroddsen, fundaskr., frsm.	Helgi Jónasson.
	Gylfi Þ. Gíslason.	

Nd. 924. Breytingartillögur

við frv. til laga um dagheimili fyrir börn innan skólaskyldualdurs.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 1. gr.
   a. b-liður orðist svo: Leikskóla fyrir börn frá eins og hálfs árs að skólaskyldualdri. Börnin dvelji þar daglangt eða hálfan daginn undir umsjá leikskólafóstru.
   b. c-liður falli burt.
2. Við 2. gr. Í stað „fræðslumálastjórnarinnar“ komi: fræðslumálastjórnar.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

   Stofna skal dagheimili í kaupstöðum og þorpum, þegar barnaverndarnefnd staðarins færir rök fyrir þörf á því og hlutaðeigandi sveitarstjórn, barnaverndarráð og fræðslumálastjóri samþykkja, enda hafi til þess verið veitt fé í fjár-

lögum. Ber áðurgreindum aðilum að taka fullt tillit til félagasamtaka kvenna og barnavinafélaga á staðnum, ef þau annaðhvort eða bæði beita sér fyrir stofnun dagheimila.

4. Við 4 gr. Greinina skal orða svo:
   Stofnun dagheimila skal hagað svo, að jafnan verði þeim fyrst komið upp þar, sem þörfin er mest að dómi barnaverndarráðs, og skal svo haldið áfram eftir því, sem fé er til þess veitt, unz þörfinni er fullnægt. Um stærð og fyrirkomulag dagheimila fer eftir því, sem bezt hentar á hverjum stað, og skulu þau byggð samkvæmt teikningu, er fræðslumálastjóri samþykkir, en þó skal hvert heimili eigi vera stærra en svo, að það rúmi 100 börn alls.
5. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:
   Ríkissjóður greiðir tvo fimmtu hluta stofnkostnaðar. Hinn hlutann greiðir hlutaðeigandi sveitarsjóður, sem jafnframt leggur til hæfilega stóra lóð í þessu skyni. Nauðsynlegur húsbúnaður og uppeldistæki teljast til stofnkostnaðar.
   Hjúkrunarkonur og leikskólafóstrur dagheimila eru opinberir starfsmenn og taka laun úr ríkissjóði, enda hafi þær hlotið þá menntun, sem fræðslumálastjórn tekur gilda. Þær skulu hafa sömu launakjör og hliðstætt starfsfólk ríkisspítalanna. Framfærendur barnanna greiða fæðiskostnað. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr sveitarsjóði.
6. Þá koma tvær nýjar greinar, sem verða 6. og 7. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):
   a. (6. gr.) Í Reykjavík skal starfa dagheimilanefnd, skipuð sjö mönnum, þannig: Bæjarstjórn tilnefnir tvo menn, Bandalag kvenna í Reykjavík einn, Barnavinafélagið Sumargjöf tvo, barnaverndarráð einn. Fræðslufulltrúinn í Reykjavík er sjöundi maður, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Utan Reykjavíkur er barnaverndarnefnd jafnframt dagheimilanefnd, nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð.
   b. (7. gr.) Verkefni dagheimilanefndar eru einkum: a. að hafa umsjón og eftirlit með rekstri staðarins og vali barna þangað; b. að láta auglýsa og gera tillögur til fræðslumálastjórnar um tölu og ráðningu starfskvenna, er taka laun úr ríkissjóði samkvæmt 5. gr.; c. að ráða annað starfsfólk í samráði við forstöðukonu hvers dagheimilis; d. að annast um, að dagheimili hafi nauðsynlegan útbúnað og tæki; e. að gera tillögur til sveitarstjórnarinnar um árlegan rekstrarkostnað; f. að gera tillögur til fræðslumálastjórnarinnar um erindisbréf fyrir starfsfólk dagheimila.
   Verksvið dagheimilanefndar skal nánar ákveðið í reglugerð.
7. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:
   Fræðslumálastjórn setur reglugerð um rekstur dagheimila í samráði við barnaverndarráð.

Nd. 925. Nefndarálit

um frv. til laga um Byggingarstofnun ríkisins og byggingarfélög.

Frá 1. minni hluta heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta hefur legið óafgreitt hjá nefndinni síðan í nóvember síðast liðnum. Sú töf á mestmegnis rót sína að rekja til þess, að nefndin sendi þ. 3. des. f. á. frv. til umsagnar eftirtöldum aðilum: Félagsmálaráðuneytinu, stjórn byggingarsjóðs verkamanna, stjórn verkamannabústaðanna og stjórn Samvinnubyggingarfélags Reykjavíkur. Enginn þessara aðila hefur fengizt til að svara nefndinni, þrátt fyrir ítrekaðar bréfaskriftir og munnlegar eftirgrennslanir. Verður slíkt tómlæti gagnvart Alþingi að teljast með öllu óafsakanlegt, svo að ekki sé fastara að orði kveðið.

Að lokum var málið svo tekið fyrir á fundi nefndarinnar þ. 20. maí þ. á. Varð þegar ljóst, að skoðanir nefndarmanna á frv. voru svo sundurleitar, að vonlaust var, að samkomulagsumleitanir bæru árangur. Þeir Sigurður E. Hlíðar og Helgi Jónasson vildu vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Garðar Þorsteinsson var ekki viðstaddur, er málið var rætt. Gylfi Þ. Gíslason kvað sig fylgjandi frv. í aðalatriðum, en vildi þó gera á því ýmsar veigamiklar breytingar. Mun hann skila séráliti þar að lútandi.

Undirrituð vill aftur á móti, að frumv. verði samþykkt óbreytt, með því að með því mundi komið heildarskipan á byggingarmál þjóðarinnar og tryggt, að fyrst og fremst verði undinn bráður bugur að því að leysa hinn mikla vanda, sem hrjáir fjölda fólks vegna húsnæðisskorts.

Ég tel, að þetta mál þoli enga bið og Alþingi geti sóma síns vegna ekki látið undir höfuð leggjast að afgreiða það án frekari tafar.

Alþingi, 21. maí 1947.

Katrín Thoroddsen.

Sþ. 926. Nefndarálit

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita Fljótaárvirkjuninni bráðabirgðalán.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á mörgum fundum. Leitaði hún umsagnar Rafmagnseftirlits ríkisins og ræddi það við ríkisstjórnina svo og við bæjarstjóra Siglufjarðarkaupstaðar, auk þess sem hún kynnti sér margvísleg gögn, sem fyrir lágu um virkjunina í sambandi við kröfur bæjarins á hendur þess aðila, sem tekið hafði að sér framkvæmd á verkinu.

Það er upplýst í fyrrnefndum gögnum, að allur kostnaður við virkjun Fljótaár er nú orðinn rúmlega 14 millj. króna, þegar með er talið gamla rafmagnsstöðin og bæjarkerfið, sem metið er hvort tveggja á 850 þús. krónur, og enn fremur jarðarkaup, skaðabætur fyrir spjöll og allur áfallinn kostnaður, þar með taldar 1250 þús. kr. í vaxtagreiðslur og miðlunarkostnað. Til greiðslu á þessum kostnaði hafa verið tekin lán að upphæð alls 12,1 millj. kr., hvar af ríkissjóður er ábyrgur fyrir 11,5 millj. kr. Eru þau lán öll til 25 ára með 4—4½% vöxtum. 600 þús. kr. eru teknar að láni til 10 ára hjá verksala án ábyrgðar ríkissjóðs. Hefur ríkisábyrgð því nú þegar verið gefin fyrir 82% af heildarkostnaði. En auk þessa er ógreidd skuld við verksala að upphæð 182 þús. krónur og við sendiráðið í Washington tæpl. 92 þús. kr., eða alls um 274 þús. krónur, er ríkissjóður er talinn standa í ábyrgð fyrir, svo að segja má, að ábyrgðarheimildin sé að mestu notuð.

Með lögum nr. 35 2. apríl 1943 er ríkisstjórninni heimilað að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til virkjunar Fljótaár að upphæð 6 millj. króna. Með þál. 10. marz 1944 er þessi ábyrgðarheimild hækkuð um 2 millj. og enn um 5 millj. króna með þál. frá 2. marz 1945. Er þá jafnframt sett það skilyrði, að ábyrgðarupphæðin færi eigi fram úr 85% af heildarkostnaði virkjunarinnar, þ. e. orkuversins með háspennulínum og spennubreyti. Er sýnilegt, að hér er ekki ætlazt til þess að reikna gömlu stöðina og bæjarkerfið ásamt nauðsynlegum endurbótum með í heildarkostnaðinum, en sú upphæð er talin nema 2 millj. króna.

Með setningu raforkulaganna 1946 er hins vegar heimilað, að ríkissjóður veiti ábyrgð fyrir lánum, sem tekin eru til að koma upp héraðsrafveitum og orkuverum, allt að 85% af heildarkostnaði, og er því sýnilegt, að heimilt er að reikna alla

fyrrnefnda gjaldaliði til stofnkostnaðar og vænta ábyrgðar fyrir láni til þessara framkvæmda allt að 85% af þeim 14 millj. króna, sem mannvirkið hefur þegar kostað, eins og að framan greinir.

Þá er enn fremur upplýst, að byggingu orkuversins er engan veginn lokið enn. Í fyrsta lagi er enn eftir að kaupa og setja upp aðra samstæðu til þess að fullnota orkuna með vatnsmiðlun, og er ekki gert ráð fyrir, að þetta verði framkvæmt fyrr en árið 1950, og í öðru lagi er eftir að ganga frá ýmsum endurbótum á vatnspípu og stíflu, þar sem komið hefur í ljós, að þessi hluti orkuversins er ekki nægilega traustur. Er allt í óvissu enn um það, hve miklu fé það nemur að koma þessu í lag, en verkkaupandi gerði í gerðardómi kröfu á hendur verksala fyrir 2 millj. króna til greiðslu kostnaðar við þetta verk, en verksali var sýknaður af kröfunni. Af þessu er ljóst, að nauðsynlegt kann að vera að hækka enn allverulega ábyrgðir ríkissjóðs, áður en virkjuninni er lokið að fullu, en um það fer að sjálfsögðu samkvæmt fyrirmælum raforkulaganna.

Rétt þykir að benda á, að það verður ekki séð af þeim gögnum, sem fyrir liggja, að ríkisstjórnin hafi haft nokkurn mann til þess að gæta hagsmuna sinna við byggingu orkuversins, sem þó er reist að langmestu leyti fyrir fé, sem ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir. Verksamningurinn virðist ekki samþykktur af ríkisstjórninni og ekkert eftirlit með verkinu af ríkisins hálfu til tryggingar gegn kröfum, sem fram kynnu að verða settar á hendur verksala. Þess er jafnvel ekki gætt að tryggja meira en eitt dómstig um mikilsverð atriði í samningnum, sem um kynni að verða deilt síðar. Verksali er alveg athugasemdalaust af hálfu ríkisins látinn rýra eða jafnvel glata rétti sínum fyrir vanskil og fyrir vanrækslu um að setja fram veigamiklar kröfur á réttum tíma. Og virðast þessar ástæður vera aðalorsökin fyrir sýknun verksala af kröfum verkkaupanda í gerðardómnum. Það er ekki fyrr en í júlí 1945, að skipaðir eru tveir verkfræðingar til þess að athuga, hvaða orsakir liggi til þeirrar gífurlegu hækkunar á byggingarkostnaði, frá því sem áætlað var. Bendir skýrsla þeirra mjög til þess, að heimilt væri að draga allverulega upphæð frá þóknun til verksala samkv. 6. gr. verksamningsins. Er ástæða til þess að taka þetta hér fram, til þess að benda á, að ríkisstjórnin ætti jafnan að gera það að skilyrði fyrir ábyrgð á lánum til svo stórkostlegra framkvæmda, að hún hefði trúnaðarmenn við samningsgerðir og framkvæmdir allar á verkinu.

Þá er einnig upplýst, að rekstur orkuversins og bæjarrafveitunnar er ekki aðskilinn. Fjárhagur þessara fyrirtækja er sameiginlegur og því ógerlegt að sjá, hvernig þau bera sig fjárhagslega hvort fyrir sig, en það er mjög nauðsynlegt, að þetta verði aðskilið nú þegar.

Eftir því sem nefndinni hefur verið tjáð, er rekstrarhalli fyrirtækjanna áætlaður á árunum 1946—49 sem hér segir:

1946	450 000 kr.	
1947	276 000 —	
1948	161 000 —	
1949	39 000 —	
		926 000 kr.
Vextir og afborganir af nýju láni vegna rekstrarhalla til 1949 alls		286 000 —
	Alls	1 212 000 kr.

Er talið óhjákvæmilegt, að fyrirtækið afli sér þeirrar upphæðar fram yfir beinan stofnkostað til þess að tryggja reksturinn í næstu 3 ár.

Samkvæmt ákvæðum raforkulaganna er beinlínis gert ráð fyrir því, að héraðsrafveitur og raforkuver ríkisins þurfi sérstök lán til þess fyrstu árin að standast rekstrarhalla á líkan hátt og hér er gert ráð fyrir. Og er ætlazt til þess, að raforkusjóður láni það fé. Lögin heimila hins vegar ekki, að sjóðurinn láni til héraðsrafveitna eða orkuvera á sama hátt, og með því að fé hans er enn takmarkað, þykir ekki rétt að leggja til, að þessu sé breytt nú. Það þykir ekki heldur eðlilegt, að ríkissjóður

láni fé það, sem hér um ræðir, þar sem hann innir af hendi fjárhagslega aðstoð með ábyrgðum eins og lög mæla fyrir um. Hins vegar er jafneðlilegt, að veitt sé hér sams konar fjárhagsleg aðstoð og gert er við að koma mannvirkjunum upp, þar sem hér er um að ræða gjaldaliði, sem í eðli sínu mætti á ýmsan hátt telja með í stofnkostnaði, líkt og vexti o. m. fl., þannig að ríkissjóði væri einnig heimilt að ábyrgjast 85% á þessum áætlunarupphæðum. Að sjálfsögðu þarf að tryggja það, að féð sé eigi notað á annan hátt, og jafnframt að sannprófa raunverulegan rekstrarhalla á hverju ári, og er ætlazt til þess, að fullt eftirlit verði haft með því af hálfu ríkisins.

Það kann að valda nokkrum erfiðleikum í bili að fá nýtt lán til þess að mæta þessum útgjöldum. En það verður að vera verkefni væntanlegs fjárhagsráðs að tryggja það, að slík fyrirtæki sem hér um ræðir og njóta ábyrgðar ríkissjóðs í svo stórum stíl stöðvist ekki fyrir skort á lánsfé, er ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir.

Mál þetta hefur verið, eins og að framan getur, rætt við bæjarstjórann á Siglufirði, sem telur þessa lausn málsins fullnægjandi, svo framarlega sem því megi treysta, að unnt sé að fá lán í peningastofnunum landsins eftir að ábyrgðin er fengin. En m. a. vegna þess að 182 þús. kr. af þeirri tæplega 400 þús. króna skuld, sem enn er ógreidd erlendis, gæti orðið þess valdandi, að 600 þús. króna láni, sem um er samið til 10 ára, verði sagt upp fyrirvaralaust.

Með tilvísun til þessa leggur nefndin til, að þáltill. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 1 millj. króna lán, er Siglufjarðarkaupstaður kann að taka til þess að standast halla á rekstri Fjótaárvirkjunarinnar og rafmagnsveitu Siglufjarðar á árunum 1946—1949, að báðum árunum meðtöldum, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, enda sé Rafmagnseftirliti ríkisins falið að hafa eftirlit með því, að lánið sé notað, eftir því sem það hrekkur til, til þess að greiða allt að 85% af rekstrarhallanum eins og hann verður á hverjum tíma að dómi rafmagnseftirlitsins.
2. Fyrirsögn þáltill. orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán til að standast rekstrarhalla Fljótaárvirkjunarinnar.

Alþingi, 21. maí 1947.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Pétur Ottesen.	Steingr. Aðalsteinsson.	Helgi Jónasson.
Áki Jakobsson.	Sigurður Kristjánsson.	Halldór Ásgrímsson.

Ed. 927. Nefndarálit

um frv. til l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (GJ) áskilur sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 21. maí 1947.

Brynjólfur Bjarnason, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Hermann Jónasson, frsm.
Gísli Jónsson, með fyrirvara.	Hannibal Valdimarsson.	

Sþ. 928. Þingsályktun

um ábyrgð ríkisins á láni handa Flateyjarhreppi til að koma upp frystihúsi og fiskiðjuveri í Flatey á Breiðafirði.

(Afgreidd frá Sþ. 21. maí.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 150 þús. króna lán, er Flateyjarhreppur hefur í hyggju að taka til þess að koma upp hraðfrystihúsi og fiskiðjuveri í Flatey á Breiðafirði, gegn tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda.

Nd. 929. Lög

um Ræktunarsjóð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 905.

Nd. 930. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 3. marz 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og sent það Landsbanka Íslands til umsagnar. Umsagnarbréf tvö hafa borizt frá Landsbankanum. Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn vill ekki láta samþykkja frv., en minni hl., ég undirritaður, legg til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Síðasta málsgreinin falli niður.
2. Við 4. gr. Á eftir orðunum „Sé um hús eldri en eins árs að ræða“ í síðari málsgr. komi: og þó ekki eldri en svo, að þau hafi verið byggð á árinu 1943.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Lán þau, sem veðdeildin veitir úr 16. flokki, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum á nafnverði, þó er Landsbankanum skylt að kaupa bréfin, ef lánþegi óskar þess, enda greiði hann bankanum venjulegan sölukostnað.
4. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Í 2., 5., 12.—23., 25. og 26. gr. laganna kemur í stað orðanna „þessir flokkar“, „veðdeildarflokkar“ og „hlutaðeigandi veðdeildarflokkar“: flokkurinn, veðdeildarflokkurinn og hlutaðeigandi veðdeildarflokkur.

Alþingi, 21. maí 1947.

Áki Jakobsson.

Ed. 931. Frumvarp til laga

um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhlj. þskj. 831 með þessari breytingu:

13. gr. hljóðar svo:

Engan gjaldeyri má láta af hendi án leyfis innflutnings- og gjaldeyrisdeildar, nema greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vexti og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einir kauparétt á erlendum gjaldeyri.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f þannig, að hinn síðarnefndi fái einn þriðja gjaldeyris, ef hann óskar, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, er hvor banki fær, getur ríkisstjórnin breytt, ef báðir bankarnir samþykkja. Enginn hefur rétt til að selja erlendan gjaldeyri nema Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f. Þó er póststjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ríkisstjórnin setur.

Ef gjaldeyrisleyfi hafa á einhverjum tíma verið veitt fyrir hærri upphæð en þá er til í erlendum gjaldeyri, skal ákveða af nefnd — millibankanefnd —, í hvaða röð leyfin skuli afgreidd, og er þá óheimilt að afgreiða þau í annarri röð.

Ráðherra skipar millibankanefnd þannig, að einn er skipaður í nefndina samkvæmt tilnefningu hvors banka og einn án tilnefningar.

Bannað er að flytja íslenzkan eða erlendan gjaldmiðil úr landi, nema nauðsynlegan farareyri, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur.

Ráðherra setur með reglugerð fyrirmæli til tryggingar því, að íslenzk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna. Enn fremur ákvæði um það, að allur annar gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

Nd. 932. Lög

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 683.

Nd. 933. Lög

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 877.

Ed. 934. Breytingartillögur

við frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 13. gr.

a. 2. málsl. 2. málsgr. orðist svo:
Hlutfalli því, er hvor banki fær, getur fjárhagsráð breytt, ef ástæða þykir til, og skal sá hluti gjaldeyrisins, sem þannig er færður til, seldur viðkomandi banka með sölugengi.

b. Í stað orðanna „skal ákveða af nefnd — millibankanefnd —“ í 3. málsgr. komi: skal fjárhagsráð ákveða.

Ed. 935. Breytingartillaga

við frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 10. gr. Greinin orðist svo:
Undir yfirstjórn fjárhagsráðs starfar innflutnings- og gjaldeyrisdeild, er einnig hefur með höndum verðlagseftirlit.

Ed. 936. Breytingartillaga

við frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 22. gr. 2. málsgr. orðist þannig:
Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum, settum samkvæmt þeim, sem og skilyrðum, sem innflutnings- og gjaldeyrisdeild hefur sett við veitingu leyfa, varða sektum allt að 500 þús. kr. Sektir fyrir verðlagsbrot skulu þó aldrei nema lægri upphæð en svarar til þess ólöglega hagnaðar, sem uppvíst hefur orðið um. Ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Óheimilt er innflutnings- og gjaldeyrisdeild að veita innflutnings- og gjaldeyrisleyfi aðila, sem gerzt hefur brotlegur við lög þessi og hlotið 25000 kr. sekt eða meir, eða gerzt tvívegis brotlegur og hlotið 5000 kr. sekt eða meir í hvert sinn. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Nd. 937. Nefndarálit

um frv. til l. um fyrningarsjóð ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 21. maí 1947.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Áki Jakobsson. Ingólfur Jónsson.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 938. Lög

um innkaupastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 592.

Ed. 939. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abraham, Robert Louis Eugen, söngstjóri í Reykjavík, fæddur 17. maí 1912 í Þýzkalandi.
2. Als, Emil, námsmaður, Reykjavík, fæddur 6. jan. 1928 í Danmörku.
3. Ásgeir Ingimundarson, veggfóðrari í Reykjavík, fæddur 6. sept. 1881 á Íslandi.
4. Åberg, Nanna Jónsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 6. nóv. 1898 á Íslandi.
5. Åberg, Ketty Ellen Margrethe, Reykjavík, fædd 21. okt. 1928 í Danmörku.
6. Babel, Svava Blöndal, frú í Reykjavík, fædd 9. desember 1902 í Canada.
7. Baldur Arent Nielsen-Edvin, listmálari í Reykjavík, fæddur 23. jan. 1918 í Danmörku.
8. Beckmann, Ernst Wilhelm, myndskurðarmaður, f. 5. febr. 1909 í Þýzkalandi.
9. Bendtsen, Bendt Dahlbom, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 14. des. 1906 í Danmörku.
10. Björn Malmfred Björnsson, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 16. febr. 1913 í Noregi.
11. Dannheim, Katrín Dalhoff, tónlistarkennari í Reykjavík, fædd 5. nóv. 1916 á Íslandi.
12. Dofri, Steinn Jónasson, ættfræðingur, fæddur 11. apríl 1875 á Íslandi.
13. Dyrset, Einar Ansgar Jósteinsson, verkamaður í Reykjavík, fæddur 4. febrúar 1904 í Noregi.
14. Ellerup, Johan Gerhardt Ole Christian, apótekari á Seyðisfirði, fæddur 8. jan. 1904 í Danmörku.

15. Erik Ingvar Ingvarsson, mjólkurfræðingur í Reykjavík, fæddur 13. des. 1915 í Danmörku.
16. Hensing, Kristín Lára Kristinsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 17. sept. 1916 á Íslandi.
17. Herlufsen, Harry Otto August, rakari á Ísafirði, fæddur 18. ágúst 1913 í Danmörku.
18. Hinz, Hans Joachim Gunnar Theodór Magnús, vélvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 10. maí 1927 á Íslandi.
19. Huseby, Kristian Matthias, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 18. marz 1899 í Noregi.
20. Ingibjörg Alexandersdóttir, ljósmyndari í Reykjavík, fædd 6. september 1925 á Íslandi.
21. Jack, Robert John, settur sóknarprestur í Heydalaprestakalli, fæddur 5. ágúst 1913 í Skotlandi.
22. Jedlichovà, Laufey Einarsdóttir, ekkja í Reykjavík, fædd 9. febr. 1906 á Íslandi.
23. Johnsen, Gunnar, bílstjóri og bóndi í Marklandi, fæddur 4. janúar 1911 í Noregi.
24. Jóhann Páll Björnsson, laxveiðimaður, Reykjavík, fæddur 29. marz 1878 á Íslandi.
25. Jóhann Stefán Thorarensen, fyrrv. bóndi, Akureyri, fæddur 7. ágúst 1872 á Akureyri.
26. Jörgensen, Alfred Christian, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 25. apríl 1901.
27. Jörgensen, Bent Bjarno, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 25. ágúst 1927 í Danmörku.
28. Katrín Ólafsdóttir Mixa, frú, Reykjavík, fædd 3. marz 1916 á Íslandi.
29. Kári Haukur Sigurjónsson, aðstoðarmaður í Reykjavík, fæddur 14. júní 1911 í Kanada.
30. Klahn, Albert Gerhard Ferdinand, hljómsveitarstjóri í Reykjavík, fæddur 10. ágúst 1885 í Þýzkalandi.
31. Lárus Sigurjónsson, skáld í Reykjavík, fæddur 14. ágúst 1874 á Íslandi.
32. Lilja Guðjónsdóttir, þerna í Hafnarfirði, fædd 16. sept. 1904 á Íslandi.
33. Lindemann, Albert Volker, forstöðumaður í Varmahlíð í Skagafirði, fæddur 17. ágúst 1899 í Þýzkalandi.
34. Nielsen, Orla Egon, rakari í Reykjavík, fæddur 16. apríl 1912 í Danmörku.
35. Olsen, Ole, verkamaður í Njarðvíkum, fæddur 8. nóv. 1899 í Færeyjum.
36. Pedersen, Herbert Helmuth Marinus, matsveinn í Reykjavík, fæddur 21. apríl 1913 í Danmörku.
37. Petersen, Aage Laurits, fulltrúi í Reykjavík, fæddur 14. des. 1879 í Danmörku.
38. Petersen, Ludvig Christian Idon Marius Bonnesen Stabell, matsveinn í Reykjavík, fæddur 7. sept. 1903 í Danmörku.
39. Sonnenfeldt, Kurt Gustav, tannlæknir á Siglufirði, fæddur 3. ágúst 1909 í Þýzkalandi.
40. Syre, Gabriel, verkamaður á Ísafirði, fæddur 16. júlí 1914 á Íslandi.
41. Vestmann, Ingibjörg Einarsdóttir, iðnmær í Reykjavík, fædd 25. des. 1919 í Kanada.
42. Waag, Árni, nemandi í Reykjavík, fæddur 12. júní 1925 í Færeyjum.
43. Þórarinn Jónsson, bankamaður í Reykjavík, fæddur 19. ágúst 1909 á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 940. Lög

um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 931 (sbr. 831).

Nd. 941. Breytingartillögur

við frv. til laga um eignakönnun.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. Við 4. gr. Í stað „frá 15. júní til 1. ágúst 1947“ komi: frá 1. júlí til 15. ágúst 1947.
2. Við 17. gr.
   a. Aftan við aðra málsgr. bætist: Af því, sem umfram kann að vera, greiðist skattur samkvæmt gildandi skattalögum, án skattsekta.
   b. Í stað „samkvæmt næstu málsgrein“ í þriðju málsgrein komi: samkvæmt gildandi skattalögum, án skattsekta.

Nd. 942. Breytingartillögur

við frv. til laga um eignakönnun.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. I. kafli (1.—8. grein) falli burt.
2. 17. grein orðist svo:
   Nú kemur fram meiri eign á hinu sérstaka framtali, eða við rannsókn á því, en samrýmzt getur fyrri framtölum viðkomandi skattþegns, og skal hann þá greiða vangoldinn skatt vegna undandráttarins, samkvæmt gildandi skattalögum, án skattsekta.

Ed. 943. Frumvarp til laga

um eignakönnun.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 884 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:
Skuldabréfin skulu vera til sölu almenningi frá 1. júlí til 15. ágúst 1947. Landsbanki Íslands annast söluna. Bréfin skulu fást keypt á þeim stöðum og hjá þeim aðilum, sem bankinn ákveður í samráði við fjármálaráðherra.

17. gr. hljóðar svo:
Nú kemur fram meiri eign á hinu sérstaka framtali, eða við rannsókn á því, en samrýmzt getur fyrri framtölum viðkomandi skattþegns, og skal þá um það fara sem hér segir:

Af eign allt að 25000 krónum, sem sannanlega hefur verið til orðin fyrir 1. jan. 1940, og þá og síðan hefur verið undan framtali dregin, skal ekkert gjald greiða. Af því, sem umfram kann að vera, greiðist skattur samkvæmt gildandi skattalögum, án skattsektar.

Af eign, sem til hefur orðið eftir 1. jan. 1940 og dregin hefur verið undan framtali, skal ekkert gjald greiða af fyrstu 15000 krónunum, af 15000—25000 kr. greiðist 5%, af 25000—35000 kr. greiðist 10% og af 35000—45000 greiðist 15%. Af því, sem umfram kann að vera, greiðist skattur samkvæmt gildandi lögum, án skattsektar.

Ofangreind ákvæði skulu ekki vera því til fyrirstöðu, að skattþegn geti, ef hann kýs það heldur, talið fram til skattyfirvalda, áður mánuður er liðinn frá framtalsdegi, undandregnar eignir og greitt vangoldinn skatt vegna undandráttarins, samkvæmt gildandi skattalögum, án skattsekta. Skattþegn, sem þannig telur fram, skal njóta hagræðis þess, sem getur í 2. og 3. málsgrein þessarar greinar.

Sþ. 944. Tillaga til þingsályktunar

um aukningu Laxárvirkjunarinnar.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að festa kaup á vélum og efni til viðbótarvirkjunar í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar og í háspennulínu þaðan til Akureyrar og aðalspennistöð þar og hefja framkvæmd verksins nú þegar og að taka í þessu skyni lán, að upphæð allt að þremur milljónum króna.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing rökstudda tillögu um það, hvort ríkið eða Akureyrarbær skuli síðan annast virkjunina, eiga hana og reka.

Greinargerð.

Raforkumálaráðherra hefur beðið fjárveitinganefnd að flytja þingsályktunartillögu þessa, og hefur nefndin orðið við þeirri ósk, en einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundnar hendur um afgreiðslu málsins í þinginu. Frá ráðherra fylgdi tillögunni eftirfarandi greinargerð:

Aukning Laxárvirkjunarinnar er orðin mjög aðkallandi. Allt það afl, sem þegar hefur verið virkjað, er nú fullnotað. Rafmagnsnotkun eykst ört á Akureyri, en auk þess er nú verið að leggja línu frá Laxárvirkjuninni til Húsavíkur, og verður í sumar byrjað á veitu frá Akureyri til Dalvíkur. Að auka virkjun Laxár tekur nokkur ár, en nú þegar orðinn aflsskortur á orkuveitusvæði Laxárvirkjunarinnar og brýn nauðsyn þess, að aukningunni sé hraðað svo sem kostur er.

Allýtarlegar rannsóknir hafa verið gerðar og áætlanir um viðbótarvirkjanir í Laxá við Brúar, og er búizt við, að mjög bráðlega verði undirbúningi svo langt komið, að unnt verði að festa kaup á vélum og öllu aðalefni til virkjunarinnar. Afgreiðslufrestir á vélum og efni frá verksmiðjum erlendis eru nú svo langir, að þeir ráða því, hversu langan tíma framkvæmd virkjunarinnar tekur. Skiptir því mestu að geta sem fyrst gengið frá efniskaupum.

Akureyrarkaupstaður sótti á s. l. hausti um leyfi ráðherra til þess að mega fullvirkja efri hluta fallsins við Brúar með 9500 ha viðbót við það vélaafl, sem fyrir er. Var sú virkjun ásamt háspennulínu og spennistöð þá áætluð 11,6 milljón krónur í stofnkostnað, en er nú áætluð 14 millj. krónur. Rafmagnseftirlit ríkisins taldi þá virkjunarskilyrði ekki full rannsökuð, og hefur það síðan látið gera nokkrar samanburðaráætlanir um ýmsa tilhögun virkjunarinnar, mælt fallhæð o. fl. að nýju

og lagt til, að neðri hluti fallsins við Brúar yrði virkjaður áður en efri hlutinn er fullvirkjaður.

Virkjun neðri hluta fallsins er nú talin um 13000 hö. og stofnkostnaður virkjunarinnar ásamt háspennulínu til Akureyrar og aðalspennistöð þar er talinn muni verða um 18 milljón krónur.

Eins og áður er getið, sótti Akureyrarkaupstaður um að mega fullvirkja efri hluta fallsins við Brúar, en eftir ýtarlegri athuganir er nú talið heppilegra að virkja fyrst neðri hlutann. Það er hvort tveggja, að bæjarstjórn Akureyrar hefur ekki enn tekið afstöðu til þess, hvort hún óski að mega virkja neðri hluta fallsins, og að sérfróðir ráðunautar ríkisstjórnarinnar telja sterk rök hníga að því, að ríkið eigi og reki þessa virkjun. Þykir ekki verða hjá því komizt að taka þessa hlið málsins til ýtarlegri athugunar og láta fara fram um þetta frekari umræður milli fulltrúa ríkisstjórnarinnar og fulltrúa frá Akureyrarkaupstað. Er fyrirsjáanlegt, að þeim umræðum og athugunum verður ekki lokið og ákvarðanir teknar fyrr en seint á þessu ári, en öllum er ljóst, að brýn nauðsyn er á, að virkjuninni sé hraðað svo sem kostur er. Er því með þingsályktunartillögu þessari farið fram á, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til að láta gera þær byrjunarframkvæmdir, sem nauðsynlegar eru. Til þeirra byrjunarframkvæmda og þar með þess að festa kaup á þeim vélum, sem lengstan afgreiðslufrest hafa frá verksmiðjum, er talið, að þurfi að nota á þessu ári allt að 3 milljónir króna.

Eftir raforkulögum er ráðherra heimilt að veita Akureyrarkaupstað leyfi til að fullvirkja Laxá við Brúar, en réttara þykir, eins og málum er komið, að til úrskurðar Alþingis komi um þetta, og er með síðari málsgrein þingsályktunartillögunnar lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að leggja fyrir næsta þing tillögur sínar um, hver skuli annast þessa virkjun.

Sþ. 945. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 926 [Bráðabirgðalán til Fljótavirkjunarinnar].

Frá Áka Jakobssyni.

Aftan við tillögugreinina bætist: Þar til láns hefur verið aflað út á ríkisábyrgðina, er ríkisstjórninni heimilt að lána úr ríkissjóði allt að 500 þús. krónur.

Nd. 946. Nefndarálit

um frv. til l. um öryggi verkamanna við vinnu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um, að öryggi verkamanna við vinnu sé að ýmsu leyti ábótavant. Vegna þeirrar þróunar, sem orðið hefur í iðnaði og öðrum atvinnuvegum á hinum síðari árum, hafa myndazt ný viðhorf og skapazt ný viðfangsefni, sem annaðhvort engar reglur eru um eða þá að gildandi reglur eru úreltar. Alþingi hefur viðurkennt þetta, hvað viðvíkur eftirliti með verksmiðjum og vélum, með því að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög og reglur, er um það gilda (sjá till. til þál. á þskj. 762). Frv. það, er hér liggur fyrir, er því máli mjög skylt, og telur n. eðlilegast, að um þetta sé sett ein löggjöf til öryggis verkamönnum, hvaða vinnu sem þeir stunda, og að þeir aðilar, er framkvæma endur-

skoðun þá, sem áður getur, taki einnig efni þessa frv. til athugunar. N. leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti semja reglur um öryggi verkamanna við vinnu í sambandi við væntanlega endurskoðun á eftirliti með verksmiðjum og vélum, enda fari sú endurskoðun fram í samráði við verkalýðssamtökin og vinnuveitendasamtökin, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. maí 1947.

Garðar Þorsteinsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr., frsm. Jörundur Brynjólfsson,

Hermann Guðmundsson. Auður Auðuns.

Nd. 947. Nefndarálit

um frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (SK) áskilur sér rétt til að fylgja eða flytja brtt. SG var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. maí 1947.

Sigurður Kristjánsson, form. Lúðvík Jósefsson, fundaskr. Finnur Jónsson, frsm.

Pétur Ottesen.

Ed. 948. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haldið nokkra fundi um málið og rætt það við hæstvirtan menntamálaráðherra. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin fellur niður.
2. Á eftir 3. gr., sem verður 2. gr., kemur ný grein, svo hljóðandi:
   Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 56 1927 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um skemmtanaskatt, rekstrarsjóð þjóðleikhúss, félagsheimilasjóð o. fl.

Alþingi, 22. maí 1947.

Kristinn Guðmundsson, form. Hannibal Valdimarsson, fundaskr., frsm. Ásmundur Sigurðsson.

Lárus Jóhannesson. Eiríkur Einarsson.

Nd. 949. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 frá 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 22. maí 1947.

Garðar Þorsteinsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr. Auður Auðuns, frsm.
Hermann Guðmundsson. Jörundur Brynjólfsson.

Ed. 950. Nefndarálit

um frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það nái fram að ganga.

Alþingi, 22. maí 1947.

Pétur Magnússon, form. Kristinn Guðmundsson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.
Brynjólfur Bjarnason, með fyrirvara. Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 951. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að verja fé til eflingar bindindisstarfsemi.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja til eflingar bindindisstarfsemi í landinu sem samsvarar tveim hundraðshlutum af árlegum hagnaði áfengisverzlunar ríkisins á meðan hreinn hagnaður af verzluninni nemur 35 milljónum króna eða þar yfir. Nú verður hagnaður af verzluninni minni, og má þá verja til þessarar starfsemi fé sem samsvarar þrem hundraðhlutum hagnaðarins, ef hann nemur 20—35 milljónum, en fjórum hundraðshlutum, ef hagnaðurinn nemur enn minni upphæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nauðsyn þykir bera til, að bindindissamtökin í landinu verði styrkt með meiri fjárframlögum af hálfu hins opinbera en til þeirra hefur verið varið til þessa. Einkum er brýn þörf á, að komið verði upp fullnægjandi húsnæði fyrir starfsemi templ-

ara í Reykjavík, en að því loknu má gera ráð fyrir, að halda þurfi áfram svipuðum framkvæmdum.

Í frumvarpinu er ætlazt til, að fé verði greitt beint úr ríkissjóði, en miðað við hagnað áfengisverzlunar ríkisins, þó svo, að hundraðshlutinn, sem til starfseminnar er ætlaður, verði meiri eftir því sem úr áfengissölunni dregur.

Ed. 952. Breytingartillögur

við frv. til l. um breytingar á lögum nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og lögum nr. 94 14. maí 1940, um breytingar á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 8. gr. Greinin fellur niður, og breytist greinatalan samkv. því.
2. Við 10. gr., sem verður 9. gr. Greinina skal orða svo:

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 94 1940 inn í lög nr. 38 1937, að slepptum II. kafla síðarnefndra laga, sem numinn er úr gildi með lögum frá 1947 um Ræktunarsjóð Íslands, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 953. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og lögum nr. 94 14. maí 1940, um breytingar á þeim lögum.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað 1. gr. l. nr. 94 1940 komi ný grein, svo hljóðandi:

4. gr. l. nr. 38 1937 orðist svo:

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkvæmt lögum þessum.

Ríkisráðunautur í loðdýrarækt hefur í umboði landbúnaðarráðherra og í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands yfirumsjón með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu vera trúnaðarmenn ráðunautar í málum varðandi loðdýraræktina, hver í sínu umdæmi, og framkvæma eða láta framkvæma í sínu umboði eftirlit með loðdýraræktinni eftir því, sem ráðunauturinn leggur fyrir, og ganga ríkt eftir, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Nú þykir ráðunaut áfátt vera um eftirlit trúnaðarmanna sinna, og getur þá ráðherra skipað aðra trúnaðarmenn að fengnum tillögum ráðunautar.

Hafi trúnaðarmaður sjálfur loðdýr undir höndum, þá skal ráðunauturinn hafa eftirlit með búi hans, eða skipa til þess annan mann, ef honum þykir ástæða til.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. l. nr. 94 1940 orðist svo:

Leyfi til loðdýraræktar skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðherra gefur út í samráði við Loðdýraræktarfélag Íslands.

3. gr.

4. gr. l. nr. 94 1940 orðist þannig:

7. gr. laganna orðist svo:

Öll loðdýr skulu geymd í fulltryggum loðdýragirðingum og búrum. Skal ávallt setja dýrhelda ytri girðingu um minka- og refabúr. Girðingu þessa skal setja svo langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim. Nánari ákvæði um gerð búra og girðinga setur landbúnaðarráðherra með reglugerð.

Þegar loðdýr eru flutt, skal ávallt flytja þau í öruggu búri. Ef loðdýrin eru geymd í aðhaldi, er skylt að flytja þau í örugga vörzlu (sbr. 5. gr.) eða lóga þeim, hvenær sem hætta þykir á, að dómi trúnaðarmanns, að þau kunni að sleppa úr haldi, svo sem vegna ísalaga milli lands og eyja.

Vanræki sá, er leyfi hefur fengið til loðdýraræktar, að hafa vörzlu loðdýra nægilega trygga og lögum samkvæma, þrátt fyrir áminningar trúnaðarmanns eða ráðunautar, getur hreppsnefnd eða bæjarstjórn, að fengnu samþykki ráðunautar, afturkallað fyrirvaralaust hið áður veitta leyfi og krafizt þess, að dýrunum verði strax lógað, nema eigandi komi þeim í örugga vörzlu á öðru loðdýrabúi.

Loðdýraeigandi, sem uppvís verður að illri og ómannúðlegri meðferð á loðdýrum sínum, skal missa leyfi sitt til loðdýraræktar á sama hátt og segir í 3. mgr.

4. gr.

5. gr. l. nr. 94 1940 orðist svo:

Á eftir 7. gr. l. nr. 38 1937 komi ný grein, svo hljóðandi:

Hver sá félagi eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi til loðdýraræktar og tekið hefur dýr í vörzlu, svo og þeir loðdýraeigendur, sem koma dýrum sínum í fóður hjá öðrum, en hafa ekki sjálfir leyfi til loðdýraræktar, skulu, án sérstakrar inntökubeiðni eða inntökuskírteinis, verða meðlimir í Loðdýraræktarfélagi Íslands eða öðru félagi loðdýraeigenda, er komi í þess stað, með þeim skyldum og réttindum, er lög félagsins ákveða, enda hafi landbúnaðarráðherra staðfest lög þess.

Gjöldum loðdýraeigenda, sem ákveðin eru í félagslögum, fylgir lögtaksréttur.

5. gr.

Í stað 7. gr. l. nr. 94 1940 komi ný grein, svo hljóðandi:

11. gr. laga nr. 38 1937 orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt, er hafi umsjón með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Ráðherra gefur út erindisbréf handa ráðunaut, og skal þar m. a. svo ákveðið, að ráðunauturinn skuli einnig vera í þjónustu Loðdýraræktarfélags Íslands og hlíta fyrirmælum þess um þau störf, er um ræðir í 6. gr., og vera félaginu að öðru leyti til aðstoðar og ráðuneytis um þau félagsstörf eða málefni, er stjórn félagsins óskar eftir og samrýmzt geta störfum hans í umboði ráðherra.

Laun ráðunautar, skrifstofufé og ferðakostnaður greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

12. gr. l. nr. 38 1937 orðist svo:

Loðdýraræktarráðunauturinn hefur með höndum án endurgjalds frá loðdýraeigendum almenna fræðslu og leiðbeiningarstarfsemi í loðdýrarækt, bæði munnlega og í rituðu máli.

Hann skal ferðast á milli loðdýrabúa í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands til eftirlits og leiðbeininga, og skal hann þá einnig framkvæma merkingar loðdýra, eftir því sem við verður komið og óskað er.

Hann skal mæta á fundum Loðdýraræktarfélags Íslands og félagsdeilda þess, þegar óskað er og ástæður leyfa.

Ráðunauturinn skal vera dómari á loðdýrasýningum, eða skipa annan færan mann í sinn stað, ef hann er hindraður í að mæta. Hann skal og hafa yfirumsjón og eftirlit með því, að merking loðdýra sé lögmæt og framkvæmd árlega. Heimilt er í reglugerð að ákveða merkingargjald fyrir þau dýr, er ráðunautur merkir sjálfur, og greiðist gjaldið í ríkissjóð. Ráðunauturinn skal færa ættbók yfir öll fyrstu verðlauna dýr. Heimilt er ráðunaut að taka með í ættbókina veruleg úrvalsdýr, þó að þau hafi ekki verið á sýningu.

7. gr.

Á eftir 16. gr. l. nr. 38 1937 komi ný grein, svo hljóðandi:

Loðdýraræktarráðunauturinn skal annast eyðingu villiminka og annarra loðdýra, er sloppið hafa úr haldi. Skal hann vera í samvinnu við sýslunefndir landsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 94 1940 inn í lög nr. 38 1937, að slepptum II. kafla áðurnefndra laga, sem numinn er úr gildi með lögum frá 1947 um Ræktunarsjóð Íslands, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 954. Nefndarálit

um frv. til l. um inngöngu Íslands í Bernarsambandið.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Eftir 2. gr. kemur ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Ríkisstjórnin skal, eftir því sem verða má, tryggja það, að þýðendur eða bókaútgefendur, sem þegar hafa þýtt eða látið þýða erlendar bækur, hafi forgangsrétt til útgáfu þeirra gegn hæfilegri þóknun til eiganda þýðingarréttarins, enda verði bókin gefin út fyrir 31. desember 1948.

Þýðendur og útgefendur, sem notfæra vilja sér þetta ákvæði, skulu senda menntamálaráðuneytinu skrá um bækur þessar innan þess tíma, sem ráðuneytið ákveður með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, og færa sönnur á, ef óskað er, að þýðingarstarfið hafi verið hafið, áður en Ísland óskaði inngöngu í Bernarsambandið.

Alþingi, 22. maí 1947.

Kristinn Guðmundsson, form. Hannibal Valdimarsson, fundaskrifari. Lárus Jóhannesson, frsm.

Ásmundur Sigurðsson. Eiríkur Einarsson.

Sþ. 955. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1943.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við ríkisreikninginn frá 1943 og ekkert fundið athugavert við þann samanburð, utan að einum lið í 11. gr. frumvarpsins, að upphæð 47 þús. 291 kr. og 40 aurar, er þar ofaukið og á að falla niður, og breytast niðurstöðutölur frv. samkvæmt því.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU

Við 11. gr. Línan á eftir 32. f. („Tekjur deilda og gjöld .... 47291.40") fellur niður.

Alþingi, 22. maí 1947.

Gísli Jónsson, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Helgi Jónasson, frsm.
Pétur Ottesen.	Sig. Kristjánsson.	Ingólfur Jónsson.
Steingr. Aðalsteinsson.	Áki Jakobsson.	Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 956. Nefndarálit

um till. til þál. um fyrirgreiðslu og ábyrgð vegna sölu á fiskibátum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin varð sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að greiða fyrir innanlandssölu á fiskibátum ca. 25 rúmlesta og minni. Er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs ⅔ af matsverði bátanna til vátryggingar, næst á eftir ábyrgð sveitarfélags þess, er báturinn flyzt til.

Alþingi, 22. maí 1947.

Gísli Jónsson, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Sig. Kristjánsson. frsm.
Halldór Ásgrímsson.	Steingr. Aðalsteinsson.	Pétur Ottesen.
Helgi Jónasson.	Ingólfur Jónsson.	Áki Jakobsson.

Ed. 957. Lög

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 780.

Ed. 958. Lög

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 734.

Ed. 959. Frumvarp til laga

um söngskóla þjóðkirkjunnar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og starfrækja í Reykjavík skóla, er nefnist söngskóli þjóðkirkjunnar. Þar skal kenna nemendum guðfræðideildar háskólans, væntanlegum kirkjuorganistum svo og söngkennaraefnum orgelspil og söng, tónfræði, tónlistarsögu, söngstjórn o. fl., er að tónmenntun lýtur.

2. gr.

Fræðslumálastjórnin í samráði við biskup Íslands hefur á hendi yfirumsjón skólans og setur honum reglugerð. Allur kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar hefur á hendi forstöðu skólans og annast kennslu, eftir því sem við verður komið, án sérstaks endurgjalds. Hann ræður í samráði við yfirstjórn skólans stundakennara eftir því, sem þörf krefur.

4. gr.

Námstími skal vera allt að fjórum árum, og starfar skólinn 6 mánuði árlega. Enn fremur er heimilt að halda í sambandi við skólann námskeið í söng og orgelleik fyrir kirkjuorganista, kirkjukóra og söngkennara.

5. gr.

Nánari ákvæði um kennslutilhögun, námstíma, inntökuskilyrði og próf skulu sett með reglugerð.

Ed. 960. Nefndarálit

um frv. til l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið, og eru fjórir undirritaðir nefndarmenn ásáttir um að leggja til við deildina, að málið nái fram að ganga. Einn nefndarmaður (EE) áskilur sér þó rétt til að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 22. maí 1947.

Þorst. Þorsteinsson, form. Páll Zóphóníasson, frsm. Eiríkur Einarsson.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 961. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur eigi orðið sammála um afgreiðslu frv. Einn nefndarmanna (BrB) vill fella það. Hinir fjórir nefndarmennirnir eru sammála um að mæla með, að frv. nái fram að ganga, en vilja hins vegar gera á því nokkrar breytingar.

Svo sem kunnugt er, hefur Eimskipafélag Íslands notið skattaívilnana síðan 1928. Þegar eftir styrjaldarlokin hófst félagið handa um öflun nýrra skipa, enda var skipakostur þess þá mjög úr sér genginn. Hin nýju skip eru að sjálfsögðu mjög dýru verði keypt, og fjárþörf félagsins á næstu árum mun því verða meiri en nokkru sinni fyrr. Enda þótt félaginu hafi safnazt allmikið fé á síðustu árum, mun félaginu full þörf á þeim tekjuafgangi, sem verða kann hjá því á þessu og næsta ári. Telur meiri hl. því rétt að framlengja skattafríðindin svo sem lagt er til í frv. Tveir nefndarmenn (KG og ÞÞ) vilja þó láta þess sérstaklega getið, að fylgi þeirra við frv. í þetta sinn megi eigi skoðast þannig, að þeir telji, að Eimskipafélagið að staðaldri eigi að njóta skattfríðinda.

Meiri hl. nefndarinnar er hins vegar þeirrar skoðunar, að eigi sé æskilegt að blanda inn í þessa löggjöf ákvæðum um skattaívilnanir fyrir aðrar stofnanir en Eimskipafélagið, enda hefur það algera sérstöðu í siglingamálum landsins. Í samræmi við ofanritað leggur meiri hl. til, að frv. verði samþykkt með eftirgreindum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Síðari málsgrein falli niður.
2. Við fyrirsögn frv. Orðin „o. fl.“ falli niður.

Alþingi, 22. maí 1947.

Pétur Magnússon, form., frsm.	Kristinn Guðmundsson, fundaskr.	Guðm. Í. Guðmundsson.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Ed. 962. Nefndarálit

um frv. til l. um þjóðleikhús.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Þjóðleikhúsið skal rekið í samræmi við ákvæði laga þessara.
2. Við 3. gr. 1. mgr. orðist þannig:
   Menntamálaráðherra ræður þjóðleikhússtjóra og skrifstofustjóra.
3. Við 7. gr. Í stað orðsins „Skipun“ í 2. mgr. komi: Ráðning.
4. Við 12. gr. Aftan við greinina bætist: Með rekstrarkostnaði leikhússins telst allur kostnaður við þjóðleikhúsbygginguna, eftir að hún er fullgerð.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum þjóðleikhússins, og þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum þess.

Alþingi, 22. maí 1947.

Kristinn Guðmundsson, form., frsm.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr.	Ásmundur Sigurðsson, með fyrirvara.

Lárus Jóhannesson.

Ed. 963. Nefndarálit

um frv. til l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa máls.

Meiri hlutinn vill samþykkja frv. óbreytt, en ég vil gera á því allmiklar breytingar, og mun ekki greiða atkv. með frv., ef þær verða felldar.

Það má fullyrða, að frv. þetta, ef að lögum verður, markar enga nýja stefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins. Nú er það almennt viðurkennt, að eitt af því, sem mest háir landbúnaðarframleiðslunni og skapar dýrar vörur, er það, hve framleiðslan er óskipulögð. Það er alkunnugt, að skilyrði til framleiðslu hinna ýmsu vörutegunda eru mjög misjöfn í héruðum og landshlutum. Meðan ekki var til innlendur markaður fyrir nema lítið af landbúnaðarframleiðslunni og aðalsöluvaran var sauðfjárafurðir, jafnframt því að mestallur búskapurinn byggðist á rányrkju, gat vitanlega ekki verið um neina skipulagningu að ræða. En með sköpun innlends markaðar fyrir svo að segja alla framleiðsluna og ræktunarbúskap, sem nú er mjög stefnt að, hafa skapazt allt aðrar ástæður og algerð nauðsyn á að taka þessi mál öðrum tökum en áður, og þá fyrst og fremst að framleiða hverja vörutegund sem allra mest þar, sem náttúruskilyrðin eru heppilegust fyrir hana. Einn aðalþátturinn í dýrtíðarvandamálinu hjá okkur er einmitt hinn mikli framleiðslukostnaður landbúnaðarvaranna, sem fyrst og fremst stafar af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi frumstæðum búnaðarháttum á allt of mörgum býlum landsins, og í öðru lagi því skipulagsleysi á framleiðslunni, sem enn þá er ríkjandi, þar sem sauðfjárrækt er stunduð við léleg skilyrði í næsta nágrenni stærstu kaupstaða, jafnvel í kaupstöðunum sjálfum, en neyzlumjólkin flutt að um vegalengdir, er nema hundruðum kílómetra.

Nú hafa nýlega verið samþykkt tvenn lög á Alþingi, sem ákveða stóraukin fjárframlög frá ríkinu til framkvæmda í landbúnaðinum. Jafnframt má fullyrða, að einstaklingar muni leggja fram stórfé í framkvæmdir á næstu árum. Verða það án efa hundruð millj. kr., sem fest verða í ræktun, byggingum og vélum bæði frá ríki og einstaklingum næsta áratug. Það skiptir því ekki litlu máli fyrir þjóðarheildina, að þessu fé verði hyggilega varið, en ekki að meira eða minna leyti á glæ kastað með skipulagslausum framkvæmdum, þar sem ekki er tekið tillit til þeirrar þróunar, sem æskilegast og hagfelldast er að beina landbúnaðarframleiðslunni inn á. En um þetta vantar algerlega ákvæði í frumvarpið. Ýmsir munu að vísu vilja telja, að 5. liður 2. gr. feli í sér þess konar ákvörðun, þar sem framleiðsluráði er ætlað það verkefni „að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma“.

En hvernig er nú framleiðsluráði ætlað að vinna þetta verkefni? Til þess að athuga það er bezt að líta á verðlagningarákvæðin í 19., 20. og 29. gr. Það er gert ráð fyrir einni allsherjar verðútjöfnun, framkvæmdri með því að taka verðjöfnunargjald af kjöti og mjólk og meira að segja gert ráð fyrir tvenns konar verðútjöfnun á mjólk, í fyrsta lagi milli mjólkurbúa á sama mjólkursölusvæði og í öðru lagi milli mjólkursölusvæða. Stefnan er eins og segir í 29. gr., að alls staðar sé greitt sama verð fyrir sömu vöru á sölustað. Þetta þýðir það, að framleiðendur hafa engan hag af að skipta um framleiðslu eða búgreinar, þótt bæði náttúruskilyrði og markaðsaðstaða mæli með því, að slíkt væri hagrænt frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Það verðjöfnunarfyrirkomulag, sem hingað til hefur gilt og nú á samkvæmt frumvarpinu að útfæra í enn þá ríkara mæli, verkar því beinlínis sem hemill á þá þróun, er talað er um í 5. lið 2. gr., að framleiðsluráð eigi að vinna að.

Til þess að fá fram raunhæfa skipulagningu á landbúnaðarframleiðslunni þarf einmitt að fara gagnstæða leið við þá, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þ. e. greiða hærra verð fyrir mjólk í þeim héruðum, sem eiga fyrst og fremst að verða mjólkurframleiðsluhéruð, og hærra verð fyrir kjöt í þeim héruðum, er eingöngu ættu að stunda kjötframleiðslu. Þannig mundu framleiðendur fá ástæðu til að efla þá framleiðslu, sem gefur þeim beztan árð. Ég tel nauðsynlegt að breyta frumvarpinu í þessa átt og flyt því breytingartillögur um það.

Þá skal vikið að öðrum kafla frv., er fjallar um verðskráningu. Ég er því samþykkur, að reynt verði svo sem unnt er að ná samkomulagi milli fulltrúa framleiðenda og neytenda um verðlagið. Hins vegar má teljast óeðlileg sú tilnefning fulltrúa af hálfu Landssambands iðnaðarmanna og Sjómannafélags Reykjavíkur, er frv. gerir ráð fyrir, þar sem flestir meðlimir Sjómannafélagsins eru í Alþýðusambandi Íslands og Landssamband iðnaðarmanna er fámennt atvinnurekendasamband. Hins vegar eru útilokuð önnur mjög fjölmenn neytendasamtök, sem eðlilegt má telja, að ættu þarna fulltrúa. Má þar nefna Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Sérstaklega virðist einkennilegt að taka eitt stéttarfélag í Reykjavík út úr öllum heildarsamtökum og gefa því sérstakan rétt, en sleppa jafnfjölmennum launþegasamtökum Starfsmannabandalagsins.

Þá er ég enn fremur mótfallinn ákvæðum 4. málsgr. sömu gr. um skipun yfirnefndar, er ákveði verðið, ef samkomulag næst ekki. Hér er aðeins um gerðardóm að ræða, þar sem einn maður hefur úrslitaatkvæði. Er það ekki vandalaust verk fyrir hagstofustjóra að taka ábyrgð á þeirri verðákvörðun, og er ekki fólgið í þessu neitt vantraust á hann, hvorki persónulega né sem embættismann.

Þætti mér eðlilegast, ef samkomulag næst ekki, að samtök framleiðenda hefðu heimild til að auglýsa það verð á eigin ábyrgð. Jafnframt mundi Alþingi og ríkisstjórn verða að ákveða, hvernig niðurgreiðslum ríkissjóðs yrði hagað, og sömuleiðis um innflutning landbúnaðarvara, ef ástæða þætti til. Mundi þá verða því meiri ástæða fyrir bæði framleiðendur og neytendur að koma sér saman um verðið, þar sem neytendur ættu á hættu hærra verð án samkomulags, og framleiðendur ættu á hættu sölutregðu og jafnvel samkeppni við erlendar vörur, ef verðið væri sett óhæfilega hátt í trássi við neytendasamtökin.

Í samræmi við það, sem hér hefur verið sagt um frumvarpið, mun ég flytja breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. maí 1947.

Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 964. Lög

um fyrningarsjóð ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 777.

Ed. 965. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 400 kr. Í hreppi með 101—150 íbúa 450 kr. Í hreppi með 151—200 íbúa 500 kr. og svo framvegis, þannig að launin hækki um 50 kr. fyrir hverja 50 íbúa.
2. Við 2. gr. Önnur málsgrein falli niður.

Nd. 966. Breytingartillaga

við frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 8. gr.

Á eftir orðunum „eða sérfræðingur um smíði tréskipa“ í annarri málsgr. greinarinnar kemur: eða siglingafræðingur.

Ed. 967. Frumvarp til laga

um eftirlit með skipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 602 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Forseti skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála.

Hann skal hafa starfið sem aðalstarf, vera skipaverkfræðingur eða vélfræðingur eða sérfræðingur um smíði tréskipa eða siglingafræðingur og fullnægja kröfum þeim, sem þarf til þess að vera embættismaður hér á landi. Eigi má hann hafa þau störf á hendi, er telja má ósamrýmanleg stöðu hans, svo sem eftirlit með skipum eða vélum fyrir einstaklinga, félög eða opinberar stofnanir.

Skipaskoðunarstjóri hefur skrifstofu í Reykjavík.

Um verksvið hans og starfshætti skal ákveðið í reglugerð, er ráðherra setur, að því leyti, sem ákvæði þessara laga ná ekki til. Við samningu reglugerðarinnar skal leita álits Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna.

11. gr. hljóðar svo:

Skipaskoðunarstjóri skipar eftirlitsmann á hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd eftirlits þar og umsjón með skoðunarmönnum undir yfirstjórn skipaskoðunarstjóra.

Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðis síns, er skipaskoðunarstjóri ákveður, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa að dómi skipaskoðunarstjóra nægilega þekkingu á siglingum, skipum og vélum til þess að leiðbeina skoðunarmönnum, samræma eftirlitið til meira öryggis og skera úr um ágreining, sem upp kynni að rísa um haffæri skipa.

Skipaskoðunarstjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur.

48. gr. hljóðar svo:

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Þá skipar dómsmálaráðherra 12 meðdómendur og 6 varameðdómendur, alla til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi og annar þeirra á diesel-skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar eða loftskeytamenn síðastliðin 5 ár.
4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu sérfróðir um firðtæki.

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru: Formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra, sem tilnefndir hafa verið, og annar sjómannanna (sbr. 3. lið).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda, og gildir sú kvaðning, þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadómendanna valdir í hvert skipti af föstu dómendunum, eftir því hverrar sérþekkingar er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

50. gr. hljóðar svo:

Hafi einhver sá atburður gerzt, er valdi því, að halda beri sjóferðapróf samkvæmt 45. gr. l. nr. 56 30. nóv. 1914, ber að gera eftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem sjópróf er haldið, aðvart um það, og sé um að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón á skipi eða veruleg meiðsli manna, ber honum að mæta eða láta mæta við prófin.

Eftirlitsmanni ber og að hefjast handa um, að próf sé haldið, ef hann telur ástæðu til eða þess er krafizt af aðilum þeim, sem taldir eru í b-lið 29. gr.

Hinir reglulegu sjódómar annast sjópróf og rannsóknir sjóslysa.

Á I. eftirlitssvæði fer þó siglingadómur með rannsóknina, en getur falið hana sjódómi, þar sem skip er statt, ef um lítilræði er að ræða eða sérstaklega stendur á. Siglingadómur getur haldið sjópróf hvar sem er á landinu, ef hann telur ástæðu til.

Öll sjópróf fara fram að hætti sakamála.

Að prófi loknu skal eftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem próf er haldið, sent eftirrit af því. Eftirlitsmaður getur krafizt framhaldsprófs, ef hann telur ástæðu til. Hann sendir síðan skipaskoðunarstjóra eftirrit prófanna ásamt athugasemdum sínum.

Skipaskoðunarstjóri sendir síðan skjölin til dómsmálaráðuneytisins, og telji hann ástæðu til að ætla, að um refsivert brot sé að ræða, gerir hann tillögu um málshöfðun og lætur fylgja greinargerð og gögn, er hann telur þurfa.

Nú fyrirskipar dómsmálaráðuneytið málshöfðun, og gefur þá siglingadómur út stefnu og ákveður fyrirtöku málsins á þeim stað og tíma, er hann telur henta. Málið skal síðan rekið að hætti sakamála, þó þannig, að málflutningur er munnlegur og opinber.

71. gr. hljóðar svo:

Ef maður, sem hefur fengið opinbera viðurkenningu eða próf sem smiður skips, vélar eða búnaðar þess, vanrækir störf sín samkvæmt lögum þessum af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, varðar það hann refsingu og réttindamissi samkvæmt 67. og 69. gr.

Ed. 968. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm. (EE) var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 22. maí 1947.

Kristinn Guðmundsson, form.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr.	Ásmundur Sigurðsson. frsm.
	Lárus Jóhannesson, með fyrirvara.	

Ed. 969. Breytingartillaga

við frv. til l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 11. gr. Greinin falli niður.
2. Við 17. gr. Greinin falli niður.

Ed. 970. Frumvarp til laga

um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Þau börn teljast óskilgetin, sem hvorki fæðast í hjónabandi foreldra sinna né svo skömmu eftir hjúskaparslit þeirra, að þau geti verið getin í hjónabandinu.

2. gr.

Nú giftast karl og kona, sem átt hafa saman óskilgetið barn, og skal þá barn þeirra talið skilgetið.

3. gr.

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni þess fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins.

Nú er sambúð karls og konu óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 2 árum eftir hana, og jafngildir hún þá faðernisjátningu.

4. gr.

Gangist karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, ekki við faðerni þess, má höfða mál til sönnunar faðerninu. Um réttarfar í slíkum málum fer að réttarfarslögum.

5. gr.

Móðir er skyld að framfæra og ala upp óskilgetið barn sitt sem skilgetið væri, enda er afstaða óskilgetins barns gagnvart móður þess söm sem afstaða skilgetins barns gagnvart foreldri.

6. gr.

Nú hefur karlmaður gengizt við faðerni óskilgetins barns, verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall eða eiður fallið á hann, og er honum þá, jafnt móður þess, skylt að kosta framfærslu barnsins og uppeldi.

7. gr.

Heimilt er barnsmóður eða öðrum framfæranda óskilgetins barns, þar á meðal sveitarstjórn, að semja fyrirfram jafnvel fyrir barnsburð um greiðslu meðlags og kostnaðar vegna barnsburðarins. Slíkur samningur er því aðeins gildur, að valdsmaður staðfesti hann. Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, og fara skal með slíkt fé, ef fyrirfram er greitt, sem fé ófjárráða.

8. gr.

Valdsmanni í heimilissveit barnsföður, eða þess, sem dæmdur er meðlagsskyldur, er heimilt að úrskurða hann til meðlagsgreiðslu. Við ákvörðun meðlagsupphæðar skal hafa hliðsjón af högum beggja foreldra og miða meðlagsgreiðsluna við hag þess foreldris, sem betur er stætt. Nú má ætla, að barnið sé ávöxtur af samförum án vilja móður þess eða að óvilja hennar, enda hafi faðirinn við réttarrannsókn orðið sannur að slíku tilræði við móðurina, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barnsins að öllu leyti. Í meðlagsúrskurði skal tilgreina aldur barnsföður (meðlagsskylds), fæðingarstað og framfærslusveit.

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma.

9. gr.

Nú sýkist barn á ómagaaldri eða andast, og er valdsmanni þá heimilt, ef móðir þess krefst, að úrskurða föður þess eða þann, sem dæmdur er meðlagsskyldur, til þess að leggja fram fé til hjúkrunar, lækningar og greftrunar barnsins. Sama rétt hefur sá, er tekur að sér framfærslu barnsins að móðurinni látinni eða af öðrum ástæðum, þar á meðal sveitarstjórn.

10. gr.

Meðlag með óskilgetnu barni skal greiða mánaðarlega fyrirfram. Þó er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða meðlag óskilgetins barns fyrirfram fyrir allt að sex mánuði í senn.

11. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða móður óskilgetins barns, sem á framfærslurétt hér á landi, meðlag með barni hennar og annan kostnað vegna barnsins samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó ekki meira en barnalífeyri samkv. lögum um almannatryggingar og ekki lægri upphæð, þótt úrskurður eða samningur ákveði annað.

Kröfu barnsmóður til Tryggingastofnunarinnar skal fylgja meðlagsúrskurður, löglega birtur, og lífsvottorð barnsins. Tryggingastofnuninni er þó ekki skylt að greiða meðlag, sem eindagað er meira en 12 mánuðum áður en krafa barnsmóður kom fram, og skylt er Tryggingastofnuninni að gera dvalarsveit móður eða framfærslusveit föður barnsins (meðlagsskylds) kunnugt um greiðsluna innan 3 mánaða frá greiðslu, ella fellur endurkröfuréttur Tryggingastofnunarinnar niður. Eigi barnsfaðir (meðlagsskyldur) framfærslurétt erlendis, skal ríkissjóður endurgreiða Tryggingastofnuninni úrskurðarupphæðirnar.

12. gr.

Nú hefur móðir óskilgetins barns fært sönnur á faðerni þess samkv. 3. gr. að dómi valdsmanns, þar sem hún á heima, en meðlagsúrskurður verður þó ekki út gefinn, og skal þá valdsmaður úrskurða henni meðlag og kostnað samkv. 11. og 15. gr. á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

13. gr.

Sama rétt og móðir óskilgetins barns hefur samkvæmt framansögðu hafa og þeir, er annast framfærslu barnsins að móðurinni látinni eða af öðrum lögmæltum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess.

14. gr.

Nú elur kona óskilgetið barn, og á hún þá rétt til greiðslu af tryggingafé samkv. 34. gr. laga nr. 50 1946, um almannatryggingar, en rétt er valdsmanni að úrskurða barnsföður (meðlagsskyldan) til að greiða tryggingaiðgjöld hennar um eins árs bil og framlag til hennar, er nemi því, sem á kann að vanta, að hún fái hámarksgreiðslu samkv. nefndri lagagrein.

Nú sýkist kona vegna meðgöngunnar eða barnsfaranna, og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður (meðlagsskyldan) til að greiða henni mánaðarlegan styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en í 6 mánuði eftir barnsburð, að því leyti, sem sá kostnaður verður ekki greiddur af tryggingarfé.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður, sem um getur í fyrri mgr. 8. gr., skal valdsmaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað, er af meðgöngunni og barnsförunum leiðir.

15. gr.

Allur kostnaður og meðlag, er valdsmaður úrskurðar barnsmóður til handa, er gjaldkræfur á hendur Tryggingastofnun ríkisins næstu 12 mánuði eftir að úrskurður

var út gefinn eða dómur gekk í barnsfaðernismáli, enda verði barnsmóður ekki um kennt, að málið var ekki fyrr dæmt eða úrskurðað.

16. gr.

Barnaverndarnefnd er jafnan heimilt að úrskurða, að óskilgetið barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldri, ef þar fer vel um það, enda þótt sá, er foreldraráð hefur yfir barninu, kalli eftir því.

17. gr.

Óskilgetið barn erfir móður og móðurfrændur sem skilgetið væri, svo og föður sinn og föðurfrændur, hafi hann gengizt við faðerni þess eða verið dæmdur faðir þess.

Móðir og móðurfrændur erfa óskilgetið barn sem skilgetið væri, svo og faðir og föðurfrændur, hafi barnið átt erfðarétt eftir þá.

18. gr.

Nú lýsir maður, er kona hefur kennt óskilgetið barn sitt, því á varnarþingi sínu og lætur bóka, að hann eigi barnið, og öðlast barnið þá erfðarétt sem skilgetið væri gagnvart föður og föðurfrændum og þeir gagnvart því.

19. gr.

Afstaða óskilgetins barns fer að íslenzkum lögum, hafi móðir þess íslenzkan ríkisborgararétt. Svo er og, ef ekki verður upplýst um ríkisborgararétt hennar eða barnsins og það dvelur hér á landi.

20. gr.

Ákvæði 18. gr. um erfðarétt óskilgetins barns eftir föður og föðurfrændur og þeirra eftir það gilda eigi um börn, sem fædd eru fyrir 1. nóvember 1922.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, lög nr. 39 28. jan. 1935, lög nr. 61 27. júní 1941 og lög nr. 55 14. apríl 1943, öll um breyting á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú telur kona, sem óskilgetið barn hefur alið á tímabilinu frá 1. janúar 1941 til 31. desember 1947, að faðir barnsins sé erlendur maður, sem verið hafi hér á landi í þjónustu eða á vegum erlendra hernaðaraðila, og getur hún þá til ársloka 1949 snúið sér til dómara á varnarþingi sínu og krafizt rannsóknar um faðernið með sama hætti og þá er varnaraðili er farinn af landi burt. Dómari getur með rökstuddum úrskurði heimilað barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, ef hún hefur líkur með sér.

Þegar slíkur eiður hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins, eins og segir í 12. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

Ed. 971. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið sem hér segir:

1. 40% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið eftir því, sem fyrir verður mælt í lögum um þjóðleikhús.
2. 50% skattsins renni í félagsheimilasjóð, og skal honum varið eftir því, sem fyrir verður mælt í lögum um félagsheimili.
3. 10% renni til lestrarfélaga og kaupa á kennslukvikmyndum, og skal ⅓ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en ⅔ til kennslukvikmyndasafna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 56 1927 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um skemmtanaskatt, rekstrarsjóð þjóðleikhúss, félagsheimilasjóð o. fl.

Ed. 972. Nefndarálit

um frv. til l. um afgreiðslustöðvar fyrir áætlunarbifreiðar.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á nokkrum fundum, en afgreiðsla frestazt vegna nokkurra andmæla af hálfu sérleyfishafa gegn frumvarpinu eins og það liggur fyrir. Hefur samgöngumálaráðherra rætt við nefndina um frv. og nauðsyn þá, sem fyrir hendi er á að stöðvar þessar verði reistar. Jafnframt hafa forustumenn sérleyfishafa mætt á nefndarfundi og tjáð sig fúsa til að standa sjálfir fyrir byggingu og rekstri afgreiðslustöðvanna með einhverri fjárhjálp frá ríkinu.

Nefndinni þykir rétt að taka til greina þetta sjónarmið, ef öllu yrði séð borgið að því er fyrirkomulag og rekstur snertir, er samgöngumálaráðherra hefur alla yfirumsjón með. En takist hins vegar ekki samningar við sérleyfishafa um framkvæmdir að þessu leyti, skal ríkisstjórninni heimilt að byggja og reka afgreiðslustöðvar þessar samkv. því, sem frv. gerir ráð fyrir, en þó með nokkru lægra ársgjaldi af sérleyfisgjöldunum en gert er ráð fyrir í frv.

Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með eftirskráðum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin gengst fyrir því, að byggðar verði og reknar afgreiðslustöðvar í Reykjavík og þar annars staðar, sem þörf er, fyrir þær bifreiðar, sem annast áætlunarferðir á sérleyfisleiðum.

2. Á eftir 1. gr. komi ný gr., er verður 2. gr. og hljóði svo:
   Ríkisstjórnin veitir sérleyfishöfum kost á að reisa og starfrækja stöðvar þessar með styrk úr ríkissjóði, er ákveðinn verði í fjárlögum. Skal gerð stöðvanna og rekstrarfyrirkomulag þó háð samþykki ríkisstjórnarinnar.
3. Við 2. gr. (er verður 3. gr.). Orðin „án endurgjalds" falli burtu.
4. Við 3. gr. (er verður 4. gr.). Greinin orðist svo:
   Takist ekki samningar með ríkisstjórninni og sérleyfishöfum innan eins árs um að hinir síðarnefndu reisi og reki stöðvarnar, er ríkisstjórninni heimilt að byggja og reka stöðvar þessar á kostnað ríkissjóðs. Verði samkvæmt þessu stofnað til stöðvanna að öllu leyti á kostnað ríkisins og þær reknar af því, skal árlega verja til niðurgreiðslu byggingarkostnaðar helmingi sérleyfisgjaldsins, svo skal og heimilt að leita eftir þátttöku hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags um framlag til byggingar stöðvar.
5. Við 4. gr. (er verður 5. gr.). Greinin orðist svo:
   Skulu stöðvar þessar, hvort sem þær verða reknar af sérleyfishöfum eða ríkissjóði, taka að sér, gegn ákveðnu gjaldi, alla afgreiðslu áætlunarbifreiða fyrir sérleyfishafa, samkv. reglugerð og gjaldskrá, er samgöngumálaráðherra setur um starfrækslu stöðvanna.

Alþingi, 22. maí 1947.

Eiríkur Einarsson, form., frsm. Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr. B. Kristjánsson.
Þorst. Þorsteinsson. Hannibal Valdimarsson.

Ed. 973. Nefndarálit

um frv. til framfærslulaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta. Sumir nefndarmenn álíta, að gera þurfi allmiklar breytingar á frv., en með tilliti til þess, að komið er svo nærri þingslitum, að hætt er við, að málið fái ekki afgreiðslu, ef breytingar verða á því gerðar, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. maí 1947.

Brynj. Bjarnason, form., með fyrirvara. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Hermann Jónasson.
Gísli Jónsson, með fyrirvara. Hannibal Valdimarsson.

Ed. **974. Breytingartillögur**

við frv. til l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 2. gr. Á eftir orðinu „mjólkursölusvæði“ í 7. tölulið komi: og framleiðslusvæði.
2. Á eftir 3. gr. komi nýjar greinar, er verða 4. og 5. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):
   a. (4. gr.) Framleiðsluráð skal skipta landinu í framleiðslusvæði og skipting við það miðuð að auka framleiðslu hverrar vörutegundar þar, sem framleiðsluskilyrði hennar eru bezt og markaðsaðstaða heppileg. Skulu framleiðslusvæði vera þrenns konar:
      1. Framleiðslusvæði neyzlumjólkur í nágrenni stærri markaðsstaða, og sé þar eingöngu stefnt að mjólkurframleiðslu.
      2. Vinnslumjólkur- og kjötframleiðslusvæði þar, sem skilyrði til mjólkurframleiðslu eru góð, en of langt frá markaðsstað til þess að daglega verði send óskemmd neyzlumjólk á markað. Þó er heimilt að flytja neyzlumjólk til markaðsstaða frá þessum svæðum, þegar framleiðsla hinna viðviðurkenndu neyzlumjólkursvæða getur ekki fullnægt eftirspurninni.
      3. Kjötframleiðslusvæði þar, sem skilyrði til sauðfjárræktar eru bezt, og sé þar yfirleitt ekki gert ráð fyrir framleiðslu mjólkurafurða til sölu.
   b. (5. gr.) Til þess að beina framleiðslu hvers framleiðslusvæðis í þá átt, sem gert er ráð fyrir í 4. gr., skal verðlagningu til framleiðenda hagað þannig, að á neyzlumjólkursvæðum sé mjólkurverð hæst, en kjötverð lægst. Á mjólkurvinnslu- og kjötframleiðslusvæðum sé mjólkurverð lægra, en kjötverð hærra, og á kjötframleiðslusvæðum sé kjötverð hæst.
3. Við 5. gr., sem verður 7. gr. Greinin orðist svo:
   Við útreikning framleiðslukostnaðar og verðlagningu á söluvörum landbúnaðarins á innlendum markaði skal samkvæmt ákvæðum 4. gr. byggt á verðgrundvelli, sem fenginn er með samkomulagi milli þriggja fulltrúa, sem tilnefndir eru af stjórn Stéttarsambands bænda, og þriggja fulltrúa frá þessum félagssamtökum neytenda: Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.
   Nefndinni til aðstoðar eru hagstofustjóri og formaður búreikningaskrifstofu landbúnaðarins.
   Verði samkomulag með öllum nefndarmönnum, er það bindandi.
4. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Framleiðsluráð ákveður skipun mjólkursölusvæða og framleiðslusvæða. Að jafnaði markar sú aðstaða framleiðslusvæði neyzlumjólkur, að daglega sé hægt að selja til kaupstaða eða kauptúna óskemmda mjólk af öllu svæðinu, og enn fremur, að réttmætt teljist að hætta sauðfjárrækt á viðkomandi svæði.
   Nú getur neyzlumjólkursvæði ekki fullnægt mjólkurþörf viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns, og skal þá framleiðsluráð hlutast til um, að neyzlumjólk verði flutt frá næsta mjólkurvinnslusvæði, eftir því sem þörf krefur. Óheimilt er öllum mjólkurframleiðendum að selja mjólk, rjóma eða nýtt (ófryst) skyr utan þess markaðsstaðar, er framleiðslusvæði hans tilheyrir, nema með leyfi framleiðsluráðs.
5. Við 20. gr. Greinin falli niður.
6. Við 29. gr. Greinin orðist svo:
   Til þess að greiða verðmismun vara á framleiðslusvæðum skal innheimta verðmiðlunargjald af kindakjöti, mjólk og mjólkurvörum. Verðmiðlunargjald

kindakjöts skulu sláturleyfishafar innheimta og afhenda framleiðsluráði, en stjórnir mjólkurbúanna af mjólk og mjólkurvörum. Framleiðsluráð ákveður upphæð verðmiðlunargjalds og verðmismun vara á hinum ýmsu framleiðslusvæðum.

Sþ. 975. Tillaga til þingsályktunar

um gjaldeyri vegna innflutnings á efni til húsbygginga og iðnrekstrar.

Flm.: Snorri Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um, að gjaldeyrisleyfum verði úthlutað þannig, að efnivörur til bygginga og hráefni til iðnrekstrar hafi forgangsrétt á eftir brýnustu nauðsynjavörum, svo tryggt sé, að ekki komi til stöðvunar á húsabyggingum og í iðnrekstri, sem mundi valda stórfelldu atvinnuleysi í Reykjavík og víðar og mikilli truflun á atvinnulífi yfirleitt.

Greinargerð.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hve skortur á efni, sem nauðsynlegt er til íbúðarhúsabygginga, tefur fyrir byggingu íbúðarhúsa í Reykjavík og víðar á landinu og gerir þau dýrari en þyrfti að vera, ef efni, sem til þeirra þarf, væri til taks, þegar úr því þarf að vinna. Það er t. d. algengt nú og hefur svo verið undanfarið, a. m. k. hér í Reykjavík, að smíði húsa hefur tafizt í marga mánuði vegna skorts á efni til miðstöðvarlagna.

Það er staðreynd, að byggingarvöruverzlanir hafa raunverulega ekkert á boðstólum, sem til miðstöðvarlagna þarf. Þeir, sem stunda þessa vinnu, verða að standa á stöðugu hleri um það, hvort í hinu eða þessu húsinu, sem nýlokið er við að byggja, muni ekki vera til einhverjir afgangar af efni, sem falt væri.

Hér er efnisskortur til miðstöðvarlagna aðeins tekinn sem dæmi. Fleira mætti upp telja, sem tilfinnanlegur skortur er á, t. d. hreinlætistæki hvers konar, gólfdúkar, málning og fernisolía o. fl. o. fl.

Það er augljóst mál, að slíkt ófremdarástand verður að lagfæra, ef húsabyggingar eiga ekki algerlega að stöðvast og þar með að skapast atvinnuleysi meðal þeirra manna, sem vinna við húsabyggingar.

Með efni til iðnrekstrar er hér átt við hráefni, sem verksmiðjur, er starfa að ýmiss konar iðju, þurfa til framleiðslu sinnar.

Í viðtali, er framkvæmdastjóri Félags íslenzkra iðnrekenda átti við fréttamenn Þjóðviljans og Vísis fyrir nokkru síðan, skýrði hann frá því, að nokkrar verksmiðjur í Reykjavík hefðu neyðzt til að segja upp starfsfólki sínu vegna efnisskorts, og að fleiri verksmiðjur yrðu að gera það sama á næstunni, ef ekki rættist úr með innflutning nauðsynlegs hráefnis.

Á aðalfundi Félags íslenzkra iðnrekenda, sem haldinn var þann 13. þ. m., var gerð eftirfarandi samþykkt:

„Þar sem hráefnisskortur iðnaðarins er orðinn svo tilfinnanlegur, að nokkrar verksmiðjur hafa þegar hætt störfum og stöðvun er fyrirsjáanleg hjá öllum þorra verksmiðjanna, skorar fundurinn á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nú þegar verði bætt úr hráefnaskortinum, með því að veita iðnaðinum nauðsynleg innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.“

Í viðtali, sem ég átti við framkvæmdastjóra Félags ísl. iðnrekenda, sagði hann, að iðnrekendur hefðu sára lítil gjaldeyrisleyfi fengið síðan fyrir áramót s.l. og margir hefðu alls engin leyfi fengið. Iðnrekendur munu enn ekki hafa fengið

ákveðin loforð frá viðkomandi yfirvöldum um nauðsynleg gjaldeyrisleyfi til hráefnakaupa. Enn fremur sagði framkvæmdastjórinn, að ef ekki rættist úr með gjaldeyrisleyfi mjög bráðlega, þá stæði fyrir dyrum að loka tveim stórum verksmiðjum hér í Reykjavík í viðbót, en í þeim vinna 65 manns.

Ed. 976. Nefndarálit

um frv. til l. um fiskimálasjóð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það allýtarlega. Einn nefndarmanna (StgrA) hefði óskað, að málinu væri vísað frá til frekari undirbúnings, og gerir hann grein fyrir þeirri afstöðu sinni við umræðu málsins. Aðrir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „þó eigi undir kr. 500000.00“ komi: allt að einni milljón króna.
2. Aftan við frv. komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Kosning fyrstu stjórnar fiskimálasjóðs og varamanna samkv. 1. gr. gildir til ársloka 1950.

Alþingi, 22. maí 1947.

Gísli Jónsson, form., frsm. B. Kristjánsson, fundaskr., með fyrirvara. Sigurjón Á. Ólafsson.

Pétur Magnússon. Steingr. Aðalsteinsson, með fyrirvara.

Ed. 977. Nefndarálit

um frv. til l. um eignakönnun.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Meiri hlutinn vill láta samþykkja frv., en ég legg til, að það verði afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Samkvæmt þessu frv. verður ekki látin fara fram nein raunveruleg könnun á eignum, sem menn hafa komið fyrir í vörubirgðum, efnisbirgðum, vélum, tækjum o. s. frv., eða erlendis. Þeir, sem hafa mest umleikis og bezta aðstöðu til að fela eignir sínar, hafa því öll tækifæri til að sleppa. Hins vegar koma ákvæði laganna hart niður á þeim, sem eiga sparifé í bönkum, eða einmitt þar, sem sízt skyldi. Ég tel því, að frv. sé ekki aðeins ranglátt, heldur skaðlegt. Forsvarsmenn frv. hafa ekki farið dult með þá skoðun sína, að þeir fylgdu frv. m. a. til þess að koma í veg fyrir eða torvelda, að frv. um eignakönnun, sem hald væri að og næði til stórgróðans, yrði samþykkt síðar. En þetta er einmitt ein ástæðan fyrir því, að ég tel, að frv. eigi ekki að ná fram að ganga.

Það er með öllu ómögulegt að gera breytingar á þessu frv., sem nokkurt gagn sé að, nema gerbreyta því eða í raun og veru semja nýtt frv., en til þess þarf vandaðan undirbúning. Ég legg því til, að frv. verði vísað frá með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem frv. það, sem hér liggur fyrir, er að mörgu leyti illa undirbúið og í því felst raunverulega engin eignakönnun á stórgróðann, en hins vegar koma ráðstafanir þær, sem frv. gerir ráð fyrir, mjög hart niður á smærri skattþegnum, og í trausti þess, að ríkisstjórnin útbúi og leggi fyrir næsta þing frv. til laga um eignakönnun, sem miðað sé við það að ná til stóreignanna fyrst og fremst, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. maí 1947.

Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 978. Frumvarp til laga

um þjóðleikhús.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Þjóðleikhúsið skal rekið í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

Í þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem tengdar eru leiksviði. Starfsemi þessa skal leikhúsið rækja svo, að hún verði sem öflugust stoð íslenzkri menningu. Höfuðhlutverk leikhússins skal vera að:

1. flytja íslenzka og erlenda sjónleiki og enn fremur söngleiki og leikdansa eftir því sem við verður komið;
2. vera til fyrirmyndar um meðferð íslenzkrar tungu;
3. halda skóla til eflingar íslenzkri leikmennt.

Þjóðleikhúsið skal flytja leikrit í ríkisútvarpið, sbr. 10. gr., sjónleiki utan Reykjavíkur eftir því, sem við verður komið, og vinna að eflingu leiklistar hvarvetna á landinu.

3. gr.

Menntamálaráðherra ræður þjóðleikhússtjóra og skrifstofustjóra.

Enn fremur skipar menntamálaráðherra fimm menn í þjóðleikhúsráð, fjóra samkvæmt tillögum fjögurra fjölmennustu stjórnmálaflokkanna á Alþingi, en einn samkvæmt tillögu félags íslenzkra leikara. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins. Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri þjóðleikhússins. Leita skal tillagna þjóðleikhúsráðs um allar meiri háttar ákvarðanir, er stofnunina varða.

Þjóðleikhússtjóri ræður fasta leikara til allt að fimm ára í senn og gerir við þá ráðningarsamninga, hann ræður og aðra starfsmenn, enda samþykki menntamálaráðherra og þjóðleikhúsráð fjölda leikara og annarra starfsmanna og ráðningarkjör þeirra.

Í reglugerð, er menntamálaráðherra setur, skal mælt fyrir um verkefni starfsmanna þjóðleikhússins hvers um sig og annað, er að stjórn og fyrirkomulagi leikhússins lýtur og þörf þykir að setja um fastar reglur.

4. gr.

Laun fastráðinna starfsmanna skulu ákveðin í launalögum. Þangað til það verður gert, skulu þau ákveðin af menntamálaráðherra með hliðsjón af ákvæðum launalaganna.

Leikhúsráð skal vera ólaunað.

5. gr.

Þeir starfsmenn þjóðleikhússins, sem ráðnir eru til minnst eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, skulu greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóta þar sömu réttinda og aðrir starfsmenn ríkisins.

Þeir af fastráðnum starfsmönnum þjóðleikhússins, sem áður hafa unnið hliðstæð störf í þágu íslenzkrar leiklistar, skulu einnig eiga kost á að njóta eftirlaunaréttar fyrir þann starfstíma. Ráðherra ákveður réttindatíma hvers og eins að fengnum upplýsingum og tillögum félags íslenzkra leikara.

6. gr.

Við þjóðleikhúsið skal starfa leikritanefnd, og eiga í henni sæti þjóðleikhússtjóri, fulltrúi frá leikhúsráði og fulltrúi frá fastráðnum leikurum, og skulu hinir tveir síðarnefndu kjörnir til þessa starfa til tveggja ára í senn. Nefndin skal ræða þau leikrit, er þjóðleikhússtjóri hyggst taka til sýningar, og skulu fulltrúar leikhúsráðs og leikara vera honum til aðstoðar við val leikrita.

7. gr.

Leikár telst frá 1. júlí til 30. júní.

Ráðningu starfsmanna þjóðleikhússins skal miða við leikár.

8. gr.

Þjóðleikhússtjóri skal fyrir lok júnímánaðar ár hvert afhenda menntamálaráðherra til athugunar og samþykktar frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár.

Í lok hvers leikárs skal þjóðleikhússtjóri afhenda menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skýrslu og reikning um rekstur þjóðleikhússins á liðnu starfsári.

9. gr.

Við þjóðleikhúsið skal starfa leikskóli. Þjóðleikhússtjóri ræður kennara og annað starfslið hans.

Um rekstur hans skal kveða á í reglugerð.

10. gr.

Náið samstarf skal vera milli þjóðleikhússins og ríkisútvarpsins. Þjóðleikhúsið lætur ríkisútvarpinu í té leikrit til flutnings, eftir því sem samkomulag verður um milli þjóðleikhússtjóra og útvarpsráðs. Starfsmönnum þjóðleikhússins ber hvorki sérstök þóknun fyrir slíkan flutning né leiksýningar utan Reykjavíkur.

11. gr.

Þegar leikhúsið er ekki notað til leiksýninga, má nota það til hljómleikahalds og kvikmyndasýninga.

12. gr.

Verði tekjuafgangur af rekstri þjóðleikhússins, skal hann lagður í rekstrarsjóð þess. Verði rekstrarhalli, skal hann greiddur úr rekstrarsjóði þjóðleikhússins. Með rekstrarkostnaði leikhússins telst allur kostnaður við þjóðleikhúsbygginguna, eftir að hún er fullgerð.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum þjóðleikhússins, og þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum þess.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 979. Nefndarálit

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1943.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 22. maí 1947.

Pétur Magnússon, form., frsm. Kristinn Guðmundsson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson.
Brynjólfur Bjarnason. Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 980. Lög

um félagsheimili.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 878.

Ed. 981. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1947 og 1948, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 982. Breytingartillaga

við frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 8. gr. Orðið „siglingafræðingur“ falli niður.

Ed. 983. Lög

um eftirlit með skipum.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 967 (sbr. 602).

Ed. 984. Frumvarp til laga

um fiskimálasjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Stjórn fiskimálasjóðs er skipuð 5 mönnum. Þeir skulu kjörnir hlutfallskosningum í sameinuðu Alþingi, ásamt jafnmörgum varamönnum, til þriggja ára í senn. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

Ráðherra getur falið stjórn fiskimálasjóðs þau verkefni, sem fiskimálanefnd hafði með höndum, og framkvæmd annarra mála, er sjávarútveginn varða, eftir því sem henta þykir.

2. gr.

Tekjur fiskimálasjóðs eru þessar:

1. Eignir fiskimálasjóðs, er starfað hefur samkvæmt lögum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., nr. 75 31. des. 1937.
2. Útflutningsgjald af sjávarafurðum, öðrum en saltaðri síld, er nemi ½% — hálfum af hundraði — af verðmæti þeirra miðað við fob. verð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið að undanskilja þessu gjaldi fisk og fiskafurðir, sem sendar eru til útlanda í tilraunaskyni.
3. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, allt að einni milljón króna á ári næstu 10 árin frá gildistöku laga þessara.
4. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

Heimilt er stjórn fiskimálasjóðs með samþykki ríkisstjórnarinnar að taka allt að 10 milljón króna lán til starfsemi sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þetta fyrir hönd ríkissjóðs.

3. gr.

Fé fiskimálasjóðs skal verja til eflingar sjávarútvegi á þann hátt, er segir í 4. og 5. gr. þessara laga.

4. gr.

Fiskimálasjóður veitir styrki til:

a. Hafrannsókna.
b. Rannsókna á fiskigöngum og fiskistofnum.
c. Tilrauna til að veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum.
d. Tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða.
e. Markaðsleita fyrir sjávarafurðir.
f. Annarra rannsókna og nýjunga í þarfir sjávarútvegsins.

Öll styrktarstarfsemi sjóðsins skal vera í samráði við ríkisstjórnina.

5. gr.

Fiskimálasjóður má veita viðbótarlán gegn síðari veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingu sjávarafurða, og

séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjármagn fyrir hendi. Hvert þessara lána má ekki fara fram úr 25% af stofnkostnaði fyrirtækisins og ekki að viðbættum lánum með betra veðrétti nema meiru en 85% af stofnkostnaði. Engin lánveiting má nema yfir 150 000 kr. Lánskjörin séu þau sömu og hjá Fiskveiðasjóði Íslands.

6. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 75 31. desember 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., lög nr. 48 1940, um breyting á þeim lögum, sem og önnur lagaákvæði, er koma í bág við lög þessi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Kosning fyrstu stjórnar fiskimálasjóðs og varamanna samkv. 1. gr. gildir til ársloka 1950.

Ed. 985. Frumvarp til laga

um inngöngu Íslands í Bernarsambandið.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd sáttmála þann, er gerður var í Bern hinn 9. september 1886 og endurskoðaður í Berlín 13. nóvember 1908 og í Róm 2. júní 1928, um vernd bókmennta og listaverka. Menntamálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd sáttmálans hér á landi.

2. gr.

Fyrri málsgr. 16. gr. laga nr. 13 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, orðist svo:

Heimilt er að taka upp í blöð eða tímarit úr öðrum blöðum eða tímaritum dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnmál eða trúmál, nema þess sé getið við greinarnar, að eftirprentun sé bönnuð. Eigi nær heimild þessi til sérstakra fylgirita.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal, eftir því sem verða má, tryggja það, að þýðendur eða bókaútgefendur, sem þegar hafa þýtt eða látið þýða erlendar bækur, hafi forgangsrétt til útgáfu þeirra gegn hæfilegri þóknun til eiganda þýðingarréttarins, enda verði bókin gefin út fyrir 31. desember 1948.

Þýðendur og útgefendur, sem notfæra vilja sér þetta ákvæði, skulu senda menntamálaráðuneytinu skrá um bækur þessar innan þess tíma, sem ráðuneytið ákveður með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, og færa sönnur á, ef óskað er, að þýðingarstarfið hafi verið hafið, áður en Ísland óskaði inngöngu í Bernarsambandið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 986. Framfærslulög.

(Afgreidd frá Ed. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 782.

Ed. 987. Lög

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Afgreidd frá Ed. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 861.

Sþ. 988. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um byrjun framkvæmda samkvæmt l. nr. 32 1946, um Austurveg.

Frá minni hluta fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna, en varð ekki sammála um afgreiðslu hennar. Undirritaðir leggja til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. maí 1947.

Ingólfur Jónsson, frsm. Steingr. Aðalsteinsson. Áki Jakobsson.

Helgi Jónasson.

Sþ. 989. Nefndarálit

um till. til þál. um endurgreiðslu tolls af innfluttum tilbúnum húsum.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur haft mál þetta til meðferðar, en ekki getað orðið fyllilega sammála. Meiri hlutinn leggur til að till. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. maí 1947.

Helgi Jónasson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Áki Jakobsson.

Sig. Kristjánsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 990. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr.

a. Í stað „50%“ undir tölul. 2 kemur: 45%.

b. Við greinina bætist:

4. 5% renni til tónlistarstarfsemi samkv. nánari ákvæðum ráðherra.

Nd. 991. Nefndarálit

um frv. til l. um kola- og saltverzlun ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hlutinn, ég undirritaður, telur mikið við það unnið, að komið verði á kola- og saltverzlun ríkisins, og mælir því með samþykkt frv. með nokkrum breytingum.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt það, að mikil þörf er fyrir, að ríkið taki að sér innkaup á kolum og salti. Á stríðsárunum og raunar nú að stríði loknu og enn um ófyrirsjáanlegan tíma verður gífurlegur kolaskortur í heiminum. Kolin eru, eins og allir vita, undirstaða alls atvinnulífs í iðnaðarlöndunum, og má því búast við, að útflutningur á þeim verði takmarkaður, ef nokkur hætta er á því, að iðnaður kolaframleiðslulandanna hafi ekki nóg. Þetta gerir það að verkum, að mikil hætta er á því, að Íslendingar geti lent í vandræðum, en bezta tryggingin gegn því er, að ríkisvaldinu verði falið þetta mál, að sjá um, að ávallt séu til nægar kolabirgðir í landinu.

Nú er svo komið í Evrópu, að varla verður aflað þar kola nema með samningum við ríkisstjórnir eða ríkisfyrirtæki, og þegar svo er, eru mestar líkur til þess, að hagkvæmt sé, að íslenzka ríkið annist kaupin.

Kolaverzlun ríkisins hefur mörg verkefni að leysa. Í fyrsta lagi að sjá um, að landið sé ætíð nægilega birgt af kolum og í öðru lagi að leitast við að fá sem ódýrust og bezt kol.

Hvað áhrærir saltkaupin, þá hefur reynsla undanfarinna ára sýnt, að það er og bráð nauðsyn, að ríkið taki að sér þann innflutning. Það hefur komið fyrir í tvígang, að lítið hefur verið til af salti, þegar til átti að taka á vertíð, og það þó að ríkisstjórnin hafi í tæka tíð gert ráðstafanir til þess að forðast saltvöntun. Bæði haustið 1944 og 1945 fól ríkisstjórnin sölusambandi ísl. fiskframleiðenda að kaupa salt, svo að nægar birgðir væru fyrir hendi á vertíð. Saltútvegun S.Í.F. brást að mestu, og þegar fram á vertíð var komið, beindu menn ásökunum að ríkisstjórn vegna saltskorts, og að sjálfsögðu var ekkert við það að athuga, ef ríkisstjórnin hefði heimild til þess að annast innkaupin. Verði komið á ríkisverzlun með salt, þá er engum blöðum um það að fletta, hver ber ábyrgðina á því, að ætíð sé fyrirliggjandi nægilegt salt.

Ég tel rétt, að samtökum útvegsmanna sé gefinn kostur á að annast kola- og saltkaup vegna útgerðarinnar, ef þau óska þess, og þá undir eftirliti kola- og saltverzlunar ríkisins, og flyt ég því brtt. í þá átt.

Með tilliti til þess, sem hér hefur verið sagt, legg ég til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Aftan við 1. gr. bætist: Heimilt er þó að veita samtökum útvegsmanna heimild til þess að annast kola- og saltinnflutning vegna þarfa útgerðarinnar undir eftirliti kola- og saltverzlunar ríkisins.

Alþingi, 22. maí 1947.

Áki Jakobsson.

Ed.

992. Nefndarálit

um frv. til laga um eignakönnun.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur orðið ósammála um afgreiðslu málsins, og mun minni hl. (BrB) skila séráliti.

Í mörg ár hefur sú skoðun verið ríkjandi á landi hér, að skattaframtöl væru næsta ófullkomin. Því miður verður eigi um það villzt, að þessi skoðun er á sterkur rökum reist. Á þetta án efa við bæði um tekjuframtöl og eigna. Athugun hefur leitt í ljós, að miklar fjárhæðir bæði í sparisjóðsinnstæðum og verðbréfum koma hvergi til framtals. Hin mikla seðlavelta síðustu ára bendir og eindregið í þá átt, að seðlar hafi í ríkum mæli verið „teknir úr umferð" og liggi í „handraðanum". Af þessum staðreyndum má aftur draga þá ályktun, að tekjuframtölum hafi og verið ábótavant, því að öðrum kosti hefði eignasöfnun eigi getað orðið slík sem raun er á. Má öllum vera ljóst, að hér er óvænlega stefnt. Undandrátturinn leiðir til misréttis milli skattgreiðendanna, sem ekki verður til lengdar við unað. Ýmislegt hefur á síðustu árum verið gert til að bæta úr þessum ágöllum. Má t. d. nefna, að skattstjórar hafa verið skipaðir í mörgum kaupstöðum landsins og talsverðu fé hefur verið varið til þess að endurskoða bókhald og reikninga ýmissa fyrirtækja, einkum hinna stærri. En þrátt fyrir þessar tilraunir mun mega telja, að undandrátturinn hafi orðið almennari með hverju ári, og á hin mikla fjárvelta síðustu ára að sjálfsögðu sinn þátt í því.

Tilgangurinn með ofangreindu frv. er fyrst og fremst sá að koma skattaframtölum í betra horf. En jafnframt er því ætlað að afla fjár í ríkissjóð, sumpart með skattgreiðslum og sumpart með lánveitingum. En af því leiðir aftur, að bundið verður meira eða minna af því fé, sem nú leikur lausum kjala.

Hér þykir eigi ástæða til að lýsa efnisákvæðum frv. í einstökum atriðum. Allir hv. deildarmenn munu þegar hafa kynnt sér þau. Ætlunin er að fá menn — jafnvel neyða menn — til að láta fjármuni sína koma í dagsins ljós, án þess að láta þá kenna mjög á refsivendi laganna vegna eldri yfirsjóna. Þá fyrst verða refsingarnar þungar, ef fé er dregið undan hinu sérstaka eignaframtali, sem fram á að fara í sambandi við eignakönnunina. Sérreglur gilda um undandrátt, er nemur allt að 45000 kr. Er naumast unnt að tala um nokkur viðurlög fyrir hann. Þegar undandráttur fer fram úr þeirri fjárhæð, breytist viðhorfið nokkuð. Geta menn þá valið um, hvort þeir vilja binda hann í langan tíma í vaxtalágum ríkisskuldabréfum eða greiða skatt af honum eins og þeir hefðu átt að gera, ef rétt hefði verið fram talið.

Meiri hl. nefndarinnar er þeirrar skoðunar, að ákvæðum frv. sé yfirleitt skynsamlega í hóf stillt. Röng skattaframtöl munu því miður vera algengari en svo, að æskilegt væri frá sjónarmiði þjóðfélagsins að elta alla hina brotlegu með þungum refsingum. Hann telur og skynsamlega þá stefnu frv. að taka vægilegar á smáyfirsjónum en stórfelldum undandrætti. Meiri hl. nefndarinnar telur og, að ákvæði frv. tryggi, eftir því sem auðið er, að framtölum verði komið í rétt horf. Þrátt fyrir það, þótt einstakir nefndarmenn hefðu kosið sum ákvæði nokkuð á annan veg, hefur meiri hl. orðið sammála um að mæla með, að frv. nái samþykki án breytinga.

Alþingi, 23. maí 1947.

Pétur Magnússon, form., frsm.	Kristinn Guðmundsson, fundaskrifari.	Þorst. Þorsteinsson.
	Guðm. Í. Guðmundsson.	

Sþ. 993. Nefndarálit

um till. til þál. um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af minkum.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Þrír nefndarmanna (PO, GJ og SÁÓ) eru tillögunni mótfallnir og munu skila sérstöku áliti. Meiri hlutinn lítur hins vegar svo á, að samþykkja beri tillöguna. Aðalástæða fyrir tillögu meiri hlutans er sú, að hér er um að ræða innflutning á kynbótadýrum, sem vænta má, að leiði til þess, að minkaræktin verði arðmeiri en ella og að feldir minkanna verði verðmeiri útflutningsvara en nú er.

Meiri hlutinn leggur því til, að tillagan á þskj. 324 verði samþykkt óbreytt.

Halldór Ásgrímsson var fjarstaddur, þegar mál þetta var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 22. maí 1947.

Sigurður Kristjánsson, frsm. Ingólfur Jónsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Áki Jakobsson. Helgi Jónasson.

Sþ. 994. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd til þess að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þingflokkarnir fjórir tilnefni sinn manninn hver, en ríkisstjórnin skipi þrjá án tilnefningar, og skal einn úr þeirra hópi skipaður formaður nefndarinnar.

Þegar nefnd þessi hefur verið skipuð, falla niður umboð nefnda þeirra, er áður hafa starfað að endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Allur kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fram tekið, að það skuli vera eitt af hlutverkum hennar að láta framkvæma endurskoðun á stjórnarskránni.

Undanfarin ár hafa starfað að þessu tvær nefndir, önnur þingkjörin, skipuð alþingismönnum, en hin stjórnskipuð. Nefndir þessar unnu um skeið talsvert að endurskoðuninni og viðuðu að sér allmiklu efni varðandi stjórnskipulög ýmissa ríkja, en störf nefndanna hafa legið niðri um hríð, og valda því ýmsar ástæður, m. a. sú, að formaður annarrar nefndarinnar féll frá og ýmsir nefndarmenn hafa átt óhægt um vik að gegna nefndarstörfum, bæði sakir annríkis og sjúkleika. Hefur þetta verið svo um báðar nefndirnar. Það þykja því litlar líkur til, að nefndirnar, sem áður hafa verið skipaðar til þessa starfs, geti haldið verkinu áfram og lokið því á þann hátt sem þyrfti, auk þess sem það þykir réttara, að ein nefnd vinni þetta verk, skipuð fulltrúum bæði frá flokkunum og einnig mönnum skipuðum af ríkisstjórninni.

Er það því lagt til hér, að sá háttur verði upp tekinn.

Nd. 995. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um orlofsheimili verklýðsfélaga og samkomuhús í sveitum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn leggur til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að samningar takist milli verkalýðsfélaga og heimavistarskóla í sveitum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. maí 1947.

Ásg. Ásgeirsson, form. Áki Jakobsson, frsm.

Ed. 996. Nefndarálit

um frv. til l. um embættisbústaði dómara.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta. Einn nefndarmanna (ÁS) leggur til, að frv. verði fellt. Hinir fjórir nefndarmennirnir leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. maí 1947.

Hermann Jónasson, form. Ásmundur Sigurðsson, fundaskr. Lárus Jóhannesson, frsm.

Guðm. Í. Guðmundsson. Pétur Magnússon.

Sþ. 997. Breytingartillaga

við frv. til laga um Matsveinaskóla Íslands.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni og Gísla Jónssyni.

Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra er heimilt að starfrækja sérdeild við skólann fyrir þá matsveina, er nema vilja fulla matsveinaiðn samkvæmt gildandi lögum um iðnfræðslu.

Ráðherra er og heimilt að láta fram fara bóklega fræðslu í skólanum, sem nauðsynleg er fyrir þá matsveina og framreiðslumenn, sem iðnréttindi hljóta samkvæmt iðnfræðslulögum.

Sþ. 998. Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árið 1943.

(Eftir 2. umr.)

Samhljóða þskj. 811 með þeirri breytingu, er felst í brtt. á þskj. 955.

Sþ. 999. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán til að standast rekstrarhalla Fljótaárvirkjunarinnar.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 1 millj. króna lán, er Siglufjarðarkaupstaður kann að taka til þess að standast halla á rekstri Fljótaárvirkjunarinnar og rafmagnsveitu Siglufjarðar á árunum 1946—1949, að báðum árunum meðtöldum, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, enda sé Rafmagneftirliti ríkisins falið að hafa eftirlit með því, að lánið sé notað, eftir því sem það hrekkur til, til þess að greiða allt að 85% af rekstrarhallanum eins og hann verður á hverjum tíma að dómi rafmagnseftirlitsins.

Sþ. 1000. Lög

um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

(Afgreidd frá Sþ. 23. maí.)

1. gr.

Stofna skal og halda í Reykjavík skóla, er nefnist Matsveina- og veitingaþjónaskóli. Aðsetur skólans er í sjómannaskólahúsinu. Skólinn skal veita hagnýta fræðslu þeim, sem gerast vilja matsveinar eða veitingaþjónar á skipum eða í gisti- og veitingahúsum.

2. gr.

Inntökuskilyrði eru:

1. að nemandi sé 16 ára eða eldri;
2. að hann sé ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða kvilla, sem geti orðið öðrum nemendum skaðvænn eða hættulegur;
3. að hann hafi óflekkað mannorð;
4. að hann hafi lokið miðskólaprófi samkvæmt lögum nr. 22 10. apríl 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu.

3. gr.

Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar skulu ákveðnar í reglugerð.

4. gr.

Kennslu skal haga þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar og framreiðslumenn á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið. Námstími fyrir fullgilda matsveina og veitingaþjóna skal vera þrjú ár. En heimilt er nemendum að verja nokkrum hluta námstímans í nám hjá meisturum í iðninni í veitingahúsi eða á farþegaskipi, og skal kveða nánar á um það í reglugerð. Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.

Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrifalega og háttprúða umgengni og snyrtimennsku.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta starfrækja mötuneyti og matsölu í sambandi við skólann.

6. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og aðra kennara, og skal skólastjóri jafnframt vera bryti skólans. Ráðherra skipar einnig þriggja manna skólanefnd, skólastjóra til aðstoðar. Skal hún skipuð til 4 ára í senn.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið.

7. gr.

Fyrstu fimm árin eftir að skólinn tekur til starfa, er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá því inntökuskilyrði, er felst í 4. lið 3. gr. þessara laga.

8. gr.

Allur kostnaður við skólahald, mötuneyti og matsölu greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 1001. Þingsályktun

um sölu á vélskipi til hlutafélagsins Borgey á Hornafirði.

(Afgreidd frá Sþ. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 922.

Ed. 1002. Frumvarp til laga

um afgreiðslustöðvar fyrir áætlunarbifreiðar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórnin gengst fyrir því, að byggðar verði og reknar afgreiðslustöðvar í Reykjavík og þar annars staðar, sem þörf er, fyrir þær bifreiðar, sem annast áætlunarferðir á sérleyfisleiðum.

2. gr.

Ríkisstjórnin veitir sérleyfishöfum kost á að reisa og starfrækja stöðvar þessar með styrk úr ríkissjóði, er ákveðinn verði í fjárlögum. Skal gerð stöðvanna og rekstrarfyrirkomulag þó háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

3. gr.

Hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög skulu láta í té nægilega stórar og góðar lóðir undir stöðvarnar á þeim stöðum, er bezt hentar með tilliti til umferðar.

4. gr.

Takist ekki samningar með ríkisstjórninni og sérleyfishöfum innan eins árs um að hinir síðarnefndu reisi og reki stöðvarnar, er ríkisstjórninni heimilt að byggja og reka stöðvar þessar á kostnað ríkissjóðs. Verði samkvæmt þessu stofnað til stöðv-

anna að öllu leyti á kostnað ríkisins og þær reknar af því, skal árlega verja til niðurgreiðslu byggingarkostnaðar helmingi sérleyfisgjaldsins, svo skal og heimilt að leita eftir þátttöku hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags um framlag til byggingar stöðvar.

5. gr.

Stöðvar þessar skulu, hvort sem þær verða reknar af sérleyfishöfum eða ríkissjóði, taka að sér, gegn ákveðnu gjaldi, alla afgreiðslu áætlunarbifreiða fyrir sérleyfishafa, samkvæmt reglugerð og gjaldskrá, er samgöngumálaráðherra setur um starfrækslu stöðvanna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1003. Nefndarálit

um frv. til l. um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins á Rifi á Snæfellsnesi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta hefur legið lengi hjá nefndinni, og stafar það fyrst og fremst af því, að umsögn vitamálastjóra tafðist af fjarveru hans og barst ekki nefndinni fyrr en í dag.

Nefndin er sammála um, að nauðsynlegt sé að koma upp öruggri höfn á Rifi, en þar sem nú er senn komið að þinglokum, er sýnilegt, að ekki mun takast að koma frumvarpinu í gegnum báðar þingdeildir.

Nefndin leggur því til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar með tilmælum um, að hún leggi málið fyrir næsta þing.

Alþingi, 23. maí 1947.

Sigurður Kristjánsson, form., frsm. Lúðvík Jósefsson, fundaskr. Pétur Ottesen.
Skúli Guðmundsson. Finnur Jónsson.

Nd. 1004. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna hljóðar svo:

Hreppstjórar hafa laun í hlutfalli við íbúatölu umdæmis síns sem hér segir: Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 500 kr. Í hreppi með 101—150 íbúa 560 kr. Í hreppi með 151—200 íbúa 620 kr. og svo framvegis, þannig að launin hækki um 60 kr. fyrir hverja 50 íbúa.

Leggi hreppstjóri niður sýslan eða deyi fyrir lok fardagaárs, ber honum eða búi hans ½ árslauna fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hefur gegnt hreppstjórn á fardagaárinu. Árslaun greiðir sýslumaður hreppstjóra á manntalsþingi fyrir hvert liðið fardagaár.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanns, að ákveða hreppstjóra hærri laun en segir í 2. málsgr., ef hann fer með sýslan í kauptúni, þar sem eru fleiri en 400 íbúar og lögreglustjóri er eigi búsettur í því kauptúni.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Af aukatekjum þeim, sem taldar eru í 3. til 8. gr. og 10. gr. laganna, greiðir gjaldandi einnig verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal greiða samkvæmt þeim hreppstjóralaun þau, er í gjalddaga falla á næstu manntalsþingum 1947.

Nd. 1005. Lög

um breytingar á lögum nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og lögum nr. 94 14. maí 1940, um breytingar á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 953.

Nd. 1006. Lög

um breyting á lögum nr. 29 frá 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 773.

Nd. 1007. Lög

um veiting ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 939.

Ed. 1008. Lög

um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 971.

Nd. 1009. Lög

um þjóðleikhús.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 978.

Ed. 1010. Lög

um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 970.

Ed. 1011. Lög

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1943.

(Afgreidd frá Sþ. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 810.

Ed. 1012. Frumvarp til laga

um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera á sinn kostnað hafnarmannvirki í Höfn í Hornafirði. Skulu takmörk hafnarinnar ákveðin í reglugerð.

Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra.

Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar o. fl., sem nauðsynlegt má teljast við byggingu og rekstur hafnarinnar.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 4,5 millj. kr., er endurgreiðist að ⅔ úr hafnarsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir af ⅔ hlutum stofnkostnaðarins auk árlegs rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa 3 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, sem fer með hafnarmál, og tveir meðstjórnendur, annar tilnefndur af hreppsnefnd Hafnarhrepps, en hinn kosinn af sameinuðu Alþingi.

Skulu stjórnarmeðlimir vera búsettir á staðnum.

4. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi til landshafnarinnar svo víðáttumikið land sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót eða möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
   a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
   b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
   e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
   f Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2. a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

11. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að vikja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1013. Nefndarálit

um frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 23. maí 1947.

Pétur Magnússon, form.	Kristinn Guðmundsson, fundaskr.	Brynjólfur Bjarnason, frsm.
Þorst. Þorsteinsson.	Guðm. Í. Guðmundsson.	

Nd. **1014. Lög**

um inngöngu Íslands í Bernarsambandið.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 985.

Nd. **1015. Lög**

um fiskimálasjóð.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 984.

Nd. **1016. Lög**

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 981.

Nd. **1017. Lög**

um breyting á lögum nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m.fl.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 1004.

Nd. **1018. Lög**

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 84.

Nd. **1019. Lög**

um afgreiðslustöðvar fyrir áætlunarbifreiðar.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 1002.

Ed. 1020. Frumvarp til laga

um aðstoð til vatnsveitna.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkissjóður veitir sveitarfélögum fjárhagslega aðstoð til að koma upp vatnsveitum, sem gerðar eru samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Nú vill sveitarfélag koma upp vatnsveitu og fá til þess fjárhagslega aðstoð úr ríkissjóði, og skal sveitarstjórn þá, að loknum undirbúningi eins og fyrir er mælt í 28. gr. l. nr. 15 20. júní 1923, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna. Jafnframt skal senda ráðherra frumdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um framkvæmd verksins, sem nauðsynleg þykja til að tryggja almenningshagsmuni.

3. gr.

Þegar ráðherra hefur veitt samþykki til vatnsveitugerðar, getur sveitarstjórn hafið framkvæmdir, sem skulu gerðar undir yfirumsjón vegamálastjóra eða annars manns, sem ráðherra samþykkir.

4. gr.

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu hluta af kostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Styrkurinn nemi þó ekki meir en helmingi kostnaðar þessa.

Styrkur skal því aðeins veittur, að fyrirsjáanlegt sé, að sveitarfélag geti ekki með hæfilegum vatnsskatti staðið straum af stofn- og rekstrarkostnaði veitunnar.

Ráðherra ákveður styrk til einstakra vatnsveitna samkv. lögum þessum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn tryggingum, er hún metur gildar, nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til að koma upp vatnsveitu samkv. 2. og 3. gr. þessara laga. Má ábyrgðin og styrkur samkv. 4. gr. þó aldrei fara sameiginlega yfir 85% af stofnkostnaði allrar veitunnar.

6. gr.

Þau sveitarfélög, sem þegar hafa hafizt handa um að koma upp vatnsveitu eða hafa eignazt hana eftir 1942 og megna ekki fjárhagslega að standa undir stofnkostnaði, geta einnig notið sams konar fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr. þessara laga, enda uppfylli þau fyrirmæli laganna, eftir því sem við á.

7. gr.

Nú óskar sveitarfélag að kaupa vatnsveitu einstaklinga eða félaga, sem fyrir kann að vera á veitusvæði þess, og vill fá til þess fjárhagsaðstoð ríkissjóðs. Skal sveitarstjórnin þá senda ráðherra um það beiðni, ásamt frumdráttum að mannvirkjum. Beiðninni fylgi einnig upplýsingar um samningsverð eða matsverð dómkvaddra manna. Samþykki ráðherra kaupin, nýtur sveitarfélagið sama réttar til fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr., enda uppfylli það fyrirmæli laganna, eftir því sem við á.

Náist ekki samkomulag við eigendur um sölu veitunnar, er heimilt að taka hana eignarnámi.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal sveitarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum, er vatnsins njóta. Vatnsskatt skal miða við fasteignamatsverð húseigna, og einnig má ákveða lágmark vatnsskattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna.

Sveitarstjórn er og heimilt að selja vatnið eftir mæli skv. gjaldskrá, er ráðherra staðfestir. Slíka gjaldskrá má setja um einstök hús eða einstakar atvinnustöðvar, eða hús og stöðvar nánar tilgreint eftir notkun, eða um vatnssölu á nánar skilgreindu svæði innan kauptúnsins eða kaupstaðarins. Einnig er heimilt að krefjast endurgjalds fyrir vatnið að nokkru með vatnsskatti og að nokkru skv. vatnsmæli eftir reglum, sem ráðherra setur.

Sérstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kauptúnsins eða kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal og í gjaldskrá.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

Vatnsskatt skal ákveða í reglugerð. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta ákvæði laganna ná einnig til vatnsveitufélaga, sem stofnuð eru af a. m. k. helmingi íbúðarhúsaeigenda á veitusvæðinu og hafa eftir árið 1942 gert eða gera vatnsveitur fyrir hluta úr sveitarfélögum, án þess að sveitarfélag sé eigandi veitunnar, enda mæli hlutaðeigandi sveitarstjórn með því og veiti ábyrgð sveitarfélagsins fyrir láni ríkissjóðs til vatnsveitufélagsins.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi 22. gr. laga nr. 15 20. júní 1923 og lög nr. 129 9. des. 1941. Enn fremur eru úr gildi felld lög nr. 84 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík, og gilda um þá vatnsveitu ákvæði vatnalaganna og þessara laga.

Ed. 1021. Lög

um embættisbústaði dómara.

(Afgreidd frá Ed. 24. maí.)

Samhljóða þskj. 856.

Ed. 1022. Lög

um lögræði.

(Afgreidd frá Ed. 24. maí.)

Samhljóða þskj. 653 (sbr. 516).

Ed. **1023. Lög**

um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 24. maí.)

Samhljóða þskj. 897.

Ed. **1024 Lög**

um aðstoð til vatnsveitna.

(Afgreidd frá Ed. 24. maí.)

Samhljóða þskj. 1020.

Ed. **1025. Lög**

um eignakönnun.

(Afgreidd frá Ed. 24. maí.)

Samhljóða þskj. 943 (sbr. 884).

Ed. **1026. Lög**

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 24. maí.)

Samhljóða þskj. 921.

Sþ. **1027. Fjáraukalög**

fyrir árið 1943.

(Afgreidd frá Sþ. 24. maí.)

Samhljóða þskj. 998 (sbr. 811 og 955).

Sþ. **1028. Þingsályktun**

um aukningu Laxárvirkjunarinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 24. maí.)

Samhljóða þskj. 994.

Sþ. 1029. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán til að standast rekstrarhalla Fljótaárvirkjunarinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 24. maí.)

Samhljóða þskj. 999.

Sþ. 1030. Þingsályktun

um fyrirgreiðslu og ábyrgð vegna sölu á fiskibátum.

(Afgreidd frá Sþ. 24. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að greiða fyrir innanlandssölu á fiskibátum ca. 25 rúmlesta og minni. Er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs ⅔ af matsverði bátanna til vátryggingar, næst á eftir ábyrgð sveitarfélags þess, er báturinn flyzt til.

Sþ. 1031. Þingsályktun

um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 24. maí.)

Samhljóða þskj. 994.

Sþ. **1032. Nefndaskipun.**

(66. löggjafarþing.)

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:
Pétur Ottesen,
Helgi Jónasson,
Ásmundur Sigurðsson,
Gísli Jónsson, formaður,
Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari,
Sigurður Kristjánsson,
Halldór Ásgrímsson,
Steingrímur Aðalsteinsson,
Ingólfur Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um skipulagða markaðsleit fyrir hraðfrystan fisk í Bandaríkjunum (3).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Till. til þál. um endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vélbátum (9).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Till. til þál. um rannsókn á dýralífi í Hvammsfirði (21, n. 199).
   Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
4. Till. til þál. um greiðslu úr ríkissjóði til verðjöfnunarsjóðs (29).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Till. til þál. um kaup ríkissjóðs á ull (30, n. 233 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Pétur Ottesen.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
6. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1947 (14, n. 543).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
7. Till. til þál. varðandi íbúð handa rektor Menntaskólans í Reykjavík (42).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Till. til þál. um ríkisábyrgð á viðbótarláni til virkjunar Andakílsár (60, n. 241).
   Frsm.: Pétur Ottesen.
9. Till. til þál. um fyrirgreiðslu og ábyrgð vegna sölu á fiskibátum (77, n. 956).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
10. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á húsnæði handa rektor Menntaskólans í Reykjavík (93, n. 109 (minni hl.), n. 110 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Sigurður Kristjánsson.
    Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
11. Till. til þál. um eignarnám á lóðum vegna Menntaskólans í Reykjavík (90).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Till. til þál. um verbúðir (163).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita Fljótaárvirkjuninni bráðabirgðalán (167, n. 926).
    Frsm.: Gísli Jónsson.

Fastanefndir Sþ.: Fjárveitinga- og allsherjarnefndir.

14. Till. til þál. um árlegar utanferðir nokkurra forstöðumanna ríkisstofnana (210).
Nefndarálit kom ekki.
15. Till. til þál. um endurgreiðslu tolls af innfluttum tilbúnum húsum (307, n. 989 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Helgi Jónasson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
16. Till. til þál. um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af minkum (324, n. 993 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sigurður Kristjánsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
17. Till. til þál. um síldarbræðsluverksmiðju í skipi (334).
Nefndarálit kom ekki.
18. Till. til þál. um síldarbræðsluskip (344).
Nefndarálit kom ekki.
19. Till. til þál. um Menntaskólann í Reykjavík (375).
Nefndarálit kom ekki.
20. Till. til þál. um tíu heimila samvinnubyggð (412).
Nefndarálit kom ekki.
21. Till. til þál. um grafhellur úr íslenzku efni á leiði nokkurra þjóðskálda (355).
Nefndarálit kom ekki.
22. Till. til þál. um bátabryggju í Grenivík (357).
Nefndarálit kom ekki.
23. Till. til þál. um ríkisábyrgð vegna togarakaupa fyrir Stykkishólm (500, n. 594).
Frsm.: Gísli Jónsson.
24. Till. til þál. um ríkisábyrgð á viðbótarláni til raforkustöðvar Vestmannaeyja (513).
Nefndarálit kom ekki.
25. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1943 (811, n. 955).
Frsm.: Helgi Jónasson.
26. Till. til þál. um bætta landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi við strendur Íslands (651).
Nefndarálit kom ekki.
27. Till. til þál. um sölu á vélskipi til hlutafélagsins Borgey í Hornafirði (705, n. 881).
Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
28. Till. til þál. um ábyrgð ríkisins á láni handa Flateyjarhreppi til að koma upp frystihúsi og fiskiðjuveri í Flatey á Breiðafirði (743, n. 886).
Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
29. Till. til þál. um byrjun framkvæmda samkv. l. nr. 32 1946, um Austurveg (789, n. 988 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Ingólfur Jónsson.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.

N e f n d i n f l u t t i :

Till. til þál. um aukningu Laxárvirkjunarinnar (944).
Frsm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

2. Allsherjarnefnd:

Jóhann Jósefsson, formaður,[1])
Bjarni Ásgeirsson,[2])
Sigfús Sigurhjartarson,

1) Þegar Jóhann Jósefsson varð ráðherra, 5. febr., tók sæti hans í nefndinni Ingólfur Jónsson.
2) Þegar Bjarni Ásgeirsson varð ráðherra, 5. febr., tók sæti hans í nefndinni Bernharð Stefánsson, en frá 17. maí til þingloka (er Bernharð dvaldist erlendis) Kristinn Guðmundsson.

Jón Sigurðsson,[1])
Ásgeir Ásgeirsson,[2])
Sigurður Bjarnason,
Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um flugvellina í Reykjavík og Keflavík (4).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta samninga um alþjóðaflug (13, n. 456).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
3. Till. til þál. um skömmtun áfengis (70).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Till. til þál. um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis (72, n. 196).
   Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
5. Till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að frv. um meðferð opinberra mála verði lagt fyrir Alþingi (79, n. 347).
   Frsm.: Sigurður Bjarnason.
6. Till. til þál. um bætt starfsskilyrði í Alþingi (111, n. 432).
   Frsm.: Sigurður Bjarnason.
7. Till. til þál. um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins o. fl. (119).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Till. til þál. um héraðabönn (127, n. 526 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Finnur Jónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
9. Till. til þál. um athugun á leiðinni um Holtamannaafrétt og Sprengisand (128, n. 283).
   Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
10. Till. til þál. um endurskoðun gildandi lagaákvæða um kirkjuleg málefni (188, n. 760).
    Frsm.: Jón Sigurðsson.
11. Till. til þál. um notkun kvikmynda í sambandi við baráttu gegn óhóflegri áfengisnautn (121).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Till. til þál. um varnir gegn dýrtíðinni í landinu (138).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Till. til þál. um einkaleyfasafn (172, n. 303).
    Frsm.: Jón Sigurðsson.
14. Till. til þál. um að gera Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu laxgenga ofan við rafstöðina hjá Brúum (211, n. 418).
    Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
15. Till. til þál. um flutning íslenzkra afurða með íslenzkum skipum (240, n. 297).
    Frsm.: Jóhann Jósefsson.
16. Till. til þál. um endurskoðun laga um lögræði (189).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Till. til þál. um innflutning nýrra ávaxta (213, n. 295).
    Frsm.: Sigfús Sigurhjartarson.
18. Till. til þál. um notkun á strandferðaskipum ríkisins til siglinga milli Íslands og útlanda, þegar sérstaklega stendur á (274, n. 722).
    Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.

---

1) Frá 22. maí til þingloka tók sæti hans í nefndinni Pétur Hannesson.
2) 5. febr. tók sæti hans í nefndinni Finnur Jónsson.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjar-, utanríkismála- og kjörbréfanefndir.

19. Till. til þál. um ljóskastara í skipum (279).
Nefndarálit kom ekki.
20. Till. til þál. um hlutfallstölur tekna hjá þjóðfélagsstéttunum (304, n. 732).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
21. Till. til þál. um tímabundna lokun áfengisútsölu í Vestmannaeyjum (333).
Nefndarálit kom ekki.
22. Till. til þál. um rannsókn á þörf nýrra vega og brúa (341).
Nefndarálit kom ekki.
23. Till. til þál. um störf stjórnarskrárnefnda (306).
Nefndarálit kom ekki.
24. Till. til þál. varðandi húsaleigulöggjöf landsins (356).
Nefndarálit kom ekki.
25. Till. til þál. um að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi frumvarp um lögfestingu embætta og opinberra starfa (315).
Nefndarálit kom ekki.
26. Till. til þál. um gjaldeyri til kaupa á varahlutum til bifreiða (328, n. 720).
Frsm.: Ingólfur Jónsson.
27. Till. til þál. um nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf og reglugerðir um eftirlit með verksmiðjum og vélum (391, n. 735).
Frsm.: Sigfús Sigurhjartarson.
28. Till. til þál. um sérstakan sumartíma (448, n. 464).
Frsm.: Ingólfur Jónsson.
29. Till. til þál. um innflutning heimilisvéla (463, n. 524).
Frsm.: Sigfús Sigurhjartarson.
30. Till. til þál. um þjóðleikhús og breytta meðferð á skemmtanaskatti (422).
Nefndarálit kom ekki.
31. Till. til þál. um upptöku Íslands í Bernarsambandið (565).
Nefndarálit kom ekki.
32. Till. til þál. um endurskoðun siglingalaga og sjómannalaga (523, n. 719).
Frsm.: Finnur Jónsson.

3. Utanríkismálanefnd:

Bjarni Benediktsson, formaður,
Bjarni Ásgeirsson,
Einar Olgeirsson, varaformaður,
Jóhann Jósefsson,
Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskrifari,
Garðar Þorsteinsson,
Hermann Jónasson.

Varamenn:

Ólafur Thors,
Eysteinn Jónsson,
Sigfús Sigurhjartarson,
Pétur Magnússon,
Ásgeir Ásgeirsson,
Gunnar Thoroddsen,
Páll Zóphóníasson.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um uppsögn samnings frá 24. júní 1901, varðandi landhelgi Íslands (327).
Nefndarálit kom ekki.
2. Till. til þál. um skýrslusöfnun um mál íslenzkra þegna, sem ásakaðir hafa verið um samvinnu við Þjóðverja í síðustu styrjöld gegn hagsmunum Dana og Norðmanna (489).
Nefndarálit kom ekki.

4. Kjörbréfanefnd:

Þorsteinn Þorsteinsson,
Hermann Jónasson, formaður,
Sigurður Guðnason,
Lárus Jóhannesson, fundaskrifari,
Ásgeir Ásgeirsson,

Fastanefndir Sþ.: Kjörbréfa- og þingfararkaupsnefndir. — *Ed.:* Fjárhagsnefnd.

Nefndin rannsakaði kjörbréf 10. landsk. (vara)þm., Kjartans J. Jóhannssonar, 2. (vara)þm. Eyf., Stefáns Stefánssonar, 2. (vara)þm. S.-M., Arnfinns Jónssonar, 7. (vara)þm. Reykv., Auðar Auðuns, 1. (vara)þm. Eyf., Kristins Guðmundssonar, 2. (vara)þm. Reykv., Snorra Jónssonar, 9. landsk. (vara)þm., Steindórs Steindórssonar, 2. (vara)þm. Skagf., Péturs Hannessonar, og 3. (vara)þm. Reykv., Axels Guðmundssonar, og lét uppi munnleg álit um þau.

5. Þingfararkaupsnefnd:
Sigurður Kristjánsson, formaður,
Páll Zóphóníasson, fundaskrifari,
Sigfús Sigurhjartarson,
Sigurður E. Hlíðar,
Hannibal Valdimarsson.

B.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:
Jóhann Jósefsson, formaður,[1])
Bernharð Stefánsson, fundaskrifari,[2])
Þorsteinn Þorsteinsson,
Ásmundur Sigurðsson,[3])
Guðmundur Í. Guðmundsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. (23, n. 122).
   Frsm.: Ásmundur Sigurðsson.
2. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmis gjöld 1947 með viðauka (35, n. 48).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
3. Frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1947 (36, n. 49).
   Frsm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.
4. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1947 (24, n. 161).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (37, n. 148).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld (125, n. 178 (meiri hl.), n. 179 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
   Frsm. minni hl.: Ásmundur Sigurðsson.
7. Frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933 (133, n. 197).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
8. Frv. til l. um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki (50, n. 276).
   Frsm.: Ásmundur Sigurðsson.
9. Frv. til l. um, að ákvæði samnings frá 7. okt. 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi (81, n. 235 (meiri hl.), n. 238 (minni hl.)).

---

1) Þegar Jóhann Jósefsson varð ráðherra, 5. febr., tók sæti hans í nefndinni Pétur Magnússon.
2) Meðan Bernharð Stefánsson var erlendis, 17. maí til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Kristinn Guðmundsson.
3) 5. febr. tók sæti hans í nefndinni Brynjólfur Bjarnason.

Fastanefndir Ed.: Fjárhagsnefnd.

Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
Frsm. minni hl.: Ásmundur Sigurðsson.

10. Frv. til l. um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl. (229, n. 249).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
11. Frv. til l. um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl. (262).
Nefndarálit kom ekki.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 28. des. 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947 (388, n. 415).
Frsm.: Pétur Magnússon.
13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1945, um laun starfsmanna ríkisins (389, n. 499).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
14. Frv. til l. um olíueinkasölu (385).
Nefndarálit kom ekki.
15. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur (193, n. 721).
Frsm.: Pétur Magnússon.
16. Frv. til l. um innkaupastofnun ríkisins (592, n. 800).
Frsm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.
17. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum (608).
Nefndarálit kom ekki.
18. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl. (609).
Nefndarálit kom ekki.
19. Frv. til l. um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947 (638, n. 640 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Brynjólfur Bjarnason.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
20. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (734, n. 903).
Frsm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.
21. Frv. til l. um sölumeðferð bifreiða innanlands (802).
Nefndarálit kom ekki.
22. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands o. fl. (829, n. 961 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Pétur Magnússon.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
23. Frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit (831, n. 918 (meiri hl.), n. 920 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Kristinn Guðmundsson.
Frsm. minni hl.: Brynjólfur Bjarnason.
24. Frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum (861, n. 950).
Frsm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.
25. Frv. til l. um eignakönnun (943 (sbr. 884), n. 977 (minni hl.), n. 992 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Brynjólfur Bjarnason.
Frsm. meiri hl.: Pétur Magnússon.
26. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1943 (810, n. 979).
Frsm.: Pétur Magnússon.
27. Frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins (921, n. 1013).
Frsm.: Brynjólfur Bjarnason.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (84).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð (323).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
3. Frv. til l. um fyrningarsjóð ríkisins (512).
   Frsm.: Pétur Magnússon.

2. Samgöngumálanefnd:

Eiríkur Einarsson, formaður,
Björn Kristjánsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Steingrímur Aðalsteinsson, fundaskrifari,
Hannibal Valdimarsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (6).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (7).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum (192, n. 435).
   Frsm.: Eiríkur Einarsson.
4. Frv. til l. um afgreiðslustöðvar fyrir áætlunarbifreiðar (278, n. 972).
   Frsm.: Eiríkur Einarsson.
5. Frv. til vegalaga (480 (sbr. 330), n. 550).
   Frsm.: Eiríkur Einarsson.
6. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir (532, n. 731).
   Frsm.: Hannibal Valdimarsson.
7. Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar (590, n. 830 (meiri hl.), n. 850 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Hannibal Valdimarsson.
   Frsm. minni hl.: Steingrímur Aðalsteinsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði (605, n. 655, frh.nál. 737).
   Frsm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (544).
Frsm.: Eiríkur Einarsson.

Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 449 (frsm.: Gísli Sveinsson).

3. Landbúnaðarnefnd:

Þorsteinn Þorsteinsson, formaður,
Páll Zóphóníasson,
Eiríkur Einarsson,
Ásmundur Sigurðsson, fundaskrifari,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Ólafsfjarðarkaupstað jörðina Hringverskot í Ólafsfirði (64, n. 132).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs (237, n. 504).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
3. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggvisstaði (319, n. 444).
   Frsm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.
4. Frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra (351, n. 406, frh.nál. 427).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
5. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja spildu úr landi Englands í Lundarreykjadalshreppi (173, n. 505).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna (300, n. 554 (meiri hl.), n. 557 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Þorsteinn Þorsteinsson.
   Frsm. minni hl.: Páll Zóphóníasson.
7. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg (496, n. 610).
   Frsm.: Eiríkur Einarsson.
8. Frv. til l. um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur (767, n. 841).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
9. Frv. til l. um Ræktunarsjóð Íslands (804, n. 840).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
10. Frv. til l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. (897, n. 960 (meiri hl.), n. 963 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Páll Zóphóníasson.
    Frsm. minni hl.: Ásmundur Sigurðsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og l. nr. 94 14. maí 1940, um breyt. á þeim l. (397).
   Frsm.: Ásmundur Sigurðsson.
2. Frv. til l. um innflutning búfjár (552).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.

4. Sjávarútvegsnefnd:

Gísli Jónsson, formaður,
Björn Kristjánsson, fundaskrifari,
Jóhann Jósefsson,[1])
Steingrímur Aðalsteinsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um eftirlit með skipum (40, n. 501).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
2. Frv. til l. um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði (136, n. 812 (minni hl.), n. 825 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Steingrímur Aðalsteinsson.
   Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.

1) Þegar Jóhann Jósefsson varð ráðherra, 5. febr., tók sæti hans í nefndinni Pétur Magnússon.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegsnefnd.

3. Frv. til l. um fiskiðjuver ríkisins á Ísafirði (149, n. 771).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipun (129, n. 646).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
5. Frv. til l. um matsveina- og veitingaþjónaskóla (224, n. 352).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
6. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að koma upp verbúðum fyrir viðlegubáta (308, n. 507 (meiri hl.), n. 511 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Steingrímur Aðalsteinsson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi (302, n. 817 (meiri hl.), n. 837 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Pétur Magnússon.
   Frsm. minni hl.: Steingrímur Aðalsteinsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 7. maí 1946, um beitumál (329, n. 386).
   Frsm.: Steingrímur Aðalsteinsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 27. júní 1921, um breyt. á l. nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip (337, n. 647).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
10. Frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip (382 (sbr. 336), n. 755).
    Frsm.: Gísli Jónsson.
11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (126, n. 783).
    Frsm.: Gísli Jónsson.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur (465, n. 508).
    Frsm.: Björn Kristjánsson.
13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur (683, n. 746).
    Frsm.: Björn Kristjánsson.
14. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur (780, n. 880 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
15. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð (826).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til l. um fiskimálasjóð (865, n. 976).
    Frsm.: Gísli Jónsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

1. Frv. til l. um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl. (74).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins (521).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmiði (522).
   Frsm.: Gísli Jónsson.

Fastanefndir Ed.: Iðnaðar- og heilbrigðis- og félagsmálanefndir.

5. Iðnaðarnefnd:

Bjarni Benediktsson,[1])
Páll Zóphóníasson,
Gísli Jónsson, formaður,
Steingrímur Aðalsteinsson,
Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um iðnfræðslu (41, n. 311).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
2. Frv. til l. um iðnskóla í sveitum (113, n. 420 (minni hl.), n. 423 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Páll Zóphóníasson.
   Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
3. Frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946 (470, n. 659).
   Frsm.: Eiríkur Einarsson.

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:

Lárus Jóhannesson, fundaskrifari,
Hermann Jónasson,
Bjarni Benediktsson,[1])
Steingrímur Aðalsteinsson, formaður,[2])
Hannibal Valdimarsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um byggingarsjóð íbúðarhúsa og skipulag byggingarframkvæmda (181).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um vernd barna og ungmenna (162, n. 474).
   Frsm.: Hannibal Valdimarsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 26. apríl 1946, um almannatryggingar (290, n. 582 (meiri hl.), n. 597 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Brynjólfur Bjarnason.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna (289, n. 466).
   Frsm.: Brynjólfur Bjarnason.
5. Frv. til l. um styrk til vatnsveitna (371, n. 546).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík (367).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um bæjarstjórn á Sauðárkróki (301, n. 779).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
8. Frv. til l. um að tryggja manneldisgildi hveitis (458, n. 586).
   Frsm.: Brynjólfur Bjarnason.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar (490, n. 832).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
10. Frv. til framfærslulaga (782, n. 973).
    Frsm.: Lárus Jóhannesson.
11. Frv. til l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (781, n. 927).
    Frsm.: Hermann Jónasson.

---

1) Meðan Bjarni Benediktsson dvaldist erlendis, 10. nóv. til 23. des., tók sæti hans í iðnn. og heilbr.- og félmn. Kjartan J. Jóhannsson, en þegar BBen varð ráðherra, 5. febr., kom í hans stað í iðnn. Eiríkur Einarsson, en í heilbr.- og félmn. Gísli Jónsson.

2) 5. febr. tók sæti hans í nefndinni Brynjólfur Bjarnason.

Fastanefndir Ed.: Heilbrigðis- og félagsmála- og menntamálanefndir.

12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 frá 1935, um vinnumiðlun (26).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:
Frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933 (133).
Frsm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

7. *Menntamálanefnd:*
Eiríkur Einarsson,
Bernharð Stefánsson, formaður,[1])
Lárus Jóhannesson,
Ásmundur Sigurðsson,
Hannibal Valdimarsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:
1. Frv. til l. um menntun kennara (152, n. 326).
Frsm.: Ásmundur Sigurðsson.
2. Frv. til l. um héraðsskjalasöfn (156, n. 310).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla (71, n. 230).
Frsm.: Ásmundur Sigurðsson.
4. Frv. til l. um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn (185, n. 313).
Frsm.: Ásmundur Sigurðsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936 (201, n. 368).
Frsm.: Hannibal Valdimarsson.
6. Frv. til l. um tilraunastöð háskólans í meinafræði (209, n. 370).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
7. Frv. til l. um kvikmyndastofnun ríkisins (325, n. 730).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans (556, n. 657).
Frsm.: Ásmundur Sigurðsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla (588, n. 968).
Frsm.: Ásmundur Sigurðsson.
10. Frv. til l. um inngöngu Íslands í Bernarsambandið (591, n. 954).
Frsm.: Lárus Jóhannesson.
11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús (873, n. 948).
Frsm.: Hannibal Valdimarsson.
12. Frv. til l. um félagsheimili (878, n. 907).
Frsm.: Ásmundur Sigurðsson.
13. Frv. til l. um þjóðleikhús (891, n. 962).
Frsm.: Kristinn Guðmundsson.

Nefndin flutti:
1. Frv. til l. um skipulag og hýsingu prestssetra (63).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld (125).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
3. Frv. til l. um söngskóla þjóðkirkjunnar (765, n. 899).
Frsm.: Hannibal Valdimarsson.

---

1) Þegar Bernharð Stefánsson fór til útlanda, 17. maí, tók sæti hans í nefndinni til þingloka Kristinn Guðmundsson.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd. — *Nd.:* Fjárhagsnefnd.

8. Allsherjarnefnd:

Bjarni Benediktsson, formaður,[1])
Hermann Jónasson,
Lárus Jóhannesson,
Ásmundur Sigurðsson, fundaskrifari,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör (12, n. 538 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Hermann Jónasson.
   Nefndin gaf síðar út álit um sama mál, á þskj. 651.
   Frsm.: Hermann Jónasson.
2. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang (62, n. 288).
   Frsm.: Bjarni Benediktsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, og á l. nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (116, n. 479).
   Frsm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis (97, n. 478).
   Frsm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna (280, n. 299).
   Frsm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.
6. Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (439, n. 889).
   Frsm.: Hermann Jónasson.
7. Frv. til l. um lögræði (653 (sbr. 516)).
   Nefndarálit kom ekki, en málið hlaut þó afgreiðslu.
8. Frv. til l. um Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu (578, n. 808).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
9. Frv. til l. um embættisbústaði dómara (856, n. 996).
   Frsm.: Lárus Jóhannesson.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 frá 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar (773).
Frsm.: Hermann Jónasson.

C.

Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Hallgrímur Benediktsson,[2])
Skúli Guðmundsson,[3])
Einar Olgeirsson,[4])
Jóhann Hafstein, fundaskrifari,[5])
Ásgeir Ásgeirsson, formaður.

---

1) Meðan Bjarni Benediktsson dvaldist erlendis, frá 10. nóv. til 23. des., tók sæti hans í nefndinni Kjartan J. Jóhannsson, en þegar BBen varð ráðherra, 5. febr., tók Pétur Magnússon nefndarsætið. Frá sama tíma var Hermann Jónasson kosinn formaður nefndarinnar.

2) Þegar Hallgrímur Benediktsson fór til útlanda, 23. maí, tók sæti hans í nefndinni til þingloka Ingólfur Jónsson.

3) Í fjarveru Skúla Guðmundssonar frá 19. til 22. maí tók sæti hans í nefndinni Jörundur Brynjólfsson.

4) Þegar Einar Olgeirsson fór til útlanda, 17. maí, tók sæti hans í nefndinni til þingloka Áki Jakobsson.

5) Þegar Jóhann Hafstein fór til útlanda, 17. maí, tók sæti hans í nefndinni til þingloka Auður Auðuns.

Fastanefndir Nd.: Fjárhagsnefnd.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1947 (24, n. 101).
   Frsm.: Jóhann Hafstein.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 frá 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (37, n. 102).
   Frsm.: Jóhann Hafstein.
3. Frv. til l. um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki (50, n. 151).
   Frsm.: Jóhann Hafstein.
4. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmis gjöld 1947 með viðauka (35, n. 232).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
5. Frv. til l. um, að ákvæði samnings frá 7. okt. 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi (81, n. 137 (meiri hl.), n. 174 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Hafstein.
   Frsm. minni hl.: Einar Olgeirsson.
6. Frv. til l. um félagaheimili (83).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (76).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (91).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Frv. til l. um orlofsheimili verkalýðsfélaga og samkomuhús í sveitum (87, n. 995 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Áki Jakobsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (84).
    Nefndarálit kom ekki, en málið hlaut þó afgreiðslu.
11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 3. marz 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa (108, n. 930 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Áki Jakobsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. (131, n. 405).
    Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð (323, n. 335 (meiri hl.), n. 342 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
    Frsm. minni hl.: Einar Olgeirsson.
14. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 28. des. 1946, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl. (373).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Frv. til l. um skipun innflutningsmála (376).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til l. um æskulýðshöll (409).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1947 (36, n. 485).
    Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhagsnefnd.

18. Frv. til l. um einkaheimild hafnarsjóðs Ísafjarðar til út- og uppskipunar (452).
Nefndarálit kom ekki.
19. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., og l. nr. 6 12. jan. 1945, um breyt. á þeim l. (462).
Nefndarálit kom ekki.
20. Frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit (517, n. 662 (meiri hl.), n. 754 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
Frsm. minni hl.: Einar Olgeirsson.
21. Frv. til l. um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947 (607, n. 617 (meiri hl.), n. 623 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Hallgrímur Benediktsson.
Frsm. minni hl.: Einar Olgeirsson.
22. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum (608, n. 621 (minni hl.), n. 622 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Einar Olgeirsson.
Frsm. meiri hl.: Skúli Guðmundsson.
23. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl. (609, n. 619 (meiri hl.), n. 624 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jóhann Hafstein.
Frsm. minni hl.: Einar Olgeirsson.
24. Frv. til l. um fyrningarsjóð ríkisins (777, n. 937).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
25. Frv. til l. um kola- og saltverzlun ríkisins (679, n. 991 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Áki Jakobsson.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
26. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1943 (810, n. 919).
Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
27. Frv. til l. um innkaupastofnun ríkisins (592, n. 911 (minni hl.), n. 914 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Hallgrímur Benediktsson.
Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
28. Frv. til l. um eignakönnun (884, n. 916 (meiri hl.), n. 917 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
Frsm. minni hl.: Áki Jakobsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð (141).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur (193).
Frsm.: Einar Olgeirsson.
Minni hl. nefndarinnar (SkG) skilaði áliti um málið, á þskj. 414.
3. Frv. til l. um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl. (229).
Frsm.: Jóhann Hafstein.
4. Frv. til l. um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna bátaútvegsins (246).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 28. des. 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947 (388).
Frsm. var ekki kosinn.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1945, um laun starfsmanna ríkisins (389).
Frsm. var ekki kosinn.

Fastanefndir Nd.: Fjárhags- og samgöngumálanefndir.

7. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna (553).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (583).
   Frsm. var ekki kosinn.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 28. des. 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947 (587).
   Frsm. var ekki kosinn.
10. Frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum (794).
    Frsm. var ekki kosinn.
11. Frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins (921).
    Frsm. var ekki kosinn.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

1. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (231).
   Frsm.: Hallgrímur Benediktsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 7. sept. 1943, um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki (510).
   Frsm. var ekki kosinn.

Minni hl. nefndarinnar (EOl) flutti:

Frv. til l. um ráðstafanir vegna framleiðslu og útflutnings á afurðum bátaútvegsins (191).

2. Samgöngumálanefnd:

Gísli Sveinsson, formaður,
Bjarni Ásgeirsson, fundaskrifari,[1])
Lúðvík Jósefsson,[2])
Sigurður Bjarnason,
Barði Guðmundsson.[3])

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (1).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (2).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 7. maí 1946, um viðauka við og breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl. (16).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir (532, n. 561).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (544).
   Nefndarálit kom ekki, en málið hlaut þó afgreiðslu.
6. Frv. til l. um viðauka við og breytingar á l. nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar (877, n. 900).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.

---

1) Þegar Bjarni Ásgeirsson varð ráðherra, 5. febr., tók sæti hans í nefndinni Páll Þorsteinsson.

2) Meðan Lúðvík Jósefsson dvaldist erlendis, 12. febr. til 28. apríl, tók sæti hans í nefndinni Arnfinnur Jónsson.

3) Þegar Barði Guðmundsson fór til útlanda, 17. maí, tók sæti hans í nefndinni til þingloka Steindór Steindórsson.

Fastanefndir Nd.: Samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum (192).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.
2. Frv. til l. um afgreiðslustöðvar fyrir áætlunarbifreiðar (278).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.
3. Frv. til vegalaga (330, n. 437).
   Frsm.: Sigurður Bjarnason.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 121 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði (431).
   Frsm.: Sigurður Bjarnason.

Nefndin skilaði áliti um málið, á þskj. 576.
   Frsm.: Gísli Sveinsson.

Um samvinnu við samgöngumálanefnd Ed. sjá bls. 1592.

3. Landbúnaðarnefnd:

Jón Pálmason, formaður,
Steingrímur Steinþórsson, fundaskrifari,
Sigurður Guðnason,
Jón Sigurðsson,[1])
Stefán Jóh. Stefánsson.[2])

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um samþykktir um viðgerðarverkstæði landbúnaðarvéla (43).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra (73, n. 217).
   Frsm.: Jón Pálmason.
3. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja spildu úr landi Englands í Lundarreykjadalshreppi (173, n. 332).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
4. Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942 (234).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna (300, n. 387).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
6. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóruborg (309, n. 483).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
7. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggvisstaði (460, n. 616).
   Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og l. nr. 94 14. maí 1940, um breyt. á þeim l. (397, n. 864).
   Frsm.: Jón Pálmason.
9. Frv. til l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. (589, n. 813 (meiri hl.), n. 833 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Sigurðsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Pálmason.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs (237).
    Nefndarálit kom ekki.

---

1) Í fjarveru hans, frá 22. maí til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Pétur Hannesson.
2) Þegar Stefán Jóh. Stefánsson varð ráðherra, 5. febr., tók sæti hans í nefndinni Ásgeir Ásgeirsson.

11. Frv. til l. um innflutning búfjár (736).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um Ræktunarsjóð Íslands (105).
Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
2. Frv. til l. um eftirlit með verzlun með fóðurvörur (378).
Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
3. Frv. til l. um búfjárrækt (809).
Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*
Sigurður Kristjánsson, formaður,
Eysteinn Jónsson,[1])
Lúðvík Jósefsson, fundaskrifari,[2])
Pétur Ottesen,
Ásgeir Ásgeirsson.[3])

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um fiskimálasjóð, markaðsleit sjávarafurða, útflutning á fiski o. fl. (8, n. 816).
Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
2. Frv. til l. um matsveina- og veitingaþjónaskóla (51, n. 186).
Frsm.: Lúðvík Jósefsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (126, n. 417).
Frsm.: Pétur Ottesen.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi (155, n. 291).
Frsm.: Pétur Ottesen.
5. Frv. til l. um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl. (153, n. 481 (minni hl.), n. 484 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Pétur Ottesen.
Frsm. meiri hl.: Finnur Jónsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim l. (164, n. 656 (meiri hl.), n. 693 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sigurður Kristjánsson.
Frsm. minni hl.: Áki Jakobsson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 109 1943, um hlutatryggingafélög (169).
Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins á Rifi á Snæfellsnesi (198, n. 1003).
Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
9. Frv. til l. um byggingu síldarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness (221, n. 668 (minni hl.), n. 669 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Áki Jakobsson.
Frsm. meiri hl.: Skúli Guðmundsson.
10. Frv. til l. um ráðstafanir til hagnýtingar og markaðsöflunar fyrir Faxaflóasíld (292).
Nefndarálit kom ekki.

---

1) 5. febr. tók sæti hans í nefndinni Skúli Guðmundsson.
2) 5. febr. tók sæti hans í nefndinni Áki Jakobsson.
3) 5. febr. tók sæti hans í nefndinni Finnur Jónsson.

Fastanefndir Nd.: Sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir.

11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands (486).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur (465, n. 572).
    Frsm.: Finnur Jónsson.
13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins (521, n. 627 (meiri hl.), n. 785 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Finnur Jónsson.
    Frsm. minni hl.: Áki Jakobsson.
14. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði (522, n. 628 (meiri hl.), n. 695 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Finnur Jónsson.
    Frsm. minni hl.: Áki Jakobsson.
15. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð (684, n. 798).
    Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
16. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur (683, n. 898).
    Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
17. Frv. til l. um eftirlit með skipum (912 (sbr. 602), n. 947).
    Frsm.: Finnur Jónsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (129).
   Frsm. var ekki kosinn.
2. Frv. til l. um fiskiðjuver ríkisins (168).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
3. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að koma upp verbúðum við Faxaflóa (275).
   Frsm.: Pétur Ottesen.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 7. maí 1946, um beitumál (329).
   Frsm.: Lúðvík Jósefsson.
5. Frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip (336).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 27. júní 1921, um breyt. á l. nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip (337).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.

5. Iðnaðarnefnd:

Ingólfur Jónsson,
Halldór Ásgrímsson,
Hermann Guðmundsson,
Sigurður E. Hlíðar, formaður,
Gylfi Þ. Gíslason, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

Frv. til l. um iðnfræðslu (360).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946 (398).
Frsm.: Sigurður E. Hlíðar.

Fastanefndir Nd.: Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:
Sigurður E. Hlíðar, formaður,
Helgi Jónasson,
Katrín Thoroddsen, fundaskrifari,
Garðar Þorsteinsson,[1])
Gylfi Þ. Gíslason.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 frá 1935, um vinnumiðlun (26, n. 509 (meiri hl.), n. 514 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Garðar Þorsteinsson.
   Frsm. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar (75, n. 585).
   Frsm.: Helgi Jónasson.
3. Frv. til l. um dagheimili fyrir börn innan skólaskyldualdurs (85, n. 923 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Katrín Thoroddsen.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
4. Frv. til l. um Byggingarstofnun ríkisins og byggingarfélög (107, n. 925 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Katrín Thoroddsen.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar (150, n. 394 (minni hl.), n. 399 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Garðar Þorsteinsson.
   Frsm. meiri hl.: Helgi Jónasson.
6. Frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933 (227, n. 549).
   Frsm.: Helgi Jónasson.
7. Frv. til l. um bæjarstjórn á Sauðárkróki (301, n. 429).
   Frsm.: Helgi Jónasson.
8. Frv. til l. um héraðshæli (551).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 26. apríl 1946, um almannatryggingar (618).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til l. um styrk til vatnsveitna (660).
    Nefndarálit kom ekki, en málið hlaut þó afgreiðslu.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 frá 1946, um almannatryggingar (82).
   Frsm.: Helgi Jónasson.
2. Frv. til l. um vernd barna og ungmenna (162).
   Frsm.: Katrín Thoroddsen.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna (289).
   Frsm.: Helgi Jónasson.
4. Frv. til l. um styrk til vatnsveitna (331).
   Frsm.: Sigurður E. Hlíðar.
5. Frv. til framfærslulaga (364).
   Frsm.: Gylfi Þ. Gíslason.
6. Frv. til l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (365).
   Frsm.: Gylfi Þ. Gíslason.

---

1) Meðan Garðar Þorsteinsson dvaldist erlendis tók sæti hans í nefndinni frá 7. jan. til 2. febr. Stefán Stefánsson.

Fastanefndir Nd.: Heilbrigðis- og félagsmála- og menntamálanefndir.

7. Frv. til l. um að tryggja manneldisgildi hveitis (458).
Frsm.: Helgi Jónasson.

7. *Menntamálanefnd:*
Gunnar Thoroddsen, fundaskrifari,
Páll Þorsteinsson,
Sigfús Sigurhjartarson, formaður,
Sigurður Bjarnason,
Barði Guðmundsson.[1])

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um héraðsskjalasöfn (46, n. 135).
Frsm.: Barði Guðmundsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús (45).
Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla (71, n. 146).
Frsm.: Sigurður Bjarnason.
4. Frv. til l. um kirkjubyggingar og þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa (88, n. 855).
Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
5. Frv. til l. um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn (106, n. 157).
Frsm.: Sigurður Bjarnason.
6. Frv. til l. um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga (222, n. 885).
Frsm.: Sigfús Sigurhjartarson.
7. Frv. til l. um skipulag og hýsingu prestssetra (286, n. 447).
Frsm.: Páll Þorsteinsson.
8. Frv. til l. um veitingu prestakalla (400).
Nefndarálit kom ekki.
9. Frv. til l. um inngöngu Íslands í Bernarsambandið (591, n. 672).
Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús (756, n. 821).
Frsm.: Sigurður Bjarnason.
11. Frv. til l. um þjóðleikhús (757, n. 822).
Frsm.: Sigurður Bjarnason.
12. Frv. til l. um félagaheimili (758, n. 827).
Frsm.: Páll Þorsteinsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um menntun kennara (94).
Frsm.: Sigfús Sigurhjartarson.
2. Frv. til l. um atvinnudeild háskólans (99).
Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
3. Frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936 (201).
Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
4. Frv. til l. um tilraunastöð háskólans í meinafræði (209).
Frsm.: Sigurður Bjarnason.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans (411, n. 537).
Frsm.: Sigfús Sigurhjartarson.

---

1) Meðan Barði Guðmundsson dvaldist erlendis, frá 17. maí til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Steindór Steindórsson.

Fastanefndir Nd.: Menntamála- og allsherjarnefndir.

Minni hl. nefndarinnar (SigfS) flutti:

Frv. til l. um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga (222).

Nefndin skilaði áliti um málið, á þskj. 885.

Frsm.: Sigfús Sigurhjartarson.

8. Allsherjarnefnd:

Garðar Þorsteinsson, formaður,[1])
Jörundur Brynjólfsson,
Hermann Guðmundsson,
Jóhann Hafstein,[2])
Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskrifari.[3])

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis (22, n. 426).
   Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur (39, n. 215 (meiri hl.), n. 225 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Hermann Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Jóhann Hafstein.
3. Frv. til l. um breyt. á l. um orlof, nr. 16 26. febr. 1943 (57, n. 995 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Áki Jakobsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
4. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang (62, n. 124).
   Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna (86, n. 203 (meiri hl.), n. 204 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Hafstein.
   Frsm. minni hl.: Garðar Þorsteinsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis (97, n. 223).
   Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
7. Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (100).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um öryggi verkamanna við vinnu (139, n. 946).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
9. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Ólafsfjarðarkaupstað jörðina Hringverskot í Ólafsfirði (64, n. 615).
   Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
10. Frv. til l. um embættaveitingar og ráðning opinberra starfsmanna (314, n. 787).
    Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu (374, n. 839).
    Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 1. febr. 1936, um fávitahæli (445).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til l. um brunatryggingar á Akureyri (477).
    Nefndarálit kom ekki.

---

1) Meðan Garðar Þorsteinsson dvaldist erlendis, tók sæti hans í nefndinni frá 7. jan. til 2. febr. Stefán Stefánsson.

2) Þegar Jóhann Hafstein fór til útlanda, 17. maí, tók sæti hans í nefndinni til þingloka **Auður Auðuns.**

3) Þegar Stefán Jóh. Stefánsson varð ráðherra, 5. febr., tók sæti hans í nefndinni **Finnur Jónsson.**

Fastanefndir Nd.: Allsherjarnefnd.

14. Frv. til l. um lögræði (516, n. 611).
    Frsm.: Jóhann Hafstein.
15. Frv. til l. um þjóðhátíðardag Íslendinga 17. júní og almennan frídag 1. mai (536).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til l. um brunatryggingar á Siglufirði (663).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör (664, n. 819 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Garðar Þorsteinsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
18. Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935 (680).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar (773, n. 949).
    Frsm.: Auður Auðuns.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, og á l. nr. 99 14. mai 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (116).
   Frsm. var ekki kosinn.
2. Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1947 (383).
   Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
3. Frv. til l. um Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu (578).
   Frsm. var ekki kosinn.
4. Frv. til l. um brunamál (685).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
5. Frv. til l. um embættisbústaði dómara (856).
   Frsm. var ekki kosinn.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (175).
Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
Minni hl. nefndarinnar (HermG) skilaði áliti um málið, á þskj. 200.

D.

Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri vara-forseti eina nefnd í hvorri deild, vinnunefnd.

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda, er prentuð var og útbýtt meðal þingmanna.

Sþ.

1033. Erindaskrá.

— Raðað eftir stafrófsröð. —

Aðflutningsgjöld. Forsætis- og utanríkisrh. sendir frv. til l. um, að ákvæði samnings frá 7. október 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi. Frv. þetta hefur rh. í hyggju að leggja fyrir Alþingi. — Bréf 6. nóv. (Db. 91). — Sjá einnig: Eftirgjöf á tolli, Endurgreiðsla aðflutningsgjalda af vélbátum, Endurgreiðsla tolls af timburhúsum, Hækkun aðflutningsgjalda.

Afgreiðslustöðvar fyrir áætlunarbifreiðar. Samgmrn. sendir samgmn. Nd. frv. til l. um afgreiðslustöðvar fyrir áætlunarbifreiðar og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 31. des. (Db. 374).

Afmæli finnska þingsins.

1. Finnska þingið þakkar árnaðaróskir og gjöf Alþingis á minningarhátíð í tilefni af 40 ára afmæli einnar málstofu finnska þingsins. — Bréf 10. júní. (Db. 913).
2. Forsetar finnska þingsins bjóða Alþingi Íslendinga að senda fulltrúa til að vera viðstaddir hátíðahöld í Helsingfors 23. maí n. k. í tilefni af því, að þann dag eru 40 ár liðin frá því, að finnska þingið var gert að einni málstofu. — Bréf ódags. (Db. 711).
3. Forseti finnska þingsins símar, að Alþingi Íslendinga muni verða boðið að senda fulltrúa til að vera viðstaddir hátíðahöld 23. maí næstkomandi í tilefni af því, að þá verða liðin 40 ár frá því, að finnska þingið var gert að einni málstofu. — Símskeyti 12. marz. (Db. 710).

Afmæli William Craigie. Snæbjörn Jónsson fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veitt fé til að heiðra William Craigie, er hann verður áttræður á komandi sumri. — Bréf 14. febr. (Db. 501).

Afstaða foreldra til óskilgetinna barna, sjá Framfærslulög.

Afurðasölunefndir, sjá Landhelgi Íslands 1.

Afurðir bátaútvegsins, sjá Bátaútvegurinn.

Akureyrarkirkja, sjá Eftirgjöf á tolli 1.

Almannatryggingar.

1. Almennur hreppsfundur í Skarðshreppi í Dalasýslu skorar á Alþingi að taka lög um almannatryggingar til gagngerðrar endurskoðunar og lækka persónugjöld samkvæmt þeim og gjöld úr sveitarsjóðum. — Bréf 1. febr. (Db. 522).
2. Búnaðarfélag Íslands sendir ályktun búnaðarþings, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja frv. Skúla Guðmundssonar um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1947, um almannatryggingar. — Bréf 20. maí. (Db. 890).
3. Búnaðarsamband Skagfirðinga skorar á Alþingi og ríkisstjórn að breyta lögum um almannatryggingar þannig, að bændur, sem teljast atvinnurekendur, losni að minnsta kosti við að greiða iðgjöld samkvæmt 112. gr., og samræma lögin að öðru leyti til jafnréttis milli launþega og atvinnurekenda. — Bréf 30. apríl. (Db. 781).
4. Gísli Eiríksson sendir ályktun aðalfundar búnaðarsambands Vestur-Húnavatnssýslu, þar sem skorað er á Alþingi að lækka að miklum mun gjöld þau, sem bændum er ætlað að greiða samkvæmt lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar. — Bréf 2. apríl. (Db. 734).
5. Guðjón Jónsson sendir ályktun búnaðarfélags Ásahrepps, þar sem skorað er á Alþingi að lækka slysatryggingariðgjald það, sem bændum er ætlað

að greiða samkvæmt l. nr. 50 1946, um almannatryggingar. — Bréflaust. (Db. 928).
6. Hreppsnefnd Kirkjubólshrepps skorar á Alþingi að breyta lögum um almannatryggingar þannig að lækka iðgjöld, þar sem þau komi mjög hart niður á lægst launuðu stéttum landsins og hreppsfélögum. — Bréf 19. marz. (Db. 715).
7. Íþróttabandalag Siglufjarðar skorar á Alþingi að samþ. frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, þar sem lagt er til, að íþróttamenn verði slysatryggðir. — Bréf 17. maí. (Db. 906).
8. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M., sendir ályktun aðalfundar búnaðarfélags Vopnafjarðar, þar sem skorað er á Alþingi að lækka um ¾ slysatryggingariðgjald það, sem bændum er ætlað að greiða samkvæmt l. nr. 50 1946, um almannatryggingar. — Bréf 22. maí. (Db. 898).
9. Umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar. — Bréf 13. febr. (Db. 514, 611).
10. Verkamannafélagið Dagsbrún skorar á Alþingi:
1) að miða gjöld til almannatrygginga við tekjur manna,
2) að hækka persónufrádrátt við skattaálagningu og
3) að gera orlofsfé skattfrjálst. — Bréf 15. febr. (Db. 506).
— Sjá einnig Héraðshæli 2, 5.

Alþingiskjósendur í Ásahreppi, sjá Brúargerðir 10.

Alþingiskostnaður. Fjmrn. biður um áætlun um alþingiskostnað 1948. — Bréf 19. maí. (Db. 888).

Alþingismenn, sjá Dvalarkostnaður þingmanna utan Reykjavíkur.

Alþjóðaflug.
1. Bjarni Guðmundsson svarar fyrirspurn allshn. Sþ. um þýðingu flugmálasamnings á þskj. 13. — Bréf 12. nóv. (Db. 121).
2. Utanrn. telur æskilegt, að till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að samþykkja samninga um alþjóðaflug verði samþykkt fyrir 1. marz n.k. — Bréf 30. jan. (Db. 462).

Alþýðusamband Íslands sendir ályktanir og áskoranir til Alþingis, sem samþykktar voru á 19. þingi alþýðusambandsins um: 1) sjávarútvegsmál, 2) verkalýðsmál, 3) tryggingamál, 4) öryggismál og 5) nýsköpunar- og dýrtíðarmál o. fl. — Bréf 27. nóv. (Db. 224). — Sjá einnig: Dýrtíðarráðstafanir 3, Fræðslustarfsemi Alþýðusambands Íslands, Hlutfallstölur tekna þjóðfélagsstéttanna 1, Hvíldartími háseta á botnvörpuskipum 1, Hækkun aðflutningsgjalda 1—6, Orlof 1, Stéttarfélög og vinnudeilur 1, Verbúðir við Faxaflóa 2, Öryggi verkamanna við vinnu 2.

Alþýðuskólinn á Eiðum, sjá Tillögur.

Amtsbókasafnið í Stykkishólmi. Stjórnarnefnd Amtsbókasafnsins í Stykkishólmi fer þess á leit, að í fjárl. 1947 verði veittur 60 þús. kr. byggingarstyrkur til bókasafnsins. — Bréf 26. marz. (Db. 693).

Andakílsárvirkjun. Umsögn rafmagnseftirlits ríkisins um till. til þál. um ríkisábyrgð á viðbótarláni til virkjunar Andakílsár. — Bréf 2. des. (Db. 259).

Apótekarafélag Íslands, sjá: Endurskoðun laga um sölu lyfja 2—3, Fjárhagsráð 4, Innflutningur lyfja.

Arnfinnur Jónsson, 2. (vara)þm. S.-M., sjá: Varaþingmenn 8, Vegamál 3.

Arngerðareyri, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 25.

Atvinna við siglingar.
1. Minnaprófs vélstjórar fara þess á leit, að lögum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum verði breytt þannig, að þeir hljóti aukin réttindi. — Bréf 11. des. (Db. 301).
2. Skólastjóri stýrimannaskólans sendir frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí

1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og fer þess á leit, að sjútvn. Nd. flytji það á þessu þingi. — Bréf 11. nóv. (Db. 120).
3. Umsögn skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík um sama frv. — Bréf 6. febr. (Db. 474).
4. Umsögn skólastjóra vélskólans í Reykjavík um sama frv. — Bréf 8. febr. (Db. 483).

Atvinnudeild háskólans.
1. Menntmrn. sendir menntmn. Nd. frv. til l. um: 1) Atvinnudeild háskólans, 2) menntun kennara og 3) um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga og fer þess á leit, að nefndin flytji þau á yfirstandandi þingi. — Bréf 29. okt. (Db. 56).
2. Rannsóknaráð ríkisins fer þess á leit, að 20 þús. kr. verði veittar á þessu ári til atvinnudeildar háskólans til stofnsetningar vinnustofu fyrir deildina. — Bréf 17. des. (Db. 345).
3. Rannsóknaráð ríkisins sendir samkv. beiðni fjvn. skrá yfir nokkra starfsmenn atvinnudeildar háskólans, sem það hefur mælt með að yrðu ráðnir að deildinni. — Bréf dags. 3. nóv. (Db. 74).

— Sjá einnig: Rannsókn á dýralífi í Hvammsfirði, Rannsókn á dýralífi í Nýpsfirði og Nýpslónum, Tillögur.

Atvinnumálaráðherra, sjá: Bátaútvegurinn 1, Fljótaárvirkjun 2, Nýjar síldarverksmiðjur 1.

Atvinnumálaráðuneytið, sjá: Bátaútvegurinn 2, Beitumál 1, Eikarkaup ríkissjóðs, Fljótaárvirkjun 1—2, Freðfiskimatið 1, Jarðhitarannsóknir 1, Nýjar síldarverksmiðjur 2, Sauðfjársjúkdómanefnd, Sementsvinnsla, Síldarniðursuðuverksmiðja ríkisins, Tunnusmíði, Vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, Verbúðir við Faxaflóa 1.

Auður Auðuns, 7. (vara)þm. Reykv., sjá Varaþingmenn 5.

Axel Guðmundsson, 3. (vara)þm. Reykv., sjá Varaþingmenn 6.

Áburðarsala ríkisins, sjá: Grænmetisverzlun ríkisins, Tillögur, Verðhækkun tilbúins áburðar.

Áfengi, sjá: Áfengisbann, Áfengislög, Áfengisvarnir, Áfengisveitingar í veizlum, Héraðabönn, Skömmtun áfengis.

Áfengisbann.
1. Kvenréttindafélag Íslands sendir ályktun kvenfélagsins Hörpu í Helgustaðahreppi, þar sem skorað er á Alþingi að vinna að útrýmingu áfengis úr landinu. — Bréf 6. des. (Db. 343).
2. Umdæmisstúkan á Akureyri sendir nokkrar ályktanir vorþings stúkunnar, þar sem skorað er á Alþingi og ríkisstjórn: 1) að gera ýmiss konar ráðstafanir til að draga úr áfengisneyzlu í landinu, 2) að vinna að algeru innflutnings- og sölubanni áfengra drykkja og 3) að veita ríflegan styrk til byggingar góðtemplarahúss í Reykjavík. — Bréf 18. maí. (Db. 910).
3. Umdæmisstúkan á Siglufirði skorar á Alþingi að láta þjóðaratkvæðagreiðslu fara fram á næsta ári um algert aðflutnings- og sölubann á áfengum drykkjum. — Bréf 9. nóv. (Db. 135).
4. Ungmennafélagið Reykhverfingur í Suður-Þingeyjarsýslu skorar á Alþingi og ríkisstjórn að láta eigi síðar en við næstu almennar kosningar til Alþingis fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um bann við innflutningi og sölu áfengra drykkja. — Bréf 6. des. (Db. 720).

Áfengislög.
1. Aðalfundur sambands veitinga- og gistihúsaeigenda skorar á Alþingi og ríkisstjórn að breyta lögum um sölu og meðferð áfengra drykkja í veitingahúsum til samræmis við það, sem tíðkast í öðrum menningarlöndum. — Bréf 13. nóv. (Db. 148).

2. Áfengisvarnarnefnd kvenfélaga í Reykjavík og Hafnarfirði skorar á Alþingi að fella frumvarp Sigurðar Kristjánssonar um breyt. á áfengislögunum. — Bréf 29. apríl. (Db. 769).
3. Samband veitinga- og gistihúsaeigenda skorar á Alþingi að breyta áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935 þannig, að dómsmálaráðherra verði heimilað að láta fleirum en einu veitingahúsi í té veitingaleyfi á áfengum drykkjum, sem til landsins er heimilt að flytja. — Bréf 17. apríl. (Db. 755).
4. Stórstúka Íslands mótmælir frv. Sigurðar Kristjánssonar um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935, og skorar á Alþingi að: a) láta lögin um héraðabönn koma til framkvæmda og b) að fækka áfengisútsölustöðum með því að svipta Hótel Borg vínveitingaleyfi. — Bréf 10. maí. (Db. 879).

— Sjá einnig Héraðabönn 3.

Áfengisráðunautur ríkisins, sjá: Áfengisveitingar í veizlum 2, Skömmtun áfengis 2.

Áfengisvarnarnefnd kvenfélaga í Reykjavík og Hafnarfirði, sjá: Áfengislög 2, Áfengisvarnir 2, Áfengisveitingar í veizlum 1.

Áfengisvarnarnefnd kvennasamtaka í Ólafsfirði, sjá Áfengisvarnir 3.

Áfengisvarnir.

1. Alþýðusamband Íslands sendir ályktun verkalýðsfélags Hrútfirðinga, þar sem skorað er á Alþingi: 1) að herða á ákvæðum löggjafar um áfengisvarnir, 2) að hætta að hafa áfengi um hönd í opinberum veizlum og samþykkja tillögu Skúla Guðmundssonar um það efni og 3) að verja hagnaði af sölu áfengis, meðan áfengi er haft til sölu, til áfengisvarna og eflingar menningarstarfsemi í landinu. — Bréf 7. febr. (Db. 484).
2. Áfengisvarnarnefnd kvenfélaga í Reykjavík og Hafnarfirði sendir ályktun áfengisvarnarnefndar kvenfélaga á Siglufirði, þar sem skorað er á Alþingi að hlutast til um: 1) að lyfjabúðum verði bannað að selja án lyfseðla drykki, sem menn geta orðið ölvaðir af, 2) að áfengisverzluninni á Siglufirði verði lokað, 3) að hætt verði að veita einstaklingum og félögum leyfi til vínveitinga og 4) að hætt verði að veita áfenga drykki í opinberum veizlum. — Bréf 25. apríl. (Db. 770).
3. Áfengisvarnarnefnd kvennasamtaka Ólafsfjarðar og barnastúkan Áróra sama stað skora á Alþingi og ríkisstjórn að láta loka áfengisútsölu ríkisins á tímabilinu frá júlíbyrjun til októberloka. — Símskeyti. (Db. 735).
4. Bandalag kvenna í Reykjavík skorar á Alþingi að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að útrýma ofdrykkjunni úr landinu. — Bréf 13. des. (Db. 357).
5. Fulltrúafundur kvenfélagsins Hlíf, kvenfélagsins Framtíðin, verkakvennafélagsins Eining og kvennadeildar Slysavarnafélagsins á Akureyri samþykkti ályktanir, þar sem skorað er á Alþingi og ríkisstjórn: 1) að loka áfengisútsölum á Norðurlandi yfir síldveiðitímann, 2) að fella frv. um heimild veitingahúsa til áfengisútsölu, 3) að láta lögin um héraðabönn koma til framkvæmda á þessu ári, 4) að hætta vínveitingum í opinberum veizlum og 5) að afla ríkissjóði tekna á annan hátt en með áfengissölu. — Bréf 20. maí. (Db. 902).
6. Sameiginlegur fundur Góðtemplarastúknanna í Vestmannaeyjum, haldinn 9. marz, skorar á Alþingi að láta tafarlaust loka áfengisútsölunni þar. — Bréf 12. marz. (Db. 643).
7. Verkalýðsfélag Vestmannaeyja skorar á Alþingi að samþykkja till. Jóhanns Jósefssonar og Brynjólfs Bjarnasonar um tímabundna lokun áfengisútsölu ríkisins í Vestmannaeyjum. — Símsk. 14. febr. (Db. 512).

— Sjá einnig Héraðabönn.

Áfengisveitingar í veizlum.
1. Áfengisvarnarnefnd kvenfélaga í Reykjavík og Hafnarfirði skorar á Alþingi að stemma stigu við áfengisböli þjóðarinnar. Þá leggur nefndin til: 1) að Alþingi samþykki þingsályktunartillögu Skúla Guðmundssonar um, að ríkið hætti að veita áfengi í veizlum þess, 2) að strangar hömlur verði settar við því, að starfsmenn ríkisins, og þá fyrst og fremst kennarar, vinni störf sín undir áhrifum áfengis. — Bréf 12. des. (Db. 350).
2. Umsögn áfengismálaráðunautar ríkisins um till. til þál.: 1) um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins o. fl., 2) um héraðabönn, 3) um notkun kvikmynda í sambandi við baráttu lögreglunnar gegn óhóflegri áfengisnautn. — Bréf 16. jan. (Db. 419).

— Sjá einnig: Áfengisvarnir 1—2, 5, Héraðabönn 4.

Áfengisverzlun ríkisins, sjá Tillögur.

Árbók Slysavarnafélags Íslands. Slysavarnafélag Íslands sendir fjvn. skv. beiðni síðustu árbók félagsins og skýrslu 3. landsþings þess. — Bréf 4. nóv. (Db. 80).

Árni Óla, sjá Heiðurslaun.

Árni Pálsson, sjá Námsstyrkir 1.

Ásgeir Hraundal, sjá Dýralækningar.

Ásgeir Ingimundarson, sjá Ríkisborgararéttur.

Ásmundur h/f, sjá Eftirgjöf á skatti.

Ásmundur Sigurðsson, 8. landsk. þm., sjá: Borgey h/f, Hornafirði, Landshöfn í Hornafirði 2.

Åberg, Ketty Ellen Margrethe, sjá Ríkisborgararéttur.

Åberg, Nanna Jónsdóttir, sjá Ríkisborgararéttur.

Babel, Svava Blöndal, sjá Ríkisborgararéttur.

Bakarasveinafélag Íslands, sjá Iðnfræðsla 1, 8.

Bandalag ísl. listamanna, sjá Skáldmennt.

Bandalag kvenna í Reykjavík, sjá: Áfengisvarnir 4, Dagheimili fyrir börn 1, Innflutningur heimilisvéla 1.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sjá Hlutfallstölur tekna þjóðfélagsstéttanna 4.

Bankavaxtabréf.
1. Umsögn Landsbanka Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 3. marz 1945, um heimild fyrir Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa. — Bréf 4. febr. (Db. 475).
2. Umsögn minni hl. bankaráðs Landsbanka Íslands um sama frv. — Bréf 6. febr. (Db. 486).

Barði Guðmundsson, 9. landsk., þm., sjá: Byggingarstyrkir til listamanna 1, Varaþingmenn 1.

Barnastúkan Áróra, sjá Áfengisvarnir 3.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sjá: Fávitahæli, Vernd barna og ungmenna 2.

Barnaverndarráð, sjá: Dagheimili fyrir börn 3, Tillögur, Vernd barna og ungmenna 3.

Barnavinafélagið Sumargjöf, sjá: Dagheimili fyrir börn 4, Uppeldisskóli Sumargjafar.

Bátaútvegurinn.
1. Atvmrh. sendir fjhn. Nd. frv. til l. um ráðstafanir vegna framleiðslu og útflutnings á afurðum bátaútvegsins og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 7. des. (Db. 603).
2. Atvmrn. sendir afrit af bréfi frá stjórn fiskideildar Siglufjarðar, stjórn deildar landssambands ísl. útvegsmanna á Siglufirði og stjórn skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis, Siglufirði, þar sem mótmælt er því atriði í lögum nr. 97 28. des. 1946, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl., að

verja hluta af söluverði síldarafurða 1947 til verðjöfnunar við aðrar fisktegundir. — Bréf 13. jan. (Db. 407).
3. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands skorar á Alþingi að fella úr gildi 6. gr. sömu laga, um að verja hluta af verði síldarafurða 1947 til að verðbæta aðrar fisktegundir. — Bréf 26. febr. (Db. 562).
4. Sjómannafélag Hafnarfjarðar skorar á Alþingi að fella úr gildi 6. gr. sömu laga, um að verja hluta af verði síldarafurða 1947 til verðhækkunar á öðrum fisktegundum. — Bréf 1. febr. (Db. 468).
5. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan skorar á Alþingi og ríkisstjórn: 1) að fella burtu 6. gr. sömu laga og 2) að lækka dýrtíðina í landinu, svo að atvinnuvegir landsmanna komist á eðlilegan grundvöll. — Bréf 12. jan. (Db. 427).
6. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Grótta mótmælir 6. gr. sömu laga, um að verðbæta vertíðaraflann af síldarverði á komandi sumri, og skorar á Alþingi að láta greinina ekki koma til framkvæmda. — Bréf 6. jan. (Db. 429).
7. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sendir ályktanir fundar frystihúsaeigenda um framkvæmd sömu laga. — Bréf 8. marz. (Db. 624).
8. Umsögn landssambands ísl. útvegsmanna um frv. til l. um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna bátaútvegsins. — Bréf 20. des. (Db. 607).
9. Umsögn sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna um sama frv. — Bréf 21. des. (Db. 371).
— Sjá einnig: Hækkun aðflutningsgjalda 1, Orlofsheimili verkalýðsfélaga.

Beitumál.
1. Atvmrn. sendir sjútvn. Nd. frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 7. maí 1946, um beitumál, og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi Alþingi. — Bréf 27. nóv. (Db. 223).
2. Umsögn landssambands ísl. útvegsmanna um sama frv. — Bréf 15. jan. (Db. 416).

Bernarsambandið. Menntmrh. sendir frv. til l. um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, sem hann hefur í hyggju að leggja fyrir Nd. — Bréf 28. marz. (Db. 683—684).

Berndsen, Carl, sjá Eftirlaun og styrktarfé 11.

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., sjá: Hafnargerðir og lendingarbætur 1, Mjólkursamlag Kaupfélags Eyfirðinga, Varaþingmenn 2, Vegamál 1.

Bifreiðaeftirlit ríkisins. Vegamálastjóri sendir reikning yfir kostnað við bifreiðaeftirlit ríkisins árið 1945. — Bréflaust. (Db. 110). — Sjá einnig Tillögur.

Bifreiðalög. Dómsmrn. sendir allshn. Nd. frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 15. marz. (Db. 645).

Bifreiðaskattur, sjá: Gjald af innlendum tollvörutegundum, Hækkun aðflutningsgjalda 4, 7—8, 12, Landshöfn í Hornafirði 2.

Bifreiðastjóradeild verkalýðsfélags Akraness, sjá Hækkun aðflutningsgjalda 7.

Bifreiðastjórafélagið Hreyfill, sjá: Hækkun aðflutningsgjalda 12, Varahlutir til bifreiða 1.

Bifreiðastjórafélagið Neisti, Hafnarfirði, sjá Hækkun aðflutningsgjalda 8.

Bindindisstarfsemi. Íþróttasamband Íslands fer þess á leit, að styrkur sambandsins til bindindisstarfsemi verði í fjárl. næsta árs hækkaður úr 2000.00 kr. í 3000.00 kr. — Bréf 27. des. (Db. 376). — Sjá einnig Ungmennasamband Íslands.

Biskup Íslands, sjá: Bygging prestssetra, Eftirlaun og styrktarfé 1, Embættiskostnaður sóknarpresta, Endurskoðun kirkjulaga, Kirkjubyggingar, Menntun kennara, Tillögur, Veiting prestakalla.

Bjarni Vilhjálmsson, sjá Íslenzk samheitaorðabók.
Björg Jónsdóttir, sjá Lánbeiðni.
Björgunarskip, sjá Fiskirannsóknaskip.
Björgunarskipið Sæbjörg. Slysavarnafélag Íslands fer þess á leit, að veittar verði 200 þús. kr. í fjárl. fyrir árið 1947 til stækkunar björgunarskipsins Sæbjargar. — Bréf 2. nóv. (Db. 76).
Björn Bjarnarson, Grafarholti, sjá: Vikudaganöfn, Vinnuafköst í opinberri vinnu.
Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ., sjá: Bókafélag Norður-Þingeyinga, Vegamál 2, Viðurkenningarlaun.
Björn Sigfússon, sjá Íslenzk samheitaorðabók.
Blaðamannafélag Íslands, sjá Skipulagsskrá menningarsjóðs blaðamannafélagsins.
Blindravinafélag Íslands. Stjórn blindravinafélags Íslands fer þess á leit, að styrkur til félagsins verði í fjárl. 1947 hækkaður um 2 þús. kr. — Bréf 19. apríl. (Db. 751).
Blöndal, Gunnlaugur, sjá Málverk af þjóðfundinum 1851.
Borgardómarinn, sjá: Laun starfsmanna borgardómara, Tillögur.
Borgarfógetinn, sjá: Laun starfsmanna borgarfógeta, Tillögur.
Borgarstjórinn í Reykjavík, sjá: Dagheimili fyrir börn 5, Mjólkurmálin.
Borgey h/f í Hornafirði. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk., og Ásmundur Sigurðsson, 8. landsk. þm., fara þess á leit, að tekin verði upp í fjárl. fyrir árið 1947 heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita hlutafélaginu Borgey í Hornafirði allt að 300 þús. kr. lán til að kaupa skip í stað vélskipsins Borgey, sem fórst á s.l. hausti. — Bréf 15. apríl. (Db. 737).
Bókafélag Norður-Þingeyinga. Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ., fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veittar kr. 1500.00 til bókafélags Norður-Þingeyinga. — Bréf 3. febr. (Db. 472).
Bókasafn á Akranesi. Bæjarstjórinn á Akranesi fer þess á leit, að kaupstaðnum verði í fjárl. fyrir árið 1947 veittar 50 þús. kr. til bókakaupa vegna bruna gamla bókasafnsins. — Bréf 31. jan. (Db. 465).
Bókasafn á Kópaskeri. Menntmrn. leggur til, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði fjárveiting til bókasafna hækkuð um 600 kr. vegna bókasafns á Kópaskeri. — Bréf 25. febr. (Db. 567).
Bókasafn kennaraskólans. Broddi Jóhannesson fer þess á leit, að bókasafni kennaraskólans verði í fjárl. næsta árs veittur styrkur í hlutfalli við framlög nemenda skólans. — Bréf 11. nóv. (Db. 116).
Bókasafn Ólafsfjarðar. Bæjarstjórn Ólafsfjarðar fer þess á leit, að í fjárl. 1947 verði 10 þús. kr. veittar til bókasafns kaupstaðarins. — Bréf 3. marz. (Db. 620).
Bókasafn utanríkisráðuneytisins. Utanrn. fer þess á leit, að í fjárl. 1947 verði veittar 15 þús. kr. til bókakaupa í bókasafn ráðuneytisins. — Bréf 27. febr. (Db. 572).
Bókasöfn, sjá: Amtsbókasafnið í Stykkishólmi, Bókafélag Norður-Þingeyinga, Bókasafn á Akranesi, Bókasafn á Kópaskeri, Bókasafn kennaraskólans, Bókasafn Ólafsfjarðar, Bókasafn utanríkisráðuneytisins, Bókhlaðan í Húsavík, Ræktunarvegir í Flatey 1.
Bókbindarafélag Reykjavíkur, sjá Iðnfræðsla 2.
Bókhlaðan í Húsavík.
1. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ., sendir símskeyti frá oddvita Húsavíkurhrepps og sýslumanni Þingeyjarsýslu, þar sem þess er farið á leit, að 5—10 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1947 til að endurbæta bókhlöðuna í Húsavík. — Bréflaust. (Db. 173).
2. Stjórn bókasafns Suður-Þingeyjarsýslu fer fram á, að safninu verði veittur 10 þús. kr. styrkur í fjárl. næsta árs til byggingar bókhlöðu í Húsavík. — Bréf 8. des. (Db. 288).

Brekkan, Sigdór V., sjá Eftirlaun og styrktarfé 5.
Brimbrjóturinn í Bolungavík, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 20.
Broddi Jóhannesson, sjá Bókasafn kennaraskólans.
Brunabótafélag Íslands, sjá Brunatryggingar á Akureyri.
Brunamál. Félmrn. sendir allshn. Nd. frv. til l. um brunamál og fer þess á leit, að nefndin flytji frumvarpið á þessu þingi. — Bréf 10. apríl. (Db. 725).
Brunatryggingar á Akureyri. Umsögn Brunabótafélags Íslands um frv. til l. um: a) brunatryggingar á Akureyri og b) brunatryggingar á Siglufirði. — Bréf 7. maí. (Db. 798).
Brunatryggingar á Siglufirði, sjá Brunatryggingar á Akureyri.
Brúalög.
1. Samgmn. Nd. sendir samgmn. Ed. umsögn vegamálastjóra um framkomin frv. og tillögur um breytingar á brúalögum. — Bréf 10. marz. (Db. 619).
2. Vegamálastjóri sendir samgmn. Ed. frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir. — Bréf 21. jan (Db. 435).
3. Umsögn vegamálastjóra um sama frv. — Bréf 2. des. (Db. 260, 261).

Brúargerðir.
1. Almennur hreppsfundur í Fróðárhreppi skorar á Alþingi og ríkisstjórn að sjá til þess: 1) að Holtsá og Hrísaá verði brúaðar sem allra fyrst, 2) að vegurinn frá Geirakoti að Ólafsvíkurvegi verði fullgerður á næsta ári, 3) að lagning vetrarvegar yfir Fróðárheiði verði hafin á næsta ári. — Bréf 9. nóv. (Db. 147).
2. Hreppsnefnd Öxnadalshrepps fer þess á leit, að veitt verði fé í fjárl. 1947 til brúargerðar á Öxnadalsá hjá Þverá. — Bréf 20. okt. (Db. 36).
3. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv., fer þess á leit, að í fjárl. 1947 verði 100 þús. kr. veittar til að brúa Álftaskálará og Vatnsdalsá. — Bréf 8. apríl. (Db. 853).
4. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv., sendir Alþingi áskorun 35 bænda í Torfustaðahreppum, um að veita í fjárl. ársins 1947 fé til brúargerðar á Austurá í Miðfirði. — Bréf 21. okt. (Db. 20).
5. Sýslunefnd V.-Barðastrandarsýslu beinir þeim tilmælum til Alþingis, að í fjárl. 1947 verði veitt fé til að brúa Botnsá í Tálknafirði. — Símskeyti 22. apríl. (Db. 871).
6. Vegamálastjóri gerir grein fyrir áætluðum kostnaði við fyrirhugaða brú á Jökulsá í Lóni. — Bréf 20. febr. (Db. 859).
7. Vegamálastjóri leggur til, að veittar verði í fjárl. 1947 700 þús. kr. til að byggja nýja brú á Þjórsá. — Bréf 11. marz. (Db. 862).
8. Vegamálastjóri sendir sundurliðaðar tillögur um fjárveitingu til brúargerða í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 10. febr. (Db. 505).
9. Vegamálastjóri sendir till. um fjárveitingu til brúargerða í fjárl. 1947 og skrá um geymslufé til brúargerða. — Bréf 23. nóv. (Db. 856).
10. 37 alþingiskjósendur í Ásahreppi í Austur-Húnavatnssýslu skora á Alþingi að veita í fjárl. 1947 fé til að brúa Álftaskálará og Vatnsdalsá. — Bréflaust. (Db. 852).

— Sjá einnig: Hafnargerðir og lendingarbætur 4, Vegamál 7, 9, 11—12, 19.
Brynjólfur Bjarnason, 4. landsk. þm., sjá Sjómannaheimili í Vestmannaeyjum.
Búfjárrækt. Búnaðarfélag Íslands sendir landbn. Nd. frv. til l. um búfjárrækt og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 14. apríl. (Db. 728).
Búnaðarbanki Íslands, sjá Ræktunarsjóður 1—2.
Búnaðarfélag Ásahreps, sjá Almannatryggingar 5.
Búnaðarfélag Íslands, sjá: Almannatryggingar 2, Búfjárrækt, Búnaðarmálasjóður, Búvélaverkstæði 1, Bygging fyrir Búnaðarfélag Íslands, Eftirlit með verzlun

með fóðurvörur, Garðyrkjufélag Íslands 2, Héraðshæli 8, Innflutningur búfjár, Loðdýrarækt, Mjólkursamlag Kaupfélags Borgfirðinga 2, Mjólkursamlag Kaupfélags Þingeyinga, Ráðunautur um æðarvarp 1, Ræktunarsjóður Íslands 3, Ræktunarvegir í Kópavogi og Fossvogi 2, Sauðfjárkynbætur, Sauðfjársjúkdómar 2, Smíðaskólinn á Hólmi, Tillögur.

Búnaðarfélag Vopnafjarðar, sjá Almannatryggingar 8.

Búnaðarfélög í A.-Sk., sjá Landshöfn í Hornafirði 2.

Búnaðarmálasjóður. Búnaðarfélag Íslands sendir ályktun búnaðarþings, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja frv. Þorsteins Þorsteinssonar, Hermanns Jónassonar og Gísla Jónssonar, um breyt. á l. nr. 38 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs. — Bréf 18. apríl. (Db. 754).

Búnaðarráð, sjá: Framleiðsluráð landbúnaðarins 2, Tillögur.

Búnaðarsamband Skagfirðinga, sjá Almannatryggingar 3.

Búnaðarsamband V.-Húnavatnssýslu, sjá Almannatryggingar 4.

Búnaðarþing, sjá: Búnaðarmálasjóður, Búvélaverkstæði 2, Bygging fyrir Búnaðarfélag Íslands, Dýrtíðarráðstafanir 1, Framleiðsluráð landbúnaðarins 3, Innflutningur búfjár, Sauðfjárkynbætur, Verkfærakaupasjóður, Æðarvarp 1.

Búreikningaskrifstofa ríkisins, sjá Tillögur.

Búvélaverkstæði.

1. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um frv. til l. um samþykktir um viðgerðarverkstæði landbúnaðarvéla. — Bréf 7. des. (Db. 284).
2. Umsögn búnaðarþings um sama frv. — Bréf 19. apríl. (Db. 753).
3. Umsögn verkfæranefndar ríkisins um sama frv. — Bréf 29. nóv. (Db. 239).

Búvélaverkstæði á Hellu. Kaupfélagið Þór, Hellu, fer þess á leit, að því verði veittur 50 þús. kr. byggingarstyrkur í fjárl. 1947 til búvélaverkstæðis þar. — Bréf 5. febr. (Db. 491).

Búvélaverkstæði á Vopnafirði. Kaupfélag Vopnfirðinga, Vopnafirði, fer þess á leit, að því verði í fjárl. 1947 veittar 25 þús. kr. til að koma upp búvélaverkstæði þar. — Bréf 12. marz. (Db. 636).

Búvélaverkstæði Kaupfélags Hallgeirseyjar. Kaupfél. Hallgeirseyjar sækir um 50 þús. kr. styrk úr ríkissjóði til verkstæðis fyrir landbúnaðarvélar. — Bréf 3. marz. (Db. 919).

Búvélaverkstæði við Egilsstaði. Hreppsfélögin á Fljótsdalshéraði fara þess á leit, að í fjárl. 1947 verði veittur 30 þús. kr. styrkur til stofnunar búvélaverkstæðis við Egilsstaði. — Bréf 7. marz. (Db. 627).

Byggðasöfn. Umsögn þjóðminjavarðar um frv. til l. um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn. — Bréf 23. nóv. (Db. 199).

Bygging barnaskóla. Fræðslumálastjóri sendir fjvn. skýrslu um byggingu barna- og framhaldsskóla árið 1947. — Bréf 12. nóv. (Db. 108).

Bygging barnaskóla á Akranesi. Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar fer þess á leit, að í fjárl. næsta árs verði veittur ríflegur styrkur til byggingar barnaskóla þar. — Bréf 3. jan. (Db. 387).

Bygging fyrir Búnaðarfélag Íslands. Búnaðarfélag Íslands sendir ályktun búnaðarþings, þar sem farið er fram á það, að Alþingi veiti félaginu 1 millj. kr. styrk til að koma upp framtíðarbyggingu fyrir starfsemi þess. — Bréf 18. apríl. (Db. 752).

Bygging gistihúss í Barðastrandarsýslu. Gísli Jónsson, þm. Barð., sendir erindi Barðstrendingafélagsins, dags. 28. febr., þar sem sótt er um 50 þús. kr. styrk í fjárl. 1947 til byggingar gistihúss í Barðastrandarsýslu. — Bréf 6. marz. (Db. 605).

Bygging góðtemplarahúss í Reykjavík, sjá Áfengisbann 2.

Bygging íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Félmrn. leggur til, að tekin verði í fjárl. fyrir árið 1947 fjárveiting skv. l. nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð

við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum: a) til byggingarsjóðs verkamanna kr. 1200000.00, b) til sveitarfélaga vegna útrýmingar á heilsuspillandi íbúðum kr. 900000.00. — Bréf 12. nóv. (Db. 118).

Bygging kennarabústaða við sjómannaskólann, sjá Kennarabústaðir við sjómannaskólann.

Bygging listasafns. Félag íslenzkra myndlistarmanna fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veittar 3 millj. kr. til byggingar listasafns. — Bréf í jan. (Db. 524).

Bygging prestssetra. Biskup Íslands svarar fyrirspurn fjvn. um fjárveitingu til byggingar nýrra prestssetra árið 1947. — Bréf 2. des. (Db. 242).

Bygging síldarverksmiðja á Siglufirði og Skagaströnd. Byggingarnefnd síldarverksmiðja ríkisins sendir fjhn. Nd. greinargerð um kostnað við byggingu nýju síldarverksmiðjanna á Siglufirði og Skagaströnd, kostnað við byggingarnefndina, þóknun verktaka o. fl. — Bréf 20. marz. (Db. 664).

Bygging síldarverksmiðju á Norðausturlandi.

1. Bæjarstjórn Neskaupstaðar skorar á Alþingi að samþykkja frv. til l. um byggingu síldarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness. — Símskeyti 8. marz. (Db. 617).
2. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Símskeyti 3. marz. (Db. 578).
3. 51 sjómaður og útgerðarmenn skora á Alþingi að samþ. sama frv. — Bréf 1. marz. (Db. 649).
4. Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Símskeyti 26. febr. (Db. 555).
5. Hreppsnefnd Búðahrepps skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Símskeyti 26. febr. (Db. 556).
6. Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Símskeyti 4. marz. (Db. 593).
7. Hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Símsk. 1. marz. (Db. 574).
8. Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps skorar á Alþingi að láta byggja síldarverksmiðju á Austurlandi svo fljótt sem við verður komið. — Símskeyti 26. febr. (Db. 563).
9. Útgerðarmannafélag Fáskrúðsfjarðar skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Símskeyti 26. febr. (Db. 554).
10. Verkamannafélagið Fram á Seyðisfirði skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Símskeyti 4. marz. (Db. 592).
11. Þm. N.-M. sendir símskeyti frá hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréflaust. (Db. 557).

— Sjá einnig Nýjar síldarverksmiðjur.

Byggingar bæjar- og sveitarfélaga.

1. Bæjarstjórinn á Siglufirði sendir ályktun bæjarstjórnar, þar sem skorað er á Alþingi að samþ. frv. minni hl. menntmn. Nd. um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga. — Bréf 3 .jan. (Db. 382).
2. Bæjarstjórn Akraness skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf 13. jan. (Db. 417).
3. Bæjarstjórn Neskaupstaðar skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Símskeyti 16. jan. (Db. 418).
4. Bæjarstjórn Ólafsfjarðar skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf 18. jan. (Db. 441).
5. Bæjarstjórn Vestmannaeyja skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréflaust. (Db. 443).

6. Hreppsnefnd Hveragerðishrepps skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf 20. jan. (Db. 442).
7. Hreppsnefnd Miðneshrepps skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf 6. jan. (Db. 383).
8. Menntmrn. sendir afrit af umsögnum bæjarstjórnar Ólafsfjarðar og oddvitanna í Skeiðahreppi, Ölfushreppi, Grímsneshreppi, Gaulverjabæjarhreppi og Húsavíkurhreppi um sama frv. — Bréf 16. jan. (Db. 426).
9. Sama rn. sendir umsagnir oddvita Breiðdalshrepps, Grunnavíkurhrepps, Kelduneshrepps, Stokkseyrarhrepps, Þingvallahrepps, Suðurfjarðarhrepps, Dalvíkurhrepps, Sauðárkrókshrepps, Súðavíkurhrepps, Hraunhrepps, Seltjarnarneshrepps, Mosfellshrepps, Fróðárhrepps, Eskifjarðarhrepps og Hjaltastaðahrepps og frá bæjarstjórnunum á Akureyri og Ísafirði um sama frv. — Bréf 3. febr. (Db. 477).
10. Sama rn. sendir umsagnir oddvita Kolbeinsstaðahrepps, Lundarreykjadalshrepps, Fljótshlíðarhrepps, Hofshrepps, Öngulsstaðahrepps og Borgarneshrepps um sama frv. — Bréf 21. jan. (Db. 438).
11. Oddviti Ólafsvíkurhrepps skorar á Alþingi að samþ. sama frv. — Bréf 10. jan. (Db. 440).

— Sjá einnig Atvinnudeild háskólans 1.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík, sjá Sænsk timburhús.

Byggingarnefnd, sjá: Bygging síldarverksmiðja á Siglufirði og Skagaströnd, Nýjar síldarverksmiðjur 3.

Byggingarnefnd iðnskólans í Reykjavík, sjá Iðnskólahús í Reykjavík.

Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur, sjá Endurgreiðsla tolls af timburhúsum 2.

Byggingarsamvinnufélög í Reykjavík, sjá Endurgreiðsla tolls af timburhúsum 1.

Byggingarsjóður Ríkisútvarpsins. Útvarpsstjórinn sendir samkv. beiðni fjvn. skýrslu um tekjur og gjöld byggingarsjóðs Ríkisútvarpsins. — Bréf 30. okt. (Db. 71).

Byggingarsjóður verkamanna. Fjmrn. sendir afrit af bréfi félmrn., dags. 10. jan., um vangreitt fé til byggingarsjóðs verkamanna. — Bréf 14. jan. (Db. 401). — Sjá einnig Bygging íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Byggingarstyrkir til listamanna.

1. Barði Guðmundsson, 9. landsk. þm., Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf., Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal., Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S.-M., Jónas Jónsson, þm. S.-Þ., Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., og Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf., fara þess á leit, að Sigurði Sigurðssyni, listmálara, frá Sauðárkróki, verði veittur 15 þús. kr. byggingarstyrkur í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 14. nóv. (Db. 186).
2. Freymóður Jóhannsson, listmálari, fer þess á leit, að honum verði veitt 50 þús. kr. lán úr ríkissjóði til byggingar vinnustofu. — Bréf í nóvember. (Db. 203).
3. Gunnlaugur Scheving, listmálari, fer þess á leit, að honum verði veittur 25 þús. kr. styrkur til byggingar málaravinnustofu. — Bréf 16. okt. (Db. 19).

Bæjarfógetinn á Akranesi, sjá Embættisbústaðir dómara 1.

Bæjarráð Reykjavíkur, sjá: Flugvellirnir í Reykjavík og Keflavík 2, Útsvör 1.

Bæjarstjórinn á Akranesi, sjá: Bókasafn á Akranesi, Hafnargerðir og lendingarbætur 2.

Bæjarstjórinn á Siglufirði, sjá: Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 1, Fljótaárvirkjun 2—3, Rafveita Siglufjarðar.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði, sjá Tannlækningar 1.

Bæjarstjórn Akraness, sjá: Bygging barnaskóla á Akranesi, Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 2, Skógrækt á Akranesi.

Bæjarstjórn Akureyrar, sjá: Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9, Hafnargerðir og lendingarbætur 3.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, sjá: Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9, Húsmæðraskóli á Ísafirði.
Bæjarstjórn Neskaupstaðar, sjá: Bygging síldarverksmiðju á Norðausturlandi 1, Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 3.
Bæjarstjórn Ólafsfjarðar, sjá: Bókasafn Ólafsfjarðar, Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 4, 8.
Bæjarstjórn Vestmannaeyja, sjá: Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 5, Tannlækningar 2.
Bændaskólinn á Hólum, sjá Tillögur.
Bændaskólinn á Hvanneyri, sjá Tillögur.
Bændur í Torfustaðahreppi, sjá Brúargerðir 4.

Christensen, Sylvia Marie, sjá Ríkisborgararéttur.

Dagheimili fyrir börn.
1. Bandalag kvenna í Reykjavík skorar á Alþingi að samþykkja frv. Katrínar Thoroddsen, 2. landsk. þm., um dagheimili fyrir börn innan skólaskyldualdurs. — Bréf 13. des. (Db. 358).
2. Mæðrafélagið skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréflaust. (Db. 178).
3. Umsögn barnaverndarráðs um sama frv. — Bréf 4. des. (Db. 278).
4. Umsögn barnavinafélagsins Sumargjafar um sama frv. — Bréf 5. des. (Db. 275).
5. Umsögn borgarstjórans í Reykjavík um sama frv. — Bréf 17. febr. (Db. 533).
6. Umsögn fræðslumálastjóra um sama frv. — Bréf 3. des. (Db. 268).

Dannheim, Katrín Dalhoff, sjá Ríkisborgararéttur.
Danska ríkisþingið, sjá Samúðarkveðjur.
Dansk-islenzka félagið í Reykjavík sækir um 5 þús. kr. styrk til starfsemi sinnar á næsta ári. — Bréf 15. okt. (Db. 52).
Dómasafn Félagsdóms. Fjmrn. sendir bréf félmrn., dags. 9. jan., um fé til útgáfu dóma Félagsdóms. — Bréf 17. jan. (Db. 421).
Dómsmálaráðherra, sjá: Embættisbústaðir dómara 2, Lögræði, Lögtak og fjárnám.
Dómsmálaráðuneytið, sjá: Bifreiðalög, Laun starfsmanna borgardómara 2, Meðferð opinberra mála, Tillögur, Varðbátar.
Dvalarkostnaður þingmanna utan Reykjavíkur. 16 alþingismenn búsettir utan Reykjavíkur fara þess á leit, að þeim verði greiddur fullur dvalarkostnaður, meðan þeir sitja á þingi. — Bréf 28. apríl. (Db. 815).
Dyrset, Einar Ansgar Jósteinsen, sjá Ríkisborgararéttur.
Dýpkunarskip. Vitamálastjóri leggur til að 1650000.00 kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1947 til kaupa á dýpkunarskipi. — Bréf 16. nóv. (Db. 159).
Dýralæknafélag Íslands, sjá Dýralæknar.
Dýralæknar. Umsögn Dýralæknafélags Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna. — Bréf 2. apríl. (Db. 713).
Dýralækningar.
1. Ásgeir Hraundal fer þess á leit, að honum verði veitt 5 þús. kr. árleg laun fyrir starf hans við dýralækningar. — Bréf 28. nóv. (Db. 340).
2. Oddvitar Stokkseyrar- og Eyrarbakkahreppa fara þess á leit, að Ásgeiri Hraundal verði veitt viðurkenningarlaun úr ríkissjóði vegna áratuga starfs við dýralækningar. — Bréf 22. nóv. (Db. 341).

Dýrtíðarráðstafanir.
1. Búnaðarfélag Íslands sendir ályktun búnaðarþings, þar sem skorað er á Alþingi að vinna að því eftir megni, að samkomulag náist sem allra fyrst

milli stétta þjóðfélagsins um raunhæfar aðgerðir til að draga úr verðbólgunni. — Bréf 20. maí. (Db. 889).
2. Fjmrh. tilkynnir, að hann hafi í hyggju að leggja fyrir Nd. frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna. — Bréf 23. okt. (Db. 29—30).
3. Umsögn Alþýðusambands Íslands um till. til þál. um varnir gegn dýrtíðinni í landinu. — Bréf 20. des. (Db. 370).

— Sjá einnig Bátaútvegurinn 5.

Edvin, Baldur Arent Nielsen, sjá Ríkisborgararéttur.

Efnisyfirlit yfir fundargerðabók utanríkismálanefndar.
1. Utanrn. sendir efnisyfirlit yfir fundargerðabók utanríkismálanefndar. — Bréf 7. febr. (Db. 482).
2. Sama rn. sendir til geymslu í skjalasafni Alþingis efnisyfirlit yfir 2. fundargerðabók utanrmn. — Bréf 5. nóv. (Db. 92).

Eftirgjöf á skatti. Fjmrn. sendir fjvn. til umsagnar erindi h/f Ásmundar, dags. 28. nóv., um eftirgjöf á skatti af ísfiskssölu í Bretlandi árið 1944. — Bréf 11. jan. (Db. 395).

Eftirgjöf á tolli.
1. Kvenfélag Akureyrarkirkju fer þess á leit, að því verði gefinn eftir tollur af gólfteppi fyrir kirkjuna. — Bréf 13. nóv. (Db. 148).
2. Loðdýraræktarfélag Íslands fer þess á leit, að því verði gefinn eftir tollur af minkum, 61 að tölu, sem það hefur nú þegar flutt inn, og þeim loðdýrum, sem það kann að flytja inn á næstu 2—3 árum. — Bréf 22. nóv. (Db. 191—193).

Eftirlaun og styrktarfé.
1. Biskup Íslands fer þess á leit, að eftirlaun uppgjafapresta í 18. gr. fjárl. verði hækkuð um að minnsta kosti 500 kr. til hvers, auk verðlagsuppbótar, í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 22. nóv. (Db. 189).
2. Fiskimatsstjórinn mælir með því, að Hjálmari Guðjónssyni, fyrrv. yfirfiskimatsmanni, verði veitt eftirlaun í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 18. des. (Db. 363).
3. Fjmrn. sendir erindi Jóns Gunnlaugssonar, dags. 12. des., um eftirlaun Guðmundar Sveinbjörnssonar, fyrrv. skrifstofustjóra. — Bréf 17. jan. (Db. 420).
4. Sama rn. sendir erindi Sveins Árnasonar, fiskimatsstjóra, þar sem hann fer fram á, að honum verði í fjárl. fyrir árið 1947 veitt 2100.00 kr. eftirlaun fyrir hálft árið. — Bréflaust. (Db. 550).
5. Formaður skólanefndar Nesskóla, Neskaupstað, skorar á Alþingi að greiða Sigdóri V. Brekkan, barnakennara, full kennaralaun, þó að hann láti af kennslu í byrjun næsta skólaárs. — Bréf 17. apríl. (Db. 818).
6. Guðrún Guðlaugsdóttir fer þess á leit, að Maríu Guðlaugsson, ekkju Jónasar skálds Guðlaugssonar, verði veittur árlegur lífeyrir. — Bréf 9. des. (Db. 386).
7. Hjálmar Guðjónsson, fyrrv. yfirfiskimatsmaður, fer þess á leit, að honum verði veitt eftirlaun í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 8. nóv. (Db. 215).
8. Menntmrn. leggur til, að ríkisstjórninni verði í fjárl. 1947 heimilað að greiða Sigurði Guðmundssyni, skólameistara, full embættislaun, ef hann lætur af starfi á árinu. — Bréf 19. marz. (Db. 662).
9. Sama rn. mælir með því, að Steingrími Arasyni, fyrrverandi kennara við kennaraskólann, verði greidd 3000 kr. viðbótareftirlaun, auk verðlagsuppbótar. — Bréf 17. febr. (Db. 523).

10. Póst- og símamálastjóri fer þess á leit, að Katrínu Sveinsdóttur, ekkju Guðmundar Stefánssonar, síma- og póstafgreiðslumanns á Vopnafirði, verði veitt 650.00 kr. eftirlaun í fjárl. 1947. — Bréf 7. marz. (Db. 606).
11. Sami embættismaður leggur til, að Carli Berndsen, póstafgreiðslumanni á Skagaströnd, verði í fjárl. 1947 veitt 975.00 kr. eftirlaun. — Bréf 15. apríl. (Db. 741).
12. Sami embættismaður leggur til, að Hannesi Jónssyni bónda á Núpsstað, fyrrv. pósti, verði veitt 1137.50 kr. eftirlaun í fjárl. 1947. — Bréf 15. apríl. (Db. 740).
13. Sami embættismaður leggur til, að Hrefnu Ingimarsdóttur, ekkju Guðmundar Bergssonar, fyrrv. póstmeistara, verði í fjárl. fyrir árið 1947 veitt eftirlaun þau, er manni hennar voru ætluð í frv. til fjárl. fyrir s. á. — Bréf 13. jan. (Db. 405).
14. Sami embættismaður leggur til, að Ólafi H. Jenssyni, fyrrv. póstafgreiðslumanni, verði veitt 1000.00 til 1200.00 kr. eftirlaun í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 13. jan. (Db. 400).
15. Skúli Árnason, fyrrv. héraðslæknir, fer þess á leit, að eftirlaun hans í fjárl. fyrir árið 1947 verði hækkuð úr 870.00 í 4000.00 kr. — Bréf 28. okt. (Db. 39).
16. Sveinn Árnason, fiskimatsstjóri, fer þess á leit, að honum verði í fjárl. veitt 4200.00 kr. eftirlaun á ári, auk lögboðinna eftirlauna. — Bréf 12. des. (Db. 327).
17. Vigfús Þórðarson, fyrrv. prestur, fer þess á leit, að eftirlaun hans verði hækkuð í um 1300.00 kr. á mánuði. — Bréf 6. nóv. (Db. 90).

Eftirlit með skipum.
1. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands skorar á Alþingi að samþykkja frv. til l. um eftirlit með skipum. — Bréf 25. febr. (Db. 561).
2. Samgmrh. tilkynnir, að hann hafi í hyggju að leggja fyrir Ed. frv. um: 1) eftirlit með skipum og 2) iðnfræðslu. — Bréf 24. okt. (Db. 32).

Eftirlit með verzlun með fóðurvörur. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um frv. til l. um eftirlit með verzlun með fóðurvörur. — Bréf 27. marz. (Db. 685).

Egilsstaðakauptún.
1. Félmrn. sendir allshn. Nd. frv. til l. um Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 19. marz. (Db. 651).
2. 1. (vara)þm. S.-M. sendir yfirlýsingu 54 kjósenda í Vallahreppi, þar sem mótmælt er fyrirhugaðri skiptingu hreppsins og skorað á Alþingi að fella fram komið frv. um það efni. — Bréflaust. (Db. 795).

Eignakönnun. Fjmrh. tilkynnir, að hann hafi í hyggju að leggja fyrir Nd. frv. til l. um eignakönnun. — Bréf 19. maí. (Db. 886—887).

Eignarnám á lóð fyrir Menntaskólann í Reykjavík. Umsögn menntmrn. um till. til þál. um eignarnám á lóðum vegna Menntaskólans í Reykjavík. — Bréf 16. des. (Db. 355).

Eikarkaup ríkissjóðs. Atv.- og samgmrn. sendir skýrslu um innkaup ríkissjóðs á eik árið 1945 og það, sem af er þ. á. — Bréflaust. (Db. 96).

Eimskipafélag Íslands, sjá Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands.

Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv., sjá Varaþingmenn 3.

Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn., sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 16.

Ekknasjóður Íslands, sjá Gjafir til ekknasjóðs Íslands.

Ellerup, Johan Gerhardt Ole Christian, sjá Ríkisborgararéttur.

Elliheimilið Grund, sjá Kúabú fyrir elliheimilið Grund.

Embættisbústaðir dómara.

1. Bæjarfógetinn á Akranesi fer þess á leit, að fjmrh. verði heimilað í fjárl. fyrir árið 1947 að ábyrgjast 300 þús. kr. lán til byggingar embættisbústaðar fyrir bæjarfógetann. — Bréf 17. nóv. (Db. 171).
2. Dómsmrh. sendir allshn. Nd. frv. til l. um embættisbústaði dómara og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 16. maí. (Db. 811).
3. Sýslumaður Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sendir afrit af bréfi, dags. 24. febr., til dómsmrn. um byggingu embættisbústaðar fyrir hann í Stykkishólmi. — Bréf 21. marz. (Db. 703).

Embættiskostnaður sóknarpresta. Biskup Íslands svarar fyrirspurn fjvn. um embættiskostnað sóknarpresta. — Bréf 27. nóv. (Db. 218).

Endurgreiðsla aðflutningsgjalda af vélbátum. Umsögn tollstjórans í Reykjavík um endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vélbátum. — Bréf 17. des. (Db. 347).

Endurgreiðsla skatta.

1. Herðubreið h/f á Seyðisfirði fer þess á leit, að félaginu verði endurgreiddir skattar þeir, að upphæð kr. 18890.60, sem það hefur greitt í ríkissjóð á árunum 1942—1944. — Bréf 8. nóv. (Db. 162).
2. Umsögn fjmrn. um erindi Herðubreiðar h/f, Seyðisfirði, dags. 8. nóv., um endurgreiðslu á sköttum á árunum 1942—1944. — Bréf 3. febr. (Db. 467).

Endurgreiðsla tolls af timburhúsum.

1. Nokkur byggingarsamvinnufélög í Reykjavík fara þess á leit, að félagsmenn þeirra fái endurgreiddan toll af timburhúsum frá Svíþjóð, að því leyti sem hann er hærri en af því byggingarefni óunnu, sem til húsanna þarf. — Bréf 27. sept. (Db. 14).
2. Umsögn byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur um till. til þál. um endurgreiðslu tolls af innfluttum tilbúnum húsum. — Bréf 17. febr. (Db. 525).
3. Umsögn landssambands iðnaðarmanna um sömu till. — Bréf 11. febr. (Db. 502).
4. Umsögn tollstjórans í Reykjavík um sömu till. — Bréf 18. marz. (Db. 657).

— Sjá einnig Sænsk timburhús.

Endurprentun tónverka Jóns Leifs.

1. Fjmrn. sendir afrit af bréfi landsbókavarðar, dags. 19. okt., um tónlistarhandrit Jóns Leifs, tónskálds. — Bréf 19. nóv. (Db. 170).
2. Sama rn. sendir erindi Jóns Leifs, tónskálds, dags. 17. febr., um lán til útgáfu tónverka hans. — Bréf 3. marz. (Db. 590).
3. Sama rn. sendir skjöl, er varða lánbeiðni Jóns Leifs, tónskálds, til endurprentunar tónverka hans. — Bréf 16. nóv. (Db. 143).
4. Jón Leifs fer þess á leit, að honum verði veitt 60 þús. kr. lán úr ríkissjóði til endurprentunar og fullprentunar tónverka hans. — Bréf 13. nóv. (Db. 117).
5. Jón Leifs sendir greinargerð um lánsbeiðni sína til prentunar tónverka hans. — Bréf 22. febr. (Db. 552).
6. Jón Leifs sendir skrá yfir tónverk sín. — Bréf. 9. jan. (Db. 389).

Endurskoðun kirkjulaga. Umsögn biskups Íslands um till. til þál. um endurskoðun lagaákvæða um kirkjuleg málefni. — Bréf 18. des. (Db. 353).

Endurskoðun laga um sölu lyfja.

1. Lyffræðingafélag Íslands leggur til, að skipuð verði milliþinganefnd til að endurskoða gildandi lög um lyfsölumál. — Bréf 26. apríl. (Db. 763).
2. Lyffræðingafélag Íslands og Apótekarafélag Íslands senda allshn. Sþ. till. til þál. um endurskoðun á löggjöf um sölu lyfja. — Bréf 20. marz. (Db. 706).

3. Sömu félög senda heilbr.- og félmn. Nd. sömu till. — Bréf 13. apríl. (Db. 732).
Engey, sjá Kaup á Engey.
Eysteinn Jónsson, 1. (vara)þm. S.-M., sjá: Egilsstaðakauptún 2, Fiskimálasjóður, Hafnargerðir og lendingarbætur 4, Vegamál 3—4.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, sjá: Bátaútvegurinn 3, Eftirlit með skipum 1, Framleiðsluráð landbúnaðarins 4, Hestöfl, Hlutfallstölur tekna þjóðfélagsstéttanna 2, Landhelgi Íslands 1, Síldarverksmiðjur ríkisins, Verbúðir við Faxaflóa 3.
Fasteignaeigendafélag Reykjavíkur, sjá Húsaleigulögin.
Fávitahæli. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur skorar á Alþingi: 1) að veita í fjárl. fyrir árið 1947 fé til byggingar fávitahælis og 2) að samþykkja frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 1936, um fávitahæli. — Bréf 7. marz. (Db. 623).
Ferðaskrifstofa ríkisins. Samgmrn. sendir allshn. Nd. frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, og á l. nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 2. nóv. (Db. 75).
Ferjur. Vegamálastjóri sendir skýrslu um kostnað við ferjur árin 1945 og 1946. — Bréf 27. marz. (Db. 702).
Félag bókbandsiðnrekenda, sjá Iðnfræðsla 3, 9.
Félag ísl. atvinnuflugmanna, sjá Flugvöllurinn í Reykjavík 1.
Félag ísl. iðnrekenda, sjá Fjárhagsráð 1—2, 5.
Félag ísl. leikara, sjá Þjóðleikhús 1, 3, 5.
Félag ísl. myndlistarmanna, sjá: Bygging listasafns, Myndlistarsýning í Stokkhólmi.
Félag ísl. rafvirkja, sjá Iðnfræðsla 10.
Félag ísl. stúdenta í Edinborg, sjá Kaup ísl. bóka handa brezkum háskólum.
Félag ísl. stúdenta í Stokkhólmi. Utanrn. sendir bréf sendiráðs Íslands í Stokkhólmi, dags. 18. jan., ásamt afriti af erindi frá félagi ísl. stúdenta þar, þar sem félagið sækir um styrk úr ríkissjóði til starfsemi sinnar. — Bréf 22. jan. (Db. 436).
Félag járniðnaðarmanna, sjá Iðnfræðsla 11.
Félag raftækjasala, sjá Innflutningur heimilisvéla 2.
Félag sérleyfishafa, sjá Varahlutir til bifreiða 2.
Félag Vestur-Íslendinga í Reykjavík. Félag Vestur-Íslendinga í Reykjavík sendir afrit af erindi til forsrh., þar sem farið er fram á 10 þús. kr. fjárveitingu til félagsins. — Bréf 10. des. (Db. 313).
Félagaheimili.
1. Sambandsstjórn Ungmennafélags Íslands skorar á Alþingi að samþykkja frv. Páls Þorsteinssonar og Bjarna Ásgeirssonar um félagaheimili og verja árlega hluta af skemmtanaskattinum til byggingar þeirra. — Bréf 27. marz. (Db. 696).
2. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf., sendir erindi ungmennafélagsins Hjalta í Hólahreppi í Skagafjarðarsýslu, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf 22. marz. (Db. 671).
3. Stjórn íþróttasambands Strandasýslu skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf 16. des. (Db. 396).
4. 24. þing ungmennasambands Kjalarnesþings skorar á Alþingi að setja nú þegar lög um styrkveitingar og hagkvæm lán til byggingar félagaheimila í sveitum. — Bréf 26. febr. (Db. 612).

Félagið Tækni, sjá Verkfræðingar, húsameistarar eða iðnfræðingar.

Félagsdómur, sjá: Dómasafn Félagsdóms, Tillögur.
Félagsheimili.
1. Menntmrh. sendir frv. til l. um félagsheimili, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja fyrir Nd. — Bréf 5. maí. (Db. 790—791).
2. Umsögn íþróttafulltrúa um sama frv. — Bréf 9. maí. (Db. 803).

Félagsmálaráðuneytið, sjá: Brunamál, Bygging íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, Byggingarsjóður verkamanna, Dómasafn Félagsdóms, Egilsstaðakauptún 1, Framfærslulög, Heimilisfang, Innlend endurtrygging 1, Laun starfsmanna félagsmálaráðuneytisins, Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna, Tillögur, Útsvör 2.
Finnska þingið, sjá Afmæli finnska þingsins.
Fiskábyrgðarnefnd, sjá Freðfiskimatið 3.
Fiskiðjuver á Ísafirði.
1. Umsögn landssambands íslenzkra útvegsmanna um frv. til l. um stofnun fiskiðjuvers ríkisins á Ísafirði. — Bréf 14. des. (Db. 330).
2. Umsögn nýbyggingarráðs um sama frv. — Bréf 20. febr. (Db. 547).

Fiskiðjuver í Hornafirði, sjá Landshöfn í Hornafirði 1.
Fiskideild atvinnudeildar háskólans, sjá: Tillögur, Zoology of Iceland 1.
Fiskifélag Íslands, sjá: Fiskveiðaréttindi Íslendinga, Minnismerki drukknaðra sjómanna 1, Tillögur, Verbúðir við Faxaflóa 4.
Fiskimannaskólanefnd Ísafjarðar, sjá Fiskimannaskóli á Ísafirði.
Fiskimannaskóli á Ísafirði.
1. Fiskimannaskólanefnd á Ísafirði skorar á Alþingi að veita 125 þús. kr. í fjárl. fyrir árið 1947 til byggingar fiskimannaskóla þar. — Bréf 15. jan. (Db. 425).
2. Fiskimannaskólanefnd Ísafjarðar sendir teikningu af fyrirhugaðri byggingu fyrir fiskimannaskóla þar. — Bréflaust. (Db. 434).
3. Umsögn skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík um erindi frá fiskimannaskólanefnd Ísafjarðar, dags. 15. jan., um styrk til byggingar nýs sjómannaskóla á Ísafirði. — Bréf 1. marz. (Db. 584).

Fiskimatsstjórinn, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 2, 4, 16, Tillögur.
Fiskimálanefnd sendir rekstrar- og efnahagsreikninga nefndarinnar árin 1945 og 1946. — Bréflaust. (Db. 839). — Sjá einnig: Fiskimálasjóður 1, Markaðsleit fyrir sjávarafurðir 1—2.
Fiskimálasjóður.
1. Umsögn fiskimálanefndar um frv. Eysteins Jónssonar, 1. (vara)þm. S.-M., um fiskimálasjóð, markaðsleit sjávarafurða, útflutning á fiski o. fl. — Bréf 18. nóv. (Db. 177).
2. Umsögn landssambands íslenzkra útvegsmanna um sama frv. — Bréf 27. nóv. (Db. 238).

Fiskirannsóknaskip.
1. Fulltrúafundur landssambands íslenzkra útvegsmanna skorar á Alþingi og ríkisstjórn að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að smíðað verði skip til fiskirannsókna, er geti sinnt landhelgisgæzlu og björgun strandaðra skipa þann tíma, sem það er ekki bundið við fiskirannsóknir. — Bréf 28. nóv. (Db. 229).
2. Skipaútgerð ríkisins sendir afrit af bréfi skipaútgerðarinnar, dags. 21. þ. m., til dómsmrn. um byggingu varð- og hafrannsóknaskips. — Bréf 22. nóv. (Db. 196).

Fiskiþing, sjá Minnismerki drukknaðra sjómanna 1.

Fiskveiðar í landhelgi.
1. Umsögn landssambands íslenzkra útvegsmanna um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt manna til fiskveiða í landhelgi. — Bréf 14. des. (Db. 329).
2. Umsögn Skipaútgerðar ríkisins um sama frv. — Bréf 10. des. (Db. 305).

Fiskveiðaréttindi Íslendinga. Stjórn Fiskifélags Íslands varar eindregið við því að blanda á nokkurn hátt fiskveiðaréttindum vorum við strendur landsins inn í viðskiptasamninga, sem gerðir kunna að verða við erlend ríki, og skorar á ríkisstjórn og Alþingi að tryggja, svo sem frekast er unnt, fiskveiðaréttindi vor, bæði með löggjöf og öruggri framkvæmd þeirra laga. — Bréf 29. marz. (Db. 690).

Fjáraukalög. Fjmrh. sendir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1943, sem hann hefur í hyggju að leggja fyrir sameinað Alþingi. — Bréf 10. maí. (Db. 807, 808).

Fjárhagsráð.
1. Aðalfundur félags íslenzkra iðnrekenda skorar á Alþingi að afgreiða frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit á þann hátt, að tryggt sé, að fullt tillit verði tekið til iðnaðarins við úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa. — Bréf 16. maí. (Db. 819).
2. Félag ísl. iðnrekenda sendir brtt. við sama frv. — Bréflaust. (Db. 835).
3. Forsrh. tilkynnir, að ríkisstjórnin hafi ákveðið að leggja fyrir Nd. frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. — Bréf 12. marz. (Db. 631, 632).
4. Umsögn Apótekarafélags Íslands um sama frv. — Bréf 26. marz. (Db. 736).
5. Umsögn félags íslenzkra iðnrekenda um sama frv. — Bréf 27. marz. (Db. 689).
6. Umsögn Landsbanka Íslands um sama frv. — Bréf 30. apríl. (Db. 778).

Fjárlög. Fjmrh. tilkynnir, að hann hafi í hyggju að leggja fyrir Alþingi frv. til fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 15. okt. (Db. 8—9).

Fjármálaráðherra, sjá: Dýrtíðarráðstafanir 2, Eignakönnun, Fjáraukalög, Fjárlög, Gjald af innlendum tollvörutegundum, Gjaldaviðauki, Hækkun aðflutningsgjalda 9, Samþykkt á ríkisreikningnum 1943, Tekjuskattur og eignar 1.

Fjármálaráðuneytið, sjá: Alþingiskostnaður, Eftirlaun og styrktarfé 3—4, Endurgreiðsla skatta 2, Endurprentun tónverka Jóns Leifs 1—3, Fyrirhleðsla fyrir Markarfljót 1, Húsbygging templara í Reykjavík, Íslandsdeild nordisk Jordbrugsforskeres Forening, Laun hreppstjóra, Laun vitavarðar í Hornafirði, Málverkasýning í Brüssel, Menntamálaráð, Rafveita Siglufjarðar 1, Reikningsskil til ríkisbókhaldsins, Skattgreiðsla erlendra listamanna, Stúdentaþing í Árósum, Tekjur af fasteignum ríkissjóðs, Tóbakseinkasala ríkisins, Útgjöld vegna skólalöggjafarinnar, Verðjöfnunarsjóður 1.

Fjárskipti.
1. Fulltrúafundur, haldinn að Ásgarði í Dalasýslu 24. ágúst 1946, skorar á Alþingi að breyta lögum um fjárskipti á tiltekinn hátt. — Bréflaust. (Db. 25).
2. Landbrn. sendir landbn. Nd. áætlun sauðfjársjúkdómanefndar um framkvæmd og kostnað við fjárskipti. — Bréf 14. maí. (Db. 816).

Fjárskipti milli Blöndu og Héraðsvatna. Fjárskiptanefnd svæðisins milli Blöndu og Héraðsvatna fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veitt aukið fé til vegagerðar og jarðræktar í Rípurhreppi til að koma í veg fyrir atvinnuleysi vegna fjárskipta þar. — Bréf 23. nóv. (Db. 222).

Fjárskipti milli Blöndu og Hrútafjarðar. Sláturfélag Austur-Húnvetninga sendir ályktun aðalfundar félagsins um niðurskurð sauðfjár milli Héraðsvatna og Blöndu og fjárskipti vestan Blöndu til Hrútafjarðar. — Bréf ódags. (Db. 793).

Fjórðungsþing Austfirðinga sækir um 10 þús. króna styrk úr ríkissjóði til starfsemi sinnar. — Bréf 28. sept. (Db. 1).

Fljótaárvirkjun.

1. Atv.- og samgmrn. sendir bréf raforkumálastjóra, dags. 19. maí, um stofnkostnað Fljótaárvirkjunar og rafveitu Siglufjarðar og rekstraráætlun fyrir árin 1947—1949. — Bréf 21. maí. (Db. 894).
2. Atvmrh. sendir símskeyti frá bæjarstjóranum á Siglufirði, dags. 14. des., þar sem talið er nauðsynlegt, að Siglufjarðarkaupstaður fái 500 þús. kr. lán vegna Fljótaárvirkjunarinnar. — Bréflaust. (Db. 842).
3. Bæjarstjórinn á Siglufirði sendir afrit af bréfi sínu til atvmrh., dags. 13. maí, um 500 þús. kr. lán til Siglufjarðarkaupstaðar vegna Fljótaárvirkjunarinnar. — Bréf 13. maí. (Db. 841).
4. Landbrn. skrifar fjvn. um skuldir Skeiðfossvirkjunarinnar við sendiráð Íslands í Washington og við firmað Höjgaard & Schultz samtals að upphæð kr. 273954.09. — Bréf 23. apríl. (Db. 762).

— Sjá einnig: Gjaldskrá rafveitu Siglufjarðar, Rafveita Siglufjarðar.

Flóabátaferðir.

1. Gísli Jónsson, þm. Barð., sækir um 48 þús. kr. styrk úr ríkissjóði til Breiðafjarðarbátsins Norðra til ferða um norðanverðan Breiðafjörð. — Bréf 2. nóv. (Db. 86).
2. H/f Leiðólfur sækir um styrk úr ríkissjóði til að annast flutninga milli Fagurhólsmýrar í Öræfum og Reykjavíkur. — Bréf 20. des. (Db. 369).
3. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk., fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veittar 5500.00 kr. til bátaferða innan A.-Sk., þar af 2500.00 kr. til Öræfa. — Bréf 16. des. (Db. 337).
4. Sigurður Pétursson fer þess á leit, að honum verði veittur 60 þús. kr. styrkur í fjárl. fyrir árið 1947 til viðhalds og endurbóta á flóabát fyrir Húnaflóa. — Bréf 28. nóv. (Db. 225).
5. Skallagrímur h/f sendir rekstrarreikning félagsins frá 1. jan. til 30. nóv. þ. á. — Bréf 5. des. (Db. 270).
6. Skallagrímur h/f sækir um 120 þús. kr. styrk úr ríkissjóði vegna halla á rekstri m/s Víðis og m/s Laxfoss á þ. á. — Bréf 29. okt. (Db. 98).
7. Steindór Jónsson, útgerðarmaður, Akureyri, fer þess á leit, að honum verði veitt 300 þús. kr. lán vegna flóabátsins Drangs. — Bréf 19. febr. (Db. 599).

Flugferðir til útlanda.

1. Flugfélag Íslands h/f sendir áætlun og skýrslu um flugferðir til annarra landa. — Bréflaust. (Db. 128).
2. Sama félag sendir áætlun um flugferðir til Prestwick og Kaupmannahafnar í janúarmánuði þ. á. — Bréflaust. (Db. 399).
3. Sama félag sendir ferðaáætlun um flugferðir félagsins til Prestwick og Kaupmannahafnar í febrúarmánuði 1947. — Bréflaust. (Db. 470).

Flugfélag Íslands, sjá Flugferðir til útlanda.

Flugmálaráðherra, sjá Flugvellir og flughafnir.

Flugmálastjóri, sjá: Flugvellirnir í Reykjavík og Keflavík 1, Flugvöllurinn í Reykjavík 2, Tillögur.

Flugvellir og flughafnir. Flugmrh. sendir forseta Ed. frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar, sem hann hefur ákveðið að leggja fyrir deildina. — Bréf 28. marz. (Db. 691).

Flugvellirnir í Reykjavík og Keflavík.

1. Flugmálastjóri sendir álit 12 forustumanna í flugmálum um flugvellina í Reykjavík og Keflavík. — Bréf 20. jan. (Db. 431).

2. Umsögn bæjarráðs Reykjavíkur um till. til þál. um flugvellina í Reykjavík og Keflavík. — Bréf 23. nóv. (Db. 197).
3. Umsögn Loftleiða h/f um sömu till. — Bréf 11. des. (Db. 317).

Flugvöllurinn í Reykjavík.
1. Félag íslenzkra atvinnuflugmanna skorar á Alþingi að vísa á bug öllum tillögum um að leggja niður Reykjavíkurflugvöllinn. — Bréf 17. febr. (Db. 549).
2. Flugmálastjóri sendir yfirlit um kostnað við rekstur flugvallarins í Reykjavík 1. jan. til 31. okt. 1946 og áætlun um rekstrarkostnað flugvallarins árið 1947. — Bréflaust. (Db. 873).

Formaður skólanefndar Nesskóla, sjá Eftirlaun og styrktarfé 5.
Fornihvammur. Vegamálastjóri leggur til, að í fjárl. 1947 verði veittar 300 þús. kr. til viðbótarbyggingar í Fornahvammi. — Bréf 19. febr. (Db. 571).
Forseti Íslands, sjá Tillögur.
Forsætisráðherra, sjá: Aðflutningsgjöld, Fjárhagsráð 3, Þingfararkaup.
Forsætisráðuneytið, sjá: Húsnæði alþingismanna, Samkomudagur Alþingis, Þing þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi.
Fólksflutningar með bifreiðum, sjá Skipulag fólksflutninga með bifreiðum.
Framfærslulög. Félmrn. sendir heilbr.- og félmn. Nd. frv. til framfærslulaga og frv. til l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna og fer þess á leit, að nefndin flytji þau á yfirstandandi þingi. — Bréf 17. des. (Db. 342).
Framleiðsla og útflutningur, sjá Bátaútvegurinn.
Framleiðsluráð landbúnaðarins.
1. Landbúnaðarráðherra sendir forseta Nd. frv. til l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sem hann hefur í hyggju að leggja fyrir deildina. — Bréf 28. marz. (Db. 682).
2. Umsögn búnaðarráðs um sama frv. — Bréf 12. maí. (Db. 810).
3. Umsögn búnaðarþings um sama frv. — Bréf 18. apríl. (Db. 750).
4. Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um sama frv. — Bréf 14. apríl. (Db. 731).
5. Umsögn Mjólkursamsölunnar um sama frv. — Bréf 25. apríl. (Db. 759).

Framræsla á jarðeignum ríkisins. Hreppsnefndir Eyrarbakka- og Stokkseyrarhreppa fara þess á leit, að veittar verði 200 þús. kr. í fjárl. fyrir árið 1947 til framræslu á jarðeignum ríkisins þar. — Bréf 14. nóv. (Db. 133).

Freðfiskimatið.
1. Atvinnu- og samgmrn. sendir erindi freðfiskimatsstjóra, dags. 24. jan., um kostnað við freðfiskimatið á árinu 1947. — Bréf 25. jan. (Db. 449).
2. Samband íslenzkra samvinnufélaga tekur fram samkvæmt ósk Bergsteins Bergsteinssonar, að það telur nauðsynlegt, að haft sé opinbert mat á freðfiski og þannig að matinu búið, að það geti orðið framkvæmt, svo að fullu gagni komi. — Bréf 28. marz. (Db. 705).
3. Umsögn fiskábyrgðarnefndar um erindi freðfiskimatsins til fjvn. um hækkun í fjárl. 1947 á fjárveitingu til þess. — Bréf 25. marz. (Db. 676).
4. Umsögn sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna um erindi freðfiskimatsins til fjvn. um hækkun á fjárveitingu til þess. — Bréf 25. febr. (Db. 675).
5. Útvegsbanki Íslands h/f mælir með því, að í fjárl. 1947 verði veitt nægilegt fé til freðfiskimatsins. — Bréf 29. marz. (Db. 692).

Freðfiskimatsstjóri, sjá Tillögur.
Freymóður Jóhannsson, sjá Byggingarstyrkir til listamanna 2.
Fræðimannastyrkir, sjá Hið ísl. fræðafélag.
Fræðslumálastjóri, sjá: Bygging barnaskóla, Dagheimili fyrir börn 6, Náms-

flokkakennsla 1, Styrkur til unglingaskóla, Tillögur, Útgjöld vegna skólalöggjafarinnar.

Fræðslustarfsemi Alþýðusambands Íslands. Alþýðusamband Íslands fer þess á leit, að því verði veittar í fjárl. fyrir árið 1947: 1) 50 þús. kr. til útgáfu söngvasafns og söngiðkana á vegum verkalýðssamtakanna, 2) 15 þús. kr. til sögusjóðs, 3) 25 þús. kr. til fræðslustarfsemi. — Bréf 18. nóv. (Db. 164).

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna á Akureyri, sjá Hækkun aðflutningsgjalda 1.

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík, sjá: Hækkun aðflutningsgjalda 10, Orlofsheimili verkalýðsfélaga, Öryggi verkamanna við vinnu 1.

Fyrirhleðsla fyrir Hólmsá. Vegamálastjóri leggur til, að í fjárl. 1947 verði veittar 12 þús. kr. til fyrirhleðslu fyrir Hólmsá á Mýrum í A.-Sk. — Bréf 23. nóv. (Db. 861).

Fyrirhleðsla fyrir Markarfljót.

1. Fjmrn. mælir með till. samgmrn. um, að fjárveiting til fyrirhleðslu Markarfljóts verði hækkuð úr 300 þús. kr. í 600 þús. kr. í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 14. des. (Db. 324).
2. Vegamálastjóri leggur til, að 300 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1947 til fyrirhleðslu Markarfljóts. — Bréf 20. nóv. (Db. 860).

Fyrirhleðsla í Kaldaklifsá. Vegamálastjóri leggur til, að 50 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1947 til fyrirhleðslu í Kaldaklifsá undir Eyjafjöllum. — Bréf 23. nóv. (Db. 858).

Fyrirhleðsla í Þverá og Markarfljót. Vegamálastjóri fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veittar 650 þús. kr. til fyrirhleðslu í Þverá og Markarfljót. — Bréf 14. jan. (Db. 411).

Fyrirhleðsla við Klifandi. Samgmrn. sendir erindi vegamálastjóra, dags. 13. marz, um, að lagðar verði í sérstakan sjóð, sem verja skal til sérstakra jarðabóta, þær 50 þús. kr., sem samkv. 22. gr. XX. fjárl. 1946 var heimilað að verja til fyrirhleðslu við Klifandi í Mýrdal. — Bréf 18. apríl. (Db. 748).

Gagnfræðaskóli Reykvíkinga sendir rekstrarreikning skólans skólaárið 1945—46. — Bréf 4. nóv. (Db. 83).

Garðar Gíslason, sjá Ullarsala.

Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf., sjá: Hafnargerðir og lendingarbætur 1, Varaþingmenn 4, Vegamál 1.

Garðyrkjufélag Íslands.

1. Garðyrkjufélag Íslands fer þess á leit, að félaginu verði veittar 50 þús. kr. til starfsemi þess í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 15. nóv. (Db. 165).
2. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um erindi Garðyrkjufélags Íslands, dags. 15. nóv., þar sem farið er fram á 50 þús. kr. styrk til starfsemi garðyrkjufélagsins á árinu 1947. — Bréf 13. jan. (Db. 404).

Garðyrkjuskólinn á Reykjum, sjá Tillögur.

Gistihús á Þingvöllum. Norræna félagið sækir um 500 þús. kr. styrk til gistihúss og húsmæðraskóla á Þingvöllum. — Bréf 16. okt. (Db. 34).

Gistihús í Barðastrandarsýslu, sjá Bygging gistihúss í Barðastrandarsýslu.

Gísli Jónsson, þm. Barð., sjá: Búnaðarmálasjóður, Bygging gistihúss í Barðastrandarsýslu, Flóabátaferðir 1, Hafnargerðir og lendingarbætur 5, Prestssetrið á Stað á Reykjanesi, Ræktunarvegir í Flatey 1, Vegamál 5, Þjóðvegir 1—2.

Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., sjá: Hafnarlög, Málverk af þjóðfundinum 1851, Vegamál 6

Gjafir til ekknasjóðs Íslands. Stjórn ekknasjóðs Íslands skorar á Alþingi að undanþiggja gjafir til sjóðsins tekjuskatti hjá þeim, er gefa í sjóðinn. — Bréf 21. maí. (Db. 897).

Gjald af innlendum tollvörutegundum. Fjmrh. tilkynnir, að hann hafi í hyggju að leggja fyrir Ed. frv. til l. um: a) breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, og b) breyting á lögum nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl. — Bréf 8. apríl. (Db. 722).

Gjaldaviðauki. Fjmrh. tilkynnir, að hann hafi í hyggju að leggja fyrir Ed. eftirtalin tvö frv.: 1) um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld með viðauka og 2) um tekjuskattsviðauka árið 1947. — Bréf 23. okt. (Db. 28, 30).

Gjaldskrá rafveitu Siglufjarðar. Rafmagnseftirlit ríkisins sendir gjaldskrá rafveitu Siglufjarðar. — Bréf 18. des. (Db. 354).

Gjöf til vegamálastjóra. Formenn samgöngumálanefnda Alþingis skrifa forsetum um væntanlega gjöf til vegamálastjóra, Geirs G. Zoëga, í viðurkenningarskyni fyrir 30 ára samvinnu hans við Alþingi og samgöngumálaráðuneytið. — Bréf 30. jan. (Db. 463).

Góðtemplarastúkurnar í Vestmannaeyjum, sjá Áfengisvarnir 6.

Grænmetisverzlun ríkisins sendir efnahags- og rekstrarreikninga verzlunarinnar og áburðarsölu ríkisins árið 1945, enn fremur reikningsyfirlit sömu stofnana 30. sept. þ. á. — Bréf 31. okt. (Db. 64). — Sjá einnig Tillögur.

Guðmundur Sveinbjörnsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 3.

Guðrún Guðlaugsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 6.

Göhlsdorf, Elísabeth, sjá Ríkisborgararéttur.

Hafnarbótasjóður. Vitamálastjóri sendir skrá um greiðslur úr hafnarbótasjóði árin 1945 og 1946. — Bréf 18. nóv. (Db. 157).

Hafnargerðir og lendingarbætur.

1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., og Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf., fara þess á leit, að í fjárl. næsta árs verði veittar 50 þús. kr. til bryggjugerðar að Hauganesi. — Bréf 16. des. (Db. 346).
2. Bæjarstjórinn á Akranesi fer þess á leit, að 1 milljón kr. verði veitt í fjárl. fyrir árið 1947 til hafnargerðar þar. — Bréf 6. nóv. (Db. 136).
3. Bæjarstjórn Akureyrar fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veittar 500 þús. kr. til hafnarframkvæmda á Akureyri. — Bréf 17. marz (Db. 658).
4. Eysteinn Jónsson, 1. (vara)þm. S.-M., og Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S.-M., senda skrá um nauðsynlegar fjárveitingar í fjárl. 1947 til hafnarmannvirkja, vega, brúa, skólabygginga o. fl. í Suður-Múlasýslu. — Bréflaust. (Db. 843).
5. Gísli Jónsson, þm. Barð., sendir fjvn. afrit af bréfum frá hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps um verklegar framkvæmdir í hreppnum á næsta ári, enn fremur afrit af bréfi hafnarnefndar Patrekshrepps um fjárveitingu til hafnargerðar þar í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 30. okt. (Db. 65).
6. Hafnarnefnd Járngerðarstaðahverfis í Grindavíkurhreppi fer þess á leit, að veitt verði fé úr ríkissjóði til lendingarbóta þar. — Bréf 23. okt. (Db. 51).
7. Hafnarnefnd og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps fara þess á leit, að 50 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1947 til hafnargerðar þar. — Bréf 14. nóv. (Db. 134).
8. Hafnarnefnd Skagastrandarhrepps fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði 1 millj. kr. veitt til hafnargerðar þar. — Bréf 21. nóv. (Db. 198).
9. Hafnarnefnd Þorlákshafnar sendir afrit af bréfi nefndarinnar til alþingismanna Árness-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslna um fjárveitingu til hafnargerðar í Þorlákshöfn. — Bréf 11. jan. (Db. 410).
10. Hafnarstjóri Húsavíkur sendir eftirrit af símskeyti hafnarnefndar og

hreppsnefndar um fjárveitingu í fjárl. 1947 til hafnargerðar þar. — Bréf 22. marz. (Db. 716).

11. Hermann Jónasson, þm. Str., fer þess á leit, að Kaupfélagi Strandamanna, Norðurfirði, verði endurgreiddur helmingur kostnaðar við bryggjugerð þar. — Bréf 5. des. (Db. 266).
12. Hreppsnefnd og hafnarnefnd Húsavíkurhrepps fara þess á leit, að í fjárl. 1947 verði 700 þús. kr. veittar til hafnargerðar þar. — Símsk. 22. marz. (Db. 670).
13. Hreppsnefnd og hafnarnefnd Miðneshrepps skora á Alþingi að gera Sandgerði að landshöfn. — Bréf 8. jan. (Db. 424).
14. Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps í N.-M. skorar á Alþingi að veita í fjárl. fyrir árið 1947 ríflega fjárhæð til hafnarbóta í Höfn við Bakkafjörð. — Bréf 31. jan. (Db. 558).
15. Jóhann Þ. Jósefsson, þm. Vestm., fer þess á leit, að veittar verði í fjárl. fyrir árið 1947 2,3 milljónir kr. til hafnargerðar í Vestmannaeyjum. — Bréf 11. nóv. (Db. 109).
16. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., og Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn., senda tillögur sínar um fjárveitingar í fjárl. næsta árs til vega, hafnargerða o. fl. í Árnessýslu. — Bréf 6. des. (Db. 272).
17. Kjartan J. Jóhannsson, 10. landsk. (vara)þm., og Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf., fara þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veitt fé til þessara framkvæmda í Ísafjarðarkaupstað: 1) hafnargerðar 100 þús. kr., 2) sjúkrahúss 130 þús. kr., 3) húsmæðraskóla 400 þús. kr., 4) íþróttahúss 300 þús. kr., 5) gagnfræðaskóla 100 þús. kr., 6) bókasafns 20 þús. kr. og 7) flugskýlis samkv. áætlun flugmálastjóra. — Bréf 14 .nóv. (Db. 142).
18. Kristján Einarsson fer þess á leit f. h. hreppsnefndar Kaldrananeshrepps og hafnarnefndar Drangsness í Strandasýslu, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veittar 150 þús. kr. til bryggjugerðar á Drangsnesi. — Bréf 13. des. (Db. 334).
19. Oddviti Stokkseyrarhrepps fer þess á leit, að 50 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1947 til lendingarbóta þar. — Bréf 15. nóv. (Db. 137).
20. Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf., sendir ályktun hreppsnefndar Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu vegna skemmda á brimbrjótnum í Bolungavík 15.—17. sept. s. l. — Bréf 14. okt. (Db. 7).
21. Sjútvn. Nd. sendir erindi hafnarnefndar Skagastrandar, dags. 21. nóv., þar sem sótt er um 1 millj. kr. fjárframlag í fjárl. fyrir árið 1947 til hafnargerðar á Skagaströnd. — Bréf 15. jan. (Db. 414).
22. Sýslumaður Þingeyjarsýslu fer þess á leit, að í fjárl. næsta árs verði veittar 200 þús. kr. til viðgerðar á hafskipabryggjunni í Húsavík. — Bréf 12. des. (Db. 315).
23. Sami sýslumaður fer þess á leit, að 720—820 þús. kr. verði veittar í fjárl. næsta árs til að fullgera hafnargarðinn í Húsavík. — Bréf 12. des. (Db. 316).
24. 23 sjómenn í Hafnarnesi í Fáskrúðsfjarðarhreppi lofa að gefa 230 dagsverk, ef ríkissjóður leggur fram fé til lendingarbóta þar á árinu 1947. — Bréflaust. (Db. 851).
25. Vegamálastjóri leggur til, að 160 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1947 til bryggjugerðar á Arngerðareyri. — Bréf 18. nóv. (Db. 863).
26. Vegamálastjóri leggur til, að 30 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1947 til bryggjugerðar á Melatanga við Hornafjörð. — Bréf 18. nóv. (Db. 855).
27. Vitamálastjóri leggur til, að 815 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1947 til lendingarbóta við Katanes og Maríuhöfn vegna Hvalfjarðarferju. — Bréf 19. nóv. (Db. 167).

28. Vitamálastjóri leggur til, að 5 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1947 til lendingarbóta í Loðmundarfirði. — Bréf 13. febr. (Db. 511).
29. Vitamálastjóri leggur til, að fjárveiting til lendingarbóta í Breiðdalsvík verði í fjárl. fyrir árið 1947 hækkuð í 65 þús. kr. — Bréf 22. febr. (Db. 551).
30. Vitamálastjóri leggur til, að fjárveiting til lendingarbóta í Flatey á Skjálfanda verði í fjárl. 1947 hækkuð í 50 þús. kr. — Bréf 14. marz. (Db. 644).
31. Vitamálastjóri leggur til, að í fjárl. 1947 verði veittar 50 þús. kr. til lendingarbóta í Tálknafirði. — Bréf 11. apríl. (Db. 727).
— Sjá einnig: Nýbyggingarráð, Vegamál 1—2, 7, 9, 11—12.

Hafnarlög. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., fer þess á leit við sjútvn. Nd., að hún flytji brtt. um Dyrhólahöfn í Mýrdal við fram komið frv. til l. um breyting á l. nr. 29 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur. — Bréf 19. marz. (Db. 656).

Hafnarnefnd Drangsness, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 18.
Hafnarnefnd Eyrarbakkahrepps, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 7.
Hafnarnefnd Hornafjarðar, sjá Landshöfn í Hornafirði 1.
Hafnarnefnd Húsavíkurhrepps, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 10, 12.
Hafnarnefnd Járngerðarstaðahverfis, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 6.
Hafnarnefnd Miðneshrepps, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 13.
Hafnarnefnd Patrekshrepps, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 5.
Hafnarnefnd Skagastrandarhrepps, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 8, 21.
Hafnarnefnd Þorlákshafnar, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 9.
Hafnarnes, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 24.
Hafnarstjórinn í Reykjavík, sjá Verbúðir við Faxaflóa 5.

Hafnsögubáturinn í Hornafirði. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk., fer þess á leit, að hafnsögumanninum í Hornafirði verði í fjárl. fyrir árið 1947 veittar 10 þús. kr. vegna kostnaðar af viðgerð hafnsögubátsins þar. — Bréf 9. febr. (Db. 495).

Hafstein, Jóhann, 7. þm. Reykv., sjá Varaþingmenn 5.
Hagalín, Guðmundur Gíslason, sjá Skáldalaun.
Hagstofa Íslands, sjá: Laun starfsmanna hagstofunnar, Tillögur.
Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N.-M., sjá Bygging síldarverksmiðju á Norðausturlandi 11.
Halldóra Bjarnadóttir, sjá Tóvinnuskóli á Svalbarði.

Hallgrímskirkja í Saurbæ. Prófastur Borgarfjarðarprófastsdæmis sendir ályktanir: a) Hallgrímsdeildar prestafélagsins, þar sem þess er eindregið óskað, að hafizt verði handa um byggingu fyrirhugaðrar Hallgrímskirkju í Saurbæ í trausti þess, að Alþingi veiti ríflega fé til hennar á næstu árum, og b) héraðsfundar Borgarfjarðarprófastsdæmis, þar sem skorað er á Alþingi að veita ríflegan byggingarstyrk til Hallgrímskirkju á næstu árum, í fyrsta sinn árið 1947. — Bréf 6. des. (Db. 274).

Hallgrímur Benediktsson, 3. þm. Reykv., sjá Varaþingmenn 6.

Handíða- og myndlistaskólinn sendir rekstrarreikning skólans frá 1. jan. til 14. nóv. þ. á. og efnahagsreikning 31. des. 1945. — Bréf 14. nóv. (Db. 174).

Hannes Jónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 12.
Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm., sjá Verklegar framkvæmdir í N.-Ísf.
Haraldur Ásgeirsson, sjá Sementsvinnsla.
Hauganes, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 1.
Háskólaráð, sjá Íslenzk orðabók 1.

Háskóli Íslands. Umsögn heimspekisdeildar háskólans um frv. til l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936. — Bréf 8. marz. (Db. 618). — Sjá einnig Tillögur.

Hegningarhúsið í Reykjavík, sjá Tillögur.

Heiðurslaun. Árni Óla, blaðamaður, fer þess á leit, að honum verði veittur 5 þús.

kr. styrkur, auk verðlagsuppbótar, í fjárl. næsta árs í viðurkenningarskyni fyrir ritstörf og landkynningu. — Bréf 23. okt. (Db. 43).

Heilsuhælið í Kristnesi. Stjórn heilsuhælisins í Kristnesi fer þess á leit, að í fjárl. fyrir 1947 verði veittar 200 þús. kr. til að fullgera viðbótarbyggingar þar. — Bréf 31. marz. (Db. 717). — Sjá einnig Tillögur.

Heimilisfang. Félmrh. sendir forseta Nd. frv. til l. um viðauka við l. nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang, er hann ætlar að leggja fyrir deildina. — Bréf 31. okt. (Db. 58).

Heimspekisdeild háskólans, sjá Háskóli Íslands.

Helgi Péturss, dr., fer þess á leit, að honum verði veittur 50 þús. kr. styrkur til að hressa við hús sitt hér. — Bréf 23. apríl. (Db. 779).

Hensing, Kristín Lára Kristinsdóttir, sjá Ríkisborgararéttur.

Herðubreið h/f, Seyðisfirði, sjá Endurgreiðsla skatta.

Herlufsen, Harry, sjá Ríkisborgararéttur.

Hermann Jónasson, þm. Str., sjá: Búnaðarmálasjóður, Hafnargerðir og lendingarbætur 11, Vegamál 7.

Hestöfl. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands sendir greinargerð um útreikning hestafla og um aukin réttindi vélstjóra samkv. nýafgreiddum lögum frá Alþingi. — Bréflaust. (Db. 927).

Héraðabönn.

1. Fulltrúafundur Kvenréttindafélags Íslands skorar á ríkisstjórnina: a) að láta lögin um héraðabönn koma til framkvæmda nú þegar, b) að taka til greina tillögu bæjarstjórnar Reykjavíkur um takmörkun á sölu áfengis í Reykjavík. Þá vítir fundurinn vínveitingar kostaðar af almannafé og skipun drykkjumanna í trúnaðarstöður þjóðfélagsins. — Bréf 9. des. (Db. 344).
2. Fundur fulltrúa frá kvenfélögum Suðurnesja skorar á Alþingi að láta lögin um héraðabönn koma til framkvæmda svo fljótt sem auðið er. — Bréflaust. (Db. 767).
3. Stjórn samvinnunefndar bindindismanna sendir ályktun nefndarinnar á fundi 7. maí 1947, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja till. Hannibals Valdimarssonar, Péturs Ottesen, Sigfúsar Sigurhjartarsonar og Skúla Guðmundssonar um héraðabönn og mótmælt er frv. Sigurðar Kristjánssonar um breyt. á áfengislögum, nr. 33 1935. — Bréf 8. maí. (Db. 804).
4. Umdæmisstúkan nr. 1, Reykjavík, skorar á Alþingi að samþykkja fram komnar tillögur til þál. um: 1) að lögin um héraðabönn verði látin koma til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí n. k., 2) afnám vínveitinga á kostnað ríkisins og 3) notkun kvikmynda í baráttu lögreglunnar gegn áfengisbölinu. — Bréf ódags. (Db. 204).

— Sjá einnig Áfengislög 4.

Héraðshæli.

1. Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu sendir ályktun sýslunefndar, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja frv. til l. um héraðshæli. — Bréf 23. apríl. (Db. 768).
2. Sýslumaður Húnavatnssýslu sendir ályktanir sýslunefndar, þar sem: a) sýslunefndir beggja sýslna skora á Alþingi: 1) að samþ. frv. til l. um héraðshæli og 2) að fella niður 112. gr. l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og b) sýslunefnd A.-Húnavatnssýslu skorar á Alþingi að breyta l. um samþykktir um sýsluvegasjóði á tiltekinn hátt. — Bréf 14. júní. (Db. 912).
3. Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu sendir ályktun sýslufundar, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja frv. til l. um héraðshæli. — Bréf 6. maí. (Db. 794).

4. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu skorar á Alþingi að samþykkja á yfirstandandi þingi sama frv. — Bréf 29. apríl. (Db. 783).
5. Sýslunefnd S.-Múlasýslu skorar á Alþingi: 1) að samþ. lögin um héraðshæli og 2) að láta sem fyrst fara fram endurskoðun laga nr. 50 1946, um almannatryggingar. — Bréf 10. maí. (Db. 904).
6. Sýslunefnd Strandasýslu skorar á Alþingi að samþ. frv. til l. um héraðshæli. — Símskeyti 21. maí. (Db. 891).
7. Sýslunefnd V.-Ísafjarðarsýslu skorar á Alþingi að samþ. sama frv. — Bréf 23. maí. (Db. 909).
8. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um sama frv. — Bréf 27. marz. (Db. 687).
9. Umsögn landlæknis um sama frv. — Bréf 10. maí. (Db. 797).

Héraðslæknar, sjá Tillögur.
Héraðsmálafundur V.-Ísf., sjá Þingmálafundur í V.-Ísf.
Héraðsskólinn í Reykholti. Skólastjóri héraðsskólans í Reykholti fer þess á leit, að 50 þús. kr. verði veittar í fjárl. næsta árs til endurbóta á skólahúsinu. — Bréf 10. des. (Db. 318).
Hið íslenzka fræðafélag. Menntmrn. svarar fyrirspurn fjvn. um nokkra styrki í fjárl. þ. á.: 1) til Hins íslenzka fræðafélags, 2) til skálda, rithöfunda og listamanna, 3) til vísinda og fræðimanna, 4) til íslenzkrar samheitaorðabókar. — Bréf 12. nóv. (Db. 144).
Hið ísl. náttúrufræðifélag, sjá Tillögur.
Hitaveita í Hveragerði.
1. Hreppsnefnd Hveragerðishrepps fer þess á leit, að 400 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1947 til hitaveitu í hreppnum. — Bréf 16. nóv (Db. 180).
2. Umsögn rafmagnseftirlits ríkisins um erindi frá hreppsnefnd Hveragerðishrepps, þar sem sótt er um ríkisábyrgð fyrir allt að 400 þús. kr. láni til byggingar hitaveitu fyrir þorpið. — Bréf 11. des. (Db. 304).

— Sjá einnig: Útgjöld vegna skólalöggjafarinnar.
Hjálmar Guðjónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 2, 7.
Hljómplötudeild Þjóðminjasafnsins. Menntmrn. leggur til, að í fjárl. 1947 verði 20 þús. kr. veittar til tal- og hljómplötudeildar, er komið verði upp í Þjóðminjasafninu. — Bréf 24. marz. (Db. 678).
Hlutatryggingafélög. Umsögn sjútvn. Nd. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 109 1943, um hlutatryggingafélög. — Bréf 11. febr. (Db. 496).
Hlutfallstölur tekna þjóðfélagsstéttanna.
1. Umsögn Alþýðusambands Íslands um till. til þál. um hlutfallstölur tekna hjá þjóðfélagsstéttunum. — Bréf 28. marz. (Db. 704).
2. Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um sömu till. — Bréf 24. marz. (Db. 673).
3. Umsögn landssambands iðnaðarmanna um sömu till. — Bréf 1. apríl. (Db. 714).
4. Umsögn stjórnar bandalags starfsmanna ríkis og bæja um sömu till. — Bréf í apríl. (Db. 764).

Holm, Boye Thomsen, sjá Ríkisborgararéttur.
Hólakirkja. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. bréf Sigurðar Guðmundssonar húsameistara, um viðbót og endurbætur á Hólakirkju. — Bréf 9. des. (Db. 295).
Hrefna Ingimarsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 13.
Hreppsfélögin á Fljótsdalshéraði, sjá Búvélaverkstæði við Egilsstaði.
Hreppsfundur í Borgarfjarðarhreppi, sjá Vegamál 17.
Hreppsfundur í Fróðárhreppi, sjá Brúargerðir 1.
Hreppsfundur í Geiradalshreppi, sjá Þjóðvegir 1.
Hreppsfundur í Skarðshreppi, sjá Almannatryggingar 1.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, sjá Bygging síldarverksmiðju á Norðausturlandi 4.
Hreppsnefnd Borgarneshrepps, sjá Tekjustofnar sveitarfélaga 1.
Hreppsnefnd Búðahrepps, sjá Bygging síldarverksmiðju á Norðausturlandi 5.
Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps, sjá Bygging síldarverksmiðju á Norðausturlandi 6.
Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, sjá Framræsla á jarðeignum ríkisins.
Hreppsnefnd Eyrarsveitar, sjá Landshöfn og fiskiðjuver ríkisins á Rifi 1.
Hreppsnefnd Hólshrepps, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 20.
Hreppsnefnd Hveragerðishrepps, sjá: Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 6, Hitaveita í Hveragerði.
Hreppsnefnd Kirkjubólshrepps, sjá Almannatryggingar 6.
Hreppsnefnd Miðneshrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 7.
Hreppsnefnd Miklaholtshrepps, sjá Veitingahúsið á Vegamótum 1.
Hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps, sjá Bygging síldarverksmiðju á Norðausturlandi 7.
Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, sjá Landshöfn og fiskiðjuver ríkisins á Rifi 2.
Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, sjá Bygging síldarverksmiðju á Norðausturlandi 8.
Hreppsnefnd Rípurhrepps, sjá Vegalög 2.
Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, sjá Ræktunarvegir í Kópavogi og Fossvogi 1—2.
Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps, sjá: Hafnargerðir og lendingarbætur 14, Vegamál 8.
Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, sjá: Framræsla á jarðeignum ríkisins, Sjóvarnargarður á Stokkseyri.
Hreppsnefnd Öxnadalshrepps, sjá Brúargerðir 2.
Hreppsnefndir Dalasýslu, sjá Tekjustofnar sveitarfélaga 2.
Hreppstjórar, sjá Tillögur.
Hundaskattur. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu sendir ályktun sýslunefndar V.-Ísafjarðarsýslu, þar sem skorað er á Alþingi að breyta lögum um hundaskatt, þannig að hækka hundaskatt og viðurlög við brotum á lögunum. — Bréf 20. maí. (Db. 907).
Huseby, Kristian Matthias, sjá Ríkisborgararéttur.
Húsakynni Menntaskólans í Reykjavík. 25 fyrrv. nemendur Menntaskólans í Reykjavík beina þeim tilmælum til Alþingis, að það veiti ekki samþykki sitt til þess, að menntaskólahald verði lagt niður í núverandi húsakynnum skólans við Lækjargötu. — Bréf ódags. (Db. 776).
Húsaleigulögin.
1. Fasteignaeigendafélag Reykjavíkur sendir áskorun frá 1602 alþingiskjósendum í Reykjavík um afnám húsaleigulaganna. — Bréf 1. marz. (Db. 577).
2. Sama félag skorar á Alþingi: 1) að fella úr gildi húsaleigulögin og 2) að fella húsaleiguvísitöluna úr hinni almennu vísitölu. — Bréf 30. jan. (Db. 513).

Húsaleigunefndin í Reykjavík sendir greinargerð um starf nefndarinnar og kostnað við hana. — Bréf 29. nóv. (Db. 227).
Húsaleigunefndir, sjá Tillögur.
Húsameistari ríkisins, sjá: Húsnæði fyrir rektor Menntaskólans í Reykjavík, Teiknistofa húsameistara ríkisins, Tillögur.
Húsbygging templara í Reykjavík. Fjmrn. sendir fjvn. til athugunar erindi húsráðs templara og Stórstúku Íslands, dags. 1. okt., um styrk til húsbyggingar í Reykjavík. — Bréf 14. okt. (Db. 5).
Húsmæðrakennaraskóli Íslands. Menntmrn. sendir afrit af bréfi húsmæðrakennara-

skóla Íslands, dags. 6. des., ásamt kostnaðaráætlun um skólahaldið á næsta ári. — Bréf 7. des. (Db. 280).

Húsmæðraskóli á Ísafirði. Bæjarstjórn Ísafjarðar fer þess á leit, að veittur verði í fjárl. 1947 1250 þús. kr. styrkur til byggingar húsmæðraskóla, gagnfræðaskóla, íþróttahúss og bókasafns þar. — Bréf 18. okt. (Db. 37).

Húsmæðraskóli Borgarfjarðar. Skólastýra húsmæðraskóla Borgarfjarðar fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veitt rífleg fjárhæð til stofnkostnaðar skólans. — Bréf 12. des. (Db. 361).

Húsmæðraskólinn á Löngumýri. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., og Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf., fara þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veittur 50 þús. kr. byggingarstyrkur til húsmæðraskólans á Löngumýri. — Bréf 20. des. (Db. 392).

Húsnæði alþingismanna. Forsrn. sendir afrit af bréfi frá Hótel Borg, dags. 2. apríl, varðandi húsnæði alþingismanna. — Bréf 10. maí. (Db. 809).

Húsnæði fyrir rektor Menntaskólans í Reykjavík. Húsameistari ríkisins sendir afrit af bréfi sínu, dags. 4. nóv., til Birgis Thorlacius um húsnæði fyrir rektor Menntaskólans í Reykjavík. — Bréf 12. nóv. (Db. 114).

Hússtjórnarskóli á Þingvöllum, sjá Gistihús á Þingvöllum.

Hvalfjarðarferja, sjá: Hafnargerðir og lendingarbætur 27, Vegamál 16.

Hýsing prestssetra, sjá Skipulag og hýsing prestssetra.

Hvíldartími háseta á botnvörpuskipum.

1. Alþýðusamband Íslands sendir ályktun 17 skipverja á botnvörpungnum Drangey, þar sem skorað er á Alþingi að samþ. frv. Hermanns Guðmundssonar, 11. landsk. þm., og Sigurðar Guðnasonar, 8. þm. Reykv., um hvíldartíma háseta á ísl. botnvörpuskipum. — Bréf 14. marz. (Db. 648).
2. 162 skipverjar á 8 botnvörpuskipum skora á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf 27. jan. (Db. 459).
3. Sjómannafélag Hafnarfjarðar sendir ályktanir félagsins, þar sem skorað er á Alþingi að: a) samþykkja frv. og b) setja lög um hvíldartíma skipverja á skipum, sem stunda veiðar með línu, botnvörpu og dragnót. — Bréf 24. jan. (Db. 458).
4. 12 skipverjar af botnvörpungnum Maí frá Hafnarfirði skora á Alþingi að samþykkja frv. Hermanns Guðmundssonar og Sigurðar Guðnasonar um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum. — Bréf í febr. (Db. 487).
5. 12 skipverjar á botnvörpungnum Helgafelli skora á Alþingi að samþ. sama frv. — Bréf ódags. (Db. 650).
6. 21 skipverji á botnvörpungnum Ingólfi Arnarsyni skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf ódags. (Db. 746).
7. 27 skipverjar á botnvörpungnum Baldri skora á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf í febr. (Db. 553).
8. 23 skipverjar á botnvörpungnum Gylfa og 14 skipverjar á botnvörpungnum Verði, báðum frá Patreksfirði, skora á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf 12. marz. (Db. 661).
9. 20 skipverjar á botnvörpungnum Faxa skora á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf í febr. (Db. 589).
10. Umsögn landssambands íslenzkra útvegsmanna um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum. — Bréf 13. jan. (Db. 415).
11. 38 nemendur Stýrimannaskólans í Reykjavík skora á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf 7. febr. (Db. 488).

— Sjá einnig: Orlofsheimili verkalýðsfélaga, Öryggi verkamanna við vinnu 1.

Hækkun aðflutningsgjalda.

1. Alþýðusamband Íslands sendir ályktanir sameiginlegs fundar fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna á Akureyri, stjórna og trúnaðarmannaráðs sömu félaga, þar sem mótmælt er: a) tollahækkunum þeim, sem Alþingi hefur nýlega samþykkt, og b) fyrirhugaðri verðjöfnun á fiski- og síldarafla samkvæmt 6. gr. laga um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl. — Bréf 26. apríl. (Db. 775).
2. Alþýðusamband Íslands sendir ályktun verkalýðsfélags Patreksfjarðar á fundi 16. apríl s. l., þar sem mótmælt er frv. því til hækkunar á aðflutningsgjöldum, sem þá hafði nýlega verið borið fram á Alþingi. — Bréf 29. apríl. (Db. 771).
3. Alþýðusambandið sendir ályktun verkamannafélags Húsavíkur, þar sem mótmælt er hækkun tolla á ýmsum nauðsynjavörum almennings í landinu. — Bréf 28. apríl. (Db. 773).
4. Alþýðusamband Íslands sendir: a) ályktun vörubifreiðastjórafélagsins Fálkans, Skagafirði, þar sem mótmælt er lögum um breyt. á lögum nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl., og b) ályktun verkalýðsfélags Borgarness, þar sem mótmælt er lögum um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947. — Bréf 25. apríl. (Db. 774).
5. Alþýðusamband Íslands skrifar, að verkalýðsfélag Hrútfirðinga hafi 11. maí samþykkt ályktun, þar sem talið sé, að ráðstafanir þær, sem ríkisstjórnin gerði með tollalögunum, séu óviðunandi til frambúðar, og skorað á Alþýðusamband Íslands að leita eftir samstarfi við ríkisstjórnina um ráðstafanir til að draga úr dýrtíðinni. — Bréf 21. maí. (Db. 900).
6. Alþýðusamband Íslands skrifar, að verkamannafélag Raufarhafnar hafi á fundi 11. maí samþykkt ályktun, þar sem mótmælt sé tollahækkun þeirri, sem nýlega var samþykkt á Alþingi. — Bréf 21. maí. (Db. 893).
7. Bifreiðastjóradeild verkalýðsfélags Akraness mótmælir lögum um: a) hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947 og b) breyt. á l. nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl. — Bréf 27. apríl. (Db. 772).
8. Bifreiðastjórafélagið Neisti í Hafnarfirði mótmælir hækkun þeirri á aðflutningsgjöldum af benzíni, hjólbörðum og öðrum rekstrarnauðsynjum bifreiða, sem felst í lögum um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947, svo og þeirri hækkun á þungaskatti af fólksbifreiðum til almenningsþarfa, sem felst í lögum um breyt. á l. nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl. — Bréf 15. apríl. (Db. 743).
9. Fjmrh. sendir frv. til l. um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947, sem hann hefur í hyggju að leggja fyrir Nd. — Bréf 8. apríl. (Db. 721, 723).
10. Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík mótmælir harðlega fram komnum stjórnarfrumvörpum um tolla- og skattahækkanir. — Bréf 11. apríl. (Db. 729).
11. Fundur í verkamannafélaginu Þrótti, haldinn 6. maí, mótmælir eindregið tolla- og skattahækkunum þeim, sem samþykktar hafa verið að tilhlutun núverandi ríkisstjórnar. — Bréf 12. maí. (Db. 820).
12. Umsögn bifreiðastjórafélagsins Hreyfils um frv. til l. um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947 og frv. til l. um breyting á lögum nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl. — Bréf 11. apríl. (Db. 730).
13. Umsögn landssambands iðnaðarmanna um frv. til l. um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947. — Bréf 14. apríl. (Db. 756).
14. Umsögn stéttarsambands bænda um sama frv. — Bréf 15. apríl. (Db. 742).
15. Verkamannafélag Glæsibæjarhrepps mótmælir harðlega tollahækkunum þeim, sem samþykktar voru á Alþingi 12. apríl s. l. — Bréf 7. maí. (Db. 796).

Hæstiréttur, sjá Tillögur.
Höfn við Bakkafjörð, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 14.

Iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans, sjá Tillögur.
Iðnaðarmannafélag Hafnarfjarðar, sjá Iðnfræðsla 4.
Iðnaðarritið, sjá Iðnskólar í sveitum 1.
Iðnfræðsla.
1. Bakarasveinafélag Íslands skorar á Alþingi að fella niður 14. gr. úr frv. til l. um iðnfræðslu. — Bréf 15. febr. (Db. 521).
2. Bókbindarafélag Reykjavíkur skorar á Alþingi að fella niður sömu frumvarpsgrein. — Bréf 11. febr. (Db. 492, 493).
3. Félag bókbandsiðnrekenda mótmælir sömu frumvarpsgrein. — Bréf 13. febr. (Db. 510).
4. Iðnaðarmannafélag Hafnarfjarðar mótmælir harðlega sömu frumvarpsgrein. — Bréf 15. febr. (Db. 544).
5. Iðnnemasamband Íslands skorar á Alþingi að fella sömu frumvarpsgrein. — Bréf ódags. (Db. 559).
6. Iðnsveinaráð Alþýðusambands Íslands skorar á Alþingi að fella niður sömu frumvarpsgrein. — Bréf 15. febr. (Db. 519).
7. Sveinafélag húsgagnabólstrara mótmælir sömu frumvarpsgrein og skorar á Alþingi að fella hana niður úr frv. — Bréf 25. febr. (Db. 560).
8. Umsögn bakarasveinafélags Íslands um frv. til l. um iðnfræðslu. — Bréf 15. febr. (Db. 520).
9. Umsögn félags bókbandsiðnrekenda um sama frv. — Bréf 13. febr. (Db. 509).
10. Umsögn félags íslenzkra rafvirkja um sama frv. — Bréf 17. febr. (Db. 529).
11. Umsögn félags járniðnaðarmanna í Reykjavík um sama frv. — Bréf 19. febr. (Db. 545).
12. Umsögn iðnnemasambands Íslands um sama frv. — Bréf 3. febr. (Db. 494, 564).
13. Umsögn iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands um sama frv. — Bréf 11. des. (Db. 307, 518).
14. Umsögn iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands um sama frv. og breytingartillögur við það. — Bréf 30. jan. (Db. 480).
15. Umsögn klæðskerafélagsins Skjaldborgar um sama frv. — Bréf 20. febr. (Db. 546).
16. Umsögn landssambands iðnaðarmanna um sama frv. — Bréf 7. des. (Db. 286, 503).
17. Umsögn matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands um sama frv. — Bréf 21. febr. (Db. 548).
18. Umsögn milliþinganefndar iðnfræðslumála um sama frv. — Bréf 1. marz. (Db. 591).
19. Umsögn múrarafélags Reykjavíkur um sama frv. — Bréf 1. marz. (Db. 579).
20. Umsögn sveinafélags húsgagnasmiða í Reykjavík um sama frv. — Bréf 19. febr. (Db. 582).
21. Umsögn sveinafélags skipasmiða í Reykjavík um sama frv. — Bréf 17. febr. (Db. 538).
22. Umsögn sveinasambands byggingamanna um sama frv. — Bréf 10. jan. (Db. 452).

— Sjá einnig Eftirlit með skipum 2.
Iðnlánasjóður, sjá Tillögur.

Iðnnemasamband Íslands, sjá: Iðnfræðsla 5, 12, Iðnskólar í sveitum 2.

Iðnráð Reykjavíkur.

1. Iðnráð Reykjavíkur fer þess á leit, að því verði veittar 10 þús. kr. í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 13. febr. (Db. 498).
2. Samgmrn. leggur til, að 20 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1947 til iðnráðs Reykjavíkur. — Bréf 11. des. (Db. 323).

Iðnskólahús í Reykjavík. Byggingarnefnd iðnskólans í Reykjavík fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veittar 750 þús. kr. til byggingar nýs iðnskólahúss. — Bréf 29. jan. (Db. 464).

Iðnskólar í sveitum.

1. Iðnaðarritið sendir umsögn Kristjáns S. Sigurðssonar, trésmíðameistara á Akureyri, um frv. til l. um iðnskóla í sveitum. — Bréflaust. (Db. 287).
2. Umsögn iðnnemasambands Íslands um sama frv. — Bréf 4. jan. (Db. 377).
3. Umsögn landssambands iðnaðarmanna um sama frv. — Bréf 7. des. (Db. 285).
4. Umsögn sveinasambands byggingamanna í Reykjavík um sama frv. — Bréf 15. des. (Db. 349).

Iðnsveinaráð Alþýðusambands Íslands, sjá Iðnfræðsla 6, 13—14.

Ingibjörg Alexandersdóttir, sjá Ríkisborgararéttur.

Innflutningsverzlun, sjá: Fjárhagsráð, Sala og útflutningur á vörum.

Innflutningur búfjár. Búnaðarfélag Íslands sendir landbn. Ed. frv. til l. um innflutning búfjár með tilmælum búnaðarþings um, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 17. marz. (Db. 646).

Innflutningur heimilisvéla.

1. Bandalag kvenna í Reykjavík skorar á Alþingi og ríkisstjórn: 1) að verja allt að 10 milljónum króna í erlendum gjaldeyri til innkaupa á heimilisvélum og 2) að innheimta eigi hærri toll af þeim en landbúnaðarvélum til bænda. — Bréf 13. nóv. (Db. 351).
2. Félag raftækjasala mótmælir ummælum í greinargerð fyrir till. Sigfúsar Sigurhjartarsonar, 6. þm. Reykv., um innflutning heimilisvéla, um, að heildsalar, sem annast innflutning rafmagnsheimilisvéla, láti selja þær á svörtum markaði. — Bréf 9. apríl. (Db. 744).

Innflutningur lyfja. Umsögn landlæknis um bréf Apótekarafélags Íslands, dags. 26. marz, um innflutning á lyfjum. — Bréf 19. apríl. (Db. 757).

Innlend endurtrygging.

1. Félmrn. sendir sjútvn. Ed. frv. til l. um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl., og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 8. nóv. (Db. 103).
2. Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna sendir sjútvn. Ed. sama frv. og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 28. okt. (Db. 44).
3. Umsögn samtryggingar íslenzkra botnvörpunga um sama frv. — Bréf 16. nóv. (Db. 150).
4. Umsögn stríðstryggingarfélags íslenzkra skipshafna um sama frv. — Bréf 18. nóv. (Db. 153, 828).

Íslandsdeild nordisk Jordbrugsforskeres Forening. Fjmrn. sendir umsókn um 1000 kr. styrk til Íslandsdeildar nordisk Jordbrugsforskeres Forening í fjárl. fyrir næsta ár. — Bréf 9. nóv. (Db. 100).

Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn. Utanrn. sendir erindi Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn, dags. 23. okt., þar sem sótt er um 4 þús. kr. styrk í fjárl. næsta árs. — Bréf 13. nóv. (Db. 122).

Íslenzk orðabók.
1. Háskólaráð leggur til, að veittar verði árlega í fjárl. 15 þús. kr., auk verðlagsuppbótar, til samningar íslenzkrar orðabókar. — Bréf 9. des. (Db. 290).
2. Orðabókarnefnd fer þess á leit, að veitt verði rífleg fjárhæð til íslenzkrar orðabókar í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 23. okt. (Db. 73).

Íslenzk samheitaorðabók. Björn Sigfússon og Bjarni Vilhjálmsson fara þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veitt sama fjárhæð til íslenzkrar samheitaorðabókar og í fjárl. þ. á. — Bréf 14. nóv. (Db. 140).

Íþróttabandalag Siglufjarðar, sjá Almannatryggingar 7.

Íþróttafulltrúi, sjá: Félagsheimili 2, Íþróttakennaraskóli Íslands 1—2, Tillögur.

Íþróttakennaraskóli Íslands.
1. Íþróttafulltrúi leggur til, að tilgreindar breytingar verði gerðar á frv. milliþinganefndar í skólamálum um íþróttakennaraskóla Íslands. — Bréf 15. nóv. (Db. 151 og 152).
2. Íþróttafulltrúi svarar fyrirspurnum fjvn. um rekstrarstyrk til íþróttakennaraskóla Íslands og byggingarstyrk til sama skóla. — Bréf 15. nóv. (Db. 163).
3. Nokkur íþróttafélög og íþróttafrömuðir mæla með því, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veitt fé til heimavistarhúss og íþróttavallar fyrir íþróttakennaraskóla Íslands. — Bréf 22. nóv. (Db. 183).
4. Skólanefnd íþróttakennaraskóla Íslands fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veittar 520 þús. kr. til heimavistarhúss og íþróttavallar fyrir skólann. — Bréf 7. nóv. (Db. 182).

Íþróttanefnd ríkisins sendir skýrslu um störf nefndarinnar frá 3. des. 1943 til 3. des. 1946. — Bréf 6. febr. (Db. 515). — Sjá einnig: Íþróttasjóður, Ólympíuleikirnir í London 1948 2, Samkomuhús á Bíldudal, Tillögur.

Íþróttasamband Íslands, sjá: Bindindisstarfsemi, Róðrarfélagið Hekla, Þjóðhátíðardagur.

Íþróttasamband Strandasýslu, sjá Félagaheimili 3.

Íþróttasjóður. Íþróttanefnd ríkisins sendir sundurliðaða skrá um fjárþörf íþróttasjóðs á árinu 1947. — Bréf 19. nóv. (Db. 166).

Jack, Robert, sjá Ríkisborgararéttur.

Jarðhitarannsóknir.
1. Atvmrn. sendir afrit af bréfi rafmagnseftirlits ríkisins, dags. 5. des., um kaup á jarðbor frá Bandaríkjunum. — Bréf 6. des. (Db. 276).
2. Samgmrn. sendir afrit af bréfi rafmagnseftirlits ríkisins, dags. 15. nóv., um kaup á 180 þús. kr. jarðbor frá Bandaríkjunum. — Bréf 22. nóv. (Db. 291).

Jarðhúsin við Elliðaár.
1. Jóhannes G. Helgason fer þess á leit, að fjvn. hlutist til um, að veitt verði ríkisábyrgð fyrir 400 þús. kr. láni til jarðhúsanna við Elliðaár. — Bréf 10. apríl. (Db. 726).
2. Jóhannes G. Helgason fer þess á leit, að landbn. Nd. hlutist til um, að 300 þús. kr. lán verði veitt úr ræktunarsjóði til jarðhúsanna við Elliðaár. — Bréf 19. febr. (Db. 733).

Jedlichová, Laufey Einarsdóttir, sjá Ríkisborgararéttur.

Johnsen, Gunnar, sjá Ríkisborgararéttur.

Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., sjá: Áfengisvarnir 7, Hafnargerðir og lendingarbætur 15, Sjómannaheimili í Vestmannaeyjum.

Jóhannes G. Helgason, sjá Jarðhúsin við Elliðaár.

Jón Dúason, sjá Þýðing rita Jóns Dúasonar.

Jón Gunnlaugsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 3.

Jón Pálmason, þm. A.-Húnv., sjá: Brúargerðir 3, Kvennaskólinn á Blönduósi, Vegamál 9.
Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., sjá: Byggingarstyrkir til listamanna 1, Húsmæðraskólinn á Löngumýri, Meðferð og sala mjólkur og rjóma, Varaþingmenn 7.
Jónas Jónsson, þm. S.-Þ., sjá: Bókhlaðan í Húsavík 1, Byggingarstyrkir til listamanna 1, Sandgræðslugirðing í Reykjahlíðarlandi, Verklegar framkvæmdir í S.-Þ.
Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 16.

Karlakór Reykjavíkur fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veittar 60 þús. kr. til kórsins til að greiða kostnað við Ameríkuför hans. — Bréf 27. nóv. (Db. 219).
Katanes, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 27.
Katrín Sveinsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 10.
Kaup á Engey. Landbrn. sendir erindi Hermanns Jónassonar um kaup á Engey. — Bréf 18. febr. (Db. 532).
Kaup íslenzkra bóka handa brezkum háskólum. Félag íslenzkra stúdenta í Edinborg fer þess á leit, að félaginu verði veittar 10 þús. kr. í fjárl. 1947 til þess að kaupa íslenzkar bækur handa brezkum háskólum. — Bréf 9. maí. (Db. 799).
Kaupfélag Borgfirðinga, sjá Mjólkursamlag Kaupfélags Borgfirðinga.
Kaupfélag Hallgeirseyjar, sjá Búvélaverkstæði Kaupfélags Hallgeirseyjar.
Kaupfélag Skagfirðinga, sjá Meðferð og sala mjólkur og rjóma.
Kaupfélag Vopnfirðinga, sjá Búvélaverkstæði á Vopnafirði.
Kaupfélag Þingeyinga, sjá Mjólkurvinnslustöð í Húsavík.
Kaupfélagið Þór, sjá Búvélaverkstæði á Hellu.
Kári Haukur Sigurjónsson, sjá Ríkisborgararéttur.
Kennarabústaðir við sjómannaskólann. Fastakennarar við stýrimannaskólann og vélskólann í Reykjavík fara þess á leit, að veitt verði í fjárl. næsta árs fé til byggingar kennarabústaða við sjómannaskólann. — Bréf 5. nóv. (Db. 94).
Kennaraskólinn, sjá: Laun stundakennara Kennaraskólans, Tillögur.
Kennslubók í siglingafræði. Skólastjóri stýrimannaskólans fer þess á leit, að 25 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1947 til útgáfu kennslubókar í siglingafræði fyrir fiskimannadeild skólans. — Bréf 9. jan. (Db. 390).
Kirkjubyggingar. Umsögn biskups Íslands um frv. til l. um kirkjubyggingar og þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa. — Bréf 4. des. (Db. 262).
Kirkjumálaráðuneytið, sjá: Sala Böggvisstaða, Sala Hringverskots, Sala Stóru-Borgar.
Kirkjuráð, sjá Veiting prestakalla 1.
Kjartan J. Jóhannsson, 10. landsk. (vara)þm., sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 17.
Kjósendur í Vallahreppi, sjá Egilsstaðakauptún 2.
Kjör ísl. sjómanna. Sjómannadeild verkalýðsfélags Akraness skorar á Alþingi og ríkisstjórn að tryggja, að kjör íslenzkra sjómanna verði jafnan hin beztu, sem nokkur starfsstétt á við að búa. — Bréf 8. nóv. (Db. 154).
Klahn, Albert Gerhard Ferdinand, sjá Ríkisborgararéttur.
Klæðskerafélagið Skjaldborg, sjá Iðnfræðsla 15.
Konráð Vilhjálmsson, sjá Persónutal í Suður-Þingeyjarsýslu.
Kosning í útvarpsráð. Fulltrúafundur Kvenréttindafélags Íslands fer þess á leit við Alþingi, að ein kona verði kosin í útvarpsráð. — Bréf 9. okt. (Db. 2).
Kristinn Guðmundsson, 1. (vara)þm. Eyf., sjá Varaþingmenn 2.
Kúabú fyrir elliheimilið Grund. Sigurður Tryggvason Draumland skorar á Alþingi, að hlutast til um það, að elliheimilinu Grund verði gefinn kostur á viðunandi jarðnæði fyrir kúabú. — Bréf 15. maí. (Db. 822).

Kvenfélag Akureyrarkirkju, sjá Eftirgjöf á tolli 1.
Kvenfélagasamband Íslands.
1. Kvenfélagasamband Íslands fer þess á leit, að því verði veittar 180 þús. kr. til starfsemi sinnar í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 14. okt. (Db. 10).
2. Kvenfélagasamband Íslands ítrekar fyrri beiðni um hækkun á styrk til sambandsins í fjárl. 1947. — Bréf 21. marz. (Db. 668).

Kvenfélagið Harpa, sjá Áfengisbann 1.
Kvenfélög Suðurnesja, sjá Héraðabönn 2.
Kvennasamtök á Akureyri, sjá Áfengisvarnir 5.
Kvennaskólinn á Blönduósi. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv., sendir bréf formanns skólaráðs kvennaskólans á Blönduósi, þar sem þess er farið á leit, að 70 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1947 til byggingar leikfimihúss, endurbóta skólahúss o. fl. — Bréf 26. nóv. (Db. 213).
Kvennaskólinn í Reykjavík. Formaður forstöðunefndar Kvennaskólans í Reykjavík fer þess á leit, að styrkur til námsmeyja skólans verði í fjárl. fyrir árið 1947 hækkaður úr 2500.00 kr. í 5000.00 kr. — Bréf 27. nóv. (Db. 220).
Kvenréttindafélag Íslands fer þess á leit, að fjárveiting til félagsins í fjárl. fyrir árið 1947 verði hækkuð í 50 þús. kr. — Bréf 26. okt. (Db. 59). — Sjá einnig: Héraðabönn 1, Kosning í útvarpsráð.

Landbúnaðarráðherra, sjá: Framleiðsluráð landbúnaðarins 1, Sauðfjársjúkdómar 1, Verðhækkun tilbúins áburðar.
Landbúnaðarráðuneytið, sjá: Fjárskipti 2, Fljótaárvirkjun 4, Kaup á Engey, Rafveita á Hvanneyri, Sauðfjárveikivarnir.
Landhelgi Íslands.
1. Stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands skorar á Alþingi og ríkisstjórn: 1) að gera ráðstafanir til að tryggja rétt Íslendinga til landhelginnar og landgrunnsins umhverfis landið, 2) að leyfa farmannasambandinu að tilnefna mann í stjórn síldarverksmiðja ríkisins og 3) að hlutast til um, að sambandinu verði gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa í þær afurðasölunefndir, er skipaðar kunna að verða. — Bréf 20. jan. (Db. 439).
2. Sýslunefnd Strandasýslu skorar á Alþingi að vinna að stækkun landhelgi Íslands í fjórar sjómílur. — Bréf 21. maí. (Db. 908).

Landhelgisgæzla, sjá Fiskirannsóknaskip.
Landlæknir, sjá: Héraðshæli 9, Innflutningur lyfja, Tannlæknakennsla við háskólann 2, Tannlækningar 3.
Landsbanki Íslands, sjá: Bankavaxtabréf, Fjárhagsráð 6, Ræktunarsjóður Íslands 4, Stofnlánadeild sjávarútvegsins 1.
Landsbókasafnið, sjá Tillögur.
Landsbókavörður, sjá Endurprentun tónverka Jóns Leifs 1.
Landshöfn í Hornafirði.
1. Hafnarnefnd Hornafjarðar skorar á Alþingi að samþykkja frv. um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins á Höfn í Hornafirði. Jafnframt sendir hafnarnefndin áskorun til Alþingis frá 138 mönnum í Austfirðingafjórðungi um að samþykkja sama frumvarp. — Bréf 25. febr. (Db. 601).
2. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk., og Ásmundur Sigurðsson, 8. landsk. þm., senda ályktun bændafundar, skipaðs kjörnum fulltrúum frá öllum búnaðarfélögum í Austur-Skaftafellssýslu, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja fram komin frv.: 1) um landshöfn í Hornafirði og 2) um breyt. á l. um bifreiðaskatt til fjáröflunar vegna brúargerðar á Jökulsá í Lóni. — Bréf 20. febr. (Db. 542).

Landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum. Samgmrn. fer þess á leit, að nýr maður verði

kosinn í stjórn landshafnar í Keflavík og Njarðvíkum í stað Einars G. Sigurðssonar, sem er nýfallinn frá. — Bréf 8. marz. (Db. 629).

Landshöfn í Sandgerði, sjá Hafnir og lendingarbætur 13.

Landshöfn og fiskiðjuver ríkisins á Rifi.

1. Hreppsnefnd Eyrarsveitar og almennur hreppsfundur fyrir Eyrarsveit, haldinn í Grafarnesi 27. janúar, skora á Alþingi að taka ekki ákvörðun um landshöfn á Rifi á Snæfellsnesi án undangenginnar rannsóknar á hafnarskilyrðum á fleiri stöðum á nesinu. — Bréf 27. jan. (Db. 497).
2. Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, Snæfells- og Hnappadalssýslu, skorar á Alþingi að samþykkja frv. til l. um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins á Rifi á Snæfellsnesi. — Bréf 31. des. (Db. 409).
3. Umsögn verkalýðsfélagsins Aftureldingar, Sandi, um sama frv. — Bréf 14. maí. (Db. 881, 916).
4. Verkalýðsfélagið Afturelding, Hellissandi, skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf 31. des. (Db. 408).

Landsmót stúdenta. Stúdentasamband Íslands sækir um 15 þús. kr. styrk úr ríkissjóði til þess að koma á og halda landsmót íslenzkra stúdenta á komandi sumri í Reykjavík. — Bréf 11. marz. (Db. 634).

Landssamband blandaðra kóra fer þess á leit, að því verði í fjárl. 1947 veittur jafnhár styrkur til starfsemi sinnar og sambandi ísl. karlakóra. — Bréf 23. febr. (Db. 598).

Landssamband iðnaðarmanna, sjá: Endurgreiðsla tolls af timburhúsum 3, Hlutfallstölur tekna þjóðfélagsstéttanna 3, Hækkun aðflutningsgjalda 13, Iðnfræðsla 16, Iðnskólar í sveitum 3, Tillögur.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna.

1. Fulltrúafundur landssambands íslenzkra útvegsmanna fer þess á leit, að 1,4% af verðmæti útfluttra sjávarafurða verði látinn renna til landssambandsins frá 1. jan. n. k., án þess að núverandi útflutningsgjöld verði hækkuð. — Bréf 26. nóv. (Db. 231).
2. Landssamband íslenzkra útvegsmanna sendir ályktanir fulltrúafundar landssambandsins. — Bréf 15. nóv. (Db. 149).

— Sjá einnig: Bátaútvegurinn 8, Beitumál 2, Fiskiðjuver á Ísafirði 1, Fiskimálasjóður 2, Fiskirannsóknaskip 1, Fiskveiðar í landhelgi 1, Hvíldartími háseta á botnvörpuskipum 10, Orlof 2, Sala og útflutningur á vörum.

Landssmiðjan.

1. Landssmiðjan sendir reikninga smiðjunnar fyrir árið 1945. — Bréflaust. (Db. 837).
2. Stjórn Landssmiðjunnar sendir skýrslu skattstjórans í Reykjavík um það, hversu háir tekjuskattur og stríðsgróðaskattur Landssmiðjunnar hefðu orðið árin 1941—1944, ef smiðjan hefði notið 20% frádráttar af tekjum vegna varasjóðs. — Bréflaust. (Db. 838).

— Sjá einnig Tillögur.

Laun fyrir Jón Leifs. Tónskáldafélag Íslands skorar á Alþingi að veita Jóni Leifs tónskáldi föst laun í fjárlögum. — Bréf 10. febr. (Db. 489).

Laun hreppstjóra. Umsögn fjmrn. um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. — Bréf 15. nóv. (Db. 139, 766).

Laun rithöfunda og tónskálda. Tónskáldafélag Íslands ber saman laun rithöfunda og tónskálda árin 1944 og 1946 og fer þess á leit, að laun þeirra síðarnefndu verði hækkuð. — Bréf 14. nóv. (Db. 130).

Laun starfsmanna borgardómara.

1. Borgardómarinn í Reykjavík sendir skrá um laun starfsmanna embættisins. — Bréf 27. nóv. (Db. 221).

2. Dómsmrn. svarar fyrirspurn fjvn. um launahækkanir hjá borgardómara og borgarfógeta í Reykjavík og ríkislögreglunni. — Bréf 5. nóv. (Db. 85).

Laun starfsmanna borgarfógeta.

1. Borgarfógetinn í Reykjavík sendir afrit af bréfi sínu til ríkisféhirðis um laun starfsmanna embættisins. — Bréf 30. nóv. (Db. 249).
2. Borgarfógetinn í Reykjavík sendir skýrslu um launagreiðslur til starfsmanna embættisins frá 1. apríl til 1. nóv. — Bréf 5. des. (Db. 265).

— Sjá einnig Laun starfsmanna borgardómara 2.

Laun starfsmanna félagsmálaráðuneytisins. Félmrn. svarar fyrirspurn fjvn. um launagreiðslur starfsmanna félagsmálaráðuneytisins. — Bréf 26. nóv. (Db. 209).

Laun starfsmanna hagstofunnar. Hagstofa Íslands sendir skrá um laun starfsmanna hagstofunnar. — Bréf 25. nóv. (Db. 214).

Laun starfsmanna Landssímans. Póst- og símamálastjóri sendir skrá um launagreiðslur til tímakaupsmanna frá 1. jan. til 30. nóv. 1946. — Bréflaust. (Db. 923).

Laun starfsmanna lögreglustjórans í Reykjavík. Lögreglustjórinn í Reykjavík sendir skrá um laun starfsmanna embættisins frá 1. apríl til 1. nóv. þ. á. — Bréf 7. des. (Db. 273).

Laun starfsmanna Ríkisútvarpsins.

1. Útvarpsstjórinn sendir skrá um föst laun og aukagreiðslur til starfsmanna Ríkisútvarpsins frá 1. apríl til 31. okt. þ. á. — Bréf 3. des. (Db. 245).
2. Útvarpsstjórinn svarar fyrirspurn fjvn. um launagreiðslur Ríkisútvarpsins á þessu ári. — Bréf 1. nóv. (Db. 72).

Laun starfsmanna sakadómara. Sakadómarinn sendir skrá um laun starfsmanna embættisins frá 1. apríl til 1. nóv. þ. á. — Bréf 6. des. (Db. 269).

Laun starfsmanna skattstofunnar. Skattstofan í Reykjavík sendir skrá um launagreiðslur skattstofunnar frá 1. apríl til 1. nóv. þ. á. — Bréf 5 .des. (Db. 264).

Laun starfsmanna stjórnarráðsins. Ríkisféhirðir sendir skrá um laun starfsmanna stjórnarráðsins frá 1. apríl til 31. okt. þ. á., önnur störf og yfirvinnu á sama tíma. — Bréf 28 .nóv. (Db. 230).

Laun starfsmanna utanríkisráðuneytisins. Utanrn. sendir skrá um laun starfsmanna ráðuneytisins. — Bréf 26. nóv. (Db. 217).

Laun stundakennara í Menntaskólanum á Akureyri.

1. Skólameistari Menntaskólans á Akureyri sendir skrá um greiðslur fyrir stundakennslu í skólanum á f. á. — Bréf 6. jan. (Db. 394).
2. Sami embættismaður sendir skrá um stundakennaralaun í skólanum síðasta skólaár, 1945—46. — Bréf 11. des. (Db. 336).

Laun stundakennara í Menntaskólanum í Reykjavík.

1. Menntaskólinn í Reykjavík sendir skrá um greiðslu vegna stundakennslu við skólann á tímabilinu frá 1. jan. til 30. nóv. þ. á. — Bréf 20. des. (Db. 372).
2. Menntaskólinn í Reykjavík sendir sundurliðun yfir greiðslu fyrir stundakennslu á s. l. skólaári. — Bréf 10. des. (Db. 310).

Laun stundakennara Kennaraskólans. Skólastjóri Kennaraskólans sendir skrá um greiðslur fyrir stundakennslu í skólanum árið 1946. — Bréf 5. des. (Db. 267).

Laun stundakennara Vélskólans í Reykjavík. Skólastjóri Vélskólans í Reykjavík sendir skrá um greiðslur fyrir stundakennslu í skólanum s. l. 7 mánuði. — Bréf 1. nóv. (Db. 256).

Laun stundakennara við Stýrimannaskólann. Stýrimannaskólinn sendir skrá um greiðslur fyrir stundakennslu á s. l. skólaári. — Bréf 3. des. (Db. 246).

Laun ullarmatsmanna.

1. Fjárveitinganefnd svarar erindi landbn. Nd., dags. 11. des., um launahækkun ullarmatsmanna. — Bréf 13. des. (Db. 321).

2. Landbn. Nd. sendir fjvn. erindi Þorvalds Árnasonar yfirullarmatsmanns um hækkun launa ullarmatsmanna. — Bréf 11. des. (Db. 299).

Laun vitavarðar í Hornafirði. Fjmrn. sendir erindi samgmrn., dags. 25. jan., um hækkun á launum Sigurðar Ólafssonar, vitavarðar í Hornafirði. — Bréf 1. febr. (Db. 466).

Laun yfirmanna á strandferðaskipum. Skipaútgerð ríkisins sendir skýrslu um laun og hlunnindi yfirmanna á varðskipum og strandferðaskipum ríkisins. — Bréf 14. nóv. (Db. 131).

Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. Umsögn Ólafs Sigurðssonar um till. til þál. um að gera Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu laxgenga ofan við rafstöðina hjá Brúum. — Bréf 27. jan. (Db. 450).
2. Umsögn veiðimálastjóra um sömu till. — Bréf 30. jan. (Db. 461).

Lánbeiðni. Fjmrh. sendir bréf Bjargar Jónsdóttur, ræstingarkonu, dags. 25. sept., þar sem hún fer fram á 20 þús. kr. lán úr ríkissjóði til kaupa á húsnæði fyrir sig og sína. — Bréflaust. (Db. 920).

Lárus Sigurjónsson, sjá Ríkisborgararéttur.

Leiðbeiningarskrifstofa stúdenta. Upplýsingaskrifstofa stúdenta fer þess á leit, að fjárveiting til leiðbeiningaskrifstofu námsmanna verði í fjárl. 1947 hækkuð um 12500 kr. — Bréf 13. marz. (Db. 653).

Leiðólfur h/f, sjá Flóabátaferðir 2.

Leifs, Jón, sjá Endurprentun tónverka Jóns Leifs.

Leikfélag Akureyrar, sjá Leiklist 2.

Leikfélag Eyrarbakka, sjá Leiklist 1.

Leiklist.

1. Leikfélag Eyrarbakka fer þess á leit, að því verði veittur styrkur til starfsemi sinnar í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf í jan. (Db. 460).
2. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak., sendir símskeyti stjórnar leikfélags Akureyrar, þar sem farið er fram á 3 þús. kr. styrk úr ríkissjóði vegna sýningar á sjónleiknum Skálholt eftir Guðmund Kamban. — Bréf 10. des. (Db. 296).

Leiklistarkennsla.

1. Jón Norðfjörð fer fram á það, að styrkur til hans vegna leiklistarkennslu verði hækkaður um 500 kr. í fjárl. næsta árs. — Bréf 7. des. (Db. 314).
2. Jón Norðfjörð fer þess á leit, að honum verði veittur styrkur í fjárl. fyrir árið 1947 til leiklistarkennslu á Akureyri. — Bréf 1. okt. (Db. 11).

Lilja Guðjónsdóttir, sjá Ríkisborgararéttur.

Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna. Félmrn. sendir heilbr.- og félmn. Nd. frv. til l. um breyt. á l. nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 10. des. (Db. 294).

Ljóskastarar í skipum. Sjómannafélag Hafnarfjarðar skorar á Alþingi að samþykkja till. til þál. um ljóskastara í skipum. — Bréf 1. febr. (Db. 469).

Ljósmæðrafélag Íslands, sjá Ljósmæðralög.

Ljósmæðralög. Stjórn Ljósmæðrafélags Íslands fer þess á leit, við heilbr.- og félmn. Ed., að hún flytji á yfirstandandi þingi frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum nr. 17 19. júní 1933. — Bréf 30. okt. (Db. 53).

Loðdýr, sjá Eftirgjöf á tolli 2.

Loðdýrarækt. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og l. nr. 94 14. maí 1940, um breyt. á þeim l. — Bréf 27. marz. (Db. 688).

Loðdýraræktarfélag Íslands, sjá Eftirgjöf á tolli 2.

Loðdýraræktarráðunautur, sjá Tillögur.

Loftleiðir h/f, sjá Flugvellirnir í Reykjavík og Keflavík 3.
Lóð fyrir Menntaskólann í Reykjavík, sjá Eignarnám á lóð fyrir Menntaskólann í Reykjavík.
Lúðrasveit Akureyrar sækir um 15 þús. kr. styrk í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 5. nóv. (Db. 126).
Lúðvig Guðmundsson, sjá Rauði kross Íslands.
Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S.-M., sjá: Byggingarstyrkir til listamanna 1, Hafnargerðir og lendingarbætur 4, Varaþingmenn 8.
Lyffræðingafélag Íslands, sjá Endurskoðun laga um sölu lyfja.
Lýsismat, sjá Tillögur.
Læknafélag Íslands, sjá Tannlækningar 4.
Lögreglustjórinn í Reykjavík, sjá: Laun starfsmanna lögreglustjórans í Reykjavík, Tillögur.
Lögræði. Dómsmrh. sendir forseta Nd. frv. til l. um lögræði, sem hann hefur ákveðið að leggja fyrir deildina. — Bréf 5. marz. (Db. 630).
Lögtak og fjárnám. Dómsmrh. sendir allshn. Ed. frv. til l. um breyting á l. nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 31. marz. (Db. 709).

Manneldisgildi hveitis. Menntmrh. sendir heilbr.- og félmn. Nd. frv. til l. um að tryggja manneldisgildi hveitis og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 18. febr. (Db. 535).
Manntal á Íslandi 1816.
1. Formaður ættfræðifélagsins svarar fyrirspurn fjvn. um kostnað við útgáfu manntals á Íslandi árið 1816. — Bréf 3. des. (Db. 250).
2. Ættfræðifélagið í Reykjavík fer þess á leit, að því verði veittur 20 þús. kr. styrkur í fjárl. fyrir árið 1947 til útgáfu manntals á Íslandi 1816. — Bréf 15. nóv. (Db. 179).

María Guðlaugsson, ekkja Jónasar skálds Guðlaugssonar, sjá Eftirlaun og styrktarfé 6.
Maríuhöfn, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 27.
Markaðsleit fyrir sjávarafurðir.
1. Nefnd kosin af sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda og fiskimálanefnd fer þess á leit, að 750 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1947 til að auglýsa íslenzkar sjávarafurðir erlendis. — Bréf 11. marz. (Db. 635).
2. Umsögn fiskimálanefndar um till. til þál. um skipulagða markaðsleit fyrir hraðfrystan fisk í Bandaríkjunum. — Bréf 18. nóv. (Db. 169).
3. Umsögn sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna um till. til þál. um skipulagða markaðsleit fyrir hraðfrystan fisk í Bandaríkjunum. — Bréf 4. nóv. (Db. 84).

— Sjá einnig Fiskimálasjóður.
Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands, sjá: Iðnfræðsla 17, Matsveina- og veitingaþjónaskóli 1, 4.
Matsveina- og veitingaþjónaskóli.
1. Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands skorar á Alþingi að samþykkja fram komið frv. til l. um matsveina- og veitingaþjónaskóla með tilteknum breytingum. — Bréf 10. des. (Db. 302).
2. Samgmrh. sendir forseta neðri deildar frv. til l. um matsveina- og veitingaþjónaskóla, sem hann hefur í hyggju að leggja fyrir deildina. — Bréf 29. okt. (Db. 48).

3. Sjútvn. Nd. sendir menntmn. Nd. til umsagnar sama frv. — Bréf 8. nóv. (Db. 102).
4. Umsögn matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands um sama frv. — Bréf 21. nóv. (Db. 202, 360).
5. Umsögn menntmn. Nd. um sama frv. — Bréf 30. nóv. (Db. 241).
6. Umsögn sambands veitinga- og gistihúsaeigenda um sama frv. — Bréf 25. nóv. (Db. 251).
7. Umsögn skólastjóra stýrimannaskólans um sama frv. — Bréf 11. nóv. (Db. 119).

Matthías Jónasson, sjá Uppeldisrannsóknir.

Málleysingjaskólinn, sjá Tillögur.

Málverk af þjóðfundinum 1851. Gísli Sveinsson, fyrrv. forseti sameinaðs Alþingis, vekur athygli núverandi forseta á því, að samið hafi verið við Gunnlaug Blöndal, listmálara, um að gera á kostnað Alþingis veglegt málverk af þjóðfundinum 1851 og að listamaðurinn kunni að þurfa að fá einhverja fyrirframgreiðslu. — Bréf 30. marz. (Db. 707).

Málverkasýning í Brüssel. Fjmrn. sendir fjvn. til umsagnar erindi menntmrn., dags. 7. sept., um sýningu á íslenzkum málverkum í Brüssel. — Bréf 10. okt. (Db. 4).

Meðferð og sala mjólkur og rjóma. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf., og Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., senda Alþingi ályktun stjórnar Kaupfélags Skagfirðinga, þar sem skorað er á þá að beita sér fyrir því, að l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., verði breytt í það horf, að landið allt verði eitt verðjöfnunarsvæði. — Bréflaust. (Db. 207).

Meðferð opinberra mála. Umsögn dómsmrn. um till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að frv. um meðferð opinberra mála verði lagt fyrir Alþingi. — Bréf 24. jan. (Db. 448).

Melatangi við Hornafjörð, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 26.

Menningarsamskipti Norðurlandaþjóðanna. Norræna félagið fer þess á leit, að styrkur til félagsins verði hækkaður úr 5 í 20 þús. kr. í fjárl. fyrir árið 1947 vegna útgáfu á sögulegu riti um menningarsamskipti Norðurlandaþjóðanna og réttarstöðu þeirra hverrar gagnvart annarri. — Bréf 1. des. (Db. 243).

Menningarsjóður blaðamannafélagsins, sjá Skipulagsskrá menningarsjóðs blaðamannafélagsins.

Menntamálaráð. Fjmrn. sendir afrit af bréfi menntamálaráðs Íslands, dags. 30. des. f. á., þar sem farið er fram á það, að verðlagsuppbót verði greidd á þær 50 þús. kr., sem ráðinu ber af heildartekjum Áfengisverzlunar ríkisins árið 1945. — Bréf 23. apríl. (Db. 760). — Sjá einnig: Myndlistarsýning í Stokkhólmi 3, Tillögur, Vísindamenn og fræðimenn.

Menntamálaráðherra, sjá: Bernarsambandið, Félagsheimili 1, Manneldisgildi hveitis, Menntaskólar, Skemmtanaskattsviðauki, Skemmtanaskattur og þjóðleikhús 1, Söngskóli þjóðkirkjunnar, Tannlæknakennsla við háskólann 1, Þjóðleikhús 2.

Menntamálaráðuneytið, sjá: Atvinnudeild háskólans 1, Bókasafn á Kópaskeri, Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 8—10, Eftirlaun og styrktarfé 8—9, Eignarnám á lóð fyrir Menntaskólann í Reykjavík, Hið ísl. fræðafélag, Hljómplötudeild þjóðminjasafnsins, Málverkasýning í Brüssel, Námsflokkakennsla 2, Stúdentagarður í Árósum, Sundskylda, Tannlæknakennsla við háskólann 1, Tónlistarsýning í Reykjavík, Uppeldisskóli Sumargjafar 1, Vernd barna og ungmenna 1, Zoology of Iceland 2, Þjóðleikhús 3—4.

Menntaskólar. Menntmrh. sendir frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla, sem hann hefur ákveðið að leggja fyrir Nd. — Bréf 2. nóv. (Db. 77, 78).

Menntaskólinn á Akureyri, sjá: Laun stundakennara í Menntaskólanum á Akureyri, Tillögur.
Menntaskólinn í Reykjavík, sjá: Eignarnám á lóð fyrir Menntaskólann í Reykjavík, Húsakynni Menntaskólans í Reykjavík, Húsnæði fyrir rektor Menntaskólans í Reykjavík, Laun stundakennara í Menntaskólanum í Reykjavík, Tillögur.
Menntun kennara. Umsögn biskups Íslands um frv. til l. um menntun kennara. — Bréf 3. marz. (Db. 597). — Sjá einnig Atvinnudeild háskólans 1.
Milliþinganefnd iðnfræðslumála, sjá Iðnfræðsla 18.
Minkar, sjá Eftirgjöf á tolli 2.
Minnismerki drukknaðra sjómanna.
1. Fiskifélag Íslands sendir ályktun síðasta fiskiþings, þar sem skorað er á ríkisstjórnina og bæjarstjórn Reykjavíkur að láta reisa í Reykjavík minnismerki drukknaðra sjómanna og á Alþingi að veita 25 þús. kr. til minnisvarða drukknaðra sjómanna við Vestmannaeyjar. — Bréf 30. nóv. (Db. 248).
2. Minnismerkissjóður drukknaðra sjómanna og hrapaðra við Vestmannaeyjar fer þess á leit, að Alþingi veiti sjóðnum 25 þús. kr. styrk. — Bréf 17. okt. (Db. 16).

Mjólkurbú Kaupfélags Vestur-Húnvetninga. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv., fer þess á leit, að í fjárl. 1947 verði 15 þús. kr. veittar til mjólkurbús Kaupfélags Vestur-Húnvetninga á Hvammstanga. — Bréf 21. marz. (Db. 745).
Mjólkurflutningar. Sigurvin Einarsson gerir grein fyrir nauðsyn ríflegrar fjárveitingar í fjárl. 1947 til að koma á vegarsambandi milli Patreksfjarðar og Rauðasands vegna mjólkurflutninga. — Bréf 7. marz. (Db. 609).
Mjólkurmálin. Borgarstjórinn í Reykjavík sendir ályktun bæjarstjórnar, þar sem skorað er á Alþingi, ríkisstjórn og stjórn mjólkursamsölunnar að bjarga mjólkurmálunum nú þegar úr því ófremdarástandi, er sé til vansæmdar fyrir alla aðila. — Bréf 21. marz. (Db. 667). — Sjá einnig Meðferð og sala mjólkur og rjóma.
Mjólkursamlag Kaupfélags Borgfirðinga.
1. Kaupfélag Borgfirðinga fer þess á leit, að því verði veittur styrkur í fjárl. fyrir árið 1947 til stækkunar mjólkursamlags Borgfirðinga. — Bréf 18. nóv. (Db. 181).
2. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um erindi Kaupfélags Borgfirðinga um styrk úr ríkissjóði til stækkunar mjólkursamlags félagsins. — Bréf 7. des. (Db. 282).

Mjólkursamlag Kaupfélags Eyfirðinga. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veitt fé til að greiða framlag ríkissjóðs til viðbótarbyggingar mjólkursamlags Kaupfélags Eyfirðinga á Akureyri. — Bréf 26. febr. (Db. 570).
Mjólkursamlag Kaupfélags Þingeyinga. Búnaðarfélag Íslands skrifar um stofnkostnað mjólkursamlags Kaupfélags Þingeyinga. — Bréf 26. nóv. (Db. 206).
Mjólkursamsalan, sjá Framleiðsluráð landbúnaðarins 5.
Mjólkurvinnslustöð í Húsavík. Kaupfélag Þingeyinga fer þess á leit, að því verði í fjárl. næsta árs veittur 600 þús. kr. styrkur til byggingar mjólkurvinnslustöðvar í Húsavík. — Bréf 26. okt. (Db. 106).
Múrarafélag Reykjavíkur, sjá Iðnfræðsla 19.
Myndlistarsýning í Stokkhólmi.
1. Félag íslenzkra myndlistarmanna fer þess á leit, að því verði veittur 30 þús. kr. styrkur í fjárl. fyrir árið 1947 til myndlistarsýningar í Stokkhólmi í apríl 1947 og í Reykjavík í júní s. á. — Bréf 29. nóv. (Db. 244).
2. Félag ísl. myndlistarmanna ítrekar fyrri beiðni um 30 þús. kr. styrk vegna

þátttöku í sýningu Nordisk Konstförbund í Stokkhólmi í apríl 1947. — Bréf 19. marz. (Db. 647).
3. Umsögn menntamálaráðs um styrkbeiðni félags íslenzkra myndlistarmanna vegna þátttöku í myndlistarsýningu Norðurlandaþjóða, sem halda á í Stokkhólmi í apríl n. k. — Bréf 9. jan. (Db. 398).

Mæðrafélagið, sjá Dagheimili fyrir börn 2.

Námsflokkakennsla.
1. Fræðslumálastjóri ritar um þóknun til forstöðumanns námsflokka Reykjavíkur. — Bréf 31. des. (Db. 373).
2. Menntmrn. mælir með því, að grunnstyrkur til námsflokkakennslu verði í fjárl. fyrir árið 1947 hækkaður úr 13750.00 kr. í 20000.00 kr. — Bréf 19. des. (Db. 362).

Námsstyrkir.
1. Árni Pálsson fer þess á leit, að Páli Kr. Pálssyni verði í fjárl. fyrir árið 1947 veittar 12 þús. kr. til framhaldsnáms í orgelleik og tónlist. — Bréf 5. febr. (Db. 478).
2. Páll A. Pálsson, dýralæknir, sækir um 6 þús. kr. styrk úr ríkissjóði til framhaldsnáms í Bretlandi á næsta ári. — Bréf 19. okt. (Db. 88).
3. Sigursveinn D. Kristinsson fer þess á leit, að honum verði veittur 8 þús. kr. styrkur í fjárl. næsta árs til tónlistarnáms. — Bréf 5. nóv. (Db. 89).
4. Stúdentaráð Háskóla Íslands fer þess á leit, að námsstyrkur til íslenzkra háskólastúdenta verði í fjárl. fyrir árið 1947 hækkaður úr 125 í 140 þús. kr. — Bréf 4. jan. (Db. 388).

Náttúrugripasafnið, sjá Tillögur.

Náttúruvísindi á Íslandi. Steinþór Sigurðsson skrifar um framtíðarkostnað við vísindalega rannsóknarstarfsemi í þágu náttúruvísinda á Íslandi. — Bréf 15. nóv. (Db. 829).

Nemendur Stýrimannaskólans í Reykjavík, sjá Hvíldartími háseta á botnvörpuskipum 11.

Norðfjörð, Jón, sjá Leiklistarkennsla.

Norræna félagið fer þess á leit, að styrkur til félagsins verði hækkaður úr 5 í 20 þús. kr. í fjárl. 1947. — Bréf 17. okt. (Db. 35). — Sjá einnig: Gistihús á Þingvöllum, Menningarsamskipti Norðurlandaþjóðanna.

Nýbyggingarráð sendir fjvn. heildaráætlun sína um hafnargerðir. — Bréf 26. nóv. (Db. 258). — Sjá einnig: Fiskiðjuver á Ísafirði 2, Ráðunautur um æðarvarp 2, Tillögur.

Nýbýlastjórn ríkisins, sjá Tillögur.

Nýjar síldarverksmiðjur.
1. Atvmrh. sendir fjhn. frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur, og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 4. des. (Db. 257).
2. Umsögn atvmrn. um sama frv. — Bréf 28. apríl. (Db. 761).
3. Umsögn byggingarnefndar Síldarverksmiðja ríkisins um nál. minni hl. fjhn. Nd. um sama frv. — Bréf 19. febr. (Db. 534). — Sjá einnig Bygging síldarverksmiðju á Norðausturlandi.

Oddviti Bessastaðahrepps, sjá Sjóvarnargarður í Bessastaðahreppi.
Oddviti Borgarneshrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 10.
Oddviti Breiðdalshrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9.
Oddviti Dalvíkurhrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9.
Oddviti Eskifjarðarhrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9.
Oddviti Eyrarbakkahrepps, sjá Dýralækningar 2.

Oddviti Eyrarsveitar, sjá Veitingahúsið á Vegamótum 2.
Oddviti Fljótshlíðarhrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 10.
Oddviti Fróðárhrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9.
Oddviti Gaulverjabæjarhrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 8.
Oddviti Grímsneshrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 8 .
Oddviti Grunnavíkurhrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9.
Oddviti Grýtubakkahrepps, sjá Vegamál 10.
Oddviti Hjaltastaðarhrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9.
Oddviti Hofshrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 10.
Oddviti Hraunhrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9.
Oddviti Húsavíkurhrepps, sjá: Bókhlaðan í Húsavík 1, Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 8.
Oddviti Hveragerðishrepps, sjá Útgjöld vegna skólalöggjafarinnar.
Oddviti Kelduneshrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9.
Oddviti Kolbeinsstaðahrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 10.
Oddviti Lundarreykjadalshrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 10.
Oddviti Mosfellshrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9.
Oddviti Ólafsvíkurhrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 11.
Oddviti Sauðárkrókshrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9.
Oddviti Seltjarnarneshrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9.
Oddviti Skeiðahrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 8.
Oddviti Stokkseyrarhrepps, sjá: Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9, Dýralækningar 2, Hafnargerðir og lendingarbætur 19.
Oddviti Suðurfjarðarhrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9.
Oddviti Súðavíkurhrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9.
Oddviti Þingvallahrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 9.
Oddviti Ölfushrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 8.
Oddviti Öngulsstaðahrepps, sjá Byggingar bæjar- og sveitarfélaga 10.
Olsen, Johan Jörgen Eliezer, sjá Ríkisborgararéttur.
Olsen, Ole, sjá Ríkisborgararéttur.
Olympíuleikirnir í London 1948.
1. Benedikt G. Waage mælir með styrkbeiðni Olympíunefndar Íslands vegna þátttöku Íslands í Olympíuleikjunum, sem fram eiga að fara í London árið 1948. — Bréf 12. nóv. (Db. 129).
2. Íþróttanefnd ríkisins mælir með því, að Olympíunefnd Íslands verði veittur styrkur vegna kostnaðar, sem undirbúningur og þátttaka í Olympíuleikjunum 1948 munu hafa í för með sér. — Bréf 13. marz. (Db. 672).
3. Olympíunefnd Íslands fer þess á leit, að nefndinni verði veittar 50 þús. kr. í fjárl. fyrir árið 1947 til greiðslu kostnaðar við undirbúning og þátttöku Íslands í Olympíuleikjunum, sem fram eiga að fara í London árið 1948. — Bréf 31. okt. (Db. 112).
4. Olympíunefnd Íslands gerir nánari grein fyrir styrkbeiðni hennar vegna undirbúnings og þátttöku Íslands í Olympíuleikjunum, sem fram eiga að fara í London árið 1948. — Bréf 13. des. (Db. 325).

Olympíunefnd, sjá Olympíuleikirnir í London 1948.
Orðabókarnefnd, sjá Íslenzk orðabók 2.
Orlof.
1. Umsögn Alþýðusambands Íslands um frv. til l. um breyt. á l. um orlof, nr. 16 26. febr. 1943. — Bréf 14. des. (Db. 338).
2. Umsögn landssambands íslenzkra útvegsmanna um sama frv. — Bréf 14. des. (Db. 328, 352).

— Sjá einnig: Almannatryggingar 10, Öryggi verkamanna við vinnu 1.
Orlofsheimili verkalýðsfélaga. Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík skorar

á Alþingi: a) að samþykkja frv. Sigurðar Guðnasonar og Hermanns Guðmundssonar um orlofsheimili verkalýðsfélaga og samkomuhús í sveitum, b) að fella niður 6. gr. laga um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl., um að verja hluta af söluverði síldarafurða 1947 til að verðbæta aðrar fisktegundir, c) að samþykkja frv. Hermanns Guðmundssonar og Sigurðar Guðnasonar um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum. — Bréf 17. febr. (Db. 541). — Sjá einnig Öryggi verkamanna við vinnu 1.

Ólafur H. Jensson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 14.

Ólafur Sigurðsson, sjá Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu 1, Ráðunautur um æðarvarp, Æðarvarp.

Páll A. Pálsson, sjá Námsstyrkir 2.

Páll Kr. Pálsson, sjá Námsstyrkir 1.

Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk., sjá: Borgey h/f í Hornafirði, Flóabátaferðir 3, Hafnsögubáturinn í Hornafirði, Landshöfn í Hornafirði 2, Vegamál 11, Vöruflutningar loftleiðis.

Pedersen, Herbert Helmuth Marinus, sjá Ríkisborgararéttur.

Persónufrádráttur við skattaálagningu, sjá Almannatryggingar 10.

Persónutal í Suður-Þingeyjarsýslu. Konráð Vilhjálmsson fer þess á leit, að honum verði veittur 2000.00 kr. styrkur í fjárl. fyrir árið 1947, auk verðlagsuppbótar, og sami styrkur á þ. á., til að semja persónutal í Suður-Þingeyjarsýslu á 19. öld. — Bréf 12. nóv. (Db. 155).

Petersen, Aage Laurits, sjá Ríkisborgararéttur.

Petersen, Arne Ivar, sjá Ríkisborgararéttur.

Petersen, Ludvig Christian Idon Marius Bonnesen Stabell, sjá Ríkisborgararéttur.

Pétur Hannesson, 2. (vara)þm. Skagf., sjá Varaþingmenn 7.

Pétur Sigurðsson fer þess á leit, að laun hans verði ákveðin sem sérstök fjárveiting í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 2. des. (Db. 240).

Póst- og símamálastjóri, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 10—14, Laun starfsmanna Landssímans, Stuttbylgjustöðin í Gufunesi, Tillögur.

Prestar, sjá Eftirlaun og styrktarfé 1.

Prestssetrið á Stað á Reykjanesi.

1. Gísli Jónsson, þm. Barð., sendir ályktun almenns safnaðarfundar að Gufudal, þar sem skorað er á ríkisstjórnina að láta flytja prestssetrið á Stað á Reykjanesi þaðan að Reykhólum. — Bréflaust. (Db. 236).
2. Sami þm. sendir ályktun almenns safnaðarfundar að Stað á Reykjanesi, þar sem skorað er á ríkisstjórnina að láta flytja prestssetrið þar að Reykhólum. — Bréflaust. (Db. 235).

Rafmagnseftirlit ríkisins, sjá: Andakílsárvirkjun, Gjaldskrá rafveitu Siglufjarðar, Hitaveita í Hveragerði 2, Jarðhitarannsóknir, Rafstöðin á Eiðum 1, Rafveita á Hvanneyri, Rafveita Siglufjarðar 2, Rafveitumannvirki, Tillögur.

Rafmagnsveitur ríkisins, sjá Rafveitumannvirki.

Raforkumálastjóri, sjá: Fljótaárvirkjun 1, Tillögur.

Raforkuver við Gönguskarðsá. Sýslumaður Skagafjarðarsýslu sendir ályktun sýslunefndar, þar sem skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að samþykkja byggingu raforkuvers við Gönguskarðsá. — Bréf 29. apríl. (Db. 781).

Rafstöðin á Eiðum.

1. Rafmagnseftirlit ríkisins svarar fyrirspurnum fjvn. um rafstöðina á Eiðum. — Bréf 18. nóv. (Db. 161).
2. Útvarpsstjórinn skrifar fjvn. um framlag Ríkisútvarpsins til endurbóta raforkustöð Eiðaskólans. — Bréf 12. des. (Db. 309).

Rafveita á Hvanneyri. Landbrn. sendir kostnaðaráætlun rafmagnseftirlits ríkisins um raftaugakerfi á Hvanneyri. — Bréf 19. des. (Db. 366).

Rafveita Siglufjarðar.

1. Fjmrn. sendir fjvn. til athugunar erindi bæjarstjórans á Siglufirði um bráðabirgðalán til rafveitunnar þar. — Bréf 9. okt. (Db. 3).
2. Umsögn rafmagnseftirlits ríkisins um erindi bæjarstjórans á Siglufirði, dags. 29. júlí, um bráðabirgðalán til rafveitunnar þar. — Bréf 9. des. (Db. 297).

— Sjá einnig Fljótaárvirkjun.

Rafveitumannvirki. Rafmagnseftirlit ríkisins sendir áætlun um fjárþörf til rafveitumannvirkja, sem til mála kemur að rafmagnsveitur ríkisins komi upp árið 1947. — Bréf 21. nóv. (Db. 187).

Rannsókn á dýralífi í Hvammsfirði. Umsögn atvinnudeildar háskólans um till. til þál. á þskj. 21, um rannsókn á dýralífi í Hvammsfirði. — Bréf 31. okt. (Db. 60).

Rannsókn á dýralífi í Nýpsfirði og Nýpslónum. Umsögn atvinnudeildar háskólans um brtt. 38, um rannsókn á dýralífi í Nýpsfirði og Nýpslónum. — Bréf 31. okt. (Db. 61).

Rannsóknaráð ríkisins, sjá: Atvinnudeild háskólans 2—3, Silfurbergsnáma hjá Helgustöðum, Tillögur.

Rannsóknarstofa háskólans, sjá Tillögur.

Rannsóknir í þágu náttúruvísinda, sjá Náttúruvísindi á Íslandi.

Rauði kross Íslands. Lúðvíg Guðmundsson, erindreki R.K.Í. í Mið-Evrópulöndunum, fer þess á leit, að fjárveiting til Rauða kross Íslands verði í fjárl. 1947 allt að 50 þús. kr. — Bréf 13. marz. (Db. 834).

Ráðstafanir og tekjuöflun vegna dýrtíðar, sjá Dýrtíðarráðstafanir 2.

Ráðunautur um æðarvarp.

1. Ólafur Sigurðsson sendir afrit af bréfum sínum til Búnaðarfélags Íslands og landbúnaðarráðherra, þar sem hann fer þess á leit, að hann verði gerður að ráðunaut um verndun æðarvarps og aukna tækni við meðferð og hreinsun æðardúns. — Bréf 14. jan. (Db. 490).
2. Umsögn nýbyggingarráðs um ráðunautsstarf viðvíkjandi æðarvarpi og hlunnindum, er Ólafur Sigurðsson, Hellulandi, fer fram á að honum verði falið undir stjórn Búnaðarfélags Íslands. — Bréf 10. jan. (Db. 499).

— Sjá einnig Æðarvarp.

Reikningsskil til ríkisbókhaldsins. Fjmrn. óskar þess, að reikningsskilum ársins 1944 til ríkisbókhaldsins verði lokið fyrir 31. marz n. k. — Bréf 14. febr. (Db. 517).

Rekstrarnefnd þjóðleikhússins, sjá Skemmtanaskattur og þjóðleikhús 2, Þjóðleikhús 4.

Rektor háskólans, sjá Tilraunastöð í meinafræði.

Ríkisábyrgð, sjá: Andakílsárvirkjun, Bátaútvegurinn, Embættisbústaðir dómara 1, Jarðhúsin við Elliðaár 1.

Ríkisborgararéttur. Umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt frá: Åberg, Ketty Ellen Margrethe (Db. 638); Åberg, Nönnu Jónsdóttur (Db. 638); Ásgeiri Ingimundarsyni (Db. 397); Babel, Svövu Blöndal (Db. 801); Christensen Sylvíu Marie (Db. 641); Dannheim, Katrínu Dalhoff (Db. 326); Dyrset, Einari Ansgar Jósteinsen (Db. 277); Edvin, Baldri Arent Nielsen (Db. 69); Ellerup, Johan Gerhardt Ole Christian (Db. 413); Göhlsdorf, Elísabeth (Db. 380); Hensing, Kristínu Láru Kristinsdóttur (Db. 802); Herlufsen, Harry (Db. 359, 381, 911); Holm, Boye Thomsen (Db. 391, 479); Huseby, Kristian Matthias (Db. 479, 596); Ingibjörgu Alexandersdóttur (Db. 594); Jack, Robert (Db. 6, 565, 896); Jedlichová, Laufeyju Einarsdóttur (Db. 444); Johnsen, Gunnari (Db.

356, 379, 780); Kára Hauki Sigurjónssyni (Db. 531); Klahn, Albert Gerhard Ferdinand (Db. 87); Lárusi Sigurjónssyni (Db. 308); Lilju Guðjónsdóttur (Db. 588); Olsen, Johan Jörgen Eliezer (Db. 749); Olsen, Ole (Db. 255); Pedersen, Herbert Helmuth Marinus (Db. 49); Petersen, Aage Laurits (Db. 359, 381); Petersen, Arne Ivar (Db. 50); Petersen, Ludvig Christian Idon Marius Bonnesen Stabell (Db. 18); Scheiter, Jóhanni Heinrich (Db. 508); Schrader, Harry Wilhelm (Db. 12); Thorarensen, Jóhanni Stephan (Db. 914); Waag, Árna (Db. 530); Þórarni Jónssyni (Db. 639).

Ríkisbókhaldið.

1. Ríkisbókhaldið sendir rekstrarreikning ríkissjóðs fyrir árið 1945. — Bréflaust. (Db. 67).
2. Ríkisbókhaldið sendir sjóðsyfirlit ríkissjóðs og eignahreyfingar 1945. — Bréflaust. (Db. 659).

Ríkisféhirðir, sjá Tillögur.

Ríkislögreglan, sjá Laun starfsmanna borgardómara 2.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg sendir fjvn. rekstrarreikning fyrir árið 1945, efnahagsreikning 31. des. s. á. og reikningsyfirlit til 30. sept. þ. á. — Bréflaust. (Db. 55). — Sjá einnig Tillögur.

Ríkisskattanefnd, sjá Tekjuskattur og eignar 2, Tillögur.

Ríkisspítalarnir, sjá Tillögur.

Ríkisútvarpið, sjá: Byggingarsjóður Ríkisútvarpsins, Laun starfsmanna Ríkisútvarpsins, Tillögur.

Róðrarfélagið Hekla. Íþróttasamband Íslands fer þess á leit, að róðrarfélaginu Heklu í Kaupmannahöfn verði í fjárl. fyrir árið 1947 veittur nokkur styrkur til starfsemi félagsins. — Bréf 9. nóv. (Db. 212).

Ræktunarsjóður Íslands.

1. Breytingartillögur Búnaðarbanka Íslands við frv. til l. um Ræktunarsjóð Íslands. — Bréflaust. (Db. 500).
2. Umsögn Búnaðarbanka Íslands um sama frv. — Bréf 17. febr. (Db. 528).
3. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um sama frv. — Bréf 28. marz. (Db. 686).
4. Umsögn Landsbanka Íslands um sama frv. — Bréf 13. maí. (Db. 812).

Ræktunarvegir í Flatey.

1. Gísli Jónsson, þm. Barð., sendir: a) erindi frá hreppsnefnd Flateyjarhrepps, dags. 19. sept., þar sem þess er farið á leit, að fjárveiting til ræktunarvega í Flatey verði hækkuð í 45 þús. í fjárl. fyrir árið 1947, b) erindi sóknarprestsins í Flatey, dags. 20. des., þar sem sótt er um styrk til endurbyggingar bókasafnsins þar. — Bréf 22. jan. (Db. 447).
2. Vegamálastjóri skrifar um fjárveitingu til ræktunarvega í Flatey á Breiðafirði. — Bréf 6. marz. (Db. 600).

Ræktunarvegir í Kópavogi og Fossvogi.

1. Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps fer þess á leit, að fjárveiting til lagningar nýrra vega um ræktunarlönd ríkissjóðs í Kópavogi og Fossvogi verði í fjárl. fyrir árið 1947 hækkuð í 150 þús. kr. og að jafnframt verði veittar 50 þús. kr. til viðhalds vega um sömu ræktunarlönd. — Bréf 22. jan. (Db. 454).
2. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um erindi hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps um að hækka fjárveitingu til vegagerðar og viðhalds vega á löndum ríkisins í Kópavogi og Digranesi í 200 þús. kr. í fjárl. 1947. — Bréf 5. marz. (Db. 610).
3. Vegamálastjóri leggur til, að 100 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1947 til vega í Kópavogi. — Bréf 12. marz. (Db. 637).

Safnaðarfundur að Gufudal, sjá Prestssetrið á Stað á Reykjanesi 1.
Safnaðarfundur að Stað, sjá Prestssetrið á Stað á Reykjanesi 2.
Sakadómarinn í Reykjavík, sjá: Laun starfsmanna sakadómara, Tillögur.
Sala Böggvisstaða. Umsögn kirkjumrn. um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggvisstaði. — Bréf 19. febr. (Db. 540).
Sala Hringverskots í Ólafsfirði. Umsögn dóms- og kirkjumrn. um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Ólafsfjarðarkaupstað jörðina Hringverskot í Ólafsfirði. — Bréf 3. des. (Db. 292).
Sala og útflutningur á vörum. Nefnd frá landssambandi ísl. útvegsmanna, sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og sölusambandi ísl. fiskframleiðenda sendir fjhn. Nd. frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 1940, um sölu og útflutning á vörum, og l. nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 29. jan. (Db. 608).
Sala Stóru-Borgar. Umsögn dóms- og kirkjumrn. um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg. — Bréf 27. marz. (Db. 699).
Samband ísl. berklasjúklinga, sjá Vinnuheimilið að Reykjalundi.
Samband íslenzkra rafveitna sækir um 10 þús. kr. styrk til utanfara handa starfsmönnum sambandsins. — Bréf 20. nóv. (Db. 322).
Samband ísl. samvinnufélaga, sjá: Freðfiskimatið 2, Ullarkaup.
Samband ungmennafélaga Íslands, sjá Stjórn sambands ungmennafélaga Íslands.
Samband veitinga- og gistihúsaeigenda, sjá: Áfengislög 1, 3, Matsveina- og veitingaþjónaskóli 6, Veitingaskattur.
Samgöngumálaráðherra, sjá: Eftirlit með skipum 2, Matsveina- og veitingaþjónaskóli 2, Vatnsveitur.
Samgöngumálaráðuneytið, sjá: Afgreiðslustöðvar fyrir áætlunarbifreiðar, Ferðaskrifstofa ríkisins, Fyrirhleðsla fyrir Markarfljót 1, Fyrirhleðsla við Klifandi, Iðnráð Reykjavíkur 2, Jarðhitarannsóknir 2, Laun vitavarðar í Hornafirði, Símalagning að Skoruvík á Langanesi, Skipulag fólksflutninga með bifreiðum, Skipulag og hýsing prestssetra.
Samheitaorðabók, sjá: Hið ísl. fræðafélag, Íslenzk samheitaorðabók.
Samkomudagur Alþingis. Forsrn. sendir allshn. Nd. frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1947 og óskar þess, að nefndin flytji það. — Bréf 7. febr. (Db. 481).
Samkomuhús á Bíldudal. Íþróttanefnd ríkisins svarar beiðni um styrk úr íþróttasjóði til samkomuhúss á Bíldudal. — Bréf 7. nóv. (Db. 917).
Samningar um alþjóðaflug, sjá Alþjóðaflug.
Samningstilboð Bandaríkjanna. Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands skorar á Alþingi að hafna samningstilboði Bandaríkjanna og öðrum tilboðum, sem stofna sjálfstæði landsins og menningu í voða. — Bréf ódags. (Db. 15).
Samningur við Bandaríkin. Stúdentaráð Háskóla Íslands telur, að segja beri, svo fljótt sem unnt er, upp samningi þeim, sem Ísland gerði nýverið við Bandaríki Norður-Ameríku um rekstur Keflavíkurflugvallarins, og skorar á Alþingi og ríkisstjórn að vinna markvisst að því, að Íslendingar verði sem bezt undir það búnir að annast einir þennan flugvallarrekstur, strax og þeim gefst kostur á því samkvæmt uppsagnarákvæðum samningsins. — Bréf 29. nóv. (Db. 234). — Sjá einnig Aðflutningsgjöld.
Samtrygging ísl. botnvörpunga, sjá Innlend endurtrygging 3.
Samúðarkveðjur. Danska ríkisþingið þakkar samúðarskeyti Alþingis vegna fráfalls Kristjáns konungs X. — Símsk. 28. apríl. (Db. 777).
Samvinnunefnd bindindismanna, sjá Héraðabönn 3.
Samvinnuskólinn, sjá Tillögur.
Samþykkt á ríkisreikningnum 1943. Fjmrh. sendir frv. til l. um samþykkt á ríkis-

reikningnum fyrir árið 1943, sem hann hefur í hyggju að leggja fyrir Nd. — Bréf 10. maí. (Db. 805—806).

Samþykktir um sýsluvegasjóði. Umsögn vegamálastjóra um frv. til l. um breyt. á l. nr. 121 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 102 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði. — Bréf 21. marz. (Db. 665).

Sandgræðslan, sjá Tillögur.

Sandgræðslugirðing í Reykjahlíðarlandi. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ., fer þess á leit, að veittar verði 8000 kr. í fjárl. fyrir árið 1947 til sandgræðslugirðingar í Reykjahlíðarlandi. — Bréf 10. nóv. (Db. 107).

Sauðfjárkynbætur. Búnaðarfélag Íslands sendir ályktun búnaðarþings um kynbætur í sambandi við fjárskipti. — Bréf 21. apríl. (Db. 765).

Sauðfjársjúkdómanefnd. Atvmrn. biður um till. landbúnaðarnefnda um skipun sauðfjársjúkdómanefndar. — Bréf 23. maí. (Db. 901). — Sjá einnig Sauðfjársjúkdómar 3.

Sauðfjársjúkdómar.

1. Landbrh. sendir forseta Nd. frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, sem rh. hefur í hyggju að leggja fyrir deildina. — Bréf 4. nóv. (Db. 81).
2. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um sama frv. — Bréf 27. nóv. (Db. 840).
3. Umsögn sauðfjársjúkdómanefndar um sama frv. — Bréf 25. nóv. (Db. 210).

Sauðfjárveikivarnir. Landbrn. sendir greinargerð sauðfjárveikivarnanna, dags. 12. nóv., um kostnað við varnirnar umfram fjárveitingu árið 1946. — Bréf 16. jan. (Db. 422).

Scheiter, Jóhann Heinrich, sjá Ríkisborgararéttur.

Scheving, Gunnlaugur, sjá Byggingarstyrkir til listamanna 3.

Schrader, Harry Wilhelm, sjá Ríkisborgararéttur.

Sementsvinnsla. Atvmrn. sendir fjvn. til athugunar greinargerð Haralds Ásgeirssonar um rannsóknir, sem hann hefur framkvæmt undanfarið, að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, á skilyrðum til sementsvinnslu hér á landi. — Bréf 16. apríl. (Db. 758).

Sendiherra Noregs í Reykjavík sendir: a) hásætisræðu konungs við setningu norska stórþingsins og b) fjárlagafrumvarp Noregs fyrir fjárlagaárið 1947—1948. — Bréflaust. (Db. 536).

Sendiráð Íslands í Stokkhólmi, sjá Félag ísl. stúdenta í Stokkhólmi.

Sigling strandferðaskipa ríkisins til útlanda. Umsögn Skipaútgerðar ríkisins um till. til þál. um notkun á strandferðaskipum ríkisins til siglinga milli Íslands og útlanda, þegar sérstaklega stendur á. — Bréf 25. jan. (Db. 457).

Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf., sjá: Byggingarstyrkir til listamanna 1, Hafnargerðir og lendingarbætur 17, 20, Verklegar framkvæmdir í N.-Ísf.

Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak., sjá Leiklist 2.

Sigurður Guðmundsson, húsameistari, sjá Hólakirkja.

Sigurður Guðmundsson, skólameistari, sjá Eftirlaun og styrktarfé 8.

Sigurður Pétursson, sjá Flóabátaferðir 4.

Sigurður Sigurðsson, sjá Byggingarstyrkir til listamanna 1.

Sigurgeir Ísaksson, sjá Viðurkenningarlaun.

Sigursveinn D. Kristinsson, sjá Námsstyrkir 3.

Sigurvin Einarsson, sjá Mjólkurflutningar.

Silfurbergsnáma hjá Helgustöðum. Rannsóknaráð ríkisins sendir skýrslu um rekstur silfurbergsnámunnar hjá Helgustöðum á síðastliðnu sumri. — Bréf 11. jan. (Db. 403).

Síldarmatið, sjá Tillögur.

Síldarniðursuðuverksmiðja ríkisins. Atvmrn. sendir sjútvn. Ed. frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 7. marz. (Db. 613).

Síldarverksmiðjur ríkisins. Stjórn farmanna- og fiskimannasambands Íslands sendir sjútvn. Nd. frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins, og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 15. apríl. (Db. 915).

Símalagning að Skoruvík á Langanesi. Samgmrn. sendir erindi frá veðurstofunni, þar sem farið er fram á, að 7500.00 kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1947 til greiðslu stofngjalds fyrir síma að Skoruvík á Langanesi. — Bréf 26. febr. (Db. 566).

Sjómannadagurinn. Fulltrúaráð sjómannadagsins fer þess á leit, að það fái að halda minningarathöfn og flytja ávörp af svölum alþingishússins á sjómannadaginn, 1. júní n. k. — Bréf 13. maí. (Db. 814).

Sjómannadeild verkalýðsfélags Akraness, sjá Kjör ísl. sjómanna.

Sjómannafélag Hafnarfjarðar, sjá: Bátaútvegurinn 4, Hvíldartími háseta á botnvörpuskipum 3, Ljóskastarar í skipum.

Sjómannaheimili í Vestmannaeyjum. Brynjólfur Bjarnason, 4. landsk. þm., og Jóhann Þ. Jósefsson, þm. Vestm., fara þess á leit, að stúkunum Báru og Sunnu í Vestmannaeyjum verði veittur byggingarstyrkur til að koma upp fundahúsi og sjómannaheimili ásamt gufubaðstofu þar. — Bréf 27. jan. (Db. 453).

Sjómannasamtök á Siglufirði, sjá Bátaútvegurinn 2.

Sjómannaskóli á Ísafirði, sjá Fiskimannaskóli á Ísafirði.

Sjómannaskólinn, sjá Tillögur.

Sjómannastofan í Reykjavík. Stjórn sjómannastofunnar í Reykjavík fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veittar 15 þús. kr. til sjómannastofunnar. — Bréf 21. febr. (Db. 576).

Sjóvarnargarður á Stokkseyri. Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði 50 þús. kr. veittar til byggingar sjóvarnargarðs á Stokkseyri. — Bréf 3. marz. (Db. 626).

Sjóvarnargarður í Bessastaðahreppi. Oddviti Bessastaðahrepps fer þess á leit, að í fjárl. næsta árs verði veitt fé til varnar ágangi af sjó í hreppnum. — Bréf 13. des. (Db. 335).

Skallagrímur h/f, sjá Flóabátaferðir 5—6.

Skattahækkun, sjá Hækkun aðflutningsgjalda.

Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands h/f. Eimskipafélag Íslands h/f fer þess á leit, að lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu Eimskipafélags Íslands h/f, verði framlengd þannig, að þau gildi árin 1947 og 1948. — Bréf 23. okt. (Db. 23).

Skattgreiðsla erlendra listamanna. Fjmrn. sendir bréf utanrn., dags. 11. des., með símskeytum sendiráða Íslands í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og London, um skattgreiðslur af tekjum erlendra listamanna og yfirfærslur á slíkum tekjum. — Bréf 11. des. (Db. 925).

Skattstjórinn í Reykjavík, sjá Tekjuskattur og eignar 3.

Skattstofan í Reykjavík, sjá: Laun starfsmanna skattstofunnar, Tillögur.

Skáldalaun. Hagalín, Guðmundur Gíslason, rithöfundur, fer þess á leit, að Bjarna M. Gíslasyni, rithöfundi, verði í fjárl. fyrir árið 1947 veittur 2500.00—3000.00 kr. skáldastyrkur. — Bréf 9. nóv. (Db. 226). — Sjá einnig Hið ísl. fræðafélag.

Skáldmennt. Bandalag íslenzkra listamanna skorar á Alþingi að draga eigi úr fjárveitingum til íslenzkra lista og skáldmennta. — Bréf 25. marz. (Db. 679).

Skemmtanaskattsviðauki. Menntmrh. tilkynnir, að hann hafi í hyggju að leggja fyrir Nd. frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1947. — Bréf 22. okt. (Db. 26—27).

Skemmtanaskattur og þjóðleikhús:
1. Menntmrh. sendir frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja fyrir deildina. — Bréf 5. maí. (Db. 786—787).
2. Umsögn rekstrarnefndar þjóðleikhússins um sama frv. — Bréf 2. jan. (Db. 378).

— Sjá einnig Þjóðleikhús 5.
Skipaskoðun ríkisins, sjá Tillögur.
Skipaútgerð ríkisins, sjá: Fiskirannsóknaskip 2, Fiskveiðar í landhelgi 2, Laun yfirmanna á strandferðaskipum, Sigling strandferðaskipa ríkisins til útlanda, Tillögur.
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan, sjá Bátaútvegurinn 5.
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Grótta, sjá Bátaútvegurinn 6.
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi, sjá Talstöðvar í bátum.
Skipulag fólksflutninga með bifreiðum. Samgmrn. sendir samgmn. Nd. frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag fólksflutninga með bifreiðum, og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 4. des. (Db. 271).
Skipulag og hýsing prestssetra. Samgmrn. sendir menntmn. Ed. frv. um: 1) skipulag og hýsingu prestssetra og 2) breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld, og fer þess á leit, að nefndin flytji þau á yfirstandandi Alþingi. — Bréf 25. okt. (Db. 33).
Skipulagsskrá menningarsjóðs blaðamannafélagsins. Blaðamannafélag Íslands sendir afrit af skipulagsskrá fyrir menningarsjóð blaðamannafélagsins. — Bréf 26. nóv. (Db. 205).
Skipulagsstjóri, sjá Tillögur.
Skógarvörður í Varmahlíð. Sýslumaður Skagafjarðarsýslu mælir með erindi skógræktarstjóra um, að veitt verði fé í fjárl. næsta árs til að launa skógarvörð í Varmahlíð. — Bréf 15. nóv. (Db. 123).
Skógrækt á Akranesi. Bæjarstjórn Akraness fer þess á leit, að 15 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1947 til skógræktar í umhverfi bæjarins. — Bréf 26. febr. (Db. 621).
Skógrækt ríkisins. Skógræktarstjóri sendir greinargerð um störf skógræktar ríkisins. — Bréf 11. febr. (Db. 836). — Sjá einnig Tillögur.
Skógræktarstjóri, sjá: Skógarvörður í Varmahlíð, Skógrækt ríkisins.
Skólastjóri stýrimannaskólans, sjá: Atvinna við siglingar 2—3, Fiskimannaskóli á Ísafirði 3, Kennslubók í siglingafræði, Matsveina- og veitingaþjónaskóli 7.
Skólastjóri vélskólans, sjá Atvinna við siglingar 4.
Skuldaskilasjóður vélbátaeigenda, sjá Tillögur.
Skúli Árnason, sjá Eftirlaun og styrktarfé 15.
Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv., sjá: Brúargerðir 4, Mjólkurbú Kaupfélags Vestur-Húnvetninga, Vegamál 12.
Skömmtun áfengis.
1. Umsögn framkvæmdanefndar Stórstúku Íslands um till. til þál. um skömmtun áfengis. — Bréf 28. jan. (Db. 455).
2. Umsögn Friðriks Ásmundssonar Brekkan, ráðunauts í áfengismálum, um sömu till. — Bréf 11. des. (Db. 300).

Sláturfélag Austur-Húnvetninga, sjá Fjárskipti milli Blöndu og Hrútafjarðar.
Slysavarnafélag Íslands, sjá: Árbók Slysavarnafélags Íslands, Björgunarskipið Sæbjörg.
Smíðaskólinn á Hólmi. Búnaðarfélag Íslands sendir afrit af erindi skólanefndar smíðaskólans á Hólmi, þar sem farið er fram á, að skólanum verði veittur 20 þús. kr. rekstrarstyrkur í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 7. des. (Db. 283).

Snorri Jónsson, 2. (vara)þm. Reykv., sjá Varaþingmenn 3.
Snæbjörn Jónsson, sjá Afmæli William Craigie.
Sóknargjöld, sjá Skipulag og hýsing prestssetra.
Steindór Jónsson, sjá Flóabátaferðir 7.
Steindór Steindórsson, 9. (vara)landsk. þm., sjá Varaþingmenn 1.
Steingrímur Arason, sjá Eftirlaun og styrktarfé 9.
Steingrímur Steinþórssoon, 1. þm. Skagf., sjá: Byggingarstyrkir til listamanna 1, Félagaheimili 2, Húsmæðraskólinn á Löngumýri, Meðferð og sala mjólkur og rjóma.
Stéttarfélag bænda, sjá Verðjöfnunarsjóður 2.
Stéttarfélög og vinnudeilur.
1. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir frv. Jóhanns Hafsteins, um breyt. á l. um stéttarfélög og vinnudeilur. — Bréf 29. okt. (Db. 57).
2. Trúnaðarráð verkamannafélagsins Dagsbrúnar mótmælir sama frv. — Bréf 26. okt. (Db. 42).

Stéttarsamband bænda, sjá Hækkun aðflutningsgjalda 14.
Stjórn bókasafns Suður-Þingeyjarsýslu, sjá Bókhlaðan í Húsavík 2.
Stjórn sambands ungmennafélaga Íslands sendir skýrslu um starfsemi sambandsins árið 1945, rekstrarreikning fyrir s. á. og áætlun um starfsemi þess árið 1947. — Bréf 14. nóv. (Db. 175).
Stjórn síldarverksmiðja ríkisins, sjá Landhelgi Íslands 1.
Stjórnarráðið, sjá: Laun starfsmanna stjórnarráðsins, Tillögur.
Stjórnlagaþing Ítala. Utanrn. sendir orðsendingu ítalska stjórnlagaþingsins til löggjafarþinga sameinuðu þjóðanna. — Bréf 21. marz. (Db. 724).
Stofnlánadeild sjávarútvegsins.
1. Umsögn Landsbanka Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins og erindi frá skipafélaginu Fold h/f og Jöklum h/f, þar sem farið er fram á, að lögum um stofnlánadeild sjávarútvegsins verði breytt þannig, að þau geti fengið þaðan lán út á tvö kæliskip, sem þau eiga í smíðum í Svíþjóð. — Bréf 29. marz. (Db. 694).
2. Umsögn sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna um sama frv. — Bréf 25. marz. (Db. 677).

Stofnun búnaðarmálasjóðs, sjá Búnaðarmálasjóður.
Stórstúka Íslands sendir reikning stórstúkunnar frá 1. maí 1945 til 30. apríl 1946 og fjárhagsáætlun hennar frá 1. maí þ. á. til jafnlengdar næsta ár. — Bréf 22. nóv. (Db. 188). — Sjá einnig: Áfengislög 4, Skömmtun áfengis 1.
Stríðstryggingafélag ísl. skipshafna, sjá Innlend endurtrygging 2, 4.
Stuttbylgjustöðin í Gufunesi. Póst- og símamálastjóri leggur til, að í fjárl. næsta árs verði veittar 500 þús. kr. til stækkunar stuttbylgjustöðvarinnar í Gufunesi. — Bréf 11. des. (Db. 298).
Stúdentagarður í Árósum. Menntmrn. leggur til, að ríkisstjórninni verði í fjárl. 1947 heimilað að verja allt að 10 þús. kr. til þess að kaupa umráðarétt yfir einu herbergi í stúdentagarði við háskólann í Árósum. — Bréf 19. marz. (Db. 663).
Stúdentaráð Háskóla Íslands fer þess á leit, að 10 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1947 til stúdentaráðs, útgáfu handbókar stúdenta, stúdentaskipta og annarrar starfsemi í þágu stúdenta. — Bréf 13. marz. (Db. 652). — Sjá einnig: Námsstyrkir 4, Samningur við Bandaríkin, Stúdentaþing í Árósum.
Stúdentasamband Íslands, sjá Landsmót stúdenta.
Stúdentaþing í Árósum. Fjmrn. sendir fjvn. til umsagnar erindi stúdentaráðs háskólans, dags. 31. okt., þar sem farið er fram á 3500 kr. styrk til þátttöku í stúdentaþingi í Árósum. — Bréf 9. nóv. (Db. 113).
Styrktarsjóður verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík. Stjórn

styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík sendir endurskoðaðan reikning sjóðsins árið 1946 ásamt skýrslu um starfsemi hans það ár. — Bréf 12. marz. (Db. 700 og 701).
Styrktarsjóður verkamannafélagsins Hlífar. Verkamannafélagið Hlíf í Hafnarfirði fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði 2 þús. kr. veittar til styrktarsjóðs félagsins. — Bréf 20. nóv. (Db. 185).
Styrkur til iðnskóla, sjá Styrkur til unglingaskóla.
Styrkur til unglingaskóla. Fræðslumálastjóri sendir skrá um áætlaðan styrk til unglingaskóla og iðnskóla 1945—1946. — Bréflaust. (Db. 79).
Stýrimannaskólinn, sjá: Laun stundakennara við stýrimannaskólann, Tillögur.
Sundskylda. Menntmrn. leggur til, að fjárveiting vegna sundskyldu í barnaskólum og gagnfræðaskólum í kaupstöðum verði í fjárl. fyrir árið 1947 hækkuð í kr. 240 þús. — Bréf 24. febr. (Db. 568).
Sveinafélag húsgagnabólstrara, sjá Iðnfræðsla 7.
Sveinafélag húsgagnasmiða, sjá Iðnfræðsla 20.
Sveinafélag skipasmiða, sjá Iðnfræðsla 21.
Sveinasamband byggingarmanna, sjá: Iðnfræðsla 22, Iðnskólar í sveitum 4.
Sveinn Árnason, sjá Eftirlaun og styrktarfé 4, 16.
Sýslumaður Barðastrandarsýslu, sjá Þjóðvegir 3.
Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu, sjá Héraðshæli 1.
Sýslumaður Húnavatnssýslu, sjá Héraðshæli 2.
Sýslumaður Ísafjarðarsýslu, sjá Hundaskattur.
Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sjá Héraðshæli 3.
Sýslumaður Norður-Múlasýslu, sjá Sýslumörk Norður-Múlasýslu.
Sýslumaður Skagafjarðarsýslu, sjá: Raforkuver við Gönguskarðsá, Skógarvörður í Varmahlíð.
Sýslumaður Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sjá: Embættisbústaðir dómara 3, Veitingahúsið á Vegamótum 3.
Sýslumaður Þingeyjarsýslu, sjá: Bókhlaðan í Húsavík 1, Hafnargerðir og lendingarbætur 22—23.
Sýslumörk Norður-Múlasýslu. Sýslumaður Norður-Múlasýslu sendir ályktun sýslunefndar, þar sem skorað er á ríkisstjórn og Alþingi að breyta markalínu milli Norður- og Suður-Múlasýslu þannig, að Eiðahreppur, Vallahreppur, Skriðdalshreppur og hinn fyrirhugaði Egilsstaðahreppur verði innan Norður-Múlasýslu. — Bréf 7. maí. (Db. 821).
Sýslunefnd Barðastrandarsýslu, sjá Þjóðvegir 2—3.
Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, sjá Héraðshæli 4.
Sýslunefnd S.-Múlasýslu, sjá Héraðshæli 5.
Sýslunefnd Strandasýslu, sjá: Héraðshæli 6, Landhelgi Íslands 2.
Sýslunefnd V.-Barðastrandarsýslu, sjá Brúargerðir 5.
Sýslunefnd V.-Ísafjarðarsýslu, sjá Héraðshæli 7.
Sænsk timburhús. Byggingarfulltrúinn í Reykjavík svarar fyrirspurnum fjárveitinganefndar um sænsk timburhús, sem flutt hafa verið til landsins, eigendur þeirra o. fl. — Bréf 19. febr. (Db. 543). — Sjá einnig Endurgreiðsla tolls af timburhúsum.
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sjá: Bátaútvegurinn 7, 9, Freðfiskimatið 4, Markaðsleit fyrir sjávarafurðir 1, 3, Sala og útflutningur á vörum, Stofnlánadeild sjávarútvegsins 2.
Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, sjá: Markaðsleit fyrir sjávarafurðir 1, Sala og útflutningur á vörum.
Söngskóli þjóðkirkjunnar. Menntmrh. sendir menntmn. Ed. frv. til l. um söngskóla þjóðkirkjunnar og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 5. maí. (Db. 784).

Talstöðvar í bátum. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi í Vestmannaeyjum skrifar um birtingu hlustunarskrár fyrir talstöðvar í bátum. — Bréf 16. jan. (Db. 432).

Tannlæknafélag Íslands, sjá: Tannlæknakennsla við háskólann 3, Tannlækningar 5.

Tannlæknakennsla við háskólann.

1. Menntmrh. sendir menntmn. Nd. frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans, og fer þess á leit, að nefndin flytji það á þessu þingi. — Bréf 6. febr. (Db. 473).
2. Umsögn landlæknis um sama frv. — Bréf 1. marz. (Db. 585).
3. Umsögn Tannlæknafélags Íslands um sama frv. — Bréf 14. marz. (Db. 642).

Tannlækningar.

1. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði sendir ályktun bæjarráðs kaupstaðarins, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja frv. til laga um breyt. á l. um tannlækningar, þannig að starfandi tannsmiðum verði gert kleift að halda áfram starfi sínu, þótt tannlæknir setjist að í héraðinu. — Bréf 14. apríl. (Db. 738).
2. Bæjarstjórn Vestmannaeyja skorar á Alþingi að gera engar þær breytingar á lögum um tannlækningar, er torveldað geti, að tannlæknir með fullkominni tannlæknismenntun fáist til að setjast þar að. — Símsk. 28. febr. (Db. 573).
3. Umsögn landlæknis um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar. — Bréf 14. des. (Db. 332).
4. Umsögn Læknafélags Íslands um sama frv. — Bréf 14. febr. (Db. 527).
5. Umsögn Tannlæknafélags Íslands um sama frv. — Bréf 16. des. (Db. 333).

Teiknistofa húsameistara ríkisins. Húsameistari ríkisins sendir sundurliðaða áætlun um kostnað við teiknistofu hans árið 1946. — Bréf 14. nóv. (Db. 127).

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs. Fjmrn. sendir samkv. beiðni fjvn. skýrslu um tekjur af fasteignum ríkissjóðs á þ. á. og skrár um breytingar á starfsliði stjórnarráðsins frá f. á. — Bréf ódags. (Db. 70).

Tekjuskattsviðauki, sjá Gjaldaviðauki.

Tekjuskattur og eignar.

1. Fjmrh. sendir frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. — Bréflaust. (Db. 602).
2. Umsögn ríkisskattanefndar um: 1) frv. Katrínar Thoroddsen um breyt. á l. nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og 2) frv. Gylfa Þ. Gíslasonar um breyt. á sömu l. — Bréf 4. febr. (Db. 471).
3. Umsögn skattstjórans í Reykjavík um sömu frv. — Bréf 12. febr. (Db. 504).

Tekjustofnar sveitarfélaga.

1. Hreppsnefnd Borgarneshrepps skorar á Alþingi: a) að tryggja bæjar- og sveitarfélögum nýja tekjustofna til að mæta auknum útgjöldum, t. d. til almannatrygginga, fræðslu barna og unglinga, verkamannabústaða o. fl., og b) að tryggja héruðum og kaupstöðum hentugt lánsfé til byggingar skólahúsa. — Bréf 7. des. (Db. 303).
2. Hreppsnefndir Dalasýslu skora á Alþingi og ríkisstjórn að sjá sveitarfélögum fyrir nýjum tekjustofnum vegna stóraukinna útgjalda, er framkvæmd laga um almannatryggingar hefur haft í för með sér. — Bréflaust. (Db. 24).

Thorarensen, Jóhann Stephan, sjá Ríkisborgararéttur.

Tilbúinn áburður, sjá Verðhækkun tilbúins áburðar.

Tillögur um fjárveitingar í fjárlögum 1947 frá eftirtöldum embættismönnum, ríkis-

fyrirtækjum og stofnunum: alþýðuskólanum á Eiðum (Db. 13, 216), atvinnudeild háskólans (jarðvegsrannsóknir) (Db. 13, 211, 364, 412), áburðarsölu ríkisins (Db. 13), Áfengisverzlun ríkisins (Db. 13), barnaverndarráði (Db. 13), bifreiðaeftirliti ríkisins (Db. 13), biskupi Íslands (Db. 13), borgardómara (Db. 13), borgarfógeta (Db. 13), Búnaðarfélagi Íslands (Db. 13), búnaðarráði (Db. 13, 367), búreikningaskrifstofu ríkisins (Db. 13, 428), bændaskólanum á Hólum (Db. 13), bændaskólanum á Hvanneyri (Db. 13), dóms- og kirkjumálaráðuneytinu (Db. 99), Félagsdómi (Db. 13), félagsmálaráðuneytinu (Db. 95), fiskiðnaðardeild atvinnudeildar háskólans (Db. 13), Fiskifélagi Íslands (Db. 13), fiskimatsstjóra (Db. 13), flugmálastjóra (Db. 13, 184, 190, 279, 830), forseta Íslands (Db. 13), freðfiskimatsstjóra (Db. 13, 200, 669), fræðslumálastjóra (Db. 13), garðyrkjuskólanum á Reykjum (Db. 13), grænmetisverzlun ríkisins (Db. 13), Hagstofu Íslands (Db. 13), Háskóla Íslands (Db. 13), hegningarhúsinu í Reykjavík (Db. 13), heilsuhælinu í Kristnesi (Db. 13), héraðslæknum (Db. 13), Hinu ísl. náttúrufræðifélagi (Db. 13), hreppstjórum (Db. 13), húsaleigunefndum (Db. 13), húsameistara ríkisins (Db. 13), Hæstarétti (Db. 13), iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans (Db. 832), iðnlánasjóði (Db. 13), íþróttafulltrúa (Db. 13), íþróttanefnd ríkisins (Db. 132), kennaraskólanum (Db. 13), Landsbókasafninu (Db. 13), landssambandi iðnaðarmanna (Db. 13), Landssmiðjunni (Db. 13), loðdýraræktarráðunaut (Db. 13), lýsismati (Db. 13), lögreglustjóranum í Reykjavík (Db. 13), málleysingjaskólanum (Db. 13), menntamálaráði Íslands (Db. 581), Menntaskólanum á Akureyri (Db. 13), Menntaskólanum í Reykjavík (Db. 13), náttúrugripasafninu (Db. 253), nýbyggingarráði (Db. 13), nýbýlastjórn ríkisins (Db. 13, 583), póst- og símamálastjóra (Db. 13, 289, 921, 922), rafmagnseftirliti ríkisins (Db. 13), raforkumálastjóra (Db. 831, 833), rannsóknaráði ríkisins (Db. 13, 111, 233, 485), rannsóknarstofu háskólans (Db. 13), ríkisféhirði (Db. 13), ríkisprentsmiðjunni Gutenberg (Db. 13), ríkisskattanefnd (Db. 13), ríkisspítölunum (Db. 13), Ríkisútvarpinu (Db. 13, 507), sakadómaranum (Db. 13), Samvinnuskólanum (Db. 13), sandgræðslunni (Db. 13), síldarmatinu (Db. 13), sjómannaskólanum (Db. 13), skattstofunni í Reykjavík (Db. 13), skipaskoðun ríkisins (Db. 13), Skipaútgerð ríkisins (Db. 13), skipulagsstjóra (Db. 13), Skógrækt ríkisins (Db. 13, 93, 254), skuldaskilasjóði vélbátaeigenda (Db. 13), stjórnarráðinu (Db. 13), stýrimannaskólanum í Reykjavík (Db. 13), tilraunaráði jarðræktar (Db. 228), tollgæzlunni í Reykjavík (Db. 13), tollgæzlunni utan Reykjavíkur (Db. 13), tollstjóranum í Reykjavík (Db. 13), Tóbakseinkasölu ríkisins (Db. 13), Tryggingastofnun ríkisins (Db. 13, 526), ullarmatinu (Db. 13), utanríkisráðuneytinu (alþjóðastofnanir) (Db. 569), utanríkisþjónustunni (Db. 13), Veðurstofunni (Db. 141), vegamálastjóra (Db. 13, 445, 622, 865, 868, 926), veiðimálastjóra (Db. 13, 674), verkfæranefnd ríkisins (verkfæratilraunir) (Db. 368), verksmiðjuskoðunarstjóra (Db. 13), vélskólanum í Reykjavík (Db. 13), viðskiptaráði (Db. 13), Viðtækjaverzlun ríkisins (Db. 13), vinnuhælinu á Litla-Hrauni (Db. 13), vitamálastjóra (Db. 13, 17, 156, 158, 160, 516, 587, 874—876), yfirdýralækni (Db. 13), þjóðminjaverði (Db. 13), Þjóðskjalasafninu (Db. 13).

Tilraunaráð búfjárræktar, sjá Útgjöld vegna skólalöggjafarinnar.

Tilraunaráð jarðræktar, sjá Tillögur.

Tilraunastöð í meinafræði. Rektor háskólans sendir menntmn. Nd. frv. til l. um tilraunastöð háskólans í meinafræði og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 13. nóv. (Db. 125).

Tollahækkanir, sjá Hækkun aðflutningsgjalda.

Tollgæzlan í Reykjavík, sjá Tillögur.

Tollgæzlan utan Reykjavíkur, sjá Tillögur.

Tollstjórinn í Reykjavík, sjá: Endurgreiðsla aðflutningsgjalda af vélbátum, Endurgreiðsla tolls af timburhúsum 4.
Tóbakseinkasala ríkisins. Fjmrn. sendir rekstrarreikning Tóbakseinkasölu ríkisins árið 1946 og efnahagsreikning sömu stofnunar 31. des. 1946. — Bréflaust. (Db. 595). — Sjá einnig Tillögur.
Tónlistarfélagið í Reykjavík, sjó Tónlistarskólinn í Reykjavík.
Tónlistarskólinn í Reykjavík. Tónlistarfélagið í Reykjavík fer þess á leit, að styrkur til tónlistarskólans verði í fjárl. fyrir árið 1947 hækkaður um 15 þús. kr., auk verðlagsuppbótar. — Bréf 12. des. (Db. 320).
Tónlistarsýning í Reykjavík. Menntmrn. sendir fjvn. erindi tónskáldafélags Íslands, dags. 2. jan., þar sem farið er fram á 10 þús. kr. styrk til fyrirhugaðrar tónlistarsýningar í Reykjavík. — Bréf 6. des. (Db. 385).
Tónskáldafélag Reykjavíkur, sjá: Laun fyrir Jón Leifs, Laun rithöfunda og tónskálda.
Tóvinnuskóli á Svalbarði.
1. Halldóra Bjarnadóttir sendir skýrslu um rekstrarkostnað tóvinnuskólans á Svalbarði árið 1946. — Bréf ódags. (Db. 237).
2. Halldóra Bjarnadóttir sendir skýrslu um störf tóvinnuskólans á Svalbarði við Eyjafjörð á þ. á. og áætlun um starfstilhögun á næsta ári. — Bréf 28. nóv. (Db. 232).

Tryggingarsjóður vegna bátaútvegsins, sjá Bátaútvegurinn.
Tryggingastofnun ríkisins, sjá: Almannatryggingar 9, Tillögur, Þjóðleikhús 4.
Tunnusmíði. Atvmrn. sendir sjútvn. Ed. frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði, og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 7. marz. (Db. 614).

Ullarkaup. Umsögn Sambands íslenzkra samvinnufélaga um till. til þál. um kaup ríkissjóðs á ull. — Bréf 30. okt. (Db. 63).
Ullarmatið, sjá Tillögur.
Ullarmatsmenn, sjá Laun ullarmatsmanna.
Ullarsala. Garðar Gíslason h/f svarar fyrirspurn fjvn. um sölu íslenzkrar ullar af framleiðslu áranna 1943—1945. — Bréf 31. okt. (Db. 62).
Umdæmisstúkan á Akureyri, sjá Áfengisbann 2
Umdæmisstúkan á Siglufirði, sjá Áfengisbann 3.
Umdæmisstúkan í Reykjavík, sjá Héraðabönn 4.
Ungmennafélag Íslands. Stjórn Ungmennafélags Íslands sækir um 8 þús. kr. styrk til starfsemi sinnar. — Bréf 12. okt. (Db. 40). — Sjá einnig Félagaheimili 1.
Ungmennafélagið Hjalti, sjá Félagaheimili 2.
Ungmennafélagið Reykhverfingur, sjá Áfengisbann 4.
Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands, sjá Samningstilboð Bandaríkjanna.
Ungmennasamband Íslands. Stjórn Ungmennasambands Íslands sækir um 15 þús. kr. styrk til bindindisstarfsemi. — Bréf 12. okt. (Db. 41).
Ungmennasamband Kjalarnesþings, sjá Félagaheimili 4.
Uppeldisrannsóknir. Matthías Jónasson sendir skýrslu um starf og kostnað við uppeldisfræðilegar rannsóknir árin 1945 og 1946. — Bréf 6. nóv. (Db. 97).
Uppeldisskóli Sumargjafar.
1. Menntmrn. sendir bréf barnavinafélagsins Sumargjafar, dags. 18. okt., um 32500.00 kr. rekstrarstyrk úr ríkissjóði til skóla fyrir starfsstúlkur á barnaheimilum. — Bréf 25. okt. (Db. 47).
2. Stjórn barnavinafélagsins Sumargjafar fer þess á leit, að fjvn. mæli með því við ríkisstjórnina, að greiddur verði úr ríkissjóði rekstrarhalli vegna uppeldisskóla Sumargjafar árið 1946, að upphæð 22500.00 kr. — Bréf 8. apríl. (Db. 718).

3. Stjórn sama félags fer þess á leit, að í fjárl. 1947 verði veittar 32500.00 kr. til uppeldisskóla Sumargjafar gegn jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur. — Bréf 8. apríl. (Db. 719).

Uppgjafaprestar, sjá Eftirlaun og styrktarfé 1.

Upplýsingaskrifstofa stúdenta, sjá Leiðbeiningaskrifstofa stúdenta.

Utanríkismálanefnd. Utanrn. spyrst fyrir um kosningu utanríkismálanefndar. — Bréf 15. okt. (Db. 31).

Utanríkisráðherra, sjá Aðflutningsgjöld.

Utanríkisráðuneytið, sjá: Alþjóðaflug, Bókasafn utanrn., Efnisyfirlit yfir fundargerðabók utanrmn., Félag ísl. stúdenta í Stokkhólmi, Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn, Laun starfsmanna utanríkisráðuneytisins, Skattgreiðsla erlendra listamanna, Stjórnlagaþing Ítala, Tillögur, Utanríkismálanefnd.

Utanríkisþjónustan, sjá Tillögur.

Útflutningur á afurðum bátaútvegsins, sjá Bátaútvegurinn.

Útflutningur á fiski, sjá Fiskimálasjóður 2.

Útgerðarmannafélag Fáskrúðsfjarðar, sjá Bygging síldarverksmiðju á Norðausturlandi 9.

Útgjöld vegna skólalöggjafarinnar. Fjmrn. sendir fjvn.: 1) bréf fræðslumálastjóra, dags. 1. júní, um aukningu útgjalda vegna nýju skólalöggjafarinnar, 2) bréf oddvita Hveragerðishrepps, dags. 5. sept., um fjárveitingu til hitaveitu í hreppnum, 3) bréf Búnaðarfélags Íslands, dags. 3. okt., um kostnað við tilraunaráð búfjárræktar. — Bréf 15. nóv. (Db. 138).

Útsvör.

1. Umsögn bæjarráðs um frv. til l. um breyt. á lögum um útsvör, nr. 66 12. apríl 1945. — Bréf 5. maí. (Db. 785).
2. Umsögn félmrn. um sama frv. — Bréf 12. nóv. (Db. 115, 824).
3. Umsögn nefndar til að endurskoða útsvarslögin um sama frv. — Bréf 25. jan. (Db. 456).

Útvarpsstjórinn, sjá: Byggingarsjóður Ríkisútvarpsins, Rafstöðin á Eiðum 2.

Útvegsbanki Íslands, sjá Freðfiskimatið 5.

Varahlutir til bifreiða.

1. Bifreiðastjórafélagið Hreyfill skorar á Alþingi að samþykkja till. Jónasar Jónssonar, þm. S.-Þ., um gjaldeyri til kaupa á varahlutum til bifreiða. — Bréf 19. febr. (Db. 539).
2. Félag sérleyfishafa sendir ályktun stjórnarfundar, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja sömu till. — Bréf 31. marz. (Db. 697).
3. Umsögn viðskiptaráðs um sömu till. — Bréf 7. marz. (Db. 615).
4. Vörubifreiðastjórafélagið Þróttur skorar á Alþingi að samþykkja sömu till. — Bréf 26. febr. (Db. 575).

Varaþingmenn.

1. Barði Guðmundsson, 9. landsk. þm., fer þess á leit, að varamaður hans, Steindór Steindórsson, menntaskólakennari, taki sæti á Alþingi, meðan hann dvelur erlendis. — Bréf 16. maí. (Db. 885).
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., fer þess á leit, að varamaður hans, dr. Kristinn Guðmundsson, taki sæti sitt á Alþingi, meðan hann dvelur erlendis. — Bréf 16. maí. (Db. 884).
3. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv., fer þess á leit, að varamaður hans, Snorri Jónsson, járnsmiður, (1. varamaður, Grímur Þorkelsson, skipstjóri, er forfallaður) taki sæti á Alþingi, meðan hann dvelur erlendis. — Bréf 16. maí. (Db. 883).
4. Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf., óskar eftir, að varamaður taki sæti á

þingi í fjarveru sinni, á meðan hann dvelur erlendis. — Bréf 14. des. (Db. 877).
5. Hafstein, Jóhann, 7. þm. Reykv., fer þess á leit, að varamaður hans, frú Auður Auðuns, (1. varamaður, Björn Ólafsson, stórkaupmaður, er erlendis) taki sæti á Alþingi, meðan hann dvelur erlendis. — Bréf 16. maí. (Db. 882).
6. Hallgrímur Benediktsson, 3. þm. Reykv., fer þess á leit, að varamaður, Axel Guðmundsson, skrifstofumaður, (1. varamaður, Björn Ólafsson, stórkaupmaður, er forfallaður) taki sæti á Alþingi, á meðan hann er erlendis. — Bréf 21. maí. (Db. 892).
7. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., fer þess á leit, að varamaður, Pétur Hannesson, bankaritari, taki sæti á Alþingi í fjarveru sinni. — Bréf 22. maí. (Db. 899).
8. Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S.-M., óskar, að varamaður sinn, Arnfinnur Jónsson, skólastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru sinni. — Bréf 11. febr. (Db. 878).

Varðbátar. Dómsmrn. sendir skýrslu nefndar þeirrar, er fór til Englands s. l. vor til að skila varðbátunum Baldri, Braga og Nirði og til að athuga um byggingu nýrra varðskipa. — Bréf 16. nóv. (Db. 145). — Sjá einnig Fiskirannsóknaskip.

Vatnsveitur. Samgmrh. sendir heilbr.- og félmn. Nd. frv. til l. um styrk til vatnsveitna og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 2. des. (Db. 253).

Vátryggingarfélag fyrir fiskiskip, sjá Vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Vátryggingarfélög fyrir fiskiskip. Atvmrn. sendir sjútvn. Nd. frv. til l. um: 1) vátryggingarfélög fyrir fiskiskip og 2) breyt. á l. nr. 22 27. júní 1921, um breyt. á l. nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip, og fer þess á leit, að nefndin flytji þau á yfirstandandi þingi. — Bréf 15. jan. (Db. 423).

Veðurstofan, sjá: Símalagning að Skoruvík á Langanesi, Tillögur.

Vegalög.
1. Vegamálastjóri sendir samgmn. beggja deilda frv. til l. um breyt. á vegalögum og umsögn um till. til breytinga á þeim. — Bréf 14. des. (Db. 331).
2. Þingmenn Skagfirðinga senda ályktun hreppsnefndar Rípurhrepps, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja fram komna brtt. þeirra við vegalög, um að taka Miðveg í Hegranesi í tölu þjóðvega. — Bréflaust. (Db. 208).

Vegamál.
1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., og Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf., senda skrá um þær fjárveitingar til vega, hafnarmannvirkja, skólabygginga o. s. frv. í sýslunni, sem þeir fara fram á, að teknar verði í fjárl. 1947. — Bréf 15. nóv. (Db. 849).
2. Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ., sendir skrá um nauðsynlegar fjárveitingar í fjárl. 1947 til vega og hafnarmannvirkja í sýslunni. — Bréf ódags. (Db. 850).
3. Eysteinn Jónsson, 1. (vara)þm. S.-M., og Arnfinnur Jónsson, 2. (vara)-þm. S.-M., fara þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veittar 20 þús. kr. til Vallarnesvegar og 30 þús. kr. til Norðurbæjarvegar í Skriðdal. — Bréf 27. febr. (Db. 628).
4. Eysteinn Jónsson, 1. (vara)þm. S.-M., sendir erindi 10 bifreiðarstjóra um aukna fjárv. til þjóðvegar í Búlands- og Geithellnahreppum og fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði 50 þús. kr. veittar til téðs þjóðvegar. — Bréf 27. febr. (Db. 580).

5. Gísli Jónsson, þm. Barð., sendir erindi frá 3 hreppum í Barðastrandarsýslu um fjárveitingar í fjárl. 1947 til vega í sýslunni. — Bréf 6. marz. (Db. 604).
6. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., fer þess á leit, að í fjárl. 1947 verði fjárveiting til vega í sýslunni hækkuð í 190 þús. — Bréf 31. marz. (Db. 695).
7. Hermann Jónasson, þm. Str., sendir tillögur sínar um fjárveitingar í fjárl. fyrir árið 1947 til tiltekinna vega, brúa, hafna og vita í Strandasýslu. — Bréf 14. nóv. (Db. 194).
8. Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps í N.-Múlasýslu skorar á Alþingi að taka í fjárl. 1947 fjárveitingu til Brekknaheiðar- og Bakkafjarðarvega til að tengja þá saman. — Bréf 23. okt. (Db. 54).
9. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv., sendir skrá yfir þær fjárveitingar til vega, hafnargerða, brúa og skólabyggingar í sýslunni, sem hann telur nauðsynlegt, að teknar verði í fjárl. 1947. — Bréf 16. nóv. (Db. 847).
10. Oddviti Grýtubakkahrepps fer þess á leit, að hreppnum verði endurgreitt 280 þús. kr. framlag hans til Svalbarðsstrandarvegar. — Símskeyti 23. nóv. (Db. 201).
11. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk., sendir skrá um nauðsynlegar fjárveitingar í fjárl. 1947 til vega, brúa, hafnargerðar, vöruflutninga, fyrirhleðslna o. fl. í A.-Sk. — Bréflaust. (Db. 845).
12. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv., sendir skrá um þær fjárveitingar til vega, brúa og hafnargerðar í sýslunni, sem hann fer fram á, að teknar verði í fjárl. 1947. — Bréf 5. des. (Db. 846).
13. Vegamálastjóri gerir grein fyrir kostnaði við nýbyggingar þjóðvega 1946 og geymslufé frá fyrri árum. — Bréf 15. nóv. (Db. 857).
14. Vegamálastjóri minnir á erindi sín um fjárv. 1947 til vega, bryggjugerða í sambandi við vegi, fyrirhleðslna og byggingar veitingahúss í Fornahvammi. — Bréf 4. marz. (Db. 869).
15. Vegamálastjóri sendir skrá um geymslufé til nýbygginga þjóðvega af fjárveitingum áranna 1945—1946. — Bréf 23. nóv. (Db. 866).
16. Vegamálastjóri skrifar um Hvalfjarðarferjuveg. — Bréf 18. nóv. (Db. 854).
17. Þm. N.-M. senda ályktun almenns hreppsfundar í Borgarfjarðarhreppi, þar sem skorað er á þá að beita sér fyrir því, að í fjárl. fyrir árið 1947 verði veitt rífleg fjárupphæð til vegarlagningar milli Borgarfjarðar og Héraðs. — Bréflaust. (Db. 393).
18. Þm. N.-M. senda skrá yfir þær fjárveitingar til vega í sýslunni, sem þeir telja nauðsynlegt, að teknar verði í fjárl. 1947. — Bréflaust. (Db. 844).
19. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal., sendir skrá um nauðsynlegar fjárveitingar í fjárl. 1947 til vega og brúa í sýslunni. — Bréf 20. nóv. (Db. 848).
— Sjá einnig: Fjárskipti milli Blöndu og Héraðsvatna, Hafnargerðir og lendingarbætur 4, 16.

Vegamálastjóri, sjá: Bifreiðaeftirlit ríkisins, Brúalög, Brúargerðir 6—9, Ferjur, Fornihvammur, Fyrirhleðsla fyrir Hólmsá, Fyrirhleðsla fyrir Markarfljót 2, Fyrirhleðsla í Kaldaklifsá, Fyrirhleðsla í Þverá og Markarfljót, Fyrirhleðsla við Klifandi, Hafnargerðir og lendingarbætur 25—26, Ræktunarvegir í Flatey 2, Ræktunarvegir í Kópavogi og Fossvogi 3, Samþykktir um sýsluvegasjóði, Tillögur, Vegalög 1, Vegamál 13—16.

Veiðimálastjóri, sjá: Laxá í Þingeyjarsýslu 2, Tillögur.

Veiting prestakalla.

1. Biskup Íslands sendir umsögn kirkjuráðs um frv. til l. um veitingu prestakalla. — Bréf 16. maí. (Db. 817).
2. Umsögn biskups Íslands um sama frv. — Bréf 7. marz. (Db. 616).

Veitingahús í Fornahvammi, sjá Vegamál 14.

Veitingahúsið á Vegamótum.
1. Hreppsnefnd Miklaholtshrepps mælir með því, að Kaupfélagi Stykkishólms verði veittur styrkur úr ríkissjóði til að halda opnum veitinga- og gististað á Vegamótum í Miklaholtshreppi yfir vetrarmánuðina. — Bréf 9. marz. (Db. 640).
2. Oddviti Eyrarsveitar fer þess á leit, að ríkið styrki veitingastaðinn á Vegamótum, svo að hann geti starfað allt árið. — Símsk. 20. marz. (Db. 668).
3. Sýslumaður Snæfellsness- og Hnappadalssýslu símar meðmæli með styrkbeiðni eigenda veitingahússins Vegamóta til að starfrækja veitingahúsið allt árið. — Símskeyti 26. marz. (Db. 708).

Veitingaskattur. Samband veitinga- og gistihúsaeigenda sendir fjhn. Nd. frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 17. apríl. (Db. 864).

Verbúðir fyrir viðlegubáta, sjá Verbúðir við Faxaflóa 5.

Verbúðir við Faxaflóa.
1. Atvmrn. sendir sjútvn. Nd. frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að koma upp verbúðum við Faxaflóa og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 12. des. (Db. 306).
2. Umsögn Alþýðusambands Íslands um sama frv. — Bréf 20. jan. (Db. 433).
3. Umsögn farmanna- og fiskimannasambands Íslands um sama frv. — Bréf 13. jan. (Db. 406).
4. Umsögn Fiskifélags Íslands um sama frv. — Bréf 18. jan. (Db. 430).
5. Umsögn hafnarstjórans í Reykjavík um frv. til l. um verbúðir fyrir viðlegubáta. — Bréf 5. febr. (Db. 476).

Verðhækkun tilbúins áburðar. Landbrh. sendir bréf áburðarsölu ríkisins, dags. 15. febr., um verðhækkun tilbúins áburðar. — Bréf 15. febr. (Db. 918).

Verðjöfnunarsjóður.
1. Umsögn fjmrn. um till. til þál. um greiðslu úr ríkissjóði til verðjöfnunarsjóðs. — Bréf 14. maí. (Db. 813).
2. Umsögn stéttarfélags bænda um sömu till. — Bréf 2. des. (Db. 263).

Verðlagseftirlit, sjá Fjárhagsráð.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða svarar fyrirspurn fjvn. um sölu innanlands á birgðum kindakjöts af framleiðslu ársins 1945 o. fl. — Bréf 18. nóv. (Db. 176).

Verkalýðsfélag Borgarness, sjá Hækkun aðflutningsgjalda 4.

Verkalýðsfélag Hrútafjarðar, sjá: Áfengisvarnir 1, Hækkun aðflutningsgjalda 5.

Verkalýðsfélag Vestmannaeyja, sjá Áfengisvarnir 7.

Verkalýðsfélagið Afturelding, sjá Landshöfn og fiskiðjuver ríkisins á Rifi 3—4.

Verkamannafélag Glæsibæjarhrepps, sjá Hækkun aðflutningsgjalda 15.

Verkamannafélag Húsavíkur, sjá Hækkun aðflutningsgjalda 3.

Verkamannafélag Raufarhafnar, sjá Hækkun aðflutningsgjalda 6.

Verkamannafélagið Dagsbrún, sjá: Almannatryggingar 10, Stéttarfélög og vinnudeilur 2.

Verkamannafélagið Fram á Seyðisfirði, sjá Bygging síldarverksmiðju á Norðausturlandi 10.

Verkamannafélagið Hlíf, sjá Öryggi verkamanna við vinnu 4.

Verkamannafélagið Þróttur, sjá Hækkun aðflutningsgjalda 11.

Verkfræðingar, húsameistarar eða iðnfræðingar. Félagið Tækni leggur til, að skipuð verði fimm manna nefnd til endurskoðunar laga um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga. — Bréf 21. jan. (Db. 451).

Verkfærakaupasjóður. Búnaðarfélag Íslands sendir ályktun búnaðarþings, þar sem þeim tilmælum er beint til Alþingis, að það heimili fjármálaráðherra að greiða verðlagsuppbót á framlag ríkissjóðs til verkfærakaupasjóðs árin 1947 og 1948. — Bréf 14. apríl. (Db. 739).

Verkfæranefnd ríkisins, sjá Búvélaverkstæði 3, Tillögur.
Verklegar framkvæmdir í Norður-Ísafjarðarsýslu. Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf., og Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm., fara þess á leit, að tilteknar fjárveitingar verði veittar í fjárl. fyrir árið 1947 til verklegra framkvæmda í Norður-Ísafjarðarsýslu. — Bréf 13. nóv. (Db. 168).
Verklegar framkvæmdir í Suður-Þingeyjarsýslu. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ., fer þess á leit, að tilteknar fjárhæðir verði veittar í fjárl. fyrir árið 1947 til verklegra framkvæmda í Suður-Þingeyjarsýslu. — Bréf. 19. nóv. (Db. 172).
Verksmiðjuskoðunarstjóri, sjá: Tillögur, Öryggi verkamanna við vinnu 3.
Verkstjórakennsla. Verkstjórasamband Íslands sendir tillögur sínar um væntanlega fjárveitingu í fjárl. 1947 til verkstjórakennslu. — Bréf 11. marz. (Db. 633).
Verkstjórasamband Íslands, sjá Verkstjórakennsla.
Vernd barna og ungmenna.
1. Menntmrn. sendir heilbrigðis- og félmn. Nd. frv. til l. um vernd barna og ungmenna og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 31. okt. (Db. 82).
2. Umsögn barnaverndarnefndar Reykjavíkur um sama frv. — Bréf 13. marz. (Db. 681).
3. Umsögn barnaverndarráðs Íslands um sama frv. — Bréf 12. marz. (Db. 680).

Vélaverkstæði á Sauðárkróki. Þm. Skagfirðinga fara þess á leit, að í fjárl. 1947 verði 50 þús. kr. veittar til byggingar vélaviðgerðarverkstæðis á Sauðárkróki. — Bréf 3. marz. (Db. 586).
Vélskólinn í Reykjavík, sjá: Laun stundakennara vélskólans í Reykjavík, Tillögur.
Vélstjórafélag Íslands sendir sjútvn. Ed. og Nd. tillögur, sem það hefur sent menntmrn., til að bæta úr skorti á æfðum vélstjórum. — Bréf 15. okt. (Db. 21—22).
Vélstjórar, sjá: Atvinna við siglingar 1, Hestöfl, Vélstjórafélag Íslands.
Viðgerðarverkstæði landbúnaðarvéla, sjá Búvélaverkstæði.
Viðhald fornra mannvirkja, sjá Byggðasöfn.
Viðskiptaráð, sjá: Tillögur, Varahlutir til bifreiða 3.
Viðtækjaverzlun ríkisins, sjá Tillögur.
Viðurkenningarlaun. Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ., fer þess á leit, að Sigurgeiri Ísakssyni að Hóli í Kelduhverfi verði í fjárl. fyrir árið 1947 veitt 5 þús. kr. viðurkenningarlaun fyrir merkilegt ævistarf. — Bréf 22. nóv. (Db. 195).
Vigfús Þórðarson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 17.
Vikudaganöfn. Björn Bjarnarson, Grafarholti, sendir allshn. frv. til l. um töluorð og vikudaganöfn og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréflaust. (Db. 698).
Vinnuafköst í opinberri vinnu. Björn Bjarnarson, Grafarholti, sendir útdrátt úr dagbókum sínum um vinnuafköst í opinberri vinnu. — Bréf 1. maí. (Db. 924).
Vinnuheimilið að Reykjalundi. Samband íslenzkra berklasjúklinga fer þess á leit, að byggingarstyrkur til vinnuheimilis sambandsins að Reykjalundi verði hækkaður í 800 þús. kr. í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 31. okt. (Db. 68).
Vinnuhælið á Litla-Hrauni, sjá Tillögur.
Vitamálastjóri, sjá: Dýpkunarskip, Hafnarbótasjóður, Hafnargerðir og lendingarbætur 27—31, Tillögur, Þjóðvegir 4.
Vitavörður í Hornafirði, sjá Laun vitavarðar í Hornafirði.
Vínveitingaleyfi, sjá Áfengislög.
Vísindamenn og fræðimenn. Menntamálaráð sendir greinargerð um styrk til vísindamanna og fræðimanna og umsögn um framkomna tillögu fjárveitinganefndar um að fella hann niður. — Bréf 21. marz. (Db. 660).
Vörubifreiðastjórafélagið Fálkinn, Skagafirði, sjá Hækkun aðflutningsgjalda 4.

Vörubifreiðastjórafélagið Þróttur, sjá Varahlutir til bifreiða 4.
Vöruflutningar loftleiðis. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk., fer þess á leit, að Flugfélagi Íslands verði veittur 25 þús. kr. styrkur í fjárl. næsta árs til tilrauna með vöruflutninga loftleiðis milli flugvalla innan lands og til að bæta úr flutningaerfiðleikum Öræfinga. — Bréf 6. des. (Db. 293).

Waag, Árni, sjá Ríkisborgararéttur.
Waage, Benedikt G., sjá Olympíuleikirnir í London 1948 1.

Yfirdýralæknir, sjá Tillögur.

Zoology of Iceland.
1. Atvinnudeild háskólans, fiskideildin, mælir með því, að veitt verði fé í fjárl. til útgáfu ritsins „The Zoology of Iceland". — Bréf 10. des. (Db. 312).
2. Menntmrn. leggur til, að í fjárl. næsta árs verði veitt fé til útgáfu sama rits. — Bréf 10. des. (Db. 311).

Þing þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi. Forsrn. sendir afrit af bréfi félags Vestur-Íslendinga, dags. 28. nóv., þar sem sótt er um 10 þús. kr. styrk til að senda fulltrúa á þing þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi. — Bréf 13. jan. (Db. 402).
Þingfararkaup. Forsrh. svarar fyrirspurn þfkn. um frv. um þingfararkaup alþingismanna, sem nefndin hafði sent rh. — Bréf 26. nóv. (Db. 247). — Sjá einnig: Dvalarkostnaður þingmanna utan Reykjavíkur, Húsnæði alþingismanna.
Þingmálafundur í V.-Ísf. Alþingi hafa borizt ályktanir þing- og héraðsmálafundar V.-Ísafjarðarsýslu um atvinnumál, samgöngumál o. fl. — Bréflaust. (Db. 46).
Þingmenn N.-M., sjá: Bygging síldarverksmiðju á Norðausturlandi 11, Vegamál 17—18.
Þingmenn Skagfirðinga, sjá: Vegalög 2, Vélaverkstæði á Sauðárkróki.
Þjóðhátíðardagur. Íþróttasamband Íslands skorar á Alþingi að lögskipa 17. júní sem þjóðhátíðardag. — Bréf 27. des. (Db. 375).
Þjóðleikhús.
1. Félag íslenzkra leikara skorar á Alþingi og ríkisstjórn að afgreiða lög um þjóðleikhúsið nú á þessu þingi. — Bréf 3. maí. (Db. 792).
2. Menntmrh. sendir frv. til l. um þjóðleikhús, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja fyrir deildina. — Bréf 5. maí. (Db. 788—789).
3. Menntmrn. sendir afrit af bréfi og fundarályktun félags íslenzkra leikara um þjóðleikhúsið. — Bréf 9. maí. (Db. 800).
4. Menntmrn. sendir umsagnir Tryggingastofnunar ríkisins og rekstrarn. þjóðleikhússins um frv. til l. um þjóðleikhús. Enn fremur bendir rn. á skekkju í frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 1927, um skemmtanaskatt. — Bréf 7. maí. (Db. 867).
5. Umsögn félags ísl. leikara um frv. til l. um: 1) þjóðleikhús og 2) breyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús. — Bréflaust. (Db. 872).

Þjóðminjasafnið, sjá: Hljómplötudeild þjóðminjasafnsins, Tillögur.
Þjóðminjavörður, sjá Byggðasöfn, Tillögur.
Þjóðvegir.
1. Gísli Jónsson, þm. Barð., sendir ályktun almenns hreppsfundar í Geiradalshreppi, þar sem skorað er á Alþingi að taka veginn frá þjóðveginum í Geiradal að fjallveginum yfir Tröllatunguheiði í þjóðvegatölu. — Bréf 9. nóv. (Db. 105).
2. Sami þm. sendir samgmn. Ed. ályktun sýslunefndar Barðastrandarsýslu,

þar sem skorað er á Alþingi að taka tvo tiltekna vegi í þjóðvegatölu. — Bréf 30. okt. (Db. 66).
3. Sýslumaður Barðastrandarsýslu sendir ályktanir sýslunefndar V.-Barðastrandarsýslu, þar sem skorað er á Alþingi að taka í þjóðvegatölu: 1) veginn frá Bíldudal að Fossi við Fossfjörð og 2) veginn frá Ósum í Patreksfirði að Tungu í Örlygshöfn. — Bréf 18. okt. (Db. 38).
4. Vitamálastjóri mælir með því, að vegur, sem tengja mundi Stokksnes við aðalvegakerfið, verði tekinn í tölu þjóðvega. — Bréf 20. jan. (Db. 437).

Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal., sjá: Búnaðarmálasjóður, Byggingarstyrkir til listamanna 1, Vegamál 19.

Þórarinn Jónsson, sjá Ríkisborgararéttur.

Þýðing rita Jóns Dúasonar.
1. Jón Dúason dr. sækir um 25 þús. kr. styrk til þýðingar rita hans á ensku. — Bréf 25. okt. (Db. 45).
2. Jón Dúason skrifar um fjárveitingu í fjárl. 1947 til þýðingar á ritum sínum á ensku. — Bréf 15. apríl. (Db. 747).

Æðarvarp.
1. Búnaðarfélag Íslands sendir ályktun búnaðarþings, þar sem mælt er með því, að Ólafi Sigurðssyni á Hellulandi verði falið að stuðla að aukningu æðarvarps og að fé verði veitt í því skyni í fjárl. fyrir árið 1947. — Bréf 11. marz. (Db. 625).
2. Ólafur Sigurðsson, Hellulandi, fer þess á leit, að veittar verði 10 þús. kr. í fjárl. næsta árs í því skyni að vinna að aukningu æðarvarps. — Bréf 13. nóv. (Db. 124).
3. Ólafur Sigurðsson skrifar um uppeldisstöð fyrir æðarfugl á Reykhólum og leiðbeiningar um æðarvarp. — Bréf 24. jan. (Db. 446).
4. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um erindi Ólafs Sigurðssonar, Hellulandi, dags. 13. nóv., um 10 þús. kr. fjárveitingu í fjárlögum næsta árs til tilrauna varðandi aukningu æðarvarps. — Bréf 7. des. (Db. 281).

— Sjá einnig Ráðunautur um æðarvarp.

Ættfræðifélagið, sjá Manntal á Íslandi 1816.

Öryggi verkamanna við vinnu.
1. Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík skorar á Alþingi að samþykkja fram komin frv. þeirra Hermanns Guðmundssonar og Sigurðar Guðnasonar: a) um öryggi verkamanna við vinnu, b) um breytingu á orlofslögunum, c) orlofsheimili verkalýðsfélaga og samkomuhús í sveitum og d) um breyt. á lögum um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum. — Bréf 13. des. (Db. 319).
2. Umsögn Alþýðusambands Íslands um frv. til l. um öryggi verkamanna við vinnu. — Bréf 14. des. (Db. 339).
3. Umsögn verksmiðjuskoðunarstjóra um sama frv. — Bréf 9. des. (Db. 384).
4. Verkamannafélagið Hlíf skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf 8. des. (Db. 348).

Sþ. 1034. Þingmannaskr

Skammstafanir: a. = allsherjarnefnd, fjh. = fjárhagsnefnd, fjv. = fjárveitinganefnd, hf. = heilbrigðis- og félag
göngumálanefnd, sj. = sjávarútvegsnefnd, u. = utanríkismálanefnd, þ. = þingfararkaupsnefnd, A = Alþýð

Tala	Nöfn þingmanna og staða	Kjördæmi	Fæðingad dagur og á
1	Áki Jakobsson, atvinnumálaráðherra	Siglufjarðarkaupstaður	1/7 '11
2	Ásgeir Ásgeirsson, bankastjóri	Vestur-Ísafjarðarsýsla	13/6 '94
3	Ásmundur Sigurðsson, kennari	8. landskjörinn þm.	26/5 '03
4	Barði Guðmundsson, þjóðskjalavörður, forseti neðri deildar	9. landskjörinn þm.	12/10 '00
	Í fjarveru BG tók sæti hans 17/6 til þingloka:		
	Steindór Steindórsson, menntaskólakennari		12/8 '02
5	Bernharð Stefánsson, útibússtjóri, skrifari í Ed.	Eyjafjarðarsýsla, 1. þm.	8/1 '89
	Í fjarveru BSt tók sæti hans 17/6 til þingloka:		
	dr. Kristinn Guðmundsson		14/10 '97
6	Bjarni Ásgeirsson, bóndi	Mýrasýsla	1/8 '91
7	Bjarni Benediktsson, borgarstjóri	10. landskjörinn þm.	30/4 '08
	Í fjarveru BBen tók sæti hans 10/11—28/12:		
	Kjartan J. Jóhannsson, læknir		19/4 '07
8	Björn Kristjánsson, kaupfélagsstjóri	Norður-Þingeyjarsýsla	22/2 '80
9	Brynjólfur Bjarnason, menntamálaráðherra	4. landskjörinn þm.	28/5 '98
10	Einar Olgeirsson, ritstjóri	Reykjavík, 2. þm.	14/8 '02
	Í fjarveru EOl tók sæti hans 17/6 til þingloka:		
	Snorri Jónsson, járnsmiður		23/10 '13
11	Eiríkur Einarsson, lögfræðingur, skrifari í Ed.	Árnessýsla, 2. þm.	2/8 '85
12	Emil Jónsson, samgöngumálaráðherra	Hafnarfjarðarkaupstaður	27/10 '02
13	Eysteinn Jónsson, framkvæmdarstjóri	Suður-Múlasýsla, 1. (vara)þm.	13/11 '06
14	Finnur Jónsson, félags- og dómsmálaráðherra	Ísafjarðarkaupstaður	28/9 '94
15	Garðar Þorsteinsson, hæstaréttarmálaflm., 1. varaforseti Nd.	Eyjafjarðarsýsla, 2. þm.	29/10 '98
	Í fjarveru GÞ tók sæti hans 7/1—2/2:		
	Stefán Stefánsson, bóndi		1/8 '96
16	Gísli Jónsson, forstjóri, 2. varaforseti Ed.	Barðastrandarsýsla	17/8 '89
17	Gísli Sveinsson, sýslumaður	Vestur-Skaftafellssýsla	7/12 '80
18	Guðm. Í. Guðmundsson, bæjarfógeti, 1. varaforseti Ed.	7. landskjörinn þm.	17/7 '09
19	Gunnar Thoroddsen, prófessor, 2. varaforseti Sþ.	Snæfellsnes- og Hnappadalss.	29/12 '10
20	Gylfi Þ. Gíslason, prófessor	Reykjavík, 4. þm.	7/2 '17
21	Halldór Ásgrímsson, kaupfélagsstjóri	Norður-Múlasýsla, 2. þm.	17/4 '96
22	Hallgrímur Benediktsson, stórkaupmaður	Reykjavík, 3. þm.	20/7 '85
	Í fjarveru HB tók sæti hans tvo síðustu þingdaga:		
	Axel Guðmundsson, verzlunarmaður		15/6 '05
23	Hannibal Valdimarsson, skólastjóri	3. landskjörinn þm.	13/1 '03
24	Helgi Jónasson, héraðslæknir	Rangárvallasýsla, 1. þm.	19/4 '94
25	Hermann Guðmundsson, verkamaður	11. landskjörinn þm.	14/6 '14
26	Hermann Jónasson, hæstaréttarmálaflutningsmaður	Strandasýsla	25/12 '96
27	Ingólfur Jónsson, kaupfélagsstjóri, skrifari í Nd.	Rangárvallasýsla, 2. þm.	15/5 '09
28	Jóhann Hafstein, lögfræðingur	Reykjavík, 7. þm.	19/9 '15
	Í fjarveru JóhH tók sæti hans 17/6 til þingloka:		
	Auður Auðuns, lögfræðingur		18/2 '11
29	Jóhann Þ. Jósefsson, kaupmaður, útgerðarmaður	Vestmannaeyjar.	17/6 '86
30	Jón Pálmason, bóndi, forseti sameinaðs Alþingis	Austur-Húnavatnssýsla	28/11 '88
31	Jón Sigurðsson, bóndi	Skagafjarðarsýsla, 2. þm.	13/3 '88
	Í forföllum JS tók sæti hans 22/6 til þingloka:		
	Pétur Hannesson		17/6 '93
32	Jónas Jónsson, skólastjóri	Suður-Þingeyjarsýsla	1/5 '85
33	Jörundur Brynjólfsson, bóndi	Árnessýsla, 1. þm.	21/2 '84
34	Katrín Thoroddsen, læknir	2. landskjörinn þm.	7/7 '96
35	Lárus Jóhannesson, hæstaréttarmálaflutningsmaður	Seyðisfjarðarkaupstaður	21/10 '98
36	Lúðvík Jósefsson, kennari	Suður-Múlasýsla, 2. þm.	16/6 '14
	Í forföllum LJós tók sæti hans 12/2—28/4:		
	Arnfinnur Jónsson, skólastjóri		7/6 '96
37	Ólafur Thors, forsætisráðherra	Gullbringu- og Kjósarsýsla	19/1 '92
38	Páll Zóphóníasson, ráðunautur	Norður-Múlasýsla, 1. þm.	18/11 '86
39	Páll Þorsteinsson, kennari	Austur-Skaftafellssýsla	22/10 '09

neð bústöðum o. fl.

álanefnd, i. = iðnaðarnefnd, k. = kjörbréfanefnd, l. = landbúnaðarnefnd, m. = menntamálanefnd, sa. = sam-
okkur, F = Framsóknarflokkur, S = Sjálfstæðisflokkur, SAS = Sameiningarflokkur alþýðu, Sósíalistaflokkur.

Heimili	Dvalarstaður um þingtímann (og sími)	Í hverjum fastanefndum	Tala áður setinna þinga	Stjórnmálaflokkur	Þingdeild	Tala
Reykjavík	Hrísateigur 12, 5939		6	SAS	Nd.	1
Reykjavík	Hávallagata 32, 4300, 7060	fjh, sj, k, aSþ.	30	A	Nd.	2
Reyðará í Lóni	Fjólugata 5, 3654	fjh, l. m, a, fjv.	3	SAS	Ed.	3
Reykjavík	Ásvallagata 64, 3924	sa, m.	5	A	Nd.	4
Akureyri						
Akureyri	Hótel Borg	fjh, m.	30	F	Ed.	5
Akureyri						
Reykir í Mosfellssveit	Vesturgata 27, 3723	sa, aSþ, u.	26	F	Nd.	6
Reykjavík	Eiríksgata 19, 2261, 1200	i, hf, a, u.	6	S	Ed.	7
Ísafjörður						
Kópasker	Grenimelur 13, 5213	sa, sj.	6	F	Ed.	8
Reykjavík	Brekkustígur 14 B, 5938		14	SAS	Ed.	9
Reykjavík	Njálsgata 85, 1489	fjh, u.	14	SAS	Nd.	10
Reykjavík						
Reykjavík	Njálsgata 87, 5819	sa, l, m.	20	S	Ed.	11
Hafnarfjörður	Hafnarfjörður, 9181, 1144		18	A	Nd.	12
Reykjavík	Ásvallagata 67, 3277	sj.	19	F	Nd.	13
Ísafjörður	Reynimelur 49, 5849		19	A	Nd.	14
Reykjavík	Vesturgata 19, 3442, 4400	hf, a, u.	18	S	Nd.	15
Fagriskógur			8			
Reykjavík	Bárugata 2, 4084, 1744	sj, i, fjv.	6	S	Ed.	16
Vík í Mýrdal	Hótel Borg	sa.	26	S	Nd.	17
Reykjavík	Hringbraut 87, 1108	fj, l, a.	5	A	Ed.	18
Reykjavík	Fríkirkjuvegur 3, 2822	m.	9	S	Nd.	19
Reykjavík	Garðastræti 13 A, 5804	i, hf.	1	A	Nd.	20
Vopnafjörður	Sóleyjargata 7, 2278	i, fjv.	1	F	Nd.	21
Reykjavík	Fjólugata 1, 3284	fjh.	2	S	Nd.	22
Ísafjörður	Hótel Borg	sa, hf, m, þ.	1	A	Ed.	23
Stórólfshvoll	Hótel Borg	fjv.	14	F	Nd.	24
Hafnarfjörður	Hafnarfjörður	i, a.	1	SAS	Nd.	25
Reykjavík	Tjarnargata 42, 4810, 4718	hf, a, u, k.	18	F	Ed.	26
Hella á Rangárvöllum	Hótel Borg	i, fjv.	6	S	Nd.	27
Reykjavík	Smáragata 5, 5433	fjh, a.	1	S	Nd.	28
Reykjavík	Reynimelur 32					
Reykjavík	Bergstaðastræti 86, 4884	fjh, sj, u, aSþ.	30	S	Ed.	29
Akur í Torfalækjarhreppi	Ránargata 34, 6472	l.	19	S	Nd.	30
Reynistaður í Skagafirði	Stýrimannastígur 9, 3033	l.; aSþ.	22	S	Nd.	31
Sauðárkrókur						
Reykjavík	Hávallagata 24, 3603		31	F	Nd.	32
Skálholt í Biskupstungum	Rauðarárstígur 43, 4854	a, aSþ.	35	F	Nd.	33
Reykjavík	Egilsgata 12, 4561	hf.	2	SAS	Nd.	34
Reykjavík	Suðurgata 4, 2324, 4314	hf, m, a, k.	5	S	Ed.	35
Neskaupstaður	Hótel Borg	sa, sj.	5	SAS	Nd.	36
Reykjavík	Grundarstígur 4, 5510					
Reykjavík	Garðastræti 41, 3551		28	S	Nd.	37
Reykjavík	Sóleyjargata 7, 2278, 2151, 5717	l, i, þ.	18	F	Ed.	38
Hnappavellir í Öræfum	Hótel Borg	m.	6	F	Nd.	39

Tala	Nöfn þingmanna og staða	Kjördæmi	Fæðingardagur og
40	Pétur Magnússon, fjármálaráðherra	Reykjavík, 1. þm.	10/1 '8
41	Pétur Ottesen, bóndi	Borgarfjarðarsýsla	2/8 '8
42	Sigfús Sigurhjartarson, ritstjóri,	Reykjavík, 6. þm.	6/2 '0
43	Sigurður Bjarnason, lögfræðingur, 2. varaforseti Nd.	Norður-Ísafjarðarsýsla	18/12 '1
44	Sigurður Guðnason, verkamaður	Reykjavík, 8. þm.	21/6 '8
45	Sigurður E. Hlíðar, dýralæknir	Akureyri	4/4 '8
46	Sigurður Kristjánsson, forstjóri, skrifari í Sþ.	Reykjavík, 5. þm.	14/4 '8
47	Sigurjón Á. Ólafsson, afgreiðslumaður	1. landskjörinn þm.	29/10 '8
48	Skúli Guðmundsson, kaupfélagsstjóri, skrifari í Sþ.	Vestur-Húnavatnssýsla	10/10 '0
49	Stefán Jóh. Stefánsson, hæstaréttarmálaflm., 1. varaforseti Sþ.	5. landskjörinn þm.	20/7 '9
50	Steingrímur Aðalsteinsson, verkamaður	6. landskjörinn þm.	13/1 '0
51	Steingrímur Steinþórsson, búnaðarmálastjóri	Skagafjarðarsýsla, 1. þm.	12/2 '9
52	Þorsteinn Þorsteinsson, sýslumaður, forseti efri deildar	Dalasýsla	28/12 '8

Heimili	Dvalarstaður um þingtímann (og sími)	Í hverjum fastanefndum	Tala áður setinna þinga	Stjórnmálaflokkur	Þingdeild	Tala
Reykjavík	Suðurgata 20, 3533		14	S	Ed.	40
Stríhólmur á Akranesi	Stýrimannastígur 9, 3033	sj, fjv.	39	S	Nd.	41
Reykjavík	Miðstræti 6, 4606	m, aSþ, þ.	6	SAS	Nd.	42
Ísafjörður	Skothúsvegur 15, 7610	sa, m. aSþ.	6	S	Nd.	43
Reykjavík	Hringbraut 188, 6425	l, k.	5	SAS	Nd.	44
Reykjavík	Bollagata 2, 5432	i, hf, þ.	14	S	Nd.	45
Reykjavík	Vonarstræti 2, 4020, 3945	sj, fjv, þ.	18	S	Nd.	46
Reykjavík	Hringbraut 148, 5998	sj, i, fjv.	19	A	Ed.	47
Hvammstangi	Hávallagata 47, 7845	fjh.	14	F	Nd.	48
Reykjavík	Ásvallagata 54, 2077, 4917	l, a, u.	10	A	Nd.	49
Akureyri	Hótel Borg	sa, sj, hf, fjv.	6	SAS	Ed.	50
Reykjavík	Ásvallagata 60, 5494, 3110	l.	13	F	Nd.	51
Súðardalur	Suðurgata 18, 3106	fjh, sa, l, k.	19	S	Ed.	52